Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Skattaeyðublöð landbúnaðarins.

Á 18. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um skattaeyðublöð landbúnaðarins [70. mál] (A. 109).

Á 19. fundi í Nd., 19. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 22. nóv., var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., s. d., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Till. þessi er fram borin vegna óánægju, bæði bænda yfirleitt og skattanefnda, sem hafa með þessi mál að gera. Eins og tekið er fram í grg., eru þau eyðublöð, sem hér um ræðir og ætluð eru sérstaklega til þess, að bændur færi á þau tekjur sínar og gjöld, þannig, að það verður vart við unað. Vil flm. þessarar till. teljum, að sá hluti eyðublaðsins, sem ætlaður er fyrir tekjurnar, sé ekki athugaverður. Það er hægt að færa tekjurnar nákvæmlega og vel sundurliðaðar, og þar er engu sleppt, sem gæti orðið tekjur í búi eins bónda. Öðru máli gegnir, þegar að gjaldaliðunum kemur. Það er að vísu vel sundurliðað allt, sem snertir kaupgjald, í búi bóndans, en aftur á móti er nálega ekkert rúm ætlað fyrir önnur gjöld. Þetta rúm er svo þröngt skammtað, að skattanefndir yfirleitt kvarta stórlega undan því. Einn yfirskattanefndarmaður sagði á fundi, að þegar búið væri að færa á þessi blöð og reyna að gera það vel sundurliðað og samvizkusamlega, þá væru blöðin þannig, að ómögulegt væri að lesa, hvað þar ætti að vera. Þar er allt útkrassað vegna þess, að ekkert rúm er ætlað fyrir þær upplýsingar, sem þar eiga að vera. Framteljendur verða svo að færa óskyld gjöld saman, svo að þeir, sem endurskoða, geta ekki áttað sig til hlítar á því, hvernig þessu er í raun og veru háttað. Enn fremur höfum við margoft rekið okkur á það, að sleppt er ýmsum gjöldum, sem þar eiga að vera, eingöngu vegna þess, að það er ekkert, sem minnir á, að gjöld þessi á að taka upp á eyðublaðið, og svo er heldur ekkert rúm ætlað fyrir þau. Þetta er þess vegna, í fáum orðum sagt, alveg óviðunandi og hefur verið það lengi. Ástæðan til þessa er, að ég hygg, sú, að þessum hluta eyðublaðsins hefur ekki verið haggað, svo að teljandi sé, síðan 1922, og þarf engan að undra, þó að formið sé orðið úrelt. Það hefur orðið svo margvísleg breyting á búrekstri bænda, margvísleg gjöld komin nú, sem ekki þekktust þá, t. d. vélavinna og ýmislegt annað. Þessi þáltill. er flutt til þess og ætluð til þess að ýta við því að fá yfirlýsingu hv. Nd. Alþ. um, að breytinga sé þörf á þessu og það sem allra fyrst. Við, sem stöndum að þál., erum allir formenn skattanefnda, og ég hygg, að það þurfi ekki að draga í efa, að við höfum þann kunnugleika á þessum málum og þá reynslu til að bera í þessu efni, að það muni í raun og veru vera brýn nauðsyn á þessum breytingum. Ég skal geta þess, að ég hef gert uppkast að þeim breytingum, og borið það undir meðflm. mína, og við teljum, að á þann hátt hafi verið gengið frá þeim, að það sé vel fyrir þessu máli séð. Við erum fúsir til að láta stjórnarvöldunum það í té til athugunar. Við væntum svo stuðnings hv. d. við þessa till., sem við berum hér fram. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en legg ekki til, að þessu máli verði vísað til n. Ég hef ekkert sérstakt við það að athuga, ef hv. þd. óskar þess, en mér sýnist þetta mál svo einfalt, að ekki muni þurfa að fjalla um það í n. En ef hv. d. vildi vísa því til n., þá óska ég, að það yrði helzt landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 23. fundi í Nd., 26. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 146).

---

2. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 28. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [111. mál] (A. 278).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd ríkisstj., eins og í till. greinir, að leggja til, að Alþ. ákveði fyrir sitt leyti að fresta fundum þingsins frá og með deginum í dag að telja, enda komi það eigi síðar saman en 21. jan. n. k. Ástæður, sem liggja til þess, að þessi þáltill. er fram borin nú, eins og á s. l. ári, eru þær, að bæði allmargir hv. þm. og þó einkum þeir, sem fara heim til sín um jólin, en heima eiga utan Reykjavíkur og hafa nokkrum störfum að gegna þar í sambandi við áramótin, hafa látið það í ljós við ríkisstj., að þeir óskuðu eftir því, að þingið kæmi ekki saman fyrr en nokkuð væri komið fram í janúarmánuð, og einnig er hitt, að ríkisstj. finnst eðlilegt, að hún fái nokkurt tóm til undirbúnings ýmsum málum, sem Alþ. væntanlega fjallar um, þegar það aftur kemur saman til framhaldsfunda á næsta ári. Fyrir þessar sakir er till. þessi fram komin.
Ég skal leyfa mér að geta þess í sambandi við þessa till., að ríkisstj. hefur rætt um það sín á milli, hvernig hún fyrir sitt leyti teldi rétt og sanngjarnt, að kaupgreiðslu til þm. skyldi vera háttað, meðan á þessari fundafrestun stendur. Og ríkisstj. hefur setið á fundi nú í hléinu á milli þingfundanna í dag með þeirri n., sem ákvarðar um kaupgreiðslu eða kaupreikninga alþm., og ríkisstj. vildi fyrir sitt leyti, þegar á allt var litið, frekar mæla með því, að kaup þm. héldist þann tíma, meðan þingfrestunin ætti sér stað. En það þýðir vitanlega aftur hitt, að þeir hv. þm., sem ferðast út á land, fá ekki greiddan ferðakostnað fyrir ferðir sínar út á land og til þings aftur í þinghléinu. Og mér er kunnugt um, að nefnd sú, sem fjallað hefur um þetta, vill að meiri hluta til ákvarða þetta fyrir sitt leyti um kaupgreiðslu til alþm. — Í fyrra var það svo, að alþm. fengu — eins og sjálfsagt var — dagkaup fyrir þann venjulega tíma, sem þeir njóta jólaleyfis, sem var fram til 4. jan. Hins vegar var þeim ekki greitt kaup frá þeim tíma og þar til er þing kom saman aftur. Hins vegar ákváðu hæstv. forsetar þá, að allt starfslið þingsins skyldi halda kaupi á þessu tímabili, og það má búast við því, að hæstv. forsetar hafi þá með þeirri ákvörðun gefið það fordæmi, sem þeir væntanlega munu vilja fylgja nú aftur. Og það eru þá líka rök fyrir því, að þm. fái þá greidda dagpeninga á þessu tímabili, þegar starfslið þingsins, sem þó er ekki bundið við störf á þessu tímabili, tekur þar kaup.
Ég vildi með þessum fáu orðum mínum mæla með því, að þessi till. verði samþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur nú nýlega fengið samþ. lög um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna hér í hæstv. Alþ. Og við síðari umr. í hv. Ed. um þau lög kom í ljós, sem líka hafði verið haldið fram í hv. Nd., að samþykkt þeirra laga mundi ekki vera trygging fyrir því, að sjávarútvegurinn kæmist af stað eftir nýárið. Og enginn hefur í raun og veru haldið því fram enn, að nein lausn sé fengin á dýrtíðarmálunum með samþykkt þeirra laga. Ég álít þess vegna, að það hefði verið æskilegra, til þess að hægt væri að ræða á Alþ. um lausn þeirra mála eftir nýárið, að Alþ. hefði getað komið saman strax eftir nýárið, þannig að aðeins venjulegt jólaleyfi hefði verið gefið og þingfundum frestað á meðan.
Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram þá till., sem hér liggur fyrir, um að fresta fundum Alþ. lengur, eða til 21. jan., sem þar með gefur ríkisstj. vald til þess að gefa út bráðabirgðalög á þessum tíma, þar til þing kæmi saman aftur samkv. till. Ég er því andvígur fyrir mitt leyti, að hæstv. ríkisstj. fái þessa heimild, sökum þess að ég treysti henni ekki til þess að ráða fram úr þessum málum, sem að mun kalla eftir nýárið að leysa, og ég tel heppilegra, að hæstv. Alþ. gæti þá strax komið saman til þess að fjalla um þau. Þess vegna er ég á móti þessari þáltill.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27:8 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 279).

---

3. Jeppabifreiðar.

Á deildafundum 18. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um innflutning jeppabifreiða [21. mál] (A. 21).

Á 9. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til fyrri umr. (A. 21, 26, 33).

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Undanfarið hefur verið flutt inn allmikið af alls konar tækjum, m. a. landbúnaðarvélum, og hefur meira verið flutt inn af þeim undanfarið en nokkru sinni áður í sögu landsins. Það gleður mig mjög og flutningsmenn þessarar till., að svo virðist sem áframhald verði á þessu

samkvæmt þeim upplýsingum, sem gefnar voru í umr. um málið, sem rætt var hér á undan þessu.

Meðal þeirra tækja, sem vinsælust hafa orðið meðal bænda, eru hinir svokölluðu jeppar. Á árunum 1946—47 voru fluttir inn á þrettánda hundrað jeppar fyrir forgöngu fyrrv. ríkisstj. og nýbyggingarráðs. Það var áformað, að þessir jeppar færu fyrst og fremst til bænda, en það fór þannig, að eftirspurnin varð meiri en svo, að hægt væri að fullnægja henni, og kapphlaup varð um að eignast þessi tæki, ekki bara til sveita, heldur einnig í kaupstöðum og kauptúnum. Það fór því um þetta öðruvísi en ætlað var, og brögð voru að því, að kaupstaðarfólki vær úthlutað jeppum, og það, sem verra var, allmargir bændur seldu fólki í kaupstöðunum jeppa eða pöntuðu þá fyrir það. Það fóru því færri jeppar í sveitirnar en upphaflega var ætlað.

Nú er það svo, að ekki hefur dregið úr eftirspurninni eftir þessum tækjum, heldur liggja fyrir hundruð ef ekki þúsund eftirspurnir. Það þarf ekki að færa rök fyrir því, hve hentug þessi tæki eru sem búvélar og samgöngutæki og hve mikla þýðingu þau hafa fyrir félagslíf sveitanna. Það má kannske segja, að Íslendingar eigi það mikið af bílum og að þeir kosti það mikinn gjaldeyri hvað benzín og varahluti snertir, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að bæta við. En þó að við eigum nú um 11000 bifreiðar, verður sveitafólki ekki brugðið um það, að það noti þessi samgöngutæki of mikið, flestar bifreiðarnar eru í kaupstöðunum og fyrst og fremst í Reykjavík. Heil héruð eru svo að segja bifreiðarlaus, og mörg sjávarþorp skortir vörubíla, á sama tíma og kvartað er undan því í Reykjavík, að vörubílstjórar séu atvinnulausir, og krafizt aukinnar atvinnu fyrir þá af bænum. Ég er ekki að mæla á móti því, að það sé rétt, að vörubílstjórar hafi litla atvinnu, en það virðast hafa orðið mistök hvað úthlutun bifreiðanna snertir. Það ætti því að gefa sveitunum kost á að eignast meira af þessum tækjum. — Flutningsmenn þessarar till. hafa þess vegna lagt til, að Alþ. skori á ríkisstj. að hlutast til um, að á næsta ári verði fluttar til landsins ekki færri en 600 jeppabifreiðar, sem eingöngu verði seldar bændum. Það verður ekki mælt gegn því með rökum, að Alþ. leggi sitt lóð í vogarskálina, svo að þessi innflutningur geti haldið áfram. Í till. er lagt til, að strangar reglur verði settar, sem tryggi, að jeppabifreiðarnar haldist í sveitum landsins og í eigu þeirra, sem landbúnað stunda. Fyrri reynsla sýnir, að þörf er á þessu, og þótt erfitt verði að sjá fyrir allar krókaleiðir og sniðgötur, sem þeir, er vilja, geta farið, er hægt að setja almennar reglur um þetta, svo að þess sé betur gætt en áður, að þessar sniðgötur verði ekki farnar.

Ég vil geta þess, að áætlað er, að innflutningsverð þessara 600 jeppabifreiða muni verða um 4.8 millj. kr. Það er töluvert fé í erlendum gjaldeyri, en þegar litið er á það, hvílíkt þjóðfélagslegt vandamál flóttinn frá sveitunum er, virðist það ekki of ríflegt. Till. okkar er miðuð við 600 bifreiðar, en við vitum, að það er bara hluti af því, sem þörf er fyrir, og það hlýtur að verða unnið að því framvegis að fá árlega allmikla tölu flutta inn. Það er þýðingarmikið að létta bændum störf þeirra, og íbúar sjávarþorpanna sjá það betur nú en áður, þar sem þarf að skammta mjólkina og flytja verður inn kartöflur fyrir millj. kr. Það er öllum kunnugt, hve erfitt er að halda fólki við þessa atvinnugrein og framleiðslu matvæla fyrir þjóðina.

Ég vil svo að lokum drepa á eitt atriði, sem hæstv. atvmrh. kom inn á, en hann sagði, að 80 menn gengju með leyfi upp á vasann fyrir þessum tækjum. Ég veit, að þetta er rétt, en ég verð að láta undrun mína í ljós yfir því, að á sama tíma og fluttar eru inn bifreiðar svo að hundruðum skiptir, þá skuli vera stöðvaður innflutningur á þessum landbúnaðarvélum. *(Atvmrh.:* Fjárhagsráð segir, að þessum gjaldeyri hafi verið ráðstafað áður.) Mér er kunnugt um þessa afsökun, en ég veit ekki, hvort hún er rétt. Síðast í dag, eða fyrir nokkrum dögum, er greint frá einu slíku dæmi í einu af dagblöðunum. Ég veit, að það hefur verið aðalstefnan að veita ekki nein ný leyfi, en mér hefði ekki þótt það nein goðgá, þótt þessi leyfi fyrir jeppabifreiðum hefðu verið veitt, en leyfi fyrir lúxusbílum, er svo að segja hafa komið með hverju skipi í sumar, afturkölluð. Ég harma það, að fjárhagsráð skuli ekki hafa gert meira til þess að standa við þau loforð, sem þessum 80 mönnum voru gefin. Það verður ekki komizt hjá því að gera nokkuð upp á milli nytsemi þess, sem sótt er um, og þó að bifreiðar séu ekki eins mikil lúxustæki hér á landi og margir vilja telja, þá er enginn efi á því, að jeppabifreiðarnar eru nytsamari en bifreiðarnar, sem ganga á götunum í Reykjavík, þótt þær séu gljáfægðar og fallegar á að líta.

Ég vænti þess, að hæstv. Alþ. taki þessari till. vel og að hún ásamt till. um innflutning landbúnaðarvéla verði samþ. Ég vænti þess, að ekki verði bara talað um, að bændur þurfi á þessum tækjum að halda, heldur að þau verði flutt inn, svo að störf bændanna léttist í skjóli hinna nýju tækja og margvíslegu véla.

Steingrímur Steinþórsson: Mig langar til að segja örfá orð í sambandi við þessa till., ekki svo mjög út frá till. sjálfri, heldur meira almennt um þetta jeppamál frá því það fyrst kom upp fyrir fjórum árum. Ég á ekki sæti í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, og þykir því rétt að drepa á þetta við 1. umr.

Ég vil taka það fram, að ég er efni till. samþykkur, svo langt sem hún nær, en mér þykir hún ekki ganga nógu langt. Ég vildi, að hún tæki yfir meira en innflutning til eins árs, og þætti það eðlilegt í sambandi við aðrar áætlanir, sem nú er verið að gera, en úr þessu má bæta. Í sambandi við uppkast það að áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands hefur gert, var áætlað, að 1500 jeppar yrðu fluttir inn á næstu fjórum árum og að helmingur þeirra kæmi á næsta ári, en minna síðari árin.

Ég sé, að fluttar hafa verið brtt. á tveimur þskj. um varahluti, þó að önnur till. eigi í raun og veru ekki heima í sambandi við þetta mál. En það er rétt, að ekki má gleyma varahlutunum. Fjöldi jeppa er nú í strandi vegna varahluta-

leysis. Það er óhugsandi, að Alþ. láti málið fara þannig frá sér, að ekki sé rækilega bent á þörfina fyrir varahlutum. Ég geri líka ráð fyrir því, að n., sem fjallar um málið, geri á því einhverjar töluverðar breytingar.

En ég vildi minnast á málið almennt. Það er tvennt í till., sem er eftirtektarvert. Annað er það, að þessir jeppar eiga eingöngu að fara til sveitanna, hitt er það, að setja skal strangar reglur um það, að þeir haldist í sveitunum. Þetta er gott og blessað, en ég vil vekja athygli á því, að í þessu er falin sterk ádeila á nýbyggingarráð og þá ríkisstj., er þá sat. Ég ætla að færa rök að því, að þessi ádeila er rétt, en ég verð þá að taka allt frá byrjun.

Í okt.—nóv. 1945 birti nýbyggingarráð mikla tilkynningu um jeppabíla. Ég átti sæti í nýbyggingarráði á þeim tíma. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp hluta úr þessari tilkynningu, með leyfi hæstv. forseta: „Á fundi sínum hinn 5. okt. s. l. gerði nýbyggingarráð samþykkt um að fara þess á leit við landbrh., að hann beitti sér fyrir því í ríkisstj., að innflutningur yrði leyfður á nýjum jeppabílum til afnota við landbúnaðarstörf. Nýbyggingarráð lét þess um leið getið, að það teldi það óhjákvæmilegt, ef leyfið yrði veitt, að það yrði veitt með því skilyrði, að úthlutun bílanna fari eingöngu fram fyrir milligöngu Búnaðarfélags Íslands og hreppabúnaðarfélaganna, sem tryggi það, að bílarnir verði notaðir sem landbúnaðartæki, en gangi ekki kaupum og sölum óðruvísi en undir eftirliti og með samþykki nefndra félagsstofnana."

Nýbyggingarráð fól mér svo að tala um þetta mál við Búnaðarfélag Íslands, og náðist fullt samkomulag á grundvelli, sem báðir aðilar virtust algerlega sammála um, sérstaklega um það, að úthlutunin færi fram gegnum hreppabúnaðarfélögin og Búnaðarfélag Íslands og að bílarnir yrðu ekki fluttir aftur úr sveitunum.

Ég skal geta þess, að það var 11. des. 1945, er Búnaðarfélag Íslands skrifaði bréf til hreppabúnaðarfélaganna um þetta mál. Ég bar þetta bréf undir nýbyggingarráð, og það samþykkti það. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa nokkur orð úr þessu bréfi:

„Stjórnir hreppabúnaðarfélaganna skulu síðan úthluta þeim bílum, sem hvert félag fær til umráða. Við þá úthlutun skal sitja í fyrirrúmi, ef hægt er, að nota bílana á félagslegum grundvelli. Það er, ef nokkrir bændur í félagi geta hagnýtt sér jeppabíl sameiginlega, svo sem til mjólkurflutninga, annarra flutninga eða til hvers konar annarra búskaparstarfa. Skal stjórn hreppabúnaðarfélagsins þá setja reglur um notkun bílsins, sem allir þeir bændur, er að kaupunum standa, skulu undirrita. Sé bílunum úthlutað til einstaklinga, skulu þeir bændur látnir sitja í fyrirrúmi, sem að dómi félagsstjórnarinnar hafa mesta og almennasta þörf fyrir slíkan bíl.

Stjórnir hreppabúnaðarfélaganna skulu láta sérhvern þann, sem fær keyptan jeppabíl, undirrita skuldbindingu um það, að ef hann selji bílinn á næstu tveimur árum, skuli hann skyldur til að afhenda búnaðarfélagsstjórninni hann til ráðstöfunar, sem þá úthlutar honum að nýju. Stjórn Búnaðarfélags Íslands mun síðar senda skuldbindingarskírteini, sem kaupendur skulu látnir undirrita."

Ég skal ekki þreyta hv. þm. á því að lesa meira úr þessu bréfi, en það sýnir ljóslega, að reynt var að fullnægja því, sem nýbyggingarráð fyrst og fremst lagði megináherzlu á.

Þetta var í árslok 1945. Búnaðarfélagið hóf síðan úthlutanir sínar á þessum grundvelli í febrúar 1946. Tveir stjórnarnefndarmenn, Bjarni Ásgeirsson, hæstv. núverandi atvmrh., og Pétur Ottesen, hv. þm. Borgf., úthlutuðu bifreiðunum fyrir hönd stjórnar félagsins með þeirri aðstoð, sem ég gat veitt, og þeir bera því fyrst og fremst ábyrgð á úthlutuninni. Síðan úthlutaði Búnaðarfélagið 90 jeppabílum 27. febrúar, 89 23. apríl, 45 20. maí, 75 11. júlí og 37 2. ágúst, eða samtals 336 jeppabílum. En 10. ágúst þetta ár berst Búnaðarfélagi Íslands bréf frá nýbyggingarráði, þar sem því er lýst yfir, að það hafi ekki leyfi til að úthluta nema 14 bílum til, það hafi þegar úthlutað 336 bílum og hafi ekki haft til úthlutunar nema 350 bíla alls. Það verður tæpast sagt, að þetta hafi verið nærgætnislegt af hálfu nýbyggingarráðs, þar sem það var gert fyrirvaralaust og engin tök voru því á því að jafna bílunum sem jafnast niður, ef miða skyldi við jafnlitla tölu.

Ég skal geta þess, að Búnaðarfélag Íslands fylgdi mjög nákvæmlega þeim ákvæðum, sem samkomulag varð um milli nýbyggingarráðs og Búnaðarfélagsins um úthlutun bílanna. Gengið var út frá, að þeir menn, sem bílana fengju, undirrituðu skuldbindingu um það, að þeir úthlutuðu búnaðarfélögum sínum bílum, ef þeir vildu losna við þá innan tveggja ára, eins og um var samið. Búnaðarfélagið hélt sig algerlega við það að úthluta ekki persónulega þessum bílum, heldur eingöngu félagslega, þannig að fyrst fram eftir sumrinu var ekki úthlutað til neinna nema búnaðarfélaganna. Ég vil geta þess, að á þeim 450 bílum, sem Búnaðarfélagið fékk til ráðstöfunar á þessu ári, þá hefur úthlutunin verið framkvæmd á þann hátt af hálfu félagsins, að til hreppabúnaðarfélaganna sjálfra hafa farið 392 bílar og til búnaðarsambandanna og Búnaðarfélags Íslands 21 bíll. Flestöll búnaðarsamböndin hafa fengið bíl, sum tvo, og stjórnarmenn búnaðarfélaganna hafa fengið fjóra eða fimm bíla, sem þeir hafa notað í félögum sínum. Þá hefur verið úthlutað til annarra stofnana landbúnaðarins 19 bílum, til stjórnar eins nautgripasambands og ýmissa fleiri, mjólkursamlaga, skógræktarinnar og sandgræðslunnar, sem fengu bíla. Loks eru svo 16 bílar, sem úthlutað hefur verið til einstaklinga, þar af eru þrír, sem gengið hafa til dýralækna, sem starfa sérstaklega á vegum landbúnaðarins. — Ég hef talið rétt í sambandi við þetta mál að gefa skýrslu um það, hvernig þessi úthlutun fór fram á þeim 448 jeppabílum, sem Búnaðarfélag Íslands gaf leyfi fyrir.

Það liggur í hlutarins eðli, að það, sem hv. flm. leggja hér áherzlu á, er það, að settar verði strangar reglur um það, að jeppabílar verði ekki fluttir úr sveitum landsins. Nýbyggingarráð fór á sínum tíma að úthluta bílunum í stríðum straumum, þar sem engin slík skilyrði voru sett, ekki einu sinni grennslazt eftir því, hvaða

menn hefðu fengið jeppabíla. En það fór svo í einu eða tveimur tilfellum, að menn, sem búnir voru að fá úthlutað bíl gegnum hreppabúnaðarfélag sitt, fengu um það tilkynningu frá nýbyggingarráði, án þess að hafa dottið í hug að fara fram á það, að þeir hefðu fengið úthlutað jeppabílum. Svona hlálegir hlutir komu fyrir í sambandi við það flaustursverk, sem kom fyrir í nýbyggingarráði. Ég hvarf frá störfum í nýbyggingarráði í apríl 1946, áður en fyrsta bílasendingin kom til landsins. — Mér þykir því mjög vænt um framkomu þessarar þáltill. Ég mun að sjálfsögðu fylgja henni til nefndar og vænti, að hún komi þaðan endurbætt og nái síðan samþykki hæstv. Alþ.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð út af brtt., sem ég flyt á þskj. 26. — Það er mikið búið að ræða um það á Alþ. og utan þings, hvað jepparnir séu nauðsynleg tæki fyrir bændur landsins, og allir, sem um það tala, keppast við að lýsa vilja sínum á því, að þörfinni fyrir þessi tæki verði fullnægt sem bezt. Ég skal taka það fram, að ég álít ekki ofmælt um það, hvað þessi tæku séu nauðsynleg og rík nauðsyn á að fullnægja þörfum þeirra, sem þurfa að nota þau. En ég furða mig á því, að hv. flm. þessarar till. virðast hafa gleymt því atriði, sem hefur jafnvel meira að segja en aukinn innflutningur jeppanna, en það er að tryggja, að til séu nægar birgðir af varahlutum í þá jeppabíla, sem fyrir eru í landinu. Það er nú búið að upplýsa, að fluttir hafa verið inn um 1220 svokallaðir landbúnaðarjeppar, en hins vegar er til hér í landinu töluvert mikið af herjeppabifreiðum, keyptum af setuliðinu, svo að fjöldi jeppabílanna mun vera upp undir 2000. Nú er þegar orðin staðreynd um þessa jeppa, að margir þeirra hafa alveg stöðvazt vegna bilana, þar sem engir varahlutir hafa verið til í þá. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja brtt. ásamt öðrum hv. þm., sem mundi bæta úr þessu, og vænti ég að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi einnig þessa brtt. og bæti þessu ákvæði inn í, áður en málið kemur til 2. umr. hér í Sþ.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 33, sem er brtt. við brtt. á þskj. 26, en sú brtt. fer fram á, að jafnframt því, sem stuðlað verði að því að auka innflutning jeppabifreiða, þá verði þess gætt, að jafnframt verði flutt inn nægilega mikið af varahlutum, til þess að þessir bílar þurfi ekki að stöðvast. Ég er sömu skoðunar og flm. þessarar brtt., að það sé ekki minni nauðsyn, heldur jafnvel meiri að gæta þess, að flutt sé inn nægilega mikið af varahlutum til þess að hægt sé að starfrækja þær bifreiðar af þessu tagi, sem fyrir eru í landinu. Ég er alveg sammála hv. flm. um það, að sú nauðsyn sé ekki minni en að bæta við þær bifreiðar, sem fyrir eru. Þó að mér sé kunnugt um það, að óskir manna um fleiri bifreiðajeppa eru raunar fyrir hendi og þörf manna ótvíræð fyrir því, að þeim óskum verði fullnægt að meira og minna leyti, þá er hitt ekki þýðingarminna atriði, að það sé tryggt, að hægt sé að nota þær bifreiðar, sem fyrir eru í landinu, til sams konar nauðsynja, bæði í þágu einstaklinga og félaga og atvinnu í landinu. En mér fannst, þegar um þetta var rætt, að þá væri ástæðulaust að ganga fram hjá, að það er mjög mikill fjöldi annarra atvinnubifreiða í landinu en jeppabifreiða, sem engu minni nauðsyn er, að hægt sé að starfrækja, og það eru yfirleitt vörubifreiðarnar í landinu og þær fólksbifreiðar, sem notaðar eru í atvinnuskyni, og það er staðreynd með þær bifreiðar, eigi síður en með jeppana, að til þeirra vantar mjög tilfinnanlega varahluti og það svo í mörgum tilfellum, að svo að segja ekkert má út af bera til þess, að viðkomandi bifreiðar stöðvist ekki. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. sé yfirleitt kunnugt um þann skort, sem er á varahlutum til þessara bifreiða, en ég get þó sérstaklega um þetta vitnað vegna þess, að á s. l. sumri ók ég vörubifreið og rak mig þá tilfinnanlega á þessa hluti. Bifreið sú, sem ég ók, var svo að segja ný, og komu þess vegna ekki fram neinar meiri háttar bilanir, en það geta þó alltaf komið fyrir einhverjar smávegis bilanir, og get ég nefnt sem dæmi, að einu sinni brotnaði fjöður yfir öðru afturhjóli, og leit út fyrir um tíma, að þessi tiltölulega litla og algenga bilun yrði til þess, að þessi nýi bíll yrði að stöðvast. Kom í ljós, að í engri þeirra verksmiðja, sem verzla með bifreiðar eða varahluti, hvorki á Akureyri né í Reykjavík, var hægt að fá fjöður, sem passaði í þessa bifreið. Og eftir að hafa eytt heilum degi í það að ganga milli manna, sem áttu vörubifreiðar og ættu kannske þetta stykki, tókst mér að fá fjöður, sem að vísu var ekki alveg eins, en mátti þó nota, eftir að henni hafði verið breytt af högum manni. — Þetta þykir nú kannske ekki sögulegur atburður, en ég nefni þetta sem dæmi, til þess að sýna og sanna, að ástandið í þessum efnum er þannig hjá atvinnubifreiðum í landinu, að örlitlar bilanir geta valdið því, að bifreiðarnar verði óstarfhæfar um lengri eða skemmri tíma, og sjá þá allir, hve illa er komið fyrir þeim mönnum, sem slíkar bifreiðar eiga og hafa af þeim lífsframfærslu. Ég álít þess vegna, þó að þessi þáltill. sé bundin við sérstaka gerð atvinnubifreiða, jeppana, að full ástæða sé til þess að taka einnig til athugunar ráðstafanir til þess að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem á því er, að séð sé betur en gert hefur verið fyrir varahlutum til atvinnubifreiða almennt. Ég vil þess vegna vænta þess, að þessi brtt. mæti velvild og skilningi og verði tekin til meðferðar af þeirri n., sem fær aðaltill. til meðferðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. alþm. hafa nú hlustað hér á ýtarlega skýrslu, sem hv. 1. þm. Skagf. hefur flutt um úthlutun jeppabíla. Ég harma það ekki neitt, að slíkt hefur komið fram, en harma, að hæstv. forseti skuli ekki hafa gert sérstakar ráðstafanir til þess, að sá ráðh., sem þessum ásökunum er beint að, gæti hlustað á þetta merkilega mál. Hv. 1. þm. Skagf. tók fram í ræðu sinni, að hér væri um sterkar ádeilur að ræða á nýbyggingarráð, en hæstv. fjmrh. var þá formaður þess ráðs og hefði víst þar af leiðandi haft ástæðu til þess að hlusta á

þessar sterku ásakanir, sem þar eru bornar fram. Ég vil mælast til þess við forseta að slíta ekki þessari fyrri umr. svo, að hann gæfi hæstv. ráðh. ekki tækifæri til að svara fyrrgreindum ásökunum og kynna sér málið að fullu. Ég hef hingað til heyrt talað um réttlæti þessa forseta í forsetastóli almennt, en fer nú mjög að efast um, eftir að hafa hlustað á þetta, að þau ummæli séu að öllu leyti réttmæt.

Ég skal koma nokkuð að einstökum atriðum í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann sagði, að þetta vald hefði verið tekið af Búnaðarfélaginu að ástæðulausu, og vítti það mjög. Nú skal ég ekki deila um það á þessu stigi, hvort þetta hafi verið að ástæðulausu, og læt hæstv. ráðh. um það, þegar hann fær tækifæri til að kynna sér málið. En hitt er öllum ljóst, að ef nýbyggingarráð hefur haft vald til þess að veita Búnaðarfélagi Íslands eða einhverjum aðila umboð, hefur það einnig vald til þess að svipta þann aðila því umboði aftur, og þá er það atriði milli Búnaðarfélagsins og nýbyggingarráðs, hvort það hafi verið gert að ástæðulausu eða ekki. En hefur Búnaðarfélagið gætt hins, að þeir menn, sem það hefur afhent bifreiðarnar í hreppabúnaðarfélögunum, hafi gert skyldu sína? Ég vildi fá það upplýst. Það væri rétt að athuga það, hvort Búnaðarfélag Íslands hefur gætt þeirrar sjálfsögðu réttlætiskröfu að láta skiptin fara fram milli héraðanna eins og eðlilegast hefði verið. Það hlaut að sjálfsögðu að vera skylda Búnaðarfélagsins, í fyrsta lagi að tryggja þeim héruðum sem mesta úthlutun, sem áttu erfiðast með samgöngur vegna slæmra vega. Það hlaut að vera skylda þess að láta þær sveitir ganga fyrir, þar sem þessi tæki gátu hjálpað veglausum héruðum til að létta undir með samgöngum. Mér er kunnugt um það, að þessari stefnu var ekki fylgt. Mér er kunnugt um það, að þær sýslur, sem vegna erfiðra samgangna gátu ekki notað aðra bíla, hafa orðið afskiptar við þessa úthlutun. Það væri gaman að sjá skýrslu frá Búnaðarfélaginu um það, hvernig þessum 450 bílum hefur verið úthlutað og til hvaða landshluta, hvernig þá muni sannazt, að þær sýslur, sem bezt höfðu vegakerfið, urðu ekki afskiptar, en það voru hinar, sem áttu erfiðara með að nota önnur flutningatæki. Mér væri mikil ánægja að því að sjá slíka skýrslu, og mér er ánægja að því að rökstyðja mál mitt. Það kann að koma inn á sjónarmið Búnaðarfélagsins, að þær sýslur, sem hafa bezta vegi, ættu að fá flesta bílana, en að það sé réttlátt, vil ég ekki ganga inn á. Ég hygg, án þess að ég fullyrði nokkuð um það, að þetta sé ein af ástæðunum fyrir því, að úthlutunin var tekin af Búnaðarfélaginu, að bílunum hafi ekki verið skipt réttlátlega milli héraðanna. *(PO:* Og láta þá fara í kaupstaðina í staðinn?) Við skulum athuga það líka. Ég vildi heyra, hvaða tryggingu Búnaðarfélag Íslands hafði fyrir því, að bílarnir færu ekki í kaupstaðina. Ég skal benda á, að mér er kunnugt um, að jeppabifreiðum var úthlutað til hreppafélaganna heima fyrir og þær sömu bifreiðar fóru aldrei úr kaupstaðnum. Þær komu aldrei til þeirra manna, sem þeim var úthlutað til. Ég get gefið hv. þm. sannanir fyrir því, að ákveðnum bifreiðum var úthlutað af Búnaðarfélagi Íslands til hreppabúnaðarfélaga, og komu ekki inn í hreppana, en voru seldar beint til kaupstaða. Ég segi það ekki, að það sé sök Búnaðarfélagsins, en það er þá sök þeirra manna heima fyrir, sem áttu að úthluta þessum bifreiðum til viðkomandi aðila, og það er þeirra sök að tryggja það ekki, að þær væru ekki seldar nema með leyfi þeirra og þá ekki til kaupstaða. Hefur Búnaðarfélagið nokkurn tíma gætt þess, að þessar kröfur væru uppfylltar? Ég ætla, að þar hafi orðið mikill misbrestur á. Ég hygg, að aðalástæðan fyrir því, að þetta mál var tekið frá Búnaðarfélaginu, hafi í fyrsta lagi verið sú, að það uppfyllti ekki skyldur sínar gagnvart úthlutuninni, og hins vegar hafi ekki hreppabúnaðarfélögin heima fyrir uppfyllt þær reglur, sem þau áttu að fara eftir. Það væri líka ákaflega gaman að fá það upplýst, hvort allar þessar 450 bifreiðar, sem búið var að úthluta, væru enn í sveitunum. Ég er hræddur um, að það séu ekki fáir vagnar, sem áttu að fara í sveitirnar, en aldrei hafa í þær komið, og ef þeir hafa komið þar, þá hafa þeir aðeins staðið örstutt við. Það er hægt að rekja þetta með að sjá, hve margir bílar eru skrásettir í hverju héraði. Ég held, að það hafi brugðizt, sem hv. 1. þm. Skagf. lagði áherzlu á áðan, að fyrsta skilyrðið væri, að allir sætu við sama borð. Ég held, að reynslan hafi sýnt, að það voru ekki nema sérstakir gæðingar Búnaðarfélags Íslands, sem fengu að setjast við borðið á undan hinum. Ég skal svo ekki fara út í það atriði núna, hve þetta hefur verið notað pólitískt. Mér gefst tækifæri til þess síðar.

Vegna upplýsinga frá hæstv. landbrh. um, að það væru enn 80 leyfi, sem ekki væri búið að nota, og í sambandi við það einnig, að allir þeir bílar, sem hafa verið fluttir inn síðan, hafa verið fluttir inn, án þess að þeir væru greiddir með íslenzkum gjaldeyri, þá vil ég benda á, að samkvæmt II. kafla l. um innflutning og gjaldeyrismeðferð má enga vöru flytja til landsins nema að fengnum innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Ég veit þá ekki, eftir hvaða reglum fjárhagsráð og ríkisstj. hafa leyft innflutning á bílunum, nema um leið sé veitt innflutningsleyfi. Mér skilst, að um lögleg leyfi hafi verið að ræða og það hafi verið búið að borga bílana áður samkv. löglegum leyfum. Ég get líka upplýst annað, að hér ganga sögur, sjálfsagt margar hverjar sannar, um, að einstöku aðilar hér á þessu landi hafi leyft sér að flytja inn, ekki eingöngu bíla, heldur líka aðrar vörutegundir á áðurgreindan hátt. Það væri rétt að láta fara fram rannsókn á því, hvort það sé ekki rétt, að verzlunarfyrirtæki hafi fengizt til að selja vöru fyrir erlendan gjaldeyri, sem þau höfðu ekki samkv. lögum leyfi til að taka á móti hér á Íslandi. Það væri æskilegt að fá það upplýst, að hverju leyti innflutnings- og gjaldeyrislögin hafa verið brotin á þessu sviði. Ég held, að við ættum líka að taka höndum saman um að fá það upplýst, hvernig í því liggur, að menn halda því fram, að hér í þessum bæ sé hægt í ýmsum verzlunum að fá alls konar vörur á svörtum markaði, ef hægt sé að greiða þær með erlendum gjaldeyri. Það átti að taka málið mjög sterkum tökum og stöðva allan slíkan innflutning og m. a. bílainnflutning, en þá kom fyrst andstaða

gegn því frá hæstv. menntmrh. Hann setti sig á móti því, að þetta yrði lagað *(Menntmrh.:* Að hvað yrði lagað?) Að menn fengju að flytja inn bíla, sem þeir töldu sig hafa greitt úti. *(Menntmrh.:* Þetta er bara haugalygi.) Hæstv. ráðh. veit, að þetta er satt, að það voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að stöðva bílainnflutninginn, en hann barðist fyrir því, að hann yrði ekki stöðvaður, vegna þess að Sambandið, langstærsti bílainnflytjandinn, taldi sig vera búið að borga bílana. Hæstv. ráðh. vildi ekki kyrrsetja bílana, af því að Sambandið átti í hlut, og svo leyfir hann sér að segja að þetta sé haugalygi. Sannleikurinn er sá, að þessi viðskiptamál öll eru svo rotin, að það er ekki hægt fyrir ríkisstj. að láta þetta ganga svona lengur. Ég held, að það væri ákaflega nauðsynlegt, að Framsfl. og fulltrúar hans í ríkisstj. vildu nú fallast á að láta nú laga það, sem miður fer í þessum málum.

Ég vil svo leyfa mér að endurtaka það við hæstv. forseta, að hann slíti ekki þessum umræðum fyrr en fjmrh. hefur verið gefinn kostur á að svara þeim þungu ásökunum, sem hér hafa verið bornar á hann, sem formann nýbyggingarráðs.

Forseti (JörB): Hv. þm. Barð. kvartar yfir því, að fjmrh. skuli ekki vera viðstaddur við þessar umræður. *(GJ:* Ég kvarta undan því, að forseti skuli ekki hafa látið hann vita að verið væri að bera á hann ásakanir í þessum umr.) Ég skil ekki hv. þm. Barð. Þó að hann hafi fyrr gert kröfur til mín um mannlegar dyggðir, þá bjóst ég ekki við því, að hann ætlaði mér að vita fyrir fram, hvað menn segðu í umræðum um þetta mál. Enn er umræðum ekki lokið, og er því hægurinn hjá, að ráðh., sem var formaður nýbyggingarráðs, honum gefist kostur á að taka til máls, áður en fyrri umr. málsins er lokið. Annars er búið að tala um það við fyrsta flm. að fresta umræðu af þessum ástæðum, og svo í öðru lagi til þess að enn betra tóm verði til að íhuga málið og ræða. Annars verður umr. ekki lokið að sinni, því að nokkuð margir eru á mælendaskrá. — Ég er hér staddur í fjarveru forseta, en ég þykist vita, að forseti hefði ekki frekar en ég haft vitneskju um, hvernig umr. mundu falla, og því ekki getað gert ráðstafanir til þess, að hæstv. fjmrh. yrði við. Ég býst við, að forseti hafi ekki haft vitneskju um það, hvort hann mundi koma hér eða ekki. Vera má, að hæstv. fjmrh. hafi verið forfallaður frá að koma, en það er mér ekki kunnugt um.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins segja hér örfá orð í tilefni af því, sem hv. þm. Barð. hélt fram. Ég veit, að hv. þm. taka ekki mark á því, sem hann segir, og þess vegna þeirra vegna ástæðulaust að leiðrétta það, sem hv. þm. sagði. En ef hér kynnu að vera einhverjir menn, sem ekki þekkja hv. þm. Barð. eins vel og við, sem á þingi sitjum, þykir mér ástæða til að leiðrétta hann. Að svo miklu leyti sem hægt var að skilja það, sem hann sagði, þá var hann að reyna að halda því fram, að ég hefði verið sérstakur mótstöðumaður þess, að hætt væri bílainnflutningi, sem þannig væri framkvæmdur, að menn fengju innflutningsleyfi fyrir bílum, en sköffuðu sér svo sjálfir gjaldeyri til að greiða bílana með. Ég sagði, að það væri haugalygi, að ég hefði talað um mál þessi í þessa átt. Ég hef hvað eftir annað gert till. um, að það væri lagt fyrir viðskiptanefnd og innflutningsaðilana að veita engin innflutningsleyfi fyrir neinni vöru, án þess að gjaldeyrisleyfi fylgdu, nema fyrir lægju sannanir um það, að vörurnar væru borgaðar með löglega fengnum gjaldeyri. Upp á þessu hef ég stungið vegna þess, að mér hefur verið kunnugt um, að það hafa verið gefin út leyfi, eins og hv. þm. Barð. segir, án þess að gjaldeyrisleyfi fylgdu með. Þetta er sannleikurinn um afskipti *mín af þessu máli. Hitt, sem hv. þm.* var að rugla um, er annað mál. Þegar stjórnin, sem nú situr, tók við, var mikið af bílaleyfum í umferð, bæði innflutnings- og gjaldeyrisleyfum saman. Þá kom til athugunar hjá ríkisstj., hvort stöðva ætti þennan bílainnflutning alveg, þó að fyrir þeim væru til lögleg leyfi. Ég hélt þeirri skoðun fram, að það væri rétt að leyfa innflutning á þeim bílum, sem komnir væru til hafna erlendis, áður en skrúfað yrði alveg fyrir. Sá bílainnflutningur á ekkert skylt við þann innflutning, sem hv. þm. Barð. var að bendla mig við áðan. — Viðvíkjandi jeppunum, sem voru hér til umræðu, vil ég aðeins taka það fram, að mér finnst meira en skrýtið, þegar hv. þm. Barð. heldur því fram, að það hafi orðið að taka jeppaúthlutunina af Búnaðarfélagi Íslands og hreppabúnaðarfélögunum til að tryggja það, að þeir færu í þau sveitarfélög, þar sem vegirnir eru verstir. Það er ekki hægt að komast lengra í því að ganga á móti sannleikanum en að halda þessu fram, því eins og hv. þm. Borgf. hélt fram, þá var lausnin síðan að taka úthlutunina af Búnaðarfélagi Íslands, til þess að bílarnir færu í kaupstaðina. Ásakanir hv. þm. Barð. í sambandi við Búnaðarfélag Íslands og hreppabúnaðarfélögin eru stórfelldar, þegar hann segir, að þau hafi beitt hlutdrægni. Þarna eiga hlut að máli allar hreppabúnaðarfélagsstjórnir landsins, mörg hundruð manns. Það má vel vera, að það hafi komið fyrir mistök við úthlutunina gegnum hreppabúnaðarfélögin, en hitt er víst, að sú úthlutun var ábyggilega miklu réttlátari og eðlilegri en úthlutunin hjá nýbyggingarráði, því að hún var sannarlegt hneyksli.

Forseti (JörB): Sökum þess, hve margir eru á mælendaskrá, og fundartími er nú nær liðinn, mun ekki fært að ræða málið meira að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég fell frá orðinu að sinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég býst við því, að flestir, sem til landbúnaðar þekkja, séu sammála um það, að mikil þörf sé á að

landbúnaðarvélar fáist út í sveitir landsins og þá ekki síst jeppabifreiðar, sem till. þessi fjallar um. Mér sýnist nú þessi till., sem gerir ráð fyrir að flytja inn 600 jeppa á næsta ári, sé heldur seint fram komin, því að það hefur sem sé verið upplýst hér, að fyrir mörgum vikum eða jafnvel mánuðum hafi Verkfærakaupanefnd ríkisins lagt til, að fluttir yrðu inn 2000 jeppar á næstu þrem árum. Ég held því, að þessi till. hafi lítið gildi, þótt samþ. yrði, því að henni eru þrengri takmörk sett en áður fram komnum till. um þetta efni. Ef reiknað er með innflutningi 2000 jeppa á næstu 3 árum, þá er eðlilegt að gera ráð fyrir, að fyrsta árið verði flutt meira en ⅓ hluti þeirra jeppa inn, eða ca. 7—8 hundruð, því að enginn jeppi hefur fengizt inn í landið í nær því tvö ár. Það virðist því augljóst, að þessi till. gengur skemur en till. verkfærakaupanefndar. Hæstv. atvmrh. upplýsti þá vansæmandi staðreynd, að hér séu um 80 manns með *lögleg leyfi til að kaupa jeppa upp á vasann*, leyfi frá nýbyggingarráði, sem hlutaðeigandi menn hefðu enga vitneskju um, hvenær yrðu innleyst. Þetta er hreint og beint hneyksli, þegar opinberar stofnanir gefa þannig út leyfi, sem ekki er staðið við, en það, sem er enn þá verra, er það, að sumir þessara manna hafa verið látnir borga meiri hlutann af verði þeirra jeppa, sem þeir aldrei hafa fengið, til þess heildsala, sem flytja átti jeppana inn. Manni verður á að spyrja, hvort tilætlunin með þessu sé að láta bændur landsins leggja heildsölunum hér í Reykjavík til rekstrarfé, og ég get ekki búizt við, að svo sé. En þar sem vitað er, að það hefur verið knúið fram, að þau verzlunarfyrirtæki, sem gátu sannað, að þau ættu bíla erlendis og þeir væru borgaðir, hafa fengið bílana, — og það eru einmitt slíkir bílar, sem fluttir hafa verið inn að undanförnu —, þá ættu bændur jafnframt að fá þá jeppa, sem þeir hafa bæði fengið leyfi fyrir og borgað. Það er siðferðileg skylda hins opinbera að sjá svo um, og *ég trúi því ekki, að gjaldeyrisástandið sé svo* slæmt, að það verði ekki hægt.

Það hefur hér verið rætt um bæði úthlutun Búnaðarfélags Íslands og nýbyggingarráðs á þeim jeppum, sem áður hafa verið fluttir inn, og ég tek undir ummæli hv. 1. þm. Skagf., að ég held, að það sé rétt, að úthlutun Búnaðarfélagsins hafi verið þannig, að þá jeppa, sem félagið úthlutaði, hafi eingöngu bændur fengið svo og þeir, sem vinna í þágu landbúnaðarins. Aftur á móti fullyrti hv. þm. Barð., að nýbyggingarráði hefði verið fengin úthlutunin í hendur af því, að hún hefði öll farið í handaskolum hjá Búnaðarfélaginu, og virðist nýbyggingarráð hafa ætlað að kippa þessu í lag og láta þá bændur eingöngu fá jeppana og það með því skilyrði, að þeim yrði ekki svindlað til kaupstaðanna. Ef þetta hefur verið tilgangurinn, eins og næst liggur að halda, þá er spurningin, hvort breytingin hafi náð tilgangi sínum, hvort úthlutunin hafi verið betur af hendi leyst og fleiri jeppar lent í sveitunum, eftir að nýbyggingarráð tók við. *Og reynslan sýnir, að allt fór* öfugt við hinn góða tilgang, því að þá fyrst fóru jepparnir að streyma til kaupstaðanna, eftir að nýbyggingarráð fór að úthluta þeim. Ég held, að það sé rétt haft eftir hæstv. menntmrh., að hann hafi sagt hér við umr., að úthlutun nýbyggingarráðs hafi verið hneyksli, *og ég held*, að þessi ummæli hæstv. ráðh. séu rétt. Mér er tjáð, að fundargerðir nýbyggingarráðs, sem ættu í þessu efni að vera fyrstu handar sönnunargagn, séu til, og þá sennilega nú í vörzlu fjárhagsráðs. Nú má kanna þessa frumheimild og sjá, hvort öðrum en bændum hafi verið úthlutað, og gá að því, hvort skilyrði hafa verið sett um það, að menn mættu ekki selja jeppana án vitundar ráðsins, sem gæti þá látið bændur hafa þá aftur. Ég tel rétt að láta athuga þetta, þegar rifizt er um þessa úthlutun hér á Alþingi. Það vill svo vel til, að bifreiðar eru númeraðar og skrásettar á nafn, svo að auðvelt ætti að vera að rekja eigendaskipti jeppanna. Það er ekkert á móti því, að það verði bætt úr vanrækslu hins opinbera gagnvart þeim mönnum, sem leyfi hafa fengið, en engan jeppa út á þau, *með því, að þeir bílar, sem ekki hafa lent* í sveitunum eða hefur verið svindlað þaðan, verði blátt áfram teknir eignarnámi og seldir bændum, sem leyfi hafa, fyrir sanngjarnt verð, ef það er rétt, að nýbyggingarráð hafi sett ófrávíkjanleg skilyrði fyrir því, að bílarnir skyldu vera í eigu bænda. Sé hægt að sanna, að þessum skilyrðum hafi ekki verið fullnægt, þá á að taka bílana af þeim, sem orðið hafa eigendur þeirra með því að brjóta þessi skilyrði. Það er sanngirniskrafa að fá að vita, hve margir af þeim 800 jeppum, *sem nýbyggingarráð úthlutaði*, hafi verið látnir með því skilyrði, að þeir yrðu í sveitunum. Það er auðvelt að fá þetta fram í dagsljósið með fundargerðarbækur nýbyggingarráðs sem vitni.

Ég heyrði, að hv. 1. flm. þessarar till., hv. þm. N-Ísf., fór mörgum orðum um ranglæti í úthlutun bíla. Nefndi hann þar til, að til væru allstór kauptún úti á landi alveg bílalaus, og er það hverju orði sannara, og tek ég undir þetta, að ég undrast þessa skiptingu, þegar upplýst er, að *landslýðurinn eigi nú um 11000 bíla*. En einmitt af því, hve ég var honum sammála um þetta, þá þótti mér það æði mótsagnakennt, er hann í sinni ræðu talar um það sem brot á reglum um innflutning bifreiða, að veitt var innflutningsleyfi fyrir bíl, svo að eitt hinna bíllausu kauptúna fengi þannig sína fyrstu bifreið. Þessi afstaða hv. þm. er því furðulegri, sem bifreiðin fór einmitt í þorp í hans eigin kjördæmi. Hv. þm. N-Ísf. var einnig hneykslaður á þeim fjölda lúxusbíla, sem hann sagði, að rynnu hér um göturnar til þess eins að brenna benzíni, þ. e. a. s. eyða gjaldeyri. Ég tek það fram, að ég hneykslast eins og hann á þessu, og svo mun um fleiri, en nú vildi svo til, að bíllinn, sem útvegaður var í bíllausa þorpið, var einu sinni gljáfægður lúxusbíll, sem rann hér um göturnar og brenndi benzíni, og það, sem gert var, var það eitt, að bíllinn fluttist úr Reykjavík út í kjördæmi hv. þm. N-Ísf. og er nú notaður þar til almenningsflutninga á fjölfarinni leið. Það mundi sæma sér betur fyrir þennan hv. þm. að greiða *fyrir því*, að lúxusbílar úr Reykjavík yrðu gerðir að almenningsvögnum í bifreiðalausum kauptúnum vestur á landi. Í viðbót datt mér svo í hug, er ég hlustaði á þennan sama hv.

þm. úthella hneykslun sinni yfir lúxusbílunum hér í höfuðborginni, að þeir þyrftu að vera einurðargóðir, sem myndu ekki eftir því, að sjálfir væru þeir eigendur slíkra bíla, þegar þeir töluðu um mistök í úthlutun bifreiða. Mér er nefnilega sagt, og ég held, að það sé rétt, að hv. þm. N-Ísf. eigi einmitt einn slíkan gljáfægðan lúxusbíl, sem rennur um göturnar og brennir benzíni, og hann fékk þennan bíl ekki fyrr en hætt var að flytja inn jeppa handa bændunum. Okkur er sagt, að jeppainnflutningurinn hafi stöðvazt vegna gjaldeyrisskorts, og hefði þá verið hægt að fá til landsins 2—3 jeppa með því að spara lúxusbíl hv. þm.

Ég hef þá drepið á þau tvö atriði, sem mér þótti miður fara í ræðu hv. þm. N-Ísf., og gat ég ekki stillt mig um að gera þau bæði að umtalsefni. Ég óska þess að lokum, að hægt verði að flytja inn 2000 jeppa á næstu 3 árum, og ég óska þess enn fremur, að betur verði séð um það en áður, að ekki verði braskað með þá og að þeim verði ekki úthlutað af tveim aðilum, þar sem hvorugur veit af öðrum. Ég vona enn fremur, að innflutningur á jeppum verði ekki látinn sitja á hakanum fyrir innflutningi lúxusbíla handa mönnum, sem ekkert hafa að flytja nema sinn eigin skrokk.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér skilst, að talsverðar umr. hafi orðið um þessa þáltill. um innflutning á jeppum, og sé ég, að tvær brtt. hafa komið fram við höfuðtill., sem engu eru þýðingarminni en hún, ekki sízt till. um kaup á varahlutum, sem nú er mjög erfitt að fá keypta. — Þekking landsmanna á notagildi jeppanna kom fyrst í ljós, þegar af hálfu hins opinbera voru seldir nokkrir gamlir herjeppar, sem eins og aðrar setuliðseignir voru keyptar af ríkinu og síðan seldar almenningi. Kom þá þegar í ljós, að eftirspurnin eftir jeppunum var mun meiri en hægt var að fullnægja með setuliðsjeppunum. Um þetta leyti tók nýbyggingarráð til starfa, og bárust okkur ýmsar beiðnir og áskoranir um það að sjá til þess eða mæla með því, að gjaldeyrisleyfi yrðu veitt fyrir nýjum jeppum, og á það bent, að það væri komið á daginn, einkum vestur í Ameríku, að jepparnir væru hentug landbúnaðarverkfæri, fyrir svo utan það, að þeir væru góðir til þess að skjögta á þeim milli bæja o. s. frv. — 10. sept. 1945 var þessu máli fyrst opinberlega hreyft í nýbyggingarráði og ákveðið að hefjast handa, enda lágu þá fyrir umsagnir fróðra manna, t. d. skriflegt vottorð skólastjórans á Hólum um, hve mikið gagn væri að svona bifreiðum við búskap, og fleiri umsagnir á sömu lund. Það er því óhætt að segja, að við í nýbyggingarráði skiptum okkur af þessu máli í fyrsta lagi með það fyrir augum, að jepparnir yrðu búskapar- eða búnaðartæki.

Ég veit ekki, hvort öllum hv. þm. er vel ljóst, hvernig verkaskiptingin var milli nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs eða viðskiptanefndar í þessu efni. Nýbyggingarráð sem slíkt gaf ekki út leyfi beinlínis til almennings. Það gaf hins vegar meðmæli til gjaldeyrisyfirvaldanna, mælti með því, að þessi eða hinn fengi leyfi til að flytja inn tiltekna vél eða atvinnutæki, sem þótti heyra undir þann ramma nýbyggingarráðs, er því var ætlað að starfa eftir. Á sínum tíma varð nokkurt þref um það, hvernig afmarka skyldi afskiptasvið hverrar stofnunar um sig, en þó var það eiginlega gert að mestu eða öllu leyti. Um bifreiðainnflutning var það ákveðið, að nýbyggingarráð skyldi ekki hafa nein afskipti af innflutningi annarra bifreiða en vörubifreiða og jeppabifreiða, enda var það svo, að allar aðrar bifreiðar og innflutningur þeirra heyrði undir viðskiptaráð, þar á meðal innflutningur allra litlu ensku bílanna og amerískra fólksbíla, en til jeppanna heyrðu hinir svokölluðu *station-vagnar*, en þeir voru nú ekki svo margir, að þeir skiptu miklu máli.

Nú, með þetta fyrir augum, að jepparnir væru sérstaklega landbúnaðartæki, var sú stefna upp tekin í nýbyggingarráði að freista þess, að það þyrfti ekki sjálft að skipta sér af einstökum leyfisveitingum jeppanna. Ég tek það fram, að hér var um algerlega frjálsa úthlutun hjá nýbyggingarráði að ræða, það voru engin fyrirmæli í lögum né reglugerðum, sem sögðu neitt fyrir um þetta. En þessi háttur var líka upp tekinn vegna þess, að búnaðarmálastjóri átti sæti í þessu ráði. Þegar fram í sótti og Búnaðarfélagið fór að úthluta til hreppabúnaðarfélaganna, tóku kvartanir og kærur að berast til nýbyggingarráðs úr öllum áttum um misrétti í úthlutuninni. Menn höfðu fyrir satt, að sums staðar hefði orðið samkomulag innan hreppabúnaðarfélaganna um úthlutunina og reglur þær, sem hún átti að fylgja, en sums staðar hefði þetta orðið á allt annan og verri veg, ekkert samkomulag hefði orðið, svo að jafnvel hefði verið gripið til þess afkáralega ráðs að varpa hlutkesti um, hver fengi þessi tæki. Við þetta bættist svo, þegar jepparnir fóru að koma til landsins, nýir og álitlegir eins og þeir eru þá, að þá fóru fleiri en bændur og menn í sveitum að renna til þeirra hýrum augum. M. a. sögðust fjölmargar opinberar stofnanir hafa mikla þörf fyrir svona tæki til ýmissa verklegra framkvæmda og þjónustustarfa, við vegagerð, rafmagnsframkvæmdir, löggæzlu, tollþjónustu o. s. frv. Og hver opinber stofnunin á fætur annarri gerði kröfur til að fá þessi tæki til afnota og taldi sig hafa meira gagn af þeim en öðrum bifreiðum. Við þetta bættist enn, að margir handverksmenn og slíkir atvinnurekendur leituðu til nýbyggingarráðs og færðu gild rök fyrir þörfum sínum, en með fullri sanngirni. Margir þessara manna þurftu beinlínis á þessum tækjum að halda vegna tilflutnings á tækjum og efni í sambandi við vinnu sína og framkvæmdir, sem þeir unnu að, og virtust ekki síður vel að þessum farar- og atvinnutækjum komnir en margir aðrir, jafnvel ekki síður vel að því komnir en bændur að hafa gagn af jeppunum. Ég vissi, að Búnaðarfélagið gerði það, sem það gat, eða ég býst við því, til að halda jeppunum í sveitunum, og setti reglur um það, og vitaskuld var það ætlun nýbyggingarráðs og Búnaðarfélagsins með því að veita bændum leyfi fyrir þessum landbúnaðartækjum, að þeir hagnýttu sér þau sem slík, en seldu þau ekki né sendu annað. En það bar talsvert á því, að þessir jeppar birtust fljótt á götum Reykjavíkur

með alls konar stöfum og númerum, sem bentu á, að þeir væru aðkomnir. Stundum voru menn hér eflaust með þá í snöggri ferð, en oft leit út fyrir, að þeir hefðu fengið hér bólfestu. Og ég held sannast að segja, að það sé erfitt að koma í veg fyrir, að menn fargi þessum vögnum eins og öðrum vögnum, ef þeir leggja mikla áherzlu á það. Þeir eiga þá og hafa borgað fyrir þá eins og aðrar eigur sínar.

Þegar Búnaðarfélagið hafði fengið til úthlutunar 450 jeppa, stóð málið þannig, að á nýbyggingarráði dundu jafnt og þétt kvartanir um úthlutunina, sem við höfðum að vísu ekki alltaf aðstöðu að dæma um, hvort væru á rökum reistar, en þó virtust ýmis dæmi þess eðlis, að það væri ekki að öllu leyti heppnuð tilraun, að Búnaðarfélagið hefði eingöngu með þetta að gera. Nýbyggingarráð fór þá í það að veita leyfin, en þó aðeins takmarkaðan hluta til kaupstaðanna, því að mestur hlutinn af leyfum nýbyggingarráðs var veittur til bænda víðs vegar um land. Ég vissi ekki, hvern hv. 3. landsk. átti við, sem hefði átt að tala um hneyksli í þessu sambandi. *(HV:* Það var hæstv. menntmrh.) Ég veit ekki, hvað hæstv. menntmrh. hefur haft fyrir sér, ef hann hefur talað um hneyksli í sambandi við þessa úthlutun nýbyggingarráðs. En hafi verið um eitthvert hneyksli að ræða, eru nýbyggingarráð og Búnaðarfélagið jafnt við það riðin.

Varðandi þau leyfi fyrir jeppum, sem nýbyggingarráð veitti og enn hefur ekkert fengizt út á og hv. 3. landsk. var að tala um, að hefðu verið ónýtt, þá vil ég halda því fram, að það sé ranglátt að ónýta þau, og það sé ekki rétt, en ég ræð ekki yfir innflutningsyfirvöldunum. Það eru 94 leyfi, sem enn hafa ekki komið til framkvæmda, þar af helmingur þeirra leyfa, sem bændur á öskufallssvæðinu fengu með sérstakri úthlutun. Þessum bændum var úthlutað sérstaklega 50 leyfum, þar af komu aðeins 25 bílar til landsins, en 25 lentu í halanum, sem hefur orðið úti og ekki fengizt til landsins. Ég tel, að bændur og aðrir, sem hafa þessi leyfi í höndum frá löglegum aðila á sinni tíð, eigi sinn rétt geymdan, og ég hef ávallt gert mér von um, að innflutningsyfirvöldin láti flytja inn þessa bíla. Og ef nú verður farið að flytja inn jeppa, tel ég sjálfsagt, að þessir menn, sem eiga sín leyfi óuppfyllt, fái fyrstir aðgang að þessum nýja innflutningi.

Annars er til fullkomin skrá í skjölum nýbyggingarráðs yfir allar þessar leyfisveitingar eins og aðrar leyfisveitingar ráðsins. Allar leyfisveitingar nýbyggingarráðs voru samstundis skráðar inn í þar til gerðar bækur, og þær geta sýnt, hverjir hafa fengið leyfin. Það er ekkert annað en málæði, að nýbyggingarráð hafi á nokkurn hátt hagað þessum leyfisveitingum sínum ranglátlega, að ég ekki tali um þá fjarstæðu að nefna þær hneyksli. Hins vegar vita allir, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að óánægja með bifreiðaúthlutun er ekki nýtt fyrirbæri hér, svo sterkur áróður sem rekinn er til að fá bíla. Ég veit ekki til þess, að nokkurn tíma hafi farið fram nokkur bifreiðaúthlutun, sem einhverjir hafa ekki verið stóróánægðir með. Hins vegar má það heita ánægjuefni fyrir þá, sem áttu sæti í nýbyggingarráði, að nú er fengin viðurkenning á því, að leyfisveitingar þeirra til jeppakaupa voru ekki bláber vitleysa og út í loftið, eins og oft var hamrað á á sinni tíð og þá sérstaklega af hálfu þeirra, sem sátu á sama tíma í gjaldeyrisnefndinni og veittu taumlaus leyfi fyrir smábifreiðum, sem koma að mjög litlum notum, a. m. k. í sveitunum og við atvinnurekstur, en litu leyfisveitingar nýbyggingarráðs fyrir jeppum hornauga og töluðu um, að þær væru út í bláinn. En nú er komið annað hljóð í strokkinn. Nú vill verkfærakaupanefnd og yfirleitt allir fá miklu meira af þessum tækjum. Það má segja um þetta, að nú vilja allar meyjar með Ingólfi ganga. Það er gott til þessa að vita fyrir þá, sem reyndu að stilla svo til í nýbyggingarráði, að bændur og fleiri fengju sem mest af þessum tækjum sem drifvélar og til annarra nota. En menn mega ekki vera svo einsýnir og binda sig svo fast í þessu máli, að þeir fordæmi það og kalli hneyksli, að einhverjir aðrir en bændur skuli hafa haft gagn af þessum jeppum. Það er hreinasta vitleysa og auglýsir aðeins það, að menn setja sig bara ekki inn í þarfir annarra en bænda, t. d. atvinnurekenda, sérstaklega handverksmanna, sem þurfa að stunda sína atvinnu, ég vil segja engu síður en bændur. Bændur hafa þó vissulega fengið og munu framvegis fá bróðurpartinn af þessum bílum, eins og til var stofnað og unnið að í nýbyggingarráði, og í Búnaðarfélaginu tel ég víst. En hinu verður ekki gengið fram hjá, að jepparnir eru svo sterk og hentug tæki, að að þeim er mikið gagn á fjölmörgum stöðum.

Fyrir forgöngu fyrrv. ríkisstj. og nýbyggingarráðs voru veitt leyfi fyrir og fluttar til landsins um 1220 jeppabifreiðar. Þar af úthlutaði Búnaðarfélagið 450, 25 var úthlutað til bjargráðanefndarinnar, sem starfaði í sambandi við Heklugosið, en afganginum úthlutaði nýbyggingarráð sjálft. Það úthlutaði 582 víðs vegar út um land, en 166 til Reykjavíkur, þar af mörgum tugum til opinberra stofnana hér. Ég minntist áðan á nokkrar þær stofnanir, sem sóttust mjög eftir þessum tækjum, og til viðbótar man ég eftir flugvöllunum, lögreglunni og öllum mögulegum stofnunum. Og þessar stofnanir fengu oftast úrlausn, stundum samkvæmt óskum viðkomandi ráðherra, og ekki aðeins oftast, heldur alltaf. Ég man ekki eftir neinni opinberri stofnun, sem ekki var sinnt, ef hún bað um jeppa.

Ég held, að ég hafi nú, eftir því sem hægt er að gera í stuttu máli, gefið nokkurt yfirlit yfir afskipti nýbyggingarráðs af jeppainnflutningi. Hann var upphaflega hafinn að ráði nýbyggingarráðs, aðallega til að létta bændum störfin á margvíslegan hátt, og tölurnar sýna, að langmest af innflutningnum fór til þeirra. Hvað margir jeppar hafa komið aftur frá bændunum, skal ég ekki segja um, það er erfitt að halda skrá yfir það. Þeir bændur, sem hafa látið þá aftur, hafa auðsjáanlega ekki talið sér hag í að eiga þá, og verður tæplega séð, að þeir hafi ekki haft heimild til að losa sig við þá, ef þeir hafa ekki þótt hentugir. Þetta var þeirra eign, sem þeir voru búnir að borga fyrir og höfðu til ráðstöfunar eins og aðrar eignir.

En ég ætla, að það liggi nú orðið ljóst fyrir,

að það var ekki að öllu leyti vitlaus ráðstöfun á sínum tíma hjá nýbyggingarráði að beita sér fyrir innflutningi jeppa, og ég tel víst, að það hafi verið réttara að flytja þá inn en legió af öðrum bifreiðum, sem aðrir innflutningsaðilar stofnuðu til. En í sambandi við þetta mál vil ég vona, að það verði hægt að sinna því þannig, að þeir, sem ganga með gömul leyfi nýbyggingarráðs upp á vasann, fái í fyrsta lagi og fyrstir manna úthlutað þeim jeppum, sem yrðu fluttir inn samkvæmt þessari þál., og síðan að hægt verði að láta sem flesta bændur, eins og hingað til, fá þessi mjög svo þörfu tæki. En ég legg engu síður áherzlu á, að fluttir verði inn varahlutir en nýjar bifreiðar, það er höfuðatriði og ákaflega mikill bagi að því fyrir bifreiðaeigendur, hve lítið er flutt inn af varahlutum og hve dýrir þeir eru í meðförum hjá þeim, sem fá eitthvað af þeim til að verzla með. Vandræði bifreiðaeigenda eru ákaflega mikil í þessu efni og þörf á að hugsa fyrir varahlutum, um leið og ráðstafanir eru gerðar til að afla nýrra bifreiða.

Mér skilst, að þessar umræður hafi snúizt svo mikið um afskipti nýbyggingarráðs af jeppainnflutningnum, að ég hef talið sjálfsagt að gefa þær upplýsingar, sem ég hef nú gert, úr því að þessi þáltill. hefur nú verið notuð sem nýtt tilefni til að kasta steini að því af sömu öflum og frá upphafi hafa gert allt til að níða nýbyggingarráð og gera það tortryggilegt.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. og hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir, sem þetta mál hefur fengið. — Mér skilst, að þótt eitt tiltölulega lítt skylt atriði hafi borið á góma í þessum umr., þá hafi ekki komið fram raddir gegn þáltill. málefnislega. Það virðast allir vera sammála um, að nauðsyn beri til þess, að fluttir verði inn þessir vagnar, sem þarna er um að ræða. Við flm. fögnum þessum undirtektum og skilningi á sjálfu efni málsins og fyrir okkur er það algert aðalatriði, að sú till., sem hér liggur fyrir, hefur fengið yfirlýst fylgi, og eru þess vegna miklar líkur fyrir því, að hún nái fram að ganga.

Ég vil samt fara nokkrum orðum um þau atriði, sem hér hafa komið fram. Vil ég fyrst minna á það, að fyrir okkur flm. þáltill. vakir að sjálfsögðu ekki það, þótt varahlutir séu ekki nefndir, að þeir yrðu ekki jafnframt fluttir inn, bæði til þessara nýju tækja og hinna, sem fyrir eru, heldur litum við svo á, að innflutningur nægjanlegra varahluta leiddi af sjálfu sér, og þess vegna tókum við þetta ekki upp í þáltill. Nú, hins vegar þegar flutt hefur verið brtt. um það að taka af skarið með þetta, munum við að sjálfsögðu taka því og væntanlega sú n., sem fær málið til athugunar, og leggja til, að sú brtt. verði samþ., því að við getum tekið undir það, að það er til lítils að vera að flytja inn fjölda bifreiða, án þess að séð verði fyrir nægjanlegum varahlutum til þeirra. Við vitum, að nú er svo komið, að vegna skorts á varahlutum er fjöldi bifreiða í ónothæfu ástandi, og það eru ekki sérstaklega jeppabifreiðar, sem svo er ástatt um, heldur eru það fólksflutningabifreiðar, bæði einstaklinga og atvinnubifreiðar, og einnig vöruflutningabifreiðar. Þó að þetta megi teljast mál út af fyrir sig, þá munum við mæla með því, að brtt. hv. 8. landsk. á þskj. 33 verði samþ.

Hv. 1. þm. Skagf. sagðist fagna því, að þessi þáltill. væri fram komin, og trúi ég því vel, því að hann vill bændum landsins vel. En ég vil taka það fram, að mér finnst það ákaflega einkennilegt, hvernig hv. þm. og hans flokksbræður láta fögnuð sinn í ljós yfir því, að bændur fái þessi tæki, með því að ráðast heiftuglega á stofnanir eins og t. d. nýbyggingarráð og einnig á fyrrv. hæstv. ríkisstj. fyrir það að flytja inn þessi tæki. Maður hlýtur að fyllast undrun yfir slíkri málsmeðferð, og ég vil segja, að mér finnst miður, að hv. 1. þm. Skagf., sem er einnig búnaðarmálastjóri, skuli gera það að aðalatriði í umr. um þessa þáltill. að deila á þá aðila, sem af framsýni og skilningi á þörfum bænda í þessum efnum beittu sér fyrir því, að hafinn væri hér innflutningur á jeppum. Það er svo fjarri því, að þessi ummæli hv. 1. þm. Skagf. hafi nokkuð við rök að styðjast, að þessi þáltill. sé flutt sem eins konar vantraust á nýbyggingarráð og fyrrv. hæstv. ríkisstj., heldur má þvert á móti telja hana sem viðurkenningu á þeirri stefnu, sem bæði nýbyggingarráð og fyrrv. ríkisstj. mörkuðu, þar sem með þessari þáltill. er einmitt lagt til, að þeirri stefnu sé haldið áfram.

Hitt er svo annað mál, sem ég hygg, að flestir séu sammála um, að bæði úthlutun nýbyggingarráðs og Búnaðarfélags Íslands á þessum tækjum sætti nokkurri gagnrýni. Og það er mín skoðun, að hvorugur þessi aðili hafi framkvæmt hana eins og æskilegt hefði verið. En sannleikurinn er sá, og það minntist hæstv. fjmrh. á, að það er ákaflega erfitt um vik að úthluta slíkum tækjum, án þess að einhverjum mislíki, ég veit ekki, hvaða stofnun það er í landinu, sem hefði hlotið óskipt lof fyrir það. Ég vildi, að hv. 1. þm. Skagf. vildi segja mér, hvaða stofnun hann héldi, að það væri. Eins og hæstv. fjmrh. minntist á, eru þessi tæki mjög eftirsótt, en meðan gjaldeyrisörðugleikarnir eru eins og þeir eru nú, eru ekki líkur til þess, að eftirspurn eftir þessum vögnum verði fullnægt, og alltaf verður einhver, sem finnst hann hafa orðið út undan og aðrir fengið of mikið.

Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. Skagf., sem ég var undrandi yfir. Hann sagði, að Búnaðarfélagið hefði hætt við að setja þau skilyrði, sem upphaflega voru sett, þegar það fékk inn þessa jeppa, vegna þess að nýbyggingarráð hefði úthlutað sínum vögnum án þess að setja nokkur skilyrði. Mér finnst þetta ekki vera sterk rök hjá hv. þm. Ég held, að sjónarmið Búnaðarfélagsins hefði átt að vera það að bjarga því, sem bjargað yrði, og reyna þannig að sjá um, að þeir 450 vagnar, sem Búnaðarfélag Íslands hafði til umráða, færu ekki til Reykjavíkur, og hv. 1. þm. Skagf., sem einnig er búnaðarmálastjóri, hefði átt að reyna að tryggja það, að þeir héldust allir í sveitinni. En mér finnst hitt alveg undravert, að halda því fram, að það hafi verið sjálfsagt af Búnaðarfélagi Íslands að gefa þetta alveg frjálst, vegna þess að nýbyggingarráð hefði ekki

sett neinar reglur þar um, mér finnst einmitt enn þá brýnni nauðsyn hjá Búnaðarfélaginu að reyna að sjá til þess, að þessi ⅓ hluti jeppanna héldist í sveitinni, þegar aðrir aðilar gerðu það ekki.

Hæstv. fjmrh. upplýsti það hér, að af þeim bifreiðum, sem nýbyggingarráð hefði úthlutað, hefði 166 verið úthlutað til Reykjavíkur. Það er að mínu áliti allt of mikið. En ég ætla bara að spyrja hv. þm. að því, hvort þeir trúi því, að það séu ekki nema 166 jeppabifreiðar hér í Reykjavík. Ég held, að þeir séu fleiri og það miklu fleiri en þeir 166 vagnar, sem nýbyggingarráð úthlutaði hingað, ég veit, að þeir eru fleiri, hvað sem aðstandendur Búnaðarfélags Íslands segja. Búnaðarfélagið hefur orðið fyrir harðri gagnrýni viðvíkjandi þessari bifreiðaúthlutun *(StgrSt:* Í hverju var hún fólgin?) Hún var fólgin í því, hvernig bifreiðunum var skipt milli búnaðarfélaga, og auk þess má minna á, *að strax í upphafi fór töluvert af þessum bifreiðum* ekki út í sveitirnar, heldur beint til Reykjavíkur og meira að segja til starfsmanna Búnaðarfélags Íslands *(StgrSt:* Var það ekki leyfilegt?) Ég segi ekkert um það, en þeir jeppar fóru ekki í sveitirnar.. Ég er heldur ekki að segja, að það sé neitt óeðlilegt, að starfsmenn Búnaðarfélagsins fengju þessi tæki, en það sýnir það aðeins, að landbúnaðarjepparnir, sem Búnaðarfélagið úthlutaði, eru ekki allir í sveitinni, heldur líka í Reykjavík.

Ég hef aðeins orðið svona margorður um þetta atriði, enda þótt það sé algert aukaatriði hvað þetta mál snertir, af því að tilefni gafst til þess. Aðalatriðið er, að þessi tæki verði flutt inn í landið áfram, og þeirri stefnu fylgt, sem fyrrv. ríkisstj. og nýbyggingarráð mörkuðu, og að þeim verði úthlutað handa bændum landsins og verði settar reglur þar um. Hitt er annað mál, að mörg rök mæla með því, að fólk í þorpum og jafnvel í kaupstöðum, sem stundar landbúnaðarstörf, fái eitthvað af jeppum. Í mörgum stærri þorpum lifir fjöldi manns á búskap, og hefði slíkt fólk mikil not fyrir þessi tæki. Það mætti segja, að það væri æskilegt, að sem flestir ættu bifreið, en við vitum, að þjóðfélagið hefur ekki gjaldeyri til þess, það kostar um 30 millj. kr. að reka bifreiðar Íslendinga nú, ef séð er fyrir nægilegu brennsluefni og varahlutum til þeirra.

Þá vil ég styðja þá skoðun hæstv. fjmrh., að ég álít sanngjarnt, að þeir 80—100 menn, sem innflutningsleyfi hafa nú fyrir jeppabifreiðum, verði látnir ganga fyrir, þegar byrjað verður á því að flytja inn þessi tæki á ný.

Ég veit ekki, hvort ég á að svara hv. 3. landsk., ég þekki það frá umr. við hann á öðrum vettvangi, að hann tekur aldrei málefnislega afstöðu til nokkurs máls, fyrir honum er slíkt algert aukaatriði, heldur reynir hann að koma af stað úlfúð og leiðindum. En ég vil nú samt sem áður, af því að hann hefur, eins og svo oft áður, misskilið mín ummæli, benda honum á það, að hann túlkaði þau algerlega ranglega, þar sem hann sagði, að ég hefði kvartað yfir því, að einn vagn hefði verið seldur úr Reykjavík vestur á land í bifreiðalaust þorp. Ég benti á í sambandi við stöðvun á innflutningi hinna 80—100 jeppabíla, sem leyfi höfðu verið veitt fyrir, að mér fyndist lítið samræmi í því, að þegar hundruð lúxusbíla kæmu til Reykjavíkur, væri stöðvaður innflutningur þessara nauðsynlegu tækja. Ég veit ekki, hvernig þessi mikli fjöldi bifreiða er hingað kominn, þeir munu sennilega vera komnir inn sumir fyrir utan gjaldeyrisleyfi, og fyrir aðra var búið að taka gjaldeyri. En hvað sem því líður, þá er ekki furða þó að menn séu dálítið gramir yfir því, að stöðvaður sé innflutningur á landbúnaðartækjum, eins og t. d. jeppum, og fá ekkert út á þau leyfi, en á sama tíma sé verið að flytja inn hundruð gljáfægðra vagna, sem renna hér um götur höfuðborgarinnar. *Ég býst við, að þetta liggi ljóst fyrir hv.* þm., hvaða samræmi er í þessu. Þá er vert að geta þess, að jeppabílarnir eru tiltölulega miklu ódýrari en stærri bílar, sem fluttir hafa verið inn á þessu ári og verið er að flytja inn. — Það er svo fjarri því, að ég kvarti yfir, þó að einhver bifreið sé flutt úr Reykjavík út á land, ég fagna því, ef bíllausir staðir geta náð sér í slík nauðsynjatæki. Þetta er svo lítið atriði, sem ekki er þess vert, að fjölyrt sé um, en það sýnir þó, hver er meining þessa hv. þm., að sniðganga sannleikann, og þegar hann svo bætti því við, að ég hefði á sama tíma sem þessi 80 leyfi voru stöðvuð, þá hafi ég fengið eina gljáfægða bifreið flutta inn. Sannleikurinn er sá, að ég fékk innflutningsleyfi fyrir bifreið löngu áður en búið var að taka ákvörðun um það að banna innflutning þeirra 80—100 jeppabifreiða.

Ég vildi svo endurtaka þakkir mínar til hv. þm., sem hér hafa talað og lýst sig fylgjandi þessari þáltill., og vænti ég þess, að hún nái fram að ganga, og ég vona, að hún muni hafa áhrif í þá átt að tryggja það, að bændur fái þessi tæki. Og síðan verði að því snúið, þegar innflutningurinn er tryggður, að settar verði reglur um það, eins og þáltill. gerir ráð fyrir, að þær bifreiðar haldist í sveitum landsins. Við flm. væntum þess, að Búnaðarfélag Íslands og aðrir aðilar, sem þar koma við, verði sammála um að setja þau skilyrði, sem nauðsynleg eru, og gangi þannig frá úthlutun og sölu þeirra, að *þetta höfuðatriði verði tryggt.*

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil ekki, að þessari umr. lúki, án þess að ég segi nokkur orð um þessa þáltill. — Ég vil fyrst benda á það, hvernig gjaldeyrisástandið hefur verið hjá okkur á síðasta ári og sérstaklega á þessu sumri, og þá alveg sérstaklega með þann gjaldeyri, sem hér er um að ræða, dollaragjaldeyrinn. Það ástand hefur verið svo, að það hefur ekki verið hægt að greiða eina einustu af þessum bifreiðum, og það hefur ekki verið hægt að kaupa nema mjög lítið af varahlutum, og það hefur heldur ekki verið hægt að kaupa nema lítið eitt af nauðsynjavörum og miklum mun minna en nauðsynlegt var, þannig að síðari hluta sumarsins hefur gengið gersamlega á dollaraeignina. Þetta kemur ekki af því, að ríkisstj. eða neinir aðilar, sem með þessi mál fara, hafi haft á móti þessum innflutningi. Við höfðum ekki óskað annars fremur en að greiða fyrir honum. En það hefur verið vegna þess, að ekki eru nú til dollarar til þess að inna af hendi þær

greiðslur, sem þurft hefði í þessu skyni. Þess vegna hefur allt þetta ár verið bann við veitingu gjaldeyrisleyfa, bæði til þessara bifreiðakaupa og annars. Í beinu framhaldi af þessu ástandi og með sérstöku tilliti til Marshallaðstoðarinnar, sem okkur hefur verið gefinn kostur á að taka þátt í, var svo samin innflutningsáætlun fyrir næstu 4 ár, það er að segja, að tekin var upp sérstök áætlun um greiðslujöfnuðinn og hvernig varið skyldi því fé, sem gert er ráð fyrir, að kæmi vegna þeirrar aðstoðar, og gert er ráð fyrir að greiða frá þessari stofnun, sem kennd er við Marshall. Niðurstaðan af þessum bollaleggingum var sú, að ríkisstj. leitaði til umboðsmanna bænda í landbn. og hjá Búnaðarfélagi Íslands um það, hvað ætla mætti að þyrfti af þessum tækjum til bænda á næstu 4 árum, og fékk ríkisstj. uppgefnar allt aðrar tölur en þær, sem í þessari þáltill. eru nefndar, því að tala jeppabíla er þar 375 í stað 600, sem nú er lagt til. Nú veit ég ekki einu sinni, hvort hægt verður að framkvæma þessa fjögurra ára áætlun eins og hún hefur verið sett upp. Það hefur frá ýmsum orðið vart við ótta við það, að þessi áætlun væri kannske samin með heldur mikilli bjartsýni og að það mundi valda nokkrum erfiðleikum að framkvæma hana, þó að við hins vegar vonum í lengstu lög, að það verði hægt að framkvæma hana. En ef einstakir liðir hennar, eins og t. d. þessi, eru teknir út úr og næstum því tvöfaldaðir, þá langar mig til að spyrja, — á það að verða á kostnað einhverra hinna liðanna, sem felast í þessari áætlun? Á þetta skilyrðislaust að ganga fyrir öðru, og hvað á þá að taka út úr áætluninni í staðinn? Það er alveg víst, að ef þessi þáltill., eins og hún er nú, verður samþ. og framkvæmd, þá verður það að ganga út yfir einhverja aðra hluti, nema þá að taka t. d. sérstakt lán, og það er hugsanlegt. Mig langar vegna þess til þess að vita, hvort það er meining hv. flm. að taka út einhverja aðra liði þessarar áætlunar og þá hverja, eða hvaða ráðstafanir sé hugsað að gera sérstaklega til þess að fá þennan umframinnflutning, sem hér er um að ræða. En í þessu sambandi vil ég sérstaklega benda á, að það eru engar dollarainneignir, sem ríkissjóður á, því að þær eru fyrir löngu þrotnar.

Ég skal viðurkenna, að það er ákaflega þakklátt verk að taka upp og flytja á Alþ. þáltill. um það að flytja inn svo og svo mikið af einhverjum nauðsynjavörum, sem bændur varðar og hafa mikinn áhuga fyrir að eignast, en það verður þá að hafa það hugfast um leið, að ekki sé verið með því að setja fótinn fyrir annan innflutning, sem kannske getur verið enn þá nauðsynlegri. Til þess eru áætlanir settar upp, að farið sé eftir þeim eins og mögulegt er. Ef svo ætti að halda áfram á þessari braut og t. d. flytja inn vörubíla og fjölda marga aðra hluti nauðsynlega fram yfir það, sem gert er ráð fyrir, þá gæti það orðið skrýtin summa, sem kæmi út úr þeim þáltill. öllum.

Ég er alls ekki með þessu að reyna að setja fótinn fyrir það, að greitt verði fyrir innflutningi á þessum tækjum eins og frekast er unnt og dollaragjaldeyririnn leyfir, en ég vildi mega óska þess, að bæði við athugun og afgreiðslu þessarar till. og annarra þáltill., sem kunna að koma fram, þá verði fullt tillit tekið til annarra vara, sem flytja þarf inn í landið. Ég vil, að till. fái athugun í n., svo að það verði hægt að bera hana saman við þá möguleika, sem fyrir hendi eru til innflutnings, og leggja fram rök fyrir því, hvers vegna þessi tala, 600, hefur verið valin, en ekki látið sitja við þá tölu, sem sett er upp í 4 ára áætluninni, 375. Ég vil láta þetta koma fram, af því að mér er kannske ljósara en mörgum öðrum, hversu geysilegur er dollaraskorturinn, og hve tæpt hefur staðið með að fá allra brýnustu nauðsynjar til landsins. Það er ekki af því, að við vildum ekki ýta undir þennan innflutning, heldur vegna þess, að möguleikar voru ekki fyrir hendi.

Í sambandi við þá sölusamninga, sem átt hafa sér stað á hraðfrystum fiski fyrir dollara, hefur verið athugað, hvað mikil dollaraleyfi væru úti ógreidd. Það mun nálgast, að þetta sé nokkurn veginn jafnmikið, leyfin og þessi upphæð, svo að það verði jafndollaralaust, þegar þessir peningar koma inn og leyfin hafa verið innleyst, eins og áður var.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þær umr., sem fallið hafa, síðan ég talaði í þessu máli fyrir nokkrum dögum. — Ég vil leyfa mér að segja fyrst örfá orð út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði síðast. Ég skil aðstöðu hans vel. Mér þykir ekki undarlegt, þó að hæstv. ráðh. sjái, að það er að sumu leyti ekki heppilegt að koma svona með einangraðar till. um innflutning, fyrst verið er að gera heildaráætlanir á því sviði. Hæstv. ráðh. sagði í sambandi við það, að Búnaðarfélag Íslands hefði í áætlun sinni gert ráð fyrir 1500 jeppa innflutningi, en verkfæranefnd nokkru meira. Hins vegar lögðum við áherzlu á að fá meira en fjórða hlutann á fyrsta ári, þannig að ég álít, að það þurfi ekki að koma í bága við heildarinnflutninginn fyrsta árið, þó að þá sé flutt inn meira af þessum tækjum, því að það lögðum við sérstaka áherzlu á, þegar rætt var um búvélainnflutning, að viss innflutningur kæmi fyrr en annar. Við nefndum sérstaklega tæki varðandi ræktunarsamböndin. Var lögð aðaláherzla á, að þau yrðu að koma fyrst, af því að við vissum, að vissir landshlutar standa þar með tvær hendur tómar.

Þá vil ég minna á, að ég veit ekki betur en að farið sé að framleiða jeppa í Bretlandi, svipaða amerísku jeppunum. Við höfum stutt að því, að Búnaðarfélagið fengi leyfi fyrir 3—4 slíkum jeppum til að athuga, hvort þeir hentuðu okkur ekki eins vel og ameríska jepparnir. Ég vil benda á það í sambandi við orð hæstv. viðskmrh. um dollaraskortinn, að ég álít sjálfsagt að fá úr því skorið, hvort brezku jepparnir séu ekki eins góðir. Verðið virðist nokkuð hátt, en þar sem þeir eru miklu betur yfirbyggðir en þeir amerísku, þá gæti ég hugsað, að þeir væru samkeppnisfærir um verð. Ég vil benda á þetta, og ég álít, að það hefði átt að leyfa þennan lítilfjörlega innflutning til að vita, hvort tækin reyndust ekki vel.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur í d. Mér leiðist að tala um ræðu hans, ef hann er

fjarverandi, en verð þó að gera það. Ég sé, að það hefur orðið að góðu gagni, að ég hreyfði þessu máli frá upphafi, því að við höfum fengið ýtarlega skýrslu frá hæstv. fjmrh. um þetta mál. Hæstv. fjmrh. gaf hana sem formaður nýbyggingarráðs, og átti það vel við. Ég vil geta þess út af allsterkum ummælum hv. þm. Barð., þar sem hann ávítaði mig og hæstv. forseta fyrir að hreyfa þessu máli að hæstv. fjmrh. fjarverandi, að mig undrar, að hv. þm. skyldi orða slíka hluti. Hér var ekki verið að ræða um stjórnarathafnir hæstv. fjmrh. á einn eða neinn hátt. Það fer að verða erfitt að lifa og tala hér á þingi, ef aldrei má minnast á neitt mál, sem einhver þm. hefur verið við riðinn, ef hann er ekki viðstaddur. Þetta snerti ekki hæstv. fjmrh. sem slíkan, það snerti hann sem formann nýbyggingarráðs. Það fer að verða erfitt að lifa, ef ekki má nefna neitt að fjarverandi manni, sem að því hefur starfað í opinberri n. fyrir löngu síðan. Ég hefði ekki farið að ræða stjórnarathafnir hæstv. fjmrh., síðan hann tók við ráðherrastörfum, öðruvísi en að honum viðstöddum, enda voru ekki ávítur af minni hálfu í garð hæstv. núverandi fjmrh. Það, sem ég sagði, er það, að þær till., sem hér liggja fyrir og allmargir hv. þm. bera fram, eru ávítur á störf nýbyggingarráðs varðandi úthlutun jeppa, og frá þessu ætla ég ekki að hvika, því að þau tvö meginatriði, sem hv. flm. leggja megináherzlu á, er það, sem nýbyggingarráð hvarf frá, þegar það hætti að láta Búnaðarfélagið hafa úthlutunina á hendi. Og þótt hv. 1. flm., þm. N-Ísf., reyndi af veikum mætti að afsaka það í sinni ræðu og tæki fram, að hann væri alls ekki með neinar ávítur í garð nýbyggingarráðs, þá var þetta svo máttlaust hjá honum, að ásakanirnar lágu í orðum hans, því að hann fann, að hann gat ekki við það losnað, að eins og till. er byggð upp, er þar um að ræða ávítur á það úthlutunarkerfi, sem nýbyggingarráð tók upp, þegar það hætti að láta Búnaðarfélagið hafa afhendinguna á hendi. Ég tala nú ekki um hina lítilfjörlegu tilraun, sem hv. þm. Barð. gerði, því að hún var ekki neitt. En það, sem mér þótti vænt um, var að fá yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að nýbyggingarráð hefði úthlutað 166 jeppum til Reykjavíkur og 582 út um land. Þetta er raunar ófullkomin skýrsla, því að eftir er að vita um sundurliðun á þeim bílum, sem fóru út um land, hvað mikið hefur farið í sveitirnar og hvað mikið í kaupstaði og stór kauptún. Um þetta liggur ekkert fyrir enn, en mjög var gott að fá þessu slegið föstu af hæstv. fjmrh., hvernig þetta hefur gengið fyrir sig.

Hæstv. fjmrh. tók fram, að hann teldi, að engar ásakanir hefðu verið á Búnaðarfélag Íslands hvað snertir þess starf. Ég er honum að vísu þakklátur fyrir þá viðurkenningu, enda gat varla um annað verið að ræða, því að það voru aldrei neinar ásakanir á Búnaðarfélag Íslands fyrir úthlutunina af hendi nýbyggingarráðs, og var þess vegna vitanlegt, að hæstv. ráðh. mundi staðfesta það í sinni ræðu. Hins vegar var hv. þm. Barð. að leitast við í sinni ræðu um daginn að sanna, að um misbeitingu hefði verið að ræða í úthlutuninni af hálfu Búnaðarfélags Íslands. En það er þá ekki stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem hefur brugðizt sinni skyldu, heldur eru það stjórnir hreppabúnaðarfélaganna, en í þeim eru 7—8 hundruð bændur víðs vegar um land, sennilega heldur betri hlutinn, sem er kosinn í þá stöðu. Það er þessi hópur bænda, sem hv. þm. Barð. ásakar um hlutdrægni og misbeitingu á því valdi, sem þeir hafi fengið um úthlutun bíla. Ég tel þetta ekkert karlmannlegt hjá hv. þm. Ég hefði kunnað því betur, að hann hefði skammað mig og Búnaðarfélag Íslands fyrir frammistöðuna. Það var karlmannlegt að gera það, þó að rökin væru lítil. En að veitast að bændum úti um allar sveitir, sem tóku að sér þetta hlutverk, það þykir mér ekki karlmannlegt, auk þess sem það er ómaklegt að öllu leyti. Að vísu gat hæstv. fjmrh. um það í skýrslu sinni, að það hefðu komið fram miklar umkvartanir frá ýmsum bændum til nýbyggingarráðs, að þeir fengju ekki jeppa. En það er aldrei við öðru að búast en einhverjir verði óánægðir, þegar ekki er hægt að verða við óskum allra. En það ætla ég að segja hæstv. fjmrh., að ég er undrandi, að þeir skyldu ekki beina þessum miklu mótmælum til okkar í Búnaðarfélagi Íslands, en það gerði nýbyggingarráð ekki. Það hefði verið eðlilegt að senda slíkar umkvartanir til okkar, svo að við hefðum fylgzt með því, sem nýbyggingarráði barst í hendur á þennan hátt. Ég hygg því, að hér sé farið eins langt í að finna átyllu til aðfinnslu og mögulegt er. Vitanlega er ómögulegt að úthluta öðruvísi en að margir verði óánægðir, en ég er viss um, að bændur úti um sveitir hafa farið eins vel með vald sitt og þeir frekast hafa getað, en vitanlega er það alltaf matsatriði, hverjir eigi að fá bílana, þegar ekki er hægt að verða við óskum nærri því allra. Hv. þm. Barð. nefndi í því sambandi, að einn bíll, sem Búnaðarfélag Íslands hefði úthlutað, hefði aldrei farið úr Reykjavík. Þetta getur vel verið satt, og ég held meira að segja, að ég viti, hvað hann á við. Ég held, að hann eigi við það, að bíl var úthlutað í lítið búnaðarfélag í Barðastrandarsýslu, en bíllinn fór aldrei þangað. Og af hverju? Af því að það var ófært á bíl inn í hreppinn. Það má segja, að það hafi verið fljótfærni af okkur í Búnaðarfélaginu að láta bíl í þessa afskekktu sveit. En við hv. þm. Barð. fórum einu sinni mikla ferð um Barðastrandarsýslu. Ég var þar mótkandidat hans 1942. Okkur kom vel saman, þó að við skömmuðumst á fundum. Þá ætlaði hv. þm. að vera búinn að koma vegamálum sýslunnar í það horf eftir tvö ár, að bílfært væri í hvern hrepp. Ég hef það þá mér til afsökunar, að ég var þess fullviss, að hv. þm. Barð. mundi standa við loforð sitt, svo a. m. k. jeppi kæmist í alla hreppa. Nú kemur í ljós, að þessi jeppi hefur lent í Reykjavík, eftir því sem þessi hv. þm. segir. Það má þá helzt segja, að það beri að ásaka bændurna sjálfa þar heima fyrir, að þeir hafi ekki tekið nógu fast á þessum hlut. Hins vegar er gert allt of mikið úr því, að þeir bílar, sem Búnaðarfélagið úthlutaði, hafi farið úr sveitunum til Reykjavíkur. Það er örlítið brot, sem úr sveitunum hefur farið. Búnaðarfélagið úthlutaði 450 jeppum, og þar af fóru 10 ekki í sveitirnar, en hvað mikið af úthlutun nýbyggingarráðs fór í sveitirnar, er erfitt að vita,

en það liggur í hlutarins eðli, að samkvæmt þeim tölum, sem fyrir liggja, þá er meginhlutinn af þeim, sem fóru í sveitirnar á vegum Búnaðarfélagsins, í þeim enn, hitt eru einstök tilfelli. Það er aðeins tilraun til að verja gerðir nýbyggingarráðs, að menn gera svo mikið úr þessu atriði, að réttmætt hafi verið að taka úthlutunina af Búnaðarfélaginu, vegna þess að það hafi sýnt sig, að það hafi ekki getað séð um, að jepparnir héldust í sveitunum. Það sýnir greinilega fyrsta úthlutun Búnaðarfélagsins, sem fór fram 25. febr. 1946. Bílarnir komu í apríl og fóru þá að ganga til eigendanna úti um land. Önnur úthlutun okkar var 23. apríl. Þá erum við búnir að úthluta 170 bílum og það á þeim grundvelli, að við höfðum látið einn bíl í hvert búnaðarfélag. Jafnara var ekki hægt að úthluta, og sú skuldbinding fylgdi þeim, að hreppabúnaðarfélögin ættu að sjá um, að þeir væru ekki fluttir úr sveitunum. En þegar nýbyggingarráð fer að úthluta sínum leyfum í apríl og maí 1946, þá var ekki komið í ljós, hvernig úthlutun hreppabúnaðarfélaganna mundi takast. Það er því mesta blekking, sem hægt er að færa fram í málinu, þegar sagt er, að úthlutunin hafi verið tekin af hreppabúnaðarfélögunum, vegna þess að úthlutun búnaðarfélaganna hafi gefizt illa, því að nýbyggingarráð tók úthlutunina í sínar hendur, þegar fyrstu bílarnir voru að koma til landsins. Það er því sýnt, að Búnaðarfélagið gerði sér far um að skipta eins jafnt og mögulegt var, og það er því algert ranghermi, þegar hv. þm. Barð. er að halda því fram, að vissir landshlutar hafi orðið út undan, því að við skiptum svo ótrúlega jafnt, að það mætti fremur telja okkur það til áfellis, þegar við úthlutuðum jafnvel einum bíl, sem var ekki hægt að koma inn í sveitina fyrir vegaleysi. Ég hygg, að hv. þm. hafi í huga, að Barðastrandarsýsla hafi orðið út undan. Við skrifuðum öllum hreppabúnaðarfélögum síðast í nóv. 1945 og óskuðum eftir umsóknum fyrir janúarmánaðarlok 1946. En þegar við gerðum þetta upp, — listinn er frá 8. jan. 1946, — þá eru það ein þrjú búnaðarfélög í Barðastrandarsýslu, sem óska eftir jeppum, tvö þeirra eftir sínum jeppanum hvort og eitt eftir tveimur. Þrátt fyrir það létum við tvö af þessum félögum fá jeppa við fyrstu úthlutun, af því að við vildum skipta svo jafnt sem mögulegt var, en þó að ýmsir aðrir sæktu um 20 jeppa, fengu þeir ekki nema einn. Hitt er rétt, að Barðstrendingar vöknuðu síðar og báðu um marga jeppa, og var reynt að koma til móts við óskir þeirra eins og unnt var, eins og allra annarra í strjálbýlinu. Þetta vil ég taka fram út af hinu mikla skrafi hv. þm. Barð., að við höfum misbeitt valdi okkar á þennan hátt og látið afskekkta landshluta verða út undan. Fyrir það held ég, að sízt af öllu sé hægt að ámæla Búnaðarfélagi Íslands.

Ég skal ekki lengja þessar umr. miklu meir. Þær hafa sannað það, sem ég hélt fram í fyrri ræðu minni, að þessi till., eins og hún liggur fyrir, er ádeila á úthlutunarfyrirkomulag, sem ríkti hjá nýbyggingarráði. Sú ádeila er áreiðanlega réttmæt, enda mundi hún ekki koma frá þeim aðila, ef svo væri ekki. Það kom glöggt í ljós hjá hv. 1. flm. Hæstv. fjmrh. benti á það í sinni skýrslu, að nýbyggingarráð hefði komizt að þeirri niðurstöðu við framkvæmd þessa máls, að rétt væri að veita fleiri en bændum eitthvað af jeppum. Það getur út af fyrir sig verið rétt, en það á þá ekki að skrifast á reikning landbúnaðarins, sem úthlutað er til annarra. Nýbyggingarráð gat vel tekið þessa afstöðu til málsins, og hæstv. ráðh. kannast drengilega við, að nýbyggingarráð hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri fært að neita iðnaðarmönnum eða starfsmönnum ríkisstofnana um jeppa og þeir hafi þess vegna orðið að grípa inn í. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. Hv. 1. flm. segist taka undir það með hæstv. ráðh., að nauðsynlegt sé, að fleiri en bændur fái jeppa, en þó einskorðar hann till. sína við sveitirnar, og strangar reglur eru settar um, að ekki megi flytja jeppana úr sveitunum, og það er ekki aðeins tekið fram í till., heldur áréttað í grg. En það er ekki bæði hægt að halda og sleppa. Annaðhvort verða sveitirnar að fá þessa bíla eða ganga inn á sjónarmið hæstv. ráðh., að rétt sé að gefa fleiri kost á þeim.

Ég skal svo láta þessu máli mínu lokið. Ég tók fram um daginn, að það þyrfti að breyta þessari till., svo að hún væri boðleg til afgreiðslu. Það þyrfti að taka fram um varahluti. Er ég þar samþ. hæstv. fjmrh., að varahlutaspursmálið er eins stórt og innflutningsspursmálið. Og þá er það talan á þessum bílum, hve mikils á að krefjast. Ég álít, að það væri sterkara, að till. væri sett í það horf, að hún væri stuðningur við þá áætlun, sem gerð hefur verið um heildarþörf landbúnaðarins fyrir vélar á næstu fjórum árum. En þetta kemur til athugunar í n., sem fær þessa till. til meðferðar.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég hef ástæðu til að taka fram, og skal láta máli mínu lokið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Á síðasta fundi hér í Sþ. bar hæstv. menntmrh. á mig svo þungar sakir, að ég er til neyddur að svara þeim hér, áður en umr. um þetta mál lýkur. Vil ég biðja hæstv. forseta að koma boðum til hæstv. menntmrh., ef hann mætti heyra mál mitt. *(Forseti:* Ég vil upplýsa hv. þm. Barð. um það, að allir hæstv. ráðh. eru nú á fundi og geta því ekki verið á þingfundi hér nú. En umr. um þetta mál munu verða síðar hér í þinginu, þó að þessum fundi ljúki.) Þá vil ég geyma að svara hæstv. menntmrh., þar til umr. halda áfram síðar um málið. — Sný ég mér þá að hv. 1. þm. Skagf. Þegar hann byrjaði ræðu sína hér á síðasta fundi, er þetta mál var til umr., þá lýsti hann yfir mjög drengilega, að hann væri að flytja hér þunga ásökun á fyrrv. form. nýbyggingarráðs. Það út af fyrir sig gaf hæstv. forseta Sþ. tilefni til að láta fyrrv. form. þess ráðs, hæstv. fjmrh., vita um þá ásökun. Og þess vegna féllu mín orð þannig, að hann hefði brugðizt sinni forsetaskyldu. — En hv. 1. þm. Skagf. hefur borið þá ásökun á mig, að ég hafi með minni ræðu verið með persónulegar ásakanir á 800 bændur í landinu. Nú vil ég biðja hv. 1. þm. Skagf. í ró og næði að athuga, hvaða ummæli ég hafði um það mál hér á síðasta fundi í Sþ. Ég hélt því m. a. þá fram, að út-

hlutunarvaldið yfir jeppabifreiðunum hafi verið veitt af nýbyggingarráði. Og það er viðurkennt, að það hafi haft heimild til að veita það vald. En þá hafði ráðið einnig sama vald til þess að taka úthlutunarvaldið aftur af sama aðila, sem það hafði veitt valdið til. — Ég hélt því líka fram, að nýbyggingarráð hefði ekki gert þetta, að taka aftur þetta vald eða umboð, nema vegna þess, að tilefni hefði verið til þess. Og nú hefur af hæstv. ráðh. það verið upplýst, að fullkomin ástæða var til þess að taka þetta úthlutunarvald yfir jeppabifreiðum af Búnaðarfélagi Íslands og hv. 1. þm. Skagf., því að hæstv. ráðh. hélt því fram hér, að það hefði ekki verið gert, fyrr en komnar hefðu verið fjölmargar kærur frá sveitabændum út af því, að ranglæti í þessari úthlutun hefði átt sér stað. *(StgrSt:* Ætli hreppabúnaðarfélögin hafi kært sjálf sig?) Þannig er það að segja, að ég hafi verið að ásaka einhverja átta hundruð bændur í þessum efnum, ekkert annað en tilraun hv. 1. þm. Skagf. til að hlaupa burt frá kjarna þessa máls og reyna að drepa því á dreif. — Ég minntist á í minni ræðu hér fyrr, — og getur vel verið, að hv. 1. þm. Skagf. telji það ásökun á bændur, — að það hefði ekki verið réttilega úthlutað jeppabifreiðum til héraðanna. En það má segja, að það sé ásökun beint á Búnaðarfélag Íslands eða stjórnendur þar. Og ég held þessu fram enn og að það hefði átt að ráða mestu um úthlutun þessara bifreiða, hver þörf er fyrir þær á hverjum stað. Nú eru það sjálfsagt mismunandi sjónarmið í sambandi við þessa úthlutun, sem ég hef annars vegar og stjórn Búnaðarfél. Ísl. hins vegar. Og hv. 1. þm. Skagf. ætti að þekkja, hvernig Barðastrandarsýsla er, og nauðsynina á að fá jeppabifreiðar þangað — a. m. k. þar til hann með sínu atkv. á Alþ. er búinn að stuðla að því, að veitt verði svo mikið fé til vegagerða þar, að hægt sé að nota þar önnur og þægilegri farartæki. En þrátt fyrir kunnugleika sinn á þessum landshluta, gekk hann á móti hagsmunum þessara manna viðkomandi úthlutun jeppanna. Hann hélt því fram, að það hefði verið einungis í þeim tilfellum, þar sem ekki hefði verið hægt vegna vegaleysis að koma jeppabifreiðum inn í hreppana. En hér er farið rangt með, því að löngu áður en hv. 1. þm. Skagf. fékk vald til að úthluta jeppabifreiðum til bænda, hefur verið farið á jeppa alla leið úr Reykjavík, yfir Geiradalshrepp, vestur alla Austur-Barðastrandarsýslu og vestur alla Vestur-Barðastrandarsýslu og alla leið til Bíldudals, m. ö. o., að farið hefur verið um flesta hreppa beggja Barðastrandarsýslna á slíku farartæki. Það getur því ekki verið af því, að ekki hafi verið hægt að koma jeppabifreiðum inn í hreppana, að jeppum var ekki úthlutað í suma hreppa þar. Það hefði verið hægt að koma þeim einhvern veginn þar inn. Ástæðunnar til þessa hlýtur því að vera að leita í einhverju öðru. Þessi hv. þm. sagði, að ekki hefðu komið umsóknir nema frá þremur hreppabúnaðarfélögum þarna. *(StgrSt:* Innan fyrsta frestsins.) En hvað komu margar umsóknir frá öðrum aðilum í Barðastrandarsýslu? Ég get lagt fram gögn því til sönnunar, að umsóknir hafa komið um jeppabifreiðar frá öðrum í Barðastrandarsýslu en hreppabúnaðarfélögunum. Og hvernig var farið með þá? Ég vil benda hv. þm. á eitt dæmi um það, hvernig með þessi mál var yfirleitt farið. Vestur í Barðastrandarsýslu er einn hreppur, þar sem hreppabúnaðarfélag er, og eru meðlimir þess aðeins fimm. Þrír þeirra eiga kálgarða, einn þeirra á grasblett kringum húsið sitt, sem getur fóðrað eina eða hálfa aðra kú, og sá fimmti leigir grasblett í öðrum hreppi. Fleiri meðlimir eru ekki til í félaginu. En þetta búnaðarfélag fékk loforð fyrir einum jeppa frá Búnaðarfélagi Ísl. og fékk hann. Og af því að ekki var hægt að skipta þessum jeppa í fimm hluta, þá komu þessir menn, sem eru framsóknarbændur, sér saman um að selja jeppann og skipta andvirði hans í fimm jafna hluta á milli sín. Var svo haldið uppboð á jeppanum. En sá maður í Barðastrandarsýslu, sem öllum öðrum þar fremur þurfti að fá jeppa til þess að nota hann, var héraðslæknirinn. En hann gat ekki fengið jeppa. Á það var ekki litið af Búnaðarfél. Ísl., og heldur ekki búnaðarfélögunum heima fyrir. *(StgrSt:* En hví ekki að fá hann hjá nýbyggingarráði?) Nýbyggingarráð bjargaði þessu máli síðar. Og það var kannske mikið vegna þess, að kröfur komu frá slíkum aðilum til nýbyggingarráðs, að augu ráðsins opnuðust fyrir því, hver frámunaleg sérhagsmunastefna var ríkjandi hjá stjórn Búnaðarfélags Ísl. um úthlutun jeppabifreiða. Og það var þá, sem form. nýbyggingarráðs tók a. m. k. að einhverju leyti, ef ekki öllu, úthlutunarvaldið yfir jeppabifreiðunum af stjórn Búnaðarfél. Ísl. til þess að miðla réttlátlegar þessum farartækjum og jafna metin vegna þess, hve ranglátlega hafði verið úthlutað þessum farartækjum af hendi Búnaðarfélagsins. *(StgrSt:* Hvaða róman er þetta?) Fyrir það var þessu máli bjargað, og héraðslæknirinn, sem ég gat um, fékk sinn jeppabíl til þess að geta stundað sitt hérað og bjargað mörgum bændum, sem sjúkir voru í héraðinu. Það er kannske tilviljun í þessu héraði, Barðastrandarsýslum, að hver einasti jeppi, sem þangað var úthlutað af Búnaðarfél. Ísl., fór til framsóknarmanna, og ekki aðeins það, heldur þeirra framsóknarmanna, sem sérstaklega eyddu tíma og fé til þess að agitera í sýslunni fyrir Framsfl. gegn hagsmunum landsins og hagsmunum héraðsins. En ég held, að ef þessi mál væru athuguð, þá mundi slík hlutdrægni í jeppaúthlutuninni koma víðar fram. Og geri ég ráð fyrir, að hv. 1. þm. Skagf. geti ekki breitt yfir það, þótt breiður sé, að úthlutunin á jeppunum frá Búnaðarfélaginu var til smánar. *(StgrSt:* Hver hefur framið þá smán?) M. a. þeir, sem ráðið hafa mestu í búnaðarfélögunum. Og þar var komið við kaun hæstv. menntmrh., þegar minnzt var á, hvernig þessi mál hafa gengið hjá Búnaðarfél. Ísl., því að hann er ekki vanur að þjóta hér upp og kalla fram í ræður þm. og segja það haugalygi, sem við erum að segja.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meir við hv. 1. þm. Skagf. um þessi mál. Hann fékk fulla skýrslu hjá hæstv. fjmrh. um þá frámunalegu partisku, sem hefði skeð í þessari úthlutun, meðan hv. 1. þm. Skagf. fór með þessi mál. Og af því, að það lá fyrir, var þessi úthlutun tekin

af Búnaðarfél. Ísl. Og sú ræða hefur ekki verið hrakin af hv. 1. þm. Skagf. Og hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að hann ætlaðist til þess, að þau 80 leyfi, sem hafa verið veitt, en eru ónotuð, yrðu látin ganga fyrir, þegar innflutningur yrði veittur til landsins næst á þessum farartækjum. Ég hefði gjarna viljað heyra þá yfirlýsingu frá ríkisstj. almennt, að þessi skilningur hæstv. fjmrh. væri viðurkenndur af allri ríkisstj., og þá m. a. af viðskmrh., því að ef svo væri, að þessi regla væri viðurkennd gagnvart innflutningi og úthlutun jeppa, sem ég hef ekki á móti, þá á sama regla að gilda um önnur innflutningsleyfi, sem menn hafa fengið, en eru ónotuð, ef þær vörur, sem þau eru um, eru fluttar til landsins. Ég vildi gjarna fá að heyra frá hæstv. ríkisstj., hvort hún hugsar sér að láta þessa reglu gilda almennt eða hvort þetta á aðeins að gilda í sambandi við innflutning jeppabifreiða.

Ég vil taka fram út af kröfu hv. 3. landsk. þm., sem hann gerði í sambandi við eignatöku, að orð hans gátu ekki verið byggð á þeim orðum, sem ég sagði í síðustu ræðu minni hér um þetta mál. Mín orð féllu á allt annan veg en hann túlkaði nú. En hann hefur haft þau orð frá einhverjum öðrum en mér.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tók eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, að hann játaði hreinskilnislega, að þegar nýbyggingarráð hafði tekið við úthlutun jeppabifreiðanna, þá hefði þeim í ráðinu þótt rétt að taka upp ný sjónarmið fyrir sinni úthlutun. Þeir tóku þá reglu upp að veita ekki aðeins leyfi fyrir jeppum til bænda, heldur einnig málara, pípulagningarmanna, opinberra stofnana í kaupstöðum og opinberra starfsmanna í kaupstöðum. Nú má vel vera, að slíkt sjónarmið eigi nokkurn rétt á sér. En það er bara ekki hægt með réttlæti að úthluta þessum mönnum og þessum stofnunum í kaupstöðum af þeim jeppabifreiðum, sem búið var að lýsa yfir fyrir þjóðinni, m. a. í blöðum, að væru fluttar inn sem landbúnaðartæki til landsins, því að það eru bein brigðmæli við þá, sem búið var að lýsa yfir, að ættu að fá bifreiðarnar. Og ef úthlutað er jeppabifreiðum eftir öðrum forsendum eða reglum en látið var í veðri vaka gagnvart þjóðinni, að gert mundi verða, þá sé ég ekki, að hægt sé að réttlæta með því það, að úthlutun á þessum bifreiðum var tekin úr höndum Búnaðarfél. Íslands, ef það hefur verið til þess að úthluta t. d. læknum þessum bifreiðum, þó að þeir hafi vissulega þörf góðra farartækja.

Hæstv. ráðh. sagði, að erfitt væri að fyrirbyggja, að þessi tæki væru seld úr sveitunum, þó að þau væru komin þangað, og sagði, að þessir jeppar hefðu verið orðnir þeirra eigin eign, sem áttu þá í sveitunum, en seldu þá þaðan. En mér skilst þó, að þeir séu ekki skilyrðislaus eign þessara manna, heldur aðeins með því móti, að þeir ekki förguðu þeim. Og það er auðveldara að fylgjast með eignaskiptum á bifreiðum en öðrum hlutum, vegna þess að þær eru skrásett eign. Því tel ég, að þessi farartæki, sem seld hafa verið úr sveitunum, eigi að komast í eigu bænda á ný, þar sem skilyrði fyrir leyfunum á kaupum á jeppunum í sveitirnar hafa verið brotin í þeim tilfellum. En það virðist ekki vera áhugi fyrir því hjá hæstv. ráðh. eða hv. fyrrv. nýbyggingarráðsmönnum. Ég taldi, að 80 menn hefðu leyfi fyrir jeppum í sveitunum, sem ekki hafa fengið þá, en hæstv. ráðh. segir, að þessi leyfi séu 94, og það er sjálfsagt það rétta í málinu. En það er ekki svo að heyra, að neinum renni til rifja, að ekki hefur verið staðið við þessi leyfi á undanförnum árum. Og sumir þeirra, sem búnir eru að fá þessi leyfi, eru líka búnir að borga þessa jeppa til heildsala. *(PZ:* Kringum 80 eru búnir að borga þá). Nú er upplýst, að þeir séu 80 talsins. Mér finnst, að það opinbera eigi að gera gangskör að því, að þeir, sem búnir eru að fá þessi leyfi og borga þessar jeppabifreiðar að mestu eða öllu leyti, þeir eigi að fá þessi farartæki og ganga fyrir um það. Ég trúi því ekki, að gjaldeyrisástandið sé svo bágborið og siðferðisvitund yfirvaldanna í þessum efnum sé svo sljó, að þeir sjái ekki, að það ber að innleysa þessi leyfi og láta uppfyllingu þeirra ganga fyrir öðrum innflutningi á bifreiðum.

Hæstv. ráðh. upplýsti líka, að þegar Hekla gaus, hafi verið ákveðið, að bændum á eldgosasvæðinu væri ætluð leyfi fyrir 50 af þessum bifreiðum, sem var hátíðlegt loforð á raunastund, sem tekið var sem góður boðskapur. En hæstv. fjmrh. upplýsti, að 50% af þessu góða loforði hefði verið svikið, og ekki var að heyra, að það ætti heldur að reyna að standa við það hér eftir. Enn eru ekki nema 25 af þessum jeppum komnir til úthlutunar til þessara manna. Þetta er orðheldni hinna íslenzku stjórnarvalda í þessu efni. Þetta er hiklaust upplýst. En það er ekki látið fylgja neitt loforð um, að úr þessu verði bætt.

Mér kom það ekkert á óvart, er hæstv. fjmrh. upplýsti, að til væri skrá yfir leyfisveitingar nýbyggingarráðs. Og ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég tel sjálfsagt, að áður en við látum því lokið að rífast um það, hvernig úthlutun nýbyggingarráðs hafi farið úr hendi, þá fáum við þm. afrit af þessari skrá yfir úthlutunina. Og ég mun halda mig við það að heimta að fá hana fram. — Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um ræðu hæstv. fjmrh. Ég vil aðeins vona, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem fyrir löngu fengu leyfi veitt fyrir og að langmestu leyti hafa borgað þessar jeppabifreiðar, fái leyfin afgreidd og fái þannig andvirði sinna peninga. Ég vil enn fremur, að rannsakað sé, hve mikil brögð eru að því, að sett skilyrði um, að jepparnir væru sem landbúnaðartæki í sveitum landsins, hafa verið haldin, eða réttara sagt, að hve miklu leyti þau skilyrði hafa verið að vettugi virt og brotin.

Hv. þm. N-Ísf., sem nú virðist ekki vera í sæti sínu, lét svo, að hann væri of góður til þess að eiga orðastað við mig, af því að ég hefði ekki tekið efnislega afstöðu til málsins. Það er rangt hjá honum, að ég hafi ekki gert það. Ég er með því, að þessi nauðsynlegu tæki verði flutt inn og að orðið verði við þeim óskum, sem fram hafa komið, að till. verkfærakaupanefndar verði teknar til greina, en ekki till. hv. þm. N-Ísf. og hans fylgifiska, sem skemmra gengur. En það var heldur ekki ástæðan til þess, að þessi hv.

þm. vildi ekki svara miklu af því, sem ég sagði í minni ræðu. Hitt var það, sem var umfram það, sem ég átti von á hjá honum, að hann hafði svolitla sómatilfinningu. Þegar hann lýsti yfir, að einn gljáfægður bíll hefði verið fluttur inn í hans kjördæmi, þá fann hann, að hann hafði ekki góðan málstað að verja. Og þegar hann í öðru lagi hafði lýst því, hve hneykslaður hann væri yfir því, að langmestur hluti þeirra bíla, sem þjóðin ætti, væri í Reykjavík og gerði þar ekkert annað gagn en að eyða benzíni — og að hann átti einn slíkan bíl, sem fluttur var inn, eftir að nýbyggingarráð hafði stöðvað jeppainnflutning til landsins, þá gat þessi hv. þm. ekki haldið áfram að ræða um þetta og vildi finna ástæðu til að hætta og sveigja málið á aðra braut. Þessi hv. þm. veit um þær siðgæðiskröfur, sem gera ber til þeirra manna, sem standa að afgreiðslu þessara og annarra opinberra mála. Og hann hefur brotið af sér í því efni með því að nota þingmannsaðstöðu sína til þess að eignast einn gljáfægðan bíl, á sama tíma sem bændum er neitað um svo nauðsynleg verkfæri sem jepparnir eru. Hvað haldið þið, hv. þm., að gert hefði verið við slíkan þingmann í þingræðislandinu Englandi, ef slíkt hefði komið fyrir þar? Hann mundi hafa verið fordæmdur í Englandi. Og hann ætti eins að vera fordæmdur í þingræðislandinu Íslandi.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Það var óþarfi af hv. þm. Barð. og reyndar mjög óskynsamlegt af honum að vitna í ræðu hæstv. fjmrh. og telja, að hann hefði verið með þungar ásakanir í garð Búnaðarfél. Ísl., þar sem allir vita, sem viðstaddir voru þessa umr., að hæstv. ráðh. sagði, að Búnaðarfél. Ísl. hefði gert allt, sem það gat, til þess að skipta réttlátlega þessum farartækjum milli manna. En það er svo fyrir hv. þm. Barð. í þessu máli, að þegar hann er kominn í mát á einum stað, hopar hann í annað vígi. Fyrst ásakar hann Búnaðarfél. Ísl. með miklum rosta fyrir það að hafa misbeitt valdi sínu í þessum efnum. Þegar það er hrakið fyrir honum, hopar hann í annað vígi, og næst reyndi hann að koma sökinni í þessu efni á stjórnir hreppabúnaðarfélaganna, og taldi hann þau hafa sýnt hlutdrægni í þessum efnum. Síðar, þegar hann komst ekki upp með þetta, reyndi þessi hv. þm. að klína þessu á alla bændastétt landsins. Þannig hefur hann hopað úr einu víginu eftir annað og sýnt greinilega, að hann hefur farið með algerlega staðlausa stafi í þessu máli.

Það var alveg af fullum vilja, að ég hóf þessar umr. Ég vildi gera hreint fyrir dyrum Búnaðarfél. Ísl. Og það hefur tekizt til þessa. Hv. þm. Barð., sem ætlaði að ráðast á Búnaðarfél., honum hefur tekizt það að vonum ófimlega, og hefur hann orðið þar tvísaga í málinu. Og ekki er að furða, þó að þessum hv. þm. hafi gengið illa að sanna sakir á Búnaðarfél. í þessum efnum, þar sem hlutur Búnaðarfél. Ísl. er eins hreinn og verið getur í þessum málum. Þessi hv. þm. var að tala um, að einn jeppabíll hefði farið í hreppabúnaðarfélag, þar sem verið hefðu aðeins fimm meðlimir í félaginu. Þetta getur verið rétt, því að Búnaðarfélag Íslands tók þá afstöðu, að hvert hreppabúnaðarfélag fengi einn bíl. Þegar það byrjaði úthlutunina á þessum farartækjum, vissi það ekki annað en að það mundi úthluta öllum þessum bílum til hreppabúnaðarfélaganna, en á miðju sumri tók nýbyggingarráð þessa úthlutun að sér.

Hv. þm. Barð. kvartaði mjög um, að stjórnir hreppabúnaðarfélaganna í Barðastrandarsýslu hefðu misnotað aðstöðu sína herfilega. Ég lið kinnroða fyrir að heyra hv. þm. Barð. segja þetta á hæstv. Alþ., heyra þetta fleipur hans til þess að reyna að svívirða hér á Alþ. menn þarna vestra, sem ekki hafa aðstöðu til andsvara, svívirða þá innan þinghelginnar, þar sem hann þó þorir ekki að koma fram með þetta utan þings. Þetta er líkt því, sem hv. þm. Barð. reynir í öllum málflutningi sínum. En það er þessum hv. þm. til skammar að haga sér svona gagnvart þessum bændum þarna vestur í Barðastrandarsýslu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér finnst þessar umræður hafa orðið æði spaugilegar á köflum og þær hafa ekki snúizt um till., sem fyrir liggur, heldur fyrst og fremst um jeppainnflutninginn fram til þessa. — Hæstv. menntmrh. sagði síðast, að úthlutun nýbyggingarráðs á sínum tíma hefði verið hneyksli. — Hæstv. fjmrh. kvað svo að orði, að úthlutun Búnaðarfél. hefði verið mjög ábótavant og nærri því hneyksli. — Hv. þm. Barð. tekur enn meira upp í sig, og hefur talið úthlutun Búnaðarfél. algert hneyksli. — Og enn hefur hv. 1. þm. Skagf. sagt um úthlutun nýbyggingarráðs, að henni hafi verið mjög ábótavant. — Loks taldi hv. 1. flm., að úthlutun allri á jeppabifreiðunum hafi verið mjög ábótavant.

Þannig hafa 2 hæstv. ráðh. lýst því yfir, að úthlutuninni hafi verið ábótavant, og 2 hv. þm. tekið undir það ásamt flm., að báðir hafi rétt fyrir sér.

Ég vil nú sem óbreyttur þm., sem hlustað hefur á umr. og hefur áhuga á málinu, eins og vera ber, þar sem um góð mál er að ræða, — ég vil nú bera fram eina spurningu: Er ekki þegar svo mikið sagt um þessa úthlutun og stóru orðin orðin svo mörg, að það verði ekki unnt að komast hjá því að taka þetta til gagngerðrar athugunar og gera ráðstafanir til þess, að málið verði rannsakað? — Ég held, að annað væri óverjandi. Og þar sem ég geri ráð fyrir, að málið fari til allshn., vildi ég mega beina því til hv. n., að hún rannsaki málið ýtarlega og helzt að hún semji skrá yfir alla þá, sem úthlutað hefur verið jeppum, — það eru hvort sem er ekki nema 1220 aðilar, — og athugi, hvað rétt sé í því, sem hér hefur verið staðhæft í ásökunum hæstv. ráðh. og hv. þm., að úthlutun þeirri hafi verið ábótavant. Sjálfur vil ég hér engan dóm á leggja, þar sem ég er þessu máli ókunnugur. En ég vildi bæta því við, að þegar svo hefur hvinið í mönnum (og ég vil taka það fram, að ég býst við því, að réttmætar ástæður hafi legið til þess, að svo hvein í mönnum, þar sem ýmislegt, sem ég hef heyrt utan að mér um málið, bendir til þess) — fyrst svo hefur hvinið í mönnum út af úthlutun jeppanna, hvað mundi þá verða, ef úthlutun fólksbílanna yrði tekin til athugunar? — Und-

anfarin ár hafa verið fluttar inn fólksbifreiðar svo að þús. skiptir; nokkuð hefur farið til bifreiðaumboða, sem hafa ráðstafað þeim eftir geðþótta, sem mestu hefur verið úthlutað beint til einstakra manna; og það mun allra manna mál, að sú úthlutun sé hið mesta hneyksli. Ef ástæða er til að rannsaka jeppaúthlutunina, er vissulega einnig ástæða til að rannsaka úthlutun fólksbifreiðanna. En sjálfsagt væri að bíða þó fyrst eftir því, að allshn. ljúki rannsókn sinni á jeppaúthlutuninni, og leiði hún í ljós, að sú úthlutun hafi verið hneykslanleg, þá er rétt að taka fólksbifreiðarnar fyrir. Ég mun beita mér fyrir því, ef misfellur koma í ljós við þá rannsókn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að frv. fari til nefndar, og vænti þess, að fyrir dollara, sem við kunnum að fá, verði fluttir inn einhverjir jeppar á næstu árum. En ég vildi benda á það, að úthlutun á þeim jeppum þyrfti að verða með öðrum hætti en hingað til. — Ég skal þó ekki í því sambandi slá fram neinum sleggjudómum eins og sessunautur minn, en aðeins taka tvö ákveðin dæmi.

Búnaðarfél. úthlutaði jeppum til bænda í einum stórum hreppi, og á árinu 1946 fékk einn bóndi þar vissu fyrir því, að honum yrði úthlutað jeppa. Um vorið var ég þar á ferð, og bóndinn segir mér, að það hafi komið símskeyti til sín frá nýbyggingarráði um það, að hann fái jeppa, sem það hafi úthlutað honum. En hann var þá búinn að fá jeppann frá Búnaðarfél. og spyr mig, hvernig á þessu geti staðið og hvort hann geti tekið á móti þessu. Ég sagði honum, að hann skyldi fá þetta búnaðarfélagi hreppsins í hendur, og hann gerði svo sem heiðarlegur maður. Þetta sýnir greinilega þær misfellur, sem urðu á úthlutuninni vegna þess, að tveir aðilar fóru með hana.

Hitt dæmið er svo það, að frá nýbyggingarráði sjálfu — í sömu úthlutuninni — fékk sami maðurinn 2 jeppa í einu, tvö bréf með sama póstinum, hvort tveggja um leyfi fyrir jeppa. — Hann spurði mig líka, hvernig hann ætti að snúa sér í þessu, og fékk sama svarið hjá mér, að hann skyldi afhenda leyfin búnaðarfélagi síns hrepps.

Svona mistök urðu mörg, og þau sýna tvennt: Í fyrsta lagi, að úthlutun verður að fara fram á einum stað, og í öðru lagi á stað, þar sem menn nenna að lesa listann yfir, svo að sami maður fái ekki bíl á bíl ofan, eins og dæmi eru til um úthlutun fólksbílanna, að sami maðurinn fékk alls 12 bíla — og verð ég að segja, að full ástæða væri til rannsóknar á því máli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ásökunum hv. 1. þm. Skagf. vil ég benda á eftirfarandi: Í fyrsta lagi það, að hann afsakaði úthlutun Búnaðarfél. með því, að það hefði verið á ábyrgð hreppafélaganna að ráðstafa þeirri tölu, sem hvert hreppabúnaðarfélag fékk, en það afsakar ekki þá röngu ákvörðun Búnaðarfél., að úthluta jafnri tölu í hvern hrepp. Síðan upplýsti hann, að eitt búnaðarfélag í Barðastrandarsýslu hafi aðeins úthlutað 3 jeppum, og á eftir heldur hann því fram, að ég svívirði meginhlutann af bændum í Barðastrandarsýslu fyrir úthlutun jeppanna. — Hann þarf ekki að tala um belging, því að sjálfur hopar hann úr hverju vígi og svarar ekki einni einustu ásökun, sem fram kemur á hann og hans störf, en talar um, að ég svívirði bændur í Barðastrandarsýslu. Ég þekki nú vel orð og eiða þeirra framsóknarmanna í minn garð og veit, hvernig blóðið brennur þeim í æðum út af því, að þeir skuli ekki hafa fengið kjósendur mína í Barðastrandarsýslu til þess að trúa svívirðingum um mig. En ég get sagt honum, að þótt þeir færu þangað á öllum þeim jeppum, sem Búnaðarfél. hefur úthlutað, mundi þeim ekki verða trúað. Og ég ber kinnroða fyrir það, að nokkur Barðstrendingur skuli hafa lánað honum atkvæði, þar sem hann sýnir slíka ósvífni sem hann hefur gert hér á Alþ. nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 26 og 33 teknar aftur til síðari umr.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. visað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til síðari umr. (A. 21, n. 268, 26, 33).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þessa till., og eru nm. sammála um afgreiðslu hennar, að einum undanskildum, sem var ekki á fundi n. Nefndin leggur til, að sú breyt. verði gerð á till., að í staðinn fyrir 600 bifreiðar, eins og stóð í till., komi 750, og er það gert samkvæmt tillögu frá Búnaðarfélagi Íslands, sem áætlað hefur þessa árlegu þörf fyrir þessi tæki. Enn fremur er sú breyt. á gerð, að gert er ráð fyrir, að inn verði fluttar hliðstæðar bifreiðar til landbúnaðarþarfa. Eins og hv. þm. mun kunnugt, er nú í Englandi farið að framleiða svipaðar bifreiðar og þær, sem fluttar hafa verið hingað frá Ameríku. Reynsla er að vísu engin fyrir þessum tækjum hér á landi. Hins vegar átti n. þess kost að sjá eina slíka, sem flutt hefur verið til landsins sem sýnishorn, og taldi n. þess vegna rétt, að ekki væri útilokað, að slíkar bifreiðar yrðu fluttar inn samkvæmt þessari till., enda þótt n. vilji í sjálfu sér engan dóm leggja á það, hvort þessi tæki reynast heppileg hér, en taldi eðlilegt, að íslenzkir bændur ættu þess kost að fá þau, ef slíkt reyndist heppilegt. Í öðru lagi er gerð sú breyt. af n. hálfu, að jafnframt verði séð fyrir nægilegum innflutningi á varahlutum til þessara tækja. Brtt. hafði verið flutt um það af einum hv. þm. á þskj. 33, og taldi n. rétt að taka hana upp í aðaltill., og það leiðir af sjálfu sér, að til þess ber brýna nauðsyn, að til þessara tækja fáist varahlutir. Í samræmi við þessa brtt. breytist svo fyrirsögn till. þannig, að hún verði till. til þál. um innflutning jeppabifreiða og hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Nefndin er sammála um, að brýn nauðsyn

sé að fá þessi tæki, og lítur n. svo á, að Búnaðarfélagið, sem safnað hefur skýrslum og gert áætlanir um þörfina fyrir þau, hljóti að fara nokkurn veginn nærri um þá miklu þörf. Að sjálfsögðu verður stefnt að því í framtíðinni, að sem allra flestir bændur fái þessi tæki. Gjaldeyrismöguleikar landsmanna hljóta þó einnig að ráða miklu um það, hve mikið verður hægt að flytja inn af þessum tækjum, fyrst um sinn a. m. k. Ég hygg, að ég geti mælt þar fyrir munn allra nm., sem þátt tóku í afgreiðslu þessarar till., að þeim sé ljós hin brýna þörf fyrir þessi tæki og þess vegna verði að leggja á það mikla áherzlu að afla þeirra, jafnvel þó að hér séu miklir gjaldeyrisörðugleikar. Og það verður ekki gengið á snið við þær staðreyndir, að fólkinu er að fækka í sveitunum, og á meðan þjóðina vantar ýmsar tegundir matvæla, sem sveitirnar framleiða, er það augljóst, hvílík hætta það er, ef þessu fólki heldur áfram að fækka og fólki, sem stundar framleiðslustörf í sveitunum, fækkar, en hins vegar fólki, sem fæst við önnur ólífrænni störf, fjölgar.

Ég vænti þess vegna, að Alþ. samþ. þessa till., sem allshn. leggur fram.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að láta það koma fram hér, að ég tel, að með samþykkt þessarar þáltill. sé gengið inn á mjög varasama og hæpna braut. Fjárhagsráði hefur með sérstökum l. verið falið að gera áætlun um innflutning landsmanna. Það þarf að taka tillit til margra hluta, til eins og annars. Fjárhagsráð hefur setið undanfarið við sitt verk og lokið fyrir sitt leyti og ætlað þar ákveðna upphæð í þessu skyni eins og til margs annars. Það er að vísu ekki endanlega gengið frá þessari áætlun, en þó endanlega frá hálfu fjárhagsráðs, og sú áætlun liggur hjá ríkisstj. til endanlegrar samþykktar. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir, að það verði fluttir inn jeppar, en talsvert miklu færri en hér er gert ráð fyrir, en þó svo að hundruðum skiptir og ég þori að segja eins margir og fjárhagsráð að mjög athuguðu máli treysti sér til að koma fyrir innan þess ramma, sem það þurfti að vinna. Það vitaskuld verður að taka tillit til fleiri þarfa en innflutnings þessara mjög svo nauðsynlegu tækja. Ég sé, að hér er eftir á dagskránni önnur þáltill., um innflutning á landbúnaðarvélum, að vísu ekki eins ákveðið orðuð og þessi, en þó mjög ákveðin að vissu leyti. Ef til vill verður haldið svona áfram með ýmsar vörutegundir. Við skulum gera ráð fyrir till. um innflutning á ýmsum nauðsynlegum tækjum, t. d. heimilistækjum, þvottavélum, rafmagnsvélum og ísskápum og öðrum fleiri, sem mjög margir í landinu hafa þörf fyrir og sannarlega væri æskilegt, að hægt væri að flytja inn. Ég geri ráð fyrir, að mikill meiri hluti hv. þm. sé því fylgjandi, að þessar vörur væru fluttar inn, kannske meira en innflutningsáætlunin gerir ráð fyrir. En ef það á að vera verk Alþ. að gera innflutningsáætlun svona í einstökum greinum með því að taka einn og einn lið út af fyrir sig, þá er ég hræddur um, að heildarútkoman verði önnur en menn hafa ætlað í fyrstu og kannske þannig, að illmögulegt verði við að ráða. Auk þess vil ég benda á, að innflutningurinn, ef ég man rétt, er eitthvað í kringum 400—500 jeppar, eins og gert er ráð fyrir á innflutningsáætlun fjárhagsráðs, svo að það má telja hann sambærilegan við annað, sem flutt er inn, og ég tel, að við mætti una, sérstaklega eins og gjaldeyrisástæðurnar eru nú og víst er, að verður á næstunni. Það er rétt, að það komi einnig fram nú, að innan tíðar eigum við ekki fleiri dollara til kaupa á vörum frá Ameríku, og það hefur orðið að spara innflutning þaðan á síðustu vikum miklu meir en æskilegt er til þess að hafa eitthvað til brýnustu þarfa. Þetta kemur af því, að innflutningur þangað á íslenzkum framleiðsluvörum hefur heldur dregizt saman og óvíst um á þessu stigi að minnsta kosti, í hvaða formi sú aðstoð, sem Marshall-hjálpin gerir ráð fyrir, verði veitt. Svo það er ekki hægt annað, á þessu stigi málsins a. m. k., en að fara varlega í að úthluta leyfum í dollurum. Það hefur að vísu komið hér fram hjá hv. frsm., að það mætti ef til vill fá þessi tæki annars staðar frá, og það er rétt, það eru möguleikar fyrir því, en þó eru á því ýmsir agnúar. Ráðuneytið hefur nokkuð kynnt sér málið og athugað. Ég tel það þess vegna ákaflega óæskilegt, að það yrði gerð um þetta sérstök samþykkt hér á Alþ. Ég tel, að slíkt gæti skapað fordæmi, sem opnaði leið til annarra tilsvarandi samþykkta á öðrum vörutegundum og stefndi að því að vera enn óvarkárari en við í raun og veru höfum efni á að vera.

Nefndin, sem hefur haft þetta mál til athugunar, hefur ekki leitað álits ríkisstj. um málið, og ég vissi ekki heldur, að það væri komið á þetta stig og það ætti að koma fyrir í dag, en annars hefði ég gjarnan viljað óska eftir því að fá að greina n. frá því, hvað fjárhagsráð hefur lagt til og hvernig gjaldeyrisútlitið er, því að hvort tveggja þetta teldi ég, að hefði átt að leggjast til grundvallar við afgreiðslu málsins. Ég vil sem sagt eindregið vara við því að samþ. þessa till.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það hafa komið fram hér upplýsingar, sem ég undrast nokkuð, í þessu máli. Till. flm. var upphaflega að skora á ríkisstj. að flytja inn 600 jeppabifreiðar á þessu yfirstandandi ári, og hefur n. hækkað þá tölu upp í 750. Ég hef, eins og kunnugt er, þreytt það mjög fast að fá flutta inn eina jeppabifreið, svo að árum skiptir. Og alveg nýlega komst fjárhagsráð að þeirri niðurstöðu, að landið risi ekki undir því, og synjaði því og sagði mér, að þegar slík umsókn kæmi, yrði hún ekki lesin. Þetta mál kom svo fyrir Alþ., og hv. Nd. kom því í n., og það hefur fengið þannig meðferð þar, að þótt um milliríkjasamninga hefði verið að ræða, hefði það ekki kostað meiri heilabrot. Og á endanum komst n. að þeirri niðurstöðu, að það væri ofvaxið íslenzka ríkinu, jafnvel svo hættulegt, að ekki gæti komið til mála að flytja til landsins á þessum tímum eina jeppabifreið. Nú liggur fyrir sömu mönnum till. um að flytja inn nokkrar jeppabifreiðar, till. um að flytja inn 600 bifreiðar og nú 750. Ég er alveg hissa á, að ekki skuli líða yfir einn einasta hv. þm. Hvernig væri, að hv. þm. gerðu sér ljóst,

hvaða samræmi er í þessari afstöðu til mála?

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var samt ekki þetta, heldur það, að hæstv. samgmrh. skýrir frá því, að n., sem ekki taldi ástæðu til, að bóndinn, sem hefur algerða sérstöðu vegna opinbers ábyrgðarstarfs síns, fengi einn jeppa, leggur nú til, að fluttar verði inn nokkur hundruð bifreiðar. Þetta eru skoðanaskipti í hinni valdamestu n., sem sett hefur verið af Alþ. Allshn. hefur séð ástæðu til þess að gera breyt. á till., um að hækka tölu bifreiðanna, og einnig aðra breyt., sem er á þá leið að binda ekki þennan innflutning við venjulegar jeppabifreiðar, heldur eitthvað svipaðar bifreiðar frá Englandi, bifreiðar, sem enginn maður þekkir neitt til og enginn maður veit, hvort fært er að flytja inn í stórum stíl né varahluti í þær. En við höfum fengið reynslu fyrir hinum amerísku bifreiðum og hana góða, því að fjölmargar slíkar bifreiðar eru til í landinu og þar af leiðandi auðveldara að fá varahluti og viðgerð á þeim. Það er almenn viðurkenning á því hér á landi, að ensku bifreiðarnar séu bæði stærri og óheppilegri fyrir okkur og þá einnig dýrari heldur en þær amerísku, sem hingað hafa flutzt. Hins vegar er það vitað, að í okkar dollaraleysi hættir bæði viðskiptan. og bönkum við að reyna að ýta viðskiptum okkar frá Ameríku, og það er ósköp eðlilegt, en við höfum fengið smjörþefinn af því, við höfum fengið þá reynslu, að það hefur verið farið út í vöruskiptaverzlun, sem hefur leitt til þess, að ýmsar vörutegundir hafa hvorki meira né minna en sexfaldazt í verði. Með öðrum orðum, vara, sem fyrir þær hefur verið látin, hefur verið seld fyrir smámuni, alveg sáralítið verð, ef miðað er við vörur, sem fást í staðinn. Og þessi vöruskiptareynsla hefur orðið til þess, ekki einungis að fá eins dýrar vörur, heldur að þær þjóðir, sem látið hafa okkur í té vörur í þannig skiptum, hafa látið okkur oft hafa þær vörur, sem aðrar þjóðir vilja ekki. Ef nokkuð yrði úr samþykkt þessarar till. eins og hún liggur fyrir, mundi það leiða til þess, að reynt yrði að beina þessum viðskiptum sem mest frá Ameríku, sem gæti þá orðið til þess, að við fengjum ef til vill eitthvert „skitti", sem aðrir vilja ekki kaupa, og þá einnig miklu dýrara, eins og ég tók fram áðan. Þess vegna er ég undrandi, að n. skyldi koma með þessa till., og vil ég mæla eindregið á móti því, að brtt. á þskj. 268 verði samþ.

Steingrímur Steinþórsson: Það eru aðeins örfá orð. Ég vildi fyrst taka fram, af því að hv. frsm. vitnaði í áætlun Búnaðarfélags Íslands um innflutning á jeppabifreiðum á vegum Búnaðarfélagsins, sem gerð var í sambandi við hina svonefndu Marshall-áætlun, sem þá var miðuð við 4 ár af hálfu Búnaðarfélagsins, eins og þetta „plan" mun hafa verið hugsað, að þá gerðum við í þeirri áætlun ráð fyrir innflutningi á 1500 jeppabifreiðum á 4 árum. Þetta er náttúrlega ekki mikið, en ég vil taka fram sérstaklega, að þetta var gert með hliðsjón af því, að að öðru leyti yrði fullnægt þeirri áætlun, sem við gerðum um innflutning á léttum dráttarvélum, sem við gerðum ráð fyrir, að yrðu 3 þús., því þótt þarna sé ekki að öllu leyti um hliðstæð tæki að ræða, þá má þó nota þau jöfnum höndum við bústörfin. En hitt er rétt, að á árinu 1949 höfum við gert ráð fyrir, að það þyrfti að flytja inn 750 jeppabifreiðar, og það var með tilliti til þess, að ásóknin hefur verið svo geysimikil frá bændum, að við töldum, að það yrði erfitt, þótt allar þessar vélar gengju til landbúnaðarins að dómi þessarar n. Það munu vera eitthvað yfir 2 þús. bændur, sem hafa sótt um, og sóttu allir fast, þó mismunandi fast. Þörfin er auðvitað misjöfn. En að okkar dómi er ekki hægt að greiða fyrir þessum bændum, sem hafa svipaða aðstöðu, með lægri upphæð en þessari. Ég vildi aðeins skýra frá þessu af því, að hv. frsm. minntist á þessa áætlun. Það verður að taka á þessum málum með skilningi. Ef hægt er að fullnægja landbúnaðinum með léttum dráttarvélum, sem við öll heimilisstörf notast betur en jepparnir, þó að það megi nota þá við mörg þeirra, þá verður náttúrlega að takmarka hitt að einhverju leyti. Og mitt álit er, að ef á 4 næstu árum eru fluttar inn 1500 jeppabifreiðar og varahlutir til þeirra, þá megi segja, að séð sé vel fyrir bílakosti í sveitinni, ef jafnframt væri hægt að fullnægja þörfinni hvað snertir léttar dráttarvélar. Þetta vildi ég sérstaklega taka fram varðandi þetta mál nú.

Ég ætla mér ekki að ræða það, sem farið hefur á milli hæstv. ráðh. og hv. frsm. um þetta mál. En úr því að ég stóð upp, vil ég leyfa mér að beina einni spurningu til hv. frsm. allshn., algerlega að gefnu tilefni. Ég held, að það hafi verið strax fyrsta daginn eftir að þessi till. fór til n., löngu fyrir áramót í vetur, að þá komu tilmæli til Búnaðarfélags Íslands frá hv. allshn. um það, að Búnaðarfélagið afhenti n. skýrslu sem það hefur, um innflutning þeirra jeppabifreiða, sem Búnaðarfélagið úthlutaði á sínum tíma. Ég sendi næsta dag til n. þau gögn, sem voru í höndum félagsins um úthlutun þeirra 450 jeppa, sem Búnaðarfélagið úthlutaði. Ætlaðist ég til, að hægt væri af þeim gögnum að sjá, hvernig sú úthlutun hefði farið fram. Nú langar mig til að spyrja, í hvaða tilgangi n. óskaði eftir þessu, og þá um leið, hvort ekki hafi verið óskað eftir sams konar upplýsingum frá öðrum þeim aðilum, sem hafa haft úthlutun jeppabifreiða með höndum, og hvort n. hafi gert athugun og skýrslu um það, hvernig úthlutunin hefur farið fram hjá hvorum aðila um sig, og hvort það sé ekki tilgangur n. að gefa yfirlit um það.

Gísli Jónsson: Það hafa ýmsir hlutir skeð hér á Alþ. síðan þessi þáltill. kom fyrst, þann 18. des. s. l. Þm. mun vera ljóst, að síðan hafa verið gefin út l. í sambandi við dýrtíðarráðstafanir, þar sem lagður er þungur skattur á allan almenning til þess fyrst og fremst að auka útflutning frá landinu. Ég vildi leyfa mér að benda á, að það þótti nauðsynlegt að leggja nýjan 20—30 millj. kr. skatt á þjóðina til þess að tryggja um 100 millj. kr. útflutning á fiski, sem veiddur er á bátum hér við land. Mér hefði fundizt, að hv. allshn. hefði átt að taka þetta til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það hefur að sjálfsögðu ekki legið sú hugsun á bak við þá samþykkt og tryggingu þessa útflutnings, að um 9 millj. kr. ætti að verja til kaupa

jeppa, en það virðist þó vera árangurinn af því starfi, ef þessi till. verður samþ. óbreytt. Ég vil benda á, hversu ummæli hæstv. viðskmrh. eru *sanngjörn og eðlileg í þessu máli* og að það stefni hér í þessu máli í hreinan voða, ef Alþ. ætlar að fara inn á þá braut að taka upp eina og eina vörutegund og samþ. um innflutning á henni, eins og hér er lagt til með þessari till., og þá helzt þá vörutegund á hverjum tíma, sem almenningur í landinu vill fá. Það leiðir af sjálfu sér, að það endar í hreinum voða í sambandi við innflutningsmálin. Í tilefni af því vil ég spyrja hæstv. ráðh., — hugsar hann sér yfirleitt að framfylgja þessari fyrirskipun Alþ., ef till. verður samþ.? Hugsar hann sér að uppfylla þessa ósk Alþ.? Má gera ráð fyrir, að inn verði fluttir, ef till. verður samþ., 750 jeppar á *árinu 1949? Mér finnst mikils virði* að fá að vita það. Ég verð að segja, að mér finnst hv. allshn. bera ákaflega lítið traust til bænda landsins með þeirri till., sem kemur frá n. Ég hef ekki þekkt bændur landsins að öðru en því, að þeir vildu leysa sín mál með tilliti til erfiðleika yfirleitt í landinu. Hér virðist það ekki *sjónarmið* hv. allshn., heldur að uppfylla óskir, sem yfirlýst hefur verið, að séu ýtrustu óskir bænda á þessu sviði. Mér dettur ekki í hug að halda fram, að þessir bændur standi svo fast á þessari kröfu, að þeir vildu ekki einnig láta athuga möguleika fyrir því að flytja þessa vagna inn og hvaða möguleikar væru til þess að greiða þá. Hér virðist hafa verið kapphlaup í n. að geta uppfyllt þessa kröfu, jafnvel meira en óskir stóðu til frá bændum. Ég á einnig bágt með að skilja, að jafnágætir menn og eru í hv. allshn. skyldu haga svona störfum sínum í svona stóru og viðkvæmu alvörumáli án þess að hafa samvinnu við viðskmrh., áður en málið er flutt hér. Ég vil því mælast til þess, að n. sjái ástæðu til þess að taka till. aftur til athugunar og ræða við hæstv. ríkisstj. og reyna að finna lausn á málinu, sem er í samræmi við önnur mál á Alþ., m. a. verðlags- og viðskiptamál. Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að í sjálfri tillgr. segir, að þessi fjöldi bifreiða skuli einungis seldur bændum. Þetta eru náttúrlega ekki lagafyrirmæli, en mér þykir ákaflega einkennilegt, ef n. er sammála um, að af þessum fjölda bifreiða eigi ekki ein einasta að fara annað en til bænda, ekki til þjóðgarðsins, ekki til héraðslækna í erfiðum héruðum til þess að geta sinnt heilbrigðismálum sveitanna. Mér finnst þetta mál vera afgreitt á svo ákaflega einstrengingslegan hátt, að ég er alveg undrandi yfir því. Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta atriði. En vegna þess, að við fyrri umr. þessa máls bar hæstv. menntmrh. á mig þungar sakir — og ég vildi þá ekki svara þeim, nema hann væri viðstaddur, — vildi ég nú segja nokkur orð í sambandi við þau ummæli, — ég kæri mig ekki um, að þau standi ómótmælt í þingtíðindum. Hæstv. ráðh. kallaði fram í fyrir mér og sagði, að það, sem ég hefði flutt, væri haugalygi, en hann sagðist ekki þurfa að standa upp til að mótmæla orðum mínum vegna þess, að þeir menn, sem væru hér á Alþ., vissu allir, hversu frámunalega lyginn ég væri, svo að enginn tæki mark á því, sem ég segði, hvorki utan þings né innan. Þetta eru stór orð frá manni í ráðherrastól, en þau standa í þingtíðindum sem vitnisburður um það, hvernig menntmrh. hagar orðum sínum á Alþ. árið 1948. En út af þessu vildi ég benda á tvö dæmi. Annað er úr umr. á Alþ. um eitt af fyrstu stjórnarverkum ráðh., þegar formaður Framsfl., hv. þm. Str., lýsti því yfir, að það væri ekkert að marka, hvað ég héldi fram í umr. á Alþ., en varð að viðurkenna síðar, að ummæli mín um stjórnarstefnu þessa þm. væru *rétt, þá einokunarstefnu*, þegar hann veitti einum heildsala 500 þús. kr. lán án þess að spyrja Alþ. um það. En því var svarað, að það væri ekki svaravert, af því að það upplýstist frá þm. Barð. Ég vil einnig minna ráðh. á átökin milli mín og hans í umr. um gjaldeyrisyfirfærslur til námsmanna erlendis. Þá óskaði ráðh. þess og sagði, að enginn tæki mark á orðum mínum. En afgreiðsla málsins sýndi, hver mátti sín meir. Ég sé svo ekki ástæðu til að hýða hæstv. ráðh. meira í sambandi við þetta mál.

Hallgrímur Benediktsson: Eins og við vitum, hefur verið gerð ákaflega ströng fyrirskipan í öllum viðskiptamálum þjóðarinnar, og Alþ. hefur skipað hverja n. eftir aðra til þess að sjá fyrir þeim nauðsynlegu þörfum, sem okkar land þarf og sérstaklega þá þegar gjaldeyrisskortur er fyrir hendi. Ég vildi eindregið taka undir þau ummæli hv. þm. Barð., að þessi till. yrði athuguð betur. Það er alveg rétt, að það hefur margt breytzt síðan þessi till. kom fram í þinginu, og það er daglega haldinn fundur með ríkisstj. og þeim mönnum, sem bera ábyrgð á innflutningnum, um það, hvað sé nauðsynlegast, og það hefur komið hvað skýrast fram nú á síðustu mánuðum, að það eru kannske ýmsar aðrar bráðnauðsynlegar vörur, svo sem fatnaður og ýmis heimilisáhöld, sem líka þarf að taka tillit til. Ég vil ekki mæla móti því, að nauðsynlegt sé fyrir bændur að fá þessi tæki, en ég vil bara segja, að við dag eftir dag verðum að hnitmiða niður, hvernig við getum skipt okkar gjaldeyri fyrir því nauðsynlegasta. Og viðskipti okkar eru nú þannig, að við erum svo að segja hraktir land úr landi á þann veg með okkar viðskipti, að við verðum að selja okkar fisk og afurðir í þeim löndum, þar sem við svo verðum að sætta okkur við að taka vörur fyrir og það með margföldu verði, eins og hv. 5. þm. Reykv. minntist líka á. Þetta er ekki eins auðleyst mál og margur hyggur, en það er verið að reyna að leysa úr þessu á einn og annan veg, og við vitum líka, að það hefur aldrei verið eins lítið til af vörubirgðum á Íslandi eins og nú, og það einmitt af bráðnauðsynlegum vörum. Ég vildi hreinlega gera það að minni till., enda þótt ég viti, að þessi tæki séu bráðnauðsynleg fyrir bændur, — og ég veit að þessi tæki koma á sínum tíma, — að þetta mál yrði nú athugað betur, og virðist slíkt vera mikil þörf, ekki sízt eftir þær upplýsingar, sem hæstv. viðskmrh. hefur gefið. Ég vil á þessu stigi málsins ekki ræða meira um þessa till. En það liggja svo margar beiðnir fyrir um nauðsynlega hluti til innflutningsyfirvaldanna, að við verðum að taka þetta allt með meiri jöfnuði milli þess allra nauðsynlegasta. Eitt vil ég taka fram, en það

er, að ef Alþingi ætlar sér að hafa með höndum alveg sérstaka úthlutun á vörum, eftir að það er búið að koma á stofn jafníburðarmiklum og fjölmennum ráðum og nefndum og raun ber vitni, sem maður getur ekki þverfótað fyrir, en það kom fram hér, að tekið er jafnvel í mál að fara svo langt að fara til slíkra stofnana til þess að fá úthlutað einni jeppabifreið, þá vil ég, að eins verði farið að hér á Alþingi um þau áhöld, sem eru nauðsynleg og til léttis fyrir húsmæðurnar, enda hefur verið tekið undir þær kröfur víða í sveitum, jafnhliða því sem raforkan kemur meir og meir í notkun um hinar dreifðu byggðir, að þetta er liður, sem líka ber að athuga. Tilmæli mín til frsm. og n. í heild eru þau, hvort ekki væri rétt að yfirvega þetta ofurlítið betur, enda hefur það nú t. d. komið fram, að hv. 1. þm. Skagf. er þeirrar skoðunar, að n. muni ekki ætlast til, að þessi innflutningur fari fram eins og till. er orðuð.

Það væri mikill ávinningur að fá allt þetta skýrt fram, og vildi ég aðeins beina þessum tilmælum mínum til hv. n., hvort hún vildi ekki athuga þetta dálítið nánar.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skil vel, að hæstv. viðskmrh. vilji á þessum tímum kunna fótum sínum forráð og ganga hægt um gleðinnar dyr og verði ekki of ginnkeyptur að taka á móti samþykktum um aukinn innflutning yfirleitt. Við vitum, hvernig gjaldeyrisástæðum er háttað í landi okkar nú, þrátt fyrir það að s. l. ár fluttu Íslendingar út fyrir meira fé en nokkru sinni fyrr í sögu sinni og unnu mikið þrekvirki í auknum verðmætum útflutningsframleiðslu sinnar. En þrátt fyrir það að ég skilji þessa varfærni hæstv. viðskmrh., fæ ég ekki séð, að með þessari till., eins og hún var upphaflega flutt og eins og allshn. hefur gengið frá henni, sé gengið inn á svo hæpna braut sem hæstv. ráðh. vill vera láta. Ég sé ekki heldur, að sá samanburður, sem viðskmrh. gerði á því að samþ. slíka till. og samþ. till. um það t. d. að auka innflutning á heimilistækjum, eins og t. d. rafeldavélum og ísskápum, fái staðizt. Það, sem hér um ræðir, er ekkert annað en það, að Alþingi lætur í ljós þann vilja sinn, að öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sem berst í bökkum vegna skorts á tækjum og hefur orðið út undan í hinum gífurlega miklu bílainnflutningi á undanförnum árum, verði gert kleift að fá nokkuð af þeim tækjum, sem honum hentar. Ég fæ ekki séð, að á sama tíma og fjárhagsráð er að vinna að áætlun um hundruð tækja af þessari gerð, sé það glannaskapur af Alþingi að samþ. till. þá, sem hér liggur fyrir. Fjárhagsráð hefur skilið nauðsyn þess, að þessi tæki yrðu flutt inn, og hefur tekið það upp í áætlun sína, og í áætlun ríkisstj. samkv. Marshall-aðstoðinni er gert ráð fyrir verulegum innflutningi á þessum tækjum. En hér er eingöngu miðað við hitt, hvað við höfum bolmagn til þess að standast af eigin rammleik. Þess vegna fæ ég ekki séð, að það yrði talin nein goðgá, þó að Alþ. samþ. till. eins og þessa, sem fyrst og fremst er áskorun og viljayfirlýsing um það, að greidd skuli gata atvinnuvegar, sem berst í bökkum, — því að það gerir íslenzkur landbúnaður, — með því að láta honum í té nokkuð af þeim tækjum, sem langmest eftirspurn er eftir af þeim tækjum, sem bændur vanhagar um. Og eftir fáum eða engum tækjum er meiri eftirspurn hjá bændum en þessum bílum.

Ég vil svo segja til viðbótar, að þótt fjárhagsráð hljóti að sjálfsögðu að leggja höfuðdrættina í innflutningsáætlun þjóðarinnar á hverju ári, sem það starfar, er það fjarri sanni, að Alþingi geti ekki látið í ljós vilja sinn um innflutning ákveðinna tækja og vörutegunda, og kveður við nýjan tón á Alþingi, ef það er orðið átöluvert að samþykkja slíkt. Ég man ekki betur en samþ. hafi verið till. um slíkt og farið eftir þeim, um innflutning á ýmsum vörutegundum, t. d. ávöxtum. Þetta sýnir, að hér er ekki verið að skapa neitt nýtt fordæmi, sem jafnvel tefli virðingu þingsins og hag þjóðarinnar í tvísýnu, eins og mér virtist koma fram hjá sumum hv. þm.

Fleiri dæmi mætti nefna um þetta en ég hef nefnt, en ég sé ekki ástæðu til þess. Það er rétt hjá hæstv. viðskmrh., að vel hefði getað verið ástæða til að ræða við hann um þessa till. Það er ekki einu sinni víst, að þessari umr. verði lokið í dag, en ég hygg, að n., eða sá hluti, sem tekið hefur þátt í afgreiðslu þessarar till., hljóti að vera sammála um það, að afgreiðsla till., eins og lagt er til, að hún verði, er ekkert hæpin og ekki lagt inn á neina hæpna braut. Og ég endurtek það, að hér er ekki um sambærilegan hlut að ræða og ef þm. flyttu um það till., að nú skuli flytja inn rafmagnsvélar og ísskápa. Það er vitað, að kaupstaðir landsins hafa svo til einir rafmagn og hafa fengið fyrir tugi milljóna þessi tæki, sem áður voru nefnd. Sveitirnar hafa ekkert fengið, því að þær hafa ekkert rafmagn. Og ég vil taka það fram, að þótt n. hafi ekki haft samráð við hæstv. ráðh. um þetta, er það ekki vegna þess, að hún vildi ekki hlíta hans ráðum í þessu, því að það vill n. gera. En n. er, eins og hv. þm. er kunnugt, skipuð þm. úr öllum stjórnmálaflokkum, þó að einn þm. væri fjarverandi, þegar till. var endanlega afgr. — Ég hygg svo, að í sambandi við ræðu hæstv. viðskmrh. þurfi ég ekki að gera fleiri aths.

Ég vil, ekki fyrir hönd n., en persónulega, lýsa yfir samúð minni með hv. 5. þm. Reykv. í baráttu hans fyrir þessum eina bíl, sem hann hefur flutt frv. um, og tel fráleitt, að skjólstæðingur hv. þm. Barð. geti ekki fengið þennan eina bíl, ef þessi till. yrði samþ. Auðvitað er sami maður bóndi, þótt hann sé umsjónarmaður garðsins á Þingvöllum.

Varðandi þá fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf., hvort upplýsingar hefðu borizt um þá jeppabíla, sem þegar hafa verið fluttir inn, er því til að svara, að stjórn Búnaðarfélagsins sendi n. skýrslu sína um úthlutunina, og mun form. n. hafa óskað þess fyrir hönd n. að fá upplýsingar um úthlutun þeirra bíla, sem nýbyggingarráð úthlutaði á sínum tíma. Var þessari ósk beint til fjárhagsráðs, en þaðan hafa ekki borizt upplýsingar um úthlutunina sjálfa, en hins vegar hefur form. í umr. um þessa till. gefið mjög greinilegar upplýsingar um úthlutunina, þó ekki farið út í að tilgreina einstaka menn. En út af

fyrir sig skiptir engu máli fyrir afgreiðslu þessa máls, hvort fyrir liggur nákvæm úthlutunarskýrsla um þá jeppa, sem þegar hafa verið fluttir til landsins, því að það tilheyrir fortíðinni, en hér er hins vegar verið að fást við verkefni nútíðar og framtíðar.

Hv. þm. Barð. lét þau orð falla, að n. virtist ekki hafa mikla trú á, að bændur vildu hugsa um þjóðarhag. Það er fullkominn misskilningur hjá hv. þm., hafi hann lesið slíkt úr orðum minum eða áliti n. Ég álít ekki, að í óskum bænda um aukinn innflutning á þessum nauðsynlegu tækjum felist nein óþjóðhollusta, á sama tíma og fluttar hafa verið til landsins 11 þúsund bifreiðar, sem langflestar hafa farið til Rvíkur. Ég fæ ekki séð, að það sé nein óþjóðhollusta, þótt bændur vilji fá verkfæri, sem skapi nokkuð aukna tryggingu fyrir því, að fólkið haldist við í sveitum landsins og vilji framleiða þann mat, sem kaupstaðarbúa vantar. Fyrir mér er það gersamlega aðalatriðið að koma í veg fyrir, að mikill hluti af þessum tækjum, verði þau flutt inn, lendi í höndum kaupstaðarbúa, sem fengið hafa þúsundir bifreiða á undanförnum árum. Og þótt orðalag till. sé eins og það er, mundi það ekki útiloka, að læknar í sveit fengju slík tæki. Ég að minnsta kosti trúi ekki, að hætta væri á því, að þetta yrði svo stranglega framkvæmt.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á það, að það ber miklu brýnni nauðsyn til þess, að þessi tæki verði flutt inn, en margir gera sér í hugarlund. Hér er ekki farið fram á ónauðsynlegan hlut. Það er farið fram á, að Alþingi lýsi yfir ákveðnum vilja sínum í þá átt, að öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar verði gert nokkru léttara undir fæti í þeirri mjög svo hörðu baráttu, sem hann nú heyr. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að ýmsir af fulltrúum kaupstaðanna, sem oft hafa sýnt, að þeir hafa getað lítið með sanngirni á málefni sveitanna, snúizt gegn þessu máli, enda þótt dimmt sé að sumu leyti í lofti í gjaldeyrismálum okkar nú. Ég vil þó benda á það, að yfir standa nú að vissu leyti merkileg tímamót í atvinnusögu þessarar þjóðar, þjóðar — og það hygg ég, að sé einsdæmi í sögu Evrópuþjóða —, sem hefur aukið útflutning sinn um meira en ¼ á s. l. ári, — þjóðar, sem hefur jafnfábreytta atvinnuvegi og íslenzka þjóðin og á jafnmikið undir sól og regni og hún. Þess vegna vænti ég, að hv. þm. samþ. þessa till., en legg ekki kapp á, að afgreiðslu hennar verði lokið í dag, og fer því fjarri, að ég vilji ekki hafa samráð við hæstv. viðskmrh. um afgreiðslu hennar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég get takmarkað mál mitt, þar sem hv. frsm. n. hefur lýst yfir því, að hann vilji gjarnan við mig eða mitt rn. tala um afgreiðslu þessarar till., og er ég honum þakklátur fyrir það. Ég geri ráð fyrir, að málinu geti orðið, með samþykki hans eða n., frestað um sinn, og mætti þá eiga samræður um, hvernig þessu yrði haganlegast fyrir komið. Ég vil þó benda á, að þetta væri varhugaverð braut að fara inn á, því að þetta yrði til þess að kalla fram ýmsar hliðstæðar till., á því er enginn vafi. Hv. frsm. sagði, að hann hefði ekki séð, að farið væri með þessu inn á hæpna braut, en með því að samþ. þetta væri farið inn á þá braut, að fram kæmu aðrar till. um annan innflutning, sem farið væri fram á. Því hefur t. d. verið hreyft hér, að fá þyrfti innflutning á talsverðu magni af ljósasamstæðum fyrir bæinn. Ég man ekki, hvort komið hefur fram um þetta till., en um þetta hefur verið talað, og á þessu er mikil nauðsyn, en hvort hægt er að gera það svo að segja allt í einu, um það er allt vafasamara. En þegar farið er inn á þessa leið með þá vörutegund, sem hér um ræðir, hljóta að sigla í kjölfarið kröfur um fjölmargar aðrar vörutegundir, sem líka verða að teljast báðnauðsynlegar, á sama hátt og vinnuverkfæri fyrir landbúnaðinn, og þó að hv. frsm. vilji ekki viðurkenna það, má fyllilega bera nauðsynina fyrir þessi vinnusparandi verkfæri til handa landbúnaðinum saman við vinnusparandi verkfæri fyrir húsmæður í kaupstöðum, sem með því móti geta sparað sér erfiði við sín daglegu störf, þótt ekki sé þar um framleiðslu að ræða. Og maður gæti líka hugsað sér aðrar vörutegundir, sem flytja mætti um till., er færu í sömu átt. Ég geri t. d. ráð fyrir, að ýmsum þyki skorið við nögl það, sem fjárhagsráð hefur áætlað til byggingarframkvæmda í landinu. Mundu ýmsir vilja byggja fleiri hús, en þá yrði að flytja inn meira sement o. fl., sem þarf til húsbygginga. Verði þessi till. samþ. nú, sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að fram komi till. í sama formi um aukinn innflutning á þessum vörum upp í ákveðið magn, og yrðu þannig ákvarðanir um innflutningsmagn smám saman teknar úr höndum fjárhagsráðs og teknar hér á Alþingi, þannig að þetta form kæmi til með að gera þessi lög um fjárhagsráð óvirk.

Hv. þm. Barð. spurði, hvernig með málið mundi farið, ef samþ. yrði. Ég get ekki svarað honum öðru en því, að að vísu brýtur ekki þessi till. l. um fjárhagsráð, svo að úrslitayfirráð um innflutningsmagn fara samkv. þeim l. eftir ákvörðunum ráðsins. En verði þessi till. samþ., getur ekki hjá því farið, að samfara því er viðleitni fjárhagsráðsmanna til þess að takmarka innflutninginn úr sögunni, og ríkisstj. miðar að því að verða við óskum þingsins. Annað mál er það, að ég efast um, að hægt verði að gera það, sem hér er lagt til, með þeim gjaldeyrisforða, sem við höfum yfir að ráða nú. Hv. frsm. allshn. kom að því hvað eftir annað í sinni ræðu, að útflutningurinn hefði stóraukizt síðastliðið ár, eða um þriðjung, sagði hann, svo að gera mætti ráð fyrir rýmri innflutningi, og þessa sjónarmiðs hefur víðar orðið vart, að það væri undarlegt, að ekki væri hægt að auka innflutninginn, þegar útflutningurinn stórykist. En í þessu sambandi verður að athuga í fyrsta lagi, að árið 1948 var alveg óvenjulegt hvað útflutning snerti vegna síldarvertíðarinnar um áramótin 1947—48, svo að tæpast er hægt að gera ráð fyrir því sama nú, nema með óvenjugóðri síldarvertíð í sumar. Í öðru lagi má benda á, að á árinu 1948 hefur verið flutt inn svo mikið af fjárfestingarvörum til þess atvinnuvegar, sem þennan stóraukna útflutning skapaði, að sá innflutningur hefur gleypt mest af útflutningsverðmætinu. Nú er svo gert ráð fyrir að flytja inn landbúnaðarvélar fyrir 10 milljónir, og jeppabifreiðar fyrir

3 milljónir. Þá eru komnar 13 milljónir. Þá á að flytja inn fóðurvörur fyrir 7 milljónir, það verða 20. Tilbúinn áburður er áætlaður 6 milljónir og er þá áætlaður innflutningur til landbúnaðarins kominn upp í 26 milljónir. Hér er svo með þessari þáltill. lagt til að auka jeppainnflutninginn um 3 milljónir, og enn liggja fyrir till. um að auka innflutning landbúnaðarvéla um 5 milljónir. Ef allt þetta yrði gert, þá er innflutningur á vélum og rekstrarvörum til landbúnaðarins orðinn milli 30 og 40 milljónir á einu ári, en samtímis þessu lækkar áætlaður útflutningur landbúnaðarafurða úr 20 milljónum niður í 10 milljónir. Sem sagt, á árinu 1949 er gert ráð fyrir 20—30 milljónum meira í rekstrarvörur og vélar handa landbúnaðinum en útflutningsverðmæti hans nemur. Á þessu ári hefur ullar- og kjötútflutningur stórminnkað. Þetta verður svo til þess að þrengja um innflutning á öðrum sviðum, þegar rekstrarvörur og vélar handa landbúnaðinum fara langt fram úr því útflutningsverðmæti, sem hann skapar. Það er því full ástæða til, að ekki hefur alltaf tekizt að flytja inn bráðnauðsynlegustu vörur, sem aðrir þurfa að nota, svo sem skömmtunarvörur. Af hálfu fjárhagsráðs hefur verið reynt að koma í veg fyrir, að menn fengju ekki út á skömmtunarmiða, en að birgja landið af nauðsynlegustu vörum kostar fé, og það fé verður ekki notað nema með því að draga úr öðrum innflutningi. Menn verða því að gera það upp við sig, hvað helzt skuli kaupa, og gera það upp við sig í heild, en taka ekki einstök atriði út úr, eins og gert er með þessari till., og eyðileggja þannig innflutningsáætlun fjárhagsráðs. Ég viðurkenni, að það væri æskilegt að flytja inn alla þessa jeppa á einu ári, en þetta er þó helmingurinn af áætluðum 4 ára innflutningi, sem hér á að taka á einu ári, og mér fyndist alveg forsvaranlegt að dreifa þessu nokkuð jafnt á þessi fjögur ár. Sagt er, að eftirspurnin sé svo mikil eftir jeppunum, að dreifingin verði mjög erfið, ef ekki sé hægt að fullnægja eftirspurninni nokkuð á einu ári. Ég spyr bara: Hvað mikið þarf til að fullnægja eftirspurninni? Er nokkurs staðar í eftirsóttum véruflokkum hægt að hugsa sér að fullnægja eftirspurninni á einu ári? Menn verða að bíða og reyna að sætta sig við sama hlutskipti og aðrir. Ég er ekki frá því, að aðrir en bændur færu að hugsa sig um, ef landbúnaðurinn fengi á einu ári helminginn af fjögurra ára þörf í staðinn fyrir, að í ýmsum öðrum greinum hefur orðið að fara niður fyrir það meðallag, sem vonazt var til að mætti flytja inn á ári. Og þegar um svona stórfelldan vélainnflutning til landbúnaðarins er að ræða, þá vænti ég þess, að nokkuð af þeim 10 milljónum, sem þar til eru áætlaðar, geti orðið til þess, að bændur sætti sig við ¼ af jeppainnflutningnum á þessu ári. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara öllu lengra út í þetta, því að málið liggur ljóst fyrir og fram hefur komið það, sem koma þarf fram, við þessa umr. En menn verða að gera sér ljóst í fyrsta lagi, hvort Alþingi á að ákveða innflutninginn í einstökum véruflokkum, og í öðru lagi, hvort það treystist til að tvöfalda jeppainnflutninginn samtímis því, að dregið er úr öðrum innflutningi, og samtímis því, sem nú er ætlað meira fé til innfluttra landbúnaðarvéla en undanfarin ár. Ég skildi hv. frsm. svo, að hann væri fús til viðræðna við ráðuneytið um málið, og fer ég því fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti málinu, ef ná mætti um það samkomulagi.

Forseti (FJ): Allmargir eru enn á mælendaskrá, og kann vera, að rétt sé að halda áfram umr. enn um stund. Hins vegar skilst mér, að hv. frsm. sé ekki mótfallinn frestun, og verður þá umr. frestað síðar á fundinum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég er einn af flutningsmönnum þessarar þáltill., og finnst mér því ástæða til þess, að ég segi hér nokkur orð. Ég tek það fram, að ég legg enga áherzlu á, að málið verði afgreitt í dag, enda eru svo margir á mælendaskrá, að óvíst er, að svo yrði, þótt því væri ekki frestað. Ég leyfi mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á till., því að það var ekki nóg með, að hún legði til, að till. væri tekin til greina, heldur hefur n. bætt við till. meiru en við flm. sáum okkur fært að fara fram á. Ég gerðist flm. þessarar till. einkum af því, hvernig farið hefur verið með þetta mál á undanförnum árum, því að ekki hefur verið leyft að flytja inn milli 90—100 jeppa, sem búið var að veita leyfi fyrir, þegar fjárhagsráð tók við störfum, og er sú meðferð alleinkennileg. Það er mikil eftirspurn eftir bifreiðum alla vega, og þeirri eftirspurn hefur ekki verið fullnægt, en það er hins vegar upplýst í þskj., að á fyrstu 9 mánuðum ársins 1948 voru fluttar inn bifreiðar fyrir 4 milljónir króna, en enginn jeppi. (Einn, segir sessunautur minn, og kann það að vera rétt.) En vegna þessarar meðferðar hef ég gerzt flm. þessarar till., og legg ég áherzlu á, að hún verði hér afgreidd, hvort sem það verður í þeirri mynd, sem hv. allshn. hefur afgreitt hana, eða þá með einhverjum breytingum. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að jeppabifreiðar eru svo hentug tæki í sveitunum, að meiri eftirspurn er eftir þeim en nokkru öðru, og þótt fluttir yrðu inn 600 jeppar á þessu ári, mundi það engan veginn svara eftirspurn.

Þá vík ég að því í tilefni af ræðu hæstv. viðskmrh., að hann benti á, að útflutningur landbúnaðarafurða minnkaði um helming. Ég vefengi ekki þau ummæli, en hvers vegna verður þetta? Það er vegna þess, að framleiðsla landbúnaðarafurða dregst nú saman, af því að ekki er nógu vel búið að landbúnaðinum. Fólkið streymir úr sveitunum til þægindanna í bæjunum. Upplýst er nú, að horfur séu á, að allt kindakjöt, sem framleitt var á síðasta ári, verði búið um sumarmál, og ekkert af framleiðslu síðasta árs var flutt út. Þetta stafar auðvitað af því, að fólkinu fjölgar í bæjunum, en fækkar í sveitunum og landbúnaðarframleiðslan dregst saman. Það er enn fremur upplýst, að af innanlandsneyzlunni eru um 50% innanlandsframleiðsla. Ég tek undir þau orð hv. frsm., að það er ekki sambærileg þörf fyrir aukinn verkfærakost í sveitunum og fyrir vinnusparandi tæki í kaupstaðina. Það er engin furða, þótt bændum ógni, er þeir sjá þúsundir nýrra bíla hér í höfuðstaðn-

um, þegar þeim er synjað um svo þýðingarmikil tæki sem jepparnir eru. Ég mun ekki hafa hér um fleiri orð að sinni. Ég reikna með, að málinu verði frestað bráðlega, og má þá athuga, hvort ekki sé hægt að breyta tölu þeirri, sem allshn. hefur gengið út frá, ef svo þröngt er um okkar gjaldeyrismál sem heyrzt hefur. Það kemur alltaf til mála að breyta till. eitthvað, en vegna þess, hvernig farið hefur verið með þetta mál undanfarin tvö ár, er þörfin enn meiri en líkur eru til, að þyrfti að vera.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 268, sem hér er nú til umr. Þykir mér því ekki að ófyrirsynju, að ég geri grein fyrir afstöðu minni í allshn. og enn fremur skoðun minni á meðferð málsins hér á Alþingi áður. Það er kunnari staðreynd en frá þurfi að skýra, að landbúnaðurinn hefur í þjóðfélagi okkar þrem mikilsverðum hlutverkum að gegna. Í fyrsta lagi framleiðir hann nota- og neyzluvörur í stórum stíl, neyzluvörur, sem þjóðin getur ekki án verið. Í öðru lagi framleiðir hann vörur til útflutnings og þar með gjaldeyrisöflunar, þó að í smærri stíl sé hin síðustu ár en æskilegt væri, og í þriðja lagi gegnir hann því hlutverki, sem og aðrir atvinnuvegir, að tryggja þeim, sem við hann vinna, sómasamleg lífskjör. Mér er ljóst, að til þess að hann geti annað þessum hlutverkum, verður hann að taka tæknina í sína þjónustu í enn stærri stíl en orðið er, og ég segi það íslenzkum bændum til hróss, að mér virðist sem þeir skilji þetta og vilji mikið á sig leggja, til að svo megi verða, og þeir hafa þegar lagt mikið á sig til þess að taka tæknina í sína þjónustu, svo að atvinnuvegur þeirra geti gegnt þeim þýðingarmiklu hlutverkum, er ég gat um í upphafi máls míns. Mér er enn fremur ljóst, að þau tæki, sem bændur telja sér bezt henta, eru jeppabifreiðarnar, og þótti mér það einsætt, að rétt væri að stuðla að því, að þeir gætu fengið þessi tæki. Ég viðurkenndi og viðurkenni, að taka verður tillit til gjaldeyrisforðans og annarra innflutningsþarfa, en í allshn. taldi ég ekki þurfa að hafa svo miklar áhyggjur af þeim atriðum, þar sem naut við svo gætinna og þaulreyndra stjórnarstuðningsmanna sem þeirra hv. 1. þm. Árn., hv. 1. þm. Skagf., hv. þm. N-Ísf., hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. V-Sk. Ég taldi, að þessir gætnu og reyndu menn myndu ekki fara fram á annað en væri stefna þeirrar stjórnar, sem þeir styðja allir af miklum áhuga. Og þar sem ég gerði mér ljósa þörfina á jeppabifreiðum, hvað átti ég þá annað að gera en styðja þessa ágætu menn að verki?

Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu minni í allshn., en ég get ekki látið hjá líða að rifja nokkuð upp meðferð þessa máls hér á Alþingi, því að mér virðist sem hér hafi verið leikið nokkurs konar sjónarspil eða tafl. Það er upphaf þessa máls, að 8. þm. úr hv. Sjálfstæðisflokki flytja þessa till. inn í þingið. Það var því undirstrikað sem frekast mátti, að hér var um flokksmál að ræða. Því er slegið föstu frammi fyrir alþjóð, að Sjálfstfl. hefði nú tekið forustuna um að útvega bændum jeppa, en í raun og veru fannst mér tilgangurinn aðeins einn, og hann var að segja: Skák, góðir bræður í Framsókn — enda var málið þannig tekið þegar við 1. umr. Hv. framsóknarmenn skildu skákina, en þeir eru taflmenn þó nokkrir, og hófust nú hugleiðingar um það, hvernig skákinni skyldi fram halda, og fóru brátt særingar, brýningar og brigzlyrði milli bræðranna í Sjálfstfl. og Framsókn. Endaði þetta svo með því, að málinu var vísað til allshn. Þar var enn teflt. Það var sannað af Búnaðarfélagi Íslands og framsóknarmönnum, að hér væri allt of lág tala, og hvað var þá annað en segja: Fráskák, góðir bræður í Sjálfstæðisflokknum? Hér eru 750. Enn er einn þáttur í sambandi við meðferð þessa máls, sem ég vildi gera að umtalsefni. Sama daginn og útbýtt var nál. á þskj. 268, þá var verið að afgreiða annað mál, jólagjöfina miklu, sem stjórnarflokkarnir gáfu alþýðunni, lögin um dýrtíðarráðstafanir öðru nafni. Þar ákváðu stjórnarflokkarnir að leggja 25% gjaldeyrisskatt á jeppa, svo að verð þeirra hækkaði um 2000 krónur. Enn fremur ákváðu þeir að leggja 50% skatt á varahluti í jeppa og 25% skatt á slöngur og hjólbarða í sömu bifreiðar. Þetta þýðir, eins og ég sagði, að hver jeppi hækkar um 2000 krónur og rekstur þeirra verður verulega dýrari. Nú hefur hv. frsm. allshn. lýst yfir því, að landbúnaðurinn væri atvinnuvegur, sem berðist í bökkum og nálega eina leiðin til sigurs í þeirri baráttu væri að veita landbúnaðinum aukinn aðgang að vélum og þá einna helzt jeppum. Það er dálítið einkennilegt samræmi að hækka þá jeppana í verði. Ef bændur berjast í bökkum, er þá ekki nóg að selja þeim jeppana með gamla verðinu? En þetta er eins og ég hef sagt: Meðferð stjórnarflokkanna á þessu máli er sjónarspil eða tafl. Einber auglýsingastarfsemi. Sjálfstfl. ætlaði að auglýsa, að hann hefði forgöngu um að útvega bændunum jeppa. Framsfl. sagði: Ég get betur — og bætti við 150 jeppum. En báðir eru þeir sammála um að gera þessa vöru dýrari en áður, væntanlega það dýra, að bændur, sem berjast í bökkum, eiga þess ekki mikinn kost að eignast slík tæki. Mér finnst gæta þarna ósamræmis í ræðum og framkomu hv. þm., og ég held, að það sé ekki að ófyrirsynju, þó að einhver hv. þm. hafi sagt, að virðing þingsins væri í veði, virðing Alþ. hefur ekki aukizt mikið við slíkt skáktafl eða sjónarspil tveggja stjórnmálaflokka.

Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þessa hlið málsins, en kem þá að ræðu hæstv. viðskmrh. Ég skil hans sjónarmið vel. Hæstv. ráðh. segir, að verið sé að semja innflutningsáætlun samkvæmt lögunum, fjárhagsráð sé að gera það og auðvitað sé sú innflutningsáætlun miðuð við ýtrustu getu og það sé matsatriði þess ráðs, hvernig vörunum sé skipt. Og hæstv. ráðh. segir svo, alveg réttilega, að það sé varla hægt að gera það tvennt í einu, að fela fjárhagsráði þetta starf og svo komi Alþ. á eftir og samþ. að flytja inn hitt og þetta í margfalt stærri stíl en áætlunin gerir ráð fyrir. Þetta er allt hárrétt hjá hæstv. viðskmrh. og eins það, að verði gerð samþ. um jeppabifreiðar og landbúnaðarvélar, því þá ekki um byggingarefni á eftir, sem okkur vantar sárlega. Í þessu sambandi vildi ég vekja athygli á einu veigamiklu atriði: Hefur ekki Alþ. látið of mikið af valdi úr hendi sinni, þegar það

samþ. l. um fjárhagsráð? Hefur það ekki gefið þeirri stofnun óeðlilega mikil völd? Ég vil þá segja frá því, hvernig mér virðist, að á þessum málum ætti að halda. Mér virðist, að á þeim ætti að halda þannig, að fjárhagsráð eða ríkisstj. semdi innflutningsáætlun, ýtarlega og vel undir búna, og síðan væri hún lögð fyrir Alþ. til meðferðar og afgreiðslu eins og Alþ. vildi hafa hana. Þá er tækifæri til þess að leggja áherzlu á þá vöruflokka, sem þm. telja, að öðrum fremur eigi að koma til greina, og þá er að sjálfsögðu líka tækifæri til að draga úr innflutningi þeirra vöruflokka, sem þeir telja, að síður komi til greina. Ég lít þannig á, að meginverkefni Alþ. hafi ætíð verið og eigi að vera að semja fjárl. En á síðari árum hefur þróunin orðið sú, að þjóðarbúskapurinn er ekki afgreiddur með hinum venjulegu fjárl. fyrst og fremst, heldur enn þá meira með innflutningsáætlunum og fjárfestingarleyfum, sem sé, það er orðið miklu víðtækara það svið, sem afskipti löggjafarinnar nær til, en áður var, og þá skilst mér, að auðsætt sé, að sama hátt ætti að hafa á áætlunum um innflutning og fjárfestingu eins og áætluninni um fjárl., að leggja hvort tveggja fyrir Alþ. — og betur undirbúið en síðasta fjárlfrv. — og Alþ. afgreiði það svo endanlega. Á þann hátt er hægt að spara sér svona leiðinlegt skáktafl og hér hefur verið teflt, a. m. k. í því formi, sem hér hefur verið haft. Ég vil beina þessu til hæstv. viðskmrh., þó að mér sé það alveg ljóst, að samkvæmt l. um fjárhagsráð er það fjárhagsráð sjálft og ríkisstj., sem hefur vald til þess að semja innflutningsáætlanir og áætlanir um fjárfestingarleyfi. Þó að mér sé það ljóst, að Alþ. hefur afsalað sér sínu valdi í þessu efni, vildi ég samt beina því til hans, hvort þetta væri ekki ráð út úr þessum deilum, sem hér hafa átt sér stað milli hinna ábyrgu stjórnarflokka, að leggja innflutningsáætlunina og fjárfestingaráætlunina fyrir Alþ. til endanlegrar afgreiðslu. Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess, að fyrst og fremst er það sannfæring mín, að knýjandi nauðsyn sé að stuðla að því, að bændur geti tekið þessi tæki í sína þjónustu, og í öðru lagi vildi ég benda á þetta skáktafl, sem hér hefur að ófyrirsynju verið leikið og stjórnarflokkarnir hefðu átt að láta vera að tefla. Í þriðja lagi vildi ég benda á, hvort ekki væri vegur að nota þann hátt, að leggja innflutnings- og fjárfestingaráætlanir fyrir Alþ. til afgreiðslu, svo að það komi að sínum sjónarmiðum varðandi hvaða vöruflokka það vill leggja mesta áherzlu á á hverjum tíma.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var fram haldið síðari umr. um till. (A. 21, n. 268, 26, 33, 285).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft fund um málið að nýju og óskað viðtals við hæstv. viðskmrh. Hæstv. viðskmrh. benti n. á í samræmi við það, sem hann hefur áður gert hér í hv. d., að hann teldi óvarlegt að samþ. fyrirvaralaust ályktanir, þar sem Alþ. bindur ríkisstj. um innflutning einstakra vöruflokka, þar sem sérstöku ráði hafi verið falið að gera heildaráætlun um innflutning landsmanna. N. ræddi sem sagt við hæstv. ráðh., og varð að ráði, að annaðhvort flytti hún brtt. á þá lund, að því væri skotið inn, að tala innfluttra jeppabifreiða skyldi vera sú, sem till. gerir ráð fyrir, ef gjaldeyrisástæður leyfðu, eða þá að því væri lýst yfir, að n. ætlaðist ekki til annars en till. yrði framkvæmd eftir því, sem gjaldeyrisgetan leyfði, og varð að ráði, að koma svo á móts við hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj. væri ekki bundin við meiri innflutning en gjaldeyrisástæður leyfðu. Þessu lýsi ég hér með yfir fyrir hönd n. og vænti þess, að þar með sé komið til móts við hæstv. ráðh.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hafði skrifað hjá mér nokkrar athugasemdir frá fyrri meðferð málsins, en sé nú ekki ástæðu til að fara mikið út í það.

Því hefur mjög verið haldið á lofti í þessum umr., að bændur yrðu að sætta sig við sama hlut og aðrir og að sparnaður yrði að ganga yfir þá sem aðra. Mótmæli ég þessu ekki, en vil, að tillit sé tekið til þess, hvernig ástatt er um atriði, sem miklu skipta fyrir atvinnuvegi landsmanna, og að því lúta till. um innflutning jeppa og landbúnaðarvéla. Meginþorri þeirra bifreiða, sem undanfarin ár hafa verið fluttar til landsins, hefur fallið í skaut öðrum en bændum. Það mun að jafnaði ekki mikið yfir 2 bifreiðar á hrepp í sveitum landsins, og af 1200 jeppum, sem inn hafa verið fluttir að undanförnu, hafa tæp 500 farið út í sveitirnar og hæpið, að allir þeir jeppar hafi ílenzt þar, en það er ekki sök þeirra, sem úthlutuðu. Hér í Reykjavík eru bifreiðar talsvert á 7. þúsund, og hér er fjöldi jeppa, til lítilla nytsemda fyrir framleiðslu landsmanna flestir hverjir. Að því var vikið — ég hygg það hafi verið hæstv. ráðh., að það væri ekki óeðlilegt í sambandi við þetta mál að líta á það, að landbúnaðurinn léti ekki mikið af mörkum í gjaldeyri, en þyrfti hins vegar vélar og rekstrarvörur, sem kostuðu mikinn gjaldeyri, og er þetta rétt, meðan við erum að breyta um búnaðarhætti og þurfum að afla okkur mikils vélakosts, sem til þess þarf, en það, sem landbúnaðurinn lætur af mörkum borið saman við aðrar atvinnugreinar, er hreint ekki lítilvægt. Árið 1947 var það gjaldeyrisverðmæti, sem kom inn fyrir landbúnaðarafurðir, 26 milljónir króna, og mér er tjáð, að nettógjaldeyristekjur af togurunum hafi sama ár numið 34 milljónum króna, svo að munurinn er ekki ýkja mikill. Ég tek þessi dæmi vegna þess, að mikið orð er á því gert, hvað togaraútgerðin afli mikils gjaldeyris, og það gerir hún vissulega, en nettógjaldeyristekjurnar eru þó minni en manni kann að virðast við fyrstu sýn. Ég ætla, að tölur þær, sem ég nefndi, séu réttar, því að þær hef ég úr upplýsingum frá þeim mönnum, sem sérstaklega eiga að athuga þessi mál. Það hefur verið drepið á að aðrar nauðsynjar yrði að spara, ef innflutningur landbúnaðartækja væri aukinn, og er það að vísu rétt, en þó ég viðurkenni, að t. d. heimilisvélar hafi sína þýðingu og séu gagnlegar, þá vil ég gera mun á þeim

og sliku sem því, sem beint lýtur að framleiðslunni, því að það á að ganga fyrir.

Við fyrri meðferð málsins urðu hér nokkrar greinir út af úthlutun jeppanna, og skal ég ekki fara nákvæmlega út í það, en n. fannst sér skylt að afla sér um þetta allra fáanlegra gagna, ef slíkar umr. yrðu aftur, og skrifaði því n. Búnaðarfélagi Íslands og fjárhagsráði, sem hefur gögn nýbyggingarráðs undir höndum, og óskaði eftir skýrslum um úthlutun þessara aðila. Búnaðarfélagið sendi sína skýrslu þegar, en frá fjárhagsráði, sem geymir plögg nýbyggingarráðs, eða frá skrifstofustjóra þess bárust þau svör, að skýrsla þessa efnis væri ekki til og þyrfti að semja hana, en virtist mjög erfitt. Ég margendurtók ósk mína um að fá skýrsluna, og þegar það var þrásinnis sagt, að ekki væri búið að taka hana saman, þá bað ég að láta frumdrögin af hendi við n. Dugði þá ekki gamla viðbáran, að ekki væri búið að semja skýrsluna, og var nú sagt, að bera þyrfti málið undir fjárhagsráð. Þetta er alveg fáheyrt, og er rétt, að þetta komi fram. Síðan hef ég ekki haft hirðu á að ganga enn frekar eftir skýrslunni, svo að ég get ekki nú sagt neitt frekar um úthlutunina. En ef hér á að fara að taka upp þann nýja sið, að opinberar stofnanir neiti Alþ. um plögg sín, þá mun ég lýsa eftir þessum plöggum á öðrum vettvangi og láta reyna á, hvort menn fái að skyggnast inn í helgidóminn. Hv. frsm. hefur gefið skýrslu n. um viðræður n. við hæstv. viðskmrh. Það er vitanlega ekki hægt að ganga lengra en gjaldeyrisgetan leyfir, en ég vænti þess, að stjórnarvöldin, er um þetta ráða, sjái svo um, að hið gagnlegasta verði látið sitja fyrir innflutningi og þá sérstaklega það, sem getur aukið öflun verðmæta í starfi þjóðarinnar.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hef látið í ljós, að ég teldi varhugavert fyrir Alþ. að gera samþykktir um innflutning á vissum vörutegundum, án þess að innflutningsáætlunin liggi fyrir og sömuleiðis áætlun um gjaldeyrisöflun, því að þá getur svo farið, að aðrar vörutegundir, sem ef til vill eru enn þá nauðsynlegri, verði að sitja á hakanum og gæti slíkt t. d. valdið rekstrarstöðvun hjá aðalútflutningsatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum. Einkum er þetta varhugavert nú, með því að útlit er fyrir, að gjaldeyristekjur okkar geti orðið 50—60 millj. kr. minni en s. l. ár. Ef sömu gjaldeyristekjur verða af togaraútgerðinni og vélbátaútgerðinni hvað þorskveiðar snertir, þá mundi þurfa 50—60 millj. kr. meira virði af síldarafurðum til þess, að útflutningurinn verði jafnmikill og í fyrra, eða ca. 400 millj. kr.

Nú liggja hér fyrir allmörg mál svipaðs eðlis og þessi þáltill., sem nú er til umr. Það er í fyrsta lagi till. á þskj. 66 um að fela ríkisstj. að hlutast til um, að flutt verði til landsins efni í vinnuföt, vinnuvettlinga og hlífðarföt. Í öðru lagi er till. á þskj. 82 frá hv. 1. þm. Árn. og hv. 1. þm. Rang. um að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að flutt verði til landsins algengustu raftæki til heimilisnota, enn fremur raforkuvörur til orkuveitna og rafleiðslna til heimila. Þá er till. á þskj. 92 frá hv. 2. þm. Rang. um að skora á ríkisstj. að stuðla að aukinni framleiðslu rafmagnstækja innanlands með því að tryggja þeim verksmiðjum í landinu, sem framleiða rafmagnstæki, nægilegt hráefni, svo að þær geti unnið allt árið með fullum afköstum. Einnig skal stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja til framleiðslu ýmissa rafmagnstækja, sem enn hafa ekki verið framleidd í landinu. Svo er till. á þskj. 100 frá hv. þm. S-Þ. um að skora á ríkisstj. að leitast við að koma rafmagni inn á hvert sveitaheimili í sambandi við Marshallaðstoðina. Enn eru þessar tvær till., sem hér eru á dagskrá, um jeppana og landbúnaðarvélarnar, og má vera, að enn fleiri till. svipaðs eðlis hafi komið fram. Mig langar nú til að spyrja hv. flm. þessara till.: Ef skilja á milli þess, sem þeir skora á ríkisstj. að flytja inn, vilja þeir þá láta jeppana sitja fyrir t. d. rafmagnsvörum eða þá vinnufötum? Ef ekki verður nú sérstakt aflaár, þá verður gjaldeyrisskortur, og ég verð að segja það, að þótt ég beri virðingu fyrir Alþ. og öllum þorra þm., þá held ég, að hv. Alþ. hafi ekki möguleika á því að ákveða innflutning einstakra liða án þess að hafa yfirsýn yfir innflutninginn í heild. Ef menn gera till. sem þá, er hér um ræðir, þá verða menn að gera sér grein fyrir, hver innflutningurinn er í einstökum flokkum og enn fremur hvaða gjaldeyrismöguleika við höfum. Hvorugt þetta hafa þm. möguleika á að afla sér upplýsinga um. Ég tel því nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. birti hv. þm. innflutningsáætlunina og að ekki sé mögulegt að ganga frá innflutningi í einum vöruflokki, án þess að heildaráætlun liggi fyrir. Ef Alþ. segir t. d., að jeppar eigi að sitja fyrir olíu til sjávarútvegsins, þá hefur Alþ. rétt og vald til þess, en eins og nú er háttað, þegar ekki er hægt að auka mikið innflutning á einstökum vöruflokkum án þess, að það gangi út yfir rekstrarvörur landsmanna, þá ættu hv. þm. að athuga svona till. alvarlega. Mundu flm. þessara till. óska, að innflutningur jeppa gengi fyrir innflutningi á t. d. fóðurbæti? Þetta er spurning, sem hv. þm. verða að gera upp við sig. Og hvar ætla þeir að taka peninga í þetta? Mér dettur ekki í hug, að þeir vilji fara út á þá braut að taka gjaldeyrislán til þessara hluta. Hv. 1. þm. Árn. gerði það að umtalsefni, að gjaldeyristekjur af togurunum væru ekki mjög miklu meiri en af landbúnaðinum, og miðaði hann þar við árið 1947. Skal ég ekki rengja tölur hans, en þær eiga bara ekki við árin 1948 og 1949, því að gjaldeyristekjur af landbúnaði fara minnkandi, en vaxandi af togurunum. 1948 hygg ég ekki, að gjaldeyristekjurnar af landbúnaðinum fari fram úr 20 millj. kr., en gjaldeyristekjurnar af togurunum eru 60 millj. kr. nettó, og á árinu 1949 eru gjaldeyristekjurnar af landbúnaðinum áætlaðar 10 millj. kr., og er ástæðan fyrir þessari lækkun sú, að ekki er gert ráð fyrir útflutningi á kjöti og gærur af öllu því fé, sem slátrað var 1948, seldust fyrir áramót 1948—49. Tekjurnar af landbúnaðinum 1947 eru því enginn mælikvarði á árið 1949. Hins vegar segi ég ekki, að minnka eigi stórkostlega innflutning á þörfum landbúnaðarins. Það mætti hugsa sér að auka hann eitthvað, en þegar kröfur eru gerðar um meiri innflutning en áætlað er, þá má það ekki valda óbærilegu ósamræmi, t. d. þannig, að draga

þurfi úr innflutningi neyzluvara, sem við getum ekki án verið, eða rekstrarvara til aðalatvinnuvegar okkar, sjávarútvegsins. Ég mun því annaðhvort sitja hjá eða greiða atkv. móti þessum till. af þeim röksemdum, sem ég hef þegar talið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður um málið. Þegar þetta mál var til umr. hér síðast, var ég einn af þeim, sem benti á, að varhugavert væri að afgreiða till., eins og hún kom frá allshn. Ég tók undir þau orð, sem hæstv. viðskmrh. talaði hér í sambandi við þetta mál. Ég fékk þá ýmsar hnútur hér frá hv. flm., t. d. um það, að ég væri kominn hér í sérstaka afstöðu gegn bændastéttinni, og þar með, að ég hefði ekki hugsað nægilega um hag þeirra manna, sem ég ætti að vera fulltrúi fyrir hér á Alþ. Eitt af dagblöðum bæjarins sendi frétt út um það, að þm. Barð. væri mikið á móti þessum framfaramálum bænda.

Nú sýnist mér risið á n. hafa heldur lækkað, eftir að hún hefur rætt við hæstv. viðskmrh. Nú eru menn beðnir að minnast þess, þegar atkv. verða greidd um þessa till., að um hana eigi ekki að gilda annað eða meira en það, sem hæstv. viðskmrh. fór fram á, þegar ég studdi hans mál hér, sem sé, að þetta verði gert í samræmi við annan innflutning, þ. e. a. s., ef gjaldeyrir væri til fyrir þessu magni. Það er látið í hendur hæstv. viðskmrh. og fjárhagsráðs að fara með málið, eins og þeim aðilum sýnist sjálfum. Það er ekki bara vikið frá þeirri ákvörðun að hækka innflutning jeppabifreiðanna úr 600 upp í 750, heldur er hér farið niður fyrir 400, eins og upplýst er, að hæstv. ráðh. hugsar sér að flytja inn. Þetta er allur árangurinn. Það er rétt að taka fram, að eftir nýjustu upplýsingum um þetta mál — og er gott fyrir formann n. að athuga þetta, vegna þess að hann var að tala um misræmi, sem ætti sér stað við skiptingu þeirra bifreiða, sem flytja á inn — þá mun hugsað að flytja inn á árinu 1949 200 fólksbifreiðar. Nú vildi ég því biðja formann n. að athuga, hvort ekki er hægt að fá samkomulag um að færa til af þessari áætlun eitthvað af þessum 200 bifreiðum og bæta við þá upphæð, sem allshn. hefur nú sætt sig við, þ. e. 400 jeppabifreiðarnar. Ég hef einnig fengið upplýsingar um, að flytja eigi inn 500 vöru- og jeppabifreiðar. Það er ekki flokkað niður hér, hvernig á að skipta þessu, en viðskmrh. hefur gefið upp, að fluttar yrðu inn 400 jeppabifreiðar og 100 vörubifreiðar. En við vitum, að svo mikið er til af vörubifreiðum í landinu, að til vandræða horfir að starfrækja þær allar. Væri það ekki verkefni fyrir n. að ræða enn einu sinni við hæstv. viðskmrh. og við fjárhagsráð og fá að vita, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um að sameina þessar áætlanir um innflutning jeppabifreiða. Ég er á sama máli um það, að óverjandi sé að flytja inn 200 fólksbifreiðar á árinu 1949, en skera niður í 400 innflutninginn á jeppabifreiðunum. Það væri þess vegna æskilegt að fá samkomulag um þetta, áður en till. er kastað svona út, sem er lítill sómi fyrir þá menn, sem hafa ætlað að bera þetta mál fram til sigurs.

Hv. 1. þm. Árn. sá ástæðu til þess í sambandi við þetta mál að bera saman gjaldeyrisöflun hins íslenzka landbúnaðar og gjaldeyrisöflun togaraflotans íslenzka. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að á árinu 1947 hefði nettótekjuöflun af landbúnaðinum orðið 26 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, en nettó-gjaldeyrisöflun togaranna mundi hafa verið 34 millj. kr. Ég skal ekkert um það segja, hvort þessar tölur eru réttar, en ég vil benda á, að í áætlun fyrir 1949, sem byggð er á reynslu, er talið, að meðaltekjur hinna nýju togara muni vera 4 millj. kr. á ári. Þegar komnir eru 30 togarar, verða þetta 120 millj. kr. á ári, þ. e. a. s. brúttósalan. 15 togarar gefa af sér 3 millj. kr. hver, sem verður 45 millj. kr. á ári. Þetta verða 165 millj. kr. alls brúttó í erlendum tekjum. Af þessu verða að jafnaði eftir um 25% í erlendri mynt, sem ekki er hægt að segja, að raunverulega ætti að draga frá, vegna þess að mest af þessu eru laun greidd fólkinu, sem keyptar eru ódýrari vörur fyrir erlendis en hér er hægt að fá, og þyrfti þá annars að eyða í það öðrum gjaldeyri. Þá eru eftir rúmlega 123 millj. kr. Ég geri ráð fyrir, að nokkuð af þessum mismun stafi af því, hvaðan sem hv. þm. hefur fengið þetta, að ekki hefur verið reiknað með allri þeirri óhemju gjaldeyrisöflun, sem liggur í lýsi því, sem togararnir afla og sent er út sem sjávarafurðir, en það er stundum fullkomlega ⅓ af afla togaranna. Ég skil ekki, hvernig þetta mál kemur innflutningi jeppabifreiða við, hvaða tilraun þetta er til þess að vekja úlfúð milli þessara tveggja atvinnuvega. Ef dæma ætti um þetta til fulls, þá er ekki nóg að reikna með þessum 24 millj. króna fyrir landbúnaðinn. Á móti kæmi svo allt það, sem innflutt er til landbúnaðarins og bændur fá, vélar, áburður o. fl., sem flutt er inn beinlínis til þess, að hægt sé að framleiða vörur fyrir þetta margar millj. til útflutnings. Þá sagði hv. form. n., að önnur deild sjávarútvegsins bætti þetta betur upp, smábátaútvegurinn. Ég get upplýst það, eftir skýrslum um þetta, að allur sá fiskur, sem veiddur er á báta, mun gefa 100 millj. kr. útflutning, af því þarf ríkissjóður sjálfur að taka yfir 20 millj. kr. á sig í styrki. Það er kannske þessi leið, sem hv. þm. vill fara lengra inn á. Svo má bæta því við, að síldarútvegurinn gefur af sér að meðaltali 100 millj. kr. á ári. Ég held, að hv. 1. þm. Árn. ætti að lesa betur þessi gögn öll, áður en hann ræðir meira um samanburð á útflutningi landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Ég vil taka það fram, að ég er ekki að draga úr þeim kostum, sem því fylgja að framleiða einnig landbúnaðarvörur til þess að selja á erlendum markaði. Svo fast situr í þessum hv. þm. hatrið til togaraútgerðarinnar, að hann getur ekki sagt satt um þetta atriði. Það er honum þá víst gleðiefni, að útlit er fyrir, að í dag verði að leggja öllum flotanum, svo að hann getur ekki orðið aðalútflutningsstoð landsmanna.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi vildi ég minnast aðeins á þann innflutning bifreiða, sem hv. þm. Barð. minntist á hér og er að verulegu leyti byggður á misskilningi. Hv. þm. sagði, að gert væri ráð fyrir að flytja inn 200 fólksbifreiðar og vöru- og jeppabifreiðar samtals að upphæð 500 stykki. En á

innflutningsáætluninni, eins og fjárhagsráð nú hefur gengið frá henni, eru áætlaðar 3 millj. kr. til jeppabifreiða, en ekki er þar gert ráð fyrir neinum vörubifreiðum. Sérleyfisbifreiðar eru þar fyrir 1 millj. kr. og fólksbifreiðar fyrir 750 þús. kr. Ég skal taka það fram, að þessi upphæð, 3 millj. kr., var lögð til grundvallar, þegar ég taldi, að innflutningur á jeppabifreiðum mundi verða 400—500 stykki. Sérleyfisbifreiðarnar eru að nokkru leyti ákveðnar í samræmi við sérleyfishafana, og þeir telja, að með því að flytja að mestu leyti inn grindur og láta byggja yfir þær hér heima, verði þetta nægileg upphæð. Til fólksbifreiða eru, eins og fyrr segir, áætlaðar 750 þús. kr., og fer það eftir því, hve dýrar bifreiðar verða keyptar, hve margar þær verða. En sé reiknað með meðalverði, þá mun það vera kringum 15 þús. kr. fyrir bifreið. Þetta verða þá 50 fólksbifreiðar alls yfir árið, minna ef meðalverðið yrði hærra, en meira ef það yrði lægra. Ég tel ekki hægt að fara neðar með innflutning þessara bifreiða en gert er. Ef þess vegna á að hækka enn þennan lið, jeppabifreiðarnar, þá er það ekki hægt nema með því að hækka áætlunina í heild, en við því var ég að vara við í umr. á fyrra stigi málsins og líka við því að taka einn lið út úr og ákvarða innflutning hans án þess að miða við afgreiðslu áætlunarinnar í heild. Ég þakka hv. allshn. fyrir það, að hún gaf mér kost á að ræða við sig í morgun um þetta mál, og get ég eftir atvikum fallizt á þá afgreiðslu, sem hún leggur til, að höfð verði á þessu, ef á annað borð er verið að gera ályktanir um mál eins og hér liggur fyrir, en ég er á móti því af ástæðum, sem ég hef áður skýrt frá og hirði ekki að endurtaka hér. Ég geri ekki ráð fyrir, að n. leggi fram brtt. um þetta, en þessi ákvörðun komi aðeins fram sem yfirlýsing frá hv. þm. N-Ísf. Sé þessi yfirlýsing skráð, — en hana má skilja þannig, að innflutningsáætlun jeppabifreiðanna hrófli ekki við innflutningsáætluninni að öðru leyti og komi því aðeins til framkvæmda, að gjaldeyrir verði til umfram það, sem áætlunin gerir ráð fyrir, þá get ég, eins og áður er sagt, eftir atvikum fallizt á þessa afgreiðslu n.

Ég þarf raunar ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, en ég get ekki stillt mig um að víkja nokkrum orðum að því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði hér áðan. Ég er á sömu skoðun og hv. þm. um það, að það sé mjög óviðeigandi, ef þn. geta ekki togað út plögg, sem þær þurfa að nota, frá nýbyggingarráði. Ég álít, úr því að Búnaðarfélag Íslands hefur lagt fram sín plögg, þá eigi líka að koma fram, hvernig nýbyggingarráð hefur annazt sinn hluta, svo að það liggi fyrir opinberlega líka. Ég er þeirrar skoðunar, að þá yrði ýmislegt upplýst, eins og raunar verður við allar slíkar úthlutanir. Hitt atriðið, sem hv. þm. minntist á, þar sem hann var að bera saman útflutning landbúnaðarins og togaraflotans, þar er ég honum ekki eins sammála. Hv. þm. minntist á, að tölur yfir nettó-gjaldeyrisöflun togaranna og hins vegar landbúnaðarins á vissu ári nú nýliðnu hefðu verið mjög sambærilegar, og virðist vilja leiða rök að því, að þessi atvinnuvegur, landbúnaðurinn, eigi ekki síður skilið stuðning en togaraútgerðin, sem kostað sé til tugum millj. í innflutningi. (*JörB:* Ég kom ekki að því.) Hv. þm. kom ekki beint að því, en mér virtist mega skilja, að hann undirbyggi þessa skoðun. Það þarf ekki að vera neinn mælikvarði um þetta efni, þó að landbúnaðurinn flytji ekki út eins mikil verðmæti og togararnir afla. Það getur fullkomlega komið til mála og verið sjálfsagt að veita landbúnaðinum þann stuðning, sem frekast væri hægt, til vélakaupa og eins af öðrum ástæðum. Það gæti verið, að landbúnaðurinn ynni svo mikið fyrir innlendan markað, að hann hefði þess arna fulla þörf og gæti sömuleiðis með öflun þessara tækja lækkað verð á landbúnaðarafurðum. Í þriðja lagi, þá gæti hann komið til með að auka útflutningsverðmæti sitt. Nú vil ég spyrja formælendur þessa máls hér um það, hvort þessi aukni innflutningur landbúnaðarvéla mundi þýða það, að búast mætti við, að eitthvað væri hægt að lækka verð á framleiðsluvörum landbúnaðarins, ef þessi innflutningur yrði framkvæmdur. Mér skilst, að framleiðsluverðmæti til útflutnings muni ekki aukast. Það hefur verið upplýst hér, að samtímis hinum stórauknu framlögum til vinnuvéla hefur útflutningur landbúnaðarins minnkað úr 26 millj. kr. og niður í 10 millj. kr., sem hann er áætlaður í ár. Þetta er að vísu áætlun, en eftir gögnum, sem ég hef fengið, er talið, að útflutningur 1949 verði ekki mikið yfir 10 millj. kr. Og þá finnst mér, að eitthvað þurfum við að hafa til að rökstyðja það, að þessi gífurlegi innflutningur á landbúnaðarvélum skuli veittur umfram það, sem venjulegt er. Spurningin er þá, hvort ekki mundi hægt með öllum þessum vinnuvélum að lækka verð þeirra vörutegunda, sem framleiddar eru. Það væri vel þegið í okkar verðbólgulandi. Væri hægt að fá yfirlýsingu um þetta frá forsvarsmönnum þessa máls, þá teldi ég afar mikið unnið og það mundi breyta mjög mínu viðhorfi til málsins.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér datt það ekki í hug, þegar ég drap á nokkur atriði varðandi útflutningsframleiðslu togaranna og landbúnaðarins, að gera það í því skyni, að það ætti að skiljast sem metingur um þessar atvinnugreinar eða þaðan af verra. Það hefur verið talið, að togararnir legðu mjög mikið af mörkum í þjóðarbúið. Eins og ég sagði, þá hef ég ekki rannsakað þetta sérstaklega, heldur fengið það meira af skotspónum. Ég þori þess vegna ekki að ábyrgjast þessar tölur né heldur, hve vítt þær taka til framleiðslunnar, eins og t. d. togaranna. Ég vil ekki, að hv. þm. Barð. temji sér þann sið að vera með getsakir um það, að menn kunni að meina allt annað en þeir segja. Það er vafalaust á fárra færi að rannsaka hjörtun og nýrun eða annað en það, sem kemur fram, og er þá engan veginn rétt að vera með slíka sleggjudóma. Að hatur eða öfund til sjávarútvegsins hafi sýnt sig í því, sem ég talaði um þetta mál, er mjög fjarri sanni. Hann getur ekki skírskotað til einnar einustu umr. á Alþ., þar sem ég hafi talað öfundaryrði til sjávarútvegsins. Ég skora á hv. þm. að leita að slíkum ummælum í minni þingsögu. Ég hef að vísu, eins og fleiri hv. þm., verið svo óvarkár, að ég hef ekki litið á allar mínar ræður, en finnist nokkurt orð í þá átt í mínum ræðum á því tímabili, er það ekki rétt hermt

eftir mér. Ég vona, að ritararnir séu það nákvæmir, að þeir snúi ekki hlutunum þannig við. Þó minnist ég þess, þegar ég leiðrétti ræðu, að þingskrifarinn lét mig halda því fram, sem ég var í algerri andstöðu við. Ég slæ þennan varnagla, en annars vil ég vona, að hv. þm. Barð. hafi misskilið það, sem ég sagði í minni ræðu og gaf honum tilefni til sinna ummæla.

Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, þá hygg ég, að álit okkar fari mjög saman í þessu efni. Þó að ég dræpi á þessar tölur, þá var það aðeins til að sýna, hvernig þetta hefði staðið. En viðvíkjandi gjaldeyrisöflun þessara atvinnuvega vil ég taka það fram, sem mér láðist áðan, að þýðing landbúnaðarins er að mínu áliti ekki minni fyrir þjóðarheildina, þó að hann flytji ekki svo sérlega mikið út af sinni vöru. Hann brauðfæðir þjóðina að langmestu leyti. Það munar að vísu nokkuð á framleiðslunni hvað krónuupphæð snertir, en ekki ýkjamiklu, þegar allt er fært til reiknings. Ef flutt væri út allt það, sem framleitt er af landbúnaðarafurðum: mjólk, kjöt, ull o. fl., o. fl., þá mundi það ekki gera litla upphæð. Þess þarf þjóðin og með. Þá má og líka taka það með í reikninginn, hve fólkinu hefur fækkað í sveitum landsins á síðustu tímum. Því má heldur ekki gleyma, að yfir landbúnaðinn hafa gengið fádæma plágur, þar sem eru sauðfjárpestirnar, sem skert hafa bústofn bænda stórkostlega, bæði hvað snertir til að framleiða vörur fyrir þjóðina sjálfa og til útflutnings, móts við það, ef allt hefði verið með felldu um hag bænda. Ég skal svo ekki ofbjóða þolinmæði hæstv. forseta. Ég vona, að hv. þm. Barð. taki þetta til athugunar, að hann hefur hrapallega misskilið mig út af því, sem ég drap á áðan í sambandi við þetta mál.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. þarf ekki að kenna mér neitt um það, hvaða þýðingu landbúnaðurinn hefur hér á Íslandi. Ég hef fullkomlega eins djúpan skilning á þeim málum eins og hann. Ég skal ekki ræða um sjávarútveginn við hann frekar, en mér þykir vænt um, að hann hefur lýst því yfir, að hann hefur ekki meint það, sem skilja mátti út úr orðum hans.

Ég stóð upp til þess að gera stutta fyrirspurn til hæstv. viðskmrh. Hann lýsti því yfir, að þær tölur, sem ég hafði nefnt í sambandi við bifreiðainnflutninginn, væru á misskilningi byggðar. Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort má meira trúa því, sem ráðh. segir úr ráðherrastóli á Alþ., eða bréfi rituðu í ráðuneyti, með upplýsingum frá ríkisstofnunum. Fjvn. hefur, 27. f. m., fengið bréf frá fjmrn. með upplýsingum frá fjárhagsráði. Þar stendur m. a.: Fjárhagsráð áætlar innflutninginn, og svo koma ýmsar greinar hans og þar með 200 fólksbílar. Þar er svo reiknað skv. upplýsingum frá fjárhagsráði, að áætla megi gjöld af 200 fólksbílum og 500 vöru- og jeppabifreiðum. Ef þessar upplýsingar eru rangar, þá á ég enga sök á því. En ég vil fá að vita, hvort fjvn. muni þurfa undirskriftir frá öllum fjárhagsráðsmönnum og þess utan hæstv. ráðh. Það er þetta, sem ég vil fá upplýst.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki sagt hv. þm. Barð., hvort meir sé að marka eitt skjal heldur en annað frá fjárhagsráði. En ég hef leyft mér að trúa því, að sama upphæðin væri á skjölum þess, er send eru í ýmsar áttir. Í þeirri áætlun, sem okkur hefur borizt í hendur, er gert ráð fyrir 3 millj. kr. innflutningi á jeppabifreiðum, á sérleyfisbílum fyrir 1 millj. kr., á fólksbílum fyrir 750 þús. kr. (*GJ:* Hér eru skjölin.) Ég get náttúrlega haft skipti á skjölum við hv. þm. og byggt á þeim sem mínum. Þessari áætlun er gengið endanlega frá af fjárhagsráði, og síðan fáum við hana.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls flutti ég á þskj. 33 litla brtt. þess efnis, að jafnframt því sem leyfður væri innflutningur bíla og varahluta til þeirra, yrði og sett ákvæði um innflutning á varahlutum til annarra bíla. Hv. n., sú er um málið hefur fjallað, tók upp í nál. sitt, að flytja skyldi inn varahluti til jeppabíla, en hins vegar ekki til annarra. Mér skilst, og það kom fram við 1. umr., að þetta þætti eigi eiga við, því að hér væri um ákveðna stétt manna að ræða, og mætti ekki blanda saman tveim málum. Ég álít, að þetta séu ekki nægileg rök til að vísa frá brtt. minni, og flyt ég hana því aftur á þskj. 285 með þeirri breytingu, að jafnframt sé gert ráð fyrir varahlutum „til þessara og annarra atvinnubifreiða.“ Er ekki deilt um, að vegna hins mikla bílafjölda í landinu er nauðsynlegt að auka innflutning varahluta allverulega. Er það sparnaður, en engin sóun, því að þá sparast innflutningur á nýjum bílum og þar með erlendur gjaldeyrir. Svo er og hitt, að bílarnir nýtast miklu betur og lengur með þessu móti. Þetta álít ég síður en svo veigalítið atriði, og flyt því till. að nýju í þessu formi og vil fá hana borna undir atkv. Þó að hér sé um einstaka bíla að ræða, álít ég ekki rétt, að þörf sé á að greina svo á milli tækja, að það megi ekki koma fram till. um, að sama máli skuli gegna um aðra bíla. Og er þetta engan veginn nægileg ástæða til að vísa till. minni frá.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég tel rétt að taka það fram, að þessi ágreiningur á milli gagna hv. form. fjvn. og minna getur verið skýranlegur. Hef ég þegar tekið það fram, í hverju hann muni liggja. Eftir þeim skjölum, er ég hef, fær ríkissjóður meira í aðra hönd. Ég tek fram, að þegar liggja fyrir umsóknir um á milli 40 og 50 bíla. Ef þessir bílar koma til landsins, munu þeir mega teljast á lista ráðuneytisins, þó að þeir séu ekki á áætlun fjárhagsráðs. Þessi munur er því skiljanlegur. En á innflutningsáætlun ársins er ekki gert ráð fyrir meira en ég las upp. Kemur þetta til af því, hver háttur er á hafður um flokkun vörutegundanna. Ég ætla, að þetta skýri muninn á þeim tveim plöggum fjárhagsráðs. Skila ég svo hv. þm. skjölunum aftur hátíðlega.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ræða hæstv. viðskmrh. gefur mér ástæðu til að biðja um orðið. Hér hefur borið nokkuð á milli. Hæstv. ráðh. segir, að munurinn stafi af því, að sú stofnun, sem upplýsingarnar sendir, geri ráð

fyrir töluverðum innflutningi bíla gjaldeyrislaust. Nú þykir mér ólíklegt, að grannar vorir í útlöndum séu svo gjafmildir við okkur, að þeir láti vörur af hendi gjaldeyrislaust. Hæstv. ráðh. kveður um 40—50 umsóknir um bíla liggja hjá yfirvöldunum, og þarna vantar upplýsingar um, hvernig þessir menn hafa aflað sér gjaldeyris. Ég held það sé rétt, ef þessir menn hafa fengið hann á annan hátt en þann, sem yfirvöldunum er kunnugt um, að þau láti athuga þetta nánar og vísi þeim góðu mönnum í banka til að skila þangað erlendum gjaldeyri. Er það beinlínis skylda manna, svo að fjárhagsráð geti ráðstafað þessum peningum. Hygg ég, að benda mætti á fleira, sem þörf er á að flytja til landsins, en þessa 40—50 bíla, sem hæstv. ráðh. hefur gefið upplýsingar um. Hæstv. ríkisstj. ætti að taka það til athugunar, hvort eigi væri rétt að skila þessum gjaldeyri í bankana, þeim er fara á til bílakaupa, og gæfist þess þá kostur að festa kaup á ýmsu þarfara í staðinn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það má nú segja sem mælt er: Fár bregður hinu betra, ef hann veit hið verra. Hv. þm. finnur enga aðra skýringu á málinu en þá, að menn vilji skjóta undan ólöglegum gjaldeyri og kaupa fyrir hann bifreiðar. En peninga geta menn aflað sér á eðlilegan hátt, t. d. þegar menn, sem búsettir hafa verið erlendis, flytjast heim til Íslands, eða á annan veg. Ég man t. d. eftir kennara, er fluttist heim frá Ameríku. Mátti hann flytja allt með sér nema bílinn? Ég hygg þó, að fáar vörur hafi verið hægt að kaupa fyrir andvirði bílsins, þótt manninum hefði verið neitað um að fá hann fluttan inn. Þá fá sjómenn í siglingum frjálsan erlendan gjaldeyri handa milli. Sumir kaupa bíla. Má þá veita þeim mönnum innflutningsleyfi fyrir þeim? Ef ekki, væri vita tilgangslaust að láta þá yfirleitt fá erlendan gjaldeyri. Ýmsar fleiri ástæður geta legið til þess, að sumir fara fram á leyfi til þessara hluta, án þess að um neinn feluleik sé að ræða með erlendan gjaldeyri.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel það æskilegt, að hæstv. ráðh. gæfi Alþ. ýtarlega skýrslu um málið. *(Samgmrh.:* Hv. þm. getur fengið að líta á plöggin, sem eru í mínum höndum.) Já, það er ágætt. En ég hygg, að fleiri hv. þm. muni hafa hug á því að fá að vita eitthvað um þetta. Mönnum er l. skv. gert að skyldu að skila erlendum gjaldeyri til bankanna, eins þótt hann sé heiðarlega fenginn. Útflytjendum ber t. d. skylda til þess. Á þeim vandræðatímum, er nú eru í þessum og öðrum efnum, er vert að athuga, hvort sjómenn eigi að fá svo mikinn gjaldeyri til eigin nota sem nú fá þeir, m. a. til þess að kaupa bíla. Svo er hitt, að eigi hygg ég þá vera marga, sem búið hafa lengi erlendis. Mér hefur virzt sem námsmenn, þegar þeir hafa komið heim frá námi erlendis, hafi fengið leyfi til þess að flytja með sér bíl. En þar með verður að neita því, að námsmenn séu sveltir, úr því að þeir geta fengið sér bíl í útlöndum. Ég hef jafnvel heyrt námsmenn tala um það að fá innflutningsleyfi fyrir bílum. — Annars vil ég láta í ljós varðandi skýrslurnar um innflutning á bílum, að ég mun þá nota mér leyfi hæstv. ráðh. til þess að kynna mér þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var enn fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 268,1 samþ. með 25:9 atkv.
— 285 samþ. með 26:2 atkv.
— 268,2 kom ekki til atkv.
— 26 og 33 komu ekki til atkv.
— 268,3 samþ. með 26 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 27:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, KG, BÁ, BK, BrB, EE, EystJ, GJ, JPálm.

nei: GÞG, HV, SÁÓ, StJSt, BG, EmJ, FJ.

GÍG, HB, HermG, PZ, SEH, SK, EOl greiddu ekki atkv.

11 þm. (GTh, JJós, JJ, KTh, LJóh, LJós, ÓTh, StgrA, ÁÁ, BBen, BÓ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurjón Á. Ólafsson: Eftir öllum upplýsingum og horfum um gjaldeyrisöflun þjóðarinnar eru litlar líkur til, að hægt verði að verða við þeirri ósk, sem í þáltill. felst, og segi ég því nei.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég er út af fyrir sig hlynntur því, að fluttar verði inn vélar til landbúnaðarins, ef ástæður leyfa, en tel hins vegar óheppilegt að taka ákvarðanir um það á þennan hátt og segi því nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis, með fyrirsögninni:

Þál. um innflutning jeppabifreiða og hliðstæðra bifreiða til landbúnaðarþarfa (A. 315).

4. Landbúnaðarvélar.

Á deildafundum 18. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um innflutning landbúnaðarvéla [22. mál] (A. 22).

Á 9. og 11. fundi í Sþ., 28. okt. og 1. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt ýmsum fleiri hv. þm. Sjálfstfl., að bera fram á þskj. 22 till. til þál. um innflutning landbúnaðarvéla.

Eins og kunnugt er, er þörfin fyrir mikinn innflutning búvéla mjög brýn, og hefur oft verið um það rætt og það hér á hæstv. Alþ. ekki alls fyrir löngu. Í þessari þáltill., sem hér

er flutt, er farið fram á það, að á næstu árum verði fyrst og fremst fullnægt eftirspurn og þörfum búnaðarsambanda og ræktunarsambanda fyrir hinar stórvirkari ræktunarvélar, auk annarra búvéla eftir því sem hægt er. Hér er lagt til, að ekki færri en 500 dráttarvélar verði fluttar til landsins á næsta ári. Nú munu margir telja þetta lága tölu. En ef athugað er, að hér er farið fram á, að fullnægt verði á næsta ári þörfum á stórvirkari vélum til ræktunarsambanda og búnaðarfélaga, þá mætti á árinu 1950 flytja inn mjög mikið af smærri dráttarvélum, sem notast eiga á eftir vinnu hinna stórvirkari véla, sem eiga að brjóta landið og undirbúa það til ræktunar. Og því leggjum við mesta áherzlu á það, að strax á næsti ári verði flutt inn þessi stórvirkari tæki, til þess að ræktunarsambönd og búnaðarfélög þurfi ekki að bíða þess lengi að geta starfað samkv. þeim l., sem þessi samtök eru stofnuð fyrir.

Það er ekki langt síðan hér á hv. Alþ. var rætt um innflutning búvéla. Var þá rætt um áætlun, sem gerð hefur verið, að því er hæstv. landbrh. segir eftir ósk hans, en eftir því sem hv. þm. Ísaf. segir eftir ósk hans. Það er út af fyrir sig ekki stórt atriði, hvor þeirra óskaði eftir því, að áætlun væri gerð um þörf landbúnaðarins fyrir innflutning á búvélum á næstu þremur árum. Aðalatriðið er, að áhugi virðist vera fyrir því að flytja inn landbúnaðarvélar í stórum stíl. Og það hefur mikið að segja, ef unnið er ötullega að því að gera nákvæma og ýtarlega áætlun um þörf landbúnaðarins fyrir slík tæki. Og ef fullnægt er þeirri till., sem hér liggur fyrir, þá er vitanlega eitt höfuðatriði þess það að vita nákvæmlega, hver þörf landbúnaðarins er í þessu efni, bæði um dráttarvélar og stórvirkari jarðvinnsluvélar. En mér skilst, að þrátt fyrir áætlanir, sem gerðar hafa verið um þetta, séum við litlu nær því að vita nákvæmlega, hver þörfin er í þessum efnum. Ég hef séð áætlanir um þetta, bæði frá verkfærakaupanefnd og Búnaðarfélagi Íslands, og þar ber svo mikið á milli, að það mun vera mjög erfitt að átta sig eftir þeim áætlunum á því, hvað þá rétta er í þessum efnum. Þó efast ég ekkert um, að bæði Búnaðarfélag Íslands og verkfærakaupanefnd hafi gert þetta eftir beztu vitund. En mér skilst, að báðar þessar stofnanir hafi ekki gefið sér nægilegan tíma til þess að afla sér nægra gagna og upplýsinga um þetta, sem er þó meginatriði og höfuðnauðsyn í þessu máli. Ég vil benda á það, að ef farið væri eftir áætlunum verkfæran. um stórvirkar vélar, þá þarf erl. gjaldeyri um 8 millj. kr., en ef farið er eftir áætlunum Búnaðarfélagsins, þarf ekki nema 3 millj. Ef við samþ. till. og viljum strax á næsta ári fullnægja eftirspurninni eftir stórvirku vélunum, þá nægir ekki að fara eftir áætlunum Búnaðarfélagsins. Ef það er rétt, sem verkfæran. segir, þá þurfum við 8 millj. Ef það skyldi vera rétt, sem Búnaðarfélagið segir, þá er ekkert vit í að flytja inn vélar af þessari gerð fyrir 8 millj. kr. Af þessu má ljóst vera, að það er nauðsynlegt að fá nákvæmari áætlanir til að vinna eftir en þær, sem nú liggja fyrir.

Ég vil benda á, af því að ég hef tekið tölur upp úr áætlunum, að verkfæran. leggur til, að fluttar verði til landsins 94 beltisvélar 25—60 hestafla, en Búnaðarfélagið aðeins 40, af því að það telur ekki þörf á að fá fleiri. Verkfæran. leggur til að fá 62 hjólavélar 20—30 hestafla, en Búnaðarfélagið telur nægilegt að fá 40. Bæði verkfæran. og Búnaðarfélagið eru stofnanir bænda. Hér er svo mikið ósamræmi, að ég skil ekki, að fjárhagsráð geti áttað sig á, hvort er réttara og eftir hvoru eigi að fara.

Ég vil nefna nokkur fleiri dæmi: Verkfæran. telur nauðsynlegt að flytja inn 1700 plóga, en Búnaðarfélagið 2 þús. Verkfæran. vill fá 2500 herfi, Búnaðarfélagið 3500. Verkfæran. vill fá 4 þús. vagna með gúmmíhjólum, Búnaðarfélagið 2 þús. Ég vil ekki gera upp á milli þessara stofnana, af því að ég tel, að báðar þessar stofnanir vilji vinna samvizkusamlega, en því meiri vandi er þá að gera sér grein fyrir, hvor þessara stofnana hefur á réttu að standa, þar sem við viljum ekki að fyrra bragði gruna þær um græsku eða fljótfærni. En hvað þessa heyvagna snertir, þá er mér ljóst, að þar hefur verkfæran. á réttara að standa, því að lítið er komið af þeim til landsins. Ég ætla, að það sé nær sanni að telja, að það vanti 4000 en 2000. Verkfæran. telur, að það vanti 1500 rakstrarvélar, en Búnaðarfélagið 3500, verkfæran. 1500 snúningsvélar og múgavélar, en Búnaðarfélagið 4 þús. Vegna þess að báðar þessar stofnanir hafa talsverða tiltrú og traust, þá er miklu erfiðara að gera sér grein fyrir, hvorri stofnuninni er rétt að fara eftir. Ef önnur hefði traust okkar, en hin ekki, þá væri vandinn minni.

Ég legg til, að hæstv. stj. óski eftir að fá betri upplýsingar varðandi áætlanir um vélaþörfina næstu 3—4 ár, og það er hægt með því að hafa samband við alla búnaðarfélagsmenn í landinu, — þeir munu vera um 200, — senda þeim skeyti og biðja þá að athuga hvern í sínu félagi, hver vélaþörfin sé þar næstu 3—4 ár, svo að hægt sé með rökum að segja til um, hvað vanti af vélum til landsins, svo að það sé víst, að það, sem flutt er til landsins, komi að sem beztum notum, en að það sé ekki flutt inn, sem er kannske sízt þörf fyrir. Ég held, að þótt þetta sé gert, þá þurfi það ekki að tefja fyrir framkvæmdum. Samgöngurnar eru ekki svo slæmar og ekki svo erfitt að ná sambandi við búnaðarfélagaformennina, að það megi ekki takast á tiltölulega stuttum tíma, en það er ljóst, að þær áætlanir, sem við höfum hér frá verkfæran. og Búnaðarfélaginu, eru ekki til að byggja á.

Till., sem ég flyt, fer fram á að fullnægja eftirspurn stórvirku vélanna á næsta ári og annarra véla, sem nauðsynlegastar eru og mest eftirspurn eftir, og einnig, að inn verði fluttar 500 smærri dráttarvélar. Í áætlunum verkfæran. og Búnaðarfélagsins er gert ráð fyrir, að vanti 3500 dráttarvélar. Ég get vel trúað, að þetta sé rétt, þó að ekki hafi komið pantanir til þeirra, sem flytja þessar vélar inn og dreifa þeim, nema nokkuð á annað þúsund, því að það hefur ekki verið leitað enn til bændanna sjálfra og búnaðarfélaganna, hvort þeir séu kaupendur að svona mörgum dráttarvélum. Við vitum, að það eru

1200—1500 pantanir fyrirliggjandi, en ég tel líklegt, að a. m. k. 3 þús. bændur vilji kaupa slíkar dráttarvélar og þurfi á þeim að halda. En skynsamlegast er að vita það með vissu, og það er hægt með því að hafa samband við búnaðarfélagaformennina.

Það er lofsvert, að hæstv. ríkisstj. virðist hafa áhuga á því að flytja inn landbúnaðarverkfæri til landsins á næstunni. Og það umtal, sem hefur orðið um þetta í síðustu viku, gefur von um, að þetta verði gert, en ákvörðun um þetta hefur ekki verið tekin samt sem áður. Till., sem hér er flutt, fer fram á ákvörðun í þessu efni, og það hefur vitanlega miklu meira að segja fyrir bændur landsins en umtal og annað, sem ekki er nein föst ákvörðun. Þess vegna óska ég eftir, að till. verði samþ. og vísað að lokinni fyrri umr. til síðari umr. og allshn.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Það er ástæða til að gleðjast yfir, hvað mikill áhugi er ríkjandi um innflutning landbúnaðarvéla, og er gott fyrir ríkisstj. að fá slíkan stuðning og þá sérstaklega þann hluta stj., sem starfar að því og beitir sér fyrir, að slíkt verði gert. Það hefur sýnt sig, að talsverðir örðugleikar eru á, að þetta verði gert, en þessi till., sem hér er komin fram og *væntanlega verður samþ., er þó viljayfirlýsing* og er til stuðnings fyrir þá, sem sérstaklega beita sér fyrir þessum málum. En á það vil ég benda hv. þm., að ég hygg, að ekki verði litið á þessa till. sem l., þó að hún verði samþ., heldur sem viljayfirlýsingu, því að l. samkv. ber þessi mál undir ríkisstj.

En það var ýmislegt í ræðu hv. flm., sem mér virtist byggt á nokkuð miklum misskilningi. Hann eyddi löngum tíma í það að bera saman áætlanir frá Búnaðarfélaginu og verkfæran. og sýna fram á, að þeim bæri ekki saman. Nú get ég sagt hv. þm. það, að það væri sama, hvað margir kæmu fram og hvað mikla þekkingu sem þeir hefðu á íslenzkum landbúnaði, þá gætu þeir aldrei samið pöntunarlista, sem væri hægt að fara eftir, því að það er svo margt í óvissu, sem getur breytzt á næstunni. Þess vegna er eðlilegt, að menn líti misjöfnum augum á, hvað þurfi af vélum til landsins, og þessar áætlanir á ekki að skoða sem pöntunarlista, heldur aðeins sem áætlun, sérstaklega sem undirbyggingu undir *gjaldeyrisáætlanir*, hve miklu þurfi að verja til þess á næstu árum. Pöntunarlisti verður ekki fullbúinn, fyrr en bændur eða búnaðarfélög eru búin að leggja fram pöntun til viðkomandi verzlunar um það. En þessu verður slegið föstu, eftir því sem tímar líða og pantanir koma fram. Þess vegna er það aðalatriðið nú að gefa gjaldeyrisyfirvöldunum einhverja hugmynd um, hve mikinn gjaldeyri þurfi til þessara hluta. En það er nokkur hluti vélanna, sem nokkur vissa er um, en það eru hinar stórvirku vélar, sem eiga að fara í *ræktunarsamböndin*. Nú er verið að stofna þau, og það er vitað, hvaða vélar þau vantar. Sá háttur er mjög auðleystur. Ef hv. þm. ber saman þann hluta innflutningsáætlunarinnar frá þessum tveimur stofnunum, þá sér hann, að þar skeikar sama sem engu. Tiltölulega munar það mikilli upphæð hjá verkfæran. og Búnaðarfélaginu, en það kemur til af þeirri einföldu ástæðu, að verkfæran. setur útsöluverð á þær vélar, sem hún óskar eftir, að pantaðar verði, en Búnaðarfélagið innkaupsverð. Í því liggur munurinn.

Í sambandi við þetta mál vil ég aðeins hreyfa því, að það er sennilegt, að bændur krefjist þess nú á skömmum tíma að fá allar þær fljótvirku vélar, sem unnt er að fá inn í landið til aukinnar framleiðslu, en þær vélar allar mundu kosta svo mikla upphæð bæði í gjaldeyri og eins í fé frá einstaklingum, að við getum gert okkur ljóst, að við höfum engan veginn ráð á að fullnægja þeirri þörf á næstu árum, nema eitt atriði komi þar inn í, sem hefur ekki verið nægur gaumur gefinn, en það er það, að bændur verða að hefja samvinnu og sameign um slíkar vélar. Það væri útilokað, að bændur gætu fengið ræktunarvélar inn í landið, eins og þeir þurfa, ef þeir sameinuðust ekki um notkun þeirra. Stofnun ræktunarsambandanna hefur sannað þetta, að því er snertir hinar stóru ræktunarvélar. *Ég er sannfærður* um, að sömu leið verður að fara a. m. k. með allar hinar dýrari heimilisvélar. Við þurfum ekki að sitja lengi við að reikna, hvað slíkar vélar mundu kosta, ef hver ætti að eiga þær fyrir sig, til að sannfærast um, að slíkt er með öllu ókleift, bæði fyrir þjóðfélagið og einstaklinga. Ég get sagt frá því hér, að fyrsta sporið í þessa átt hefur þegar verið stigið, þar sem bændur í Búnaðarfélagi Mosfellssveitar eru nú að athuga sín á milli, hvaða vélar þeir þurfi að fá inn í sveitina og hvað margir geti verið um hverja vél og hvernig þeir eigi að skipta sér niður utan um vélarnar. Þó að þáltill. fjalli ekki um þetta, þá vil ég í sambandi við hana benda á, að það er stórt spursmál, hvort ekki er rétt af fjárhagsráði og viðskiptan. að láta þá ganga fyrir, sem bindast samtökum um slíka félagsnotkun á vélunum. Einmitt þetta atriði getur líka haft áhrif á vélaþörfina í framtíðinni. Þess vegna verður það aldrei nema lausleg áætlun, sem við getum gert fram í tímann um einstaka vélaflokka. Hitt er aðalatriðið, að við getum gert grein fyrir, hve mikil gjaldeyrisþörfin muni vera, og það tel ég, að hafi verið gert með áætlunum Búnaðarfélagsins og verkfæran., þó að þeim beri ekki alveg saman.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem ég hef áður sagt. Það, sem hæstv. ráðh. sagði um till. mína, var að mestu leyti vinsamlegt, enda var ekki við öðru að búast.

En það er byggt á misskilningi hjá hæstv. ráðh., þegar hann segir, að tiltölulega lítið beri á milli hjá verkfæran. og Búnaðarfélagi Íslands varðandi stórvirku vélarnar, vegna þess að verkfæran. gerir ráð fyrir 94 vélum, en Búnaðarfélagið aðeins 40. Það má vera, að það þurfi ekki nema 40 vélar til ræktunarsambandanna, en við skulum hugsa okkur, að það sé rétt, að það þurfi 94 vélar til að fullnægja ræktunarsamböndunum og búnaðarfélögunum, og ég geri ráð fyrir, að það sé meiningin, og mér hefur heyrzt á hæstv. ráðh., að keppt sé að því, að á næstu árum verði fullnægt þörfinni fyrir stórvirkar vélar hjá búnaðarsamböndum og samtökum, sem hafa á stefnuskrá sinni að auka ræktun í landinu. Það

er það, sem þessi till. ætlast til. Nú vitum við ekki, hvort er rétt. Við vitum ekki, hvort er nauðsynlegt að fá 94 stórvirkar vélar til að fullnægja þörfinni. Þess vegna er það, sem ég tel nauðsynlegt, að leitað sé glöggra upplýsinga um það atriði með því að hafa samband við formenn búnaðarfélaganna í landinu, því að þeir hljóta að geta svarað fljótt, hve margar af þessum vélum er þörf á að fá í þeirra búnaðarfélagi. Hæstv. ráðh. segir, að þetta komi í ljós smátt og smátt, og því getum við sætt okkur við þær till., sem liggja fyrir. En við getum ekki látið okkur nægja að sjá það smátt og smátt, ef við ætlum okkur að fullnægja eftirspurninni á næstu árum.

Hann minntist á, að viðskiptan. reiknaði með útsöluverði, en Búnaðarfélagið með gjaldeyrisþörfinni og í því lægi munurinn. Hann mun liggja að nokkru leyti í því, en þó aðallega í hinu, að verkfæran. gerir ráð fyrir fleiri vélum, og þess vegna munar svo miklu á heildartölunni, 3 millj. og 8 millj. kr. Hér er því ekki smávægilegur munur. Hér er svo mikill munur, að fjárhagsráð og ríkisstj. verða að fá nánari upplýsingar, áður en ákvarðanir eru teknar.

Ég get verið að nokkru leyti sammála hæstv. ráðh. um það, að bændur ættu að slá sér saman um stærri tæki, eins og þeir hefðu gert um stærri ræktunarvélar. En það verður þó að benda á, að það er afar erfitt að koma við sameign og sameiginlegri notkun á ýmsum heimilistækjum. Það getur komið sér afar illa, að menn eigi og noti í sameiningu t. d. sömu dráttarvél, því að oft þurfa menn að nota hana á sama tíma, og það er nú einu sinni svo, að menn vilja, ef þess er kostur, helzt eiga einir sér sínar vélar og sín tæki, nema þessar stóru vélar, sem búnaðarfélögin og ræktunarsamböndin eiga.

Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að bæta fleiru við það, sem ég hef sagt, nema ég tel, að það verði varla hjá því komizt fyrir hæstv. ríkisstj. og fjárhagsráð að afla betri upplýsinga hjá formönnum búnaðarfélaganna, hvað mikið þurfi af hverri tegund landbúnaðarvéla.

Skúli Guðmundsson: Það er að sjálfsögðu rétt, sem hæstv. ráðh. benti á, að vald yfir því, hvað inn er flutt af landbúnaðarvélum, er í höndum fjárhagsráðs. Því er það, að þótt þessi till. verði samþ., þá er það, eins og hæstv. ráðh. réttilega tók fram, viljayfirlýsing, sem getur haft sitt gildi, en reynslan hefur sýnt okkur því miður, að þótt samþykktir séu gerðar í þál.-formi til okkar stjórnarvalda um sérstakar framkvæmdir í viðskiptamálum, þá hafa þær ekki ávallt borið tilætlaðan árangur.

En ég vil aðeins benda á í sambandi við þetta mál, áður en það fer til n., að sé til þess ætlazt, að till. um þetta verði samþ. á þingi, og hún verði til þess að ýta undir og örva innflutning á landbúnaðarvélum þeim, sem um er rætt í till., þá held ég, að þurfi að gera breyt. á henni. Mér skilst á hæstv. 1. flm., að nú sé í pöntun nokkuð á annað þúsund dráttarvélar. Ég geri ráð fyrir, að reynt hafi verið að fá leyfi fyrir innflutningi á þessum vélum hjá viðkomandi yfirvöldum. Hér í þessari till. er minnzt á þessar smærri dráttarvélar, og er þar lagt til, að á næsta ári verði fluttar inn 500 af þeim vélum. Verði till. samþ. óbreytt, sýnist mér, að þeir, sem hafa vald á þessum innflutningi, hafi nokkra afsökun, þó að þeir veiti ekki innflutningsleyfi á næsta ári fyrir fleiri vélum en þetta. En ef fyrir liggja nú þegar pantanir í á annað þúsund af slíkum vélum, þá finnst mér því langt frá því fullnægjandi að fá þessa tölu. Ég veit ekki, hvað langt er komið hjá fjárhagsráði að áætla innflutning fyrir næsta ár og hvað mikið ráðið kann að ætla til kaupa á landbúnaðarvélum, en mér sýnist þörf á að flytja meira inn af þessum heimilisdráttarvélum en þarna er talað um í till. Vildi ég því beina þeirri ósk til n., sem fær till. til meðferðar, að hún athugi þetta *mál og kynni sér* það sem bezt og miði till. sínar sérstaklega við það eða geri þær þannig úr garði, að ekki verði hætta á því, að þær verði hemill á þennan vélainnflutning á næstu árum, því að það er auðvitað síður en svo, að bændum sé greiði gerður með því, að hér sé verið að samþ. ályktanir um þessi mál, ef þær ályktanir eru hemill á innflutninginn. Ég vona því, að n. taki þetta atriði sérstaklega til athugunar.

Annað vildi ég benda á í sambandi við þessa till., og gildir að því leyti sama um þá till., sem var næst á undan á dagskránni, þ. e. um *innflutning jeppabifreiða, að á meðan svo stendur* á, að ekki er hægt að fá fullnægt á einu ári eða mjög skömmum tíma eftirspurn eftir þessum tækjum, þá tel ég mjög þýðingarmikið, að því, sem inn er flutt af þessum tækjum, verði dreift réttlátlega um héruð landsins. Ég vildi því skjóta til hv. n., hvort hún vildi ekki athuga, hvort ekki ætti að setja beinlínis í slíka till. eitthvert ákvæði um það, að félagssamtök bænda hefðu yfirstjórn á því, hvernig þessum tækjum skuli dreift um landið, meðan svo stendur á, að ekki er hægt að fullnægja eftirspurninni og draga verður úr pöntunum, sem berast. Ef það er þannig, að aðeins þeir, sem fást við innflutning á þessum hlutum, ráði því, hverjum þessi tæki eru seld, getur þessi skipting komið mjög *misjafnlega niður í hinum einstöku byggðarlögum*. Ef það er einn aðali, sem hefur yfirstjórn á dreifingunni, má vænta þess, að meiri sanngirni ráði í skiptingu þessara tækja. Ég tók eftir því, að í grg. þáltill. um innflutning á jeppabifreiðum víkja flm. að þessu á þá leið, að það sé sjálfsagt, að það sé félagsskapur bænda, sem hafi stjórn á þessum hlutum. Þeir tala þar um það, að sjálfsagt sé, að einhver stofnun bændastéttarinnar hafi með úthlutun tækjanna að gera. Ég vil því skjóta til n., hvort ekki væri ástæða til að fá þetta alveg ákveðið í till. sjálfa.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan beina nokkrum atriðum til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, og vil biðja hana að athuga, hvort ekki væri líka þörf á að minnast á þau í till.

Ég vil þá fyrst minnast á það, að þegar lagt var fram fé á sínum tíma til nýrra tækja, sem gefið var nafnið nýsköpunartæki, þá var ætlaður ákveðinn hluti til landbúnaðarvéla. Ég skal ekki rifja upp, hvað það var mikið né heldur, hve mikill hluti af því var notaður, en vil benda á hitt, að nýbyggingarráði var þá sýnilega ljóst, að frá sömu verksmiðju er ekki hægt að fá nema

takmarkaða tölu véla og fyrir hinar ýmsu verksmiðjur höfðu ýmsir menn umboð, sinn maður fyrir hverja. Nýbyggingarráð áleit þörfina svo mikla, að hún lét marga aðila fá umboð, sem varð til þess, að við höfum fengið hinar mörgu tegundir af vélum, sem vinna sams konar vinnu. Það sýnir sig, að ýmsir þeirra, sem höfðu þá innflutningsleyfi fyrir þessum vélum, telja sig engar skyldur hafa með útvegun varahluta í þær. Svo að segja nýjar vélar standa nú ónotaðar, af því að varahlutir hafa ekki verið fluttir inn. Ég býst við, að ef fullnægja á þessari till. eða þá þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið í sambandi við þessar vélar, þá fari eins nú og áður, að það sé engin leið að fá þessar vélar frá einhverri ákveðinni verksmiðju og allar af sömu gerð, heldur fáum við yfir okkur flóð af vélum ýmissa tegunda, og því vil ég beina því til n. að leggja þá skyldu á herðar umboðsmanna að hafa þá varahluti til, sem með þarf, og að þeir fái því aðeins innflutningsleyfi, að þeir fullnægi því skilyrði. Það segir sig sjálft, að menn hafa meiri söluágóða af vél, sem kostar t. d. 6—7 þús. kr., en varahlut, sem kostar 6—7 kr. Ég legg mikla áherzlu á þetta. Ég skal ekki mótmæla því, að það komi margar gerðir, þó að það sé mjög hæpið og borgi sig betur að mínu áliti að bíða lengur. En ég legg áherzlu á það, að ef fara á inn á þessa braut, að flytja inn margar ólíkar vélategundir til sömu vinnu, þá sé það gert að skyldu að flytja inn varahluti, og innflutningurinn því aðeins leyfður, að umboðsmaðurinn skuldbindi sig til þess. Ég þurfti að fá varahlut í vél, og umboðsmaðurinn sagði: „Það er engin sala á þessu, stykkið kostar eina krónu, en þér getið kannske fengið svona stykki annars staðar.“ Og það fékkst annars staðar, en hann var ekki að skipta sér af þessu, því að það borgaði sig ekki fyrir hann, þar sem það var enginn söluágóði af svona hlutum.

Þá er það annað, sem ég vildi benda á, og það er, að þegar þess er gætt, hvað við erum í miklum gjaldeyrisvandræðum og vantar peninga til allra hluta, þá er líka mikil spurning, hvort á að leyfa þeim mönnum að flytja inn dráttarvélar, sem nenna ekki að láta vinna með þeim nema svolitinn tíma af sólarhringnum, og ætti að leggja á þá þá skyldu að láta þá nota þær allan sólarhringinn og hafa vaktaskipti, en þessar vélar hafa sums staðar ekki unnið nema takmarkaðan tíma og oft staðið ónotaðar tímunum saman. Ég teldi því rétt, að n. talaði um það við verkfærakaupanefnd, sem þarna hefur yfirumsjón, að hún hagaði svo til, að unnið væri að þessum vélum í vaktaskiptum allan sólarhringinn út. Þá nýttist vinnan betur og þá þyrfti færri vélar til að fullnægja eftirspurninni en þegar ekki er látið vinna nema 8—10 tíma. — Þetta er annað atriðið, sem ég vildi biðja hv. n. að taka til athugunar í viðræðum sínum.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði hér um varahlutina, þá er ég honum sammála um það, að nauðsynlegt er að sjá svo um, að varahlutir séu til. En ég held, að það hafi nú ekki undanfarið staðið á umboðsmönnunum að hafa þá til, heldur hafi staðið á því, að þeir fengju innflutningsleyfi. Það er ekki rétt, að þeir, sem verzla með vélar, hagnist mest á því að flytja vélarnar sjálfar inn, heldur hagnast þeir mest á því að selja varahlutina, þar sem þeir mega leggja á þá 30%, en ekki nema 5% á vélarnar. Það gagnar ekki, þó við segjum: Þú, góði maður, ert skyldugur að hafa varahluti. — Við verðum líka að fara til þess mikla ráðs, sem sagt er, að ráði yfir okkar sölu, og segja: Þú ert skyldugur að veita innflutningsleyfi fyrir varahlutum, svo að vélarnar geti fengizt. — Að sjálfsögðu verður þetta áfram eins og verið hefur, en það verður aldrei of mikið gert úr nauðsyn þess, að varahlutir séu fyrir hendi. Það má vera, að hv. þm., sem talaði hér áðan, þekki einhverja slóða, sem hafa innflutningsleyfi fyrir varahlutum og nota þau ekki. En það eru þá einstakir slóðar, sem nota ekki innflutningsleyfi, sem þeir hafa í höndum fyrir varahlutum, sem þeir geta selt með 30% álagningu, en leggja kapp á að flytja inn vélar, sem þeir geta ekki selt nema með 5% álagningu. Ég þekki ekki svona slóða, sem fást við verzlun. En við skulum ekki gleyma því, hve nauðsynlegt það er að hafa á hverjum tíma varahluti, og skil, að það sé nauðsynlegt að brýna þetta fyrir þeim, sem veita leyfin, engu síður en fyrir þeim, sem flytja þá inn.

Í sambandi við það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði hér áðan, vil ég taka fram, að þegar hann talar um að breyta till., til þess að hún verki sem örvun á innflutning landbúnaðarvéla, þar sem hún nú aftur á móti verki sem hemill, ef hún verði samþ. óbreytt, þá er þetta, að ég hygg, byggt á miklum misskilningi hjá hv. þm. Ef hann hefur lesið till., ætti hann að minnsta kosti að sjá, að eins og hún er nú, fer hún fram á gríðarmikinn innflutning alls konar landbúnaðarvéla, þar á meðal 500 minni dráttarvélar. Flm. yrðu því fegnastir, ef þessar vélar gætu orðið fleiri. En ef farið væri eftir till. að öðru leyti, held ég, að það þætti nóg að flytja inn 500 dráttarvélar á næsta ári, því að eins og till. er nú, fer hún fram á tugi milljóna í öðrum vélum, sem við flm. teljum nauðsynlegt að leggja kapp á að fá á næsta ári, og þá aðallega hinar stórvirku ræktunarvélar, en að því loknu má vissulega koma með hinar minni dráttarvélar, sem eru ódýrari og eiga að koma á eftir ræktuninni. Og ef þessi till. verður samþ. óbreytt, skilst mér, að hún fari fram á 20 millj. kr. innflutning landbúnaðarvéla í erlendum gjaldeyri, og það er þess vegna reginmisskilningur hjá hv. þm. V-Húnv., ef hann telur, að slík till. verki sem hemill á innflutning landbúnaðartækja á næstu árum.

Ég tel óþarft að fjölyrða meira um þetta að svo stöddu. Ég þakka fyrir góðar undirtektir um till. og vona, að hún verði samþ. annaðhvort óbreytt eða með einhverjum þeim breyt., sem samkomulag verður um.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni í sambandi við varahlutina. Því er nefnilega þannig varið, að fjárhagsráð veitir gjaldeyrisupphæð til þessara hluta, þ. e. véla og varahluta, í einu lagi, þannig að það er ekki sök fjárhagsráðs, heldur innflytjenda

sjálfra, þegar þessa hluti vantar. Þó að það sé gott fyrir þá, sem verzla, að geta skotið sér á bak við fjárhagsráð, er ekki hægt að gera það í sambandi við landbúnaðarvélar og varahluti í þær, því að innflytjandinn ræður, hvað hann notar í varahluti og hvað í annað.

Skúli Guðmundsson: Ég hvika ekki frá því, sem ég hélt fram, að því er snertir þessar smærri dráttarvélar. Ég vil benda á það, að þarna er stigið styttra skref en hjá Búnaðarfélaginu, sem hefur áætlað þörfina fyrir þessar dráttarvélar 3 þúsund á fjórum árum. Og eins og ég nefndi áðan, þá eru, eftir því sem hv. 1. flm. segir, fyrirliggjandi pantanir nú þegar í eitthvað á annað þúsund af þessum vélum.

Maður skilur það, að þegar herjað er á gjaldeyrisyfirvöldin og beðið um innflutning á 2 þús. vélum, en hins vegar tilhneiging í þá átt að draga úr honum, þá getur þótt gott að benda á það, að komið hafi fram till. frá 9 þm., þar sem ekki er gert ráð fyrir nema 500 vélum. — Um aðra liði í till. ræddi ég ekki áðan í þessu sambandi. — Hins vegar er ég sammála því, að þörfin er brýnust fyrir hinar stórvirku vélar, sem eiga að fara til ræktunarsambandanna.

Ég fjölyrði ekki meira um þetta, og vænti þess, að hv. n. taki þessar athugasemdir til greina.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi mega gera örstutta athugasemd. — Mér þótti vænt um, að hv. þm. V-Húnv. skyldi segja, að hann hefði ekki rætt um hina liði till., því að það er þó viðurkenning á því, að hann sleit úr samhengi þennan lið, og hann vildi sem sagt alls ekki loka augunum fyrir því, að hann verkar ef til vill alls ekki sem hemill, ef till. er skoðuð í heild. Hann sagði, að Búnaðarfélagið stigi stærra skref í till. sinni. Hversu miklu stærra? Hefur Búnaðarfélagið ekki gert áætlun um 60 millj. kr. innflutning á 4 árum? En eins og þessi till. er orðuð, fer hún fram á 20 millj. kr. innflutning á næsta ári — eða 60 millj. kr. á 3 árum. Hún verkar því alls ekki sem hemill, og það sést, ef hún er lesin í heild.

Flm. eru auðvitað reiðubúnir til viðræðna um breytingar, ef talið væri heppilegra að auka innflutning stærri véla og draga úr innflutningi á öðru. En ég geri ráð fyrir, að engum detti í hug, að fluttar verði inn landbúnaðarvélar á næsta ári fyrir meira en 20 millj. eins og till. gerir ráð fyrir.

Ég þarf svo ekki að orðlengja þetta. Ég vona, að hv. þm. V-Húnv. rétti upp höndina með till. ásamt öðrum, sem sammála verða um hana. Hér er stórt spor stigið í áttina til þjóðþrifaframkvæmda og gleðilegt, að hæstv. ríkisstj. skuli beita sér fyrir innflutningi landbúnaðarvéla í svo stórum stíl.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 22, n. 247).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef litlu við að bæta frá því, sem sagt var við fyrri umr. Öll n. er sammála um að samþ. till. lítið eitt breytta, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. séu sömu skoðunar, og fjölyrði því ekki frekar um málið. Í brtt. n. segir, að fullnægt skuli þörf búnaðarsambandanna með stórar vinnuvélar, en að öðru leyti verði flutt inn svo sem mögulegt er af minni vélum og verkfærum. Vænti ég þess, að þingheimur sé á sömu skoðun og n. og till. verði samþ.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég gat þess í gær út af svipuðu máli og þessu, sem hér er til umr., að ég teldi farið inn á hættulega braut, ef Alþ. ákvæði innflutninginn í einstökum vöruflokkum. Þessi till. bindur að vísu ekki í sér tölur og er að því leyti öðruvísi en hin, en eigi að síður er skorað á ríkisstj. að flytja inn landbúnaðarvélar eftir því, sem þörf krefur. Hér er allsterklega tekið til orða, nema till. eigi að skiljast eftir niðurlagi ályktunarinnar, þar sem segir, að flytja skuli inn landbúnaðarvélar eins og frekast er unnt. Ég vil skilja þetta svo, að innflutningurinn verði að miðast við till. þeirra manna, sem bezta yfirsýn hafa yfir innflutninginn í heild, og veit ég, að þeir munu taka tillit til óska þessarar þáltill. Nú er gert ráð fyrir að veita 10 millj. kr. til innflutnings á landbúnaðarvélum, og tel ég óvarlegt að hækka þá tölu svo að nokkru nemi, án þess að dregið sé þá úr öðrum innflutningi eða annað nýtt komi til. Ég mun sem sagt leyfa mér að skilja till. þannig, að innflutningurinn verði miðaður við þá getu, sem í landinu er.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. samgmrh., að samþykkt till. sem þessarar mundi vera skoðuð sem ósk, svo lengi sem Alþ. tekur sér ekki vald til að ákveða vöruinnflutninginn sjálft. Og slíkt er ekki hægt, nema um leið sé tekin ákvörðun um annaðhvort að draga úr öðrum innflutningi eða bæta það upp á annan hátt. En við komumst ekki hjá að endurskoða vinnubrögð Alþ. í málum eins og þessum. Ég sé sem sagt ekki, að kjósendur séu neitt bættari, þótt svona samþykktir séu gerðar, ef engin trygging er fyrir því, að vilji samþykktarinnar verði framkvæmdur. En það verður að fjalla um þessi mál í heild. Það er ekki hægt að samþ. innflutning landbúnaðarvéla í dag, jeppa á morgun, annarra bíla hinn daginn, kaffis og vefnaðarvöru þar á eftir. Það eru engin vinnubrögð að samþykkja slíkt hér og senda það hæstv. ríkisstj. og segja svo við kjósendur: Ég gerði svona góða samþykkt í þinginu. — Alþ. afgreiðir fjárlög upp á 200—300 millj. kr., og við rífumst um, hvort einn vegur á að kosta 15 eða 20 þús. kr. En Alþ. semur ekki innflutningsáætlunina, sem er raunar miklu þýðingarmeiri fyrir fólkið. Svo rekst þetta hvort tveggja á. Slíkt eru engin vinnubrögð, og því getur enginn mælt bót fyrir sínum

kjósendum. Það er ekki hægt að reikna með í dag að veita 8 millj. í bíla, en komast svo að þeirri niðurstöðu á morgun, að þær ættu að fara í eitthvað annað. Þessir hlutir verða að fara saman, þannig að innflutningsáætlunin, sem fjárhagsráð undirbýr, sé lögð fyrir Alþ. með fjárlögum og afgreidd samhliða þeim. Það eru einu vinnubrögðin, sem vit er í.

Auðvitað er enginn þm. á móti svona till., það er svo sem gefið mál., öll n. er með henni, allir sammála um hana. En hvar er svo tryggingin fyrir því, að þetta verði framkvæmt, hver tekur ábyrgð á því? *Ég álít, að Alþ. eigi að fara fram á*, að innflutningsáætlunin sé lögð fyrir það, og þá getur þingið sjálft tekið ákvarðanir sínar um það, hvað mikið skuli flutt inn af hverri vörutegund, bílum, vélum, kaffi, fatnaði o. s. frv., ákveðið, hvar þörfin er mest og hvað skuli spara, til þess að hægt sé að flytja það inn, sem talið er nauðsynlegast. Sannast að segja finnst mér anzi hart, að ég sem formaður stjórnarandstöðunnar hér í þinginu skuli þurfa að standa upp og halda hér ræðu um þetta, því að það hefði staðið stuðningsmönnum stj. nær að benda á þetta. Það er verið að gera Alþ. aftur að ráðgefandi *þingi með þessum vinnubrögðum*, er gefur ríkisstj. og fjárhagsráði ráðleggingar, en ræður ekki sjálft. Ég álít, að það eigi að afgreiða innflutningsáætlunina jafnhliða fjárlögum, og ég skírskota alvarlega til allra þingmanna að taka þetta upp, taka sjálfir ábyrgð á þessari áætlun og afgreiða hana með fjárlögum. Annars er þetta allt saman skollaleikur einn, leikinn fyrir kjósendur.

Finnur Jónsson: Mér þótti þetta mjög góð ræða hjá hv. 2. þm. Reykv., og ef ég hefði talað hér um jeppainnflutninginn í gær, mundi ég hafa sagt eitthvað svipað þessu.

Ég hafði einmitt ætlað mér að skora á hæstv. viðskmrh. að birta innflutningsáætlun fjárhagsráðs sem fyrst, af því að það er skoðun mín, að með því yrði leitt í ljós, að það er varhugavert af Alþ. að samþykkja að flytja inn svo og svo mikið af tilteknum vörum án þess að hafa gert sér þess ljósa grein, hvað þarf af öðrum vörum. Segjum t. d., að Alþ. samþ. að flytja inn landbúnaðarvélar á árinu fyrir 20 millj. kr., en í innflutningsáætluninni væri ekki gert ráð fyrir nema 10 millj. kr. í þessu skyni. Ef áætlunin væri birt, hefðu þm. skilyrði, annars ekki, til að benda á, hvaða *innflutningsliðir* þyrftu þá að lækka til að vega upp á móti auknum innflutningi landbúnaðarvéla, svo að innflutningur og útflutningur stæðust á. Með því hins vegar að birta þm. ekki áætlunina, þá koma þeir með tillögur, sem eru stundum alveg út í loftið. Ég vil ekki segja, að innflutningsáætlunin sé plagg, sem ekki megi breyta eða hrófla við, en að baki hennar liggur margra mánaða vinna fjárhagsráðs, og þeir, sem hafa samið hana, hafa reynt að gera sér sem allra ljósasta grein fyrir einstökum liðum hennar og byggt þar á beztu upplýsingum, sem fáanlegar eru hér á landi. Ríkisstj. var send áætlun þessi upp úr áramótunum, og hún er þar enn til athugunar.

Ég held nú, að ekki ætti að leggja þessa innflutningsáætlun fyrir Alþ. í því skyni, að það afgr. hana. Til þess þyrfti fyrst að breyta lögunum um fjárhagsráð, en aðalmótbáran er sú, að slík áætlun verður að vera mjög teygjanleg, en ekkert svipuð lagaákvörðunum frá Alþ. T. d. hefur verið mikið kvartað um það, að það vantaði vörur fyrir útgefnum skömmtunarseðlum. Nú mun vera meiningin á þessu ári að auka vefnaðarvöru í landinu, auka þær birgðir af vörum, sem skömmtunarseðlarnir eru ávísun á. Enn fremur hefur verið gert ráð fyrir, að ríkið hefði sérstakar tekjur af innflutningi ýmissa vörutegunda, og er tekið tillit til þeirrar tekjuöflunar í áætluninni, eða reynt að gera það. En jafnvel þótt samin sé áætlun og frá henni gengið í nóvember, eða ekki fyrr en um áramót, eins og nú var gert, þá getur ýmislegt komið fyrir, sem gerir það að verkum, að nauðsynlegt reynist að breyta þeirri áætlun og meira en svo, að Alþ. geti afgreitt hana. Það þarf að gera breytingar á þessari áætlun eftir þörfum, og ástæðurnar geta verið þær, að meira eða minna þarf að nota af þessari eða hinni vörutegund, þegar kemur fram á árið. En langveigamesta ástæðan til þess, að áætlunin þarf að vera teygjanleg, er óvissan um útflutning okkar, um hann er svo erfitt að segja fyrr en líður á árið. Annars ætla ég ekki að fara að gera þessa áætlun að umtalsefni í einstökum atriðum, enda liggur hún ekki hér fyrir Alþ. En ég vil benda á eitt nærtækt dæmi, sem sýnir glöggt, hve útflutningurinn er breytilegur, og þá jafnframt, hvað innflutningsáætlun þarf að vera teygjanleg, en ekki fastskorðuð. Ég ætla að benda á það, að fyrstu tvo mánuði ársins í fyrra var flutt út faxasíld fyrir 50—60 millj. kr., en nú í ár hefur engin faxasíld veiðzt, og er raunar séð fyrir endann á því, að hún kemur ekki að þessu sinni. Segjum að annar útflutningur í ár yrði svipaður og í fyrra, togarafiskurinn, hraðfrysti fiskurinn, Norðurlandssíldin o. s. frv., en þó svo yrði, væri heildarverðmæti útfluttrar vöru landsmanna 50—60 millj. kr. minna en í fyrra. Að vísu áttu bankarnir 26 milljónir í sjóði núna um áramótin umfram ábyrgðir, en þegar þess er gætt, að gjaldeyriseyðsla þjóðarinnar er 1,1 millj. kr. á degi hverjum, þá sjá menn að 26 milljónir hrökkva skammt, ef ekki kemur annað til.

Í samræmi við það, sem *ég hef nú sagt*, vildi ég á þessu stigi málsins mjög vara hv. þm. við því að gera samþykktir um innflutning, sem væru e. t. v. þýðingarlausar, er til framkvæmdanna kæmi. Ég hef mikla samúð með því að flytja inn landbúnaðarvélar, og vélar og nýsköpunartæki yfirleitt, enda er það svo, að í lögunum um fjárhagsráð er ákveðið, að leggja skuli a. m. k. 15% af útflutningstekjunum á *nýbyggingarreikning* til uppbyggingar atvinnuveganna. Á síðasta ári voru lögð fram a. m. k. 30% í þessu skyni, og á þessu ári mun verða lagt til hliðar miklu meira en 15% í þessu skyni og notað til innflutnings á *byggingarvörum*. Ég er þess fullviss, að fjárhagsráð mun fara svo langt í því efni að flytja inn tæki til atvinnuveganna sem frekast er unnt að yfirsýn þess. En þegar þess er gætt, að við vitum þegar, að við missum í ár útflutningslið, sem var mjög stór í fyrra, þ. e. faxasíldina, og að eini möguleikinn til að vinna það tap upp er, að sumarsíldin verði meiri en í fyrra eða að faxasíld komi að haustinu, þegar þess er gætt, er það

vissulega athugavert og varhugavert af Alþ. að taka á þessum tíma ákvarðanir um verulega aukinn innflutning frá því, sem fjárhagsráð kann að hafa hugsað sér eða áætlað. Ég tel að þegar stj. hefur gengið frá innflutningsáætluninni, væri rétt, að hún væri látin þm. í té til afnota, bæði í sambandi við þessar tillögur hér í þinginu um aukinn innflutning og eins vegna þess, að svo stendur á um ýmsar framkvæmdir einstaklinga, að þær verða að fara eftir því, hvað ríkið ákveður af sínum framkvæmdum. Því meira sem ríkið byggir, því minna byggja einstaklingar. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að fjárlög og innflutningsáætlun verða að vera í nokkru samræmi, og þm. gerðu vel í því að gera sér ljóst, að á meðan takmarka þarf innflutninginn, fara framkvæmdir einstaklinga mikið eftir því, hvað ríkið ákveður af sínum framkvæmdum, og þá verða þm. að ákveða, í hvaða hlutföllum framkvæmdir þessara aðila, húsabyggingar eða hvað annað, skuli standa innbyrðis. Æskilegast væri, að fjárlagafrv. gæti fylgt hrein áætlun um ríkisbúskapinn í stórum dráttum, bæði búskap ríkisins og einstaklingsrekstur. En því miður eru hagskýrslur þannig, að á þessu er enginn kostur, og til þess að svo mætti verða, yrði að eiga sér stað gerbreyting á skýrslum hagstofunnar. Það verður því að láta nægja að leggja fram útflutnings- og innflutningsáætlun við afgreiðslu fjárlaganna.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. viðskmrh. sagði hér nokkur orð í sambandi við þessa till., og hann vildi skilja hana dálítið öðruvísi en hún hljóðar. En ég bið hv. þingmenn að lesa tillgr. eins og hún er orðuð á þskj. 247, og þá munu þeir komast að raun um, að það er ekki neitt hættulegt að samþ. hana með því orðalagi og skilja hana eftir orðanna hljóðan. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Á næsta ári verði fluttar til landsins landbúnaðarvélar, eftir því sem þörf krefur, svo sem jarðýtur, skurðgröfur og aðrar stórvirkar vélar, til að fullnægja þörf búnaðarfélaga og ræktunarsambanda. Einnig minni dráttarvélar og aðrar búvélar, eftir því sem frekast er unnt.“ Litlar dráttarvélar og aðrar búvélar munu verða miklu fyrirferðarmeiri í innflutningnum en stórvirku vélarnar, enda stendur aðeins í till., að minni vélarnar skuli fluttar inn eftir því, sem unnt er. Það liggur því engin hætta í því að samþ. tillgr. og skilja hana eftir orðanna hljóðan. Ég geri ráð fyrir, að flestir þm. vilji fullnægja þörf búnaðarfélaga og ræktunarsambanda fyrir stórvirkar vélar á þessu ári. Tillgr. miðast við að flytja þær vélar inn eftir þörfum, og sannast að segja eru það ekki svo ýkja margar stórvirkar vélar, sem þarf að flytja inn. Sá innflutningur verður miklu minni en innflutningur á minni dráttarvélum og öðrum búvélum.

Hæstv. samgmrh. minntist á það í ræðu hér í gær, að landbúnaðurinn hefði dregizt saman á síðustu árum. Það er rétt, og það stafar aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er það fólksfækkunin, og í öðru lagi er ræktunin of lítil og framþróunin of hægfara á því sviði. Enn er heyjað með orfum og hrífum, tækjum, sem eru orðin úrelt og þyrftu að hverfa úr sögunni, og enn er heyjað á útengi, þótt svo þyrfti að vera í haginn búið, að allur heyskapur væri tekinn á ræktuðu landi, og það þarf að verða svo sem allra fyrst.

Ég er því vitaskuld fyllilega sammála, að miða þurfi innflutninginn við gjaldeyrisöflunina hverju sinni. En þótt fjárhagsráð hafi í áætlun sinni gert ráð fyrir 10 millj. kr. til innflutnings landbúnaðarvéla, þá dettur mér ekki í hug, að ekki megi hreyfa við þeirri áætlun. Einmitt af því, að gjaldeyririnn er naumur, þarf vel að vega og meta, hvað helzt á að ganga fyrir um innflutning, og er ég þá ekki í neinum vafa um, að þar kæmu landbúnaðarvélar og tæki fremst í flokki. Ef þeirri þörf væri fullnægt, væri hægt að hætta innflutningi á smjöri og að tala um mjólkurskort í stórum stíl. Ég vil því eindregið mæla með því, að þessi till. verði samþ. og skilin eins og hún hljóðar, enda var allshn. ekki í neinum vafa um, hvernig ætti að skilja hana, hún var öll sammála um, að fullnægja bæri þörf búnaðarfélaga og ræktunarsambanda í þessu efni. Þetta vildi ég aðeins segja við hæstv. samg.- og viðskmrh.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að eyða orðum við hv. 2. þm. Reykv. Hann talaði um það með miklum málalengingum, að það væri ekkert vit í því og engin vinnubrögð hjá Alþ. að samþykkja þessa till. til þál. Hvenær öðlaðist hann slíkan skilning á ályktunum Alþ.? Hefur hann haft þennan skilning, er hann hefur sjálfur flutt þáltill., sem ekki hefur sjaldan borið við, eða er yfirborðsmennskan svona mikil? Ég legg allt annan skilning í slíkar tilllögur. Ef Alþ. samþykkir till., sem er svo greinileg, að hún verði ekki misskilin, þá sé ég ekki, að það sé gert til annars en að fara eftir því. Ég fæ ekki skilið, að það séu engin vinnubrögð. Hv. þm. hefur hingað til talið þál. skipta máli. — Ég held, að það sé með öllu óþarft að fjölyrða um þetta. En ég taldi rétt að svara athugasemd hæstv. viðskmrh., og ég held, er hann athugar þetta nánar, að hann geti með góðri samvizku verið með þessari till.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og skýrt var frá í gær, er fjárhagsráð búið að semja innflutningsáætlun sína, en ríkisstj. á eftir að leggja síðustu hönd á hana. Það er rétt, að þar er gert ráð fyrir að flytja inn landbúnaðarvélar fyrir 10 millj. kr. Minni hluti ráðsins hefur þó gert till. um hækkun á þessari upphæð og eins um að auka jeppainnflutning frá því, sem gert er ráð fyrir í áætluninni, og jafnframt hefur sami minni hluti gert till. til lækkunar á öðrum innflutningsliðum til mótvægis, og verður gengið frá þessum ágreiningi í stjórninni.

Hér hafa komið fram raddir um það, að þessi áætlun verði lögð fyrir Alþ. Ég er nú ekki viss um, að það bætti nokkuð vinnubrögð Alþ. að gera það að eins konar innflutningsnefnd. Hitt væri ekki nema gott, að þm. kynntust þessari áætlun svo fljótt sem unnt er, og ekki tilgangslaust, að þessi mál væru rædd hér í stórum dráttum, þó að aðrir aðilar verði að leiða þau til lykta.

Ég tel, að viljayfirlýsing Alþ. sé góð og gild og að hana beri að taka alvarlega og framkvæma, eftir því sem tök eru á. Ég tel, að ríkisstj. verði að gera sitt ýtrasta til að framkvæma

yfirlýstan vilja Alþ., og ef þessi till. nær samþykki, er hún greinileg yfirlýsing Alþ., sem ríkisstj. er rétt og skylt að framkvæma, eftir því sem tök eru á.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér kom dálítið á óvart, hvernig hv. 2. þm. Rang. tók minni ræðu. Hann virtist vera að reyna að leggja mikið upp úr því, að það væri að mínu áliti þýðingarlítið að samþykkja þáltill. í sameinuðu þingi. Það, sem ég var að tala um, var það, að það væri betra, að Alþ. tæki sjálft ákvarðanir og hefði vald til að ráða yfir hlutunum, heldur en að samþykkja till. um að óska eftir, að þetta og þetta yrði gert. Ég veit ekki, hvort hv. 2. þm. Rang. kallaði það góða afgreiðslu á vegamálum Rangárvallasýslu að samþykkja ályktun um það, að það ætti að gera vegi í Rangárvallasýslu eftir því, sem þörf krefði, og síðan ætti að treysta ríkisstj. og vegamálastjórninni til að sjá um, að það yrði gert. Ég býst við, að hv. 2. þm. Rang. þætti betra að hafa í fjárl. ákveðinn póst um þennan veg og ákveðinn póst um hinn veginn. Það var þetta, sem ég var að bera saman, og mér finnst það undarlegur hlutur hjá hv. þm., að geta ekki fallizt á, að það væri heppilegra, að Alþ. sjálft tæki ákvörðun um þessa hluti og hefði vald til þess, heldur en að samþ. þessa þáltill. Hv. 2. þm. Rang. komst svo að orði, að þegar væri verið að tala um ýmsa liði innflutningsáætlunarinnar, þá yrði að meta, hvað nauðsynlegt væri. Hvernig vill hann láta meta þetta? Vill hann láta Alþ. meta það, eins og það gerir t. d. viðvíkjandi vegaframkvæmdum, eða vill hann láta fjárhagsráð og ríkisstj. meta það? Ég skil það svo, að hv. 2. þm. Rang. vilji láta sér nægja þessa samþykkt, sem hér er til umr., og dreg ég ekki úr gildi hennar almennt, en hitt er annað mál, að lagaákvörðun frá Alþ. hefur meira gildi. Ef hann vill láta sér nægja að gera svona ályktun, þá þýðir það þar með, að hann vill fela ríkisstj. og fjárhagsráði allan veg og vanda og lætur allt sitt traust til þeirra í þessum efnum, og þá er það hann, sem frammi fyrir sínum kjósendum ber ábyrgð á því, að þetta er afgreitt svona og hvernig ríkisstj. afgreiðir þetta, því að honum stendur til boða, að Alþ. sjálft ákveði, hvað mikið verður flutt inn af landbúnaðarvélum. Hv. þm. verður að velja á milli þess að ákveða, hvað þetta á að vera mikið á ári, og hins, að óska eftir með þál., að ríkisstj. geri það, sem þörf krefur. Við skulum taka dæmi. Það er nú upplýst af hæstv. atvmrh., að í fjárhagsráði sé ekki einu sinni samkomulag um afgreiðslu á þessum lið, þ. e. a. s. um landbúnaðarvélar. Fjárhagsráð er klofið. Meiri hlutinn vill hafa þetta 10 millj., en minni hlutinn að líkindum eitthvað meira. Lýsir þá hv. 2. þm. Rang. því hér með yfir, að hann felli sig við það, sem meiri hl. fjárhagsráðs ákveður í þessu máli, og sé ánægður með það? Það virðist mér hann gera, þegar hann álítur nóg að samþ. þessa þáltill. og leggur þar með allt sitt traust á ríkisstj. og fjárhagsráð. Ég álít þess vegna, að því fari fjarri, að það sé rétt af hv. 2. þm. Rang. að vera að tala á móti því, sem ég minntist á, — ég held þvert á móti, að hann ætti að taka undir það. Ég vil í því sambandi benda honum á raunhæft atriði, sem þarna liggur fyrir. Við skulum segja, að það séu till. frá meiri hl. fjárhagsráðs um að flytja inn landbúnaðarvélar fyrir 10 millj. kr. á þessu ári, enn fremur að það sé till. frá fjárhagsráði um að flytja inn bíla fyrir 8 millj. kr., og nú skulum við segja, að það væri sagt við hv. 2. þm. Rang. sem þm., sem hefði vald í þessu máli: Ef þú vilt fá meira af landbúnaðarvélum en fyrir 10 millj., þá verður þú að ganga inn á að skera niður eitthvað af bílainnflutningnum. — Ég gæti þá hugsað mér, að hv. 2. þm. Rang., sem ber alveg sérstaklega hag landbúnaðarins fyrir brjósti, hvað stórar landbúnaðarvélar snertir, mundi segja, að ef búnaðarfélögin hefðu þörf fyrir vélar fyrir 16 millj., þá vildi hann heldur, að bílarnir yrðu skornir niður sem því svarar. En þetta gæti hann, sem og aðrir þm., tekið ákvörðun um, ef innflutningsáætlunin væri lögð fyrir Alþ., og það er sannarlega þýðingarmeira fyrir okkur að greiða atkv. um það, hvort eigi að flytja inn landbúnaðarvélar fyrir 10—15 millj., heldur en að við greiðum atkv. um veg fyrir 15—20 þús. kr. á þessu ári. Ég held þess vegna, að það fari fjarri því, að það sé rétt af hv. 2. þm. Rang. að vera að fjandskapast út af því, sem ég sagði, — ég held þvert á móti, að hann ætti að endurskoða afstöðu sína og taka afstöðu með því, sem ég sagði um þetta. Við 2. umr. fjárl. í fyrra benti ég á það, og undirstrikaði það, að ég áliti alveg óhjákvæmilegt, að innflutningsáætlunin lægi fyrir um leið og fjárl. og þingið tæki ákvörðun um hana um leið og fjárl. Ég hef aldrei sagt, að það væru engin vinnubrögð að samþ. þáltill., en ég hef sagt, að Alþ. ætti að hafa vald til þess að ákveða innflutningsáætlunina sjálft. Viljayfirlýsing frá Alþ. er ágæt, en l., sem ákveða valdið, eru betri.

Hv. þm. Ísaf. minntist á það í sinni ræðu, að það mundu vera vissir erfiðleikar í sambandi við afgreiðslu innflutnings- og útflutningsáætlunar eða þjóðarbúskaparáætlunar. Ég efast um, að það mundu vera svo miklir erfiðleikar á slíkri afgreiðslu. Ég held, að okkar vinnutíma hér á Alþ. væri ekki illa varið, þó að við ynnum að því að ganga frá slíkri áætlun eins og fjárl. Ég veit ekki betur en að í norska Stórþinginu sé afgreidd slík þjóðarbúskaparáætlun samtímis fjárl., fjmrh. leggur þjóðarbúskaparáætlunina fyrir þingið um leið og ríkisfjárl., og þingið getur gert sínar brtt., enda er komið svo hjá flestum þjóðum, að þessar ákvarðanir, um innflutning og útflutning, eru eins þýðingarmiklar eða þýðingarmeiri en fjárl., og það fer svo saman, að ógerlegt er að afgreiða þetta hvort út af fyrir sig, það mundu ella verða svo margir árekstrar þarna á milli.

Ég sé ekki annað en að með þeim tekjuöflunum, sem ríkisstj. fór inn á á síðasta ári, sé óbeint ýtt undir að flytja inn ýmsa hluti til landsins vegna þess, að það gefur hátt gjald í ríkissjóð, þó að þeir kosti mikinn gjaldeyri og séu ekki í samræmi við aðra hagsmuni ríkissjóðs. Þar rekast á hagsmunir þjóðarbúskaparins og hagsmunir ríkissjóðs. Þegar gera á upp, hvernig gjaldeyrinum skuli varið, þá er eðlilegt, að Alþ. taki endanlega ákvörðun um þetta sem heild, en ekki aðeins tekjuöflunarl. og fjárl. Þess vegna álít ég, að vinnubrögðin væru bezt með því, að þetta sé sameiginlega afgreitt. Hins vegar benti

hv. þm. Ísaf. á, að það væru þeir erfiðleikar, að innflutningsáætlunin þyrfti að vera teygjanleg, og það er rétt. Nú vitum við, að fjárl. undanfarin ár hafa þótt furðanlega teygjanleg. Ég man ekki betur en að meiri hl. Alþ. hafi gert þá samþykkt í sambandi við fjárlög á síðustu árum, að heimila fjmrh. að skera niður allt að 35% vissa liði, ef sérstaklega stæði á, og það er litlum efa bundið, að Alþ. mundi í sambandi við slíkar innflutnings- og útflutningsáætlanir geta gert sínar áætlanir, og í erfiðum árum mætti skera niður einhverja ákveðna liði, þannig að Alþ. flokki þetta í sundur, eins og gert er á fjárl., og væri þá hægt að spara hluti, sem Alþ. legði minna upp úr. Það eru því engir erfiðleikar á slíkri afgreiðslu, og það væri áreiðanlega hægt að skapa teygjanleik í sambandi við slíka afgreiðslu hér á Alþ. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ísaf. sagði um útflutninginn, þá er það engum efa bundið, að það er hægt að auka útflutninginn, og ég tek undir það með Morgunblaðinu, að fiskútflutningurinn gæti verið meiri, ef af hálfu yfirvaldanna hefðu ekki verið gerðar róttækar ráðstafanir til að hindra það.

Ég stóð upp aðeins til að minnast á þetta, að ég álít, að Alþ. eigi að taka innflutningsáætlunina fyrir í sambandi við fjárl. og afgreiða hana eins og l. Ég álít, að það sé rétt, að það þurfi að gera breyt. á fjárhagsráðsl. En þetta eru þau einu vinnubrögð, sem ég álít, að sé við unandi fyrir Alþ., og fyrir þá, sem bera fram þessa þál., þá álít ég að þetta sé eina lausnin, sem sé tryggð fyrir því, að það, sem þeir vilja gera, verði framkvæmt, þannig að þeir beri þá ábyrgð á því, hvað er skorið niður af öðrum liðum til að tryggja innflutning á landbúnaðarvélum, eins og hér er gert ráð fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég finn ástæðu til þess að gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli, því að hún mun nokkuð sérstæð og ekki í samræmi við aðra flokksmenn mína.

Ég vil þá fyrst benda á það, að hér er um þáltill. að ræða, en ekki lög. Þál. eru viljayfirlýsingar, lög eru fyrirmæli. Það liggur fyrir um það hæstaréttardómur, að ríkisstjórn sé ekki skyldug að fara eftir þáltill., og þar sem til eru nokkur lög, sem vitað er, að ekki er farið eftir af núverandi ríkisstj., geri ég ekki ráð fyrir, að hún fari mikið eftir þáltill. Það skiptir því litlu, hvort till. verður samþ. eða ekki.

Þá tel ég ekki heppilegt, að Alþ. taki einstaka vöruflokka út úr heildarinnflutningsáætlun fjárhagsráðs og geri um þá samþykkt. Ég lít þannig á, að það þurfi að skoða og meta hvern einstakan vöruflokk í innflutningsáætlun fjárhagsráðs í samanburði við hina og heildina og því sé það óhyggilegt að samþ. þessa till. Það er kunnugt, að það hefur orðið ágreiningur um það í fjárhagsráði, hve miklu fé sé hægt að ráðstafa á árinu 1949 til landbúnaðarvéla, og þeim ágreiningi hefur verið skotið til ríkisstj., sem nú hefur málið til úrskurðar. Minni hlutinn — framsóknarmennirnir í ráðinu — hafa viljað verja til þess meira en hinir telja mögulegt. Ég vil ekki með samþykkt þessarar till. styðja að því að nota mætti hana sem skálkaskjól til þess að minnka innflutninginn frá því, sem hann gæti orðið mestur, þegar tekið er tillit til allra aðstæðna á áætluninni, en til þess mætti nota till., ef samþ. yrði.

Þá er þess enn að geta, að ég tel, að nauðsynlegt sé, að á milli þeirrar nýræktar, sem gerð er í landinu ár hvert, og þess áburðar, sem inn fæst fluttur, þurfi að vera samræmi. Það er ekki gagn að nýræktinni, nema hún komist í rækt, en til þess þarf áburð. Ég vil því fá að vita, hvort séð er sæmilega fyrir áburðarinnflutningnum, áður en ég get fylgt þessari till., svo og kynnast innflutningsáætluninni í heild. Enn má fjvn. ekki gleyma því, að því meira fé, sem ætlað er til verkfærakaupa handa ræktunarsamböndum, því meiri styrk þarf að ætla til þeirra í fjárlögum, og vænti ég, að þessa verði gætt við samþykkt fjárlaga.

Þá var sagt hér í gær af þm. A-Húnv. undir umræðum um 21. mál og í dag af þm. Rang., að landbúnaðarframleiðslan væri að dragast saman. Þetta er ekki rétt. Það er rétt, að fólki í sveitunum hefur fækkað og býli hafa lagzt í eyði, en þrátt fyrir það hefur mjólkurframleiðslan aldrei orðið meiri en árið 1948, og þótt kjötframleiðslan þá yrði minni en 1947, þá var hún meiri en áður og því ekki hægt að tala um samdrátt. Og garðmatur og grænmeti hefur ekki í annan tíma orðið meiri en 1948, enda stöðugt að aukast ár frá ári, þótt misjafnt árferði geri uppskeruna nokkuð misjafna. Og þetta kemur af því, að afköst einstaklinganna hafa aukizt, og það vegur meira en fólksfækkunin. Þetta kemur sumpart af umbótunum, af jarðabótum, og því er bændum vitanlega lífsnauðsyn að fá verkfæri til að framkvæma þær með. En þetta kemur líka af meiri tækni, betri verkfærum o. fl., og þess vegna er þess þörf að flytja inn af þeim eins og frekast er mögulegt miðað við annað, sem líka er nauðsynlegt. En af nýræktinni hefur enginn gagn, nema hún komist í rækt, og þess vegna þarf framkvæmd hennar og innflutningur áburðar að vera í samræmi hvað við annað. Ég mun ekki geta fylgt þessari till., fyrr en ég sé, hvað koma á af tilbúnum áburði til landsins og hvernig innflutningsáætlunin að öðru leyti er, því að þar verður að meta saman hina einstöku vöruflokka, áður en hægt er að taka einn út úr heildinni og ákveða, hve miklu skuli verja til hans.

Gísli Jónsson: Áður en greitt er atkv. um þessa till., vildi ég gjarnan fá upplýst hjá hv. frsm., hvort skilningur minn á till. muni falla saman við skilning hans og hv. allshn. á henni, eins og hún er hér á þskj. 247. Þar skilst mér, að aðalmarkmið till. sé fyrst og fremst að flytja inn jarðýtur, skurðgröfur og aðrar stórvirkar vélar, svo að það fullnægi ræktunarsamböndum, eins og hann tók fram, en það er ekki upplýst hér, hvað mikil fjárhæð þetta kann að vera. Síðar í þessari till. er því einnig slegið föstu, að jafnframt skuli séð fyrir nægilegum varahlutum, væntanlega til þeirra véla. Þetta tvennt felur till. í sér að eigi að ganga fyrir öðrum innflutningi á búvélum. Nú vil ég spyrja um það, hvort þessi upphæð muni nema eins miklu eða meiru en sú upphæð, sem sett er inn af fjárhagsráði, 10 millj. kr., og hvort ætlazt er til, að haldið sé fast við þenn-

an innflutning, og minni dráttarvélar eigi ekki að koma til greina. En þessi hlýtur skilningurinn að vera á till. eins og hún liggur fyrir, hún verður ekki skilin öðruvísi en að ríkisstj. skuli stuðla að því fyrst og fremst að flytja inn stórar vélar eftir þörfum og alla varahluti, sem einnig fullnægi eftirspurninni, en síðan komi svo minni dráttarvélar eftir því, sem gjaldeyrir er til á hverjum tíma. Ég vildi gjarnan fá þessar upplýsingar hjá hv. þm. Þegar athuguð er sjálf þáltill., þá sést, að flm. hafa lagt áherzlu á að fá 500 smærri dráttarvélar, en nú er það sett til hliðar hér á þskj. 247. Ég veit ekki, hvort þetta er gert í samráði við flm., en það getur hv. frsm. upplýst. Að vísu má segja, að þetta þrennt í frumtill. sé jafnrétthátt, en það verður ekki skilið af till. á þskj. 247, því að þar er þessi skilgreining gerð eins og ég hef lýst.

En úr því að ég stóð upp í sambandi við þetta mál, þá vil ég minnast á ummæli hv. frsm. Hann sagði, að hann ætlaðist ekki til þess að Alþ. samþ. tilllögur nema farið væri eftir þeim, þannig að þær yrðu ekki aðeins ómerkilegt plagg. Mér skildist einnig á hans ræðu, að það væri tilgangurinn með samþykkt þessarar till., að hún yrði ekkert ómerkilegt plagg, ef hún yrði samþ. Nú vil ég spyrja: Er það álit hv. flm., sem eru margir, að gera með þessu merkilega plaggi ákvæði fjárhagsráðsl. að ómerkilegu plaggi, en það er alveg sjálfsagt, að ef staðið er fast á þeirri skoðun, að þessi þál. sé merkilegt og gilt plagg, þá verði hitt plaggið að víkja til hliðar, ef það fer aðrar leiðir en þetta nýja plagg, sem verið er að gefa út nú.

Það er nokkuð alvarlegt mál, að hvenær sem rætt er um verzlunarmál og viðskiptamál hér á þingi, þá skuli koma frá einhverjum stuðningsmanni ríkisstj., eða ríkisstj., hrein og bein klögun á fjárhagsráð. Það voru ekki minna en 3 ráðh., sem klöguðu undan fjárhagsráði á síðasta Alþ., og nú er komin fram kvörtun um, að þeir fái ekki að ráða málum, og það koma fram fleiri till. um að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að aðrar leiðir verði farnar í innflutningi en fjárhagsráð fer. Virðist þá vera kominn tími til að athuga, hvort þm. eigi ekki að taka sig saman um að gera breyt. á þessum l. Ég kom með breyt. á fjárhagsráðsl. á síðasta Alþ., þar sem lagt var til, að fjárhagsráð yrði lagt niður. Þessi till. mín var felld, en ég sé, að nú skýtur upp daglega þessum ásökunum á þessa stofnun, og held ég því, að það sé kominn tími til að athuga, hvort ekki eigi að minnka vald þessarar stofnunar og leggja innflutningsáætlunina fyrir Alþ.

Ég sé, að fundartími er úti, og þótt margt mætti ræða frekar um þetta atriði, þá skal ég ekki tefja fundinn í dag; en þetta er svo alvarlegt mál, að það veitti ekki af að taka það til athugunar.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var fram haldið síðari umr. um till. (A. 22, n. 247, 291).

Forseti (JPálm): Hv. 1. þm. N-M. hafði kvatt sér hljóðs. Nú, — það er reyndar gott, ef hv. þm. fellur frá orðinu. Og hv. þm. Barð. fellur frá því líka.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér var gefinn kostur á að mæta á f. hjá allshn. í morgun og ræða við hana um málið. Þá fékk ég þá skýringu á till., að hún mundi geta rúmazt innan takmarkana innflutningsáætlunar fjárhagsráðs. Ef svo er, er ég henni samþykkur. En fari hún fram á aukin gjaldeyrisútlát umfram innflutningsáætlunina, þá er ég þess ekki hvetjandi, að hún verði samþ. — fremur en varðandi jeppana, enda tek ég fram, að þegar fullnægt hefur verið þörfinni á jarðræktarvélum, þá er hægt að flytja aðrar vélar inn. Með þeim skilningi get ég látið athugasemdalaust og afskiptalaust um afgreiðslu málsins.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð. Ég tel till. ekki í verra formi frá n. komna en í upphafi. Og á ég við það, að í till. er lögð áherzla á innflutning ræktunarvéla, skurðgrafna o. fl. Sannleikurinn er sá, að full nauðsyn er á ákveðinni tölu af vélum. Munu jarðræktarframkvæmdir í landinu stöðvast, nema þær fáist. Svo mikill óréttur er gerður héruðunum, að sum hafa fengið tæki og önnur ekki, orðið út undan. Framkvæmdir samkv. l. eru stöðvaðar, þar sem ræktunarvélar hafa eigi fengizt til félaga. Því er nauðsynlegt að fá þarna ákveðna tölu véla til þess að fullnægja brýnustu þörfum. Þykir mér sérstaklega vænt um orð hæstv. viðskmrh. áðan, að till. rúmist innan innflutningsáætlunarinnar fyrir þetta ár. Ef svo er, er vel farið, og ég vona, að úr þessu fari nú að rætast. — Ég skal taka það fram vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram, að rétt er, að ræktunarframkvæmdir takmarkast af áburðarskorti. Og það er engan veginn hættulaust að hvetja menn til að hefja ræktun í ríkum mæli, nema skilyrði séu fyrir hendi að fá nægilegan áburð. En við munum tæplega þurfa að óttast skort eftirleiðis. Mun áburðurinn fást í vor. Ég held, eftir síðustu fréttum að dæma, að þetta verði síðasta árið, sem við munum þurfa að búa við skömmtun á þessari vöru, þannig að árið 1950 muni nægur tilbúinn áburður fást með skynsamlegum kaupum. Því held ég, að sú ætlun manna þurfi hér á engan hátt að standa í vegi, að fáist ræktunarvélarnar, verði um áburðarskort að ræða, áburðarþörfinni eigi fullnægt. Þetta vil ég taka fram. Gleður það mig, að kröfurnar, sem gerðar eru um ákveðna tölu af vélum, geti rúmazt innan innflutningsáætlunarinnar. Hins vegar er þörfin fyrir minni dráttarvélar umdeild. — Það dettur engum í hug að neita því, að það er hægt að nota hesta til að draga sláttuvélar og aðrar minni vélar, en það er bara þýðingarlaust að tala um það, því að fólkið heimtar önnur tæki. Þróunin er sú, að vélarnar ryðja sér braut og fólkið vill nota þær, og þess vegna verður að flytja þær inn, eftir því sem mögulegt er, fyrst stóru dráttarvélarnar til að brjóta landið og svo minni vélar til að yrkja hið ræktaða land.

Úr því að ég stóð upp, ætla ég að víkja nokkr-

um orðum að einu máli, sem hér hefur dregizt inn í umr., en það er framleiðsla landbúnaðarins, sem sumir hafa haldið fram, að hafi minnkað á síðustu árum, og aðrir, að hafi vaxið. Ég held, að það sé bezt að hafa það, sem sannast reynist í þessu máli sem öðrum, og það rétta er, að kjötframleiðslan var 1200 tonnum minni 1948 en áður. Þetta stafar af fækkun fjárins í sambandi við sauðfjárveiki, sem herjað hefur í bústofni landsmanna, en það er líka vegna þess, að bændur settu miklu meira á af lömbum á því ári en næstu ár áður, og það þýðir að vísu minnkandi kjötframleiðslu í ár, en vaxandi bústofn og þar af leiðandi aukna kjötframleiðslu í framtíðinni. Sannleikurinn er því sá, að kjötframleiðslan stendur nokkuð í stað, því þó að ærtalan minnki, þá hefur afurðamagnið vaxið sem þeirri fækkun nemur. Hins vegar hefur mjólkurframleiðslan aukizt, og er hún 3 millj. kg. meiri síðasta ár en næsta ár á undan. Að vísu er það að sumu leyti vegna þess, að ný mjólkursvæði hafa stofnað mjólkurbú og hafið mjólkursölu, en þrátt fyrir það mun framleiðslan hafa aukizt nokkuð. Að þessu athuguðu mun hið rétta í þessu máli, að framleiðsla landbúnaðarins er svipuð og nokkur ár áður, hefur þó fremur aukizt en hitt. Ástæðan til þess, að landbúnaðurinn hefur ekki verulega aukið framleiðslu sína, er sú, að hann hefur ekki enn fengið aðstöðu og tæki nema að litlu leyti til þess, að hægt sé að reka hann eftir nútíma kröfum. Þetta er þó í áttina, og komi ekkert sérstakt strik í reikninginn, ætti mjólkurframleiðslan að aukast verulega á næstu árum, og ég vona, að kjötframleiðslan eigi eftir að aukast líka, því að ég er ekki í vafa um, að við eigum að auka sauðfjárræktina, því að skilyrðin til þess eru svo ákjósanleg í sumum héruðum landsins, að vart verður á betra kosið. Mér þætti heldur ekki ólíklegt, að á næstu 10 árum vaxi kjötframleiðslan um ⅓ til ½, miðað við það, sem hún er nú. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en taldi hins vegar rétt að láta það koma fram að gefnu tilefni.

Þar sem náðst hefur samkomulag við viðskmrh. um þessa þál., virðist mér eðlilegt og rétt, að hún hljóti samþykki.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Tveir hv. þm. — 1. þm. N-M. og þm. Barð. — voru með fyrirspurn til mín fyrir nokkrum dögum. Þeir eru nú ekki staddir hér og því varla von, að ég geti nú upplýst þá. En ég vil geta þess, að hæstv. viðskmrh. kom á fund hjá allshn. í morgun, og var honum skýrt frá viðhorfi n. Og sé við það miðað, hvernig till. er nú orðuð, eftir að allshn. hefur skilað henni frá sér, getur þetta allt saman samrýmzt ágætlega, og ráðh. þarf ekki að leggja annan skilning í till. en eftir orðanna hljóðan. En eins og hv. þm. muna, var það það, sem hæstv. ráðh. fór fram á fyrir nokkrum dögum, að ef hann mætti skilja till. svona eða svona, þá gæti hann þolað, að hún yrði samþ. En nú er það svo, að n. hefur lagt aðaláherzluna á það, að innflutningur stórra ræktunarvéla væri látinn sitja í fyrirrúmi. Ég hef kynnt mér, hve mikil væri þörf búnaðarfélaga og ræktunarsambanda. Nemur hún 3½—4 millj. kr., eftir því sem ræktunarráðunautur ríkisins telur. Sennilega nægði 3½ milljón, ef hætt er við að flytja inn stærri dráttarvélar, 30—40 hestafla. En ráðunauturinn telur hæpið, að rétt sé að kaupa þær vélar, með því að bændur eru nú almennt að eignast eigin dráttarvélar, sem þeir geta notað til jarðvinnslu, eftir að stórvirkari vélar hafa brotið landið. En hvað snertir smærri búvélar, svo sem heimilisdráttarvélar og aðrar vélar, er þannig til orða tekið í till., að gert sé eins og unnt er í þessu efni, eða eins og gjaldeyrisgeta þjóðarinnar leyfir og innflutningsyfirvöld og ríkisstj. sjá sér fært að fara. Þegar þess vegna n. hafði talað við ráðh. og upplýst var, að nær 12 millj. kr. voru ætlaðar til þessa á innflutningsáætluninni, kom í ljós, að ráðh. getur sætt sig við samþykkt till., þótt hún sé ekki skilin á annan veg en hún bókstaflega hljóðar á þskj. 247.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er upplýst hér í umr., að haldinn sé flokksfundur í einum þingflokknum, meðan fundur stendur hér í Sþ. Ég verð að taka enn fram það, sem ég sagði áðan, að það er teflt á það tæpasta að taka til umr. í Sþ. till. á kvöldtíma, jafnvel á meðan einstakir þingflokkar eru að halda flokksfundi, — ég tala nú ekki um, þegar um slíkar till. sem þessa er að ræða. Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. forseta á því, að ef umr. á Alþ. eiga að veita eitthvað örlítið brot af líkindum fyrir því, að það kynni að vera hægt að koma við rökum eða fá menn til að hugsa um það, sem sagt er, þá er fyrsta skilyrðið, að menn séu viðstaddir, sem á þyrftu að hlýða. Hér er síðari hluti umr. um þáltill., og því hæpið að ljúka henni meðan heill þingflokkur er á sínum eigin fundi.

Ég hef flutt brtt. á þskj. 291 við þá brtt., sem allshn. gerir við þá till., sem fyrir liggur. Mín till. fer fram á, að Alþ. leggi fyrir ríkisstj. og gjaldeyrisyfirvöld að fullnægja þörfinni til landbúnaðarvéla áður en leyft er að flytja inn bíla. Það er upplýst í umr., sem hafa farið fram í dag um skylda till. þessari, að gjaldeyrir sá, sem landsmenn hafa til umráða til innflutnings á þessu ári, verður líklega 50 millj. kr. minni en í fyrra. Nú nam útflutningur síðasta árs um 400 millj. kr. Finnst mér ekki ólíklegt, að fjárhagsráð hafi miðað við eitthvað svipað. En minnki gjaldeyrisfúlgan um 50 milljónir, verður að gera ráðstafanir viðvíkjandi því, hvað menn ætla að láta ganga fyrir og hvað skal sitja á hakanum, ef Alþ. á annað borð skiptir sér af innflutningsmálunum, sem ég álít það ætti að gera meira að. Það þarf að láta í ljós sína skoðun á málinu. Í minni till. er tiltekið, að fyrst sé séð fyrir þörf landbúnaðarins, áður en leyfður er innflutningur á bílum. Annars er hætt við, að ríkisstj. hefði tilhneigingu til að skera jafnt niður af hvoru tveggja. Mér finnst rétt, um leið og Alþ. afgr. svona till., að það segi til, hvernig það hugsi sér, að farið sé að, sérstaklega ef séð er fram á, að gjaldeyrir hefur eitthvað minnkað frá því, sem var. Og ég vil einnig taka fram, að ég álít þá eina afgreiðslu sómasamlega á þeim till., sem liggja fyrir, hvort heldur er um innflutning rafmagnstækja

eða véla til rafmagnsverksmiðja, hráefna til þeirra, sem fyrir eru, innflutning á landbúnaðarvélum og öðru slíku, að afgr. innflutningsáætlun í sambandi við fjárveitinguna. Þetta eru svo náskyldir liðir, að ómögulegt er að slíta í sundur. Meira að segja fjárl. byggja á þessum hlutum, svo að ég tali ekki um ráðstafanir í landinu um atvinnu og atvinnuöryggi. Og meðan Alþ. áítur ekki rétt að afgr. innflutningsáætlunina sjálft og hafa þar endanlegt vald, en ekki aðeins ráðgefandi aðstöðu, eins og kemur fram í þáltill., þá finnst mér betra að bæta því við, sem ég hef lagt til.

Forseti (JPálm): Út af aðfinnslum hv. 2. þm. Reykv. viðvíkjandi því, að ég hefði ekki fund seinni partinn í dag, heldur í kvöld, þykir mér rétt að taka fram, að það var vegna þess, að það er venjulegur flokksfundartími. Og sá flokksfundur, sem nú er haldinn, mun hafa verið boðaður löngu eftir að ég ákvað að halda þingfund. Varðandi þennan fund virðist það ekki gera mikið til, því að við síðari umr. þessa máls er búið að halda 12 ræður og margar þeirra langar, — og þetta er till., sem n. er sammála um. Þær löngu umr., sem farið er að viðhafa um einstakar þáltill., ganga langt úr hófi fram, svo að þess vegna er alveg óhætt, þó að fáir séu við til að halda þessum umr. áfram og ljúka umr. málsins.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég stend upp aðallega til að ræða þingsköp og nokkur almenn atriði, sem lúta að fundahaldi Sþ. undanfarna daga og jafnvel vikur. Ég get tekið undir með hæstv. forseta, að sá máti, sem farið er að taka upp í Sþ., að haldnar séu margar ræður og jafnvel tugir ræðna um tiltölulega ómerkilegar þáltill., nær engri átt. Hér er komið út í fullkomnar öfgar. Ég sé ekki betur en sóma þingsins sé stefnt í voða. Ef litið er á dagskrá þessa fundar, sést, að af 9 málum, sem eru á dagskrá, eru 4 þáltill., þar sem lagt er til, að Alþ. hafi bein eða óbein afskipti af innflutningsmálum, þ. e. að segja innflutningsyfirvöldum fyrir verkum um það, hvernig þau skuli haga sínum ákvörðunum, þeim yfirvöldum, sem Alþ. hefur sjálft sett l. um, að skuli fara með innflutningsmálin. Það á að segja fyrir um jeppa, landbúnaðarvélar, efni í vinnuföt og raftæki til heimilisnota. Þessi afskipti Alþ. af innflutningsmálunum á þennan hátt eru komin út í algerðar öfgar og farin að nálgast hreina vitleysu. Alþ. hefur sett l. um, að ákvarðanir í þessum málum skuli vera í höndum tiltekinnar n., sem a. m. k. allir stjórnmálaflokkar eiga menn í. Meiningin hlýtur að vera að treysta þessum mönnum að leysa þetta þannig af hendi, að sómasamlegt og viðunandi teljist. Er ekki líklegt, að 52 menn í Alþ. séu færari að taka ákvarðanir um ýmis framkvæmdaatriði á innflutningi til landsins, enda hefur það sýnt sig í þeim hrókaumræðum um flestar þessar till., að þær eru ekki alvarlega meintar, heldur áróðursherferð eingöngu, aðallega þeirra, sem hljóta sinn stuðning að mestu leyti í sveitum landsins. Það á að fiska eitthvað í þessum málum. *(Rödd:* Þetta er þá beituspursmál!) Það er rétt. Hér er um að ræða beitumál fyrst og fremst. Það getur ekki gengið að gera sameinað Alþingi að slíkri beitustöð. Starfsemi Alþ. er kostnaðarsamari en svo, að hægt sé að eyða tímanum dag eftir dag í slíkar umræður, sem auðsjáanlega eru ekki ætlaðar til annars en að hafa áróðursgildi nú, þegar líða tekur að kosningum. En til slíkra hluta hafa stjórnmálaflokkarnir sín blöð, og er því ástæðulaust að halda okkur hér á snakki dag eftir dag og kvelja okkur til þess að vera hér á nóttunni líka. Og ég verð að segja, að mér finnst það hafa komið einna greinilegast í ljós í kvöld, að hér er einungis að ræða um — ég vil segja ómerkilegt áróðursfyrirbrigði, þar sem á dagskrá er till., sem svo að segja heill þingflokkur stendur að, Sjálfstfl., og þá heldur sá hinn sami flokkur fund á sama tíma. Honum er þetta ekki meira alvörumál en svo. Aðeins er hann nauðbeygður til að skilja eftir hæstv. forseta í forsetastól og hv. frsm. n. Ég verð að segja, að þetta nálgast ósvífni við okkur, þm. annarra flokka. Ég vil engan veginn taka því með þökkum, að menn séu kallaðir hingað á kvöldfundi til þess að ræða till., sem sjálfir flm. sýna ekki meiri áhuga og alvöru en svo, að þeir sjá ekki ástæðu til að sýna sig á fundinum.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svohljóðandi till. frá hv. þm. Ísaf.: „Legg til, að máli þessu verði vísað til ríkisstj." — Út af þessari furðulegu ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem hann hélt hér í tíu mínútur og ég gat ekki skilið annað en væru fyrst og fremst ásakanir til forseta fyrir að hafa tekið þessa þáltill. fyrir, þá sé ég ekki ástæðu til að taka við slíkum áminningum, sízt í máli, sem búið er að halda 20—30 ræður í alls og ekki er flókið.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Ég vil taka undir það, að þetta mál, sem hv. 4. þm. Reykv. er að tala um nú, var svo að segja útrætt, og áleit Sjálfstfl. að svo væri, eftir að allshn. átti tal við hæstv. viðskmrh. í morgun og búið var líka að ræða málið á einum fundi áður. Hvorki ég né aðrir flm. gerðum ráð fyrir umr. um hana að verulegu leyti í kvöld. Sjálfstfl. hefur leyft sér að hafa flokksfund í kvöld. Man ég ekki betur en annar þingflokkur hefði flokksfund í fyrra kvöld, en hv. 4. þm. Reykv. fannst ekki taka því þá að bjarga Alþ. Þetta er líklega vegna þess, að nú á Sjálfstfl. í hlut. Ekki veit ég, hvað þær getsakir eiga að þýða, að tala um meiningarleysu með flutningi till. hér á Alþ., þó að ekki séu allir flm. viðstaddir, eftir að raunverulegum umr. er lokið. Og í fyrra kvöld þagði hv. 4. þm. Reykv., þegar heill þingflokkur hélt flokksfund meðan fundur var í Sþ. *(GÞG:* Ég vissi ekki af því).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var enn fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Till. frá þm. Ísaf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 25:9 atkv.

Brtt. 247 samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 291 samþ. með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BrB, EOl, EE, EystJ, FJ, GJ, GÞG, HÁ, HV, HermG, HermJ, IngJ, PZ, PÞ, SigfS, SB, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BG.

nei: PO, StSt, JPálm.

BÓ, EmJ, GÍG, HB, HelgJ, JóhH, JG, JS, JörB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, ÞÞ, BSt, BÁ greiddu ekki atkv.

10 þm. (GTh, JJós, JJ, KTh, LJóh, LJós, ÓTh, StgrA, ÁÁ, BBen) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 28:7 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 316).

5. Stjórn stærri kauptúna.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um stjórn stærri kauptúna [33. mál] (A. 35).

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 18. og 19. fundi í Sþ., 17., 18. og 19. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Í þessari till. til þál., sem við þm. Eyf. flytjum og prentuð er á þskj. 35, er lagt til, að Alþ. skori á ríkisstj. að semja frv. til l., er kveði á um, hvernig stjórn hinna stærri kauptúna verði fyrir komið í framtíðinni. Það mætti nú kannske segja sem svo, er talað er um að undirbúa löggjöf í þessu efni og skorað er á hæstv. ríkisstj. að gera það, að við flm. þessarar till. hefðum eins getað samið þetta frv. sjálfir og lagt það síðan fyrir Alþ. Vissulega hefði svo getað verið. En bæði er það, að ekki er óalgengt nú orðið, að fluttar séu till. til þál. um að skora á ríkisstj. að semja lagafrv., auk þess sem hér er um að ræða löggjöf, sem snertir allt landið. Er því alls ekki óeðlilegt, að þm. skori á ríkisstj. að undirbúa slíka löggjöf. Í grg., sem fylgir með þessari till. til þál., er nokkuð vikið að þeim ástæðum, sem fyrir liggja og hafa orðið til þess, að þessi till. er flutt. Það er og vikið að þróun þessara mála og þeim breytingum, sem orðið hafa í því efni. Tel ég því óþarfa að víkja hér að löngu máli. Þjóðfélaginu er skipt niður í sveitir, sýslur og hreppa. Er kauptúnin fóru að vaxa og þörf á sameiginlegum framkvæmdum óx þar, bar fljótlega á því, að kauptúnin þurftu að fá sjálfsstjórn til þess að hafa aðstæður til þess að geta leyst mál sín. Var þá farin sú leið að skilja kauptúnin út úr hreppsfélaginu. En er þau stækkuðu meir og sameiginleg verkefni íbúa kauptúnanna urðu viðtækari, kom í ljós, að t. d. oddvitar áttu mjög erfitt með að sinna þeim verkum, sem þessar auknu framkvæmdir lögðu þeim á herðar. Er slíkt engin furða, þar sem oddvitar hafa öll sín störf fyrir sveitarfélag sitt í hjáverkum, sem eru og illa launuð. Vegna þessa hefur nú verið horfið að því ráði að löggilda marga kaupstaði á landinu með bæjarstjórn, bæjarstjóra og öðru sem tilheyrir, þegar svo er komið. Millibil þessarar skipunar málanna hefur verið það, að settur hefur verið lögreglustjóri, sem sinnti störfum oddvita, fyrst að mig minnir á Siglufirði og Akranesi. Var það og þannig hugsað, að lögreglustjórinn yrði þá um leið eins konar bæjarstjóri fyrir kauptúnið. Slíkir lögreglustjórar hafa verið skipaðir af dómsmrh., og hefur hann ekki haft neina vissu fyrir því, að viðkomandi hreppsnefnd væri ánægð með skipunina, að minnsta kosti ekki sú næsta eða komandi hreppsnefndir. Hefur sú reynsla á þessu orðið, að lögreglustjórar þessir hafa yfirleitt ekki sinnt þessum störfum nema stuttan tíma. Þeir hafa oft haft heldur lítið að gera. Endalokin hafa orðið þau, að kauptúnið hefur verið gert að kaupstað. Árangur þessarar aðferðar hefur reynzt illa sem nokkur lausn til frambúðar, og vonir manna um það úrræði brugðizt.

Í Dalvík, sem er í kjördæmi mínu, svo að ég ætti að vera málum kunnugur, er svo ástatt, að kauptúnið hefur rafmagnsveitu, vatnsveitu, mikla gatnagerð o. fl. um að sjá. Þessar framkvæmdir útheimta starf, en þar er ekki um annan mann að ræða en oddvitann, sem jafnframt gegnir öðru starfi. Því var það, að við þm. Eyf. fórum fram á það á sínum tíma, að skipaður yrði lögreglustjóri í Dalvík, sem tæki að sér oddvitastörf og framkvæmdastjórn kauptúnsins. Ég bar fram frv. til l. um þetta í Ed. á þinginu 1945. Allshn. Ed., sem ég þá átti sæti í, lagði til, að málið yrði afgr. með rökst. dagskrá, þar sem látin var í ljós ósk um það, að hæstv. stjórn tæki til athugunar, hvernig stjórn stærri kauptúna yrði bezt hagað í framtíðinni. Ég gat fallizt á og sætt mig við þessa afgreiðslu, einkum þó sökum þess, að þáverandi félmrh. tók málinu vel og hafði áhuga á, að það yrði athugað. En það frv. kom aldrei til frekari athugunar í Ed., því að annað frv. um sama efni var á döfinni í Nd. þingsins, og var beðið eftir því, en frv. dagaði sökum þessa uppi.

Ef þróun kauptúnanna verður stöðug og það fólk, sem fjölguninni nemur, hverfur ekki allt til Reykjavíkur, kemur til álita, hvort ekki sé nauðsynlegt að gera allmörg kauptún að kaupstöðum. Ekkert er við því að segja eins og nú háttar, að slíks sé krafizt, en dýr er stjórn kaupstaðar — mun dýrari en stjórn hrepps. Ég hygg, að ekki verði hjá því komizt, að reynt verði að koma á þessi mál að minnsta kosti bráðabirgðafyrirkomulagi, sem heppilegra væri en sú skipan, sem nú á sér stað. Það yrði að vera með þeim hætti, að það yrði ódýrara fyrir kauptún að taka upp hið nýja fyrirkomulag en að verða gert að kaupstað, en fullnægði þó kröfum kauptúnsins. Það yrði nýtt fyrirkomulag um stjórn sveitarfélaganna, en ekki hefur verið reynt að taka þetta upp á öðrum grundvelli en með skipun lögreglustjóranna. Ég held, að það mætti

koma hér á fyrirkomulagi, sem hefði lítinn kostnaðarauka í för með sér, t. d. sameiningu hreppsstjóra- og oddvitastarfa, og ráða mann, líkt og bæjarstjórar eru ráðnir, til þess að gegna þessum störfum til jafnmargra ára og hreppsnefndir eru kosnar. Ég vil aðeins benda þeirri hv. n., sem kemur til með að fjalla um þessa þáltill., á þessa leið, en vitanlega var ég ekki að slá þessu fram til þess að gefa í skyn, að ég telji ekki fleira geta komið til greina, því að þá hefði ég ekki farið að bera fram þáltill., heldur frv. til l., en sló þessu aðeins fram til athugunar. Ef farið yrði eftir þessum vegi, þá held ég, að það verði ekki tilfinnanlegt fyrir hin stærri kauptún að ráða til sín fastlaunaðan mann til þess að hafa framkvæmdarstjórn fyrir málum sínum. Þessi lausn mundi duga, þar til vöxtur eins kauptúns er orðinn svo mikill, að einsýnt er, að það getur orðið kaupstaður. — Ég sé nú ekki hæstv. félmrh. hér inni, sem mál þetta heyrir undir. Ég verð að sætta mig við það og draga af fjarvist hans þá ályktun, að hann hafi enga löngun til þess að mótmæla þessu máli, fyrst hann ekki sýnir sig. Þetta er annars mjög einfalt mál. Ég held, að það hafi engin útgjöld í för með sér, þó að hæstv. ríkisstj. sé falið að athuga þetta. Ég tel þetta mál ekki svo flókið, að nauðsyn sé að vísa því til n., en læt þó hæstv. forseta og þingið um það, — en geri sjálfur enga tillögu í því efni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri það að tillögu minni, að þessu máli verði vísað til n. Það finnst mér sjálfsagt. Ég vil einnig biðja hv. allshn. að athuga aðra hlið á málinu en hér hefur verið rædd. Það er stöðugt verið að skipta hreppum, og þegar kauptún hafa náð ákveðinni íbúatölu, hafa þau eftir lögum nú rétt til að verða sérstakur hreppur. Venjulega er engin óánægju við slíka skiptingu. Það held ég, að stafi fyrst og fremst af því, að ekki eru nú ákvæði í l. um, að hlutar úr hreppi geti haft mál sameiginleg, t. d. skolpleiðslu, nema vera sérstakt hreppsfélag. Þessu mun vera öðruvísi háttað í Noregi. Þar held ég að stjórn þessara mála sé bezt, þar sem ég þekki til. Þar geta innan hreppsheildarinnar myndazt hagsmunaheildir um framkvæmd einstakra mála. Hér hlýtur því meira en eitt sjónarmið að koma til greina. Þetta þarf nána athugun, svo að ekki sé hætta á endalausri skiptingu hrepps sökum nokkurra sérmála ákveðins fjölda hreppsbúa. Það er óheppileg leið að búta hreppa niður. Ég bið því n., að í sambandi við þær breyt., sem gerðar kunna að verða á sveitarstjórnarlöggjöfinni, sem mun vera í aðsigi, að athuga þetta mál nákvæmlega með tilliti til þess. Það ætti að reyna að koma í veg fyrir það, að hreppar skiptust um of, því að það eru allir óánægðir með, og litlir hreppar eru oft fjárhagslega getulausir.

ATKVGR.
Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 35, n. 260).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég sé, að frsm. málsins, 2. þm. Skagf., er ekki viðstaddur, en býst við, að það komi ekki að sök, því að málið þarf ekki langa framsöguræðu. N. varð sammála um að mæla með, að frv. yrði samþ., svo að endurskoðun á þessum málum geti farið fram, því að þörfin fyrir hana er orðin mjög brýn. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vænti, að Alþ. samþ. till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 405).

6. Náttúrufriðun og verndun sögustaða.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o. fl. [41. mál] (A. 53).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Till. samhljóða þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 53, var flutt á síðasta Alþ., en náði ekki afgreiðslu. Við flm. höfum því leyft okkur að bera hana fram að nýju. Með till. er farið fram á, að ríkisstj. hlutist til um, að endurskoðuð verði lagafyrirmæli um veiði, sem eru frá 1849 og því nærri aldargömul, og lætur að líkum, enda ljóst þegar á þessi lagafyrirmæli er litið, að þau eru á ýmsan hátt úrelt orðin. Jafnframt förum við fram á, að þessi endurskoðun nái til l. um friðun fugla og eggja, sem eru frá 1913. En það er ýmislegt í þessu efni þannig háttað, að það getur gripið inn í hvor tveggja þessi lagafyrirmæli.

Þá leggjum við einnig til, að undirbúin verði löggjöf um vernd staða, sem eru sérstaklega merkir af sögu sinni eða náttúru. Lög um verndun fornminja fjalla um fornleifar, fornminjar og forngripi, þar sem menn hafa einhvern tíma lagt hönd að verki, en ná ekki til þess, sem til er orðið af náttúrunnar völdum, þótt merkilegt sé á einn eða annan hátt. Engin lagafyrirmæli eru heldur um náttúrufriðun. — Ég tel þetta vera svo augljóst atriði, að ekki sé ástæða til þess að halda um það langa ræðu. En ég vil leyfa mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. allshn. til athugunar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 53, n. 216).

Frsm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þessa þáltill. og leitað álits Náttúrufræðifélagsins og þjóðminjavarðar. Af svari Náttúrufræðifélagsins og bréfi frá menntmrn. kemur í ljós, að þegar mun hafinn undirbúningur að endurskoðun umræddra laga í sambandi við alþjóðasamband um fuglavernd, sem við Íslendingar erum aðilar að. En af þessu er ljóst, að fyrri hluti till. er þegar kominn til framkvæmda. Um síðari hluta till. segir þjóðminjavörður, að l. um verndun náttúruverðmæta séu mjög aðkallandi, og hefur nefndin því orðið sammála um, að till. verði breytt í samræmi við það, að fyrri hluti hennar er kominn til framkvæmda.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.
Brtt. 216 samþ. með 30 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis, með fyrirsögninni:
Þál. um undirbúning laga um náttúrufriðun og verndun sögustaða (A. 406).

---

7. Norður-Atlantshafssamningur.

Á 55. fundi í Sþ., 28. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi [177. mál] (A. 499).

Á 56. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 58. fundi í Sþ., 29. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er sýnilegt af öllum þeim viðbúnaði, sem hér er hafður, að hér er um óvenjulega tíma að ræða, og vegna þeirra atburða, sem gerðust hér í morgun í sambandi við mig, þá langar mig til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvaða vernd við þingmenn höfum.

Hér eru öll skot full af lögregluþjónum, og það er hart að gengið, að svo skuli vera. Þegar ég kom hingað kl. 9 í morgun, — ég er vanur að koma hingað um það leyti, — þá voru aðaldyrnar, móti allri venju, lokaðar. Þar var ekki hægt að komast inn. Ég hvarf þá að því ráði að leita til bakdyranna. Ég ætlaði að reyna að komast inn þeim megin, eins og ég hef stundum gert áður. Þar var tekið á móti mér af nokkrum lögregluþjónum og ég var fangaður. Mér var neitað um inngöngu, nema ég gæti sýnt einhvert aðgöngukort, og mér var sagt, að án þess færi ég ekki inn í húsið. Ég spurði þá, hvaðan sú fyrirskipun kæmi, sem heimtaði, að ég sýndi aðgöngukort, til þess að fá að fara inn í húsið. Ég sagðist ekkert kort hafa, en krafðist þess að fá á því skýringu, hvaðan sú fyrirskipun kæmi, sem heimilaði slíkt. En það fór allt eins og áður. Ég fékk ekki svar við spurningu minni, nema það, að það væru ströng fyrirmæli um að hleypa mér ekki inn í húsið, nema ég sýndi aðgöngukort. En það leynir sér ekki, hvers konar fyrirskipanir hér hefur verið um að ræða.

Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvaða afstöðu hann tekur gagnvart þessu og hvaða ráðstafanir hann hefur í hyggju að gera til tryggingar því, að við þm. getum, eins og venjulegt er, fengið að ganga út og inn í alþingishúsið án þess að þurfa að eiga von á því að verða teknir af lögreglunni — kannske fangelsaðir. Eða ætlast hann til þess að við göngum með tilheyrandi merki á bak og fyrir til þess að fá að komast inn í húsið?

Ég verð að segja það, að ef það á að hafa hérna þéttar raðir lögregluliðs, meðan á afgreiðslu þessa máls [þ. e. Atlantshafssamningsins] stendur, þá verður að gera þær minnstu kröfur, sem hægt er að gera til þeirra, sem ráða eiga húsum, að þeir þekki hv. þm., svo að þeir geti fengið að ganga óáreittir út og inn. En eins og stundum áður, þá kemur það einnig fyrir nú, að hér er um mjög óvenjuleg vinnubrögð að ræða, og það eru ekki nema vissir menn, sem fá að ganga óáreittir. Ég krefst þess, að forseti geri þær ráðstafanir, að ég geti gengið hér inn og út úr þinghúsinu eins og vant er, og það án þess að vera merktur, og hindrunarlaust af hálfu lögreglunnar. Ef einhverjir eru skelkaðir hér, þá geta þeir látið lögregluna vernda sig, en ég hef ekki óskað eftir neinni slíkri vernd. *(ÓTh:* Þeim hefur sýnzt þú vera hræddur.) Ég býst við, að þessi hv. þm. óski eftir lögregluvernd bæði bak og fyrir, því að allar þessar ráðstafanir benda til þess, að hann sé hræddur, en ég geri kröfu til þess að fá að ganga út og inn án þess að vera fangelsaður af lögregluliði.

Forseti (JPálm): Út af kæru hv. 2. þm. S-M., þá er það augljóst, að hér hefur átt sér stað mjög leiðinlegur misskilningur. En eins og öllum er kunnugt, þá var ákveðið, að hver þingmaður skyldi fá 3 aðgöngumiða að áhorfendapöllunum, til þess að forðast þrengsli, því að vitað var, að mikil aðsókn yrði að þeim þessa daga. Nú hefur skeð það leiðinlega atvik, að þessi hv. þm. hefur verið af misgáningi hindraður í að komast inn í húsið, þar sem varðmenn þekktu hann ekki og hafa haldið, að hann væri einn hinna mörgu, sem sóttu eftir að komast á áhorfendapallana, en ekki höfðu miða, og bið ég hann afsökunar á þessum misskilningi, því að sjálfsögðu var ekki meiningin, að þing-

menn né starfsfólk þingsins þyrftu að hafa neitt aðgöngukort venju fremur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau mótmæli, sem fram hafa verið borin af hv. 2. þm. S-M. Það er auðséð, að það er verið að taka hús á þingmönnum, og ríkisstj. gefur fyrirskipanir um, að lagðar séu hendur á þingmenn, þegar þeir ætla að ganga ótruflaðir að starfi sínu í þinghúsið. Ég vil mótmæla því hneyksli, — því að þetta er meira en „leiðinlegur misskilningur", þetta er yfirgangur ríkisstj. með lögregluvaldi gagnvart alþingismönnum og rétti þeirra. Þetta er smánarleg árás á friðhelgi Alþingis. Það er út af fyrir sig verið að sýna frekju gagnvart Alþingi með því að fylla hérna allt af lögregluþjónum, og það er sannarlega árás ríkisstj. á friðhelgi Alþingis. *(BSt:* Það hefur komið fyrir áður, og það í tíð nýsköpunarstjórnarinnar.) En þó tekur út yfir, þegar þm. eru hindraðir í að komast inn í húsið. Og ég vil enn mótmæla slíkri ósvífni og vona, að hæstv. forseti sjái um, að við þm. getum gengið óhindraðir að afgreiðslu þessa máls.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég veit ekki, hvað þessi skrípaleikur á að þýða eða hvers vegna forseti er að biðja þessa menn afsökunar. Ég talaði við þennan hv. þm., 2. þm. Reykv., formann kommúnistaflokksins, í gær, og ég vissi ekki betur en að það hefði orðið samkomulag um það milli okkar, hans fyrir hönd flokks síns og forseta og mín fyrir hönd þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, að útbýtt yrði miðum til þingmanna, sem þeir gætu úthlutað sem aðgöngumiðum að áhorfendapöllunum, til þess að halda þar uppi reglu og forðast troðning. Og honum, þessum venjulega góða og greinda manni, fannst þetta sjálfsagt. En hvers vegna á forseti að fara að biðja afsökunar á því, þótt lögreglumenn geti ekki séð það á útliti hv. 2. þm. S-M., að hann sé alþingismaður? *(LJós:* Þm. G-K. má ekki halda, að allir beri það utan á sér, að þeir séu þm., þó að hann haldi, að hann geri það.) Eða var þessi þm. nokkuð of góður til þess að segja til sín, gat hann ekki sagt: „Afsakið, lögregluþjónn, en ég er fulltrúi á Alþingi Íslendinga", og ég sé ekki neitt sérstakt í fari þessa þm., sem hefði getað gefið lögregluþjóninum ástæðu til að rengja það? Og þess vegna sé ég ekki neina ástæðu til þess að vera með neinn skrípaleik hér.

Forseti (JPálm): Ég hef eingöngu beðið afsökunar á, að hér hafa mistök átt sér stað, og vona, að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki hægt að sjá, að þm. G-K. hafi verið forsrh. Hann kemur hér og grípur fram í og talar um skrípalæti, án þess að hafa hugmynd um, hvað verið er að tala um, — eða kallar hann það aðeins skrípalæti, þegar þm. er hindraður af lögreglumönnum í því að komast inn í alþingishúsið? Og svo ræðst hann á forseta fyrir að biðja afsökunar á slíku hneyksli og gefa loforð um að tryggja, að slíkt komi ekki fyrir aftur. Ef hv. þm. G-K. skilur ekki, að þetta er stórhneyksli, þá er hann orðinn sljóvgaður af því, sem er að gerast á Keflavíkurflugvellinum. Nei, það er sannarlega ástæða til þess að kalla lögregluna burt héðan, svo að hv. þm. geti verið í friði fyrir henni. Ég skil ekki, hvaða þýðingu það hefur að vera að þéttskipa hér allt af lögregluþjónum, ég veit ekki, hvort það er meiningin, að þeir taki mig líka. Það er ekki til neins fyrir þm. G-K. að vera að tala um skrípalæti. Hér er ekki um nein skrípalæti að ræða, heldur er þetta yfirgangur, — hneyksli.

Það er lögreglustjóra að biðja okkur afsökunar á þessu, og það er hans að tryggja það, að þetta komi ekki fyrir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég þykist sannarlega hafa tilefni til þess að standa hér upp og svara nokkuð hv. þm. G-K. Hann geysist hér fram í fundarsalinn og fer að tala um það, sem hann hefur ekki neitt vit á. Hann kom ekki fyrr en of seint, svo að hann heyrði ekki það, sem hér hefur gerzt. Það er því mesti misskilningur af honum að vera að finna að við forseta og skipta sér af því, þó að hann bæði afsökunar á því, sem komið hefur fyrir mig, og lofaði því að sjá til þess, að slíkt kæmi ekki fyrir aftur.

En af því að hv. þm. heyrði ekki, hvað ég sagði hér í upphafi, þá get ég vel endurtekið það fyrir hann, svo að hann viti, um hvað verið er að tala. Ég var að kvarta undan því, að þegar ég kom hingað í morgun, þá var ég stöðvaður af lögregluþjóni, og mér var neitað um að fá að fara inn í húsið. Það var svo ekki fyrr en eftir nokkurn tíma, að einn af starfsmönnum hússins kom á vettvang og þekkti mig, að hægt var að kippa þessu í lag. *(ÓTh:* Gaztu ekki sagt, hver þú værir?) Það stóð ekki á mér að segja, hver ég var. Ég sagði það. En ég vil bæta því við, að þegar svona atvik eiga sér stað, þá er ekkert öryggi fyrir því, að lögreglan stöðvi ekki fleiri þm. og neiti þeim um inngöngu. En ef það er meiningin að passa ákveðna menn, þá verður að gera þær kröfur til þeirra, sem eiga að passa þá, að þeir þekki þá. En ég fyrir mína parta hef ekki beðið um að verða passaður, og ég verð að segja það, að mér þykir það hart aðgöngu í svona máli að geta ekki farið ferða minna í friði fyrir þessum mönnum.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að tefja umr. hér utan dagskrár frekar en orðið er. Ég verð þó að segja það, að ég kann því afar illa, þegar 2. þm. Reykv. er hér með belging, þó að þetta atvik hafi komið fyrir, því að það er vitað, að hans flokkur og flokksmenn hafa gengið eins og grenjandi ljón um allan bæinn til þess að reyna að safna liði saman til þess að veitast að Alþingi, og þetta lið stendur saman af versta og siðlausasta hluta íbúa þessa bæjar, sem hafa látið ginnast til fylgilagsins. Svo stendur þessi hv. þm. upp og krefst öryggis, þegar gerðar eru ráðstafanir til þess að reyna að koma í veg fyrir aðsúg að þinginu. Ég verð að segja það, að ég kann þessu afar illa.

Ólafur Thors: Þetta liggur þá klárt fyrir, og ég get upplýst það að gefnu tilefni, að það varð að samkomulagi milli hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, fyrir hönd stjórnarandstöðunnar og mín fyrir hönd þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, að gefnir væru út aðgöngumiðar að þinghúsinu, þannig að hver þm. fengi 3 miða til ráðstöfunar. Á þetta féllst Einar Olgeirsson, enda var það líka sjálfsagt og réttlátt. — Svo kemur einn hv. þm. hér í morgun, og lögregluþjónn þekkir ekki manninn. Hann segir, að sá einn, sem aðgöngumiða hafi, fái að komast inn, — „eða hefur þú aðgöngumiða?" Hann sagði, að hann hefði hann ekki, en hann sagði ekki: *Ég er einn af alþingismönnum Íslendinga, og ég þarf því ekki neinn aðgöngumiða. Ég trúi því ekki, ef hann hefði sagt þetta við lögregluþjóninn, að hann hefði haldið að hv. þm. væri að ljúga, heldur þvert á móti hefði hann trúað honum og hleypt honum inn undir eins.* En eins og lá í ræðu hv. þm., þá hefur hann ekki sagt þetta, og afleiðingin af því hefur svo orðið sú, sem okkur er kunn. *Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar.*

Forseti (JPálm): Umræðum utan dagskrár er lokið. *(EOl:* Ég neita því, að umr. sé slitið. Það hafa verið bornar á mig sakir af hv. 5. þm. Reykv., og ég krefst þess að fá að svara þeim.) Jæja, hv. þm. getur fengið 2 mínútur til umráða. *(EOl:* Ég kann ekki við að standa upp til að tala, meðan forseti stendur, eða gaf hann mér ekki orðið?).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að við sósíalistar hefðum gengið eins og grenjandi ljón um allan bæ til þess að safna saman liði til þess að beita Alþingi ofbeldi. Þetta eru tilhæfulaus ósannindi. Það hefur hins vegar komið í ljós, hverjir það eru, sem hafa hugsað sér að beita Alþingi ofbeldi. Það þarf ekki annað en að athuga það, sem er að gerast hér í kringum okkur. Það er ríkisstj., sem er að beita ofbeldi. Það er ríkisstj., sem er að svíkjast aftan að alþingismönnum og Alþingi með því að hindra einstaka þm. í að komast inn í alþingishúsið. — Það er rangt hjá hv. þm. G-K., að það hafi verið samkomulag á milli okkar um að gera ráðstafanir til þess, að þingmenn fengju ekki að fara um húsið. Og það er óhæft með öllu, að þm. G-K. hafi hér lengri tíma til umráða, en þm. fái aftur á móti ekki tíma til þess að mótmæla ofbeldi, sem þeir eru beittir. *(Forseti:* Þessi tími er nú búinn.) Ég heyri það, að hæstv. forseti var að segja, að tíminn væri búinn.

Hv. þm. G-K. sagði, að ef hv. 2. þm. S-M. hefði sagt það, að hann væri alþingismaður Íslendinga, þá hefði honum óðar verið hleypt inn. En það var einmitt það, sem hann sagði, en honum var samt ekki hleypt inn. Og ég mótmæli þessu. Ég mótmæli þessu ofbeldi, sem verið er að sýna fulltrúum þjóðarinnar.

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það þarf ekki að halda hér langa ræðu um þetta góða mál, vegna þess að það var rætt um það ýtarlega í gærkvöld við umr. þá í áheyrn alþjóðar. Þar komu fram öll rök í málinu, með og móti. Og eftir þær umr. blandast engum hugur um, að það er ekki aðeins rétt, heldur líka sjálfsagt að gerast aðili að samningi þeim, sem hér er um að ræða.

Ísland þarf, ekki síður en önnur lönd og ríki, á öryggi að halda. Fyrr á tímum, meðan samgöngutæknin var ekki komin á eins hátt stig og nú, þá var landið úr leið, og þess vegna var það ekki heimsótt af fjandsamlegum herjum eða fjandsamlegum öflum. Á síðustu áratugum hefur þetta breytzt. Það kom á daginn, að eftir að fjarlægðir milli landa skiptu minna máli en áður var, þá stoðuðu hlutleysisyfirlýsingar ekki neitt. Það kom einnig í ljós varðandi okkur. Fyrst þegar reyndi á hlutleysisyfirlýsinguna frá 1918, árið 1940, þá stoðaði hún ekkert, enda hafði sérstakur flokkur hér, sem annars hefur ekki verið *sérstaklega glöggskyggn á málin*, aldrei þessu vant skilið, að hlutleysið er ekki mikils virði, og bent á hvernig mundi fara, og reyndust þeir spádómar réttir hjá honum. En *úr því að svo fór*, að *bæði fjarlægðin hætti* að hafa þessa þýðingu og hlutleysisyfirlýsing stoðaði ekki neitt, þá urðu Íslendingar að leita annarra ráða til þess að sjá öryggi landsins borgið, *og gengu þeir þess vegna inn í Sameinuðu þjóðirnar.* Það var gert með samþykki Alþ. á árinu 1946. En svo hörmulega hefur tekizt til, að starfsemi Sameinuðu þjóðanna hefur ekki fullnægt þeim vonum, sem menn gerðu til hennar. Og afleiðing þessa hefur ekki aðeins orðið Íslendingum ljós, heldur öllum frelsiselskandi þjóðum. Þess vegna hafa hinar friðelskandi lýðræðisþjóðir *í vesturhluta Evrópu og Norður-Ameríku* bundizt samtökum og efnt til bandalags sín á milli, sem ráðgert er að stofna nú innan stundar. Það er Norður-Atlantshafsbandalagið. Íslendingum hefur verið boðin þátttaka í því bandalagi, og þess vegna höfum við fengið samning þennan, eins og hann liggur hér fyrir. Við höfum kynnt okkur samninginn ýtarlega og aðstæður allar og gert okkur ljósa grein fyrir því, hvaða réttindi og hvaða skyldur eru í þessu fólgnar. Og það er augljóst, að Íslendingar fá þarna mikið öryggi frá því, sem nú er, en á þá leggjast hins vegar engar óþægilegar skyldur, þvert á móti er samningurinn svo rúmur, að sérstaða Íslands í einu og öllu samrýmist honum til hlítar. Þess vegna, þegar tekið er tillit til þess, að við Íslendingar getum komið fram öllum þeim sérsjónarmiðum, sem okkur eru nauðsynleg sem íbúum lítillar, vopnlausrar og friðsamrar þjóðar, og þar sem í samningnum felst mikið öryggi frá því, sem verið hefur, þá er það ekki álitamál, að frá Íslands sjónarmiði er rétt að gerast aðili að þessum samningi. Til viðbótar er svo það, að segja má, að friðarvonir mannkynsins séu nú tengdar við þennan samning. Það er áreiðanlegt, að það er engin ein ráðstöfun, sem mannkynið getur gert nú, sem líklegri er til að koma í veg fyrir stríð og miklar hörmungar, heldur en að þessi samningur sé gerður. Og þó að það muni ekki sérstaklega mikið um

hluta Íslands, þá er engu að síður rétt fyrir Íslendinga að láta ekki sitt eftir liggja, og einkanlega þegar ekki er annars af þeim krafizt í þessu sambandi en að þeir taki upp frjálsa samvinnu við aðrar frjálsar lýðræðisþjóðir, en annað og meira en það felst ekki í þeim samningi, sem hér liggur fyrir.

Vegna þess að ég gerði ýtarlega grein fyrir samningnum, aðdraganda hans og einstökum ákvæðum, í ræðu minni hér í gær, sé ég ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt. Það yrði einungis endurtekning, og ég legg heldur málið fyrir hv. þm. og vonast til, að það fái góðar undirtektir, svo sem vert er.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að í 6 ár hef ég kviðið þeirri stundu, að það mundi koma fyrir, að þess yrði krafizt af Íslendingum, sem nú er verið að gera. Og ég hef á þessum tíma reynt að gera það, sem ég hef getað, til þess að vara mína þjóð við því, sem nú er ætlazt til af henni. Ég vil vona það, að hver einasti alþm., sem greiðir þessari till., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fyrir, atkv., hann geri það í meðvitund þess, að hann geti lagt líf sitt og æru við, að það sé rétt gert, sem hann gerir, og að hann hafi grandskoðað gagnvart samvizku sinni það verk, sem hann þar með fremur. Þegar líf og öryggi okkar þjóðar er í veði, þá er áreiðanlega ekki til of mikils mælzt af okkur alþingismönnum, að við reynum að gera okkur ljóst, hvað það er, sem um er að ræða, og að við séum, hver og einn, vissir um, að það séu ekki hafðar í frammi í þessu máli neinar blekkingar, að það sé ekki verið að leyna okkur upplýsingum og heldur ekki verið að segja okkur rangt til um það. Ég álít, að það sé á ábyrgð hvers einasta okkar þm. að upplýsa þetta mál, sem hér liggur fyrir, aðdraganda þess og hugsanlegar afleiðingar, þannig til hins ýtrasta, að enginn maður, sem samþ. sáttmálann, hafi á eftir þá afsökun gegn þjóðinni, að hann hafi ekki vitað, hvað hann gerði, þegar atkv. voru greidd. Ég fyrir mitt leyti mun leggja fram það lítið, sem ég get, til þess að sjá um, að það þurfi enginn sá þm., sem vill athuga báðar hliðar á þessu máli, að hafa þá afsökun eftir á, að hann hafi ekki vitað, hvað hann gerði.

Mér kom það satt að segja á óvart, að ríkisstj. skyldi ekki, strax og hún kom frá Ameríku, kalla saman Alþ. og gefa skýrslu um málið. Það hefði hver einasta ríkisstj. önnur gert undir slíkum kringumstæðum. Mér kemur það enn þá meir á óvart, að hæstv. utanrrh. skuli nú hafa haldið hér 10 mínútna framsöguræðu og hafa sagt við alþm., að á 4 klst., þar sem stjórnarandstaðan hafði ¼ tímans til þess að ræða vantraust og stj. hafði ¾ tímans til þess að ræða þetta mál, þá hafi þetta mál verið upplýst til fullnustu fyrir þjóðinni. Og mig furðar það ábyrgðarleysi, að nokkur ríkisstj. skuli koma fram fyrir Alþ. og ætlast til þess, að það afgreiði málið á slíkan hátt.

Hér er um mál að ræða, sem í raun og veru gerbreytir stjórnarháttum okkar Íslendinga, ekki bara eins og þeir hafa verið síðustu 5 árin, síðan við stofnuðum lýðveldið, heldur eins og þeir hafa verið frá því, að við stofnuðum þjóðríki hér á þessari eyju. Við Íslendingar höfum verið friðarþjóð, aldrei farið með stríð á hendur annarra þjóða og aldrei skuldbundið okkur til þess samkvæmt samningum að gera slíkt eða látið okkar land fyrir fram til slíkra hernaðarafnota. Nú er lagt til í einni svipan að gera hér algera breytingu á, að breyta okkur úr því að vera hlutlaust friðarríki í það að vera þátttakendur í hernaðarbandalagi, í það að verða raunverulegt herríki, hvort sem við sjálfir getum víggirt okkar land og hertygjað okkar þjóð eða aðrir flytja inn menn til þess. Það er verið að gera hér stærri breytingu á okkar þjóðlífi en nokkurn tíma hefur verið gert á þeim þúsund árum, sem landið hefur verið byggt. Ég mun nú reyna af veikum mætti að færa fram nokkur rök fyrir því, að þetta mál þurfi að athuga alvarlega og frá fleiri en einni hlið, áður en nokkur ákvörðun verður um það tekin.

Það hefur komið til okkar kasta á Alþ. áður að taka ákvörðun í öðru máli og segja til um það, hvort við ætluðum með fúsum vilja Alþ. að stofna til þess fyrir fram, að Íslendingar yrðu þátttakendur í hernaðarbandalagi. Þegar við Íslendingar gengum í Sameinuðu þjóðirnar, lá það fyrir, hvort við Íslendingar mundum vilja veita Sameinuðu þjóðunum herstöðvar hér á ófriðartímum. Í 1. Sameinuðu þjóðanna er ákveðið, að svo framarlega sem stríð sé eða stríðshætta að áliti öryggisráðsins, þá skuli öryggisráðið fara fram á, að þjóðirnar, sem Sameinuðu þjóðunum tilheyra, skuli taka þátt í hernaðaraðgerðum og leyfa sín lönd til slíks. Til þess að Sameinuðu þjóðirnar geti lýst því yfir, að um stríðshættu sé að ræða, þarf öryggisráðið og öll stórveldin að vera sammála um það, og í öðru lagi þarf að vera upplýst, að þjóðirnar séu sammála gagnvart einum friðarbrjót, og þá er um það að ræða að beita hann hernaðaraðgerðum. Við vissum, þegar við ræddum þetta mál þá, að það gat aðeins komið til mála, að öll stórveldin og meiri hluti öryggisráðsins yrðu sammála um, að einhver þjóð gerðist brotleg við Sameinuðu þjóðirnar. Hvað ákváðum við engu síður hér á Alþ.? Við samþ. með sameiginlegri yfirlýsingu allra flokka í utanrmn. eftirfarandi ályktun, sem prentuð er í nál. utanrmn. um till. til þál. um inntökubeiðni Íslands í Bandalag hinna sameinuðu þjóða.

„Einna þýðingarmest ákvæðanna um skyldur og kvaðir er 43. gr. sáttmálans. Sú grein áskilur meðlimum samningsrétt við öryggisráðið um kvaðir skv. greininni, og leggur n. þann skilning á ákvæðið, að engar slíkar kvaðir sé unnt að leggja á íslenzka ríkið, nema að fengnu samþykki þess sjálfs. Íslendingar eru eindregið andvígir herstöðvum í landi sínu og munu beita sér gegn því, að þær verði veittar."

Við hvað átti þetta? Þetta átti við það, að svo framarlega sem Sameinuðu þjóðirnar og öll stórveldin lýstu yfir styrjöld við einn friðbrjót og að þá yrði farið fram á það við okkur, að við létum okkar land fyrir herstöðvar, þá tilkynntum við Íslendingar, að við neituðum að láta slíkar herstöðvar í té á ófriðartímum. Þetta var afstaða Alþingis 1946, og þetta er í samræmi við afstöðu þjóðarinnar. Við Íslendingar höfum neitað því og tilkynnt Sameinuðu þjóðunum það

fyrir fram, að það kæmi ekki til mála, að landið yrði lið á ófriðartímum móti neinu ríki, sem bryti friðinn. Hvað er farið fram á nú? Það er farið fram á það, að við lýsum því yfir, að við viljum lána herstöðvar á stríðstímum og veita aðstoð á friðartímum, svo að vægt sé tekið til orða. Að við viljum gera þetta, þó að öryggisráðið sé á móti slíku og þó að það sé gert á móti vilja Sameinuðu þjóðanna. Að við viljum gera slíkt, þótt árásarríkið, sem þarna ætti hlut að máli, væri bandalagsríki Íslands, og að við vildum gera slíkt, þó að af því leiddi, að tortíming vofði yfir þjóðinni. M. ö. o., það á með þeirri till., sem ríkisstj. nú hefur lagt fyrir Alþ., að kúvenda algerlega frá því, sem Alþ. sjálft ákvað í júlí 1946. Það á að gerbreyta þeirri stefnu, sem hefur verið stefna Íslands fram til þessa dags. Það á að veita ákveðnu bandalagi og ákveðnu ríki, sem býr sig undir árás, aðstöðu á Íslandi, sem við Íslendingar mundum neita Sameinuðu þjóðunum um. Það er vert, að menn geri sér það alveg ljóst, hversu gífurleg stefnubreyting það er, sem hér er um að ræða, og að slík stefnubreyting á ekki að verða tekin í neinu landi, án þess að menn hafi fyrir fram gert sér það ljóst, hvaða afleiðingar mundu af því hljótast. Við skulum athuga, hvaða afleiðingar mundu hljótast af samþykkt sáttmálans, eins og þetta liggur fyrir nú, í friði og í stríði, og við skulum athuga, hvað sú stefnubreyting, sem nú í einu vetfangi á að knýja fram, mundi þýða fyrir okkar þjóð. Við skulum athuga, hvað það þýðir fyrir Ísland að breytast úr því að vera yfirlýst friðarríki og eina ríkið í heiminum, sem byggir sína tilveru og sitt traust á virðingu mannanna fyrir rétti hvers annars til frelsis, og ætla svo að fara að byggja sína tilveru á vopnavaldi og fallvaltleika þess. Við skulum fyrst athuga það, hverjar afleiðingar þetta, sem hér er lagt til að gera, mundi hafa fyrir okkur meðan friður héldist. Hvað mundi þetta þýða, í fyrsta lagi fyrir menningu og þjóðerni okkar Íslendinga? Við höfum áður gert samning við eitt stórveldi, Bandaríki Norður-Ameríku, samning, sem átti að þýða það að veita því ríki vissa aðstoð og réttindi hér á friðartímum. Hvað sjáum við í sambandi við framkvæmd þessa samnings? Við sjáum spillinguna, sem er að skapast kringum þau áhrif og yfirráð, sem Bandaríkin eru að sölsa undir sig hér á Íslandi, og sem í krafti þessa samnings er að gegnsýra okkar þjóðlíf og spilla þjóðinni. Við höfum fengið reynsluna fyrir því, að Bandaríkin hafa fært sig upp á skaftið í sambandi við framkvæmd þess samnings, og nú liggur fyrir okkur að dæma um þetta. Það þýðir m. ö. o., að takist að fá þennan sáttmála samþ., sem liggur fyrir hér í dag, verður sótt á í framkvæmd samningsins, eins og sótt hefur verið á rétt og lög Íslands við framkvæmd Keflavíkursamningsins. Þessi sáttmáli, sem er hér lagt til að samþykkja, verður eftir örskamma stund orðinn pappírsblað, þar sem framkvæmdirnar sjálfar á samningnum eru orðnar aðalatriðið, en samningurinn ekki neitt, eins og Keflavíkursamningurinn er í dag, Keflavíkursamningurinn, sem átti að tryggja það, að Bandaríkjamenn færu burt héðan og Íslendingar fengju alger yfirráð yfir þessu landi. Þetta þýðir það, að það vald, sem hefur fengið hér ítök, mundi margfalda þau, og við það mundu skapast fleiri og meiri möguleikar á að gegnsýra og spilla okkar þjóðlífi og þjóðerni. Fyrir okkur Íslendinga mundi þetta þýða það, að okkur væri stofnað í háska. Nú þegar er auðséð, hvert stefnir með slíkt, og sé til þeir Íslendingar, sem enn loka augunum fyrir, hvert stefnir, þá fæ ég ekki skilið, hvernig þeir hugsa um framtíð okkar. Í öðru lagi, hvernig er útlitið með okkar viðskiptamál og fjárhagslegt sjálfstæði okkar? Hvernig er útlitið með þá hluti í friði, með áframhaldi þeirrar pólitíkur, sem undanfarið hefur verið rekin, og auðsjáanlega mundi koma til með að kreppast gífurlega við samþykkt þessa sáttmála? Það, sem hefur gerzt undanfarin 2 ár, með þeirri pólitík, sem ríkisstj. hefur rekið, er það, að það er verið að beygja Ísland aftur undir það arðrán einokunarhringanna engilsaxnesku, sem við vorum undirorpnir milli síðustu styrjalda. Aðstaða okkar Íslendinga eftir stríðið, sem skapaði okkur betri efnahagsleg kjör en við höfðum áður, fólst í því, að við gátum verzlað til austurs og vesturs. Við gátum unnið stórkostlegri markaði en við höfðum nokkurn tíma haft áður, með viðskiptum við Austur-Evrópu. Hvað er það, sem nú hefur gerzt á þessum tveimur árum, undir stj. þeirrar ríkisstj., sem nú situr? Viðskiptasamningum hefur verið slitið. Ég veit ekki, hvort allir hv. þm. hafa gert sér það ljóst, hvernig komið var í árslok 1945 viðvíkjandi dollarainnstæðum okkar. Þá voru engir dollarar til, til frjálsra viðskipta á Íslandi, nema á nýbyggingarreikningi, engir aðrir en þar voru settir til hliðar, til þess að kaupa fyrir nýsköpunartæki. Þeir dollarar, sem Íslendingar fyrst og fremst höfðu á árunum 1946—47, stöfuðu að mjög miklu leyti frá viðskiptunum við Austur-Evrópu. Á árunum 1946—47 seldu Íslendingar vörur aðeins til Sovétríkjanna fyrir upp undir 110 millj. dollara og keyptu sjálfir vörur þaðan fyrir 14—15 millj. dollara. Það voru hagstæðustu viðskipti, sem Íslendingar höfðu haft. Þetta voru heiðarleg viðskipti. Þarna vorum við sjálfir að vinna fyrir okkur með því að framleiða góða vöru og selja hana við góðu verði, og þarna voru möguleikar til þess að halda áfram þessum viðskiptum. Hvað hefur svo gerzt í okkar viðskiptamálum upp á síðkastið? Það hefur gerzt, að núverandi ríkisstj. þiggur dollaragjafir frá Bandaríkjunum. Það er farið að múta Íslendingum með dollurum, sem þeir fá ekki aðstöðu til að vinna sér inn á heiðarlegan hátt. Það er farið að sletta í Ísland gjöfum, eins og til þess að hafa það gott. Við erum settir úr þeirri aðstöðu, að við framleiðum vöru og seljum á frjálsum markaði, og settir í þá aðstöðu að þurfa að vera fátækir og markaðalausir aumingjar, sem verða að biðja Bandaríkjamenn um dollara til þess að geta framfleytt okkur. Hver hveitipoki, sem kemur á hafnarbakkann hér, er merktur með Marshallmerki, til að sýna, að þessi matur eru Marshallgjafir frá Ameríku. Hv. þm. S-Þ. lagði einu sinni til, hér á Íslandi, að styrkþegar í Reykjavík væru látnir bera sérstakan búning, til þess að hægt væri að sjá á því, að þessir menn yrðu að þiggja styrk hjá því opinbera, til

þess að hver maður sæi, að þeir væru fátækir og gætu ekki framfleytt sér sjálfir. Nú er verið að klæða Íslendinga í slíkan þurfalingabúning og merkja gjafir handa okkur, svo að allur heimurinn sjái, að við getum ekki lengur framfleytt okkur sjálfir. Þetta eru verk ríkisstj., sem í tvö ár hefur unnið markvisst að því að koma atvinnulífi okkar í öngþveiti, eyðileggja viðskiptamöguleika okkar og fjárhag okkar. Þegar búið er að koma okkur í svona ástand með skemmdarverkum, er okkur sagt að biðja Bandaríkin um dollara, svo að við getum lifað. Svona á að eyðileggja hið stjórnmálalega frelsi Íslands, eftir að stj. er búin að eyðileggja okkar efnahagslega frelsi. Samtímis fáum við tilkynningu frá þeim ríkjum, sem sagt er, að við eigum að vera í bandalagi við, hvernig þau ætli að fara með okkur viðskiptalega. Bretland segist ætla að minnka fiskinnflutninginn úr 300 þús. tonnum niður í 110 þús. á árinu 1952. Þannig ætlar það að skera niður meginið af fiskútflutningi okkar til Bretlands. Þetta eru tilkynningar, sem hæstv. stj. veit um á sama tíma og reynt er að telja Íslendingum trú um, að okkar efnahagslega öryggi sé tryggt með því að ganga í bandalag við þessar þjóðir. Þarna er verið að búa okkur undir að kverka okkur efnahagslega, setja okkur í sömu aðstöðu og þegar hæstv. núverandi menntmrh. var að fara betliferðir til Englands og lofa því og skrifa það í vasabókina sína, að íslenzka ríkið skyldi ekki ganga í neinar nýjar ábyrgðir. Hann varð að lofa því, að brezkir bankar skyldu hafa eftirlit með fjármálum Íslands og íslenzkum samningum út á við. Það er verið að koma okkur í þessa aðstöðu með samstarfi við ríkisstjórnir þessara landa, sem við eigum nú að ganga í hernaðarsamband við. Við Íslendingar höfum verið nýlenduþjóð. Við höfum verið undir Dönum. Við vorum ekki spurðir, hvað við okkur ætti að gera. Við höfum verið hræddir af auðhringum Bretlands. Við höfum orðið að búa við það, að þeir hafa sópað til sín ágóðanum af erfiði íslenzkra sjómanna og brezkir bankar hafa látið okkur greiða okurvexti. Nú á að setja öll þessi höft á okkur aftur. Við Íslendingar vorum árið 1944 og næstu ár á eftir efnahagslega og stjórnmálalega sjálfstæð þjóð. Það eina, sem okkur vantaði, var að fá burt þann útlenda her, sem hér var. Nú er það fangaráð þeirra manna, sem eru umbjóðendur Bandaríkjastjórnar, en ekki íslenzku þjóðarinnar, að leiða okkur inn í hernaðarbandalag. Í tvö ár hefur verið unnið markvisst að því að koma okkur í þá aðstöðu, að við yrðum hrædd nýlenduþjóð, sem lifði á sveitarframfæri frá Wall Street.

Við skulum gera okkur alveg ljóst, hvað það er, sem um er að ræða á þessum svo kölluðu friðartímum, sem nú eru, og hvað bíður okkar. Það er talað um kalt stríð nú sem stendur. Mér sýnist, að það kalda stríð sé ekki það kalda stríð milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, það er stríð auðhringa Bandaríkjanna móti verkalýðshreyfingu verkalýðsins í Evrópu. Þetta kalda stríð er það, að bandarísku auðvaldið er efnahagslega, stjórnarfarslega og hernaðarlega að leggja undir sig löndin í Vestur-Evrópu. Þessi lönd eru illa farin eftir síðasta stríð, þó að langt sé frá því, að þau séu eins illa farin og Mið- og Austur-Evrópa. Þau eru hins vegar illa farin í samanburði við Bandaríkin, sem komu með stórgróða út úr stríðinu. Hvernig haga Bandaríkin sér gagnvart þessum bandamönnum sínum, sem færðu svo miklar efnahagslegar fórnir og mannfórnir? Bandaríkin lögðu ekki meira á sig hlutfallslega en við Íslendingar. Það er lærdómsríkt fyrir okkur Íslendinga, þegar við erum að reyna að gera bandalag við Bandaríkin, að athuga, hvernig fara á með þá, sem fórnirnar færðu: Englendinga, Frakka, Hollendinga og Belgíumenn. Þessar þjóðir færðu fórnir. Þessar þjóðir töpuðu. Bandaríkjamenn græddu 50 þús. millj. á stríðinu. Bandaríkjamenn hafa farið þannig að við þessar þjóðir, að þeir hafa notað sér neyð þeirra til að ná á þeim tökum efnahagslega. Bandaríkin, sem komu auðug út úr stríðinu, hafa níðzt á Englandi, Frakklandi og Vestur-Þýzkalandi. Auðhringarnir bandarísku hafa náð valdi yfir framleiðslutækjum í þessum löndum og eru að eyðileggja þau efnahagslega. Þeir hafa náð undir sig atvinnulífinu í Vestur-Þýzkalandi. Bandarísku auðhringarnir stjórna nú og ráða yfir öllum útflutningi frá belgíska Kongó, sem er mesta úraníumútflutningsland heimsins, en það efni er notað í atómsprengjuna, svo að jafnvel Belgíumenn sjálfir geta ekkert úraníum fengið til rannsókna handa sjálfum sér frá eigin nýlendum. M. ö. o., auðvaldið bandaríska hefur notað sér neyð bandalagsþjóðanna til þess með þessu kalda stríði að leggja efnahagslega undir sig þessar þjóðir og ná efnahagslega tökum á þeim. Eftir þessi efnahagslegu yfirráð, sem bandaríska auðvaldið er að ná, eiga svo að koma hernaðarleg ítök og yfirráð. Bandaríska stjórnin er að ná tökum yfir öllum þessum ríkjum og ætlar sér að ráða, hvað þessi ríki gera. Við þekkjum svona kalt stríð frá tímum síðasta stríðs. Þær aðferðir, sem Bandaríkjastjórn er að nota til að leggja þannig lönd og þjóðir undir sig, eru samsvarandi aðferðir og þær, sem Hitler notaði til að leggja hvert land Evrópu á fætur öðru undir sig. Hitler notaði sér aðstöðu auðmannastéttanna í viðkomandi löndum. Þýzka auðvaldið náði bandalagi við hverja auðmannastétt í hverju landi Mið- og Vestur-Evrópu á fætur öðru. Það er sú aðferð, sem nú endurtekur sig hjá Bandaríkjunum. Þau eru með þessu móti að ná efnahagslegum og hernaðarlegum yfirráðum yfir hverju landi Evrópu á fætur öðru. Ísland er eitt herfangið í þessum landvinningahernaði Ameríkuauðvaldsins. Þau brögð, sem við Íslendingar höfum verið beittir af hálfu Bandaríkjastjórnar, Marshallsamningurinn, sem núverandi ríkisstj. gerði og nú er að koma efnahag Íslands á vonarvöl, er að gera okkur að betlilúkum gagnvart bandarísku auðvaldinu. Hernaðarsamningur sá, sem hér liggur fyrir, er áfangi að sama marki, að gera þetta land eins og önnur lönd, sem Bandaríkin ná tökum á, að undirlægjum Bandaríkjaauðvaldsins. Þannig á, meðan svo kallaður friður helzt, með köldu stríði að leggja undir ameríska auðvaldið hvert landið á fætur öðru til að geta undirbúið sig efnahagslega, stjórnarfarslega og hernaðarlega undir þá styrjöld, sem auðhringarnir í Wall Street nú heimta.

Þá skulum við í öðru lagi athuga: Hvað þýðir þetta fyrir okkur, ef sú styrjöld hefst, sem auðhringarnir í Bandaríkjunum tala nú um og heimta og virðast líta á sem næstum því betra en frið, því að þeir virðast óttast friðinn meira en stríð, sem ef til vill er skiljanlegt, því að þessir auðhringar hafa grætt á styrjöld? Þessir auðhringar, sem eru stærstu vopnasalar heimsins, hafa grætt á styrjöld. Þetta hefur sýnt sig í því, að þegar friður hefur verið, þá hafa þeir ekki getað stjórnað þessu ríkasta landi veraldar eins og Ameríku án þess að leggja það í bönd kúgunar og kreppu eins og þeirrar, er byrjaði 1929. Hvað mundi það þýða fyrir okkur, ef þessum auðhringum Bandaríkjanna, þessum kaupmönnum dauðans, tækist að koma á því stríði, sem þeir vilja? Við Íslendingar erum ekki vanir að hugsa um stríð út frá því sjónarmiði, að slíkt stríð kæmi raunverulega við okkur. Það eru varla nema sjómennirnir okkar, sem vita, hvað stríð er, og þeir, sem hafa búið þar, sem þeir hafa nótt eftir nótt heyrt sprengjurnar falla allt í kringum sig og vita af eigin raun, hvað það er að liggja undir sprengjuárásum. Enginn Íslendingur hefur þó kynnzt þeim, eins og þær mundu verða nú með þeirri fullkomnustu tækni Bandaríkjanna. Við erum ekki vanir því Íslendingar að hugsa um stríð út frá því sjónarmiði, að það sé Ísland, sem sé í miðju stríðsins, eða Ísland sé þátttakandi í stríði. Og fyrir okkur alþm., sem stj. heimtar nú af, að við tökum ákvörðun um þetta mál, að því er virðist án þess að spyrja þjóðina, má það ekki vera dulið, hvað stríð þýðir, ef það nú ætti að verða það sorglega hlutskipti þessa þings að draga íslenzku þjóðina vitandi vits inn í fyrstu heimsstyrjöldina, sem háð hefur verið um Ísland og yfir Íslandi. Við skulum gera okkur ljóst, — því að með það hefur ekki verið farið neitt leynt af hálfu þeirra, sem hafa talað fyrir þessu máli, sem hér liggur fyrir, að sú styrjöld, sem þeir tala um, væri styrjöld milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, tveggja mestu hervelda heimsins, fyrst og fremst, — við skulum gera okkur ljóst, hvað slík styrjöld mundi þýða fyrir okkur. Það hefur mikið verið skrifað um slíkt stríð, ekki sízt af hálfu Bandaríkjamanna, og enginn dregið dul á, að ef slíkt stríð kæmi, mundu herir Ameríku og Evrópu standa við Atlantshaf, báðum megin, áður en margar vikur væru liðnar. Bandaríska herstjórnin mun gera allar sínar ráðstafanir út frá því, að þær stöðvar, sem helzt gætu haldizt í Evrópu, þegar nokkrar vikur væru liðnar, væru Ísland, England og Pýreneaskaginn. Ég var nýlega að lesa bók eftir tvo ameríska menn, sem er skrifuð frá sjónarmiði Ameríku. Þeir gera ráð fyrir, að það muni koma til stríðs milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, eins og þeir kalla það. Þeir lýsa því, að þegar fimm ár eru liðin af styrjöldinni, þá muni Bandaríkjastjórn gera sínar ráðstafanir til að koma á algeru stríði og búa út plan fyrir næstu fimm ár styrjaldarinnar. Þeir ganga út frá því, að styrjöldin muni getað staðið áratugum saman. Þar eru dregnar upp nokkrar myndir, hvernig þeir hugsa sér gang styrjaldarinnar þessi fyrstu fimm ár. Þeir lýsa því, hvernig Bretland á þriðja ári tapar og brezka þjóðin yrði að gefast upp vegna sprengjuárása frá meginlandinu. Þarna er lýst með amerísku raunsæi, hvað væri í vændum, ef til stríðs kæmi, og við getum séð í hendi okkar, hvernig staða Íslands væri, þegar þannig væri komið í styrjöld, hvernig Ísland væri þá orðin aðalherstöð bandaríska hervaldsins til árása á meginland Evrópu. Við skulum þess vegna gera okkur alveg ljóst, að Bandaríkjastjórn er með þeim samningi, sem hún er nú að fara fram á og beitir sínum eftirtektarverðu aðferðum til að fá fram, — með þeim samningi, sem Bandaríkjastjórn fer fram á, að Alþingi samþykki og ríkisstj. Íslands undirskrifi, að reyna að tryggja sér fyrir fram það, sem hún ætlar sér, að gera Ísland að árásarstöð á Evrópu í komandi stríði, þar sem eigi að fljúga frá með alla þá drepandi farma, sem á að hella yfir þjóðirnar í Evrópu, Kaupmannahöfn, París, Berlín, Moskvu, Varsjá og allar aðrar borgir, sem hægt er að ná til frá Íslandi, og leika þær eins og Nagasaki og Hirosima. Við skulum gera okkur ljóst, að þetta er það, sem Ísland verður notað til í næsta stríði, ef Bandaríkjaherstjórnin fær yfirráð hér.

Sú spurning, sem við verðum að svara hér, er því sú, hvort við Íslendingar ætlum að gerast þátttakendur í þessum leik, hvort við ætlum að ljá okkar land til þessara aðgerða, hvort það á að vera hægt að draga okkur til reikningsskapar fyrir þau morð, sem framin verða frá Íslandi, eða hvort við eigum að vera saklausir af því, hvort það á að vera hægt að krefja okkur reikningsskapar fyrir slíkt. Það er það, sem við nú eigum að taka ákvörðun um.

Það mun engin þjóð í veröldinni geta ætlazt til þess, að við getum varið Ísland fyrir Bandaríkjunum. Þess getur engin þjóð krafizt með nokkurri sanngirni, að við getum hindrað Bandaríkin í að taka þetta land. Við getum ekki hindrað, að Bandaríkjamenn taki landið og geri það að árásarstöð eða vígvelli. En við getum ráðið því, hvort við gefum samþykki okkar til þess. Það veit líka hver einasti maður í allri sinni samúð með Bandaríkjunum, að Bandaríkin taka þetta land eins og að drekka vatn, ef til styrjaldar kemur. Það getum við alþm. gengið úr skugga um með því að spyrja utanríkisráðherra Bandaríkjamanna. Það skyldi ég treysta mér til að fá yfirlýsingu um frá utanríkisnefnd Bandaríkjanna, ef send væri sendinefnd til að spyrja um það. Það þarf því enginn að koma með þá afsökun, að hernaðaraðstöðu Bandaríkjanna sé stefnt í neina hættu með því að neita þessum samningi nú. Nei, það er samsektin, sem er verið að sækjast eftir. Það er verið að fara fram á, að við verðum meðábyrgir, Alþingi og Ísland, að Norðurlandabúar og Vestur-Evrópa og Austur-Evrópa verði myrt frá Íslandi. Það er þessi samsekt, sem Bandaríkjastjórn vill fá. Þeir vilja geta þvegið hendur sínar frammi fyrir veröldinni og sagt sem svo: Íslendingar báðu okkur um að gera þetta. Við lögðum ekki að þeim. Þeir máttu ráða þessu sjálfir. Íslendingar báðu um þetta. Íslendingar gerðu það sjálfviljugir. — Þannig á frammi fyrir öllum heiminum að vera hægt að leggja á okkur ábyrgðina á því, sem verður gert. Þetta er það, sem á að gera. Og meðan ég get nokkuð, vil ég reyna að koma hv.

samþm. minum í skilning um, hvað sé hér verið að gera. Við getum rifizt hér og deilt um flokksmál, utanríkismál og heimsmálin og allt saman slíkt, og við getum haft mismunandi skoðanir um það allt saman. En ef ætlazt er til þess af okkur, að við tökum ábyrgð á þeim hlutum, sem varðar líf okkar Íslendinga og æru okkar Íslendinga og um það er spurt, hvort við Íslendingar ætlum að gerast meðábyrgir að þeim ægilegustu athöfnum, sem gerzt hafi í veröldinni, þá vil ég a. m. k. vinna mitt til þess, að við vitum, hvað við séum að gera.

Það er sagt í þessu sambandi, að við Íslendingar værum ekki öruggir, þó að við værum hlutlausir. Það er rétt, því fer fjarri. Það er ekkert öryggi til í þessum heimi, eins og hann er. Við erum, þó að við værum hlutlausir, svo að segja hundrað prósent vissir um að verða herteknir af Bandaríkjunum, ef til styrjaldar kemur. En við höfum í fyrsta lagi þá veiku von, ef við neitum að gerast aðilar að þessum samningi, að við fengjum, meðan friður væri, að hafa landið í friði fyrir Keflavíkurstefnunni, og ef til styrjaldar kæmi, þá værum það ekki við, sem tækjum ábyrgðina á okkur með Bandaríkjunum á því, sem gerðist.

Svo skulum við athuga ofur lítið, hvað það er, sem við tækjum ábyrgð á, ef til styrjaldar kæmi. Ef til styrjaldar kemur samkvæmt þeim fyrirætlunum, sem þetta Atlantshafsbandalag er byggt af, þá yrðum við Íslendingar þátttakendur. Við skulum ekki fara í neinar grafgötur með það, að Bandaríkin, sem eru búin að ná svona sterkum tökum á okkur, mundu, þegar til slíks kæmi, vera búin að tryggja sér, að sú ríkisstj., sem þá væri á Íslandi, væri búin að gera slíkan samning við þá, að Íslendingar væru þátttakendur í þessu stríði. Þau væru búin að koma upp vörnum. Mundu þær bjóða upp á öryggi mannslífa og eigna? Nei. Því sterkari og harðvítugri varnir, það þýðir því fleiri flugvélar, skipalægi og árásarstöðvar og því meiri árásir á okkur. Ísland hefur stundum verið kallað Malta Atlantshafsins. Malta var sú eyja, sem mestar árásir voru gerðar á í síðustu heimsstyrjöld af öllum blettum á jörðinni. Hvað þýðir þá svona stríð fyrir okkur Íslendinga? Við skulum í fyrsta lagi athuga það, sem snertir eignir og verðmæti. Í síðasta stríði voru Íslendingar herteknir sem hlutlaus þjóð. Þá var um það samið, að allt, sem skemmdist hér eða eyðilegðist af völdum ófriðarins, skyldi verða bætt. Það voru gefin út sérstök l. frá Alþingi um slíkar bætur. Í komanda stríði mundi, þegar Ísland væri þátttakandi með Bandaríkjunum, — þá mundu allar þær ægilegu eyðileggingar, sem viðbúið væri, að hér yrðu, verða taldar sem framlag Íslendinga til slíks stríðs. Þó að öllu þessu litla, sem við höfum verið að reyna að byggja hér upp síðustu tvær kynslóðirnar, yrði kastað í rústir, þá eru líkur til, að það yrði aðeins skoðað sem framlag til þátttöku í styrjöldinni, framlag Íslands. Hvernig hefur verið farið með þær þjóðir, sem mest hafa lagt fram af slíkum fórnum, bæði eignum og mannslífum í síðustu styrjöld, af hálfu Bandaríkjanna? Einmitt þær þjóðir, sem mest hefur verið eyðilagt hjá, hafa verið svívirðilegast leiknar af ríkisstjórn Bandaríkjanna. Það er eins og við fáum þar fyrirheit um þær aðgerðir, sem biðu okkar Íslendinga. Ef það lenti á okkur að færa einhverjar þær mestu fórnir í styrjöldinni með því að gerast þátttakendur, þá tekur Alþingi á sig ábyrgð á því, á öllum þeim eyðileggingum, sem yrðu framlag Íslendinga til slíkrar styrjaldar. Og við skulum ekki loka augunum fyrir því, að innganga Íslendinga í þetta hernaðarbandalag kostar okkur þessa fórn, ef til styrjaldar kemur.

Í öðru lagi er svo líf okkar þjóðar, sjálf tilvera hennar, ef slíkt stríð brytist út. Og með því að ganga í þetta bandalag nú og heita Bandaríkjunum þannig herstöðvum á Íslandi, veita Íslendingar þeim aðstöðu til þess að útbúa slíkar herstöðvar á friðartímum og verða þess valdandi, að þetta stríð nálgist. Því fleiri herstöðvar sem Bandaríkin fá út um allan heim, því fyrr velta þau heiminum út í styrjöld. Með því að veita Bandaríkjunum þau réttindi, sem þessi sáttmáli felur í sér, er Alþingi Íslendinga að valda því, að stríð færist nær. Með því að neita Bandaríkjunum um slíkt, eins og við neituðum Hitler um flugvallaraðstöðu 1939, erum við að reyna a. m. k. af okkar hálfu að draga það á langinn, að styrjöld skelli yfir mannkynið. Við skulum svo einnig gera okkur hitt ljóst, því að við höfum aldrei þurft að hugsa um það fyrr, að ef við Íslendingar gerumst þátttakendur í stríði og ætlum að glata þessari litlu og lélegu vernd, sem hlutleysið er, erum við að gera okkur siðferðislega undirorpna stríðsóhamingjunni og kynnum að verða sigruð þjóð, sem af fúsum og frjálsum vilja hefði undirbúið hér stríð með Bandaríkjunum og látið þeim í té herstöðvar af fúsum og frjálsum vilja. Við kynnum að verða sigruð þjóð og meðhöndlaðir sem sigruð þjóð. Og það er munur á því, hvort landið er hlutlaust land, sem hertekið er af einu voldugasta herveldinu gegn vilja þings og þjóðar, eða hvort við erum þjóð, sem veitir Bandaríkjunum þessa aðstöðu. Og það er sá munur, sem í lok slíkrar styrjaldar, ef hún skyldi skella yfir mannkynið, getur þýtt allt fyrir okkur Íslendinga, fyrir þá menn, sem eiga sæti hér á Alþingi og eiga að ráða málum þjóðarinnar. Við, sem kosnir vorum á Alþingi 1946 og eigum bráðum að leggja umboð okkar fyrir kjósendur á ný, höfum ekki umboð til þess að binda þessa þjóð í 20 ár um það, hvað gera skuli í þessu máli. Í friði sem í stríði þýðir þess vegna þátttaka í þessu bandalagi það að leiða yfir þjóð okkar og land okkar það, sem við alþm. erum engan veginn menn til þess að bera ábyrgð á frammi fyrir þjóðinni og höfum ekki leyfi til að framkvæma gagnvart henni.

Þá skulum við svo athuga, hverjir það eru, sem ætlazt er til, að við Íslendingar göngum í bandalag við. Í þessum sáttmála, sem hér liggur fyrir, er byrjað með ákaflega fallegum lýsingum og farið um það mörgum fögrum orðum, hve dæmalaust gófugur tilgangurinn sé, sem þessi sáttmáli eigi að vinna að. Við skulum nú athuga, hvaða þjóðir það eru, sem ætlazt er til, að við Íslendingar göngum í bandalag við. Utanrrh. var að sleppa orðinu um það áðan, að þetta væru friðelskandi lýðræðisþjóðir, og ég veit eiginlega ekki, hvað hæstv. ráðh. og þm. G-K. (ÓTh)

ætluðu sér að komast hátt í lofsorðunum í útvarpinu í gær, þegar þeir voru að lýsa þessum friðelskandi þjóðum, þeirri réttlætis- og kærleikstilfinningu, þjóðréttartilfinningu, mannkærleika og manngöfgi o. fl. o. fl., sem þær hefðu til að bera. Við skulum því athuga, hvaða þjóðir þetta eru. Það eru Bandaríkjamenn, Hollendingar, Belgir, Frakkar, Bretar og fleiri þjóðir. Við höfum ýmislegt gott af þessum þjóðum að segja. En það eru mjög svo tvær hliðar á þessum þjóðum, og við höfum stundum fengið að kynnast þeim báðum. Það er talað um, að okkur Íslendingum ætti að vera óhætt að ganga í bandalag, sem Danir væru með í. Jú, Danir eru mjög elskuleg þjóð heim að sækja, að tala við þá, en sumar þjóðir hafa reynslu af því, hvernig Danir eru sem nýlenduþjóð. Þá snýr önnur hlið út. Við Íslendingar höfum þá reynslu af elskulegheitunum, að við þökkum fyrir að hafa sloppið lifandi úr greipum þeirrar elskulegu þjóðar. Englendingar hafa líka oft sýnt okkur á sér góðar hliðar, þegar þeir hafa ekki verið að rýja okkur inn að skyrtunni, taka land okkar eða brjóta stjskr. okkar. En það er önnur hlið, sem hefur snúið að þeim fjórða hluta heimsins, sem þekkir Breta sem dýrslegustu nýlendukúgara veraldarinnar og í dag sem ríki, sem stendur í árásarstyrjöld gegn friðelskandi þjóðum, sem Bretar eru að reyna að hneppa í þrælafjötra, þjóðir eins og Malajalandabúa og aðrar slíkar, sem eiga sama rétt til frelsis og Íslendingar og Englendingar. Það er Bretland, sem í dag stendur í blóðugri árásarstyrjöld, og við Íslendingar eigum að ganga í bandalag við þetta ríki. — Það er sagt við okkur, að við getum óhræddir gengið í bandalag, þar sem Hollendingar eru hins vegar, ríki eins og Holland, svona friðelskandi garðyrkjumenn! Þyrfti víst ekki að óttast, að þjóð, sem hefði verið varðveitari friðar og frelsis, færi í árásarstyrjöld. En hvað er að gerast þessa dagana? Það, að þessir friðsömu Hollendingar, auðhringir Hollands, sem eiga auðlindir 100 milljón manna í Austur-Asíu, hafa byrjað árásarstríð, sem sjálfar Sameinuðu þjóðirnar hafa viðurkennt, að væri árásarstríð. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að Holland er af Sameinuðu þjóðunum brennimerkt sem ríki, sem níðist á þjóð, er barðist á móti fasistum í síðustu styrjöld, — sem ríki, er tekur menn, er vilja hafa frelsi, og lokar þá inni í járnbrautarvögnum, kærir þá og myrðir með því að svelta þá í hel, ríki, sem gerir sér lítið fyrir og ræðst með flugvélum sínum og her á sjálfstætt lýðveldi, sem skapað er í krafti sömu mannréttinda og við Íslendingar sköpuðum okkar lýðveldi, lýðveldi Indónesíu. Hollendingar eru sannir að sök að hafa ráðizt á þetta land og rænt allri ríkisstjórn þess. Svo er komið og sagt í útvarp hér á Alþingi af hæstv. menntmrh. (EystJ), að það séu engir nema bandóðir vitleysingar, sem láti sér detta í hug, að Hollendingar fari í árásarstríð! Ég veit ekki, hvort menntmrh., með sína þekkingu, sína menntun og sitt vit á stjórnmálum, er nokkurs staðar nærverandi, eða hvort hann er flúinn. Hann sagði í útvarpinu í gær, að engum nema bandóðum vitleysingum dytti í hug, að Hollendingar færu í árásarstríð. Þorir ekki hæstv. menntmrh. að standa fyrir sínu máli? Er þetta uppfræðslan, sem þessi hæstv. menntmrh. er að gefa þjóðinni? Er hann bandóður vitleysingi sjálfur? Á grundvelli svona lyga, sem stangast við einfaldar staðreyndir, leyfir ríkisstj. sér að koma fram og segja við Alþingi Íslendinga: Það þarf ekki að segja meira við ykkur. Ég sagði ykkur allan sannleikann í gærkvöld. — Þessi viðsýni menntaði maður tilkynnti í gærkvöld, að engum nema bandóðum vitleysingum dytti í hug, að Hollendingar færu í árásarstríð. Eftir þessar upplýsingar á að vera óhætt fyrir Íslendinga að fara í árásarstríð! Ég get skilið, að ráðh., sem svona hagar sér, þori ekki að standa fyrir máli sínu. Þessi vitleysa er svo fyrir neðan allar hellur, að ráðh., sem hefur svona í frammi, ætti að segja af sér. Það er þessi sami menntmrh., sem hefur þann tíma, sem hann hefur setið að völdum, bannað ríkisútvarpinu að flytja fréttir nema frá London. Í tvö ár er hann búinn að láta ritskoða þær fréttir, sem íslenzka þjóðin fær. Í tvö ár er hann búinn að hindra, að íslenzka þjóðin og þar með meginið af alþm. fái að heyra annað en það, sem Lundúnaútvarpið hefur látið menn heyra. Hann hefur vafalaust eftir tilmælum frá Bretum og Bandaríkjamönnum bannað ríkisútvarpinu að flytja aðrar fréttir en þær, sem Bretum þóknast að láta koma fram. Í tvö ár er hann búinn að hafa ritskoðun á íslenzka útvarpinu, til þess að flytja einhliða málflutning til íslenzku þjóðarinnar, til þess að ljúga að henni, til þess að villa hana og blekkja, svo að hún viti ekki, hvernig ástandið er í veröldinni, þegar hún tekur sínar örlagaríkustu ákvarðanir. Ég get ekki trúað, að menntmrh. sé það fífl, að hann viti ekki betur en þetta og trúi öllum ósannindunum, sem hann lætur berast til íslenzku þjóðarinnar gegnum ritskoðun Breta og Bandaríkjamanna. En meira að segja þrátt fyrir þessa ritskoðun menntmrh. hefur hann samt ekki getað komizt hjá því að láta koma fram í íslenzka útvarpinu, að Hollendingar væru í árásarstríði, en þó er óskammfeilnin slík, að hann segir: Engum nema bandóðum vitleysingum dettur í hug, að Hollendingar fari í árásarstríð. — Þetta er undirbúningurinn og þetta eru upplýsingarnar, sem Alþingi á að byggja á, þegar það tekur afstöðu til þessa máls.

Nokkuð svipað er ástatt um hin ríkin, sem við eigum að gera bandalag við. Belgía er eitt af nýlenduríkjum heimsins, eins og við vitum. Frakkland er búið að standa í tvö ár í stríði við Indókína, sem barðist móti Japönum í síðustu styrjöld, en Frakkar hafa síðan ráðizt á þessa þjóð til þess að brjóta hana undir sig að nýju. Við eigum að ganga í bandalag við franska ríkið, sem stendur í árásarstríði við þjóð, sem hefur verið nýlenduþjóð í margar aldir. Og svo eru það Bandaríkin sjálf, sem ekki eru aðeins voldugasta nýlenduríkið, heldur eru búnir að gera sjálf nýlenduríkin voldug og eru nú að byggja upp kerfi, þar sem annars vegar eiga að vera gömlu nýlenduríkin í Vestur-Evrópu, en hins vegar nýlenduþrælarnir í Asíu og Afríku, sem eiga að vera í lægstu tröppunni í þeim þjóðfélagsstiga, sem auðvaldið bandaríska reynir að skapa í heiminum. Þetta bandaríska auðvald er það, sem við nú eigum að ganga í bandalag við, — það

vald, sem er að búa sig undir að undiroka meginið af heiminum, verða yfirnýlenduríki allra þeirra gömlu, sem nú eiga að afdankast. Við Íslendingar höfum í 7 aldir verið lýðræðisþjóð og erum nýsloppnir úr greipunum á nýlendukúgurum. Nú er ætlazt til þess af okkur, að við göngum í bandalag til þess að hjálpa til þess að kúga allar þær aðrar þjóðir í veröldinni, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi, við þau voldugustu nýlenduríki heimsins, sem mynda þetta árásarbandalag, sem hér er um að ræða. Annars vegar nýlenduríkin í Evrópu, sem á síðustu fimm öldum hafa brotið undir sig tvær heimsálfur, og hins vegar Bandaríkin, sem frá því að vera nýlenduþjóð sjálf og heyja sína frelsisstyrjöld móti Bretum, eru nú að búa sig undir að skapa sér 16 nýlendur á vesturströnd Evrópu í staðinn fyrir þær 13 nýlendur, sem Bretar einu sinni áttu á austurströnd Ameríku. Bandaríkin og Vestur-Evrópuríkin, helztu nýlenduríki veraldarinnar, sem nú eru að undiroka allar heimsálfur og standa í árásarstyrjöld við þjóðir, sem nú eru að berjast fyrir frelsi sínu, með sama rétti og Íslendingar hafa gert, — þessi ríki segja nú við okkur: Þið eigið að ganga í bandalag við okkur, því að þið elskið frelsið og þjóðarréttinn eins og við. — Ég er hræddur um, að okkur væri nær að segja við þessar þjóðir. Sleppið þið fyrst tökunum á þeim nýlendum, sem þið nú undirokið. Látið þær þjóðir, sem þið nú kúgið, fá frelsi, þá skulum við fara að tala við ykkur í alvöru, þá hafið þið sýnt það, að þið virðið þjóðfrelsi og mannréttindi. — Við skulum segja við Acheson: Látið Breta, Hollendinga, Frakka og aðrar nýlenduþjóðir sleppa tökunum á Asíu og Afríku, og gefið þessum þjóðum frelsi, eins og við Íslendingar höfum fengið frelsi, þá skulum við tala við þig í alvöru og trúa þér. — En hver getur ætlazt til þess, að við trúum þessum mönnum, þegar þeir koma til okkar gráir fyrir járnum og segja: Viljið þið ekki vera með okkur í því að vernda frelsi þjóðanna, sem eru að berjast fyrir frelsi sínu?

Það er þess vegna greinilegt mál, hvað bandamennina snertir, að fyrir okkur Íslendinga er hér um það að ræða að ganga í hernaðarbandalag með harðsvíruðustu nýlendukúgurum veraldarinnar. Ég álít, að við Íslendingar mundum brjóta í bága við allt það, sem hefur einkennt þjóð okkar, ef við gerðum slíkt, og værum að hjálpa helztu nýlendukúgurum veraldarinnar, til þess að þeir ættu hægara með að viðhalda valdi sínu yfir öðrum nýlenduþjóðum og kúga þær.

Þá skulum við athuga þetta í sambandi við Bandaríkin sjálf og allt það tal, sem hér hefur verið haft í frammi viðvíkjandi því, að þau væru alveg sérstaklega að hugsa um lýðræðið. Hæstv. atvmrh. flutti ofur litla mannkynssögu í útvarpið hér í gærkvöld. Það væri nú í raun og veru dálitið gaman að taka hæstv. atvmrh. í tíma í mannkynssögu; ég held honum veitti ekki af því, því að það var svo undarlegt, sem hann leyfði sér að halda fram í ræðu sinni. Það er þess vegna bezt fyrir okkur að athuga nú ofur lítið, hvernig þær aðferðir eru, sem Bandaríkjamenn og Bretar og þessar þjóðir hafa tekið viðvíkjandi lýðræðinu. Bandaríkin hafa nú undanfarið öðru hvoru verið að gera smábyltingar og hafa með vopnavaldi verið að breyta um stjórn í Mið- og Suður-Ameríku, og í hvert skipti hefur ekki heyrzt neitt hljóð úr horni hér heima. Það hefur verið gengið út frá því sem sjálfsögðu, að ef það væru Bandaríkin sjálf eða bandarískar undirlægjur, sem gerðu uppreisn til þess að bylta við löglegum stjórnum, þá væri allt í lagi. Hér hefur verið talað um það, að Bandaríkin væru framúrskarandi lýðræðisríki. Sannleikurinn er sá, að Bandaríkin eru nú sem stendur eitt harðsvíraðasta einræðisríki auðhringanna í heiminum, ríki, þar sem fjórar voldugustu auðhringasamsteypurnar hafa sölsað undir sig meginið af þjóðarauð Bandaríkjanna. Samkvæmt bandarískum hagskýrslum eru það fjórar helztu auðhringasamsteypurnar, sem eiga 60% af þjóðarauði Bandaríkjanna.

Þegar Matthías Jochumsson skáld var í Bandaríkjunum, þá skrifaði hann um dvöl sína þar, og hann kallaði Bandaríkin „mammonsríki Ameríku". Honum þótti auðsætt, að það væri auðurinn, auðvaldið, sem þar réði lögum og lofum, ætti blöðin, skapaði almenningsálitið og mótaði alla pólitík þess ríkis. En síðan Matthías Jochumsson var í Bandaríkjunum hefur vald auðhringanna margfaldazt, og hafi það verið rétt hjá Matthíasi að kalla Bandaríkin mammonsríki, þá er það ekki aðeins Mammon, heldur og Marz, svo að maður haldi guðanöfnunum, sem drottnar þar í dag. Í bókmenntum okkar Íslendinga hefur myndin af Bandaríkjunum verið mynd þess ríkis, þar sem auðhringarnir drottna, þar sem vald auðsins er jafnvel svo mikið, að kosningar fara nákvæmlega eftir því, hve mikið af peningum hvor auðflokkurinn um sig leggur í þær, og lýðræðið í Bandaríkjunum birtist stundum í því, að þeir, sem leyfa sér að hagnýta sér kosningarétt sinn öðruvísi en drottnararnir vilja, eru blátt áfram skotnir niður. Þeir fjórir auðhringar, sem nú stjórna Bandaríkjunum, eru: Morgan með sína bankastarfsemi og stálhringinn, Rockefeller með olíuna, Du Pont, sem ræður yfir kemiska iðnaðinum, og Mellon með olíu. Allir þessir auðhringar eru stærstu vopnaframleiðendur í heimi. Þessir hringar ráða og yfir atómtilraunastöðvum Bandaríkjanna og eiga flest tækin þar. Þessir hringar hafa gróða af stríðsótta og aukinni vopnaframleiðslu og af stríðum. Þess vegna er það auðhringavaldið í Bandaríkjunum, sem beitir sér fyrir núverandi stefnu Bandaríkjanna, að koma á æðisgengnum stríðsótta, beita sér fyrir vopnaburði og hertygingu og stríðsþáttöku þjóðanna. Þær árásarstyrjaldir, sem þjóðirnar, sem nú ætla að stofna Atlantshafsbandalagið, heyja, skapa Bandaríkjaauðhringunum gróða og eru fyrst og fremst vatn á þeirra myllu. Auðvald Bandaríkjanna óttast ekkert eins mikið og frið. Í blöðum bandaríska auðvaldsins er talað um það sem eitt það ægilegasta, sem fyrir gæti komið, að kalda stríðið hætti og eðlilegt jafnvægi skapaðist milli þjóðanna, því að það þýddi ægilegustu kreppu, sem nokkru sinni hefur dunið yfir í Bandaríkjunum. Þetta skrifa sérfræðingar auðvaldsblaðanna, því að styrjaldir þýða gróða fyrir vopnahringana, og það er bisness hjá þeim að lengja styrjaldir, og það hafa þeir gert bæði 1914—18 og í síðasta stríði vegna

þess, að þeirra gróði verður því meiri, því lengur og meira sem drepið er. Þetta er rétt, og ef einhver ber brigður á þetta, þá skal ég sanna það, en þetta er svo hryllilegt, að mig undrar ekki, þótt menn ói við því, að undir lýðræðisgrímunni skuli vera svo vægðarlaust verzlunarvald.

Hver eru svo skipti okkar við þetta land? Hver eru skipti Bandaríkja Norður-Ameríku við okkur, og hvaða fyrirheit gefa þau um skipti þeirra við okkur framvegis? Ég vil minna á eftirfarandi: 1. Bandaríkin byrjuðu afskipti sín af okkur með því árið 1941 að setja ríkisstj., í samráði við Breta, úrslitakosti um það, að innan 24 klst. bæðu Íslendingar Bandaríkin um hervernd. Þann 24. júní bárust ríkisstj. slíkir úrslitakostir, og að þeim varð að ganga, án þess að tækifæri gæfist til að leggja málið fyrir Alþingi. Afskipti Bandaríkjanna byrja sem sagt með því, að þau setja Íslendingum úrslitakosti, og Alþingi fékk fyrst um þennan samning að fjalla sem gerða staðreynd. Þetta er rétt að muna, hvað snertir lögfræðilega aðstöðu okkar, sem við komum til með að leggja fyrir aðrar þjóðir um sök okkar eða sakleysi í milliríkjaviðskiptum.

Ég skal geta þess, ef forseti hyggst að veita matarhlé, að ég á nokkuð eftir af minni ræðu, en ef matarhlé verður ekki veitt, þá verð ég lengur að ljúka máli mínu, því að þá tala ég hægar, ef ég fæ ekki einhverja hvíld, og því spyr ég forseta, þar sem ég á eftir að tala í 1—2 klst., hvort hann vilji nú veita matarhlé. Hins vegar er ég reiðubúinn að halda áfram eins lengi og verða vill, ef hæstv. forseta þætti betra. (*Forseti:* Ég vil spyrja hv. þm., hvað mikið hann muni eiga eftir af sinni ræðu.) Líklega svona 1—2 klst., en ef Alþingi ætlar nú ekki að veita matarhlé og ætlar nú að vinna vel, aldrei þessu vant, þá stendur ekki á mér, en ef ég fæ ekkert hlé, verð ég eðlilega þurrari í kverkunum og tala þá hægar, þegar fram í sækir, en ég vil stuðla að því, að allt fari hér fram samkvæmt þingsköpum, en ef sleppa á matarhléi, þá er það nú ekki beint í samræmi við þingsköp, svo að ég kann betur við, að nú verði veitt matarhlé. (*Forseti:* Ég mun halda áfram umræðum um stund.) Ég skal þá halda áfram og tek þá fyrir, þar sem frá var horfið, um afskipti Bandaríkjanna af okkur Íslendingum.

Nauðungarsamningurinn 1941 var þannig, að Bandaríkjamenn skuldbundu sig til að fara héðan strax, er styrjöldinni lyki. Hvernig stóðu þeir við það? Þannig, að þeir sviku á okkur samninginn. Þeir neituðu að fara burt. Það er sem sé fyrsta reynsla okkar af Bandaríkjunum, að þeir svíkja á okkur gerða samninga. Hvað gera þau svo? Þau gera það, að meðan þau sitja hér með her, sem settur var niður án þess, að réttindi væru til, þá neita þau að fara burt og fara fram á þrjár herstöðvar til 99 ára. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það, að meðan þeir höfðu hér her, þá ætluðu þeir að nota sér samningsrof og hervald til þess að neyða Íslendinga til að afsala þrem stöðum af landi sínu undan íslenzkum yfirráðum. Þetta jafngildir innrás. Þetta jafngildir vopnaðri árás til að taka sem herstöðvar þrjá hluta af landinu til 99 ára. Það er auðséð, að Bandaríkin hafa búizt við, að Íslendingar svöruðu játandi. Þeir hefðu varla gert þá kröfu 1. okt., að þeir fengju sem herstöðvar Keflavík, Skerjafjörð og Hvalfjörð til 99 ára, nema af því, að þeir gengju út frá því, að við værum of aumir til að neita kröfum þeirra. Það sýndi sig, að Bandaríkin ætluðu sér að beita Íslendinga nauðung. Í krafti samningsins frá 1941 ætluðu þeir að knýja okkur til að láta af hendi þrjá hluta lands vors. Þegar þessu var svarað neitandi, þá fóru þeir fram á að fá Keflavíkurflugvöllinn til afnota. Hvað var þá látið í veðri vaka? Það var látið í veðri vaka, að svo framarlega sem ekki yrði inn á það gengið, þá mundu Bandaríkjamenn halda áfram að vera hér með sinn her. Það þýðir, að Bandaríkin hótuðu Íslendingum því að halda hér áfram hernámi, ef þau fengju ekki mikilsverð hernaðarleg fríðindi. Bandaríkjamenn hótuðu að brjóta á okkur samninga, og þeir gerðu það líka til þess að tryggja valdaaðstöðu sína hér. Þeir höfðu þá hervald hér, og í krafti þess knúðu þeir fram Keflavíkursamninginn. Hver hefur þá afstaða Bandaríkjanna til okkar Íslendinga verið? Röð af ofbeldisaðgerðum. Berum þetta svo saman við það ríki, sem hæstv. ráðh. voru að ljúga upp á í gær, að okkur stafaði ógn af, og athugum afstöðu þess stórveldis til Norðurlanda. Sovétríkin höfðu her í Norður-Noregi, af því að þeir ráku nazistana þaðan, og Sovétríkin höfðu her á Borgundarhólmi, af því að þeir ráku nazistana þaðan líka. Sovétríkin fóru burt úr Norður-Noregi, og Sovétríkin fóru burt af Borgundarhólmi, þrátt fyrir það þótt hv. þm. S-Þ. skrifaði heila bók um, að þau ætluðu ekki að fara, en Bandaríkin voru kyrr á Íslandi. Þau sviku samninga á eina vopnlausa ríki veraldar og notuðu hervald sitt til þess að níðast á Íslendingum. Þannig hafa þeir skapað sér aðstöðu, sem þeir hafa í dag, með nauðungarsamningi, með hersetu, með áframhaldandi tilraunum til landráns og með því að knýja fram Keflavíkursamninginn. Síðan er okkur sagt, að við þessa stjórn, sem þannig hefur hagað sér, ættum við að semja um þátttöku í hernaðarbandalagi í fullu trausti þess, að hún virði lög, rétt og þjóðfrelsi.

Ég mun þá næst koma að því, sem snertir alveg sérstaklega tilganginn með stofnun Atlantshafsbandalagsins, og vildi af því, að forseti er farinn að gá á klukkuna og flestir þingmenn farnir í mat, geta þess, að ég mun þurfa að endurtaka mikið af því, sem ég nú segi, þegar þingmenn koma aftur, því að þótt ég hafi gaman af því að ræða við hæstv. forseta, hef ég enn þá meiri löngun til að ræða málið við þingmenn yfirleitt. Því spyr ég hæstv. forseta, hvort hann hugsi sér að halda umr. áfram, eða hvort hann ætlar að taka matarhlé. (*Forseti:* Ég hafði hugsað mér að halda áfram fundi til kl. 12,30 og gefa þá klukkustundar matarhlé.) — Þá kem ég að því, hvað snertir aðild okkar að Norður-Atlantshafsbandalagi, og skulum við þá athuga, hver afstaða Íslendinga verður, eftir að þeir hafa gerzt aðilar að bandalaginu, gagnvart þeim aðilum, sem Atlantshafsbandalaginu er beint gegn. Vitanlega er því fyrst og fremst beint gegn Sovétríkjunum, og er ekki nýtt, að slík bandalög séu sköpuð, og ekki nýtt, að það sé gert undir því formi, að um sé að ræða mótspyrnu gegn kommúnistum. Við heyrðum áróðurinn gegn

kommúnismanum milli síðustu heimsstyrjalda, bæði í blöðum auðvaldsins úti um heim og Morgunblaðinu hér heima á Íslandi, alveg eins og nú. Áður var það Hitler, sem hafði forustuna gegn kommúnismanum. Baráttu hans og hans fylgifiska var beint gegn lýðræði, þjóðfrelsi og sósíalisma. Þá voru látlaust barðar bumburnar á sama hátt og nú gegn þessu þrennu. — Ég sagði, að bandalagsstofnanir gegn Sovétríkjunum væru ekki nýtt fyrirbrigði. Þegar er alþýðustjórnin tók völdin í Rússlandi 1917, þá skelfdist borgarastéttin *um gervallan heim, en þótt hún væri* óttaslegin, gerði hún sér vonir um, að slá mætti niður hina fátæku og langhrjáðu alþýðu. 14 auðvaldsríki mynduðu samtök sín á milli og háðu stöðugar árásir á Rússland frá 1918—21. Á þeim tíma voru bumburnar barðar látlaust af hálfu Morgunblaðsins og auðvaldsblöðunum um allan heim. Það var talað um, að þessi alþýðulýðveldi stofnuðu öllum heimi í hættu, og þá var logið ekki síður en nú. Sem dæmi um málflutning Morgunblaðsins skal ég geta þess, að fróðum manni, sem athugað hefur blaðið frá þeim tíma, telzt svo til, að það hafi þá verið búið að þrídrepa hvern einasta Rússa úr hungri. En hvaða afstöðu tóku þá beztu menn íslenzku þjóðarinnar, þeir menn, sem haldið hafa uppi málstað þeirra hugsjóna, sem við erum stoltastir af? Töldu þeir, að þessar 14 þjóðir væru fulltrúar lýðræðisins gegn einræðinu? Nei. Beztu menn íslenzku þjóðarinnar litu þannig á, að þetta væri herferð auðvaldsins gegn alþýðunni og lýðræðinu. Sá maður, sem af íslenzkum kynstofni er talinn hafa náð einna hæst í öllu því, sem við erum stoltastir af, Stephan G. Stephansson, skrifaði þá um þessar herferðir og árásir 2. júní 1920 í bréfi til Jóns frá Sleðbrjót. Hann er að tala um bændaforingja hjá Vestur-Íslendingum, og segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er nú aðalbjarminn í sovietstjórn svonefndri, „democrasið", sem á er stagazt, en hvergi er til nema í Rússlandi, þó Woods hafi þetta frá sjálfum sér. Í minni ímyndun hlýtur líkt þessu að ske — eða heimurinn fer til andsk..... á þessari öld. Svo er nú komið fyrir almenningi alls heims, að þetta þolir litla bið. Taflið aðeins um — fæst þetta með lögum, eða aðeins með bardaga? Rússastjórn æskir einskis nema friðar til að fullkomna hjá sér þetta fyrirkomulag, sem hún trúir á, en fær ekki frið. Öll „hervöld helvítanna", auður og stjórnarvöld allra ríkja, sem nú eru uppi, siga á hana öllum hennar nágrönnum með mútum, undirróðri, liðstyrk, herbúnaði og hótunum. Þetta síðasta veit ég, því að það gerist nú samtíða mér."

Þetta eru orð Stephans G. Stephanssonar, líklega vitrasta og a. m. k. mesta mannsins í okkar skáldahóp. Ég veit ekki, hvort þeir menn, sem nú tala djarflegast í skjóli Bandaríkjavaldsins, *mundu stimpla hann látinn svipað og þá, sem nú* taka sömu afstöðu, en þau völd, sem nú vilja stofna Atlantshafsbandalagið, vildu þennan mann í fangelsi fyrir sína skoðun og sín kvæði árið 1918. **Þannig var af okkar beztu mönnum** litið á sams konar viðburði og eru að gerast nú. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni, hafði ég getið um fyrstu herferðina, sem farin var fyrir 30 árum síðan gegn alþýðuríkinu í austri. Í sambandi við aðgerðir auðvaldsríkjanna þá gegn sósíalismanum og nýlendunum hafði ég rakið, hvernig okkar beztu menn sáu gegnum blekkingamoldviðrið. Stephan G. Stephansson talaði þá um herför helvítanna. Við vitum, hvernig fór. Þrátt fyrir allt hrundu alþýðuríkin af sér þessari árás. En síðan var hafizt handa á ný af hálfu auðvaldsríkjanna og ægileg herferð undirbúin. Sú herferð er fyrst og fremst kennd við fasimann, en undirrót þessa samsæris var, að auðstéttir Þýzkalands, Ítalíu, Frakklands og Englands reyndu að brjóta lýðræði þessara landa á bak aftur og tygja sig til hernaðar gegn Sovétríkjunum. Mér datt í hug í sambandi við það ágrip af mannkynssögu, sem hæstv. atvmrh. var með hér í gær, að ekki væri vanþörf á því, að ráðh. lærðu mannkynssöguna upp aftur. Þeir ættu að reyna að athuga þá atburði, sem nú gerast, í ljósi þess, sem gerðist fyrir stríðið. Hvers vegna komst Hitler til valda? *Undirrótin* var, að þýzka auðvaldið, stóriðjuhöldarnir í Ruhr, stálhringurinn I. G. F., kemiski hringurinn og aðrir slíkir ákváðu að brjóta lýðveldið þýzka á bak aftur. Og hjá hverjum fengu þeir stuðning? Hjá brezka auðvaldinu. Hitler var komið til valda með stuðningi brezku auðmannastéttarinnar. Það var samsæri þessara auðmannastétta, sem olli því, að þýzki fasiminn náði völdum og lagði undir ok sitt hverja þjóðina á fætur annarri. Það var brezka auðmannastéttin, sem gerði samning við Hitler 1938 um kafbátabyggingar, sem gaf honum jafnrétti við Breta, og það var fyrir hennar tilverknað, að þriðjungur af þeim skipasmíðastöðvum, sem Bretar áttu, voru eyðilagðar. Það voru enska og þýzka auðmannastéttin, sem sameiginlega komu Hitler til valda og hjálpuðu honum að brjóta undir sig Austurríki og Tékkóslóvakíu. Það, sem um var að ræða, var samsæri þessara auðkónga móti Evrópu, og Sovétríkjunum sérstaklega. Og undir hvaða grímu var þetta gert? Það var gert undir grímu andkommúnismans. Hitler veifaði stöðugt Rússagrýlunni. Í skjóli hennar tryllir hann þýzku þjóðina, kveikir í ríkisþinghúsinu og kennir kommúnistum um. Og Morgunblaðið tekur undir þessar *ásakanir, og blaðið hefur* aldrei afturkallað þær. Æsingar Morgunblaðsins gegn kommúnismanum byrjuðu fyrir alvöru, þegar Hitler hafði gefið merkið með ríkisþinghúsbrunanum. Íhaldsmenn trúðu lygum fasistanna eins og nýju neti, og síðar, í marz 1933, er Hitler lét til skarar skríða, þá fagnaði Morgunblaðið og talaði um Göring sem dugandi mann. Enn er hugur Morgunblaðsins hinn sami. Enn boðar Morgunblaðið ríkisþinghúsbruna. Enn er ofbeldi undirbúið með hjálp gamalla nazista, sem m. a. hafa orðið alræmdir fyrir að brenna ketti lifandi, og enn eru óspektir undirbúnar að dæmi þýzku nazistanna. Við sáum í Þýzkalandi, hvaða afleiðingar það hefur, ef fólk er tryllt með kommúnistagrýlunni. Þýzka þjóðin hefur orðið að þola ægilegar hörmungar fyrir það, að hún lét blekkjast. Hún hefur orðið að ganga gegnum slíkar skelfingar, að þess eru fá dæmi. Hlutskipti þýzku þjóðarinnar, er leit á sig sem þjóð skálda og hugsuða, mætti vera Íslendingum, sem ætíð hafa metið þýzku þjóðina mikils, til varnaðar,

svo að við látum ekki brjála okkur á sama hátt. Það er sami áróðurinn, sem nú hefur verið hafinn. Sömu mennirnir sem gengu í broddi fylkingar 1933 og 1934 með nazistamerki í barminum eru beztu trúnaðarmenn núverandi hæstv. utanrrh., og þeir eru hafðir í sendiferðum fyrir núverandi stj. Ritstjórar „Íslands" eru helzti „omgangskreds" núverandi hæstv. utanrrh. Þræðinum hefur ekki verið sleppt, heldur er haldið áfram. Spurningin er, hvort íslenzka þjóðin ber gæfu til að hindra, að hennar hlutskipti verði hið sama og Þjóðverja, sem brjálaðir voru með Rússagrýlunni 1933. En þessi grýla er eina „röksemdin", innan gæsalappa, sem stj. flytur nú fram og treystir á, eins og Hitler, sem varð svo sterkur, að honum tókst að koma brezka heimsveldinu á heljarþröm með því að blekkja karla eins og Chamberlain með þessari grýlu. Hæstv. atvmrh. var að rekja söguna fyrir stríðið, en hann sleppti úr því, sem mestu skipti. Hvað gerðist 1938? Þá var gerður samningur í München milli Þýzkalands, Ítalíu, Englands og Frakklands um stríð í austur á hendur Tékkóslóvakíu og Sovétríkjunum. Münchensamningurinn var samningur auðvelda Evrópu um stríð. Morgunblaðið minnist stundum á Tékkóslóvakíu nú í sambandi við annað, en hvað sagði Morgunblaðið 1938, þegar Tékkóslóvakía var ofurseld fasismanum, og England og Frakkland sviku Tékkóslóvakíu í Munchen? Hvað sagði Morgunblaðið, þegar Chamberlain og Daladier unnu eitthvert versta Júdasarverk, sem unnið hefur verið, fyrir auðstéttir Vestur-Evrópu, svo að þær gætu sameinazt gegn alþýðuríkjunum? Morgunblaðið fagnaði og líkti Chamberlain við Jesú Krist! Svo fegið var blaðið, þegar Tékkóslóvakía var ofurseld fasismanum. Engin lofsyrði voru nógu sterk til þess að lofa svikarana. En nú orgar Morgunblaðið yfir því, að Tékkóslóvakía sé komin undir vald kommúnista. Einhvern mun virðist blaðið þrátt fyrir allt gera á kommúnisma og fasisma. Eitt ríki í veröldinni stóð með Tékkóslóvakíu, Sovétríkin. Og af hverju þorði Benes ekki að taka hjálp Sovétríkjanna? Foringjar bændaflokksins hótuðu að opna landið fyrir Hitler, ef hann gerði það. Í München fengu Sovétríkin að vita, hvað þeirra biði, ef þetta bandalag héldist áfram. Það er á grundvelli þessa, sem við verðum að athuga það, sem gerðist næstu árin á eftir. Það er kannske rétt að minnast á það. Sovétríkin reyndu að sprengja Münchenbandalagið, en England og Frakkland sviku Pólland og létu það eiga sig, enda var samkomulag um það milli þýzku og frönsku auðhringanna að eyðileggja ekki hver fyrir öðrum, með því að varpa sprengjum. Og hvers vegna? Vegna þess að þeir vonuðu enn þá, að Þýzkaland og Sovétríkin lentu í stríði. Sú von rættist ekki. Hitler réðst á Vesturveldin, og franska auðmannastéttin sveik Frakkland í hendur honum. Ef svo hefði ekki verið, hefði franska þjóðin barizt. Það veit allur heimurinn. Sama stétt sem sveik Tékkóslóvakíu var hér að verki. Petain og fylgilið hans vildi heldur Hitler en að alþýðan tæki völdin. Grundvallarátökin voru milli þýzka auðvaldsins og Sovétríkjanna. Í raun og veru byrjaði styrjöldin fyrst 1941, er stríðið hófst milli Sovétríkjanna og Þýzkalands. Þá var barizt og ekki svikið. Allt, sem þurfti að yfirgefa, var lagt í rústir, svo að það kæmi ekki óvininum að neinu gagni. Það var annað en að taka við öllum olíu- og benzínbirgðum franska hersins, sem námu meiru en Þjóðverjar notuðu til þess að sigra Frakkland. Þá fyrst var barizt upp á líf og dauða. Þá var ekki lengur um „sjónarspil" eða skripaleik að ræða. Og hvað gerðu Vesturveldin? Pólitík þeirra var sú að láta Þjóðverja og Rússa berjast, þar til þeim blæddi út. Þá stóð England sterkt eftir. Þeir ráðh., sem sögðu þetta 1941, voru að vísu settir af: þetta segir maður ekki, þetta gerir maður. Churchill var það ljóst, að menn, sem ljóstruðu slíku upp, yrðu að fara, en þessi pólitík var framkvæmd. Og Truman, núverandi forseti Bandaríkjanna, sagði í júní 1941, að Bandaríkin ættu að veita þeim lið, er útlit væri á, að yrði undir, og bíða og sjá. Þessi ummæli eru prentuð í New York Times og öðrum bandarískum blöðum í júní 1941. Þetta var líka pólitík Englands. Um það geta allir sannfærzt, sem lesa það, sem sonur Roosevelts og Cordell Hull hafa skrifað um þessi mál og sömuleiðis Eisenhower. Þar kemur það fram, hvernig Bretar börðust gegn árás á Vestur-Evrópu. Enska stj. gegnumfærði þá pólitík að láta Þjóðverja og Rússa berjast þar til þeim blæddi út. Sprengjuárásirnar á Þýzkaland voru til þess gerðar að „terrorísera" þýzku alþýðuna. Á verksmiðjur Fords og General Motors var aldrei varpað sprengjum, og heldur ekki á verksmiðjur I.G.F., sem Ameríkumenn áttu í. Þannig var samsæri auðhringanna. Meiningin var, að Hitler fengi tækifæri til þess að ráða niðurlögum Sovétríkjanna. Það var það „menningarsögulega afrek", svo að notuð séu orð Alþýðublaðsins, sem hann átti að leysa af hendi. Hvað eftir annað ofbauð heiðarlegum stjórnmálamönnum, eins og t. d. Roosevelt, sú vægðarlausa hagsmunapólitík, sem nýlendukúgararnir brezku beittu. En svo kemur hæstv. atvmrh. og þykist vita betur, þó að hann í þekkingarleysi sínu rangfæri allt, sem gerzt hefur. Hann virðist ekki hafa lesið annað en Morgunblaðið og ætlar að prédika þann fróðleik, sem hann hefur fengið þar, sem heilagan sannleika fyrir þjóðinni. Núna, eftir að styrjöldinni er lokið — eftir að þessi herferð auðvaldsríkjanna gegn Sovétríkjunum hafði mistekizt og Sovétríkin sigrað þýzku herina við Stalingrad og þannig var auðséð, hver endanleg úrslit mundu verða, — þá loks gripu Engilsaxar inn í. Það var sem sé hætta á, að rauði herinn einn mundi frelsa alla Evrópu. Hver, sem les viðræður Churchills og Roosevelts frá stríðsárunum, sér, um hvað barizt var. En önnur herferð auðvaldsríkjanna gegn Sovétríkjunum hafði sem sagt mistekizt. Nú er verið að undirbúa þriðju herferðina af hinum sömu auðhringum, sem jusu fé í nazistana þýzku á sínum tíma, hafa haldið hlífiskildi yfir þýzku auðhringunum og starfa nú í nánu sambandi við þá. Og það var jafnvel svo sterkt og órofið í síðasta stríði, að Bandaríkjastjórn fékk ekki við neitt ráðið. Nú eru auðmannastéttirnar í Japan, Þýzkalandi og Bandaríkjunum komnar í bandalag við auðvald Englands og Frakklands og búa sig undir nýja heimsstyrjöld gegn Sovétríkjunum. Það er nauð-

synlegt, að við íslenzkir alþm. gerum okkur þetta ljóst, ekki síst þar sem verið er að blekkja með því, að barizt sé fyrir helgustu hugsjónum mannkynsins um frið, frelsi og öryggi. Mig langar til, vegna þeirra Alþfl.-manna, sem hér eru á þingi fyrst og fremst, og þá einkum hæstv. forsrh., að minna á það, hver verið hefur stefna Alþfl. í þessum málum. Í stefnuskrá flokksins frá 1938, sem enn er í gildi, segir m. a. svo — með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ósigur Sovétríkjanna mundi vera ósigur fyrir verkalýðinn um allan heim, berst hann (flokkurinn) á móti hvers konar einangrunartilraunum, árásarherferðum og spellvirkjum auðvaldsins gegn hinu nýja þjóðfélagi."

M. ö. o. — hæstv. forsrh. hefur með stefnuskrá Alþfl., sem hann er formaður fyrir, skuldbundið sig til að berjast gegn því, að Sovétríkin verði einangruð, og gegn hvers konar tilraunum auðvaldsríkjanna, er að því stefna að vinna þeim tjón. Ég býst nú raunar við, að hæstv. forsrh. verði ekki mikið fyrir að kingja þessu stefnuskráratriði flokks síns fremur en öðrum. Honum hefur reynzt svo auðvelt að svíkja öll hugsjónamál síns flokks í öllu því, sem hann hefur framkvæmt í sinni stjórnartíð. Og þótt ég hafi nú farið um þetta nokkrum orðum, að gefnu tilefni hæstv. atvmrh. í gær, þá er ég ekki þar með að biðja Alþfl. eða hæstv. forsrh. að taka afstöðu í þessu máli með alþýðuríkjunum gegn auðvaldsríkjunum. Ég er aðeins að upplýsa, að það eru tvær hliðar á þessu máli, sem nauðsynlegt er að þekkja báðar. Efalaust skiptumst við Íslendingar eins og hver önnur þjóð um þessi stórmál. Þau hafa eðlilega þau áhrif, að stéttirnar skiptast um þau hvað samúð snertir. Engum þýðir að prédika mönnum andlegt hlutleysi um þessi mál; andlegt hlutleysi er ekki til í þessum efnum. En því má ekki blanda saman við hernaðarlegt hlutleysi. Það, sem okkur Íslendingum ber að hugsa um, er það, hvernig okkur muni vegna í átökunum milli hinna tveggja jötna, sem þarna eigast við. Alþýðuríki heimsins eru ekki lengur neitt lítið peð, þau eru sterkt vald nú orðið og vald, sem styrkist með degi hverjum. Og okkar litlu þjóð ber vegna smæðar sinnar og sérstöðu að hugsa um það eitt, hvernig hún megi forða því, að hún verði troðin undir í átökum þessara jötna. Það er sama, hvernig við skiptumst í samúð okkar; við verðum að vera einhuga um að gera allt, sem í okkar valdi stendur til þess að forða þjóð okkar frá tortímingu í þessum geigvænlegu átökum.

Hvað Sovétríkin snertir, þá á okkar þjóð ekkert sökótt við þau. Þau hafa ekki sýnt okkur neinn ágang. Þvert á móti. Við höfum aðeins gott af þeim að segja. Þau hafa gert hagstæða viðskiptasamninga við okkur og beinlínis hjálpað okkur til að losna úr arðránsfjötrum brezks auðmagns, sem höfðu hert svo að hálsi okkar fyrir styrjöldina, að minnstu munaði, að sjálfstæði okkar riði að fullu. En Bandaríkin hafa níðzt á Íslandi, sýnt okkur ágengni og reynt að ná tökum á landi okkar. Þeim hefur orðið vel ágengt. Og okkar krafa hlýtur að vera þessi: Burt með þau ítök, sem Bandaríkin hafa hér nú.

Ég hef reynt að gefa hér réttari mynd af átökunum í heiminum en hinir „bandóðu vitleysingar" í ráðherrastólunum (eins og einn þeirra komst að orði) gáfu í gærkvöld, og reynt að leiðrétta nokkuð þá afskræmdu mynd, sem þeir brugðu upp er ætluðu sér að blekkja þjóðina með dæmi hr. Hitlers.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um þá „röksemd" ráðherranna, að við gætum ekki haldið virðingu okkar meðal þeirra þjóða, er að Atlantshafsbandalaginu standa, ef við gerðumst ekki aðilar. Hæstv. menntmrh. sagði meira að segja, að það mundi vekja tortryggni, ef við drægjum einn dag að samþykkja fyrirskipanir Bandaríkjanna. — Jú! Það vantar ekki, að þeir ímyndi sér, að þeir skapi sér virðingu yfirboðaranna með framferði sínu. Og hvernig hefur framferði þeirra verið? Jú, þegar yfirboðararnir kalla, flýgur hálf ríkisstjórnin í aðra heimsálfu. Og sama daginn auglýsir Bandaríkjastjórn, að hún gefi Íslendingum 2½ milljón dollara — 2½ milljón er gjaldið, sem 2½ ráðherra krjúpa fyrir. Ísland er svo sem ekki sérlega dýrt land; það þarf ekki meira til þess en 2½ milljón, að 2½ ráðherra komi skríðandi að fótum hinna bandarísku yfirboðara sinna. Þetta fær allur heimur að heyra. Og þetta halda þeir að skapi þeim virðingu! Nei, þeir skapa Íslendingum fyrirlitningu umheimsins; og þeir ættu sjálfir að heyra það, hvernig Bandaríkjamenn á Íslandi tala um þá á bak, þótt fagurt mæli í eyru þeim. — Nei, það, sem verið er að gera, er þetta: Það er verið að stimpla okkur smánarstimpli betlilúkanna og mútuþeganna. Það er virðingin, sem hæstv. ráðh. halda, að þeir séu að skapa þjóð sinni.

Þá tala þeir enn um það, að vinátta Bandaríkjanna sé í veði. Ég hef nú ekki trú á því. Ég hef meira að segja þá trú á Bandaríkjamönnum, að þeir mundu fremur vilja tengjast vináttuböndum við okkur, ef þeir vissu, að hér væru menn, sem þyrðu að hugsa sjálfstætt og standa á rétti sínum gegn hverjum sem væri. Þegar Vilhjálmur Þór hafði þau orð vestur í Ameríku 1944, að Íslendingar mundu aldrei þola, að erlendar þjóðir hefðu hersetu í landi þeirra, þá voru ummæli blaðanna á þessa lund: „Svona eiga frjálsar þjóðir að tala." — En það er e. t. v. nokkuð annað, sem liggur að baki þessu tali um vináttu. Það er máske eitthvað svipað og hjá Bevin er hann hótaði því 1946, að Bretar mundu ekki líta á það vinsamlega, ef við gengjum ekki að kröfum Bandaríkjanna um herstöð í Keflavík; eða það er eitthvað svipað og við heyrðum frá fulltrúum Breta 1942, er við vorum að hugsa um að stofna lýðveldið. E. t. v. felst hótun í vináttuhjalinu. En hæstv. ráðh. ættu þá að skýra frá því, ef svo er ekki, og segja: Við höfum ekki trú á, að okkur sé á neinn hátt hótað af Bandaríkjunum. — En að ganga í bandalagið á grundvelli röksemdar eins og þessarar, væri ekkert annað en undirlægjuháttur og dæmalaus glópska.

Næst er þá að athuga, hvað koma mundi á daginn, ef við gerðum nú þennan samning. Samkv. 9. gr. er gert ráð fyrir, að sett sé á stofn herforingjanefnd og ráð fyrir allt bandalagið, sem geri ráðstafanir t. d. til hráefnaöflunar, um staðsetningu herstöðva og annað, sem tilheyrir styrjaldarundirbúningi. Og þessi ráð verða það

raunverulega vald yfir þeim herstöðvum, sem Bandaríkin kunna að hafa í næsta stríði. Þau fara ekki dult með það, að Ísland hafi mjög mikla þýðingu sem árásarstöð, en ekki varnarstöð. Herforingjaráð Bandaríkjanna hefur ekki farið í felur með það. Og samkv. 5. gr. samningsins mundum við *Íslendingar vera neyddir til* að taka þátt í árásarstríði, ef þetta ráð ákvæði að *hefja slíkt stríð af einhverju* því tilefni, sem nota mætti til að réttlæta nafnið „varnarstríð" og láta gera þær ráðstafanir í landi okkar, sem því ráði sýndist og það teldi nauðsynlegar.

Í 6. gr. samningsins segir, að ákvæði 5. gr. um vopnaða árás á einn eða fleiri samningsaðila skuli taka til vopnaðrar árásar á lönd hvaða aðila sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku, á hin frönsku héruð í Algier, á hernámslið hvers aðila sem vera skal í Evrópu, á eyjar undir lögsögu hvers aðila sem vera skal í Norður-Atlantshafi *norðan hvarfbaugs krabbans* eða á skip eða loftför hvers aðila sem vera skal á þessu svæði. — Þetta þýðir t. d., að ef ráðizt væri á flugvél yfir Berlín eða bandarískt skip á N.-Atlantshafi og ef Bandaríkin vildu láta það kosta stríð, þá erum við þar með í stríði. Fyrir tveimur árum voru tvær brezkar flugvélar skotnar niður yfir Júgóslavíu. Hefðum við þá verið bundnir þessum sáttmála, og Bretar hefðu viljað stríð þá, þá hefðum við orðið að vera með. Og spursmálið er aðeins um stríðsviljann. Tilefni er auðvelt að fá. Það sýnir sagan. Frægt er dæmið frá 1898; þá vildu Bandaríkin stríð við Spán, sem þá átti Kúbu og var um þær mundir orðinn mjög lémagna. Og hvað gerðist? Einn góðan veðurdag sprakk ameríska herskipið Main í loft upp í höfn í Kúbu. Það hefur aldrei verið upplýst, hver ástæðan var. En Bandaríkin fóru í stríð við Spán og tóku Kúbu og hafa ráðið henni síðan. — Ekkert er auðveldara en fá þannig tilefni til að fara í stríð, og af hinu minnsta tilefni yrðum við Íslendingar að dansa dansinn með, ef í það færi. Og hvað sem líður yfirlýsingunni í 7. gr., þá erum við Íslendingar með því að binda okkur þessum sáttmála, að skuldbinda okkur til að brjóta lög Sameinuðu þjóðanna og ganga fram hjá öryggisráðinu, ef í það færi, og hlíta heldur úrskurðum og ákvörðunum þeirrar herforingjanefndar, sem þetta bandalag setur á stofn. Hæstv. ráðh. hafa haldið því hér fram í umræðum, að við Íslendingar mundum ráða öllu um það, hve mikill okkar þáttur yrði í þessu bandalagi í framtíðinni, hve mikið við legðum fram og hvaða bækistöðvar yrðu í landi okkar. „Allt verður gert, sem Ísland vill", hafa þeir látið það heita. En má ég spyrja hæstv. ráðh.? — Við gerðum samning um það, að aðeins yrði gert það, sem Ísland vill í Keflavík. Og hefur það verið gert? Nei, — og svo langt frá því. Bandaríkjamenn hafa ekki haldið þar í heiðri ein einustu lög né reglugerð, allt hefur verið þverbrotið, og það reginhneyksli er á allra vitorði. Og halda menn nú, að þetta breytist, eftir að við höfum gengið í N.-Atlantshafsbandalagið? Halda menn, að herforingjar þess, kaldrifjaðir og klókir menn, sem fengið er það hlutverk að undirbúa þær aðstæður, sem beztar kynnu að þykja í styrjöld, — halda menn, að þeir færu að spyrja okkur Íslendinga um það, hvað okkur litist nú um eitt eða annað? Nei, þeir mundu aðeins líta á land okkar sem herstöð, en um þjóðina stæði þeim á sama. *Ef forstjórar bandarískra auðfélaga á Keflavíkurflugvelli fara ekki einu sinni eftir því, sem Íslendingar vilja*, þá þarf enginn að halda, að herforingjar *þessara járngráu ríkja* muni fremur fara eftir vilja og tillögum Íslendinga. Eða trúa menn því, að sú ríkisstj., sem hefur haft framkvæmd Keflavíkursamningsins með höndum og farizt það svo sem raun er á, mundi þegar að þessu kæmi, standa betur í ístaðinu gagnvart hinu erlenda valdi? Ætli það yrði ekki svipuð saga og viðbárurnar líkar og 1947, þegar hæstv. utanrrh. var yfirheyrður hér á Alþ. í hálfan mánuð um framkvæmd Keflavíkursamningsins og sagði ýmist, að ekki hefði náðst samkomulag um þetta eða hitt, eða að Bandaríkin mundu *móðgast*, ef lögin væru framkvæmd? Þar hefur hins vegar viðgengizt smygl, þjófnaður, skattsvik, tollsvik og hvers konar lögbrot í skjóli ríkisstj. Nei, eftir að við Íslendingar værum orðnir aðilar að herbandalagi, yrði Ísland eins og Keflavík er í dag: amerísk herstöð — land, sem bandarískir herforingjar réðu.

Ég veit, að þessi barátta, sem háð er hér í dag, verður ekki sú síðasta, sem háð verður hér á Alþ. vegna árásar Bandaríkjanna og tilrauna í þá átt að leggja undir sig land okkar. En þessi barátta skiptir sköpum. Undanfarið hafa Bandaríkin verið að reyna að taka landið í áföngum. Hvað var okkur sagt, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður? Það, að herinn færi burt. Og í dag lýsir ríkisstj. Bandaríkjanna því yfir, að Keflavíkurflugvellinum, sem sagt var, að væri engin herstöð, yrði eigi haldið áfram, nema Ísland taki þátt í hernaðarbandalagi og það verði þar með herstöð. Og í krafti þess hafa nú verið veittar 64 millj. kr. til stækkunar á vellinum, hinum stærsta í heimi. Eru Bandaríkjamenn nú þegar byrjaðir að undirbúa framkvæmdir. Okkur var sagt, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður, að við værum að losna við herinn *úr landinu og hér yrðu engar herstöðvar*. En hvað er það núna? Nú er ekki um neina dulbúna herstöð að ræða, því að nú hefur því verið lýst yfir, að Ísland verði í bandalaginu. Þegar það er sagt í dag, þá vitum við, hvað verður gert á morgun. Það var sagt í októbermánuði 1947, að við værum veitendur varðandi Keflavíkursamninginn. Ári síðar var sagt, að við hefðum orðið fyrstir allra til að taka lán hjá Bandaríkjunum — taka við gjafafé, því að hæstv. ríkisstj. sagði, að við lifðum ekki án gjafa. Nei, við vitum líka í dag, m. a. *frá þeim manni*, sem lengst og harðast hefur barizt fyrir herstöðvum á Íslandi, hv. þm. S-Þ., en hann fer ekki dult með það, að á friðartímum sé nauðsynlegt að hafa bæði herstöðvar og herskyldu í landinu. Við sjáum, hvað fram undan er, ef það verður samþ., að Ísland verði þá fyrst og fremst herstöð fyrir Ameríkumenn. Það virðist athugandi, að athyglin mun beinast að vestrinu, og vofir sú hætta yfir vorri þjóð.

Nú mun hæstv. ríkisstj. knýja fram, að þetta verði samþ. Þegar hæstv. ríkisstj. hefur undirritað það hvað eftir annað, að þinginu muni gefast nægur tími til að ræða málið, svo að ekki

eingöngu fái það að vita um málið í heild, heldur og þjóðin, — eftir þessar yfirlýsingar um allan undirbúning málsins, eru hæstv. ráðherrar staðnir að ósannindum um málið, sem þeir flytja hv. þm. og þjóðinni. En það er ekki aðeins svona, heldur lýsa þeir hver annan ósannindamann. Hæstv. utanrrh. lýsti hæstv. forsrh. ósannindamann að vissum ummælum. Samningurinn hefur verið undirbúinn með blekkingum við þjóðina. Og nú hefur hann einnig verið undirbúinn með ósannindum á þingi. Nú er reynt að knýja hann í gegn með ofbeldi, — eftir að búið er í tvö ár að ritskoða íslenzka útvarpið og villa þjóðina. Og nú á að blekkja menn til að samþykkja hann. Meðan við vorum hernumdir, gátum við hlustað á fréttir frá London og Berlín. Við gátum heyrt andstæðurnar og myndað okkur eigin skoðun. Nú er hið harðvítugasta hernám á útvarpinu, framkvæmt af lepp Bandaríkjanna, sbr. ritskoðun Hitlers í Þýzkalandi, til að villa þjóðina og ljúga að henni, þegar veltur á lífi hennar og öryggi. Síðan er hvítliði stefnt út og nazistar og sadistar dregnir fram úr fylgsnum sínum, gamlir vinir hæstv. utanrrh. og nánastir frændur hæstv. utanrrh. úr Noregi frá hernámsárunum þar. Þetta er lýðurinn, sem á að sjá um, að Alþ. samþykki samninginn. Síðan lýsa fylgismenn samningsins því yfir, að þeir hafi yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar að baki sér. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að sýna þennan fjölda. Ég skora á hana að boða til almenns borgarafundar um málið. Ég skora á hana að sýna samþykktir frá almennum mannfundum, er samþykki sáttmálann. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að láta tugþúsundirnar í Reykjavík greiða atkv. um, hvort Ísland eigi að ganga í Norður-Atlantshafsbandalagið. Hví ekki að fara að eins og í grísku borgríkjunum: láta fólkið greiða atkv. með handauppréttingu? Ég vænti þess, að þeir, sem styðja samninginn, óttist ekki lýðræðið. Hvers vegna þorir hæstv. ríkisstj. ekki að gera þetta, láta þjóðina dæma? Hægt er að ganga úr skugga um álit fólksins. Hvaða ástæða er til hjá hæstv. ríkisstj. að heimta, að málinu sé hraðað? Af hverju er hvítliði og lögreglu stefnt út? Ætlar Rússland að ráðast á Ísland, ef við samþykkjum samninginn? Ekki segir Acheson. Hvað liggur á? Hví má ekki leyfa þjóðinni að þaulrannsaka málið, eins og hæstv. forsrh. hefur lofað henni? Það situr sízt á hæstv. ríkisstj., sem kemur sér ekki saman um einföldustu smáatriði eða sjálfa stefnuskrá stjórnarsamvinnunnar, að „melda" Ísland inn í hernaðarbandalag, hæstv. ríkisstj., sem er svo veik, að hún býst við því að riðlast þegar eftir samþykkt samningsins. Hvaða aðfarir eru hafðar hér í frammi? Það er ekki hægt að nota hæstv. ríkisstj. til að stjórna Íslandi. Hér ríkir óstjórn og öngþveiti. Að kalla má hver einasti hv. þm. stjórnarflokkanna viðurkennir, að hér ríki stjórnleysi. Þessi hæstv. ríkisstj. ætlar að knýja sáttmálann í gegn og sundrast á eftir. Hvers konar ábyrgðartilfinning er það að láta slíka stj. fá heimild frá Alþ. til að samþykkja þennan sáttmála? Hv. alþm. vita, að hæstv. ríkisstj. er gersamlega ófær til að stjórna landinu. Þeir geta ekki bent á eitt mál, þar sem hún hafi látið gott af sér leiða. Hún hefur ekki látið nema bölvun af sér leiða. Svo segir hæstv. ríkisstj., að verði samningurinn ekki samþykktur nú, þá verði áhuginn farinn út um þúfur. Hvar er sá áhugi, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp hjá sjálfri sér? Það er Bandaríkjastjórn, sem hefur farið fram á þetta. Er það ætlunin, að hæstv. ríkisstj. liðist í sundur, þegar Ísland er komið inn í bandalagið? Ef því er þannig farið, þá væri samþykkt samningsins meira ógæfuverk en ég trúi, að hv. þm. láti hafa sig til að vinna. Hæstv. stj. hefur ekkert gert fyrir sína þjóð. Hún er að gera þetta fyrir erlent vald. Hæstv. utanrrh. lét svo um mælt, að einhverjir menn væru gerðir út af ærnum kostnaði erlends stórveldis. Ég þekki ekki neina hæstv. ráðh., sem það megi hafa um. Þeir hafa þegið mútur opinberlega og á svo ósvífinn hátt, að Bandaríkin auglýsa það. Þessi stj. væri fallin vegna efnahagsöngþveitis, ef Bandaríkjastjórn hefði ekki látið hana fá peninga og þar með haldið henni gangandi. Íslenzku ríkisstj. er haldið uppi með amerísku fé. Þannig er samningurinn til kominn. Hæstv. ríkisstj. hefur m. ö. o. tekizt að tóra, því að hún hefur dollaramilljónirnar á milli handanna, ella væri hún komin á hausinn. Hún er leppstj., sem í skjóli erlends auðvalds helzt við, en er fyrirlitin af bæði þjóð og þingi. Og núna ætlar hún að kúska Alþ. til að svikja þjóðina í hendurnar á erlendu herveldi. Þessir hæstv. ráðh. eru að vinna fyrir Júdasarpeningunum með því að reyna að koma Íslandi inn í hernaðarbandalag. Ég held, að hv. þm. ættu ekki að láta hafa sig til þessa verks. Engum dettur í hug, að ráðizt verði á Ísland. Það er engin ástæða til annars en annaðhvort að rjúfa Alþ. þegar í stað og efna til nýrra kosninga eða láta fara fram þjóðaratkvgr. Það er enginn réttur fyrir hendi að binda þjóðina til 20 ára í hernaðarbandalagi. Og þessi hæstv. ríkisstj. hefur ekki staðið sig svo vel, að hún verðskuldi, að henni sé trúað fyrir að gera þennan samning. Ég álít því, að þingið ætti að fella samninginn eða að öðrum kosti skjóta honum undir þjóðaratkvgr. Allt annað er gersamlega óverjandi, úr því sem komið er, og allt of mikið í veði.

Gylfi Þ. Gíslason: Hinn 4. apríl n. k. verður undirritaður í Washington milliríkjasamningur um varnir Norður-Atlantshafssvæðisins, Norður-Atlantshafssáttmáli, og hefur Íslendingum verið boðið að gerast aðilar að sáttmála þessum. Undirbúningur þessarar samningsgerðar hefur tekið langan tíma, eða allt að því ár. Ástæðan til samningsgerðarinnar er sú, að forustumönnum vestrænna lýðræðisríkja mun nú þykja enginn vafi á því lengur, að vonlaust sé að tryggja frið í heiminum með fölskvalausri alþjóðasamvinnu innan sameinuðu þjóðanna, gera verði ráð fyrir því, að aftur kunni að draga til ófriðar, sem þá yrði fyrst og fremst milli Sovétríkjanna annars vegar og Bandaríkjanna og Bretlands hins vegar, það sé líklegt til þess að draga úr ófriðarhættunni, að Bandaríkin, Bretland og þau lönd, sem fylgja mundu þeim að málum, myndi varnarbandalag, svo að gagnaðilinn víti, hverjum hann ætti að mæta, ef hann stofnaði til árásar, og þessi lönd yrðu þá heldur ekki óviðbúin, ef ófriður brytist út.

Það hefði auðvitað verið vandalítið fyrir forustumenn hinna vestrænu lýðræðisþjóða að semja yfirlýsingu um sameiginlega lýðræðissinnaða stefnu í utanríkismálum og fá allar lýðræðisþjóðir Evrópu og Ameríku til þess að skrifa undir hana. En þeim þótti það ekki nægileg aðvörun til þeirra þjóða, sem þeir töldu sig geta búizt við árás af. Þeir töldu varnarbandalag eitt nægilega aðvörun. En þá kom jafnframt upp það vandamál, hvernig skipuleggja skyldi slíkt bandalag, þ. e. hversu ríkar hinar gagnkvæmu varnarskuldbindingar skyldu vera. Bandaríkin yrðu langsterkasti aðilinn í slíku bandalagi, en jafnframt sá, sem væri í minnstri beinni árásarhættu. Það var því mjög eðlilegt, að löndin í Vestur-Evrópu, sem eru í mestri árásarhættu í ófriði milli austurs og vesturs, vildu fá sem mestar skuldbindingar af hálfu Bandaríkjanna um aðstoð, ef ófriður brytist út. Það er hins vegar andstætt hefðbundinni utanríkisstefnu Bandaríkjanna að skuldbinda sig fyrir fram til slíkrar aðstoðar, auk þess sem það er erfitt vegna stjórnarskrárákvæða. Þennan mikilvæga vanda varð því að leysa, áður en hægt yrði að mynda varnarbandalagið, og það tók tíma. Samningaumleitanir um myndun bandalagsins munu hafa byrjað í júní síðastliðnum, og þeim lauk ekki fyrr en nú fyrir skemmstu. Það var vandalítið um gagnkvæmar skuldbindingar, sem þurfti að leysa, og jafnframt urðu bandalagsríkin auðvitað að gera sér grein fyrir því, hvernig haga ætti vörnum, ef til styrjaldar kæmi, þ. e. hvaða víglínu ætti að verja, og hvernig haga skyldi gagnsókn, og það hlaut líka að taka tíma að koma sér saman um slíkar hernaðaráætlanir, því að hagsmunir væntanlegra bandalagsþjóða voru þar andstæðir í ýmsum atriðum.

Samkvæmt ummælum erlendra blaða virtist svo á síðustu mánuðum síðastliðins árs, að Bretar og Frakkar mundu fá þeim kröfum sínum framgengt, að bandalag þetta yrði náið, hervarnir landanna efldar mjög og samræmdar og um allmiklar gagnkvæmar skuldbindingar að ræða. Í ljósi þessara staðreynda verður að skoða umræður þær, sem fram fóru hér á landi um áramótin síðustu. Íslenzkir valdamenn hljóta að hafa vitað, hvernig þessi mál stóðu, þótt ekki væri af öðru en lestri erlendra blaða og tímarita. Samt sem áður virtist tal þeirra hníga að því, að sjálfsagt væri, að Ísland yrði aðili að þessu bandalagi. Niðurstaða samningaumleitananna varð þó önnur. Bandaríkin tóku þá endanlegu ákvörðun að gangast ekki undir neinar formlegar skuldbindingar gagnvart hinum bandalagsríkjunum og munu ekki hafa talið sér fært að gefa ákveðin fyrirheit um varnir ýmissa landssvæða, sem vitað var, að aðrir óskuðu, að varin yrðu skilyrðislaust. Þetta olli t. d. Bretum og Frökkum miklum vonbrigðum, svo sem greinilega hefur komið fram í heimsblöðunum, þótt þeir á hinn bóginn teldu sér mikils virði að fá þau fyrirheit, sem Bandaríkin þá voru reiðubúin að veita. Þau voru ekki í bindandi formi, heldur nánast þannig, að árás á bandalagsríki skyldi einnig skoðast sem árás á Bandaríkin, þótt þau, þ. e. Bandaríkin, áskildu sér að vísu rétt til þess að ákveða sjálf, til hvaða ráðstafana þau gripu. Norrænu konungsríkin þrjú höfðu gert miklar tilraunir til að leysa öryggismál sín sameiginlega á þann hátt, að þau myndu norrænt varnarbandalag, er stæði utan Atlantshafsbandalagsins, en slíkt bandalag reyndist ekki eiga sama kost á bandarískum vopnum og ríki innan Atlantshafsbandalagsins, og þótti því Noregi fyrst og fremst öryggi sitt ekki nægilega tryggt í slíku bandalagi, svo að af því varð ekki. Noregur og Danmörk verða því í Atlantshafsbandalaginu, en Svíþjóð ekki.

Umræður um þetta mál hófust miklu seinna hér á landi en í nokkru öðru landi, sem rætt var um, að yrði þátttakandi væntanlegs Atlantshafsbandalags. Málið hafði verið rætt rækilega í blöðum annarra landa í 5—6 mánuði áður en minnzt var á það hér. Og þegar svo loks var á það minnzt hér, þótti sumum það hin mesta hvatvísi og fljótfærni. Allar umræður væru algerlega ótímabærar. En strax og umræðurnar hófust, kom samt í ljós, að mikið hafði verið um málið hugsað, og virtust sumir valdamenn hafa ráðið við sig, hvaða tillögur þeir mundu gera.

Upphaf hinna opinberu umræðna hér á landi var það, að séra Sigurbjörn Einarsson dósent flutti fullveldisræðu á vegum háskólastúdenta 1. des. s. l. Varaði hann þar Íslendinga við inngöngu í hernaðarbandalag og taldi þeim henta bezt hin hefðbundna stefna hlutleysis í hernaðarátökum, sökum smæðar, vopnleysis og andúðar á styrjöldum. Þegar þessi rödd hljómaði, var sem komið hefði verið við kviku fjölmargra stjórnmálamanna og stjórnmálaritstjóra. Það stóð ekki á svörum, og þau voru ekki ávallt mælt af stillingu, þau voru hrópuð, og þau voru æpt í ofsa og vandlætingu innan um ókvæðisorð og fúkyrði. „Það er ekkert öryggi lengur í hinu úrelta hlutleysi," var hrópað. Það skipti engu máli, þótt enginn hafi nokkru sinni haldið fram hér, að í hlutleysi fælist eitthvert öryggi. Og það var hrópað: Hlutleysi er ekki aðeins flónska. Það er að þora ekki að velja milli góðs og ills. Það er siðleysi. Það er stuðningur við ofbeldið. Það er kommúnismi. — Það skipti engu máli, þótt hlutleysi sé þjóðréttarhugtak um afstöðu í styrjöld, — það skyldi tákna skoðanaleysi, kjarkleysi, kommúnisma. Og á eftir ópunum um hlutleysið kom svo aðalatriðið: Öryggi landsins er í hættu. Landið má ekki vera varnarlaust. Það má ekki vera einangrað. Það verður að treysta varnir þess og öryggi. Þótt því væri andmælt, að utanríkisstefna landsins ætti framvegis að grundvallast á hlutleysi, og jafnvel þótt það væri gert með óhefluðu orðalagi, þá var það út af fyrir sig ekki sérstaklega athyglisvert. Hugtakið hlutleysi er engan veginn óumdeilanlegt sem þjóðréttarhugtak. Um það er deilt, hvort við Íslendingar höfum verið hlutlausir í síðustu styrjöld, og andmæli gegn hlutleysi þurftu því ekki að tákna mikilvæga stefnubreytingu. En þúsundir manna í öllum stjórnmálaflokkum hrukku við, er þeir heyrðu, að öryggi landsins væri í hættu og landið mætti ekki vera varnarlaust. Þeir spurðu og hlutu að spyrja: Er árás yfirvofandi? Og hvernig á að verja landið? Eigum við að koma hér upp víggirðingum? Eða á önnur þjóð að gera það? Eigum við að stofna

hér her til þess að verja landið? Eða á að fá hingað erlendan her til þess að verja það? — Þessar spurningar brunnu á vörum manna um land allt. Og þær höfðu verið lagðar á varir þeirra af þeim stjórnmálamönnum og stjórnmálaritstjórum, sem allt í einu og í tilefni af því einu, að varað hafði verið við þátttöku í hernaðarbandalagi og mælt með hlutleysi í hernaðarátökum, höfðu tekið að tala um það, að öryggi landsins væri ekki nógu tryggt og landið mætti ekki vera varnarlaust.

Ég var einn þeirra, sem fylltist skelfingu, þegar ég heyrði talið og las skrifin um öryggisleysið og nauðsynina á sterkum landvörnum. Og ég spurði sjálfan mig: Getur það verið, að menn telji landið í yfirvofandi hættu af árás og hernámi af hálfu Rússa, ef styrjöld brytist út? Getur það verið, að menn séu reiðubúnir að leggja í kostnað við að koma hér upp víggirðingum og innlendum her til þess að koma í veg fyrir slíkt? Eða getur það verið, að menn vilji láta aðrar þjóðir koma hér upp víggirðingum og senda hingað erlendan her, er verði til taks, ef til slíks kynni að koma? Ég spurði marga menn þessum spurningum, ræddi þær við menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Tilefni hafði gefizt, því að Atlantshafssáttmálinn var í undirbúningi og vitað, að Íslandi yrði boðin aðild. Og ég varð undrandi yfir þeim svörum, sem ég fékk hjá ýmsum mönnum, mörgum mönnum. Þeir virtust telja Rússa geta hernumið landið, þegar þeim sýndist, og haldið því, það væri auðvitað óbærileg tilhugsun, þess vegna yrði hér að vera hervirki og lið til varnar. Sárafáir vildu að vísu, að við byggðum víggirðingar og stofnuðum her, en sumir töldu nauðsynlegt, að hingað kæmi þegar í stað erlendur her og upp yrði komið víggirðingum fyrir erlent fé, og margir töldu slíkt enga frágangssök, ef það þyrfti að vera liður í samningum við aðrar þjóðir um öryggismál landsins.

Ég var og er þeirrar skoðunar, að Ísland sé ekki í beinni hættu af hernámi Rússa, þótt styrjöld brytist út milli þeirra og Bandaríkjanna. Ég taldi því og tel enga ástæðu til hervarna hér á landi, sem betur fer, því að sjálfir höfum við engin tök á að koma þeim upp og enga getu til að stofna þann her, er gæti varið landið árás, en af setu erlends hers í landinu á friðartímum mundi stafa stórkostlegur þjóðernisháski. Íslenzkri tungu og íslenzkri menningu hlyti að verða stefnt í voða, ef hér yrði erlendur her að staðaldri, og sjálfstæði landsins yrði nafnið eitt, ef aðrar þjóðir kæmu hér upp víggirðingum og gættu þeirra.

Var nú nokkur furða, þótt mönnum, sem aðhyllast slíkar skoðanir, brygði í brún, þegar þeir heyrðu skyndilega talað um hættur, öryggisleysi og nauðsyn hervarna. Valdamenn og blöð sögðu að vísu ekki, að þau vildu láta víggirða landið og fá hingað erlendan her. En þau fengust lengi vel heldur ekki til að staðhæfa, að þau vildu ekki láta víggirða landið og ekki fá hingað erlendan her. Þess vegna urðu menn óttaslegnir. Þess vegna vissu menn ekki, hvað menn áttu að halda. Þess vegna voru menn kvíðafullir og væntu hins versta.

Nú er að vísu komið í ljós, sem betur fer, að ótti, sem margir ólu í brjósti — og hafði verið veitt tilefni til að ala í brjósti — um, að aðild að Atlantshafsbandalagi mundi leggja Íslendingum algerlega óbærilegar skyldur á herðar, var ástæðulaus. Það hefur komið í ljós, að í kjölfar aðildar að bandalaginu þarf ekki að sigla herseta í landinu á friðartímum og ekki víggirðing landsins. Þjóðréttarlegar skuldbindingar samningsins eru mjög litlar. Enginn samningsaðili afsalar sér formlega sjálfsákvörðunarrétti í neinu verulegu atriði. Eðli samningsins og þýðing hans er ekki fólgið í þeim þjóðréttarskuldbindingum, sem í honum felast. Þær eru litlar, og þá væri þýðing hans lítil. En hún er hvarvetna talin mjög mikil. Hvað veldur? Í hverju er mikilvægi samningsins fólgið?

Eðli þessa samnings er í því fólgið, að honum er ætlað að vera siðferðilega bindandi, þótt hann sé ekki lagalega bindandi. Honum er ætlað að vera stefnuyfirlýsing, og meira, honum er ætlað að vera fóstbræðralag. Í þessu er fólgið mikilvægi hans. Bandaríkin hafa hingað til ekki viljað taka á sig neinar siðferðilegar skuldbindingar í hermálum gagnvart Vestur-Evrópuþjóðunum á friðartímum, þau hafa ekkert fóstbræðralag við þær viljað í friði, ekki af því að ekki sé um gagnkvæma vináttu, sömu utanríkisstefnu og sameiginlega hagsmuni að ræða, heldur af hinu, að þau gera sér ljóst, að í slíku bræðralagi felst skuldbinding, þótt ekki sé hún lagaleg. En nú hafa þau viljað ganga undir slíka siðferðilega skuldbindingu. Þess vegna er samningurinn mikilvægur. En ef hann er mikilvægur vegna þess, að í honum felst siðferðileg skuldbinding af hálfu Bandaríkjanna, felst líka í honum siðferðileg skuldbinding af hálfu hinna samningsaðilanna. Það er ekki hægt að gera hvort tveggja, að telja samninginn mikilvægan vegna þess, að með honum hafi Bandaríkin tekið á sig siðferðilegar skuldbindingar, og segja svo, að aðrar þjóðir geti ekkert haft við hann að athuga, vegna þess að í honum felist alls engar skuldbindingar. Ef í samningnum fælust engar skuldbindingar, væri hann markleysa, varla virði pappírsins, sem hann verður skráður á, og hlægilegur með tilliti til þeirrar miklu vinnu, sem lögð hefur verið í undirbúning hans. En auðvitað felast skuldbindingar í samningnum. Þess vegna er hann mikilvægur. Skuldbindingarnar hafa ekki á sér lagaform. Það er mikils virði fyrir þá, sem óttast afleiðingar slíkra skuldbindinga. En um siðferðisskyldu er þó að ræða, og hún á jafnt við um stærsta samningsaðilann sem hinn smæsta.

Þar með er auðvitað engan veginn sagt, að samningurinn sé óaðgengilegur fyrir Íslendinga. Íslendingar geta ekki haft það að meginreglu að gangast aldrei undir neinar skuldbindingar í alþjóðamálum, enda hafa þeir gert það. Þess vegna geta Íslendingar ekki hafnað slíkum samningi á þeim grundvelli einum, að í honum felist skuldbindingar. Spurningin er um, hvort þessar skuldbindingar séu samrýmanlegar þeirri utanríkisstefnu, sem Íslendingar vilja fylgja, og hvort innan bandalagsins yrði nægilegt tillit tekið til sérstöðu Íslands, ef af aðild þess yrði.

Það er hægt að taka afstöðu með eða móti slíku bandalagi út frá ýmsum sjónarmiðum. Það

er í fyrsta lagi hægt að taka afstöðu til þess sem ráðstöfunar í alþjóðamálum, þ. e. út frá því sjónarmiði, hvort það dragi úr stríðshættu eða auki hana. Í öðru lagi er hægt að taka afstöðu til þess út frá því sjónarmiði, hvort það efli eða veiki þann deiluaðila í alþjóðamálum, sem maður hefur samúð með. Í þriðja lagi er hægt að taka afstöðu til þess út frá því sjónarmiði, hvort það sé í samræmi við utanríkisstefnu hlutaðeigandi þjóða að gerast aðili að slíku bandalagi og hvort innan bandalagsins yrði fullt tillit tekið til þeirrar sérstöðu, sem um kynni að vera að ræða.

Ég mun nú gera grein fyrir afstöðu minni til Atlantshafssáttmálans út frá þessum sjónarmiðum.

Ég álít sáttmálann ekki varhugaverða ráðstöfun frá alþjóðasjónarmiði og álít hann ekki auka ófriðarhættu. Eins og komið er í alþjóðamálum, álít ég samninginn eðlilega og sjálfsagða ráðstöfun. Ég las í gær þau ummæli í vikuriti brezkra jafnaðarmanna, að þessi sáttmáli væri hvorki gerður í Wall Street né Vatikaninu, Washington né London. Hann væri svar vestrænu ríkjanna gegn utanríkisstefnu Sovétríkjanna síðan stríði lauk. Hann væri svar við neitun Sovétstjórnarinnar á því, að tekið væri upp alþjóðaeftirlit með kjarnorkuframleiðslu. Hann væri svar við misnotkun Rússa á neitunarvaldinu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hann væri svar við þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt væri í Austur-Evrópulöndunum að fyrirlagi eða með stuðningi Sovétstjórnarinnar og svipti alþýðu alla stjórnamálafrelsi og réttaröryggi. Hann væri svar við tilraunum Sovétstjórnarinnar til þess að hindra framkvæmd Marshalláætlunarinnar, sem stuðlar svo mjög að viðreisn Evrópu. Ég hygg, að þetta séu allt saman orð að sönnu. Ég efast ekki um það eitt augnablik, að fyllsta ástæða sé til þess fyrir hin vestrænu veldi að bindast samtökum til þess að sporna við frekari útþenslu af hálfu Rússa, þótt ekki sé annað hægt en að minna á, hversu mikið af því, sem Rússar sölsuðu ranglega undir sig í stríðinu og eftir stríðið, þeir sösluðu undir sig með samþykki þessara sömu vestrænu stórvelda. Ég hef því ekkert við sáttmálann að athuga sem ráðstöfun í alþjóðamálum, og ég álít hann ekki auka stríðshættu. Kommúnistar, bæði hér og annars staðar, leggja hins vegar mikið upp úr þessu atriði, og raunar fleiri en kommúnistar, bæði hér og annars staðar. Hefur það komið greinilega fram í ræðu og riti hér, að andstaða ýmissa annarra en kommúnista við bandalagið byggist á þessu atriði. — Ég gat þess svo í öðru lagi, að afstaða manna til bandalagsins gæti mótazt af því, hvort menn teldu það efla eða veikja aðstöðu þess höfuðdeiluaðilans í heimsstjórnmálunum, sem menn hefðu samúð með. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að andstaða kommúnista um allan heim gegn þessu bandalagi byggist fyrst og fremst á því, að þeir telja það veikja aðstöðu Sovétríkjanna og bandamanna þeirra á vettvangi alþjóðamála, og ég held, að afstaða íslenzkra kommúnista byggist nákvæmlega á þessu sama. Þeir miða afstöðu sína til þessa bandalags við aðstöðu og hagsmuni Sovétríkjanna, rétt eins og afstöðu sína til Marshalláætlunarinnar og fleiri mála á alþjóðavettvangi. Ég er þess fullviss, að þessi samningur styrkir aðstöðu Vesturveldanna í átökum heimsstjórnmálanna. Í því hafa kommúnistar um heim allan rétt fyrir sér. Þess vegna bannsyngja þeir samninginn. Ég fyrir mitt leyti tek hins vegar málstað Vesturveldanna langt fram yfir málstað Sovétríkjanna og sé því ekki ástæðu til annars en fagna öllu því í sjálfu sér, sem styrkir þennan málstað. Hér ber því að sama brunni og áður um afstöðu mína. Ég hef ekkert að athuga við sáttmálann út frá því sjónarmiði, að hann efli málstað Vesturveldanna í heimsstjórnmálum. Ég tel gott og réttmætt, að sá málstaður sé efldur, og því í sjálfu sér gott og réttmætt, að þessi sáttmáli sé gerður.

Þá gat ég þess í þriðja lagi, að hægt væri að taka afstöðu til sáttmálans út frá því sjónarmiði, hvort aðild að honum væri talin samrýmast utanríkisstefnu og sérstöðu hvers lands. Til þess að geta tekið hér afstöðu út frá íslenzku sjónarmiði, verður að gera sér grein fyrir, hver utanríkisstefna Íslands á að vera og í hverju sérstaða Íslands yrði fólgin, ef til aðildar kæmi. Ég tel, að íslenzk utanríkisstefna eigi að grundvallast á eftirfarandi meginatriðum:

1) Íslendingar eigi að kappkosta að hafa sem nánasta samvinnu við hin Norðurlöndin og hin vestrænu lýðræðisríki sökum sameiginlegra viðskiptahagsmuna, ætternis og menningartengsla, skyldra stjórnarhátta og samúðar með málstað lýðræðis og pólitísks frelsis.

2) Íslendingar eigi að halda fast við algert vopnleysi sitt, bæði í friði og ófriði. Þeir eigi aldrei að segja nokkurri þjóð stríð á hendur, aldrei heyja styrjöld gegn nokkurri þjóð.

3) Íslendingar eigi og aldrei að leyfa erlendum her dvöl í landinu á friðartímum og aldrei þola þar neinar erlendar herstöðvar, enda er landfræðileg lega landsins þannig, að á slíku er sem betur fer ekki þörf til varnar landinu gegn árás úr þeirri átt, sem Ísland mundi fyrst og fremst óttast. Hið aukna öryggi, sem af því leiddi, mundi og hvergi nærri vega gegn þeirri gífurlegu hættu, sem slíkt hefði í för með sér fyrir sjálfstæði og þjóðerni Íslendinga, tungu þeirra og menningu.

4) Í ófriði eigi Íslendingar að hafa samvinnu við þær þjóðir, sem hafa sömu hagsmuni og þeir sjálfir af því, að siglingaleiðunum í höfunum kringum Ísland sé haldið opnum, og einkum og sér í lagi, ef þeir berjast jafnframt fyrir þeim málstað, sem getur jafnframt talizt málstaður Íslendinga. Í ófriði eigi Íslendingar að láta slíkum þjóðum í té þá aðstöðu í landinu, sem nauðsynleg er til þess, að siglingaleiðunum verði haldið opnum á höfunum umhverfis landið, þar eð þar er um brýna hagsmuni Íslands að ræða, en þeir eigi ekki að leyfa, að land sitt verði notað til árásar á önnur lönd, þar eð það mundi bjóða heim gagnárásum, sem væru Íslendingum hættulegri en nokkurri annarri þjóð sökum fámennis og þess, að nær helmingur þjóðarinnar býr í einum smábæ, milli hafnar og flugvallar og skammt frá einum stærsta flugvelli veraldar.

Þetta eru þau meginatriði, sem ég tel, að íslenzk utanríkismálastefna eigi að byggjast á. Er nú sáttmálinn um Norður-Atlantshafsbanda-

lagið, eins og hann liggur fyrir, samrýmanlegur þessari stefnu eða ekki?

Ef miðað er við hina lögformlegu hlið sáttmálans, álít ég hann ekki ósamrýmanlegan þessum grundvallaratriðum, en hitt er augljóst, að sé miðað við þær siðferðisskuldbindingar, sem í sáttmálanum felast, hlýtur hann að teljast andstæður nokkrum atriðum þeirra. Ég álít hann ekki ósamrýmanlegan því grundvallaratriði, að Íslendingar eigi að hafa samvinnu við hin Norðurlöndin og hin vestrænu lýðræðisríki. Ég álít, að í honum felist hvorki lagaleg né siðferðileg skuldbinding til þess að leyfa hér erlendan her á friðartímum, þar eð slíkt verða ekki taldir brýnir hagsmunir hinna samningsaðilanna. Hins vegar felst í honum siðferðileg skuldbinding til þess að veita bandalagsríkjunum aðstöðu hér í ófriði. Sú aðstaða er ekki ósamrýmanleg þeirri utanríkisstefnu, sem ég lýsti, nema landið verði þá notað til árásar, en Íslendingar munu ekki geta vænzt þess að hafa á það nokkur áhrif, hvernig landið yrði notað, ef til ófriðar drægi, þótt þeir geti ráðið því, hvað þeir samþykkja og hvað ekki. Ég álít og, að í samningnum felist ekki formleg skylda til beinnar stríðsyfirlýsingar, ef ófriður brýzt út, en ég álít, að gerist Íslendingar aðilar að samningnum, þá mundi þeim þó ekki verða fært að skorast undan að lýsa yfir stríði, ef fram á það yrði farið, a. m. k. ef ekki yrði gerður um það skýr og ótvíræður fyrirvari við undirskriftina. Ástæðan er sú, að allar hinar bandalagsþjóðirnar mundu vafalaust lýsa yfir stríði strax og ófriður brýzt út. Við yrðum eina þjóðin, sem ekki vildi gera það, og er hætt við, að sá vilji okkar yrði lítilsvirtur, þar eð hinar þjóðirnar mundu halda því fram, að það gætu Íslendingar gert sér að kostnaðarlausu. Það hefur verið farið fram á það við okkur, að við lýstum yfir stríði gegn möndulveldunum, og einmitt af hálfu Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands. Það sýndi, að stórveldin hafa ekki skilning á algerri sérstöðu okkar í þessum efnum. Alþingi vildi ekki fallast á stríðsyfirlýsingu. Það vildi ekki einu sinni vinna það til í því skyni að fá inngöngu í sameinuðu þjóðirnar. Það, sem hefur gerzt, getur gerzt aftur. En það þarf að vera fullkomlega tryggt, að til stríðsaðildar verði aldrei ætlazt af Íslendingum, og ég tel ekki, að það geti talizt fullkomlega tryggt, nema gerður sé um það skýr og ótvíræður fyrirvari við undirskrift samningsins.

Nú þarf ekki einungis að athuga samninginn með tilliti til þeirrar utanríkisstefnu, sem fylgja á, heldur einnig með tilliti til þess, hvort um geti verið að ræða einhverja sérstöðu Íslands, sem þurfi að taka tillit til, áður en af aðild ætti að geta orðið. Ég álít, að Ísland hafi sem hugsanlegt bandalagsríki sérstöðu, sem taka yrði fullt tillit til, áður en rétt gæti verið að gerast aðili að þessu bandalagi. Ísland hefur algera sérstöðu að einu leyti, auk þeirrar sérstöku utanríkisstefnu, sem ég tel, að Ísland eigi að fylgja, og ég hef lýst. Ísland hefur nú sérsamning við voldugasta bandalagsríkið um sérstaka aðstöðu því til handa í landinu sjálfu. Allir vita, að aðildar okkar Íslendinga að þessu bandalagi er fyrst og fremst óskað vegna Keflavíkurflugvallarins, vegna þess að hann þarf að vera tiltækur, ef ófriður brýzt út. Samkvæmt samningnum eiga allir aðilar að vera jafnréttháir. Þær þjóðir, sem ráða landi sínu algerlega sjálfar, hafa öll formleg skilyrði til þess að hagnýta þetta formlega jafnrétti. Við Íslendingar ráðum landi okkar ekki sjálfir. Við höfum með samningi, Keflavíkursamningnum, veitt stjórn Bandaríkjanna sérstaka aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, heimilað henni að annast starfrækslu þar og að hafa þar eigið starfslið. Við Íslendingar ráðum ekki sjálfir þeim bletti landsins, sem veldur því fyrst og fremst, að aðildar okkar að bandalaginu er óskað. Við höfum því ekki einu sinni formleg skilyrði til þess að hagnýta janfréttisaðstöðu þá, sem samningurinn veitir samningsaðilum. Um efnislegu skilyrðin ræði ég ekki. Vegna smæðar okkar er auðséð, að aðstaða okkar hlýtur ávallt að vera veik. Þetta á ekki við um neina samningsþjóðina nema okkur. Það stoðar ekki að vitna til bandarísku herstöðvanna á Grænlandi, því að auðvitað skiptir meginmáli fyrir Dani, hvort herstöðvarnar væru í heimalandi þeirra eða í nýlendu fjarri heimalandinu, eins og þar á sér stað. Hér er því um algera sérstöðu Íslendinga meðal væntanlegra bandalagsríkja að ræða. Þeir hafa samið við eitt bandalagsríkið um afnot af íslenzku landi, þeir ráða landi sínu ekki sjálfir að öllu leyti. Meðan svo er, geta Íslendingar ekki orðið formlega jafnrétthár aðili öðrum í slíku bandalagi. Þessi sérsamningur þarf því að falla úr gildi samhliða því, að Íslendingar gerist aðili að slíku bandalagi, eða það þarf að minnsta kosti að vera víst, að samningnum verði sagt upp strax og ákvæði hans heimila. Þessu skilyrði þarf að minni skoðun ófrávíkjanlega að fullnægja, ef um aðild af Íslands hálfu á að vera að ræða, engu síður en því, að aðildin sé í samræmi við íslenzka utanríkisstefnu. Íslendingar þurfa að ráða landi sínu algerlega sjálfir, ef þeir eiga að geta talizt fullgildir aðilar í slíku bandalagi, og þá ekki síst þeim bletti landsins, sem mikilvægastur er frá sjónarmiði bandalagsins. Þess vegna höfum við 5 þingmenn flutt þáltill. um uppsögn Keflavíkursamningsins. Við álítum samþykkt þeirrar till. eða annarrar jafngildrar henni algert skilyrði fyrir því, að rétt sé að gerast aðili að bandalaginu, og við sjáum ekkert því til fyrirstöðu, að slík till. sé samþykkt. Það er algerlega á valdi Alþingis að gera þær ráðstafanir, sem þar er farið fram á, og það er jafnvel ástæða til að halda, að gagnaðili samningsins telji slíka breytingu enga frágangssök. En hvað veldur, að því er jafnilla tekið og raun ber vitni, að slík till. sé samþykkt? Er það svo, að íslenzkir ráðamenn vilji í raun og veru ekki fá Keflavíkurflugvöll undir alger íslenzk yfirráð? Ef svo er, þá er nauðsynlegt, að það komi skýrt fram. Ef skoðanir íslenzkra ráðamanna og meiri hluta Alþingis eru raunverulega þannig, þá er vissulega varhugavert að ganga í bandalag, sem leggur Íslendingum siðferðilega skuldbindingu á herðar. Þá er ástandið líka varhugavert, þótt við stæðum utan slíks bandalags. Þá er ástandið alvarlegt í sjálfu sér, beinlínis hættulegt.

Af því, sem nú hefur verið sagt, má það vera ljóst, að afstaða mín til þessarar samningsgerð-

ar er ekki hin sama og afstaða hv. 2. þm. Reykv., hún er í rauninni gerólík afstöðu hans. Hann er andvígur þessum sáttmála í sjálfum sér, hann er andvígur honum sem ráðstöfun í heimsmálum, af því að hann auki á ófriðarhættu, — og ég efast ekki um, að hann er líka andvígur honum vegna þess, að hann telur hann veikja afstöðu Sovétríkjanna á alþjóðavettvangi, þótt hann segi það ekki berum orðum. Ég hef ekkert við sáttmálann að athuga frá þessum sjónarmiðum. Mér skilst, að hv. 2. þm. Reykv. telji og ekki koma til mála, að Íslendingar taki þátt í neinni mikilvægri milliríkjasamvinnu utan Sameinuðu þjóðanna, þ. e. milliríkjasamvinnu, sem Sovétríkin standa utan við, sbr. afstöðu hans til Marshallaætlunarinnar. Ég er honum algerlega ósammála um þetta. Hv. 2. þm. Reykv. virðist vara andstæður aðild að slíkri samningsgerð, hvernig sem hún væri. Ég er slíkri samningsgerð ekki andvígur í sjálfri sér. Ég er henni ekki „prinsipielt" andvígur, ef hún er í fullu samræmi við þá utanríkisstefnu, sem ég tel, að eigi að fylgja, og fullt tillit er tekið til sérstöðu Íslands. En ég tel, að Ísland þurfi að búa betur um hnútana og vera betur á verði en nokkur hinna þjóðanna sökum smæðar sinnar og algers vopnleysis í stóru en hernaðarlega mikilvægu landi.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég væri reiðubúinn að fylgja aðild Íslands að þessum sáttmála, ef ég yrði sannfærður um, að hann bryti að engu leyti í bága við þá utanríkisstefnu, sem ég hef lýst, og gerðar yrðu öruggar ráðstafanir í samræmi við þá sérstöðu landsins í sambandi við Keflavíkurvöllinn, sem ég hef rætt. Um þetta hef ég ekki verið sannfærður. Ásamt hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarssyni, einum elzta og reyndasta frambjóðanda Alþfl., Kjartani Ólafssyni, og form. Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur, Arngrími Kristjánssyni, flutti ég innan Alþfl. þá till., að flokkurinn féllist á að mæla með inngöngu í Atlantshafsbandalagið með tveimur skilyrðum. Hið fyrra var, að sú sérstaða Íslands yrði viðurkennd sem samningsatriði, að Íslendingar þyrftu aldrei að segja öðrum þjóðum stríð á hendur og aldrei heyja styrjöld. Hið síðara var, að Alþfl. lýsti yfir þeim vilja sínum, að Keflavíkursamningnum yrði sagt upp, strax og ákvæði hans leyfa eða fyrr, ef þess er kostur. Um þetta fengust ekki samþ. nógu glögg fyrirheit, og greiddum við því ásamt einum miðstjórnarmanni að auki atkvæði gegn aðildinni. Afstaða okkar hv. 3. landsk. þm. (HV) hér á Alþingi mun verða hin sama. Við munum setja þessi sömu skilyrði fyrir fylgi okkar við aðildina, vera reiðubúnir að samþykkja hana að þeim samþykktum, en verðum andvígir henni að þeim felldum. Það þarf skýr rök og alveg ótvíræðar yfirlýsingar til þess að sannfæra mig um þessi atriði. Ég skal játa, að afstaða mín mótast verulega af því, að ég tel Ísland hafa ástæðu til að gæta fyllstu varúðar í samskiptum sínum við Bandaríkin. Ekki af því, að ég beri nokkurn óvildarhug til Bandaríkjanna eða málstaðar þeirra á alþjóðavettvangi. Nei, ástæðan er sú ein, að þau hafa farið fram á herstöðvar hér til 99 ára og telja sig hafa hér mikilvægra hernaðarhagsmuna að gæta og hafa hér sérstaka aðstöðu, sbr. samninginn um afnot af Keflavíkurflugvellinum. Ég skal líka játa, að þegar höfð er í huga afstaðan til Keflavíkurmálsins og framkvæmd Keflavíkursamningsins af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, er vissulega ekki sérstök ástæða til að bera takmarkalaust traust til stjórnar íslenzkra utanríkismála. Af öllum þessum ástæðum þurfum við að gæta okkar betur en ýmsar hinna þjóðanna, og við höfum fyllstu ástæðu til að vilja hafa meira svart á hvítu en nokkur hinna.

Katrín Thoroddsen: Þingsályktunartillöguna á þskj. 499, um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi, má ekki samþykkja, er ekki hægt að samþykkja. Þetta virðulega Alþingi, þessi samkoma 52 háttvirtra þingmanna hefur hvorki nokkra heimild né hið minnsta vald til þess að veita fullgild, samþykk svör við tilboði því, sem hér liggur fyrir. Til þess skortir Alþingi bæði lagalegan og siðferðilegan rétt. Hvorki sú kynslóð Íslendinga, sem nú er uppi, né nokkur önnur er þess umkomin að veita slíkt vald, slíkan rétt. Ísland hefur verið, er og verður ávallt ævarandi eign hins íslenzka ættbálks, ættaróðal, sem ekki er hægt að farga, ekki er hægt að ráðstafa undan íslenzkum yfirráðum, íslenzku valdi í hendur og umsjá annarra kynkvísla, annarra þjóða, annarra ríkisstjórna. Það er staðreynd, sem enginn og ekkert fær um þokað, meðan íslenzk þjóð er enn í tölu lifenda og byggir þetta land; og íslenzka þjóðin er enn á lífi og hefur ekki í hyggju að yfirgefa Ísland né láta af hendi eða afsala sér neinum af réttindum sínum undir vald erlendra þjóða.

Lagasamþykktir og samningar, gerðir af hálfu Alþingis, er í þá átt ganga að skerða landsréttindi Íslendinga, geta því aldrei orðið bindandi fyrir hina íslenzku þjóð, hversu rammlega sem frá þeim er gengið, en þær geta, ef illa tekst til, fjötrað þjóðina um ófyrirsjáanlega framtíð, meitt hana og jafnvel myrt. Og því hvílir svo þung ábyrgð á alþingismönnum nú, aldrei meiri og aldrei þyngri en einmitt nú, og því verður aldrei of brýnt fyrir íslenzkum alþingismönnum að sjást vel fyrir og gæta þess vandlega að játa ekki á þjóðina, á þroskaða og óþroskaða þjóðfélagsþegna, á ókomnar kynslóðir, já einmitt allra sízt þær, neitt það, er skerði réttindi landsins og frelsi Íslendinga. Aðgæzlan er öllum hent og alltaf hent, en þó ríður engum öðrum meir á henni en örlítilli smáþjóð, sem á land sitt, fjör og frelsi að verja fyrir ásælni og ágengni eins öflugasta og ósvífnasta auðvaldsríkis heimsins. Kjörnum fulltrúum þjóðar, sem aðeins fyrir skömmu síðan hefur losnað úr margra alda ánauð og nú er í slíkum vanda stödd, er vissulega skylt að vaka á verðinum og viðhafa fyllstu gætni í gerðum sínum öllum. Það ætti að vera með öllu óþarfi að hvetja Alþingi Íslendinga, að hvetja ríkisstjórn Íslands til gætni og varúðar, þegar svo mikið er í húfi og raun ber vitni um: Ættjörðin sjálf í yfirvofandi hættu, meiri hættu en nokkru sinni fyrr, fullveldi landsins stefnt í voða og landsréttindi, tunga, menning, frelsi og jafnvel líf þjóðarinnar í veði, ef ógæfusamlega tekst til. Og svo er það fullyrði ég, ef svo hörmulega fer, að sáttmáli

sá, sem hér liggur fyrir, er gerður, — sáttmáli, er lýst hefur verið sem vita meinlausu og að því er manni skilst marklausu samúðarskeyti til vinveittra þjóða.

Atlantshafssáttmálinn og hinar geigvænlegu afleiðingar, sem gerð hans mundi hafa fyrir land og þjóð, verður ekki að fullu skilið nema í ljósi þess, sem liðið er, nema í ljósi nokkurra staðreynda, og vil ég mega rifja upp ofur lítið af því, sem á undan er gengið, og get farið fljótt yfir sögu, því að aðrir ræðumenn hafa þegar að því vikið. Það er óhrekjanleg söguleg staðreynd, að í skiptum og samningsgerðum, sem auðvaldsríki standa að, gætir siðgæðis alls ekki og hreinskilni þaðan af síður, hún er óþekkt hugtak. Þar þykir kurteisi að segja eitt og meina annað. Auðvaldsþjóðir, eða öllu heldur ríkisstjórnir hlutaðeigandi þjóða, reyna hver um sig að koma sínum áformum fram, að ná því marki, sem þær hafa sett sér, með hvaða hætti sem er. Og markið er ávallt fólgið í hagsmunum þeirrar klíku eða þess hóps manna, sem að stjórninni stendur, önnur sjónarmið komast ekki að. Það eru hagsmunir þessarar klíku eða þessara manna, sem stefnu stjórnanna ráða, og sá hópur ræður einnig, hvaða aðferðum skuli beitt til að koma áhugamálunum fram, og þær aðfarir eru næsta ófagrar, svo ljótar sem unnt er að gera sér í hugarlund, og eitt er það, sem aldrei kemst að, aldrei verður vart, og það er tillitssemi við aðra. Enginn glæpur er svo auvirðilegur, ekkert það illvirki til svo illt, að klíku, sem að stjórn auðvaldsríkis stendur, bresti geð til að framkvæma það sér og sínum áhugamálum til framdráttar. Hvers konar brögðum og klækjum er beitt til hins ýtrasta, en bregðist lævísin, þá eru ógnanir, einkum viðskiptalegs eðlis og á sviði atvinnumála, kúgun, lygar, skipulagður ófyrirleitinn áróður, mútur, svik, fangelsun, launmorð, réttarmorð og manndráp, vopnin, sem beitt er, og að lokum er alltaf hægt að stofna til styrjalda, koma á stað innanlandsóeirðum, borgarastyrjöldum, eða stríði landa í millum, og til slíks þarf augsýnilega oft að grípa.

Það, sem af er þessari öld, hefur alltaf verið einhvers staðar stríð í heiminum og er það enn, mannskætt, stöðugt stríð í Kína, Indókína, Indónesíu, Madagaskar, Burma og Grikklandi, en miklu víðar er það þó. — Og stríð er reyndar ekkert neyðarúrræði, því að mikið má upp úr því hafa, selja vopn, olíu o. fl., sem til slíkra hluta telst nauðsynlegt, og stríð er betra en kreppa að dómi auðvaldsríkjanna, eins og einn þingmaður Bandaríkjanna orðaði það nýlega, en um annað en þetta tvennt er ekki að ræða, þar sem hagkerfi auðvaldsins ræður. En til þess að heyja stríð, jafnt heitt sem kalt, þarf aðstöðu til sóknar og varnar, og einmitt af þeim sökum og þeim einum er ágirnd Bandaríkjanna á Íslandi sprottin.

Ágirnd Bandaríkjastjórnar á Íslandi er ekki gömul að árum, en hefur vaxið og magnazt því örar. Áhuga hennar á Íslandi verður fyrst vart svo vitað sé, er Roosevelt forseti lýsir því yfir í sept. 1940, eftir að hafa setið á ráðstefnu með herforingjaráði sínu, að öryggislína Bandaríkjanna sé austan Íslands. Í ævisögu sinni segir Cordell Hull frá því á bls. 946, að á aðfangadag jóla 1940 hafi honum borizt fyrirspurn frá þáverandi utanríkisráðherra (núverandi forsætisráðherra, Stefáni Jóhanni Stefánssyni) um það, hvernig Bandaríkjastjórn mundi snúast við, ef Alþingi Íslendinga bæði Bandaríkin um vernd gegn Þjóðverjum. Hvort hér var um að ræða framtak einstaklingsins eða hvort öll ríkisstj. stóð að fyrirspurninni, hermir ekki saga, og þá ekki heldur hitt, hvort fyrirspurnin var fram komin að undirlagi Breta, sem hertekið höfðu Íslendinga þann 10. maí 1940, eða hvort hér var á ferðinni hin fyrsta fyrirskipun til íslenzkra stjórnarvalda frá bandarísku stjórninni, sem þau hlýddu aðgæzlulaust án þess að yfirvega í minnsta máta, hvað af slíkri málaleitan kynni að leiða fyrir Ísland í framtíðinni. Og auðvitað fékk Alþingi, fengu Íslendingar sjálfir ekkert um slíkt að vita, það var viðkvæmt utanríkismál, sem ekki mátti nefna, og því var haldið fram, að sósíalistar, sem vöruðu við, hvað í ráði væri, færu með gaspur, og þeim sagt að þegja, hvað þeir auðvitað ekki gerðu.

Hull svaraði mjög kurteislega málaleitan hins íslenzka utanrrh. 18. jan. 1941 og kvað Bandaríkjastjórn vilja hafa frjálsar hendur til að verja eigin hagsmuni og engar skuldbindingar takast á hendur. „En," heldur Cordell Hull áfram í ævisögunni, „flotastjórninni var þegar falið að athuga aðstæður allar." Þessi afstaða Bandaríkjastjórnar er ofur skiljanleg og eðlileg, en hún sýnir glöggt það, sem fyrr var vitað og enn er vitað, að auðvaldsríkjastjórnir stórveldanna hugsa alltaf fyrst og fremst um sjálfar sig og sína eigin hagsmuni og aðeins þá, en eru ekki að hendast á stað til að hjálpa litla bróður, sem í vanda er staddur. Þær láta tröllin taka hann, nema það borgi sig betur að gæta hans, að gleypa hann sjálfur, og á jólunum 1940 vissu Bandaríkin ekki glöggt, hve vel hann færi í maga. En herstjórn Bandaríkjanna athugaði vel og vandlega, hvernig hernaðaraðstaða Íslands væri og hvert gildi hún hefði fyrir Bandaríkin, og árangur þeirrar athugunar var, að Ísland væri kjörstaður sem útvörður til árása og varna, herstöð, sem að vísu yrði dýr í rekstri, því að Ísland útheimti mikið lið og mikinn vígbúnað, á landi, í lofti og á sjó. Þessum athugunum var lokið um vorið, og síðan hefur Bandaríkjastjórn og herráð hennar aldrei gleymt mikilvægi Íslands sem virki til árásar og sóknar, virkis í fremstu víglínu árásarkerfis Bandaríkjanna.

Hinn 7. júlí 1941 steig bandarískur her á land til að vernda Ísland, samkvæmt bráðabirgðasamningi við ríkisstj. Alþingi áréttaði síðan gerðir ríkisstj. í nýjum og nánari sáttmála, þar sem Bandaríkjunum var falin hervernd Íslands til stríðsloka, en þá skuldbundu þau sig til að verða á brott með allt sitt lið. Það var í almæli haft þá, að Bandaríkjastjórn hefði fylgt eftir kröfunni um hernaðarstöðuna með hótun um hungurmorð þjóðarinnar, ef ekki væri að gengið, og ekki var veittur langur umhugsunarfrestur þá fremur en síðar. Hvernig svo sem það hefur verið, er hitt víst, að nokkrir þeirra 39 þingmanna, sem sáttmálanum greiddu atkvæði, létu þess getið, að þeir litu á hann sem nauðungarsamning. Aðeins þrír þm. Sósfl. greiddu atkv. á

móti; einn af þm. flokksins var sem kunnugt er erlendis í haldi hjá Bretum fyrir að halda uppi málstað Íslands og íslenzks verkalýðs og brottfluttur *samkvæmt áeggjun íslenzkra manna*.

Um sjálfa hervernd úrvalsliðsins skal ég ekki fjölyrða, hún hefur sjálfsagt ekki orðið árekstrameiri en við mátti búast: rán, gripdeildir, nauðganir, spilling unglinga af báðum kynjum, manndráp, og yfirleitt hvers konar siðspilling, sem ávallt fylgir hernámi og hersetu, einnig þó á friðartímum sé. Nokkur hundruð *íslenzkra* kvenna hurfu Íslandi, fluttu til Bandaríkjanna sem eiginkonur og unnustur Bandaríkjamanna, og var það allmikil blóðtaka okkar fámennu þjóð. Að vísu hafa allmargar þeirra skilað sér aftur, ekki unað hag sínum hjá hinni vinveittu vestrænu lýðræðisþjóð. En illa hefur þeim gengið að *fá innheimt meðlög sín*, og ekki hefur þess orðið vart, að íslenzk stjórnarvöld styddu hinar fráskildu konur til að reka réttar síns.

Í herverndarsamningnum hét Bandaríkjastjórn því, eins og kunnugt er, að hverfa þegar á brott með allt sitt lið að stríðinu loknu. Þau loforð sviku Bandaríkin, eins og líka er kunnugt, en í þess stað fór Bandaríkjastjórn fram á að fá herstöðvar á þrem tilteknum stöðum til 99 ára. Slíka kröfu hefðu Bandaríkin aldrei af hagsýnum ástæðum sent Alþingi Íslendinga, ef þau hefðu ekki áður talið sér tryggt, að að þeim yrði gengið, og er engum vafa undirorpið, að þáverandi utanríkis- og forsætisráðherra (ÓTh) hafði léð máls á því við Bandaríkin að láta þeim herstöðvar í té. Það er svo sennilegt, að telja má fulla vissu, að hann, Ólafur Thors, hafi í yfirlætisfullu ábyrgðarleysi heitið Bandaríkjastjórn herstöðvum. Í þann mund að þetta gerðist, haustið 1945, var andrúmsloftið hér á Alþingi þannig, að ekki fékk dulizt, að þar átti Ísland formælendur fáa, en Bandaríkin það margt handgenginna manna, að kröfurnar hefðu getað náð samþykki Alþingis. En þá kom babb í bátinn. Þjóðin reis upp undir forustu Sósfl. og annarra þjóðhollra manna og andmælti kröfum Bandaríkjastjórnar af slíkum þunga, að hinir handgengnu sáu sitt óvænna og treystust ekki til að fylgja þeim fram, með því líka að kosningar fóru í hönd. Því varð úr, að herstöðvabeiðninni var hafnað, en ekki af þeirri einbeitni sem skyldi, enda mun Bandaríkjastjórn hafa verið með í ráðum. Og nú skyldi brögðum beitt.

Bandaríkjastjórn gerði út sérstakan útsendara, Cumming að nafni, til að segja fyrir verkum, hvaða aðferðir skyldu viðhafðar og hvernig framkvæmdum skyldi hagað. Bandaríkin skyldu sætta sig við að fá herstöðvarnar í áföngum í stað einnar lotu, en að því þó tilskildu, að ekki yrði á Íslandi *þjóðholl stjórn*, þ. e. a. s. engir sósíalistar í stjórn. Seinna var svo fyrsta stjórn Alþfl. á Íslandi mynduð.

Fyrir kosningarnar 1946 hétu allir frambjóðendur trúnaði við íslenzkan málstað, að undanskildum Jónasi Jónssyni og Birni Ólafssyni, en hann hafði verið svo opinskár í blaði sínu, Vísi, að ekki þótti tiltækilegt að skipa honum í vonarsæti á lista íhaldsmanna, en þeim málalokum undi Björn Ólafsson illa og mun hafa haft í heitingum um að kljúfa flokkinn, og þá var það, sem hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, beitti hann drengskaparbragðinu *góða*, sem ógleymt mun. En þessa get ég hér til að nefna ofurlítið dæmi um það, með hvílíkum fláttskap til kosninga var gengið. Að þessum tveimur þingmönnum undanskildum lofuðu aðrir frambjóðendur, sem kosningu náðu, að standa vörð um frelsi landsins. Að kosningum loknum kom á daginn, að þar var af litlum heilindum mælt. Fjörráð þeirra Ólafs Thors og ameríska útsendarans birtust fyrst í Keflavíkursamningnum, sem Ólafur Thors lagði fram með þeim skilaboðum, að Bandaríkjastjórn gerði það að skilyrði fyrir að standa við orð sín í herverndarsáttmálanum, að þau fengju herstöð í Keflavík, að vísu ekki þannig orðað, en þó *þannig meint*. Herstöðinni var lýst sem eins konar sæluhúsi fyrir lofthrakta menn. En þótt íslenzk alþýða sé öllum þjóðum örlátari og hjálpfúsari, gat hún ekki sýnt þá rausn að lána óræktarmela til þessarar mannúðarstarfsemi, og enn reis hún upp til öflugra andmæla. En nú voru kosningar afstaðnar, og nú rufu 32 þingmenn trúnað sinn við land og þjóð og eigin drengskaparheit og samþykktu flugvallarsamninginn alræmda, illu heilli.

Á samningsuppkastinu fengust gerðar hér á Alþingi ofurlitlar breytingar til hins betra, og það þrátt fyrir margendurteknar fullyrðingar Ólafs Thors um hið *gagnstæða*, en fum hans var svo mikið í fjálgleikanum að sýna Bandaríkjastjórn hollustu sína, harðfylgi og völd, að ekki hafði hann gefið sér tíma til að láta þýða plaggið á skammlaust íslenzkt mál og þaðan af síður ætlað nokkurn tíma til, að það yrði athugað og rætt eða borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. *Þjóðaratkvæðagreiðsla fékkst* auðvitað ekki, það fór ekki meira fyrir lýðræðinu þá en nú. Samningnum var flaustrað af í flýti, og framkvæmd hans hefur verið með þeim hætti, að hagur Íslendinga og réttur hefur verið látlaust fyrir borð borinn, íslenzk lög margbrotin og þverbrotin, og það allt saman óátalið af núverandi *dómsmrh.* (BBen). *Eftirlitið af hans* hálfu hefur verið slíkt, að jafnvel hér á Alþingi, sem þó er skipað skaplitlum mönnum, sem honum eru eftirlátir og auðsveipir svo um munar, þorði hann ekki að láta þáltill., sem Áki Jakobsson flutti hér á þingi í fyrrahaust, fá þinglega meðferð og athugast í nefnd, og enn hefur ekki verið svarað á *þinglegan* hátt fyrirspurnum, er fyrir þessu þingi liggja, um lögbrotin á Keflavíkurflugvelli.

Það er ekki að undra, þótt Bandaríkjastjórn fari sínu fram á Keflavíkurflugvelli. Bandaríkjastjórn hefur alltaf litið á flugvöllinn sem herstöð sína, og því nafni hefur hann óhikað verið *nefndur* í bandarískum blöðum. En sjálfsagt hefur framkoma utanrrh. og dómsmrh. (BBen) komið á óvart mörgum Íslendingum, sem höfðu trúað, að hér væri aðeins um sæluhús að ræða, og auðvitað yrði íslenzkum lögum framfylgt þar, jafnvel þótt það *kynni* að kosta eitthvert nudd og erfiði að halda í við Bandaríkjamenn. Við öðru hefur líklega enginn búizt en að þeir sýndu yfirgang allmikinn og ágengni. Íslendingar hafa reynslu af því frá skiptum sínum við erlend stjórnarvöld, norsk og dönsk, á

öldum áður, að ekki tjáir að láta hlut sinn með öllu afskiptalausan, og þeir gerðu það heldur aldrei og fengu því haldið í við konunga um réttindi sín og sjálfstæði að verulegu leyti. Landsmenn voru þá minnugir á sögu sína og lögmenn kunnu þá íslenzk lög og gátu vitnað í forna sáttmála máli sínu til stuðnings og gerðu það óspart og óhikað, hver sem í hlut átti, og það jafnvel á hinum mesta niðurlægingartíma seytjándu aldar til dæmis.

Núverandi utanrrh. og dómsmrh. (BBen) er mjög gjarn á að miklast af því í ræðum sínum hér á þingi, hve lögfróður hann sé og einkum laginn að skýra lög, en þess verður ekki vart, að hann hafi hina nýrri sáttmála, er gerðir hafa verið við Bandaríkjastjórn, ávallt handbæra eða hugfasta, og fylgja þeir þó í prentuðum eintökum embætti hans, en ekki á þvældum skrifuðum blöðum eins og gamli sáttmáli fylgdi lögmannsembættinu til forna. En þar sem ástæðulaust er að draga í efa lagakunnáttu hæstv. dómsmrh., getur ekki verið öðru til að dreifa en að viljann skorti og duginn til að fylgja eftir, að íslenzkum lögum sé framfylgt, þegar Bandaríkjamenn eiga í hlut. Það er óhamingja Íslands, að á þessum örlagaríku tímum er það verr á vegi statt að því er mannval áhrærir í ábyrgðarmiklum stöðum en nokkru sinni fyrr í öllum sínum hörmungum og nauð á fyrri öldum. Með stjórn landsins fara á örlagatímum ótrúir menn og dyggðasnauðir, lítilsigldir og illviljaðir, hugdeigir og hæfileikasnauðir erindrekar erlends valds, ef dæma skal eftir afleiðingum gerða þeirra og afrekum öllum á sviði stjórnmálanna, bæði innanlands og utan, og þótt ill sé óstjórnin í innanlandsmálum, er þó hitt miklu örlagaríkara, hvernig haldið hefur verið á utanríkismálum, sjálfstæðismálunum, á undanförnum árum og er enn.

Þremur síðustu hæstv. ráðherrum, er með utanríkismálin hafa farið, hefur verið ærið tamt, er Íslendingar vildu sjálfir fylgjast með og ræða stjórnarfarsleg viðskipti við önnur ríki, að skjóta sér bak við þann talsháttt, að hér væri um svo viðkvæm utanríkismál að ræða, að ekki mætti óvarlegt orð um þau falla í ótíma og nauðsyn væri slíkrar varfærni, að einungis væri ábyrgðarmiklum og aðgætnum mönnum sem sjálfum þeim þar nærri komandi. Vissulega eru öll utanríkismál viðkvæm, en þó eru þau fyrst og fremst vandasöm og viðsjál, og hvernig hefur varfærnin og aðgæzlan verið hjá þessum ábyrgu og aðgætnu mönnum? Hún hefur verið slík, að með mikilvægustu mál hefur verið farið sem hégóma einberan. Aðgætnin hefur verið miklu minni en venja er að viðhafa í einföldum viðskiptum manna á meðal. Hvort sem í hlut eiga ættingjar eða óskyldir einstaklingar, félög eða fyrirtæki þykir sjálfsagt að gæta ávallt ýtrustu aðgæzlu í samningagerðum öllum, og því meira sem í húfi er, því meiri alúð er sýnd við samningsgerðina. Og enda þótt mótaðilinn sé valinkunnur sæmdarmaður, þekktur að orðheldni og heiðarleik í hvívetna, þykir samt alltaf rétt að athuga allar aðstæður vel og vandlega, áður en frá gerðinni er gengið, og það eins þótt ekki sé það sérlega veigamikið, sem um er samið. En sérstaklega þykir þó alltaf ástæða vera til varkárni, ef í hlut á sá samningsaðili, sem gruna má um græsku eða þekktur er að óheiðarleik, ágengni og ofbeldi og reyndur er að því frá fyrri skiptum að ganga á gerða samninga, hafa að engu hátíðleg loforð, virða eignir og rétt annarra að engu. Flestum mönnum og öllum sómamönnum er svo farið, að þeim er óljúft að eiga skipti við þá, sem þannig haga sér, og kjósa þó allra sízt að eiga nokkurn hlut undir þá að sækja. En neyðist menn allt um það af óviðráðanlegum atvikum að semja um einhver mál við slíka menn, mun vandfundinn sá maður, sem einhverra hagsmuna á að gæta og óbrjálaða greind hefur, að hann reyni ekki af fremsta megni að búa svo um hnútana, að réttur hans sé að fullu tryggður, svo að öruggt sé að hlutur hans verði ekki enn á ný fyrir borð borinn, og hann gengur ekki til nýrra samninga við blendinn mann í barnslegri einfeldni og með trúnaðartrausti, heldur með tortryggni, aðgæzlu og varúð, og vitanlega setur hann það sem ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að samningar geti hafizt, að fyrri gerðir verði haldnar, því að samningar eiga að verða gagnkvæmir, að bætt verði fyrri brotin. Og heiðarlegur maður byrjar ekki samningagerð á því að taka á móti fjárfúlgum, mútum, enda þótt þær væru nefndar ölmusur og vinargjöf og enda þótt hann hafi aldrei vikið að því einu orði áður, að slíkt lítillæti mundi sig aldrei henda. Og hagsýnn maður hefur ekki samningsfundinn á því að lýsa yfir fyrir fram í eyru mótaðilans, í blaðaviðtölum og útvarpi, að hann ætli hiklaust að ganga að samningstilboðinu eins og það liggur fyrir, enda þótt það hafi að geyma alls konar fyrirmæli, sem háskasamleg eru hagsmunum sjálfs hans, veraldarvanur maður veit, að eftir slíkt gaspur er ekki að vænta neinna sérstakra kostakjara eða ívilnana, og sízt tekur gætinn maður sér slík ummæli í munn áður en hann veit með vissu, hvað í samningsákvæðunum felst, áður en hann fær að vita, hvaða kvaðir og skyldur sáttmálinn leggur honum á herðar.

Nei, þannig hegðar sér enginn heiðarlegur maður, sem semja á um sjálfs sín kjör, enginn, sem fer með eða telur sig fara með umboð annarra. Þannig hegðar sér aðeins sá, sem algerlega er á valdi mótaðilans, í hans brauði og á mála hjá honum, og er lítilsigilt dindilmenni í þokkabót. En einmitt á þessa leið hefur framkoma hæstv. utanrrh. (BBen) verið og eins fyrirrennara hans í starfanum, hv. þm. G-K. (ÓTh), og hæstv. forsrh. (StJSt), í hinum viðkvæmu utanríkismálum. Aðgæzlan engin og hagsmunir erlends valds settir hagsmunum Íslands ofar. Framkoma þeirra verður ekki skýrð með því, að þeir viti ekki, hvað þeir eru að gera. Þeir vita það mætavel og allt of vel. Þetta er gamla sagan um samvizkulausa menn, menn, sem ekkert er heilagt, sem öllu vilja fórna til þess eins að öðlast völd, til þess að halda völdum og þeirri aðstöðu, sem völdin veita, og þeir vita vel, allt of vel, að þeirri aðstöðu fá þeir aðeins haldið undir verndarvæng Bandaríkjahers. En menn undir aga hafa ekki mikil völd, menn undir heraga engin, en hlýðnisskylda því meiri, og þess vegna er nú slíkt ofurkapp lagt á annan áfangann í herleiðingu Íslands, þann

áfanga, er þeir hétu Bandaríkjastjórn að skyldi nást, þegar um haustið 1945, fresturinn, sem þá var gefinn, er á enda liðinn og örlagastund Íslands upp runnin.

En var Atlantshafsbandalagið þá þegar ákveðið? Nei, um aðferðina var ekkert ákveðið að sinni, aðeins áformið, markmiðið. Þessi leið var valin af Bandaríkjastjórn, og auðvitað hlýða kvislingarnir kalli: *Their's not to reason why, their's but to do and knigh*, og þeir hneigðu sig og koma nú fyrir Alþingi Íslendinga með tillögu til þingsályktunar um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalagi, tillögu um, að gengið verði að Atlantshafssáttmálanum viðstöðulaust, án þess að alþingismenn fái tóm til að ræða hann í ró og næði, án þess að þjóðin fái að athuga samninginn. Þó fullyrða þeir, að engri þvingun sé beitt til að knýja Ísland að gerast aðili að samningi, sem þeir viðurkenna, að vel mætti bíða með, vegna þess að engin árás sé yfirvofandi, en þó má ekki draga í nokkra mánuði að gerast aðili að honum, að því er hæstv. menntmrh. (EystJ) tók fram í gær, svo mikið lægi á að gera ráðstafanir, líklega til varnar Íslandi, sem þó að þeirra eigin sögn á ekki að vígbúa á friðartímum. Þeir fagna samningnum ýmist sem friðarboða eða þeir lýsa honum sem meinlausri viljayfirlýsingu um óvirka samúð með þjóðum þeim, er að sáttmálanum standa, eða þeir ögra með samningnum sem ávísun á hin öflugustu morðtól og vígvélar, ávísun, sem þó á aldrei að innleysast, eftir því sem þeir fullyrða í næsta orði.

Íslendingar eru friðsöm þjóð og hafa tjáð friðarvilja sinn með því að leggja fyrstir manna niður vopn og lýsa yfir ævarandi hlutleysi sínu, hlutleysi, sem er jafnóhaggað fyrir yfirlýsingum Stefáns Jóh. Stefánssonar, hæstv. forsrh., og lögskýringum dómsmrh. hæstvirts (BBen). Það er víst, að íslenzka þjóðin vildi fús eitthvað á sig leggja til að friður mætti komast á í heiminum, en við vitum það, að þá fyrst lögðust niður vígaferli hér á landi, er landsmenn hættu að bera vopn, og við treystum því lítt á friðarvilja þeirra, sem gráir eru fyrir vopnum, hervæðast í óða önn og heimta af okkur herstöðvar. Til þess að tryggja frið er afvopnun eina leiðin, en ekki þessi sáttmáli, og því ber að fella hann.

En sáttmálinn á, að því er segir í 2. málsgr. formálans, að tryggja frelsi, sameiginlega arfleifð og menningu þjóðarinnar og það eftir meginreglum lýðræðis og laga. Þetta er gott, og víst væri hæstv. ríkisstj. hollt að leggja sér þau orð á minnið og væri af þeim sökum ef til vill ráðlegt að athuga afstöðu sína til samningsins nánar, en við nánari athugun á þjóðunum, sem að sáttmálanum standa, hlýtur sú spurning að vakna: Er það lýðræðið í Bandaríkjunum, sem átt er við, þar sem tíundi hluti þjóðarinnar er dæmdur úrhrak og sætir af þeim sökum ekki mannaneðferð, aðeins vegna litarháttar, þar sem réttaröryggi fátæks manns er ekki til, hvort sem hann er hvítur, rauður eða svartur? Er það lýðræðið, sem Bandaríkjamenn hafa verið að hjálpa Grikklandsstjórn að koma á hjá sér á undanförnum árum, eða er það lýðræðið, sem Frakkar eru að koma á í Indókína og Hollendingar í Indónesíu? Það er áreiðanlega einhver önnur tegund af lýðræði en íslenzka þjóðin á við með því orði og því ekkert undir því eigandi að vera í slíkum félagsskap og af þeim sökum ráðlegast að fella sáttmálann. En bíðum við. Í 3. málsgr. er lofað að leitast við að auka öryggi og velmegun á Norður-Atlantshafssvæðinu, — en það er sama saga, manni dettur í hug, hvort flytja eigi t. d. öryggi Burmabúa norður í Atlantsála, — og fyllist skelfingu. Formálinn er fagur, en félagsskapurinn flár. Þó mætti ekki láta slíkt fæla sig frá sáttmálanum sjálfum, ef hann hefði eitthvað gott að bjóða. Og 1. gr. er afbragð. Þar er því lofað að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé ekki stofnað í hættu, og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaviðskiptum á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með öðrum orðum, við mundum aldrei framar eiga von á nótu eins og Bretastjórn sendi okkur haustið 1946, þar sem sagt var, að Bretar mundu líta á það með vanþóknun, ef við gengjum ekki að afarkostum Keflavíkursamningsins. Bandaríkjastjórn mundi aldrei framar ógna okkur til samninga, ekki einu sinni á þann einfalda hátt að neita að efna fyrri loforð, nema ný fríðindi væru veitt. Bretar semdu með sanngirni um kaup á sjávarafurðum, og við gætum þá selt lýsið fullu verði, og fleira mætti til telja. Það er aðeins trúnaðartraustið, sem vantar, og að fenginni reyslu tel ég ráðlegra að láta samningsgreinar ekki ginna sig til neins. Alveg það sama er að segja um 2. gr., það er traustið, sem skilur. En í formálanum og 1. og 2. gr. felst það, sem til hlunninda mætti telja fyrir okkur Íslendinga, og það er að minni hyggju ekki svo veigamikið, að rétt sé að farga sér fyrir slík fyrirheit.

En svo koma skyldurnar. Þær hefjast þegar í 3. gr., en þar er öllum bandalagsríkjum gert að skyldu að halda við hervörnum sínum og efla þær og hervörnum alls bandalagsins, Íslandi ekki síður en öðrum. Það er viðurkennt, að Íslandi er ekki heimilt að gera neinn fyrirvara við undirskrift samningsins, enda slíks ekki að vænta, eftir framkomu hæstv. utanrrh. og reynslu Bandaríkjastjórnar af talhlýðni íslenzkra stjórnarvalda. Íslendingar verða, úr því sem komið er, að gera annað tveggja, ganga að samningnum eða hafna honum. Að vísu er því haldið fram, að heitið muni að taka tillit til sérstöðu Íslands sem vopnlausrar þjóðar, er sökum mannfæðar og féleysis sé þess ekki megnug að uppfylla slíkar kvaðir og vilji engar herstöðvar eða her á friðartímum. Íslendingar hafa áður lýst því yfir, að þeir vilji heldur ekki herstöðvar á ófriðartímum, en eftir slíku virðist nú enginn muna, þótt ekki sé lengra síðan en 1946, að það var gert. Og Íslendingar hafa enn fremur lýst yfir ævarandi hlutleysi. Hvers vegna þá að skuldbinda sig til að efla hér hervarnir og halda þeim við vegna þess eins, að Bandaríkjastjórn, að herstjórn Bandaríkjanna hentar það og hernaðaráætlun Bandaríkjastjórnar krefst slíks? Og Bandaríkjastjórn fer sínu fram, ef hún fær aðstöðu til, hvað sem samningar segja, það þekkjum við Íslendingar af eigin raun, hún

hefur rofið á okkur samninga of oft til þess, að við treystum þeim um hársbreidd, og ætti að vera óþarft að minna hv. þm. á, að þrátt fyrir ákvæði Keflavíkursamningsins hafa Bandaríkin komið þar upp herstöð, einum stærsta hernaðarflugvelli heimsins, og eru þegar að undirbúa hann sem öfluga kjarnorkustöð. Að taka mark á ósamningsbundnum fyrirheitum og loforðum frá þeim, sem reyndir eru að samningsrofum, er ekki einungis ófyrirgefanlegt aðgæzluleysi, það eru ófyrirgefanleg afglöp. Og þegar einnig er höfð í huga auðsveipni þeirra manna, sem enn eru við völd hér á landi, gagnvart ágengni Bandaríkjastjórnar, þá væri það glæpur. Verði gengið að þessari grein samningsins, verður Íslandi breytt í útvirki Bandaríkjahers, Bandaríkin fá hér ekki aðeins herstöðvar á þrem tilteknum stöðum, þau taka allt landið til herstöðva. Það væru að vísu svik við gefin fyrirheit, en ef að líkum lætur, yrðu þau svik framin með fullu samþykki íslenzkra stjórnarvalda, ef núverandi ríkisstj. er þá enn við völd. Alþingi Íslendinga hefur engan rétt, enga heimild til að leiða slíkan voða yfir þjóðina, engan rétt til að stofna landsréttindum í slíka hættu. Þessa grein er ekki hægt að samþykkja.

4. gr. er geysivarhugaverð; samkvæmt henni er erlendum ríkisstjórnum gefinn kostur á ekki einungis afskiptum af innanríkismálum, t. d. hvaða stjórn fer hér með völd, og er t. d. hætt við, að Bandaríkjastjórn yndi því illa, að hér væri þjóðholl stjórn við völd, og freistaði að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma á eða viðhalda leppstjórn sinni eins og nú, en það er ekki þar með nóg, heldur er erlendum ríkisstjórnum líka veittur réttur til að kveða á um, hvað beri að telja ógnun við öryggi Íslands, og auðvitað þá einnig til að gera viðeigandi ráðstafanir. Slíkum ákvæðum er ekki hægt að ganga að, og því ber að fella þessa grein.

Af 5. gr. er ljóst, að gerist Ísland aðili að sáttmála þessum, hefur það tekið á sig þá skyldu að fara í stríð og heyja stríð. Ísland hefur lýst yfir ævarandi hlutleysi sínu, og því er ekki hægt að samþykkja þessa grein, jafnvel þótt ekkert tillit væri tekið til hins, að Íslendingum er það ekki unnt vegna fæðar, vegna fámennis. Og Íslendingar vilja frið við allar þjóðir, Íslendingar hafa viðbjóð á manndrápum, Íslendingar eru á móti stríði og láta ekki etja sér út í stríð. Utanríkisráðherra hefur sagt frá því, að tekið mundi tillit til mannfæðarinnar og Íslendingar undanþegnir herskyldu. En enga undanþágu eða fyrirvara er leyft að gera, ef að samningnum er gengið á annað borð, og loforð gefin af þeim, sem reyndir eru að brigðmælum, hafa ekkert gildi. — Þessa grein verður því að fella.

Sama er að segja um 6. gr. Íslendingar geta ekki tekið á sig kvaðir um að heyja stríð, ekki heldur þó að skotin yrðu niður loftför suður í Berlín eða Algier. Að þessari grein er ekki hægt að ganga.

Um 7. og 8. gr. sé ég ekki ástæðu til að orðlengja, og hið sama er að segja um 10., 11., 12. og 13. gr., en læt þess aðeins getið, að skárra er en ekki að hafa ákvæðið um endurskoðun samningsins eftir tíu ár og uppsögn eftir tuttugu ár. En um 9. gr. vil ég segja þetta: Þar er svo kveðið á, að ráð Atlantshafsbandalagsins skuli þegar í stað stofnsetja varnarnefnd, er geri tillögur um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. gr. Í ræðum þeirra ráðherra kom hvað eftir annað fram sú skoðun, að eina trygging friðarins væru varnir, geysiöflugar, svo öflugar að enginn þyrði á þær að ráðast, jafnframt því sem þeir héldu hinu fram, að hér yrðu engar herstöðvar á friðartímum. Er nú ekki hætt við, að ráðinu, sem gera á tillögur um ráðstafanir til framkvæmda sem ráðgerðar eru í 3. og 5. gr., þyki varnirnar hér ekki nægar, jafnvel þótt þægindin á Keflavíkurflugvelli og Hvalfjörður séu reiðubúin? Á því getur enginn vafi leikið, að Bandaríkjastjórn má sín nokkurs í því ráði, og hitt jafnvíst, að hún vilji þá gera meiri og víðtækari víggirðingar hér á landi og hafa hér meiri og öflugri árásartæki en nú og er raunar farin að framkvæma það á Keflavíkurflugvelli. Og ekki má gleyma því, að „facilitas" þýðir ekki aðeins þægindi, heldur líka ráðþægni. Og efar nokkur ráðþægni ríkisstj. hæstvirtrar? Hún veit, hvað hún ætlast fyrir, og því er hún hrædd, ofsahrædd. Þess vegna hefur hæstvirtur utanrrh. um sig lífvörð, og þess vegna er alþingishúsið nú víggirt og fullt af lögregluliði og hvítliðum. Það er af því, að ríkisstj. er hrædd, lafhrædd, og þá hræðslu losnar hún aldrei framar við, aldrei á ævinni framar. Hræðslan hverfur ekki þótt verkinu sé lokið, níðingsverkinu sem ríkisstj. er að fremja. Háttvirtir alþingismenn, látið ekki þau föðurlandssvik viðgangast. Fellið þingsályktunartillöguna um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalagi.

Forseti (JPálm): Þessi umræða hefur nú staðið alllengi, og þar að auki hefur allýtarlega verið rætt um þetta mál í útvarpsumr. Og það er lögð á það mikil áherzla að hraða a. m. k. þessari fyrri umr. málsins. Ég vil því ákveða fyrst um sinn, að ræðutími þingmanna verði takmarkaður við 15 mínútur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil eindregið mótmæla því, að ræðutími verði styttur í þessu máli, og ég álít, að það bókstaflega nái ekki nokkurri átt. Þetta eru hinar þýðingarmestu umr., sem fram hafa farið á Alþ. í mörg ár og e. t. v. nokkurn tíma í sögu landsins. Og hvort sem stjórnarflokkarnir eða hæstv. ríkisstj. óska eftir að taka þátt í slíkum umr. eða ekki, þá nær ekki nokkurri átt annað en að hv. þm. hafi fullt málfrelsi. Ég álít, að ekki sé rétt af hæstv. forseta að stytta strax ræðutímann. Ég vil eindregið mælast til þess, að hæstv. forseti frestaði þessari ákvörðun.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil segja það í tilefni af þessum úrskurði hæstv. forseta, sem hann hefur boðað, að mér finnst það ótilhlýðilegt að taka til þessara ráðstafana nú. Alþm. eru ekki búnir að þreyta sig svo á löngum umr. um þetta stórmál, að þeir megi ekki vel við því að ræða það fram á kvöld, og kannske fram á nótt, ef því er að skipta. Mér þykir ákaflega ógeðfellt, að tilraun er gerð strax í dag á miðdegi til þess að beita þvingun á óviðkunnanlegan hátt til þess að taka mál-

frelsi af hv. þm. Mér er alveg sama, hvort kommúnistar eiga í hlut eða ekki. Kommúnistar hafa fullan þingrétt, og þann rétt má ekki brjóta á þeim. Þeir voru meira að segja samvinnuhæfir í ríkisstjórn fyrir skömmu síðan. Það var hér um miðjan dag gerð tilraun til þess, að ræðumaður stytti ræðutíma sinn, með því að hafa ekki matartíma. — Ég lýsi andúð minni á því, að ræðutími sé nú skorinn niður um þetta mál.

Forseti (JPálm): Það er síður en svo, að mér detti í hug að taka málfrelsi af hv. þm. eða sýna þeim óréttlæti, og það án tillits til þess, hvaða flokkur á í hlut. En hér hafði hv. form. þess flokks, sem er hér í andstöðu, flutt ræðu í fjóra klukkutíma, og ég geri ráð fyrir, að þar hafi komið fram öll þau helztu rök, sem fram koma móti þessu máli. Og auk þess hefur hver hv. þm. rétt til sinna tveggja ræðna, og með 15 mínútna ræðutíma er síður en svo, að neinni harðdrægni sé beitt í þessu efni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil mælast til þess af hæstv. forseta, að hann afturkalli þá ákvörðun sína að stytta ræðutímann. Því var lýst yfir af hæstv. ríkisstj., þegar hún lagði frv. þetta fyrir þingið, að nægur tími mundi gefast til að athuga það frá öllum hliðum, og hér er um það að ræða, að þm. hafi málfrelsi í þýðingarmiklu máli. Um þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekkert vald, heldur aðeins forseti, og er það því ofbeldi við Alþ., ef ríkisstj. reynir að hafa áhrif á hæstv. forseta um að skera niður umr. Og þó að ég hafi haldið ræðu í rúma 3 tíma, fer því fjarri, að ég hafi á þeim tíma tæmt öll rök í málinu, og hæstv. forseti getur ekki dæmt um það, hvort ekki séu enn eftir rök, sem geta breytt skoðun manna á málinu. Ég þykist sjá, að hæstv. forseti hafi mikinn áhuga á að ljúka afgreiðslu málsins sem fyrst, þar sem hann heldur fundi áfram í matartímanum. Vil ég að lokum mælast til þess, að hann láti ekki þessa ákvörðun sína um styttingu ræðutíma koma til framkvæmda.

Forseti (JPálm): Það má nú mikið segja á korteri, og auk þess má hver þm. flytja tvær ræður.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann hafi ekki hugsað sér að gefa kaffihlé, en sá tími er nú kominn, eins og sjá má af því að bekkir eru nú ekki skipaðir. *(Forseti:* Ég hef ekki hugsað mér það.) Ég vil segja hæstv. forseta, að Alþ. er nú að ræða mikilvægasta málið, sem yfirleitt hefur komið fyrir Alþ., og þá er umr. svo háttað, að reynt er að halda áfram bæði í matar- og kaffitímum, og um skeið var aðeins einn þm. stjórnarfl. auk forseta í salnum. Það er þó nokkur bót, að þegar hæstv. ríkisstj. ásamt stuðningsmönnum sínum er horfin úr salnum, þá sitja fulltrúar bandaríska sendiráðsins þeim mun fastar í hliðarherbergjunum. Ég vil spyrja, hvort þetta sé að halda uppi þinglegri meðferð, og vil mælast til, að þm. verði gefið kaffihlé. *(Forseti:* Ég er áður búinn að svara þessu.) Ég skil þetta vel. Ég var viðstaddur í morgun, þegar forseti á sinn venjulega prúðmannlega hátt var að afsaka leiðinleg mistök, sem urðu hér í þinginu, en þá stóð form. Sjálfstfl., hv. þm. G-K., upp og ávítaði hann fyrir að gæta sóma þingsins. *(ÓTh:* Form. Sósfl. gerir það þá þeim mun betur.) Hann hefur gert það.

Ég skal þá hverfa að ræðu minni. Í des. s. l. var í höndum stjórnarfl. uppkast eða drög að Norður-Atlantshafsbandalagssáttmála. Þessi drög voru öll önnur en sá sáttmáli, sem við ræðum nú, og stórum óhagstæðari fyrir okkur en hinn endanlegi sáttmáli. Á því stigi málsins voru margir þeir menn í Sjálfstfl., sem vildu sporna gegn því að samningurinn yrði gerður, en flokkurinn sem heild vildi segja: Já, herra. Um þetta atriði höfum við dæmi í áramótagrein Ólafs Thors, en hún var skrifuð sem eitt „já, herra“ við uppkastinu. Samkvæmt því uppkasti átti Ísland að verða ein öflug hernaðarvél. Okkur var ekki ætlað að dæma um fyrirkomulag á þessu, heldur öðrum úti í heimi, og það stóð ekki á Ólafi Thors að segja: Já, herra. En þegar tímar liðu og fleiri þjóðir fengu að sjá uppkastið, þá höfðu þær, sem betur fór, menn, sem höfðu meiri reynslu í alþjóðaviðskiptum en Ólafur Thors, og komu þeir því til leiðar, ásamt mótmælaöldu þeirri, sem reis gegn samningnum og það einnig hér á landi, að samningnum var breytt. Ég þarf ekki að taka það fram, að það var gengið fram hjá því að ræða málið í utanrmn., en það var bein skylda að gefa fulltrúum í nefndinni tækifæri til að ræða málið. En sú skýring var gefin síðar, að sósíalistar ættu fulltrúa í n., og mætti því ekki sýna henni slíkan trúnað. Ég vil nú spyrja hæstv. ríkisstj. og hv. form. n., hvaða dæmi þeir hafi um það, að sósíalistar hafi misnotað þann trúnað, sem þeim hefur verið sýndur í opinberum störfum. Svo gerist það næst, að snemma í marz kemur enn uppkast að bandalagsssáttmála til ríkisstj. nokkurn veginn í endanlegu formi. Þetta uppkast var lesið fyrir stjórnarflokkunum og síðan flugu þrír hæstv. ráðherrar vestur um haf. Þegar þeir voru flognir úr landi, var spurt um það hjá þeim, sem ekki flugu, hverju þetta sætti og hvort uppkast að Atlantshafsbandalagssáttmála lægi fyrir hæstv. ríkisstj. Hæstv. forsrh. (StJSt) sagði, að engin drög að slíkum samningi væru í höndum ríkisstj. Hann sagði vísvitandi ósatt, að ráðh. hefðu flogið vestur að frumkvæði ríkisstj., en vestan frá Ameríku berast aðrar fréttir. Þar er haft eftir hæstv. utanrrh. (BBen), að þeir hafi komið vestur í boði bandarísku ríkisstj., sem gefur til kynna, að hæstv. forsrh. hafi sagt ósatt. Það styrkir og þennan grun, að í norsku blaði er skýrt frá því 11. marz, að ákveðið sé, að Bjarni Benediktsson fari vestur til viðræðna. Næsta dag, 12. marz, fara svo ráðherrarnir vestur. Það var því fyrr vitað meðal blaðamanna í Noregi en þm. á Íslandi, að leppar væru flognir úr landi, og bendir allt til þess, að það, sem ég sagði, að hæstv. forsrh. hefði sagt vísvitandi ósatt, hafi verið rétt. Ég sé nú, að hæstv. forseti hvessir sjónir á mig og mundar hamar sinn. *(Forseti:* Ég vil mælast til þess, að hv. þm. gæti hófs í ummælum sínum.) Mér er það mikil alvara, að

hæstv. forsrh. sagði ósatt. Og þetta orðalag er þinglegt og sannleikur, sem þarf að segja. Svo gerist það, að þjóðin fréttir um það, að Íslendingar hafi fengið 2½ millj. dollara að gjöf. Næst gerist það, að ráðherrarnir tala við Acheson, og vil ég beina þeirri spurningu til ráðherranna, hvort þeir hafi allir verið á öllum fundum, sem haldnir voru með Acheson, eða hvort Bjarni Benediktsson hafi verið einn á sumum. Eftir þetta voru ýmsar upplýsingar gefnar, m. a. að að dómi Bandaríkjamanna er Ísland ekki í árásarhættu og Bandaríkin áskilja sér Keflavíkurflugvöllinn og olíustöðina í Hvalfirði tiltæk, ef til ófriðar kemur, og ýmislegt fleira, sem ég rek ekki hér. Að þessu búnu halda svo ráðh. heim aftur, og ber að athuga það ferðalag vel. Það er komið á Keflavíkurflugvöllinn, sem er bandarísk herstöð, og þar er tekið á móti þeim af yfirvaldi héraðsins, Guðm. Í. Guðmundssyni, og lögregluþjónum og síðan farið til bæjarins í 3 bílum og alls staðar lögregluþjónar með. Hvað er hér að ske? Hvað veldur því, að ráðh., sem eru að koma utan úr heimi, telja sig þurfa lögregluvernd þar, sem vopnaburður hefur ekki þekkzt öldum saman? Eru til þeir menn í hæstv. ríkisstj., sem dettur í hug, að fyrirhugað hafi verið að gera þeim fyrirsát? Þeir eru sjálfsagt svo viti bornir, að þeir sjái, að ef andstæðingar þeirra hefðu viljað vinna málstað sínum ógagn, þá gerðu þeir það með engu meir en veita ráðh. fyrirsát og árás. Þetta máttu ráðh. vita, en þeir fóru samt í lögreglufylgd til bæjarins. Svo er komið til Rvíkur. Ætla mætti, að ekki hefði lengi verið beðið boðanna að kalla utanrmn. saman og gefa þinginu skýrslu um ferðina. En það var ekki gert. Skýring sú, sem form. n. hefur gefið á þessu, er sú, að einn sósíalisti sé í n. og hafi því ekki mátt ræða málið þar. Ég vil endurtaka spurningu þá, sem ég bar fram áðan: Hvenær hafa sósíalistar sýnt sig í því að misnota þann trúnað, sem þeim hefur verið sýndur í opinberum störfum? Hvað er á seyði? Hví er verið að traðka á lögum og rétti? Þetta er gert þegar tilkynnt er, að verið sé að tryggja lýðræði og mannréttindi, og þá er byrjað á því að traðka á rétti þm. og heföbundnum venjum. En svo er haldið áfram. Það gerist í gær, að form. þingfl. hittast í þinghúsinu og stjórnarliðið hafði ákveðið að útvarpsumr. yrðu um mál þetta þá um kvöldið, og var ætlazt til, að stjórnarandstaðan fengi aðeins 7—8 klst. til að undirbúa sig undir stærsta málið, sem komið hefur fyrir Alþ. Hér er verið að verja frelsi og mannréttindi! Ríkisstj. Íslands traðkar á rétti þm., lögboðnum, heföbundnum og sjálfsögðum. Eftir langt þref var svo fallizt á að hverfa frá umr. um bandalagið, en taka í þess stað til umr. vantraustið á ríkisstj., sem fyrir löngu hefði átt að vera búið að afgreiða. Svo eru umr. hafnar, en hæstv. ríkisstj. hafði ekkert að segja út af öllum þeim ásökunum, sem að henni hafa beinzt frá almenningi fyrir óstjórn á öllum sviðum innanlandsmála, ekkert nema lofgerð um þennan mikla sáttmála, sem á að tryggja frið fyrir alla í heiminum. Svo er fundur í Alþ. undirbúinn að næturlagi, lögregla kölluð til að gæta þinghússins og hvítliðar, sem skulu vera til taks, ef á þarf að halda. Og það er gert meira, það er gengið í búðir, sem selja axir og slíkt, og farið fram á, að lögreglan geymi þær, en svo er fallið frá því, ef því er lofað að selja þær ekki næstu daga. Þetta er einstök axarskaftastjórn. Stjórn, sem er að bera fram sáttmála, sem á að tryggja frið og lýðræði, byrjar á því að banna að selja axir og axarsköft og allt, sem má berja með. Eru þessir menn ekki með réttu ráði? Við höfum séð nokkra lögregluþjóna hér úti fyrir, sem ekki hafa annað að gera en fá nokkra unglinga til að safnast saman hér fyrir utan. Þetta getur ekki haft nema eitt takmark, og það er að æsa fólk til óeirða.

Ég sé, að hæstv. forseti er órólegur, hann vill ekki málfrelsi. Og þegar einn þm. ætlaði í morgun að fara inn í þingið, er honum bannað það af lögreglunni, nema hann hafi sérstakan miða, og þegar hann segist samt fara inn, því að hér eigi hann að vera, þá gera þeir sig líklega til að handtaka hann, en þá kom einn af starfsmönnum þingsins til skjalanna og leiðrétti þetta. Þegar svo hæstv. forseti biður þennan þm. afsökunar á þessu, stendur Ólafur Thors, formaður Sjálfstfl., upp og setur ofan í við forseta fyrir að biðja afsökunar á axarsköftum stj. Allt þetta er undirbúið til þess eins að koma af stað vandræðum. — Mér skilst á hæstv. forseta, að mér sé meinað að halda áfram. *(Forseti:* Umræðutíminn er nú orðinn það langur, að ég vil vona, að hv. þm. stytti mál sitt og brjóti ekki reglur þingsins.) Ég mun nú að vísu hlýða forseta og biðja þá heldur um orðið aftur, en mér nægja engar tvennar 15 mínútur til að tala í þessu mikla stórmáli. Það er réttur og skylda þingmanns að ræða slíkt mál mjög ýtarlega, en hvort tveggja er nú borið fyrir borð, og er það í samræmi við annað, sem hér fer fram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér er kunnugt um, að það er beitt þvingunum við hæstv. forseta þingsins af hálfu stjórnarflokkanna til þess að skera niður umræður, af því að stj. leggur æðislegt kapp á að flýta afgreiðslu þessa máls. Ég mótmæli þessu, að þingmenn séu sviptir þannig rétti sínum og málfrelsi. Ef á að fara að skera niður umræður, er það misbeiting á forsetavaldinu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það var á aflíðandi sumri, að Íslendingum barst vitneskja um, að þeim mundi verða boðin þátttaka í Atlantshafsbandalaginu, en þó leyfðu menn sér ekki að hefja grundvallarumræður um málið fyrr en í byrjun desember. Sumum þótti þó enn bezt að bíða, eða létu það í veðri vaka, eftir því, að uppkast að samningnum yrði lagt fyrir. Það var gert kunnugt fyrir nokkrum dögum og lagt fyrir Alþingi í fyrradag í formi þáltill. og ákveðnar tvær umr., og eiginlega snerust útvarpsumræðurnar um vantraustið eingöngu um þetta mál hér, og þannig ræddu þeir málið af hálfu stjórnarflokkanna, sem stj. valdi til þess. Nú hefur málið aðeins verið rætt hér hálfan dag, og er því mjög óviðeigandi — vægast sagt — að skera niður umræður með forsetaúrskurði. Við höfum rætt hér margar ómerkilegar tillögur dögum og jafnvel vikum saman án þess að skornar væru niður umræður, og ég

álit, að virðing þingsins setji niður við að skera þegar niður umræður í þessu stórmáli. Það er verið að tæpa á því, að kommúnistar einir séu á móti málinu, en þeir hafa sinn þingrétt, þótt kommúnistar séu, og auk þess bitna þessar aðfarir á öllum þingmönnum. En þótt öllum sé ljóst, hvílíkt stórmál er hér á ferðinni, hefur ríkisstj. ekki lagt á sig að vera hér viðstödd þennan hálfa dag, sem málið hefur verið rætt, og svo takmarkaðan tíma sem á að fá að ræða það. Mest allan tímann fyrir hádegi máttu ráðherrastólarnir heita auðir, og lengi vel sáum við aðeins afturhlutann á hæstv. utanrrh. Ég er hins vegar alveg viss um, að hann hefur ekki snúið afturhlutanum í Acheson, en þegar hann er kominn hér á Alþingi, þá sýnir hann þann hlutann. Það er óvirðulegt. Ég vænti þess nú, að allir ráðherrarnir geti verið viðstaddir og gefi þingmönnum kost á að ræða við sig þennan stutta tíma, sem hér á sýnilega að gefa til umræðu. Það má ekki minna vera.

Ég býst ekki við, að mér leyfist að tala hér lengur en 15 mínútur, og verð ég því að sleppa meginhlutanum af því, sem ég ætlaði að segja.

Segja má, að meginefni samningsins felist í 3. og 5. gr. hans, sem skylda samningsaðila til samstöðu um varðveizlu friðarins gagnvart vopnaðri árás, m. a. er þá skylda að beita vopnum til varnar. Skylda þessi er lögð á Íslendinga eins og aðra, sem að bandalaginu gerast aðilar. Það er augljóst mál, að undanþiggja þarf Íslendinga þessum ákvæðum og þessari kvöð, ef þeir eiga að rísa undir því að vera í slíku bandalagi og þátttakan á að vera þeim að skapi. Nú hefur hæstv. utanrrh. lýst yfir, að þessi skylda verði ekki lögð á Íslendinga, sökum þess að þeir eru vopnlausir, en það er engan veginn nóg að fullyrða slíkt, án þess að Ísland hafi fengið skriflega viðurkennda sérstöðu í því efni og lausn frá kvöð, og raunar væri það hæpið, þótt svo væri. Samkvæmt 5. gr. er full ástæða til að ætla, að við göngumst undir að gerast hernaðaraðili, ef svo vill verkast og við gerumst aðili að samningnum, og við vitum, að þjóðin mundi aldrei samþykkja að ganga í slíkt bandalag, ef henni væri ljóst, að það kostaði hernaðaraðild.

Ráðherrarnir hafa lagt sig alla í framkróka með að sýna fram á, að engar alvarlegar skuldbindingar fælust í samningnum, og segja, að Acheson hafi sagt þeim, að við værum ekki skuldbundnir til hernaðar með nokkurri þjóð, þar eð Íslendingar væru vopnlaus þjóð. En þetta er ekki opinberlega viðurkennt af samningsaðilum. Í annan stað segja ráðherrarnir fagnandi, að Acheson hafi lofað, að hér yrði ekki her á friðartímum. En þetta er þó ekki annað en loforð dauðlegs manns, og nauðsynlegt væri að fá það skriflegt í samningnum eða skriflegan fyrirvara, sem allir samningsaðilar væru látnir undirskrifa. Ég efast ekki um, að ráðherrarnir séu í góðri trú, en hvert geta atvikin ekki hrakið menn og þjóðir, þegar komið er út á hála braut.

1945 gafst Íslendingum kostur á að gerast hernaðaraðili, en Alþingi lýsti yfir, að við gætum ekki sagt neinum stríð á hendur né farið með hernað gegn nokkurri þjóð af augljósum ástæðum, og þær ástæður eru enn þá augljósari nú, og það er enn fremur augljóst, að þjóðin fylgir þeirri stefnu, sem Alþingi markaði þá. — Stóll hæstv. utanrrh. er enn þá auður og sér nú ekki einu sinni í afturhlutann á ráðherrunum. En ég vil þó spyrja hann: Ef svo fer, að Ísland gengur í þetta bandalag, og þar kæmi, að allar hinar bandalagsþjóðirnar væru búnar að lýsa yfir stríði, væri það þá ekki siðferðileg kvöð á Íslendingum, vegna öryggis hinna bandalagsþjóðanna a. m. k., að lýsa einnig yfir stríði með hinum þátttökuríkjunum? Það væri í orði kveðnu e. t. v. hægt að segja, að Ísland réði þessu sjálft, en væri ekki of „billegt" að sleppa við allt? Yrði ekki a. m. k. sagt við okkur: Ef þið þykizt ekki geta farið í stríð vegna vopnleysis, getið þið þó alltaf lagt fram öll ykkar fjárhagslegu efni til stuðnings okkur í stríði, það getið þið þó a. m. k.? Hefði Ísland aðstöðu til að skorast undan slíku? Úr því að ráðherrann er ekki viðstaddur, þá spyr ég ráðherrastólinn, sökum þess að þetta hefur úrslitaáhrif á afstöðu mína, og svör ráðherrans við spurningu minni vil ég hafa skýlaus í þingtíðindunum. Og spurning mín er þessi: Vill hæstv. utanrrh. ábyrgjast, að við þurfum ekki að leggja fram fjárhagsleg efni okkar eftir megni til styrjaldarrekstrar, ef við göngum í bandalagið og hinar bandalagsþjóðirnar eru komnar í stríð, og vill hæstv. ráðh. leggja þar við sinn drengskap? Ég held, að það væri erfitt, því að hér er þó um nokkurs konar fóstbræðralag að ræða, þar sem árás á eina þjóð er skoðuð sem árás á allar. Ef ráðherrann játar ekki spurningu minni, en það tel ég, að hann geti naumast, þýðir það, að við yrðum óumflýjanlega hernaðaraðili og yrðum að lána land okkar og leggja fram efni öll til styrjaldarrekstrar, ef aðrar bandalagsþjóðir ættu í stríði, og að líkindum kæmumst við ekki hjá því að taka beinan þátt í slíku stríði. Ég er á móti því, og ég er viss um, að íslenzka þjóðin er einnig á móti því og þar með þátttökunni í bandalaginu, eins og allt er í pottinn búið.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég fullyrði, að ef hér væri nú til umræðu frumvarp um að murka lífið úr nokkrum minkum, þá væru ekki skornar niður umræður.

Það hefur þrisvar komið fyrir í sögu Íslands, að miklar samþykktir hafa verið gerðar undir hervernd og lögregluvernd. Það var fyrst í Kópavogi, þegar Íslendingar voru kúgaðir til að afhenda síðustu réttindi sín einvaldskonungum í hendur, og þá voru það útlendingar, sem beittu ofbeldinu. Í annan stað var það 1851, þegar berja átti réttindakröfur Íslendinga niður með erlendu hervaldi, en þá mótmæltu Íslendingar. Í þriðja lagi var Keflavíkursamningurinn gerður undir lögregluvernd 1946, en það, sem verst var: Það voru íslenzkir menn, sem stóðu fyrir afnámi landsréttindanna þá. — Og hér er enn komið að þáttaskilum undir svipuðum kringumstæðum. Og hvers vegna á að samþykkja hér, að Ísland gangi í Atlantshafsbandalagið? Það er af því, að með völdin í landinu fer nú sérréttindastétt undir verndarvæng ameríska auðvaldsins. Og hverjar eru nú skrautflíkurnar, sem hún veifar? Jú, það er Íslandsvinátta Bandaríkjamanna, það er Marshallán og Marshallgjafir, allt af umhyggju fyrir Íslandi. Það er líka talað um helg-

ustu mannréttindi og ævarandi frið á jörðu í sambandi við þetta bandalag. Við þekkjum þessa Íslandsvináttu að fornu og nýju. Fyrsta erlenda tilboðið um hana kom frá Ólafi helga Haraldssyni Noregskonungi, en því var raunar hafnað. Ekki tókst eins gæfusamlega til 1946, þegar Bandaríkin buðu vináttu sína og fengu í staðinn hernaðaraðstöðu á okkar landi. En hvernig fór 1262, eftir að sérréttindastéttirnar höfðu flúið á náðir hins erlenda valds til að lafa örlítið lengur við völd, og hvert stefnir nú?

Það er gott að athuga dálítið nánar þessar skrautflíkur. Persónufrelsi var t. d. nefnt hér í gær og flaggað með frelsis- og lýðræðisupphrópunum. Við könnumst t. d. við, hvers Bandaríkin og fleiri þjóðir, sem að Atlantshafsbandalaginu standa, hafa virt persónufrelsið, þegar hagsmunir auðvaldsins eru annars vegar, bæði í nýlendum þessara þjóða og jafnvel heima fyrir. Þegar auðvaldið þarf að græða á fólkinu, þá er persónufrelsi hvers og eins ekki hátt skrifað. Þá er gasprað um, að hernaðarbandalagið færi heiminum ævarandi frið. Það á að byrja með því að ógna heiminum með þeim vopnum, sem myrt geta fólk svo hundruðum þúsunda skiptir, og 320 milljónum, gráum fyrir járnum, og þannig á að skapa ævarandi frið á jörðu. Og það á að stofna hernaðarbandalag til að standa að þeim friði, þó að hernaðarbandalög hafi alltaf og ætíð orðið til þess að koma af stað styrjöldum. Slíks er dýrkeyptasta reynsla mannkynsins metin.

En þótt ég hafi ekki nema 15 mínútur til umráða, vil ég koma betur að því, hvernig þetta heimsauðvald hefur farið að því að tryggja völd sín undanfarna áratugi. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að eftir fyrri heimsstyrjöldina fengu Sovétríkin ekki frið til að byggja upp hjá sér. Þegar í stað réðust þýzkir og enskir herir inn í landið til að reyna að leggja Sovétríkin aftur undir auðvaldið. En þegar það tókst ekki, var farið að dæla ensku og amerísku fjármagni inn í Þýzkaland og þýzka heimsvaldastefnan var endurreist, en lokatakmark hennar var nazisminn, verkfæri heimsauðvaldsins. Meðan verið var að byggja upp nazismann, var íslenzka auðvaldið með á nótunum, og rætt var opinskátt um það í blöðum Sjálfstfl., að hér væru nokkrir menn með hreinar hugsanir, og fjölda þessara manna dreymdi um stjórnarform nazismans eins og blöðin frá þeim tíma eru til vitnis um. Jafnframt var sósíalisminn níddur á alla lund og logið um hann þindarlaust, og er það alkunnugt orðið t. d., að Morgunblaðið var búið að drepa alla Rússa tvisvar úr hungri. Reynt var að nota kreppuna og atvinnuleysið sem blygðunarlausast til að þjarma að alþýðu manna hér á landi, og þegar Ítalir réðust á Abessiníu og Spánn féll í fang nazismans, var fögnuður auðvaldsins hér mikill, og þá ekki síður þegar Þjóðverjar réðust á Austurríki og hluti af Tékkóslóvakíu var seldur í hendur þýzku nazistunum 1938 og nazisminn náði hámarki sínu í Evrópu. Þegar á þetta allt er litið, er alveg furðulegt, hvernig nokkur maður getur komið fram með endurteknar fullyrðingar um nauðsyn á stefnu gegn útþenslu Sovétríkjanna. Ég vil benda á, er þýzku og ensku herirnir réðust inn í Sovétríkin í lok heimsstyrjaldarinnar miklu, þá var það til þess að kúga alþýðuþjóðir þær, er byggja Eystrasaltslöndin, en þær þjóðir hafa nú brotizt undan okinu, og ég vil benda hæstv. menntmrh. og prófessornum á það, sem Halfdan Koht segir um þessi mál. Afleiðingin af öllu þessu var svo heimsstyrjöldin síðari. Það hafa verið margtuggðar blekkingarnar um griðasáttmála milli Þýzkalands og Rússlands. Sannleikurinn var sá, að auðvald Vestur-Evrópu hafði magnað upp draug, — íslenzk alþýða hefur löngum verið heppin með að eiga dæmi upp á viðburði lífsins, — sem það ætlaði að senda á hendur alþýðu Sovétríkjanna til þess að kúga hana til fulls, en hún sendi drauginn til baka og hann réðst á þann, sem hafði magnað hann í upphafi, og þannig snerist heimsstyrjöldin gegn þeim, sem hrundu henni af stað, og fór svo, að þeir þurftu að leggja mikið í sölurnar, bæði fé og annað, til þess að kveða niður þann draug, er þeir sjálfir höfðu vakið upp.

Ég vil þá með örfáum orðum minnast á, hvaða afleiðingar það hefur fyrir okkur, ef við göngum í þetta bandalag, — ef forseti leyfir. *(Forseti:* Tíminn er búinn.) Ég bið þá um orðið aftur í næstu umferð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 506) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Ég vænti þess, að hæstv. forseti leyfi mér að tala nokkuð lengur en í korter, því að mér er ómögulegt að gera grein fyrir máli mínu á svo stuttum tíma, en skal hins vegar vera eins stuttorður og ég get. Annars er ég hissa á, hversu mikið kapp er lagt á að skera niður umræður, sérstaklega þar sem þingið var mikið til starflaust í vikunni sem leið, þótt allt væri tilbúið til að láta þessar umræður fara fram, og það er ríkisstj. algerlega að kenna, ef hún er komin í eindaga með þetta mál. Í öllum þeim umræðum, sem hér hafa orðið um þetta mál, hefur alltaf verið gengið fram hjá því atriði, sem ég álít langþýðingarmest. Það kom sérstaklega fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að hann gerir sér ekki grein fyrir því, í hverju aðalhættan er fólgin við þennan samning. Hann heldur því fram, að skyldur okkar séu ekki þjóðréttarlegs eðlis, heldur siðferðilegs eðlis, en þetta sýnir bezt, hversu yfirborðskenndur lestur hans á samningnum hefur verið. Það er einmitt öfugt. Það er stofnað til þjóðréttarlegrar skyldu, en ekki siðferðilegrar. Hins vegar skiptir það ekki svo miklu máli gagnvart okkur Íslendingum, þótt við leggjum ekki fram her, því að það er algerlega útlátalaust fyrir hvaða stórveldi sem er, þótt við leggjum engan her fram, því að hann yrði alltaf svo hverfandi lítill. Við getum aðeins orðið hernaðaraðili með einu móti, og það er með því að lána land okkar um leið og stríð brýzt út. Hv. þm. sagði, að hann sæi ekkert athugavert við þetta frá alþjóðlegu sjónarmiði, og það væri ekki undarlegt, þótt eitthvað væri gert til þess að stemma stigu fyrir útþenslu Rússa. En öll hernaðarbandalög hafa verið stofnuð sem varnarbandalög. Þýzki herinn hét t. d. Wehrmacht. Þetta bandalag er

stofnað gegn Rússum. Nú álít ég það persónulega mikinn skaða, ef Rússland yrði eyðilagt, en það er annað mál. En ég veit, að Rússar geta slegið frá sér og ef stríð skellur á þá, verður það ægilegur hildarleikur, þar sem við Íslendingar verðum eins og peð milli tveggja jötna. Og það er þetta, sem ætti að geta sameinað alla Íslendinga. Íslendingum er talin trú um, að með þessu sé verið að tryggja þeim öryggi, en ég get ekki séð, að í slíkum leik geti verið um neitt öryggi að ræða. Eða hvernig á að tryggja öryggi fyrir flugvélaárásum eða rakettusprengjum, sem hægt væri að skjóta frá meginlandinu?

Það er alveg rétt, að hlutleysi er ekkert öryggi, en það er þó það skásta, sem við höfum, og ég er ekki frá því, að hlutleysið hafi hjálpað okkur í síðustu styrjöld eða í það minnsta ekki skemmt. En aðalatriðið er, að við ráðum ekki sjálfir, hve nær við förum í stríð, þótt svo standi að nafninu til í samningnum, því að það er svo um hnútana búið, að við höfum afsalað okkur þeim rétti. Ástæðan fyrir því, að hver ræður, hve nær hann fer í stríð, er sú, að Bandaríkin vita, að án þeirra verður ekkert stríð. Þetta ákvæði er eingöngu til góða fyrir Bandaríkin, og þau hafa sjálf áskilið sér þennan rétt. Þetta sýnir bezt, að bandalagið er hópur ríkja, sem Bandaríkin hafa safnað saman til að nota í stríði, þegar þeim sýnist. Þetta er þeim auðvitað til mikillar aðstoðar, því að það er fásinna að halda, að Bandaríkin færu í stríð án Evrópu, en nú geta þau það. Þannig liggja allir þræðir í hendur Bandaríkjanna. En öll hervarnarbandalög eru skref í áttina til árása og í því liggur aðalhættan.

Nú segja sumir, að við séum í hernaðarbandalagi. Því er það til að svara, að við gengum í Sameinuðu þjóðirnar, þjóðir, sem komu sér saman um, að stefna Þjóðverja, Ítala og Japana væri glæpastarfsemi og að útrýma bæri þeirri stefnu, og við gengum í það til þess að útrýma þeirri stefnu. En þá gengu allir út frá því, að ekki væri hætta á stríði milli aðila í Sameinuðu þjóðunum. Nú er þetta aftur á móti öðruvísi. Bandaríkin draga nú í blökk þá aðila, sem þau geta, og hinir gera eins. Þannig er verið að stiga skref í áttina til stríðs. Það má kannske segja, að í augum vissra manna sé til mikils að vinna að útrýma Sovétríkjunum, en aðalatriðið er, hvort við Íslendingar verðum ekki þurrkaðir út í þeim átökum. Þá er og eitt atriði enn, sem er mjög athugunarvert fyrir okkur, og það er það, að ef við gerumst hernaðaraðili, þá missum við auðvitað allan rétt til skaðabóta, bæði á fjármunum og mönnum, og þótt segja megi, að aldrei sé hægt að bæta mannslífin, þá er þó alltaf nokkurs virði að fá fjárbætur.

Afstaða hv. 4. þm. Reykv. virðist mér furðuleg. Mér skilst hann vera algerlega sammála utanrrh. og form. Sjálfstfl. og er raunverulega hissa á því, að hann skuli binda atkvæði sitt nokkrum skilyrðum. Hann telur þetta vera nokkurs konar fóstbræðralag, sem stofnað sé til með siðferðilegum skuldbindingum til útrýmingar einhverri ógurlegri hættu. Hins vegar lýsir hann því yfir á fundi í miðstjórn Alþfl., að nokkrir menn vilji samþykkja að ganga í bandalagið, ef nokkrum skilyrðum sé fullnægt, og 1. skilyrðið er, að viðurkennd verði af samningsaðilum sú sérstaða Íslands, að það geti aldrei háð stríð. Ef þetta er meint í fullri alvöru, þá bara greiðir hann atkvæði móti samningnum. En ef tekið er tillit til þess rökstuðnings, sem hér hefur komið fram, þá er slíkur fyrirvari í ósamræmi við samninginn. Hér hefur verið bent á skyldleikann milli Keflavíkursamningsins, Marshallsamningsins og þessa samnings. Þessi þm. taldi Marshallsamninginn mjög góðan og tjáði sig fylgjandi honum, en sá samningur var ekkert annað en hagfræðilegur undirbúningur undir þennan samning. Þannig er framkoma hv. þm., og ég verð að segja, að hún kemur mér mjög undarlega fyrir sjónir.

Ég mun svo ekki fjölyrða meira um þetta, en ég vil aðeins benda á það, að þótt samningurinn sé fallega orðaður, þá er raunar allt í höndum Bandaríkjanna. En reynslan sýnir, að stjórnir þær, sem standa með Bandaríkjunum, eru leppstjórnir, sem hlýða Bandaríkjunum í öllu, og höfum við gleggst dæmi um það hér á Íslandi, eins og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv. í sambandi við Keflavíkursamninginn. Það er þetta, sem er hættulegast, að Bandaríkin geta skipað stj. að gera hvað sem þeim sýnist, og þótt þeir heimti hálfa eða alla stj. til Washington, þá er þeirri skipun hlýtt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég hef nú ekki blandað mér í þessar umræður síðan í morgun og ætla mér ekki að fjölyrða mikið um þetta mál. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni í gær og svaraði fyrir fram því, sem komið hefur fram hér í dag. Það dylst engum, að ræða hv. 2. þm. Reykv. var eingöngu málþóf, og þar sem hann er snjallasti ræðumaðurinn af þeim flokksbræðrum, þá geta menn hugsað sér, hvað þeir hafa að segja, úr því að þetta var útkoman hjá þessum hv. þm. En þetta er ósköp eðlilegt. Þetta er utanaðlært. Það hefur verið gefin fyrirskipun til kommúnista allra landa um að flytja svona ræður, og það er gert, að vísu með svolítið breyttu orðalagi, en allt sama efnis og allt til geðs hinum erlendu húsbændum. Því fer svo fjarri, að kommúnistum hafi verið sýnt nokkurt ofbeldi hér, og eftir því sem frétzt hefur frá þingum annarra þjóða, þá hafa þeir hvergi fengið að tala eins lengi og einmitt hér. Þeir hafa því ekki undan neinu að kvarta. — Hitt er augljóst, að þegar íhuguð eru ummæli hv. þm. Siglf., þegar hann sagði, að nú væru hin vestrænu ríki að reyna að mynda um sig hernaðarblokk, — þá er augljóst, af hve miklum heilindum þetta er sagt. Veit þessi hv. þm. ekki, að það eru einmitt austurveldin, sem hafa byrjað þann leik, ekki aðeins með því, að þau hafa myndað með sér bandalög, heldur innlimað heil ríki og traðkað á sjálfstæði þeirra? Sú lýsing, sem þessi hv. þm. gaf á því, þegar lýðræðið er fótum troðið, nær aðeins til eins flokks í austrinu, en á ekkert skylt við frjáls samtök. Það átti ekkert skylt við frjáls samtök, þegar Rússar innlimuðu Pólland og baltisku ríkin og mörg önnur, sem of langt yrði upp að telja. Það stendur á sama, hvað þessir menn reyna að þæfa mikið. Allir fulltíða Íslendingar vita, hvað vakir fyrir þessum mönnum, sem vilja að Ísland sé

opið og óvarið og hafi enga tryggingu, ef árásarríki vildi gleypa landið og nota það sem rýting í bak lýðræðisþjóðanna. Þeir menn, sem svona hugsa og svona tala, eru ekki annað en verkfæri í höndum þess valds, sem allir góðir Íslendingar vilja forða Íslandi frá. Fyrir þennan áróður er þeim haldið uppi erlendis frá, og er ekki nema von, að þeir vilji nú nota tækifærið og vinna fyrir launum sínum, þegar mál sem þetta er hér til umr. Það er þess vegna, sem þeir vilja, að landið sé öryggislaust gagnvart árás herveldis. Hvaða öryggi var það, sem þessir menn höfðu í huga, þegar hv. þm. Siglf. vildi láta stækka Reykjavíkurflugvöll og halda þeim eina flugvelli í starfrækslu hér sunnanlands? Hvað hafði hv. þm. þá í huga gagnvart Reykvíkingum, ef til nýrrar styrjaldar kæmi? Það er þessi sama stefna, sem þessir aftaníossar hafa nú í þessu máli. Þá hafði þessi þm. og flokksmenn hans ekki meiri áhyggjur út af Reykvíkingum en það, að þeir vildu eiga á hættu, að helmingur þjóðarinnar biði bana, ef til loftárásar hefði komið á flugvöllinn. Slík eru Lokaráð þessara manna. Að öðru leyti skal ég ekki elta ólar við þessa menn. Þeir eru hér aðeins sem fjósamenn, sem hlýða fyrirskipunum herra síns í austri.

Ég er ekki sammála hv. 3. landsk. né hv. 4. þm. Reykv. Þeir hafa lýst því yfir, að þeir hafi litla ást á mínum flokki, og það vakir að vissu leyti annað fyrir þeim í þessu máli en kommúnistunum, og er því hægt að tala við þá sem Íslendinga. Varðandi þær spurningar, sem þessir tveir þm. hafa beint til mín út af samningi þessum, þá tel ég hann vera fullnægjandi tryggingu fyrir Íslendinga, eins og hann nú liggur fyrir. Þeir héldu því einnig fram, að ef þessi samningur næði samþykki þingsins, þá yrði Keflavíkursamningurinn að gilda áfram. Þó að ég líti nú nokkuð öðrum augum á það en þeir, þá tel ég, að samningsgerð sem þessi muni greiða fyrir skipun þeirra mála í þá átt, sem fyrir þeim vakir, hv. 3. landsk. og 4. þm. Reykv. Ef það er þeim keppikefli, þá ætti það að geta leitt af sér, að hægt yrði að mynda þau samtök hér innanlands, að skipun flugvallarins í Keflavík verði svipuð því, sem þeir óska, og þeir ættu þá að keppa að því, að slíkt gæti orðið svo fljótt sem auðið er. Að öðru leyti er það út af fyrirspurn frá hv. 3. landsk. þm. Hann spurði, hvort Íslendingar þyrftu ekki að lýsa ófriði á hendur öðrum ríkjum, ef önnur ríki, sem stæðu að þessum samningi, gerðu það. Tvímælalaust þyrftu Íslendingar ekki að gera það. Slíkt felst hvergi í þessu samningsuppkasti, og tók ég það fram, eins og ég hef margoft áður tekið fram, er ég ræddi samninginn í Washington ásamt tveim öðrum ráðh., er fóru sömu erinda vestur um haf. Slíkt mun enn verða tekið fram, þegar samningurinn verður undirritaður. Ísland sem herlaus þjóð getur ekki breytt afstöðu sinni hvað það snertir. Íslendingar hljóta ávallt að halda fast í þennan móralska rétt sinn, og Íslendingar munu einskis óska fremur en halda friði við allar þjóðir. Það breytir engu, þó að Ísland geti ákveðið sjálft, hvort það vilji lýsa yfir styrjöld við annað ríki. Íslendingar vildu heldur ekki slíkt, þegar hv. þm. Siglf. vildi knýja það í gegnum þingið á sínum tíma að segja tveim stórveldum stríð á hendur, eftir að þau voru knésett í síðustu heimsstyrjöld. Þetta vita allir þm., að kommúnistar hér á Alþingi fóru fram á þetta. Íslendingar hafa sama rétt og önnur ríki að segja öðrum þjóðum stríð á hendur. Íslenzka ríkið gæti strax í dag sagt Bandaríkjunum stríð á hendur, eins og þm. Siglf. vildi, að við gerðum við möndulveldin fyrir 3½ ári síðan. En Íslendingar eru ekki og munu vonandi aldrei verða hernaðarþjóð.

Þá spurði hv. þm., hvort Íslendingar mundu verða skyldaðir til að leggja fé af mörkum í hernaðarrekstur, ef styrjöld skylli á. Þessu get ég svarað þannig, að Íslendingar munu ekki þurfa að leggja meira af mörkum en þeim sjálfum þóknast. Þegar til ófriðar kemur, eru sumir menn á stríðsvöllunum, en aðrir eru heima fyrir og vinna að framleiðslunni. Í síðustu styrjöld, þegar fiskiskip okkar sigldu með afla sinn til Englands, kom framleiðsla sú, sem við lögðum af mörkum til þeirra, í góðar þarfir. Hitt er svo matsatriði, hvað Íslendingar sjálfir mundu telja eðlilegt. Það fer að sjálfsögðu eftir því, að hve miklu leyti deilan mundi snerta okkur efnahagslega eða stjórnmálalega, ef upp kæmi. Ég skildi nú ekki alveg rök hv. þm., en sanngirni með hliðsjón af sérstöðu landsins mun ávallt segja til sín.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Síðan forseti varnaði mér síðast máls, hafa umr. leitt til þess, að nú hlýt ég að byrja á að svara hæstv. dómsmrh. Hæstv. ráðh. hóf mál sitt með því að tala um, að við sósialistar færum hér með utanbókarlærdóm eftir skipun erlends valds, en það er alkunna, hvernig sekir menn reyna að leiða athyglina frá sér, en hér talar sá maður, sem þessi orð ættu frekar við og er nú að framkvæma það, sem hann samdi um við mr. Acheson. Það er líka staddur hér í hliðarherberginu fulltrúi frá mr. Acheson til þess að fylgjast með því, að hæstv. dómsmrh. efni heit þau, sem hann gaf í Washington á dögunum.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að það eitt vekti fyrir sósialistum að reyna að halda Íslandi opnu og óvörðu, svo að síðar væri hægt að nota það sem rýting í bak lýðræðisþjóðunum. Jæja, á Ísland þá að vera varið? Hingað til hafa hæstv. ráðh. sagt, að landið yrði óvarið, en nú skilst mér, að það eigi að vera varið. Það er erfitt að skilja, hvað fyrir hæstv. dómsmrh. vakir, og það er erfitt að samræma þessi orð. Kannske hann komi nú og lýsi því yfir, að sósialistar lifi á erlendu fé. Sjálfur veit hann, að slíkt er ósatt, en hvers vegna er honum þetta svo mjög í huga? Er hann ekki alveg nýkominn af fótskör mr. Achesons? Fékk hann ekki greitt gjafafé, 16 millj. kr.? Hvað skyldi vera falið í þeim milljónum? Hafa menn litið á síðasta blaðið á þskj., en þar stendur í fyrsta lagi, með leyfi hæstv. forseta: „Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.“ — Hverjum dettur nú í hug, að Bandaríkjamenn komi og spyrji: Hvenær þóknast ykkur að veita okkur hernaðaraðstöðu? Engum manni dettur slíkt í hug, þó að þessir

þrír fljúgandi leppar fullyrði slíkt eftir viðtalið við mr. Acheson. — Næsta atriði er: „Að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.“ — Ja, mikið er það nú dýrmætt, en hvað skilja þeir? Að Íslendingar séu fámenn þjóð og einskis megandi í hernaði? Það var mikið talað um það af stjórnarliðinu, að Ísland væri óvarið land og við sósialistar vildum hafa það opið. Hafa þeir haft stór orð um það í þessum umr. og blöð stjórnarflokkanna verið fyllt með slíkum skrifum nú undanfarið. En hvað eru þessir menn að fara, þegar þeir tala svo mjög um það, að Ísland sé opið og óvarið? Hvað liggur þar á bak við? Hæstvirtir ráðh. vita, að Bandaríkjamenn ætla sér að koma hingað og efla stöðvar sínar hér og munu alls ekkert til þess spara. — Í þriðja lagi segir: „Að ekki kæmi til mála að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.“ — Ég hef heyrt þess getið í fréttatilkynningum, að hæstv. utanrrh. hafi lýst því yfir við blaðamenn í Washington, að Bandaríkjamenn fengju ekki herstöðvar á Íslandi á friðartímum. „No bases“, hafði hæstv. ráðh. sagt. Það var bara litið á hann stórum augum. „No bases“, sögðu blaðamennirnir, því að þeir vissu, að Bandaríkjamenn hafa stöðvar á Íslandi. Á korti Bandaríkjahers er Keflavík merkt sem herstöð. Allur heimurinn veit það. Svo koma þessir þrír leppar og lýsa því yfir, að á Íslandi verði engar herstöðvar. Hvað veldur þessum ósköpum? Hv. alþm. ættu að spyrja í alvöru. Þeir ættu sjálfir að reyna að brjóta málið til mergjar.

Það er enginn viðvaningur í þjóðmálum, formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. S-M., hæstv. menntmrh. Hv. þm. skrifar langt mál í blað sitt alveg nýlega og minnist þar á fuglabjarg eitt, sem nefnt hefur verið heiðnaberg. Í okkar þjóðfélagi er eitt heiðnaberg, þar sem leikinn er eins konar bjargleikur. Það eru forréttindi heildsalastéttarinnar. En það er sýnt, að þessi flokkur manna er sá, sem skaðar afkomu ríkisins hvað mest og hefur svo sorfið að ríkinu, að það liggur við ríkisgjaldþroti. En hvers vegna? Vegna þess, að ekki má sækja björg í heiðnaberg. Vöndurinn er á ríkisstj. Nú eru henni færðar tekjur af erlendu valdi, og hún sníkir peninga og þiggur Marshallhjálp. Hæstv. ríkisstj. er nú á sníkjubuxunum, en í heiðnaberg má ekki fara.

Það er vissulega rétt, að sagan endurtekur sig. Það má minnast þess, hvernig bandalagið, sem kennt var við heilaga þrenningu, leið undir lok fyrir 100 árum síðan. Það bandalag stóð frá 1815—48, eftir að borgarastéttin á meginlandinu reyndi að hrinda af sér valdi klerka og aðals með frönsku byltingunni. Hvað skeður svo? Napoleon mikli kemur til skjalanna og kemst til yfirráða með ofríki. Síðan er ósigurinn við Waterloo. Auðvald veraldarinnar hefur átt í stöðugri baráttu við að knésetja borgarastéttir og alþýðu landanna, því að yfir þeim vilja þeir drottna. Nú síðast, er auðvald Evrópu var nær því knésett, kom Adolf Hitler, sendiboði arðræningjanna, til skjalanna. Hlutverk hans átti að verða og var að berja niður verkalýðinn og gera hann að auðsveipu verkfæri í höndum auðkýfinganna, en Hitler varð helzt til voldugur. Hann var eftirmaður Napoleons Bonaparte. Og svo rís þetta bandalag upp af gröf Bandalagsins helga, og tilgangurinn með þessu — ja, hvað segir Morgunblaðið: Það eru allar framtíðarvonir mannkynsins, sem það á að bjarga. En ætli það sé ekki eitthvað svipað og hjá Bandalaginu helga. Ætli tilgangurinn sé annar en sá að bjarga því, að alþýðustéttin sæki ekki í heiðnaberg forréttindastéttarinnar. Það er því ekkert undarlegt, að það eru einmitt flugleppar nir, mennirnir, sem voru sendir vestur um haf til þess að betla, sem reyna að koma í veg fyrir það, að alþýðan sæki í heiðnaberg auðvaldsstéttarinnar, því að hvarvetna í heiminum, þar sem auðvaldsþjóðskipulag er, þá er það svo, að það er reynt að koma í veg fyrir það, að sannleiks- og réttlætisþjóðskipulag sé stofnað.

Nú verð ég að segja það, að þegar ég lít yfir þessar umr., sem hér hafa farið fram, og heyri það frá fleiri en einum ráðherra, að það felist í raun og veru ekkert í samningnum, sem bindi landið neinum skuldbindingum, dettur mér í hug að spyrja hæstv. utanrrh. að því, því að flestum hefur fundizt hann vel að sér í lögfræði, hvaða samningur það eiginlega sé, þar sem ekki eru neinar skuldbindingar fyrir aðila. En auðvitað eru skuldbindingar í þessum samningi eins og öðrum. En ef allt er nú svona óendanlega meinlaust, eins og hæstv. ráðh. vill nú vera láta, og ef það er svona sjálfsagt og eðlilegt, að við gerumst aðilar að þessum samningi, og þjóðin sé með því, því í ósköpunum má þá ekki lofa henni að dæma það og segja það svart á hvítu, hvað sé hennar álit?

Það eru allir sammála um það, að hér er um að ræða stærsta mál, sem þjóðin hefur nokkru sinni átt. En finnst þm. þeir hafi umboð til þess að gera alveg út um þetta mál án þess að spyrja umbjóðanda, án þess að spyrja sjálfa þjóðina, sem þeir eru umboðsmenn fyrir, ráða? Geta þeir tekið þá ábyrgð, sem af því leiðir, yfir á sig? Ef svo er, hver eru þá rökin? Ef málið er eins einfalt og meinlaust og þeir segja, hvers vegna leyfa þeir þá ekki þjóðinni sjálfri að dæma um það?

Nei, hér býr eitthvað annað á bak við. Ég vildi mega vænta þess, að hv. þm. hugsuðu sig fyrst um, hvort það er ekki fullmikil ábyrgð fyrir þá að taka á sig að láta íslenzku þjóðina verða undir brakinu, þegar þjóðskipulag kapitalistanna hrynur í rústir. Við þurfum ekki að verða undir brakinu. Íslenzka þjóðin þarf ekki að verða undir brakinu, þegar kapítalisminn hrynur í rústir, en ef við gerumst aðilar að þessum samningi, þá erum við þar með að kalla yfir íslenzku þjóðina að verða undir brakinu. Það verður fróðlegt að sjá hinn fljúgandi lepp, Bjarna Benediktsson, þegar brakið fellur í höfuð honum, sem ég vona, að ég þurfi ekki að sjá, því að það yrði voðalegt. Nei, það, sem við verðum að gera, það er að koma okkur undan ábyrgðinni og láta þjóðina sjálfa dæma, hvað hún vill.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það hefur verið kvartað um, að umr. skuli hafa verið takmarkaðar um þetta mál. Ég held, að umr. hafi farið þannig fram, að andstæðingar samnings-

ins hafi haft hér um bil allan ræðutímann, en hinir, sem með honum eru, næstum engan, áður en umr. voru takmarkaðar. Ég vildi því kvarta við hæstv. forseta yfir þessu, svo að þeir hv. þm., sem mæla með samningnum, megi segja örfá orð, án þess að þessi takmörkun komi til.

Um þennan samning hefur farið fram skefjalaus einhliða áróður, bæði í blöðum og á mannfundum. Hefur Þjóðvarnarfélagið rekið einhliða áróður um þetta á fundum sínum, bæði hér í Reykjavík og víðar á Suðurlandi. Þetta félag hefur ekki viljað láta ræða þetta mál frá báðum hliðum, heldur hefur það haldið uppi einhliða og ósæmilegum áróðri um það. Því hefur verið lýst yfir í blöðum kommúnista og þjóðvarnarmanna, að samkvæmt þessum samningi ætti að vera hérna herstöð og Ísland ætti að gerast hernaðaraðili og hér ætti að leiða herskyldu í lög. Ekkert af þessu er í samningnum. En hvað gera svo þessir menn, sem hafa haldið þessu öllu fram, þegar þeir verða fyrir vonbrigðum, þar sem ekkert af því, sem þeir hafa verið að finna samningnum til foráttu, stendur í honum? Jú, þeir eru þegar sendir af kommúnistum til þess að reyna að finna nýjar ástæður til þess að vera á móti samningnum og aðild að honum. Þeir, sem eru á móti aðild að samningnum, eru á móti honum frá því sjónarmiði, að þeir vilja vinna með austrinu, en ekki vestrinu.

Ef ríkisstj. er álösunarverð fyrir eitthvað í sambandi við þessar umr., þá er það kannske fyrir það að hafa ekki rætt meira um samninginn sjálfan en gert hefur verið, en það var nú reyndar gert dálítið í útvarpinu í sambandi við umr. í gær. En ef ríkisstj. er álösunarverð fyrir eitthvað, þá er það fyrir það eitt að hafa ekki látið heyrast meira um sannleikann um samninginn, því að það er búið að troða nógu mikilli lygi í eyru þjóðarinnar um þetta mál.

Nú er verið að spyrja að því, hvort þm. hafi umboð til þess að fela ríkisstj. að gerast aðili að þessum samningi, og þó að mér beri ekki skylda til að svara þessari spurningu, þá skal ég þó gera það og gera það játandi. Ég tel mig ekki eingöngu hafa umboð til þess að gera það, heldur beinlínis skyldu til að gera það. Ég er kosinn á þing af lýðræðissinnuðum jafnaðarmönnum til þess að vinna með vestrænni jafnaðarstefnu á lýðræðisgrundvelli. Þessi samtök, sem hér er verið að ræða um, eru stofnuð til þess að fá frið, til þess að hægt sé að vinna að þessari stefnu. Við höfum þurft að horfa á hvert ríkið af öðru innlimað í Rússland. Þjóðir hafa verið sviptar frelsi sínu af Rússum. Það hefur verið traðkað af Rússum á öllum þeim helgustu mannréttindum, sem við Íslendingar teljum okkur lifa fyrir.

Hæstv. utanrrh. benti réttilega á það í ræðu sinni, að fyrstu hernaðarbandalögin eftir styrjöldina hafi verið gerð af Sovét-Rússlandi. Þessi bandalög hafi ekki verið gerð í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa aldrei verið borin undir þær. Það gildir aftur öðru máli með Atlantshafsbandalagið. Um það liggur fyrir yfirlýsing frá Tryggva Lie um, að sáttmálinn sé að öllu leyti í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í sama mund og Tryggvi Lie var að þessu spurður, þá var hann einnig spurður um Austurbandalagið. Hann lét í því sambandi svo um mælt, að ekkert hefði um það komið til Sameinuðu þjóðanna og hann vissi ekki til, að það væri í samræmi við sáttmála þeirra.

Nú er það mála sannast, að bandalag það, sem hér er gert ráð fyrir, að Ísland gerist aðili að, er fyrst og fremst til þess fallið að vinna að friði í heiminum. Í bandalaginu taka þátt margar þjóðir, sem hver um sig er einskis megnug, en með þessari Evrópuþjóðahreyfingu verða þær sterkar, þegar þær eru komnar allar saman. Það myndast eins konar þriðja stórveldið, þegar þjóðunum er safnað svona saman, þá myndast við það jafnvægi milli Rússlands annars vegar og Ameríku hins vegar. Frá þessu sjónarmiði séð tel ég mig hafa skyldu til þess að greiða atkvæði með till. þeirri, sem hér er á dagskrá.

Hv. síðasti ræðumaður var að finna að því áðan, að fulltrúar frá erlendum þjóðum hlustuðu hér á umr. um þetta mál. En hjá öllum erlendum lýðræðisþjóðum er það svo, að það fyrirkomulag er haft, að ef fulltrúar erlendra þjóða vilja hlusta á umr., sem fram fara á þingunum, þá er þeim það velkomið. Þetta hefur alls staðar verið, þar sem ég hef farið um, og ég hef ekki komið í neinn þingsal, þar sem erlendir menn eru ekki velkomnir til að hlusta og ekkert amazt við þeim. Það vill líka svo vel til, að þessi síður er líka hafður á mannfundum hér í Reykjavík, því að ég veit ekki betur en að 5 Rússar úr sendiráðinu hafi verið á fundinum í barnaskólaportinu, og mér er ekki kunnugt um, að neitt hafi verið amazt við þeim. Það má vera, að það geti verið háttvísi að vera með þennan skæting, en sú háttvísi á þá hvergi heima nema hjá þeim mönnum, sem hv. síðasti ræðumaður er háður.

Hv. þm. Siglf. hélt því fram, að öll hernaðarbandalög væru stofnuð með styrjöld fyrir augum. Ég verð að segja það, að þá hefur Sovét-Rússland stigið mörg spor í þá átt, án þess að hljóð heyrðist úr horni frá hv. þm. Sannleikurinn er sá, að þessi hv. þm. vill láta Rússland hafa sérrétt til þess að leggja undir sig allan heiminn og kúga smáþjóðirnar og telur, að Atlantshafsbandalagið sé móðgun, sem lýðræðisþjóðirnar sýni Rússum með því að koma í veg fyrir áform þeirra.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar að þessu sinni, en lýsi ánægju minni yfir, að till. þessi skuli vera hér fram komin, og tel ég mig ekki eingöngu gera rétt með því að ljá henni atkvæði, heldur einnig hafa skyldu til þess.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég stend hérna upp til þess að bera af mér sakir, sem á mig hafa verið bornar.

Flestir Íslendingar vilja vera skáld. Flestir yrkja eitthvað, margir vel. Ég hef því miður ekki borið gæfu til þess að fá þessa gáfu. En einn hv. þm. Sósfl. hefur nú borið upp á mig, að ég sé skáld, og tilfærir vísu því til sönnunar, sem hann segir, að sé eftir mig. Mér finnst rétt að taka það fram, að ég hef ekki gert þetta, en hins vegar vil ég benda mönnum á, hvernig svona skáldskapur myndast. Þegar Þjóðviljinn

er að fjölyrða um „leppana“ í ríkisstj., þá fannst mér það vera klaufalegt og áleit, að þetta væri mjög skaðlegt fyrir þjóðina að hafa slíkt orðbragð, og mér varð það á að segja: „áður riðu hetjur um héruð“, en nú segja menn: „Nú fljúga leppar af landi.“ Nú hafa menn sett þetta saman í þjóðlegt og löglegt rím um leppana. Það hefur oft verið ályktað, hvernig íslenzku sögurnar urðu til. Fyrst hafi verið til efnislegur kjarni um eitthvert atvik, en svo þegar sagan hefur borizt mann frá manni, þá hefur spunnizt við kjarnann og hann verið fágaður, ekki bara að einstaka maður hafi áhrif á, heldur kemur og til greina folkevittighed. Þannig hefur þetta orðið til.

Þá vil ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir velviljuð ummæli um mig, sem hann hefur viðhaft í samkomuhúsum bæjarins, og heldur hann þar einkum tveim skoðunum fram. Fyrst þeirri, að ég sé sannorður um það, sem ég segði um landsmálin, eins og þau eru nú, en eins og kunnugt er, þá hef ég nú aðallega verið að gagnrýna flokk hv. 2. þm. Reykv., svo að ég get talið þessi ummæli okkur báðum til sóma. Hann hélt svo áfram í sama lofsamlega tóninum og sagði, að það liti út fyrir, að ég hefði pólitískt radartæki, sem gerði mér mögulegt að sjá tvö ár fram í tímann. Þó að ég hafi nú ekki haft þetta tæki, þá er það öllum ljóst nú, að það er rétt og fram komið, sem ég spáði um kommúnista. Æ sér gjöf til gjalda. Milli mín og kommúnista hefur verið samvinna, ekki þýðingarlaus, því að ég hef haldið því fram, að sá flokkur, kommúnistar, gæti ekki starfað með lýðræðisflokkunum. Mikill fjöldi samflokksmanna og manna úr öðrum borgaraflokkunum héldu, að þetta væri rangt. Þarf ég ekki að fjölyrða um það, en þegar kommúnistar voru í ríkisstj., þá bar ég fram vantrauststill. á þá stjórn, en þá fékk ég engan með mér til þess að styðja vantraustið, því þó að Framsfl. væri óánægður, þá var hann þó trúaður á samstarf við kommúnista og vildi ekki fallast á að styðja vantraustið. Nú er þetta breytt, bæði erlendis og hér, og ganga nú harðir dómar um kommúnista hvar sem er. Ef menn taka nú Morgunblaðið eða Alþýðublaðið, sem áður töldu samvinnu við kommúnistana æskilega, þá má nú sjá þar notuð sterk orð um, að ekki séu til menn, sem sé verr við borgaralegar dyggðir en þeim, og að öll meðul helgi þeirra pólitíska tilgang. Nú hefur það komið fram í dagsins ljós, að þeim, sem stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar, hefur nú skilizt það, sem þeir ekki skildu áður, að engin samleið er möguleg milli kommúnistanna og lýðræðisþjóðanna. Þess vegna er nýja þjóðabandalagið andvana fætt.

Nú vil ég segja það, að það mundi hafa verið gagnslaust fyrir mig að vera að prédika fyrir þjóðinni hættuna, sem stafaði af kommúnismanum, ef þjóðin vildi ekki trúa því vegna bjartsýni hennar, en það, sem hefur hjálpað mér, það er ekki mín prédikun beinlínis, heldur verk kommúnistanna og framkoma þeirra öll, því að hún hefur sannað, að samstarf er útilokað við lýðræðisflokkana. Það, sem veldur því, að Morgunblaðið og Alþýðublaðið segja nú það sama sem ég sagði fyrir mörgum árum, það er það, að framkoma kommúnista hefur sannfært menn um það, að það er ekki hægt fyrir borgaraflokkana að hafa samvinnu við þá. Annaðhvort verða borgaraflokkarnir að ráða öllu og kommúnistar engu, eða kommúnistar öllu, en það getur aldrei verið um neina samvinnu að ræða. Kommúnistar geta ekki ráðið í þjóðfélagi með lýðræðisfyrirkomulagi — það er útilokað, af því að þeir eru ekki fæddir til þess. Ég lít þess vegna svo á, að það hafi verið frjósamt og ánægjulegt samstarf milli mín og hv. 2. þm. Reykv., og ég hef ástæðu til þess að segja, að vegna þessarar samvinnu hafi stefnu minni aukizt fylgi hér á landi.

Kommúnistar hafa borið hér fram ákæru út af því, að þeirra kostur hafi verið þjakaður. Þeir eru að kvarta undan smáóhappi, sem átti sér stað, er einn þm. þeirra komst ekki inn í þinghúsið. En hvað skyldi vera langt síðan tveir menn, annar æðsti maður ríkisstj., forsrh., en hinn æðsti maður bæjarins, borgarstjórinn þáverandi, urðu fyrir árás af liði, sem kommúnistar drógu saman á Austurvelli, þegar verið var að ræða um Keflavíkursamninginn. Þá réðust þeir að flokkshúsi Sjálfstfl. og ætluðu þar að hleypa upp fundi, og ef leiðtogar Sjálfstfl. hefðu ekki latt sína menn, þá hefði þarna komið til átaka inni. En þegar þeir voru að fara út úr húsinu, þá var setið um líf þessara tveggja manna, ekki vegna persónanna Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar, heldur vegna þeirra valda, sem þeir höfðu. Ég vil benda hv. 2. þm. Reykv. á það, hvað gerðist, þegar skríllinn var að taka völdin á Austurvelli og búinn að gera þar uppþot. Þá var það sjálfsögð skylda lögreglunnar að beita táragasi, vatni eða einhverjum saklausum ráðum til þess að dreifa skrílnum. Þá kemur hv. 2. þm. Reykv. og neitar því, að það sé beitt táragasi við þessa menn, nema til komi úrskurður dómsmrh. Með þessari framkomu gerði 2. þm. Reykv. hið íslenzka réttarríki að skrípi. En það vildi svo til, að þáverandi dómsmrh. var á ferðalagi. Það var bezt fyrir þessa menn að fara heim, áður en til kæmi að dreifa þeim með táragasi. Í stuttu máli sagt, þá vona ég, að hv. 2. þm. Reykv. og hans vinir skilji, að þegar svona hlutir gerast rétt fyrir utan þinghúsið, að menn leyfa sér að æsa upp skrílinn til að ráðast á þá menn, sem þá voru forráðamenn lands og bæjar, þá sýnir það, að þeir eiga ekki samleið með okkur hinum. Þeir eru uppreisnarmenn. Þeir játa það sjálfir. En samt koma þeir og kveina yfir öðru eins smáræði og því, að formgalli varð við inngöngu eins alþm. inn í húsið. Það þarf að gera þessum mönnum ljóst, að þeirra stefna er í ósamræmi við vestrænt þjóðskipulag. Þess vegna er búið að sameina að nokkru leyti hina þrjá íslenzku borgaraflokka, svo að meiri hlutinn stendur saman og segir: Við viljum ekki hafa þetta byltingalið. Við viljum hafa lög og rétt í landinu. — Það var haustið 1944, að hv. þm. G-K. myndaði stj., og þá eru hér á Alþ. hér um bil sömu menn og eru hér nú. Þá var meiri hluti þm. þeirrar skoðunar, að hægt væri að vinna með bolsévikum. Í gærkvöld kom það í ljós, að 5 borgaralegir þm. eru enn haldnir af þeirri meinloku. Þessir 5 þm. sýna veilurnar í flokkunum.

Svo kem ég að kjarna málsins. Nú fer að líða að því, að bæði Íslendingar og allur hinn menntaði heimur skilji, að annaðhvort verða bolsévikarnir að ráða öllu eða engu. Þá er komið svo, að við Íslendingar segjum: Við viljum ekki láta þá ráða neinu. Við viljum ekki láta þá ráða yfir landinu. Við sameinumst gegn þeim, ekki til að misþyrma þeim, en við viljum ekki þola þeim ofbeldi eða lögleysur. Þeir verða að hlýða okkar borgaralegu lögum, ef þeir vilja fá að vera í landinu með sína skoðun, en þeir geta ekki heimtað að verða teknir hátíðlega.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það gladdi mig mikið að verða þess var, að þegar ég hafði nokkrum sinnum auglýst eftir hæstv. utanrrh., þá kom hann þó í leitirnar. Mér finnst fara miklu betur á því, að hæstv. utanrrh. leggi það á sig að vera viðstaddur slíkar umr. sem þessar. Þó að hann hafi ýmsum hnöppum að hneppa, finnst mér, að þetta þurfi að sitja fyrir. Síðan auglýsingin kom út hafa hér oftast verið fjórir ráðh. inni, og þannig ætti það að vera. Reyndar er ekki hægt að segja, að þetta sé vel við unandi, nema þeir séu allir hér inni, og helzt að þeir snúi að okkur framhliðinni.

Hæstv. utanrrh. var líka svo lítillátur, þegar hann kom, að svara þeirri fyrirspurn, sem ég hafði borið fram við auðan ráðherrastólinn. Svar hans var á þá lund, að ef krafa kæmi um fjárhagslegt framlag af okkar hendi og allar aðrar bandalagsþjóðirnar hefðu farið í stríð, þá gætum við treyst því, að við yrðum ekki skyldaðir til að leggja fram meira en okkur þóknaðist. Sjálfdæmi líka þar!! Skyldur okkar verða ekki ríkari en sanngjarnt er í hvert sinn, segir hæstv. ráðh. Ég þykist vita það, að hæstv. utanrrh. gangi út frá því, að þetta verði svona, en ekkert hef ég heyrt um það í þeim lauslegu frásögnum, sem ráðh. míns flokks gaf þm. Alþfl., að hæstv. Dean Acheson utanrrh. hafi gefið svör við þessu, að efnislega og fjárhagslega yrði ekkert af Íslendingum heimtað nema það, sem sanngjarnt væri hverju sinni. Mér finnst því þetta svar nokkuð laust og loðið hjá hæstv. ráðh., og ég get ekki séð, að af því komi í ljós, undir þeim kringumstæðum, sem ég lýsti áðan, að það yrði tryggt, að af Íslandi yrði ekki heimtað sem hernaðaraðila, að það legði fram „öll efni sín, hernaðarlega og fjárhagslega". Og mér þykir það undarlegt, ef það þætti ekki vel sloppið hjá þeirri þjóð, þegar sagt væri: Það er staðið við allar skuldbindingar, sem ráðh. hefur gefið; þið þurfið ekki að stofna her, ekki að senda her úr landinu, ekki að lögleiða herskyldu og ekki að segja neinni þjóð stríð á hendur, nema með því að leggja fram öll efni ykkar, hernaðarleg og fjárhagsleg. Mér þykir það furðulegt, að hæstv. utanrrh. skyldi ekki spyrja utanrrh. Bandaríkjanna beint um það, hvort hernaðaraðstoðar okkar yrði ekki krafizt í sama formi og gert var 1945. En það var, eins og ég las upp, að Íslandi skyldi skylt að skuldbinda sig til að leggja fram öll efni sín, hernaðarleg og fjárhagsleg. Það, sem ég spurði um, var það, hvort Íslendingar þyrftu að leggja fram öll efni sín, hernaðarlega og fjárhagslega, en því var ekki svarað. Mér virtist túlkun hæstv. ráðh. á samningnum og svör þeirra benda til þess, að þeir segi: Það er bókstaflega einskis krafizt. Þið getið bæði fyrst og síðast ákveðið sjálfir, hvað þið viljið gera. En þá er þessi samningur lítilsvert plagg. Ég verð að segja það, að ég trúi því ekki, að samningurinn sé svona auðvirðilegt plagg eins og af er látið. Mér er kunnugt um það, að þegar Dean Acheson lagði samninginn fram í Bandaríkjunum, þótti hann í því formi, sem hann þá var í, leggja allt of ákveðnar skuldbindingar á Bandaríkin, og senatorarnir, hver á fætur öðrum, mótmæltu því, að samningurinn mætti vera í svo ákveðnu *og föstu formi. Ég hef hér úrklippur* úr New York Times. Þar segir, að ekki megi hafa svo ákveðnar skuldbindingar í samningnum, að hægt sé að hanka Bandaríkin með automatiskri skyldu til að fara í stríð, ef einhverjar af bandalagsþjóðunum yrðu fyrir árás. Þeir sögðu: Það verður að vera óljóst og á valdi Bandaríkjanna, hvernig þau veita aðstoðina. — Nú er búið að umbreyta formi samningsins, svo að ekki sé hægt að skylda Bandaríkin til neins. Nú geta þau sagt til um það sjálf í hvert skipti, hvernig þau taka þátt í slíkum aðgerðum, og þess vegna er nú hægt að segja við okkur: Það er engin skuldbinding á hendur Íslandi í samningnum. Hann er orðinn eins mjúkur og fjöturinn „læðingur", sem getið er um í fornislenzkum bókmenntum. En sá fjötur var þess eðlis, að hann var óslítandi. Þessi sáttmáli getur verið sama eðlis, og það óttast ég. Ef það væri rétt, að á Ísland falli engar skuldbindingar nema það, sem Ísland óskar og kýs, þá vildi ég spyrja: Er samningurinn svo mjúkur og svo laus við skuldbindingar, að landið geti haldið hlutleysi sínu þrátt fyrir aðild að samningnum? Ísland hefur lagt mikið upp úr hlutleysisyfirlýsingu sinni frá 1. des. 1918. Alltaf þegar slík mál hafa komið til umr. á Alþ., hafa þm. lagt mikið upp úr því, að ekki væri vikið frá hlutleysisyfirlýsingu Íslands. Þegar herverndarsamningurinn var gerður 1941, var rætt um það hér á Alþ., hvort ekki væri horfið frá hlutleysisstefnunni með aðild að samningnum. Hver þm. af öðrum vildi láta það varða úrslitum um fylgi sitt við samninginn, ef hann kostaði afnám hlutleysisins. Þáverandi þm. V-Sk., núverandi sendiherra Íslendinga í Ósló, talaði mjög ræki lega um þetta. Hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Okkar staða, Íslendinga, er hlutleysisafstaðan, og æskilegasta vörnin fyrir Íslendinga er sú að hafa engar varnir, og það er trú sumra, að varnarleysið hafi hjálpað okkur lengst og bezt." „Þingmenn allir, ríkisstjórnin og íslenzka þjóðin vilja halda í efni hlutleysisins," segir hann einnig, og enn fremur: „Ég gat þess, að afstaðan er mörkuð hjá Íslandi, og hún er hlutleysisafstaða. Þeim skilningi verðum við að halda til streitu, að við séum ekki horfnir af grundvelli hlutleysisins." Og enn segir hann: „Ég býst við því, að hæstv. ríkisstj. geti fallizt á þessa röksemdaleiðslu, sem ég hef gefið hér til kynna, og að það sé hennar ætlun, að við séum hlutlausir framvegis, tökum ekki afstöðu með eða móti neinum."

Ólafur Thors var þá utanrrh. Íslands. Hann sagði í ræðu sinni, og svaraði þá þeim, sem töldu, að við yrðum að fórna hlutleysinu: „Ég

neita því, að með þessu hafi Ísland brotið í bága við *yfirlýsta stefnu um ævarandi hlutleysi*." Þetta sagði hv. þm. G-K. þá, en nú hefur þessi hv. þm. hvað eftir annað talað um, að við værum fyrir löngu gengnir frá hlutleysisstefnunni. Þegar verið var að taka ákvörðun um það sumarið 1946, að við skyldum ganga í Sameinuðu þjóðirnar, var sagt: Við tökum ekki á okkur neinar hernaðarlegar skuldbindingar með því að ganga í Sameinuðu þjóðirnar. — Nú er sagt, að það sé rangnefni að kalla Atlantshafsbandalagið hernaðarbandalag, og það er ekki nóg að kalla það varnarbandalag, því að eiginlega sé það friðarbandalag. Og eins og þá var vitnað um *frið og friðarvilja, er nú vitnað í ákaflega* mjúkt orðalag um frið og friðarviðleitni. Það var vitnað í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér, hinar sameinuðu þjóðir, staðráðnir í að bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum ófriðar, sem tvisvar á ævi vorri hefur leitt ósegjanlegar þjáningar yfir mannkynið .... Og *ætlum í þessu skyni að sýna umburðarlyndi og* lifa saman, svo sem góðum nágrönnum sæmir .... Að tryggja það, að vopnavaldi skuli eigi beita, nema í þágu sameiginlegra hagsmuna." Og enn fremur segir þar: „Að allir meðlimir skuli leysa milliríkjadeilur sínar á friðsamlegan hátt, þannig að heimsfriði, öryggi og réttvísi sé ekki í hættu stofnað." Ef þess vegna engar þjóðir nema þær, *sem friðsamar eru, verða í* Bandalagi hinna sameinuðu þjóða, þá ættum við að vera í góðum félagsskap. Þá ætti ekki að vera mikil hernaðarhætta og okkur ætti ekki að vera betur borgið, þó að við göngum í annað bandalag.

Hvað heyrðum við í gær? Hæstv. ráðh. sagði, að Bandalag sameinuðu þjóðanna væri ekki friðarbandalag, en að það væri *Atlantshafsbandalagið*, sem væri friðarbandalag, og að við hefðum verið í hernaðarbandalagi frá 1946. Sumarið 1946 hömruðu hv. þm. á því, að Bandalag sameinuðu þjóðanna væri friðarbandalag, en nú segja þeir, að það *sé hernaðarbandalag*, en nú eigum við aftur að ganga í friðarbandalag. Í þessu er ákaflega mikið ósamræmi. Hvort var skrökvað að þjóðinni 1946 eða nú? Ég furða mig á þessu ósamræmi og harma, að það skuli koma fram hjá okkar ábyrgu forustumönnum í stjórnmálum.

Hv. þm. G-K. taldi, að við hefðum allt að vinna með því að gerast aðilar að herverndarsamningnum 1941. Hann taldi, að Íslendingar tryggðu með því sjálfstæði sitt, atvinnulíf og fjárhagsafkomu sína og að þeir tryggðu sér öryggi. Þegar hv. þáverandi þm. V-Sk. heyrði þetta, vítti hann það, að nokkur þm. skyldi láta eins og við hefðum himin höndum tekið með því að gerast aðilar að hernaðarbandalagi. Hvað heyrðum við í útvarpinu í *gærkvöld? Sama lof*söng hv. þm. G-K. um, að við hefðum nú himin höndum tekið, ef við gerðumst aðilar þessa bandalags. Hv. þm. taldi upp sjö atriði, sem hann taldi því til gildis, og mér skildist, að við mundum komast upp í sjöunda himininn, ef við gengjum í þetta bandalag. Vafalaust heitir þetta bandalag hernaðarbandalag eftir 4—5 ár, eins og bandalag sameinuðu þjóðanna heitir það nú.

Ég spyr nú hæstv. ráðh. um það, hvort þeir telji, að Ísland þurfi að víkja algerlega út af hlutleysisafstöðu sinni, ef það gerist aðili að þessum sáttmála. Ég get ekki að því gert, að ég óttast, að þetta bandalag leiði ekki til friðar. Það er að vísu til gömul rómversk kenning, sem er á þá lund, að þeir, sem vilji frið, skuli framleiða vopn. Reynslan hefur þó orðið sú, að sá, sem framleiðir vopn, hyggur á stríð og fer í stríð. *Vígbúnaðarkapphlaup leiðir til styrjalda*, en ekki til friðar. Það er hervæðzt, eins og aldrei fyrr í veröldinni, af tveimur stórveldum, sem bókstaflega búa sig undir að eigast við. Við höfum heyrt það, að flestar þær þjóðir, sem hafa átt þess kost að gerast aðilar Atlantshafsbandalagsins og eru hernaðarþjóðir, þær hafa spurt: Hve mikið fáum við af vopnum frá Bandaríkjunum? Danir og Norðmenn hafa spurt um þetta, og aðalskilyrðið af þeirra hendi viðvíkjandi þátttöku í bandalaginu er um það, hvort þeir fái nógu mikið af vopnum eða ekki. Ég hef það fyrir satt, að fyrsta vopnasending Bandaríkjanna til Evrópu muni vera upp á 2 þús. millj. dollara. Mér finnst þetta því miður ekki benda til friðar. Ef til vill verður því svarað til, að þegar annar aðilinn vopnast, verði hinn að gera það líka. En þegar báðir eru búnir að vopnast nægilega, og þegar eitthvert tilefni gefst, sem hvorugur kannske getur að gert, verður vopnunum beitt. Það er því afskaplega örlagaríkt skref hjá öllum þjóðum, sem gerast aðilar að þessu bandalagi, en það er sérstaklega örlagaríkt skref fyrir þjóð, sem engin vopn á og engin vopnin vill og æskir ekki eftir að hafa her né að fara í stríð eða taka á sig nokkrar hernaðarlegar skuldbindingar og óskar hvorki að leggja fram fjárhagsleg né hernaðarleg efni sín. Það er engin þjóð í veröldinni, sem á eins mikið í *húfi og hin vopnlausa, fámenna íslenzka* þjóð með því að gerast aðili að hernaðarsamtökum stórveldanna. Ég segi því, eins og þm. V-Sk. sagði 1941. Ég held, að ef þess er nokkur kostur, þá sé bezt fyrir Ísland að halda hlutleysi sínu og að fá að vera í friði fyrir stórveldunum, þegar þau eru að búa sig undir stríð, og þó allra helzt, þegar þau eru farin út í stríð.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það hefur verið lögð mikil áherzla á að hraða þessum umr., og þm. hefur ekki gefizt tækifæri til þess að ræða neitt við hæstv. ríkisstj. um þetta mál. Það vita allir, að það gefst ekki tækifæri til þess að ræða málið þannig í útvarpsumræðum. Það eru áróðursumræður, fluttar eftir vissum reglum um tíma o. s. frv. Hæstv. ráðh. hafa yfirleitt ekki verið hér tiltækir til þess að svara þm., fyrr en hæstv. utanrrh. var dreginn hingað inn í salinn til þess að svara fyrirspurn, sem fyrir hann hafði verið lögð. Ég vil taka það fram, að af *hálfu okkar sósialista hefur oftar en einu sinni* verið gerð tilraun til þess að fá þetta mál rætt hér á Alþ., til þess að glöggari og skýrari upplýsingar fengjust fyrir almenning. En því hefur nú verið haldið fram, að við höfum ekki viljað, að skýrari upplýsingar kæmu fyrir almenning. Daginn eftir að lepparnir þrír flugu til Ameríku, var gerð fyrirspurn til hæstv. forsrh. af hálfu Sósialistafl. um það, hvort ríkisstj. hefði

ekki fengið slíkan sáttmála eða drög að slíkum sáttmála, þannig að hún gæti skýrt Alþ. frá þessu máli. Hæstv. forsrh. var ekki lengi á sér að standa upp, og hann sagði Alþ., að ríkisstj. hefði engan sáttmála fengið og þar af leiðandi væri ekkert frekar um málið að ræða á því stigi. Síðar sagði hann svo, þegar hv. 2. þm. Reykv. í sömu umr. spurði hann um, hvort ríkisstj. hefði ekki fengið uppkast að sáttmála í sínar hendur, að hún hefði ekki fengið slíkt uppkast í hendur. Þetta voru orð hæstv. forsrh. 14. marz s. l. Svo kemur utanrrh. í útvarpið í gær og heldur ræðu, sem birt var í Morgunblaðinu í dag, og þar segir hann: „það var ekki fyrr en 9. marz, að komið var til ríkisstj. með ákveðna frásögn um það, hvað þessari samningsgerð liði.“ — Þann 9. marz berast í hendur stj. ákveðnar upplýsingar viðvíkjandi þessum samkomulagsumleitunum, en þann 14. marz stendur hæstv. forsrh. upp og gefur þær upplýsingar, sem ég drap á áðan. Ég er viss um, að önnur eins fyrirlitning eins og hæstv. forsrh. hefur sýnt Alþ. með framkomu sinni í þessu máli mundi ekki koma fyrir á þingum annarra þjóða. Það er fyrir neðan allar hellur að koma með vísvitandi lygar inn á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, þegar spurt er um svona þýðingarmikið mál, enda er þessi forsrh. methafi á fleiri sviðum en að fara rangt með staðreyndir. Á þessu sést, að ríkisstj. beitir hreinum lygum til þess að komast hjá því að þurfa að ræða málið. Já, það er full ástæða fyrir hæstv. forseta að hringja, sérstaklega, ef forsrh. væri viðstaddur. Ríkisstj. knýr svo hæstv. forseta til þess að bregðast trúnaði við þm. og beita bolabrögðum til þess að draga úr umr. Ég veit, að hæstv. forseti gerir þetta nauðugur, því að hann á það yfir höfði sér að vera kallaður kommúnisti eða skepna, ef hann ekki hlýðir þessu boði, ef ég þekki hans flokk rétt.

Annað atriði í ræðu hæstv. forsrh. í umr. um þetta atriði 14. marz er algerlega ósatt, en það var þar sem hann lýsti því yfir, að íslenzka stj. hefði átt frumkvæði að því, að ráðh. fóru vestur. Utanrrh. sagði í ræðu sinni í gær: „En í þeirri orðsendingu, sem mér barst 9. marz, var sagt, að æskilegt væri, að viðtöl gætu átt sér stað milli fulltrúa Bandaríkjanna og íslenzku ríkisstj.“ — Svo geta menn byggt ályktanir sínar á þessu. Bjóst íslenzka stj. við því, að Dean Acheson kæmi til Reykjavíkur til þess að ræða við utanrrh. okkar, eða var þetta áskorun um, að þeir kæmu vestur? Forsrh. sagði Alþ., að utanför ráðh. hefði verið ákveðin af ríkisstj., en hafi ekki verið farin eftir ósk annarra, allra sízt skipun. Þannig er framkoma ríkisstj. í þessu máli á allan hátt blygðunarlaus, sem sýnir bezt, hve illa hún er haldin. Það hefur verið komið hér á einræði, svo að hægt sé að hespa málið af á sem skemmstum tíma. Þeir hafa ekki komið sér saman um, hvernig þeir eiga að túlka samninginn. Þeir segja ýmist, að hann sé gerður til að vernda Ísland fyrir árás Rússa, sem mundu nota Ísland fyrir skammbyssu aftan að Englendingum og Bandaríkjunum, eða þeir segja, að samningurinn feli ekki í sér neinar hernaðarlegar aðgerðir af hendi Íslendinga og við munum verða lausir við allt slíkt, við munum ekki koma til með að hafa neinar varnir og samningurinn breyti engu um aðstöðu okkar. Þessu hvoru tveggja er haldið fram jöfnum höndum. Svona málfærsla getur gengið meðan verið er að knýja samninginn í gegn á örskömmum tíma, en svo fara menn að átta sig á ósamræminu. Ég vil undirstrika það, að ráðh. og fylgismenn þeirra hafa ekki þorað að koma nokkurs staðar opinberlega fram til að ræða samninginn. Ríkisstj. hefur haft það fyrir reglu að flýja, þegar stærstu málin hafa verið rædd. Hún hefur látið sér nægja að mæta á flokksfundum, en í þingsölum þorir hún ekki að standa fyrir máli sínu. Hvað skeður svo, þegar utanrrh. kemur hér og talar nokkur orð? Hann hefur ekkert að segja annað en að endurtaka gamla upptuggu, sem blöð Sjálfstfl. eru búin að marglepja, að Sósfl. fái fé erlendis frá og við séum leppar erlends ríkis. Við verðum ekki dæmdir eftir orðum þessara manna, heldur athöfnum okkar, og þessir menn verða líka dæmdir eftir sínum athöfnum. Þeir eru að gera samning, sem dregur Ísland inn í hernaðarátök, miklu meiri en átt hafa sér stað áður. Þó að við höfum mismunandi skoðanir á þeim stríðandi aðilum, þá verðum við að forðast þann voða að steypa okkar þjóð út í stórfelldar hernaðaraðgerðir. Það ættu allir að geta verið sammála um. Og þó að svo illa hafi til tekizt, að hlutleysi okkar í síðustu styrjöld hafi ekki dugað til að vernda okkur frá að verða hernumdir, þá má segja, að við kæmumst gegnum stríðið nokkuð slysalítið, þó að við misstum 500 menn. Ef við eigum að sleppa eins vel gegnum næsta stríð, þá er nauðsynlegt að gera ekkert til að skapa okkur ábyrgð og sýna okkur ekki fjandsamlega við neinn. Það er líka alveg fráleitt frá sjónarmiði þeirra, sem telja Vesturveldin það bezta, sem til sé í þessum heimi, að ganga í þetta bandalag, því að ef svo færi, að stríð skylli á, sem ég hygg tæplega, að nokkur okkar vilji, þá geta þeir sætt sig við það, að það verða Bandaríkin, sem hernema okkur. En þessi fámenna klíka vill ekki heyra annað en við séum dregnir inn í þetta, inn í þá mestu ábyrgð, sem nokkur Íslendingur hefur bakað sér. Og það er ömurlegt hlutskipti okkar Íslendinga að eiga svo auvirðilega og lítilsigilda forustumenn á svo mikilli hættustund sem hér er um að ræða. Ef væri sagt eitt stutt nei við tilmælum Bandaríkjanna, þá mundi það kveða niður, a. m. k. í bili, allt tal þeirra, sem nú eru að reyna hér að breiða út, að stríðshætta sé á ferðinni eins og sakir standa. Hins vegar bendir allt til, að þær tiltektir, sem nú á að stofna til, geti rekið heiminn út í stríð fyrr en nokkurn varir.

Hæstv. utanrrh. var spurður um það, hvort Íslendingar þyrftu ekki að leggja fram öll sín veraldleg efni til þessa stríðsrekstrar, sem þeir yrðu aðilar að, ef til stríðs kæmi. Hann svaraði, eins og fyrirspyrjandi, hv. 3. landsk., tók fram, mjög loðið. Þeir hafa kannske ekki spurt utanrrh. Bandaríkjanna um það og þurfa kannske að fljúga vestur aftur til að spyrja. Það mál stendur þannig, að það getur engin þjóð verið í stríði og sagt við bandamenn sína: Þið eigið að borga rekstrarkostnaðinn. Þó að Íslendingar þurfi ekki að leggja fram vopn eða her, þá er kostnaður

við stríð margvíslegur og margvíslegur fjárhagslegur kostnaður innanlands, og að svara þessu með því, að þetta fari alveg eftir því, hvað við ákveðum á hverjum tíma, það er að svara út í hött. Það er vísvitandi ósatt svar. Hæstv. utanrrh. veit vel, að þegar við erum stríðsaðili, þá er hægt að taka út í okkar reikning. Sú úttekt verður m. a. skemmdir og tjón, sem verður á Íslandi af völdum stríðs, enn fremur hvers konar truflanir á atvinnulífi okkar og siglingum til landsins o. s. frv., sem við getum ekki krafizt, að bandamenn okkar bæti eða leggi fram. *(Forseti:* Ræðutíminn er búinn.) Ég er líka að verða búinn. Það er ástæða til, að þjóðin geri sér ljós undirstöðuatriðin í þessum samningi, og þá fyrst og fremst það, að það, sem Bandaríkin óska eftir hvað Íslandi viðvíkur, er að gera Ísland að stríðsaðila, svo að þeir geti notað landið eins og þeim sýnist, þegar til stríðs kemur, svo að þeir þurfi ekki að taka tillit til neinna sjónarmiða Íslendinga. En það er ein klausa, sem hæstv. utanrrh. og vottar hans eiga að fela og þegja yfir, sem Acheson sagði, að mætti ekki vera skrifleg. Þessi samningur verður ekki annað en pappírsplagg, sem okkur er sýnt, meðan verið er að blekkja samninginn upp á okkur, því að sá samningur er á bak við. Hæstv. fyrrv. utanrrh. gerði þannig baksamning í sambandi við Keflavíkursamninginn, að Íslendingar skyldu ekki framfylgja sínum rétti, ekki einu sinni þeim rétti, sem þeir hafa samkvæmt samningnum. Sama skeði hjá hæstv. núverandi utanrrh., þegar hann og fylgifiskar hans voru að ræða við Acheson. Þeir ætla sér ekki að framfylgja samningnum. Hann er gerður í blekkingarskyni og verður ekki haldinn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hv. þm. Siglf. hefur talað mikið um það, hvað vaki fyrir Bandaríkjamönnum með þessum samningi, en hann hefur ekki talað um, hvað vaki fyrir honum sjálfum. Það, sem fyrir honum vakir, er að haga þannig málum, að einræðis- og árásarríki geti hellt sér yfir Ísland, geti gert það við landsfólkið, sem einræðisherrum er títt að gera við lýðræðisþjóðir, og nota landið síðan sem rýting í bak öðrum lýðræðisþjóðum. Þetta vakir fyrir honum. Það er þessi þokkalegi tilgangur, sem hann og hans flokkur hefur átt að vinna að og haldið uppi til þess árum saman af erlendu ríki með ærnum tilkostnaði. Um þennan tilgang má segja það sama og þessi hv. þm. sagði, að hann verður dæmdur eftir verkunum. Honum tjáir ekki fjas og orðaflaumur, það eru verkin, sem sýna, hvað fyrir honum vakir. Þá stoðar mælgi hans ekki neitt. Verkin sýna, hvers verkfæri hann er.

Hv. þm. Siglf. sagði, að hæstv. forsrh. hefði sagt ósatt um aðdraganda þess, að við fórum vestur. Sannleikurinn er sá, að af Íslands hálfu var stungið upp á því 12. jan., og það var 9. marz, sem Bandaríkjastjórn sagði, að nú væru þeir reiðubúnir til þessara umr., og þá yfirlýsingu tókum við til greina og ákváðum að fara vestur, vegna þess að þó að það væri rétt, að óliklegt væri, að Acheson kæmi til Íslands, þá var auðvitað hægt að fá einhvern annan fulltrúa Bandaríkjastjórnar hingað. Við töldum því rétt að fara vestur og tala við þá sömu aðila og fulltrúar frá frændþjóðum okkar höfðu talað við um þetta mál. Allt, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta atriði, er rétt, eins og það er einnig rétt, sem hann sagði, að 14. marz s. l. hafði íslenzka ríkisstj. ekki í höndum og vissi ekki nákvæmlega um orðalag og efni þessa samnings. Það vissum við ekki, og þess vegna gat hæstv. forsrh. ekki á þeim tíma skýrt þingheimi frá því, sem hann hafði ekki vitneskju um. Ég veit, að hv. þm. Siglf. hefði tekið sig til og sagt reiðinnar ósköp, eins og þegar hann sagði, að hefði verið búið að selja uppskipunarmanninum allar afurðir Íslendinga. Hann er ekki af sama sauðahúsi og venjulegir menn, að binda sig við staðreyndir og sannleika, heldur eigið hugarflug og hvað bezt hentar í þann og þann svipinn þeim erlendu hagsmunum, sem hann fær kaup sitt fyrir að vinna að. Að öðru leyti nenni ég ekki að eltast við skvaldur þessa hv. þm. Það var augljóst, af hverju hann talaði eins og hann talaði.

Út af orðum hv. 3. landsk. vil ég taka fram, að hann ásakaði okkur fyrir, að við hefðum ekki spurt um það berum orðum, hvert fjárhagslegt framlag Ísland yrði að inna af höndum samkvæmt þessum samningi og hvaða skyldur það þyrfti að inna af hendi. Það er óþarfi að spyrja frekar um það, því að við höfum fengið við því ótvíræð svör, að við yrðum ekki skyldaðir til að gera meira en við sjálfir teldum sanngjarnt í góðri trú að gera á þeim tíma, þegar á reyndi, þannig að við erum ekki með nokkru móti skyldaðir til að inna fjárgreiðslur af hendi eða annað slíkt frekar en við sjálfir samþ. á þeim tíma, þannig að engin skuldbinding er lögð á okkur í þessu efni.

Hv. þm. sagði, að ef ekki einu sinni þetta fælist í samningnum, fyndist sér hann lítils virði. Það hefur verið skýrt tekið fram, um hvað samningurinn fjallar, hvað varðar Ísland fyrst og fremst. Við höfum ekki dregið dul á það. Við höfum sagt, að þau ríki, sem standa að þessu bandalagi, muni fara fram á svipaða aðstöðu á Íslandi, ef svo hörmulega tækist til, að ný styrjöld brytist út, eins og vesturveldin höfðu í síðasta stríði. Það er þetta, sem er líklegt, að verði okkar framlag, að veita svipaða aðstöðu eins og síðast var gert. Frá þessu hefur verið skýrt ótvírætt. Og þegar það er viðurkennt af öllum, jafnvel kommúnistum, að það sé áreiðanlegt og óvefengjanlegt, að Ísland muni dragast inn í styrjöldina, ef hún brýzt út, þá teljum við frá Íslands sjónarmiði, að það sé augljóst, að hagkvæmara sé að gera þennan samning við lýðræðisríkin fyrir fram heldur en að hafa allt í óvissu og vita, að það verður kapphlaup um landið og halda þannig á málinu, eins og hv. þm. Siglf. og félagsbræður hans vilja, að möguleikar eða líkur skapist til þess, að árásar- og einræðisríki geti hremmt landið. Við teljum, að samningsgerðin skapi beinar og óbeinar mjög miklar líkur til þess að koma í veg fyrir þetta. Fulla vissu er ekki hægt að skapa í þessu frekar en öðrum mannlegum efnum, en það er enginn vafi, að miklar líkur skapast í þessu efni.

Þessi hv. þm. spurði mig síðan, hvort þetta væri þá svo, að hlutleysi okkar gæti haldizt þrátt

fyrir það að þessi samningur verður gerður. Ég tel, að ef til ófriðar kemur, þá mundum við ekki geta haldið okkar hlutleysi, ef við stöndum við okkar framlag samkvæmt samningnum. Þetta er ótvírætt mín skoðun, eins og það er ótvírætt mín skoðun, að eftir að Bandaríkin lentu í stríðinu 1944, þá höfum við, af því að við sögðum ekki upp herverndarsamningnum, afsalað okkur hlutleysi í þeirri styrjöld. Það er eitt meginatriðið í þessu efni, að hlutleysið hefur reynzt okkur alveg gagnslaust, og því tjáir ekki á nokkurn hátt að byggja okkar pólitík á því.

Hv. þm. vitnaði í fögur ummæli þáverandi þm., Gísla Sveinssonar, um þetta efni. Ég hélt, að sá góði heiðursmaður og ýmsir aðrir hafi lært af þeim atburðum, sem síðan hafa gerzt, að hlutleysið er gagnslaust. Það er áreiðanlegt, ef orð þessa heiðursmanns eru sú biblía, sem hv. 3. landsk. vill fara eftir, þá mundi hann verða mér sammála nú, ef hann mætti þekkja núverandi skoðun þessa heiðursmanns, sem hann vitnar svo mikið í. Það er kannske vegna þess, að reynsla þessa manns er meiri en hv. 3. landsk. í þessu efni, að það skuli þurfa nýjar skelfingar til þess að hv. 3. landsk. læri það, sem þáverandi þm., Gísli Sveinsson og ég og ýmsir aðrir, erum þegar búnir að læra. En ég efast ekki um, að hv. 3. landsk. út af fyrir sig geti lært af því, sem við vitum. Hann lítur á málið frá íslenzku sjónarmiði, þó að ég telji hann ekki hafa rétt fyrir sér. Hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv. líta aftur á móti á málið eingöngu frá erlendu sjónarmiði. Mig flökrar við því, þegar hv. þm. Siglf. og hans félagar eru að tala um ágæti hlutleysisins, þegar þessi hv. þm. lagði beina fæð á mig fyrir það, að ég hefði komið í veg fyrir, að Ísland segði Þýzkalandi og Japan stríð á hendur árið 1945. Þetta man hann, ef hann vill. En ég efast ekki um, að hann neitar því, hann getur ekki satt orð talað, því að hann hefur andstyggð á sannleikanum í opinberu lífi. Og svo er þessi þm., sem hefur barizt ólmur og gengið fram af sér og heimtað, að við færum í stríð við þjóðir, sem að vísu voru komnar að fótum fram, að ásaka okkur, að við séum að bregðast hlutleysinu. Ef nokkur stríðsæsingamaður er til í landinu, þá er það hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv. og hv. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason. Þeir gerðu allt, sem þeir gátu, til að knýja Ísland út í stríð, og það munaði litlu, að sú stjórnarsamvinna, sem þá var, slitnaði, af því að menn létu ekki undan ofsa þeirra í þessu máli. Og eitt er víst, að þeir hafa aldrei fyrirgefið mér, að ég stóð á móti þeirra áformum, enda undrar mig það ekki, því að það, sem vakti fyrir þeim með þeirri stríðsyfirlýsingu, var að geta komið því áformi sínu í framkvæmd að láta einræðisríki fá herstöðvar á Íslandi.

Ásmundur Sigurðsson: Þessi síðasta ræða hæstv. utanrrh. var nauðalík flestu öðru, sem hann hefur haldið fram í sambandi við þetta mál. Svörin eru alltaf þessi: Kommúnistar eru leiguþý úr austri, sem vilja láta erlent stórveldi taka Ísland. Þetta eru svörin við hverju sem er, alveg eins þó að fundið sé að, að landinu sé stjórnað án fjárl. þriðjung ársins, þá er svarið alltaf það sama.

Það var svolítið fleira, sem ég vildi minnast á í sambandi við þessa ræðu hæstv. ráðh. og í sambandi við það, sem hann hefur sagt hér áður.

Hæstv. utanrrh. sagði, að það eina, sem krafizt væri af okkur, væri að láta svipaða aðstöðu og í síðasta stríði, og endurtók það, að hlutleysi okkar hefði verið úr sögunni 1940. Ég vil vitna aftur til yfirlýsingar hv. þm. G-K., sem hann gaf í umr. um það, að Bandaríkin væru beðin um hervernd 1941. Þá sagði hann: „Ég viðurkenni, að hér er um veigamikinn mun að ræða, en ég neita því, að Ísland hafi með þessu brotið í bága við yfirlýsta stefnu um ævarandi hlutleysi."

Annars er ástæða til að benda frekar á, hvað þetta getur þýtt fyrir okkur, ef friðslit verða. Við höfum dæmin frá fyrra stríði um það. Það fóru ýmis ríki í stríðið með nazistum á þeim tíma, sem þau héldu, að þeir mundu sigra. En svo biðu þeir ósigur. Og hvað ætli það hafi kostað þau að hafa farið í stríðið með þeim? Ég býst við, að þessi ríki hefðu kosið, að þau hefðu aldrei farið í stríð með nazistum í þeirri von, að þeir mundu sigra allir saman.

Það þýðir ekki að segja, að hlutleysi sé einskis virði í styrjöld. Það getur verið mikils virði að vera hlutlaus gagnvart báðum hernaðaraðilum. Við skulum taka dæmi frá síðasta stríði. Hvers virði var það fyrir Frakkland í síðasta stríði að lýsa París óvíggirta borg, þegar Þjóðverjar tóku Frakkland? Það tíðkast talsvert í stríði að auglýsa borgir óvíggirtar, því að þegar það er gert, er það siðferðileg skylda fyrir þann, sem er að gera árás, að hlífa þeim verðmætum, sem eru óvíggirt. Þannig verður það með íslenzku þjóðina. Ef hún er hlutlaus, þá er það siðferðileg skylda fyrir þá aðila, sem eiga í höggi við Bandaríkin, sem hefðu hér hernaðarlega aðstöðu, að hlífa íslenzku þjóðinni, en samkvæmt viðurkenndum reglum hernaðar hefðu þeir enga slíka skyldu við íslenzku þjóðina, ef hún væri beinn þátttakandi. Þetta er það, sem almenningur skilur vel, og þess vegna heimtar hann svo stíft þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Annars er furðulegt, hvað mikil áherzla er lögð á að fá Íslendinga inn í þetta bandalag. Hæstv. forsrh. lýsti yfir, að á 4. hundrað millj. manna væru komnar inn í þetta bandalag. Er það þá svo mikið höfuðatriði, að Íslendingar, 130 þús. að tölu, bætist við? Við erum mikilsverður hluti af mannkyninu, ef það er ómögulegt fyrir þessar 320 millj. að tryggja öryggi sitt, nema Íslendingar séu með. Nei, almenningur sér vel gegnum svona blekkingar og þm. líka og stj. kannske allra bezt.

Hvað þýðir það, ef við erum komnir inn í hernaðarblokk sem styrjaldaraðili og sá aðili, sem við höfum hallað okkur að, bíður ósigur, eins og nazistar í síðasta stríði og þar með allar þær þjóðir, sem höfðu tekið þátt í stríðinu með nazistum, svo að við verðum sigruð þjóð? Hvað þýddi þetta fyrir þær? Það, að þær urðu skaðabótaskyldar og urðu að bíða óbætt allt það tjón, sem þær höfðu beðið í styrjöldinni. Þetta er það, sem íslenzkur almenningur skilur vel og vill ekki, að íslenzka þjóðin geri. Og þeim mun meiri ástæða er fyrir þá, sem halda, að hætta stafi frá Sovétríkjunum, að hugsa út í, hvað það getur þýtt, ef við í lok þeirrar væntanlegu

styrjaldar, sem þeir búast við, verðum sem sigruð þjóð fyrir Sovétríkjunum og undir þá gefnir, ef við tökum þátt í styrjöld á móti þeim og verðum að taka þeim afleiðingum, sem slíku fylgja. Ég veit, að það eru margir menn, sem hugsa ekki svo djúpt, að þeir haldi, að þetta komi fyrir. Ég talaði við greindan mann utan af landi, framsóknarmann, sem lýsti skoðun sinni á þessu og hélt því fram, að bezt væri fyrir okkur að ganga í bandalagið. Þegar við fórum að ræða þetta fram og aftur, spurði ég hann, hvernig hann liti á það, ef svo færi, að Bandaríkin, sem við gengjum í bandalag við, yrðu undir og við sigraðir af Sovétríkjunum. Hann svaraði: „Við hugsum bara ekki málið á þann hátt.“ Ef fólkið hugsar ekki málið á þann hátt, gæti það að vissu leyti virzt eðlileg afstaða að ganga í þetta bandalag með Bandaríkjunum. En það er mjög athugandi fyrir þá, sem ekki hugsa málið svona einhliða, að athuga, hvort ekki eru mjög miklar líkur til þess, að svo kynni að fara, að Bandaríkin töpuðu slíkri styrjöld. Við vitum, að síðustu 24 ár er búin að standa borgarastyrjöld í Kína og Bandaríkjamenn hafa veitt þeim alla þá aðstoð, sem þeir hafa getað, bæði sérfræðinga, vopn og peninga, en þrátt fyrir það eru það kommúnistar, sem eru að leggja landið undir sig. Hvað þýðir þetta fyrir þann möguleika, að Bandaríkin geti unnið í næstu styrjöld? Það, að möguleikar auðvaldsins í næstu styrjöld verða hverfandi litlir til þess að vinna. Kapítalisminn fer með sjálfan sig, en spurningin er sú, hve mikið hann dregur með sér í fallinu. Þetta ættu þeir að athuga, sem vilja, að við verðum þátttakendur í þessu bandalagi.

Nei, það, sem hér liggur til grundvallar, þegar verið er að gera kröfu til þess, að þessir 130 þús. Íslendingar gangi í þetta bandalag vegna þess, að það sé nauðsynlegt fyrir öryggi hinna 220—230 milljóna manna, sem eru stofnendur þess, þá er greinilegt, að allt annað liggur til grundvallar, þegar þess er gætt, að þetta bandalag mundi hafa hina sömu aðstöðu á Íslandi, hvort sem íslenzka þjóðin gerist þátttakandi eða ekki. Utanrrh. Bandaríkjanna segir, að enginn möguleiki sé fyrir Sovétríkin að verða á undan Bandaríkjunum að taka landið, þar sem það yrði að gerast á sjó, en ekki væri hægt að taka landið með flugher. Það er þess vegna þýðingarlaust að segja íslenzkum alþm., að nauðsynlegt sé, að íslenzka þjóðin gerist þátttakandi í þessu bandalagi til þess, að þær góðu hugsjónir, þessi góðu áform, sem það stefni að, eigi nú ekki að ónýtast. Nei, það, sem hér kemur til greina, er tvennt: Í fyrsta lagi hagsmunir sérréttindastéttanna á Íslandi, sem til að halda sérréttindum sínum þykjast til þess neyddar að halda sér að sterkum aðila, leita sér aðstoðar erlendis frá. Og það eru í öðru lagi hagsmunir Bandaríkjanna, sem krefjast þess, að þau skuli skilyrðislaust fá þá aðstöðu strax, þótt á friðartímum sé, til þess að geta ógnað þaðan heiminum í kjarnorkustyrjöld. En þeim finnst það mundi vera álitshnekkir fyrir sig að taka þessar herstöðvar á friðartímum, nema íslenzka þjóðin samþykki það. Þess vegna var íslenzkum ráðh. stefnt utan, þess vegna flugu íslenzkir ráðh. til Washington, til þess að taka við fyrirskipunum frá utanrrh. þar, þótt fjárl. væru óafgr. og ástandið eins og landbrh. tók fram í ræðu sinni í gær. Þetta er önnur ástæðan. Þó að þessi plögg, sem hér liggja fyrir prentuð á hvítan pappír, gefi til kynna, að hér sé um að ræða till. frá ríkisstjórn Íslands, mætti bæta því við, þó að það sé ekki nefnt, að flm. þessa plaggs er í raun og veru utanrrh. Bandaríkjanna.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hefði eiginlega búizt við því, að hér yrði a. m. k. matarhlé í kvöld og mönnum gæfist tóm til að ræða þetta mikla mál. Ég hafði ekki búizt við að taka hér til máls strax, en þykir sýnt, að halda eigi áfram eins og til er efnt í upphafi. Það á sem sé að svelta menn inni við þessa umr. Svo er hverjum þm. boðið upp á 15 mínútur til þess að ræða þetta mikla mál, og er sýnilegt, að ekki er hægt að ræða efni þess mikið á svo skömmum tíma, og það sízt þegar allur aðdragandi þessa máls er eins og hann er hér. Það hefur komið fram í þessum umr., að undanfarið hafa hæstv. ráðh. forðazt eins og þeir hafa getað að gefa þm. kost á því að fá upplýsingar um gang þessa máls. Þeir hafa hér á Alþ. gefið um það algerlega rangar og villandi upplýsingar, hvernig málinu væri komið, og þannig hefur þessu verið haldið leyndu fyrir þm. í langan tíma. Svo loks þegar ríkisstj. er búin að kokka málið í leynd langan tíma, bregður hún skyndilega við og gerir það, sem er algert einsdæmi. Hún gefur sem sé tilkynningu um það með 6 eða 7 klukkutíma fyrirvara, að hún vilji hafa útvarpsumræður um þetta mál, — mál, sem þm. hafa ekki getað fengið neinar upplýsingar um hjá ríkisstj. og hún á undanförnum dögum hefur ekkert viljað segja um né gefa upplýsingar um á Alþ. En á sama tíma hefur ríkisstj. skotið sér undan því að láta fara fram eðlilegar umr. um vantrauststill., sem legið hefur lengi fyrir þinginu. Nú, það tókst svo að forminu til að láta þær útvarpsumr. verða að nafninu til um vantrauststill. En ríkisstj. öll brást þannig í málinu, að hún tók þann kost að ræða ekki vantrauststill., þó að hún væri til umr., heldur ræddi hún þetta mál, sem þannig hafði verið undirbúið og kastað svona fyrir þingið.

Nú er því haldið að Alþ. og allri þjóðinni, að hér sé um að ræða hið ágætasta mál, hér sé um það að ræða að bjóða íslenzku þjóðinni að gerast aðili að viðtækum friðarsamningi, friðarbandalagi, og það túlkað á þá lund, að þetta sé í framtíðinni íslenzku þjóðinni alveg ómissandi. Ef nú svo væri sem látið er, hvernig stendur þá á því, að pukrast þarf með málið og leyna þjóðina því, sem á að gera í málinu, og hvers vegna má þá ekki hafa eðlilegan fyrirvara um umr. um málið, sem venja hefur verið til um önnur mál? Og þegar svo málið er tekið fyrir á Alþingi, eru umr. mjög fljótlega skornar niður í 15 mínútur á hvern þm., og má ekki gefa matar- né kaffihlé, heldur eru hér á allan hátt gerðar tilraunir til þess að komast hjá umr. Og hvernig stendur þá á því, að ríkisstj., ef hún tryði því, að hér væri um svona gott mál að ræða, hefur ekki kjark til þess að mæta á mannamótum víðs vegar um landið, þar sem menn hafa verið að ræða þessi mál og séð hætt-

una, sem Íslandi mundi stafa af því að ganga í slíkt bandalag? Hvernig stendur á því, að ríkisstj. hefur ekki komið þar neitt nærri? Nei, það vita vitanlega allir menn, að þegar svona vinnubrögð eru höfð í frammi, er óhreint mjöl í pokahorninu. Það vita allir Íslendingar, að svipað var farið að með Keflavíkursamninginn forðum. Þá var því haldið að íslenzku þjóðinni, að þetta væri dáindis plagg, bráðnauðsynlegur samningur, ekki fyrir Bandaríkin, heldur eingöngu fyrir Ísland. Þá var sagt, að þarna ættu Íslendingar öllu að ráða, þarna ættu að vera aðeins örfáir Bandaríkjamenn, en þeir yrðu að hlíta íslenzkri lögsögu og íslenzkum lögum í hvívetna. Vitanlega vissi íslenzka þjóðin, að það var ekki hún, sem hafði óskað eftir þessum Keflavíkursamningi. Það voru Bandaríkjamenn, sem óskuðu eftir herstöðvum í landi okkar, og var þá farin sú leið að reyna að lokka þjóðina með fögrum yfirlýsingum og loforðum, sem allir vita, hvernig hafa orðið í framkvæmd. Og nú á enn að fara svipað að og áður. Hér eru gefnar yfirlýsingar um það, að þetta sé hið ágætasta mál fyrir Íslendinga og að eina leiðin til þess að tryggja frið á næstu árum sé, að Íslendingar gangi í þetta bandalag, þetta friðarbandalag, þetta fóstbræðralag, eins og menn hafa verið að nefna það hér.

Það er líka fróðlegt að gera sér grein fyrir, hvers konar fát og þat hefur yfirleitt verið á ríkisstj. landsins í sambandi við þetta mál. Hún hefur vitanlega ekki mátt vera að því að sinna innanlandsmálunum. Þó að allt atvinnulíf landsmanna sé að fara í rúst og togararnir hafi verið bundnir við hafnargarðinn í 1½ mánuð, hefur ríkisstj. ekki mátt vera að því að sinna því neitt. Hún hefur haft öðrum verkum að sinna, hún hefur staðið í sínum stórræðum og verið að vinna að hinum stóru málum, sem hún þurfti að leyna þjóðina og neita að gefa upplýsingar um á Alþingi, og nú á að afgreiða þetta stórmál í skyndi á óvenjulegan hátt á Alþingi, umræðulaust og með fölskum yfirlýsingum eins og áður, þegar slík mál hafa legið hér fyrir.

Því er neitað af forsvarsmönnum þessa máls, að Bandaríkin séu að leita hér eftir aðstöðu til þess að geta rekið þá styrjöld, sem margir halda fram, að Bandaríkin hafi í huga gegn ákveðnu stórveldi. Þessu er neitað, en neitunin er nú ekki rökstudd mikið, heldur aðeins slegið fram, að Bandaríkin séu friðelskandi lýðræðisþjóð, sem bara vilji verja sig. Dettur nokkrum manni í hug, að Bandaríkjamenn séu með stórkostlega hernaðaraðstöðu í Tyrklandi, á landamærum Rússlands, til þess að verja Bandaríkin fyrir árás frá Sovét-Rússlandi? Heldur nokkur lifandi maður, að sú aðstaða, sem Bandaríkjamenn skapa sér á Balkanskaga og í Grikklandi, sé til þess gerð, að Bandaríkin fái betri aðstöðu til þess að verja land sitt fyrir árás frá Sovétríkjunum? Nei, svona dæmi eru aðeins dæmi um það, sem menn vita fyrir löngu, að Bandaríkin hafa verið að reyna að undirbúa víða um heim þannig aðstöðu fyrir sig, að þau gætu háð sína árásarstyrjöld á Austur-Evrópu með árangri fyrir sig, og einn liðurinn í þessari áætlun Bandaríkjanna er einmitt sá að krefjast herstöðva á Íslandi. Þess vegna fóru þau fram á að fá herstöðvar á Keflavíkurflugvelli og í Hvalfirði til 99 ára. Þegar það tókst ekki, knúðu þau í gegn Keflavíkursamninginn, og nú á að fullkomna það með þeim samningi, sem nú á að gera af ríkisstj. Það er eðlilegt, þegar málið liggur svona fyrir, að pukrazt sé með það og neitað að gefa íslenzku þjóðinni kost á að segja sitt álit um málið með almennri atkvæðagreiðslu. Nú er það ekki talið viðeigandi að láta fara fram atkvæðagreiðslu í landinu. Auðvitað eigum við Íslendingar að gera það upp við okkur, hvernig framtíðarhag okkar er bezt borgið, hvort við eigum að sogast inn í deilur stórveldanna, hvort við eigum að leigja land okkar sem herstöð fyrir eitt af herveldum heimsins og taka á okkur þá áhættu, sem slíku jafnan fylgir. Það er líka fyrirsjáanlegt, að íslenzka þjóðin er að miklum meiri hluta andvíg þátttöku í því bandalagi, sem hér um ræðir. Og ein ástæðan til þess, að svona vinnubrögð eru viðhöfð, er sú, að það á að koma þessu gegnum þingið á þennan hátt og neita þjóðinni um tækifæri til þess að segja sitt álit á málinu.

Ég vildi nú að lokum spyrja forseta um það, hvort það sé virkilega tilfellið, að nú í kvöld eigi þetta mál að fara til 2. umr., og hvort ekki á að gefa okkur þm. kost á að ræða það við 2. umr. á eðlilegan hátt, eða hvort hér á að beita sömu bolabrögðum áfram og neita að láta þetta mál fara til þeirrar n. til athugunar, sem á að fjalla um svona mál, og hvort hér á að setja á annan fund og síðari umr. í skyndi og reyna að koma þessu hér fram í nótt, framkvæma þetta næturverk, eða hvort forseti vill lýsa yfir því, að málið skuli fara til n., fá þar eðlilega afgreiðslu og fara síðan til 2. umr. á morgun. Ég vil gjarna fá skýr svör við þessu, því að eftir því hlýtur vitanlega ræðutími manna að fara við þessa umr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. út af ummælum hæstv. utanrrh. Hjá honum er alltaf sama viðkvæðið, þegar hann deilir við einstaka menn: Þessi og þessi hatar mig. Þessum og þessum flokki er illa við mig. — En það er svo langt frá því, að ég hati Bjarna Ben. Ég vorkenni honum, maðurinn er sjúklingur. Þessi sýki er þekkt fyrirbæri í íslenzkum stjórnmálum, og þeir, sem eru haldnir af henni, deyja sínum pólitíska dauða tiltölulega fljótt. Þeir halda, að allir séu að ofsækja sig, en sá er annar fylgilöstur þessarar sýki, að í stað þess að geta rökrætt mál með eðlilegum hætti, er hverjum rökum og fyrirspurnum svarað með skætingi og útúrsnúningi eða beinlínis með lygum, og gerði hann það allt í þeirri ræðu, sem hann hélt hér áðan, og á ég þar fyrst og fremst við þau orð hans, sem eru marghrakin, að við sósíalistar hefðum krafizt þess, að Íslendingar segðu möndulveldunum stríð á hendur, þegar um það var að ræða að ganga í Bandalag hinna sameinuðu þjóða. Þetta eru tilhæfulaus ósannindi, eins og margoft hefur verið tekið fram. En ég vil undirstrika það, að utanrrh. gætti þess vandlega að fara ekki inn á þá spurningu, sem ég beindi til hans og var á þá leið, hvort Íslendingar yrðu ekki algerlega sjálfir að bera þau útgjöld, sem þeir óhjákvæmi-

lega yrðu fyrir og leiddi af stríðsaðild þeirra, eftir að stríð hefði skollið á, og væru fólgin í skemmdum á mannvirkjum og mannslátum og margháttuðum erfiðleikum við að reka atvinnulífið með eðlilegum hætti. Hæstv. ráðh. vék sér undan að svara þessu og kom aftur með sömu skýringuna: „Við þurfum ekkert að leggja fram, nema eftir því, sem við ákveðum sjálfir á sama tíma.“ Hann viðurkenndi þó, að við værum óafturkallanlega orðnir stríðsaðilar, ef ráðizt yrði á einhvern þeirra aðila, sem standa að þessum samningi, og sér þá hver maður í hendi sér, hvað af því leiðir, sem sé það, að við yrðum að taka á okkur öll þau útlát og allar þær kvaðir, sem styrjaldarþjóðir verða að gera .... Þetta var því hrein utanstefna eftir sams konar orðsendingu og Norðmenn og Danir fengu og allir skildu þannig, að ráðherrarnir væru kvaddir vestur. Hæstv. forsrh. hagði, að sendiförin hefði verið farin að frumkvæði ríkisstj., en ekki eftir ósk neins annars. Hann er því staðinn að vísvitandi lygum, enda ekki við öðru að búast af manni, sem kosinn var forseti launþegasamtakanna í landinu og skildi svo við þau, að hann seldi sjálfum sér eignir þeirra og er síðan auðugur maður. Það er engin furða, þótt slíkur maður láti sér sæma að fara með vísvitandi lygar. En ósannindi hæstv. forsrh. og annarra hæstv. ráðh. eru jafnharðan afhjúpuð og hið sanna leitt í ljós. Það vita hæstv. ráðh., og þess vegna þora þeir ekki að gefa þm. kost á að ræða málið. Þess vegna er reynt, eins og komið hefur greinilega í ljós, að pressa málið í gegn á hinn óeðlilegasta og ósæmilegasta hátt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef aldrei frá því fyrst er ég kom á þing upplifað það, sem ég hef upplifað í dag. Hversu lítilfjörlegt mál sem um hefur verið að ræða, þá hefur það ekki þekkzt, að umr. væru skornar niður þegar á fyrsta degi. Ég hef setið á þingi í 12 ár, og það hefur aldrei komið fyrir á þeim tíma. Hvað er hér um að vera? Hér er um það að ræða að beita því í stærsta máli, sem fyrir Alþingi hefur komið, að taka málfrelsi af þm., eftir að búið er að gefa fyrirheit um, að Alþingi geti verið óruggt um að hafa nægan tíma til að ræða málið, þegar það komi fyrir. Blað hæstv. forsrh. segir 1. febr. — með leyfi hæstv. forseta: „Alþýðublaðið telur þá hugsun fráleita, og alveg ástæðulaust að óttast, að ákvörðun í slíku stórmáli verði tekin, fyrr en þjóðinni hafi verið kynntir vel allir málavextir og þeir verið ræddir gaumgæfilega frá öllum sjónarmiðum.“ Svona voru loforð blaðs hæstv. forsrh., meðan reynt var að þagga niður í þjóðinni. Þegar hæstv. utanrrh. var í Ameríku ásamt hæstv. menntmrh. og hæstv. viðskmrh., þá tilkynntu þeir heiminum, að þeir segðu ekkert um, hvað Íslendingar mundu gera. Við leggjum samninginn fyrir Alþingi, sögðu þeir, og það ræður. Hvað skeður svo? Það er byrjað að ræða samninginn kl. 10 í morgun, og þá er þegar bundið fyrir munninn á þm. Þá er ræðutíminn styttur með þeim aðferðum, sem aldrei hafa tíðkazt. Þetta minnir mig á mynd eftir franska málarann Daumier. Myndin var af manni, sem bundið var fyrir munninn á og hét „Hinn ákærði hefur orðið“. Í dag hefur Alþingi Íslendinga orðið gegn Bandaríkjunum, og þá er bundið fyrir munn þingmanna. Þetta byrjaði í gær með því, að stjórnarliðið svipti þm. málfrelsi, og það mun verða munað. Ég vil því láta það koma greinilega fram, að Alþingi er beitt ofbeldi. Svona eru aðferðirnar, þegar heim kemur, þótt hæstv. utanrrh. segi í Washington, að hann ætli að leggja málið fyrir þingið og það eigi að ráða. En nú vill hæstv. utanrrh. alls ekki, að málið sé rætt. Hann segir: Ég hef ekki blandað mér inn í umr. og elti ekki ólar við —, ég stend ekki í málþófi o. s. frv., o. s. frv. Hann hefur aðeins tekið tvisvar til máls, nú áðan og þegar hann flutti framsöguræðuna, og hún var stytzta framsöguræða, sem heyrzt hefur á Alþingi. Það hefði áreiðanlega verið haldin lengri framsöguræða, þótt um hrossageldingar hefði verið að ræða. Hvað er ríkisstj. að sanna með þessu framferði sínu? Hún er að sanna það, að hún hefur málstað, sem hún þorir ekki að verja, og svo segir hæstv. utanrrh., að hann vilji ekki hlusta á leigða menn. Heyr á endemi! Hver flaug til Ameríku, eftir að slett hafði verið í hann 2½ milljón dollara? Svo dirfist þessi hæstv. ráðh. að tala um leigða menn, maður, sem sjálfur er leigður frammi fyrir öllum heimi fyrir 2½ milljón dollara, sem slett var í hann, svo að hann gæti enn svolitla stund haldið ríkisbúskapnum gangandi, þegar allt fé þjóðarinnar var að ganga til þurrðar, eytt og stolið, fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstj. Og nú á að taka málfrelsið af þm., áður en aðildin að Atlantshafsbandalaginu er samþ., og ef það er gert, hvað verður þá síðar, þegar við erum komnir í bandalagið? Við þekkjum fyrirheitin, og við þekkjum efndirnar. Það var sagt í umr. um Keflavíkursamninginn, að við ættum þar að ráða einu og öllu, það væri ekki hætta á öðru, og meira að segja: Gvendur Í. væri lögreglustjóri þarna suður frá. Hverju höfum við svo ráðið? Engu. Enda þorir hæstv. utanrrh. ekki að láta ástandið á Keflavíkurflugvelli vitnast almenningi. Ákærður fyrir að svíkjast um að innheimta tolla af Ameríkönum og hafa þannig milljónir króna af ríkissjóði og ákærður fyrir að láta viðgangast þar hin herfilegustu lögbrot, þá þorði hann ekki að láta málið ganga til nefndar hér í þinginu, svo að embættismenn ríkisins mætti kveðja til sem vitni. Síðan þetta var er svo ástandið á Keflavíkurflugvelli ekki aðeins orðið stórkostlegt hneykslí hér innanlands, heldur er það orðið alþjóðlegt hneykslí og smánarmál, og í hálfan mánuð hafa hæstv. ráðh. svikizt um þá lagaskyldu að svara fyrirspurnum mínum um ástandið á vellinum og afskipti ríkisstj. af því. Þeir ætla að hespa þetta mál í gegn, áður en almenningur fær að vita, hvernig öll lög og allar reglur eru brotnar þarna suður frá.

Hv. þm. Ísaf. talaði um það, að þjóðvarnarmenn og aðrir andstæðingar Atlantshafsbandalagsins hefðu haldið uppi einhliða áróðri, en þyrðu ekki að ræða málið frá báðum hliðum. Af hverju gangast ekki stuðningsmenn bandalagsins fyrir fundi og bjóða andstæðingum þess að mæta? Ég skal nú skora á hv. þm. Ísaf. að mæta mér á útifundi hér í Reykjavík, þar sem

þetta mál væri á dagskrá. Hér er um að ræða valdatöku Bandaríkjanna á Íslandi. Hér er um að ræða þá stærstu stjórnskipunarbreytingu, sem orðið hefur, þegar breyta á friðarríki í hernaðarríki, og þetta á að gera án þess, að þjóðin viti af því, helzt á einni nóttu, en þeir þora ekki að tala við fólkið, og ég endurtek áskorun mína til hv. þm. Ísaf. um að mæta mér á útifundi um þessi mál. Hv. þm. Ísaf. síteraði í stefnuskrá Alþfl. Hann virðist alveg búinn að gleyma fortíð Alþfl. og hinum fyrri hugsjónamálum hans. Hann virðist búinn að gleyma öllum bókunum, sem hann þýddi, eins og t. d. Jimmie Higgins o. fl., og hann virðist búinn að gleyma því, hvað Alþfl. á Ísafirði var sérstaklega duglegur að útbreiða sannleikann um auðvaldið í Bandaríkjunum. Annars býst ég ekki við, að hv. þm. vilji, að ég fari nánar út í þetta, því að fortíð hans gæti valdið því, að Ameríkumenn teldu hann grunsamlegan, og það félli honum vafalaust mjög illa. Þessi hv. þm. taldi samtök Austur-Evrópuþjóðanna, sem stofnuð hafa verið eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, en því fer fjarri, því að í 53. gr. sáttmálans eru slík samtök leyfð gegn Þýzkalandi og bandamönnum þess, og það er alltaf tekið fram í samningunum milli þessara ríkja, að samtökin séu mynduð gegn þeim ríkjum. Hins vegar er þetta Atlantshafsbandalag brot á 52.—53. gr. sáttmálans, því að sú bandalagsstofnun, sem þar er gert ráð fyrir, á eingöngu að vera til þess, að bandalagsríkin leysi sameiginlegar deilur, sem þau kunna að lenda í. Það er freistandi að fara út í lagaskýringar í sambandi við þetta mál, og ég hef sýnt fram á, að Ísland brýtur sáttmála Sameinuðu þjóðanna, ef það gengur í Atlantshafsbandalagið. Hins vegar er auðséð, að þessi mál fást ekki rædd við hæstv. ríkisstj.

Hvað er eiginlega að gerast á Íslandi þessa dagana? Það er byrjað á því að koma hér upp harðstjórn í skjóli amerísks hervalds. Það er nú farið að framkvæma það, sem foringja íhaldsins hefur hingað til aðeins getað látið sig dreyma um. Íslendingar eiga engu að fá að ráða. Ríkisstj. beitir ofbeldi við Alþingi, og flokkshandjárn eru sett á hæstv. forseta Sþ., til þess að hann brjóti á þm. þann rétt, sem þeim hefur verið löghelgaður í stjórnarskránni. Ég skal ekki neita því, að þessar aðfarir séu í samræmi við það innihald, sem hér liggur fyrir. Það er kannske ekki óviðkunnanlegt, að samningurinn, sem á að fórna íslenzku þjóðinni fyrir auðvald Bandaríkjanna og leppríkja þess, sé kúskaður í gegn með ofbeldi. Það, sem nú er að gerast, er það, að auðmannastétt Íslands hefur kallað á erlent vald inn í landið til þeirra afskipta, sem byrjuðu hér í dag. Og afskipti Bandaríkjaauðvaldsins leiða ekki til annars en svívirðu og spillingar. Það hendir peningum í ríkisstj., eins og kaninn hendir tyggigúmmíi í kvenfólkið suður á Keflavíkurflugvelli. Við skulum bara bíða og sjá, til hvaða spillingar og ofbeldis afskipti Bandaríkjaauðvaldsins leiða, og þegar við höfum séð það, sem gerzt hefur nú, áður en Atlantshafsbandalagið er samþ., hvað mun þá síðar? Ég vil mótmæla því, að Íslandi sé þannig fórnað fyrir auðvald Bandaríkjanna, án þess að þjóðin fái að vita og Alþingi fái að ræða, hvað í húfi er. Ég mótmæli því, að ráðh., sem liggja undir ákæru Alþingis fyrir afbrot, eins og hæstv. utanrrh., og ráðh., sem liggja undir ákæru fyrir að hafa stolið húsum af samtökum alþýðunnar, eins og hæstv. forsrh., — ég mótmæli því, að þessir ráðh., sem raunverulega ætti að draga fyrir landsdóm, beiti Alþingi ofbeldi til þess að láta það afgreiða mál eins og þetta með þeim aðferðum að brjóta allt í senn: lög, reglur og stjórnarskrá.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég gerði áðan fyrirspurn, sem ég óska eftir, að hæstv. forseti svari, en hún var um það, hvenær ráðgert væri að halda áfram með þetta mál, hvort það fengi eðlilega afgreiðslu í n. og hvort það yrði tekið til 2. umr. á morgun, eða hvort hún ætti að fara fram í kvöld eða nótt. Ef ég fengi skýr svör um, að venjuleg þingleg aðferð verði viðhöfð, þá mundi ég sennilega geta fallið frá orðinu.

Forseti (JörB): Þar sem ég gegni hér störfum sem varaforseti, þá veit ég ekki, hvað hæstv. aðalforseti hyggst fyrir, en ég get gert það fyrir hv. þm. að kveðja hæstv. forseta hingað, svo að hann geti svarað þessu.

Forseti (JPálm): Út af fyrirspurn frá hv. 2. þm. S-M. skal ég taka það fram, að að sjálfsögðu verður 1. umr. lokið nú, en hvenær 2. umr. verður, er ekki ákveðið, en ég vænti, að það verði ekki fyrr en á morgun.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð að taka þetta svo, að úr því að hæstv. forseta er ekki kunnugt um þetta, þá verði málinu vísað til n. og 2. umr. á morgun, og í trausti þess ræði ég það ekki frekar við þessa umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við nánari athugun taldi ég réttara að leggja fram rökstudda dagskrá við þessa umr. en þá síðari. Ég tel, að eina leið Íslendinga til að reyna að tryggja öryggi sitt væri að leita yfirlýsinga Breta, Bandaríkjamanna og Rússa um, að þessi ríki vildu viðurkenna friðhelgi Íslands, og álít rétt að prófa, hvort ekki megi fást samkomulag um að vísa þessu máli frá og leita slíkrar yfirlýsingar. Af þessum ástæðum ber ég fram till. til rökstuddrar dagskrár, svo hljóðandi:

„Um leið og Alþ. felur ríkisstj. að snúa sér til stjórna Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna og óska yfirlýsinga þeirra um, að þessi ríki muni virða að fullu friðhelgi Íslands í stríði sem friði, svo fremi það ljái engu ríki herstöðvar í landinu, tekur það fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (JörB): Hv. þm. hafa heyrt þá rökst. dagskrá, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur lesið upp, og liggur hún því hér einnig fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka lestur hennar.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá 2. þm. Reykv. á þskj. 507 felld með 38:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.
nei: HÁ, HB, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, JPálm.
GÞG, HV, PZ greiddu ekki atkv.
1 þm. (GTh) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv., svo látandi:

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég er meðflm. að till., sem kemur til atkv. við 2. umr. Ég tel réttara að samþ. hana og segi þess vegna nei.

Jónas Jónsson: Þar sem það er orðið ljóst, sem flm. var víst ekki kunnugt, að Rússland gerði samninga við fimm þjóðir í vestri, en tók þær allar herskildi, tel ég það bera vott um vöntun á sögulegum skilningi að samþ. þessa dagskrá og segi því nei.

Brtt. 506 tekin aftur til síðari umr.
Tillgr. samþ. með 33:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 37:9 atkv. og til utanrmn. með 43 shlj. atkv.

Að lokinni atkvgr., áður en fundi var slitið, mælti

forseti (JPálm): Þess er óskað, að hv. þm. verði í húsinu fyrst um sinn. Gert er ráð fyrir veitingum rétt fyrir klukkan tíu.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að segja til um það nú, hvenær næsti fundur verður í Sþ., þar sem málið verður rætt og afgr. samkvæmt venjulegum þingsköpum. Þó að þingsköp hafi verið rofin í dag, hef ég ekki gengið út frá því, að menn fengju ekki tíma til að semja nál., láta prenta þau og leggja þau fyrir með venjulegum hætti. Ef á að klára málið á morgun, vildi ég mælast til þess, að hæstv. forseti ákveði fund á morgun klukkan hálf tvö. Ég geng út frá því, að utanrmn. verði ekki sammála, heldur klofni í tvo eða fleiri parta, og er þá rétt að leyfa mönnum að semja nál. og láta prenta þau. Ég mundi reyna að flýta mínu nál. eins og ég gæti, svo að það verði til á morgun, en ég vil vita nú, hvenær fundur verður. Ég vil því bera fram þá ósk, að hæstv. forseti ákveði fund á morgun klukkan hálf tvö og mun ég þá reyna að hafa til nál., þó að ég samkvæmt þingsköpum hafi rétt til eins og hálfs sólarhrings. Ég óska því svars um það, hvort fundur verði ekki klukkan hálf tvö á morgun.

Forseti (JPálm): Út af ósk hv. 2. þm. Reykv. vil ég segja það, að eins og ræður af líkum, mun ég flýta málinu eins og hægt er, en ég ákveð ekki fund fyrr en ég veit, hvernig starf n. gengur. Ég vænti þess, að það bagi ekki hv. þm., þó að þeir verði í húsinu nokkra stund.

Lúðvík Jósefsson: Það eru aðeins tuttugu mínútur síðan ég spurðist fyrir um næsta fund, og þá sagði hæstv. forseti, að ekki væri kunnugt, hvenær hann yrði. Nú kemur fram beiðni um, að þm. verði kyrrir í húsinu í kvöld, en það bendir til þess, að meiningin sé, að 2. umr. verði í nótt. Ég lauk máli mínu síðast með því að segja, að ég notaði ekki minn ræðutíma í trausti þess, að 2. umr. færi fram á morgun. Ég vil því leyfa mér að spyrja, hvort ætlunin er að 2. umr. fari fram í nótt eða hvort fundur verður á morgun með venjulegum hætti. Þm. eiga fulla kröfu á því að fá að vita þetta.

Forseti (JPálm): Það er ekki rétt, að ég hafi gefið nein loforð í þessu efni. Ég sagði, að það væri óákveðið, hvenær næsti fundur yrði. — [Hlé.]

Einar Olgeirsson: Forseti sagði áðan, að hann mundi ákveða fundartíma eftir því, hvernig nefndarstörfin kynnu að ganga. Ég get upplýst hann um það nú þegar og fyrir fram. Ég mun verða þar í minni hluta, og það verður því undir mér komið, hvernig nefndarstörfin ganga. Ég mun hraða svo mínu nál., að það verði tilbúið kl. 1.30 á morgun, ef hæstv. forseti vill ákveða fundartímann þá. Það verður ekki afgreitt á skemmri tíma. Og ég veit ekki til, að nokkurn tíma í þingsögunni hafi nál. verið hraðað svo, þótt um smámál hafi verið að ræða, hvað þá slíkt stórmál, sem hér liggur fyrir. Ég held því, að hæstv. forseti geti sparað sér að láta þm. bíða hér fram á nótt í húsinu eftir því, að fréttir berist um störf n., og ákveðið nú fundartímann. Ég get sem sagt alveg sagt forseta, hvernig nefndarstörfin muni ganga. Formaður utanrmn., hv. þm. G-K., mun setja fund með makt og miklu veldi. Hann mun ekki láta rannsaka málið mikið og skjóta sér með öllu undan því að láta nokkra lærða menn í landinu, sem reynslu hafa haft af millirikjasamningum síðustu 20—30 árin, koma hér nokkuð við sögu. N. mun því klofna í meiri hluta og einn til tvo minni hluta, sem þurfa að semja hver sitt nál. *(ÓTh:* Komdu nú á nefndarfund!) — Það verður nú ekki fyrr en þessum fundi slítur. Og ég get sagt hæstv. forseta, að það er óhugsandi, að nál. verði til í nótt. Og ef forseta finnst, að ég hafi staðið mig slælega sem þingmaður í dag, get ég minnt hann á, að hann setti fund í morgun kl. 10 f. h. Hæstv. utanrrh. upplýsti, að ræða skyldi málið mjög vandlega, talaði nú að vísu sjálfur skamma stund, — en hæstv. ríkisstj. fór svo fram á það við hæstv. forseta að láta mig ekki fá matarhlé. Þó gaf nú forseti eftir, að ég fengi að borða hádegismatinn. En svo lét hann undan þeirri kröfu ríkisstj. að taka engan kaffitíma og loks undan þeirri kröfu hennar að gefa engan tíma til kvöldverðar. Ég held því, að hæstv. forseti geti ekki ætlazt til meira starfs á einum degi en þetta er orðið, — eða er það herra forseti? Ég trúi því ekki, að forseti vilji nú ekki lýsa því yfir, að þessum upplýsingum gefnum, og þar sem líða tekur að miðnætti, að næsti fundur verði ekki boðaður fyrr en á venjulegum fundartíma á morgun, kl. 1.30.

Forseti (JPálm): Eins og ég hef áður sagt, þá verður beðið með að ákveða fundartímann,

þar til séð er, hvernig störf utanrmn. muni ganga. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. *(EOl:* Þetta er ofbeldi, forseti, og minnir meira á aðfarir Trampe greifa en Jóns Pálmasonar.) Fundi er slitið.

Á 59. fundi í Sþ., 30. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 499, n. 509, 510 og 511, 506, 508, 512).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28:7 atkv.

Forseti (JPálm): Ég vil, áður en þessi umr. hefst, leggja til, að hún verði eins stutt og þingsköp frekast leyfa og standi eigi lengur en 3 klst. alls, og mun ég bera það undir hv. þm. *(EOl:* Ég mótmæli þessari aðferð, herra forseti, og ég mótmæli þessu ofbeldi. Þetta er siðferðilega fordæmandi.) Hv. þm. skera úr um þetta. *(EOl:* Þm. geta ekki skorið úr um þvílíka hluti sem hér er verið að fremja. Þetta er ekki í samræmi við þingsköp.) Jú. *(EOl:* Hæstv. forseti er ekki að beita þingsköpum.— *SigfS:* Hvar er þessi gr. í þingsköpunum? Hæstv. forseti er að beita hv. þm. ofbeldi. Það er ekki Alþ., sem er að samþykkja þetta.) Í 37. gr. þingskapa segir svo: „Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum." *(EOl:* Ég heimta að ræða hér þingsköp. Þann rétt getur hæstv. forseti ekki tekið af mér. Þetta eru ólög og ofbeldi. Það er það, sem hér er verið að gera. Ég mótmæli þessu.) Ég ber þetta þá upp. *(SigfS:* Við krefjumst forsetaúrskurðar. Ég neita, að þessum aðgerðum sé beitt, og krefst úrskurðar forseta. — *EOl:* Þetta er enginn fundur. — *SigfS:* Þetta er lögleysa og vitleysa. — *EOl:* Ég mun greiða atkv. á móti þessu. — *SigfS:* Þetta er harðstjórn með amerísku ofbeldi, ólög og vitleysa. — *EOl:* Hafa menn þá rétt til að greiða atkv.?)

ATKVGR.

Till. forseta um að takmarka umr. við 3 klst. samþ. með 29:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, HB, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, JPálm.

nei: GÞG, HV, HermG, KTh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, EOl.

HÁ, HelgJ, HermJ, SkG, StgrSt, BSt, BK greiddu ekki atkv.

3 þm. (LJóh, BG, BrB) fjarstaddir.

11 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel mjög hæpið að segja, að umræðurnar hafi dregizt úr hófi fram. Þær stóðu reyndar frá kl. 10 árd. til kl. 10 í gærkvöld, en hér er um að ræða eitt hið mikilverðasta mál er þetta þing hefur haft til meðferðar. Ég tel það ósanngirni, að þessar umræður geti ekki farið fram á sama hátt og í gær. Ég segi því nei.

Hannibal Valdimarsson: Það er ekki vegna 37. gr., heldur sökum álitsgerðar hæstv. forseta, að ég tel þetta ofbeldislegt. Ég legg mest upp úr þessum orðum: „Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls." Þetta virðist benda á, að beita megi ákvæði þessu, þegar liðið er á umræðurnar, og segi ég því nei og mótmæli hinum ofbeldiskenndu aðferðum.

Katrín Thoroddsen: Ég segi nei og mótmæli þessum aðförum.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. 37. gr. þingskapa hefst á orðunum: „Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd" o. s. frv. Nefnilega, aðeins undir þessum kringumstæðum er forseta rétt að skera umræður niður, — að umræður dragist úr hófi fram. Þetta hefur hann ekki gert. Í gær var málið tekið fyrir kl. 10 árd. og rætt til kl. 9—10 síðd. Nú eiga umræðurnar að hefjast á 11. tímanum og standa í 3 klst. En þetta mál verðskuldar sérstaklega að vera rætt dögum saman rækilega. Þetta eru brot á þingsköpum. Ég mótmæli, — mótmæli öllum þessum aðförum sem lögleysum og ofbeldi. Þær eru markleysa og umræðurnar ólöglegar, og segi ég því nei.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Mikið hefur nú verið rætt um þetta mál í blöðum og mikil hávreysti gerð um það, að mótmælendur þessa samnings færu með fleipur eitt. Því var lofað af ráðamönnum okkar og blöðum, að þegar málið kæmi til þingsins, fengi það þinglega meðferð. Ég býst við því, að hver maður hafi lagt þann skilning í þau orð, að því mundi fylgja ýtarleg grg. og skýrsla og þá sérstaklega af hendi þeirra, sem fóru til Ameríku. En framkvæmdin er sú, að höfuðpaurinn í samsærinu, hæstv. utanrrh., talaði í 10 mín., en hinir gæta þess að koma ekki inn í þingsalinn — eða þá að þeim er haldið utan hans — nema hæstv. utanrrh. Þetta er aðferðin. En hin þinglega meðferð er sú, að þegar þetta mál hefur verið rætt um hríð, er ræðutími hvers þm. takmarkaður niður í stundarfjórðung. 1. umr. er lokið eftir 9. klst. og ekkert matarhlé gefið. En auk þess ákvað hæstv. ríkisstj., þegar umr. var lokið um kl. 10 í gærkvöld, að settur skyldi fundur að nýju á miðnætti, og ætlaði að halda áfram í myrkrinu. Þessu var beinlínis lýst yfir. Þetta var nú hin þinglega meðferðin. *(Forseti:* Þetta er orðin nokkuð löng grg.) Þetta er ofvaxið skilningi þm. En nauðsynlegt er að lýsa forsögu hennar. Svo þegar búið er að ræða málið á fyrsta degi, þá er staðið upp, og hæstv. forseti lýsir því yfir,

að hann ætli að beita ákvæðinu um 3 klst. takmörkun í 37. gr. þingskapa. Hver maður, sem horfir á þetta mál án hræðslu, sér agnúana. En hér eru hræddir menn að verki, sem vita, að þeir verða fordæmdir. Þess vegna vilja þeir hraða málinu. *(Forseti:* Þetta er orðin allt of löng ræða.) Þingið hefur enga heimild til þess að svipta minni hl. málfrelsi. Þegar meiri hl. ætlar að svipta hann málfrelsi, þá á minni hl. rétt til þess, að forseti skeri úr um það. (Forseti hringir.) Ég heyri, að hæstv. forseti er ekki frjáls maður. Form. flokks hans situr framan við hann og hefur í hótunum við hann. Þetta áhrifavald hans á hæstv. forseta er miklu meira en vera ætti. *(Forseti:* Ég mótmæli.) Það er hart til þess að vita, að þvílíkt getur gerzt á þingi. Hv. þm. G-K. kemur ekki inn í þingsalinn til annars en að handjárna þm. Sjálfstfl.

Þegar alls þessa er gætt, segi ég nei.

Ásmundur Sigurðsson: Eins og allir hv. þm. vita, er öll þessi málsmeðferð ákveðin í innstu klíku stjórnarflokkanna, þeirri frá Washington, og segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er kosinn af þinginu í utanrmn. og á að skila áliti þaðan sem minni hl. Í 18. gr. þingskapa segir svo: „Nefndin lætur uppi álit sitt, og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt, ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.“ Nú var kallaður saman fundur kl. 10 árd. í dag. En ekki er enn búið að útbýta nál. *(Einhver:* Jú.) Ekki öllum. Eftir er nál. frá mér. Ég skilaði því í prentsmiðjuna kl. 8 í morgun. Hér er því ekki einvörðungu verið að brjóta þingsköp, heldur og allar þingræðisvenjur. Þessu er ekki beitt að ráði hæstv. forseta Sþ. Hann er ekki sjálfráður gerða sinna. Hann er undir ánauðaroki frá hæstv. ríkisstj., sem þiggur mútur frá erlendu stórveldi til að keyra í gegnum þingið mál, sem þjóðin mundi ekki samþykkja, ef hún réði. Þessar aðferðir hafa aldrei tíðkazt í þingsögunni. *(SK:* Við mótmælum þessum málalengingum.) Ég ræð sjálfur minni grg. *(Forsrh.* grípur fram í.) Þegi þú, hirðstjóri. *(Forsrh.:* Þú ætlar ekki að gera stofnuninni sæmd.) Fyrir 5 árum kom þjóðin saman á lögbergi til að endurreisa lýðveldið, og þá fagnaði þjóðin, því að þá var verið að vinna gott verk og vinsælt. En hvað er að gerast í dag hér á Alþingi? Jú, með ofbeldi er ríkisstj. að hefja niðurlægingartímabil, og hún vinnur sín illu verk í skjóli vopnaðrar lögreglu, því að hún er hrædd. Og af hverju er hún hrædd? Jú, hún er hrædd við fólkið, hún er hrædd við samþykktir, sem fólkið hefur gert, og hún er hrædd vegna þess, að hún veit, að hún er ekki að vinna gott verk. Það er hafið nýtt niðurlægingartímabil í sögu Íslands í sama anda og þegar erindrekar erlendra ríkja beittu valdi forðum til þess að kúga þjóðina. *(Forseti:* Atkvæði. — *Forsrh.:* Vill ekki forseti láta þm. greiða atkv.) Þegi þú, þú hefur ekki orðið. *(Forseti:* Atkvæði.) Já, það er byrjað nýtt niðurlægingartímabil, þar sem forseta Alþingis er þröngvað til að brjóta þingsköp og þingvenjur. *(Forsrh.:* Það ert þú, sem alltaf brýtur þingsköp. — *Forseti:* Atkvæði.) Ég vil biðja forseta að vera rólegan og láta forsrh. þegja, svo að ég geti lokið minni greinargerð. *(Forseti:* Þetta er allt of löng greinargerð.) Ég ræð minni greinargerð sjálfur. Hér er Alþingi Íslendinga, en ekki stofnun Bandaríkjaleppa. *(Forsrh.:* Þú ætlar ekki að gera það að sæmdarstofnun.) Þegi þú, þú hefur ekki orðið. Ég er alþingismaður Íslendinga, kosinn af 7000 Reykvíkingum og tala hér í umboði þeirra, en þú ert uppbótarþingmannsræfill, sem sveikst þig inn á þing. *(Samgmrh.:* Þm. hlýðir ekki þingsköpum. Það á að láta hann út.) Hver beitir hér ofbeldi? Ég er að ljúka minni greinargerð, en fæ það ekki fyrir ráðh., sem eru orðnir vitlausir menn, sem hafa tekið við mútum frá Bandaríkjunum og krafizt þess, að ég yrði settur hér út. Ég vil biðja skrifara alveg sérstaklega að bóka það. *(Forsrh.:* Þetta eru ósannindi. — *GJ:* Vill ekki forseti halda áfram með atkvgr.? Þm. ætlar sýnilega ekki að greiða atkv. — *StgrSt:* Ég legg til, að þm. sé bara látinn út, ef hann hlýðir ekki fundarsköpum. — *Forsrh.:* Út með hann.) Ég óska enn eftir, að ráðh. þegi á meðan ég lýk máli mínu. En með tilliti til þess, sem ég hef sagt, vil ég endurtaka enn einu sinni, að ég mótmæli því ofbeldi, sem hér er haft í frammi, og segi nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er fjarstæða, að umr. hafi ekki verið ýtarlegar um þetta mál, þar sem fyrst hefur farið fram um það útvarpsumr. og síðan rætt hér í allan gærdag, auk þess sem andstæðingar málsins hafa haft mest allan tímann og eru því sannarlega búnir að segja allt, sem þeir hafa fram að færa gegn málinu. Þess vegna segi ég já. *(ÁkJ:* Það er langt frá því, að öll rök séu komin fram, sem til eru gegn málinu.)

Finnur Jónsson: Ég mótmæli þeirri svívirðu, sem hér er höfð í frammi af kommúnistum, og ég mótmæli einnig, að meiri hluti þingsins geti ekki tekið sínar ákvarðanir, og segi því já.

Gísli Jónsson: Þar sem öll andstaða í þessu máli af hálfu kommúnista hefur verið svívirðingar og blekkingar um utanrrh. og ríkisstjórnina og þeir alls ekki hlýtt þingsköpum, þá tel ég sannarlega tíma til kominn að skera niður umr. og segi því já.

Jónas Jónsson: Ég vil benda á, að öll framkoma kommúnista í þessum umr. og hótanir þeirra er ósamboðið Alþingi, sömuleiðis er orðbragð þeirra skrílsháttur. Af þessum ástæðum tel ég rétt að takmarka þessar umr. og segi því já.

Forseti (JPálm): Samkv. þessari atkvgr. er hámark umr. ákveðið 3 klst. Fyrst tala frsm. utanrmn., og hefur hver frsm. ½ klst. til umráða.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors): Herra forseti. Utanrmn. kom saman til fundar um þetta

mál strax að aflokinni fyrri umr. málsins. Fundurinn tók stuttan tíma — eins og hv. 2 þm. Reykv. var alveg sannspár um. Aldrei þessu vant stóð allt heima, sem hann sagði, — og það tók stuttan tíma að afgreiða málið frá n. Við í meiri hl. n. bárum fram till. um, að málið yrði samþ. óbreytt. Hv. þm. Str. og hv. 1. þm. N-M. töldu sig ekki vilja samþ. það óbreytt og spurðust fyrir um það, hvort við í meiri hl. n. mundum fallast á breyt. Við töldum það ekki geta orðið, ef þær væru í verulegum efnum. Svo var ekki um það rætt meira. Og hv. 2. þm. Reykv. kvað sig hins vegar algerlega andvígan málinu, sem engum kom á óvart. Þessum nefndarstörfum var lokið á hálfri klukkustund, og fóru þau mjög friðsamlega fram, eins og alltaf er, þegar við höfum enga til að horfa á okkur eða hlusta á okkur aðra en fundarmennina sjálfa. Ég verð því að lýsa undrun minni á óstyrkleik kommúnista, þegar forseti ákvað að takmarka umr. við 3 klst. Eins og menn muna, þá var sami háttur á hafður 1946, þegar Alþingi hafði flugvallarsamninginn til meðferðar, þ. e. a. s., að ákveðið var að hafa um málið 3 klst. útvarpsumr. Nú hafa raunverulega verið útvarpsumr. um þetta mál og það eftir samkomulagi við 2. þm. Reykv., sem þrátt fyrir það hefur sýnt einna mest sjúkdómseinkenni við þessa ákvörðun forseta. En auk þessarar útvarpsumr. var málið svo rætt hér í allan gærdag, og höfðu andstæðingar málsins þá nær allan ræðutímann, svo að þeirra hlutur virðist ekki hafa verið fyrir borð borinn í umr. um þetta mál.

Hæstv. forseti hefur ákveðið, að við frsm. utanrmn. skulum hafa ½ klst. til umráða hver. Ef ég mætti ráða, væri mér sönn ánægja að láta þessa taugaóstyrku menn hafa minn tíma, en nota sjálfur aðeins fáar mínútur. Frá mínu sjónarmiði liggur þetta mál glöggt fyrir, þó að 2. þm. Reykv. og aðrir andstæðingar þessa máls séu nú á annarri skoðun. En sannleikurinn er sá um afstöðu þessara manna, að á meðan ekkert lá fyrir í þessu máli, þóttust þeir vita allt um það, en nú, þegar málið liggur ljóst fyrir, þá þykjast þeir ekkert vita og ætla alveg að sleppa sér, þegar umræðutími þeirra er takmarkaður við 3 klst. Slíkan skrípaleik tekur enginn alvarlega. Nei, þetta mál liggur ljóst fyrir, og þarf ekki annað en vísa til ræðu utanrrh. í útvarpsumr. í fyrrakvöld til að sanna það. Ég veit ekki, hvort það hefur nokkra þýðingu, að ég fari að endurtaka þau rök. Meginkjarni þeirra kemur fram á nál. meiri hl. á þskj. 510, en þar segir meðal annars, að sáttmálinn sé gerður „í algeru samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem einungis sé um það að ræða, að aðilarnir bindist þeim samtökum, sem ráð er fyrir gert í 51. gr. þess sáttmála til þess að verjast árásum meðan öryggisráðið getur ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hnekkja yfirgangi árásarríkis. Telur nefndin, að Íslandi beri tvímælalaust að skipa sér í flokk með þeim ríkjum, er hefta vilja slíkar árásir, ef ekki fylgja því óeðlilegar skuldbindingar fyrir landið".

Þegar sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var gerður, var tilgangur hans sá, að friðelskandi þjóðir byndust samtökum til þess að koma í veg fyrir stríð og skapa nýja veröld, og þetta skyldi gert með vopnavaldi, ef annað dygði ekki. Nú hafa þessar frelsisunnandi þjóðir orðið fyrir vonbrigðum með samtök sín og fyrst og fremst vegna þess, að Rússar hafa brugðizt í samstarfi Sameinuðu þjóðanna. Afleiðing af því er sá samningur, sem hér um ræðir, og hann er eingöngu gerður til að hnekkja yfirgangi árásarríkis, og því er hann aðeins varnarsamningur. Eða hver vill trúa því, að Norðmenn eða Danir hafi í hyggju að ráðast á Sovétríkin eða nokkurt annað ríki, ætli þessar þjóðir séu ekki búnar að fá nóg af hörmungum styrjaldarinnar? Og eins er ég sannfærður um, að það hvarflar ekki að nokkrum Íslendingi að ráðast á Rússa. Ég gat því miður ekki hlustað á erindi þm. Str. um Sameinuðu þjóðirnar, sem hann flutti í útvarpið nú fyrir skömmu, en mér er sagt, að það hafi verið gott. Hann hafði getið þess, að hugsjónir Sameinuðu þjóðanna lifðu enn, þó að vonir manna í sambandi við stofnunina hafi brugðizt. En einmitt vegna þess, að hugsjónin lifir þrátt fyrir vonbrigðin, hafa þær þjóðir, sem unna frelsi og lýðræði og beinlínis vegna friðarþarfar þeirra ákveðið að gera með sér þann samning, sem hér um ræðir. — Ég ætlaði ekki að nota langan ræðutíma, en ég finn, að það er gaman að tala um þetta og tíminn er ekki lengi að líða, enda skil ég nú betur, að sósialistarnir séu margorðir.

Þegar svo okkur Íslendingum, sem gortum af því, að við unnum frelsi og lýðræði, er boðin þátttaka í slíku friðarbandalagi lýðræðisþjóðanna, þá væri skömm fyrir okkur að hafna því boði, þar sem ekki fylgja þátttökunni neinar óeðlilegar skuldbindingar fyrir þjóðina. Það er allt annað mál, þó að við neitum að bera vopn, slíkt kæmi að sjálfsögðu aldrei til greina vegna sérstöðu okkar, og það má ekki á nokkurn hátt leggja út sem bleyðuskap, því að vopnaburð getum við ekki hugsað okkur og alls ekki vegið mann. Þetta er svo rótgróið í meðvitund þjóðarinnar eftir margra alda frið og verður að teljast nægileg afsökun fyrir þeirri sérstöðu okkar að neita algerlega hvers konar herskyldu. Það er líka gott til þess að vita, að þær lýðræðis- og menningarþjóðir skilja þetta og segja, að það sé eðlilegt, að Íslendingar segi: Við höfum ekki her og við viljum ekki hafa her og við ætlum okkur aldrei að hafa her og aldrei að segja nokkurri þjóð stríð á hendur. — Við hefðum farið okkar fram í þessum efnum, hvað sem aðrar þjóðir hefðu sagt. En það er ánægjulegt, að þær skilja afstöðu okkar í þessu efni. Við Íslendingar getum ekki hugsað okkur að gera hundi mein. Við getum því síður hugsað okkur mann að vega. En við kunnum því miður flestum þjóðum betur bolabrögð með penna og munni hverjir gagnvart öðrum. Þessi réttur okkar Íslendinga og þetta hugarfar hefur lýst sér í því, að okkar ríkisstj. hefur skýrt og greinilega tekið það fram, að undir þau skilyrði að hafa her viljum við ekki gangast, og fengið um það örugg svör, að aðrar þjóðir líti svo á, að við þurfum ekki að gera það. M. ö. o., við öðlumst þann öruggleika og þau réttindi, sem sáttmálanum fylgja, án þess að þurfa nokkuð að leggja af mörkum annað en það, sem við sjálfir viljum,

þegar þar að kemur, um leið og það er undirskilið af okkar hendi, að við höfum aldrei herstöðvar eða hersetu á friðartímum eða hermenn á friðartímum og að við segjum aldrei nokkurri þjóð stríð á hendur. Að öðru leyti er ætlazt til þess, að við leggjum til, ef til stríðs skyldi koma, það, sem við í góðri trú teljum eðlilegt. Undir öðrum betri skilyrðum geta Íslendingar ekki búizt við að geta orðið þátttakendur í samstarfi frjálsra þjóða. Og ég veit ekki betur en að á stúdentafundinum, sem var fyrsti fundurinn til þess að mótmæla þessu bandalagi, þá hafi verið lýst yfir því, að við Íslendingar ættum að vera í vinsamlegri samvinnu við vestræn veldi, og að því hafi verið þar lýst yfir líka af kommúnistum. Mér er sagt, að hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hafi greitt atkv. með því.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja hér fleira. Ég vona, að þáltill. þessi verði samþ., og þykist þess viss, að svo muni verða, og vísa að öðru leyti til þeirrar útvarpsræðu, sem ég flutti hér í sambandi við vantrauststill. á dögunum.

Frsm. 1. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég mun nota þennan hálftíma til þess að gera grein fyrir minni afstöðu til þessa máls. Það var af hv. þm. G-K. beint til mín orðum viðkomandi Þjóðabandalaginu, út af því að hann áleit, að ég hefði tekið fram í fyrir sér, sem var reyndar ekki. En þetta rifjaði upp fyrir mér þann óslitna þráð, sem hefur alltaf verið í afstöðu Íslands og afstöðu alþm. hér á Alþ. að meira eða minna leyti viðkomandi alls konar bandalögum af því tagi, sem nú er verið að ræða hér um. Það var þá sett fram af mér og ýmsum öðrum, en fékk ekki þær undirtektir, sem við óskuðum, þó að það fengi nokkrar undirtektir, að við ættum að setja einmitt sams konar skilyrði fyrir því að ganga í þjóðabandalagið eins og við viljum nú hafa ljóst fram tekið, er við göngum inn í Norður-Atlantshafsbandalagið. Og mér koma þessi skilyrði nú ekki á óvart, og þau koma sjálfsagt engum á óvart, því að það lítur út fyrir, að það sé útbreidd skoðun í sambandi við inngöngu okkar í þjóðabandalög. Og ég lét í ljós þá skoðun, er við gengum í Bandalag sameinuðu þjóðanna, að ég byggist frekast við, að það þjóðabandalag mundi mistakast, en mér þótti rétt, að við tækjum þátt í því fyrir því. Og ég gerði þá ráð fyrir, að við mundum áður en langt liði þurfa að taka þátt í umr. á Alþ. um að taka þátt í nýjum þjóðasamtökum. Ég tók þetta fram þá. Og þetta mun hafa verið almennur kvíði, sem ég lýsti í þessum orðum mínum þá. Við vildum þá einnig gera fyrirvara við inngöngu okkar í Bandalag sameinuðu þjóðanna. Og þessi þráður er alveg óslitinn, ekki aðeins í þessu máli, heldur hefur hann verið það um aldir, að við viljum ekki segja neinni þjóð stríð á hendur. Og þegar talað var um það sem skilyrði fyrir inngöngu í Bandalag hinna sameinuðu þjóða, þá gáfum við þá yfirlýsingu, að við vildum ekki segja neinni þjóð stríð á hendur, og vöktum athygli á því jafnframt, að við hefðum tekið allan þann þátt í styrjöldinni, sem við gætum nokkurn tíma tekið, og að öllu öðru leyti heldur en því að beita vopnavaldi. Þannig liggur það fyrir, að þegar okkur var boðið að gerast stofnaðilar að Bandalagi sameinuðu þjóðanna, þá komum við með þessa yfirlýsingu, að við neituðum að segja nokkurri þjóð stríð á hendur. Og þegar við tókum þátt í þessu bandalagi, höfðum við þennan fyrirvara, þó að honum væri ekki komið lengra á veg en raun bar vitni um.

Ég geri ráð fyrir, að viðhorf þjóðarinnar viðkomandi Norður-Atlantshafsbandalagi sé talsvert mismunandi. Það eru sumir, sem enga samninga vilja gera í þessu efni, sem er fyrst og fremst Sósfl. svo og ýmsir aðrir. Aðrir eru þannig sinnaðir, að þeir vilja gera þessa samninga, svo að segja hvernig sem þeir væru. En þriðji hópurinn meðal þjóðarinnar er þannig, og í þeim hópi er ég, að þeir munu vilja gera þessa samninga, ef þeir telja, að þannig sé frá þeim gengið, að þeir séu algerlega öruggir, annars enga samninga. Og í því sambandi ætla ég að gera grein fyrir því, hvernig ég álít, að ætti að ganga frá þessum samningum, til þess að þeir séu öruggir. Það er ekki hægt að lá neinum Íslendingi það, þó að hann vilji fara varlega í utanríkissamningum. Þetta er þjóðinni í raun og veru í blóð borið, þjóð, sem hefur í margar aldir barizt til þess að ná sjálfstæði sínu, eftir að hún hafði glatað því vegna þess, að hún hafði gert samning, sem gamli sáttmáli kallast, þó að ýmsir áliti, að hann hafi verið mjög sæmilega gerður, en að það hafi verið samningsrof, sem ollu því, hvernig fór. Það er því ekki óeðlilegt, að þessi þjóð vilji ekki gera aðra samninga en örugga samninga, eftir alda kúgun. Við gerðum herverndarsamninginn við Bandaríkin 1941. Niðurstaða þess er sú, að við, eftir því sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. segir, urðum að kaupa okkur frá þeim samningi vegna þess, hvernig hann var túlkaður, með samningnum um Keflavíkurflugvöllinn. Ég er að vísu þeirrar skoðunar — án þess að ég ætli að ræða það sérstaklega hér —, að Bandaríkjamenn mundu aldrei hafa haldið svo fast við þá túlkun á samningnum, sem þeir kunna að hafa orðað, að það hefði þurft að kaupa sig frá herverndarsamningnum frá 1941. En svo mikið er víst — án þess að rætt sé um túlkun þessa samnings nánar —, að það orðalag á samningnum frá 1941, sem hangið var í, var svo undarlega veikt fyrir þá, sem í því héngu, að fáum mundi hafa komið til hugar, að reynt yrði að túlka samninginn á þann veg, sem gert var, því að það voru í raun og veru kurteisiskveðjur í endi þess símskeytis, sem við fengum frá stjórn Bandaríkjanna, sem var hangið í. Það var rætt um það, að herinn ætlaði að fara héðan strax að stríðinu loknu. Þau skilyrði voru samþykkt í svari Bandaríkjaforsetans, en síðan var tekið fram í svarbréfinu, að herinn mundi fara héðan, þegar núverandi hættuástandi væri lokið. Og í því var hangið, að því er fyrrv. hæstv. ríkisstj. heldur fram. Og þá var gerður svokallaður Keflavíkursamningur. Og án þess að ég ætli að ræða þann samning nú, þá er a. m. k. fullvíst, að þær skýringar, sem gefnar voru á þessum samningi, og þau loforð, sem gefin voru um framkvæmd hans, þessar skýringar hafi ekki staðizt og þessi loforð hafi ekki verið haldin. Það er þess vegna ekki undarlegt, þó að þjóðin muni þetta. Þetta eru staðreyndir, sem eru til í okkar þingsögu, og þetta er skráð í okkar þingtíðind-

um. Þess vegna er það svo að mínu áliti, að sú raun, sem á þessum málum er orðin, gerir það að verkum, að þjóðin vill ekki gera aðra samninga en þá samninga, sem öruggir eru. Og við þurfum ekki að undrast yfir því, eftir þá reynslu, sem á undan er farin, gamla og nýja, þó að þjóðin geri þessa kröfu til okkar. Og ég segi það fyrir mitt leyti, að ég get ekki vikið frá því. Ég er heldur ekki að efast um það, að aðrir hv. þm. vilji fylgja sömu reglu, að þessa samninga eins og aðra mundu þeir telja, að við verðum að gera í samræmi við það, sem við mundum gera, ef við værum að gera samninga milli einstaklinga, fyrir sjálfa okkur eða í umboði annarra, og ganga svo tryggilega frá öllum atriðum samninganna, að ekki verði um villzt.

Okkur er nú sagt — eins og kemur fram í grg. fyrir þessari þáltill., að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðir okkar óska eftir svipaðri aðstöðu á Íslandi eins og þessi ríki höfðu í síðasta stríði, og það mundi algerlega verða á valdi Íslendinga sjálfra, hvenær þessa aðstoð ætti að láta í té, að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands, og að ekki kæmi til mála að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum. Þetta er okkur sagt af hæstv. ráðherrum, að sé efni samningsins, eins og hann beri að skilja og skýra. Nú skal ég taka það fram, að ég ætla, að það sé mikill hópur Íslendinga — ég ætla meiri hluti þjóðarinnar — sem mundi vilja gera samninga sem þessa, þar sem tryggð væru þessi atriði. En ég hygg, að sá meiri hluti sé naumast til staðar, nema við getum sannfært hann um, og það með eðlilegum og réttum rökum, að sú trygging sé til staðar. Þegar talað er um það í 2. og 3. lið þessarar yfirlýsingar, samkv. orðalagi 2. og 3. liðar á bls. 8 í grg., að aðrar þjóðir hafi fullan skilning á sérstöðu Íslands, að viðurkennt sé, að Ísland hafi engan her og ætli ekki að stofna her, og að ekki komi til mála, að erlendur her eða herstöðvar verði á Íslandi á friðartímum — fyrst allar bandalagsþjóðirnar viðurkenna, að þetta sé einstök sérstaða Íslands, þá fáum við ekki skilið, hvers vegna ekki má taka þetta fram í samningnum við Ísland sem samningsatriði. Sannleikurinn er sá, að þessi samningur er siðferðilegar skuldbindingar. Þegar því er haldið fram, að bandalagsþjóðirnar muni koma Íslandi til varnar, ef á það verði ráðizt, þá er vitanlega ekki hægt að halda fram í sömu andránni, að engar skuldbindingar séu af okkar hendi gerðar með samningi. Sannleikurinn er því sá, að ef þarna er skuldbinding fyrir bandalagsþjóðirnar um að koma Íslandi til aðstoðar, ef á það yrði ráðizt, þá er Ísland vitanlega í sama mæli skuldbundið til þess að láta í té allt það, sem með sama móti verður af því krafizt, til þess að gera varnir sjálfs þess og annarra bandalagsþjóða framkvæmanlegar. Og siðferðilegar skuldbindingar geta vitanlega verið engu síður skuldbindandi en lagalegar skuldbindingar. Og til þess að gera þessa sérstöðu okkar skýlausa, að við ætlum aldrei að segja nokkurri þjóð stríð á hendur né taka þátt í hernaði gegn nokkurri þjóð, sem meginreglu okkar um aldir, þá álítum við ýmsir, að sú sérstaða okkar eigi að vera viðurkennd. Ef við fengjum viðurkenndan þennan fyrirvara, þá erum við ekki í neinu hernaðarbandalagi. Það er alveg skýlaust. Því að þá ætlum við ekki að taka þátt í hernaði gegn nokkurri þjóð, en við viðurkennum hins vegar — eða a. m. k. geri ég það —, að afstaða okkar í styrjöld hlýtur að verða, eins og við höfum áður viðurkennt, svipuð því, sem var í síðustu styrjöld. En ég vil líka hafa það tryggt, að svo verði, en að við göngum ekki með samningum feti framar, þannig að við gerum aðstöðu okkar allt aðra en í síðustu styrjöld. Ég veit, að því er haldið fram, að þetta sé siðferðisskylda og þess vegna sé yfirlýsing þessi sem skuldbinding af Íslands hálfu nægileg við undirskrift samningsins. Ég vildi óska þess, að svo væri. En það verður að afsakast, að ég get ekki fallizt á þau rök. Þau eru vonandi rétt, en ég get ekki fallizt á þau. Og ég veit ekki, hvernig það ætti að vera, að þjóðir, sem gangast undir gagnkvæmar skuldbindingar, geti síðan við undirskrift samnings lýst yfir í ræðu, að þær séu ekki bundnar við ákvæði samningsins.

Það er áreiðanlega mjög ríkt í Íslendingum að taka ekki þátt í neinum beinum hernaðaraðgerðum gegn neinni þjóð. Það er einn sterkasti þátturinn í okkar sögu og okkar menningu. Og við þurfum ekkert að blygðast okkar fyrir það að fara fram á það að halda okkur við þetta, vegna þess að við getum sýnt og sannað, að í hvert skipti, sem styrjöld hefur geisað hér á hafinu nálægt okkur, þá höfum við tekið þátt í baráttunni þannig, að við höfum í viðskiptunum við þá hernaðaraðila, sem hafa viljað varna siglingum frá og að landinu, misst tiltölulega meira af mönnum en þær þjóðir, sem þátt hafa tekið í hernaðaraðgerðunum. Og okkar fólk hefur sízt sýnt minna þor í þeirri viðureign en menn þeirra þjóða, sem tekið hafa þátt í beinum hernaðaraðgerðum. Það er því okkur svo stórt atriði að mínu áliti, sem ég nú hef tekið fram viðkomandi þessari samningsgerð, að það skiptir um afstöðu mína meginmáli, að einmitt þetta sé tekið sérstaklega fram í samningnum, að við Íslendingar tökum ekki þátt í beinum hernaðaraðgerðum, því að þá væri ljóst, ef þetta væri þar fram tekið, að við mundum aldrei vera með í beinum hernaðaraðgerðum gegn neinni þjóð.

Annað atriði, sem ég tel, að verulegu máli skipti, er í sambandi við samninginn um flugvöllinn við Keflavík. Það kemur greinilega í ljós, að aðrar þjóðir leggja eðlilega á það megináherzlu, að þær ráði því sjálfar, hvenær þær láta í té þá hernaðaraðstoð, sem gert er ráð fyrir, að látin verði í té, eftir samningnum. Samkvæmt niðurlagi 1. liðar yfirlýsingar Bandaríkjamanna og enn fremur síðari liðum þessarar yfirlýsingar ráða Íslendingar því, að ekki séu neins konar hernaðarstöðvar í landi þeirra á friðartímum. Nú er vitað mál, að Keflavíkurflugvöllurinn er sá staður á Íslandi, þar sem fyrst og fremst yrði her, ef til styrjaldar kæmi hér á Atlantshafi eða nálægt okkur. Það er í samræmi við það, sem hér hefur verið yfir lýst, að aðstaða bandalagsþjóðanna yrði svipuð á Íslandi eins og hún var í síðustu styrjöld. En nú stendur svo á, að við höfum einmitt sérstaka samninga við eina bandalagsþjóðina um þennan flugvöll, og við ráðum ekki alls kostar yfir hon-

um, Íslendingar sjálfir, eins og ljóst liggur fyrir og þarf ekki að ræða hér á Alþ. Þess vegna er það, að við höfum einnig að því leyti aðra aðstöðu en nokkur önnur bandalagsþjóð, þannig að við höfum ekki tryggingu fyrir því, að við ráðum því, sem samkvæmt niðurlagi 1. liðar yfirlýsingar Bandaríkjamanna er tekið fram. Og það er þess vegna ekki á valdi Íslendinga sjálfra að ákveða, hvenær aðstoð er látin í té hér á landi í styrjöld. Og það er þess vegna heldur ekki á okkar valdi alls kostar, hvenær hér eru herstöðvar í landinu. Þetta er það, sem aðrar þjóðir þó leggja megináherzlu á að ráða og hafa alveg tryggingu fyrir að geta ráðið samkvæmt þessum samningi.

Nú hef ég ekki eða við, sem höldum þessu fram, gengið svo langt að krefjast þess, sem ýmsum kynni að hafa þótt eðlilegt, að Íslendingar segi sem svo: Fyrst losnum við við Keflavíkursamninginn og náum yfirráðum yfir þessu svæði þar, áður en byrjað verður af okkar hálfu að semja að okkar leyti um Atlantshafsbandalag. En samkvæmt þessari stefnu hefur þó komið fram till. um viljayfirlýsingu hér á Alþ. um, að við losum okkur við Keflavíkursamninginn svo fljótt sem verða má. Og þetta finnst mér lágmark þeirra krafna, sem við hljótum að gera, til þess að við getum samþ. hér að undirskrifa þessa samningsgerð. En það kemur mjög greinilega í ljós við umr. þessa máls, — og það þykir mér mjög stór galli á þessari málsmeðferð, — að það er auðséð, að það er engu hægt að hnika til, ekki nokkrum sköpuðum hlut hægt að hnika til, ekki einum stafkrók um fyrirvara eða breytingar viðkomandi þessu, sem ég hef hér rætt um, frá því sem ákveðið hefur verið og óbreytanlegt verður að standa. Og ég er ákaflega hræddur um það, að svo kunni að fara, — þó að ég vilji vona það gagnstæða, — að það endurtaki sig viðkomandi þessum samningi, sem því miður hefur endurtekið sig nú viðkomandi utanríkissamningum okkar undanfarið, og á ég þar við Keflavíkursamninginn. Nú segja menn: Það er sjálfsögð nauðsyn að breyta samningnum um Keflavíkurflugvöllinn, hann er ekki góður. Undir þetta taka margir, sem ekki vildu taka undir þetta áður. Og um skýringarnar, sem gefnar voru á honum, eru menn sammála, að þær hafi ekki staðizt, og að loforð um hann hafi heldur ekki verið haldin. En nú á að gera að nýju samning, og þá eru gefin út ný loforð og nýjar skýringar. Og ég er ákaflega hræddur um, að sumar af þeim skýringum fái álíka staðizt eins og skýringarnar, sem gefnar voru út viðkomandi Keflavíkursamningnum á sínum tíma, þegar hann var gerður. Og ég held, að það hefði verið miklu betra fyrir þetta mál og fyrir þennan málstað allan, fyrir sambúðina við þær bandalagsþjóðir, sem við ætlum að hafa nánasta sambúð við, fyrst þessi atriði fjögur, sem hér eru talin upp, eru viðurkennd, að það væri aðaluppistaðan í samningnum frá okkar hendi, að það væri svo skýlaust fram tekið í samningnum, að ekki væri þar hægt um að villast og að ekki væri hægt að halda því fram af hálfu þeirra manna, sem eiga að vera tortryggnir á alla utanríkissamninga, að hér væri neitt um að villast viðkomandi sérstöðu okkar. Ég held, að þetta væri miklu betra fyrir sambúð þessara þjóða, því að ég ætla, að ekkert sé verra fyrir sambúð þjóða, sem gera samninga sín á milli, heldur en það að hafa samningana þannig, að það sé stöðugt verið að hártoga þá og stöðugt verið að ræða um, að þeir séu rofnir. Og ég er ekki í vafa um það, að þegar Bandaríkjamenn fóru héðan af landi burt, fóru þeir ekki síður vinsamlega heldur en Bretar. Og það hefur ekkert reynt meira á vináttu Bandaríkjamanna á Íslandi heldur en Keflavíkursamningurinn og ekkert unnið þeirri vináttu meira ógagn. Og ég er ekki í efa um það, að með því að gera samninga, sem hægt er að teygja og tortryggja, þá er verið að höggva enn í þennan sama knérunn.

Um leið og ég lýk máli mínu, þá vil ég aðeins segja þetta: Öll meðferð þessa máls virðist einkennast talsvert mikið af því, að þeir tveir hópar, sem annars vegar enga samninga vilja gera, og hinir, sem kynnu að vilja gera samninga, sem gengju enn þá lengra en þessir samningar, þeir séu atkvæðamestir í þessum leik öllum hér, en hinum, sem vilja taka þetta mál með varúð og gætni, sé ætlað lítið rúm í þessum umr. Það er auðséð og vitað, að það er lítið hlustað á hógværar rökræður um þetta mál hér á Alþ. og annars staðar. Og það var einnig þannig, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður. En reynslan verður svo að skera úr því, hverjir hafa raunverulega talað máli þjóðarinnar í þessu máli.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég vil þó lýsa vanþóknun minni á meðferð þessa máls, því að það á ekki að ræða það með þeim sérstaka hætti eins og gert hefur verið nú hér á Alþ. Það á að ræða það rólega og með yfirvegun. Og við eigum að reyna sameiginlega að finna í málinu þá eðlilegu lausn, að samningar þessir verði gerðir af Íslendinga hálfu nú í þetta sinn þannig, að það verði öruggir samningar. Og það ætti að vera skaðlaust, fyrst aðrir samningsaðilar viðurkenna þetta sérstaka sjónarmið okkar Íslendinga. Annars er ég einn af þeim, sem telja, að nóg sé komið af þessum samningum, og vil þá heldur enga samninga heldur en þá, sem eru ekki öruggir fyrir okkar þjóð.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef áður mótmælt þeim aðferðum, sem hér eru hafðar í frammi um að svipta hv. þm. málfrelsi. Það hefur aldrei verið gert, og sízt af núverandi hæstv. forseta, í neinum málum, sem legið hafa fyrir þessu þingi. Og mér þykir sárt, að það skuli vera gert í þessu máli, þar sem meiningin er hjá meiri hluta þingsins að binda þjóðina með samningi til 20 ára, með hinum þýðingarmesta samningi, sem hún hefur nokkurn tíma gert. Það hefði mátt ætla, að það minnsta, sem maður þó hefði fengið að gera, væri að utanrmn., sem þetta mál var sent til, hefði verið gefinn kostur á að fá að kalla til ráðuneytis helztu alþjóðaréttarfræðinga okkar lands, til þess að fá þeirra álit í þessu máli, fá að ræða við nokkra prófessora við háskólann og þá, sem hafa verið það og hafa áður verið helztu sérfræðingar ríkisstj. á undanförnum áratugum í alþjóðamálum. Nú liggur það í augum uppi, að

hver einasta þingnefnd, sem hefði ætlað að taka sitt starf samvizkusamlega, hún hefði gert þetta, kallað sérfræðinga til ráðuneytis um þýðingarmikil mál. Og ef meiri hl. n. af einhverjum ástæðum ekki áliti þörf á að gera það, þá hefði minni hlutinn haft sinn rétt til þess að leita til slíkra sérfræðinga og til þess að fá álit þeirra í þessu máli. En það var enginn kostur á neinni slíkri meðferð á þessu máli í utanrmn., sem þetta mál var sent til. Meðan fundur var haldinn í utanrmn., þá meira að segja vofði það yfir, að þá strax um nóttina yrði haldið áfram þingfundum. Það var sem sé vitanlegt, að það mátti ekki af hálfu neins aðila í utanrmn. afla þeirra upplýsinga, sem hver einasta þingnefnd álítur sér sjálfsagt að afla frá starfsmönnum ríkisins eða sérfræðingum, næstum því um hvaða mál sem er í þinginu til umr. Þetta eru svo ósæmilegar aðferðir, að ég þarf ekki að eyða orðum að þeim. Þær dæma sig sjálfar. Þetta eru aðferðir, sem sýna, að það er með svona samningi verið að rífa niður þessa stofnun, rífa niður hennar rétt og réttarvenjur, rétt íslenzku þjóðarinnar til þess að fá að athuga sín mál. Það er verið að svipta íslenzku þjóðina því að sitja í dómarasessi í sínum eigin málum. E. t. v. er þetta það, sem hv. form. utanrmn., þm. G-K., hefur meint, þegar hann skrifaði í sinni áramótagrein um þetta mál þessa setningu: „Sjálfsagt er Íslendingum hentast að setjast ekki í dómarasess í þessum málum.“ E. t. v. er það nú meining meiri hl. utanrmn., að það sé ekki lengur okkar Íslendinga að dæma í hinum þýðingarmestu málum okkar eigin lands, að reyna að skapa okkur, eftir því sem þeir beztu menn, sem við getum leitað til um þessi mál, vita réttast, niðurstöðu og athuga málin frá öllum hliðum, til þess að hafa það, sem sannast reynist. Ég verð að segja, að öðruvísi var svarað af höfðingjum Íslands fyrr á tímum, þegar skilaboð bárust til þeirra, eins og nú hafa borizt ríkisstj. frá erlendum valdhöfum. Þá var svarað: „Heyra má ég boðskap erkibiskups, en ráðinn er ég í að hafa hann að engu.“ Nú er hins vegar sagt, að Íslendingum sé hentast að setjast ekki í dómarasess um mál, sem varðar þjóðina mjög miklu, með því að nefnd okkar þings fái ekki að starfa með eðlilegum hætti og með því að alþm. fái ekki að tala að eðlilegum hætti í málinu. Það á að knýja málið fram með offorsi og ofbeldi, á sama tíma og verið er að lýsa yfir, að allt sé þetta gert til þess að vernda lýðræðið. E. t. v. vita þeir, sem þessu ráða, ekki, hvað þeir eru að gera. Og þó höfum við sérstaklega óskað þess í þessum umr. að fá að ræða með fullu frelsi við okkar samþm. um þetta mál, til þess að reyna að koma þeim í skilning um, hvaða mál þeir eru að afgreiða, ef svo væri, að einhverjum þeirra væri það ekki ljóst.

Hæstv. forsrh. sagði fyrir tveimur og hálfu ári síðan í ræðu hér í þinginu um Keflavíkursamninginn, sem er prentuð í alþt. á bls. 163: „Ég fyrir mitt leyti vil ekki, að Íslendingar vinni að því vitandi vits að gerast þátttakandi í ákveðinni „blokk“.“ — E. t. v. er hæstv. forsrh. og þeir menn aðrir, sem nú eru að taka þessa ákvörðun, ekki lengur „vitandi vits“, eftir þeirra eigin dómi. En þjóðin og þingið getur þó ekki litið þannig á. Þjóðin hlýtur að líta svo á, að þessir menn viti, hvað þeir eru að gera. Hér er það meira að segja svo, að eins einföld málsatriði eins og það, hvort við séum að brjóta eldri lög, sem við höfum undir gengizt hjá Sameinuðu þjóðunum, fást ekki rædd. Ég vitnaði til þeirrar gr. í lögum Sameinuðu þjóðanna, sem nokkrum sinnum hefur verið vitnað hér í og hv. þm. G-K. var að vitna í áðan, um, að þessi samningur væri í samræmi við þau, þ. e. 52. og 53. gr. Ég hefði viljað slá þessum greinum upp, ef það hefði ekki tekið of langan tíma. En þar er tekið fram, að það eina, sem leyfilegt sé að gera í sambandi við svæðasamtök, þ. e. samtök þjóða innan hinna Sameinuðu þjóða, sé það, sem sé í fullu samræmi við markmið og reglur hinna Sameinuðu þjóða. Við fáum ekki tíma til þess að ræða hér í sambandi við það, sem liggur fyrir í lögum, sem við höfum undir gengizt með fullu frelsi, um það, hvort við séum nú að stefna að því að brjóta þessi lög. Við erum sviptir leyfi til þess að ræða þetta. Sameinuðu þjóðirnar hafa rétt til þess að segja upp samningum sínum með eins árs fyrirvara. Keflavíkursamningnum má segja upp eftir fimm ár, frá því hann var gerður. En þessi samningur á að vera til 20 ára, og þá er farið svona að við að setja hann í gegn. — Vegna þeirrar meðferðar, sem hér hefur verið höfð í þinginu á þessu máli, hef ég ekki fengið tíma til þess að skila slíku nál. um þetta mál sem ég hefði kosið að gera. Ég hefði kosið að ræða þetta mál ýtarlega og færa fram rök með og móti og gagnrýna það. Ég hef verið reiðubúinn til þess að ræða þetta mál frá öllum hliðum. En það er hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ., sem hefur bannað, að það sé gert, og tekið á sig ábyrgðina á því. — Ég flyt brtt. við þessa þáltill., þess efnis, að fara skuli fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta mál, áður en það væri afgreitt. Það liggur fyrir fjöldinn allur af samþykktum frá öllum mögulegum samtökum þessa lands, sem krefjast slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Það liggja fyrir í okkar stjórnarskrá alveg sérstök ákvæði, þau aðalákvæði, sem breytt var frá stjórnarskrá konungsríkisins Íslands til stjórnarskrár lýðveldisins Íslands í lýðræðisátt, að möguleikar voru skapaðir til þess að vísa málum til þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að þjóðin hefði endanlegt vald til þess að ákveða um sum mál afgreiðslu þeirra. Þessar till. um þjóðaratkvgr. í þessu máli eru studdar af viðtækustu samtökum þessa lands og nokkrum fjöldafundum, sem hér hafa verið haldnir. Ég hef lagt þessa brtt. fram, og ég vil enn leggja áherzlu á það, að ef svipta á þjóðina þeim rétti að fá að segja sitt orð um þennan samning, þá er verið að fremja ofbeldi af hálfu meiri hlutans á Alþ., ofbeldi, sem þjóðin getur ekki viðurkennt. Það getur enginn þingmeirihluti með þeim aðferðum, sem hér eru við hafðar, með þeim þverbrotum á öllum þingræðisvenjum með réttu gert svona samning — og aldrei í frjálsu þjóðfélagi —, sem bindur þjóðina, og sízt til 20 ára, eins og hér á að gera.

Hv. þm. G-K. talaði hér áðan um taugaóstyrk í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Hvar er sá taugaóstyrkur? Sá taugaóstyrkur er hjá hæstv. ríkisstj. og hjá þeim meiri hluta á Alþ.,

sem er að knýja þetta mál í gegn með ofbeldi. Það er taugaóstyrkur í meðvitund manna, sem hafa einhverja hugmynd, eitthvert hugboð a. m. k. um, að þeir séu að gera rangt, og óttast þann dóm, sem þeir fá. Hv. þm. G-K. talaði meira að segja með fjálgleik á þessa leið: Hver trúir því, að nokkurt af þessum ríkjum, sem við með þessum samningi ætlum að ganga í bandalag við, vilji stríð? — Það eru aðrar þjóðir, sem er verið að vígbúast gegn með þessum samningum, þjóðir, sem hafa orðið að þola margfalt ægilegri þjáningar en þær þjóðir í Vestur-Evrópu, sem meiningin er hér að ganga í bandalag við. Og þjóðirnar í Vestur-Evrópu hafa sýnt, að þær eru í árásarstríði. Og sjálfar Sameinuðu þjóðirnar hafa fordæmt árásarstríð einnar þeirra þjóða, Hollendinga, sem við með þessum samningi, ef við gerumst aðilar að honum, erum að ganga í bandalag við. Ég flutti allar þessar staðreyndir fram í minni fyrstu ræðu. Ekki ein einasta af þeim hefur verið rædd. Hins vegar hefur mátt heyra skammir, níð og aðdróttanir um andmælendur þessa máls. En ekki hefur verið snert við því að ræða þessi málsatriði með rökum. Svo er bara talað um mannhelgi og manngöfgi og öll möguleg falleg orð höfð í sambandi við þessa samninga, meðan við horfum upp á — og fleiri hv. þm. heldur en sósialistar taka undir það — meðan við horfum upp á það, hvernig efndirnar eru á Keflavíkursamningnum, og svo mannhelgina og manngöfgina þarna suður frá. — Ég hef áður gert ýtarlega grein fyrir því, hvernig ég álít sjálfstæði og öryggi okkar þjóðar stofnað í hættu með þessum samningi, hvernig ég álít, að sú eina veika von væri, sem við gætum haft til þess að halda okkar frelsi og halda okkar þjóð utan við, ef ný styrjaldarátök yrðu háð í veröldinni — sem hamingjan forði okkur frá —, hvernig við erum að glata þeim möguleika með því að draga okkar ríki inn í þetta hernaðarbandalag. Ég ætla ekki nú, í þeim stutta tíma, sem mér er ætlaður hér, að reyna að bæta neinu við það. En hitt vil ég segja: Mér finnst ekki aðeins, að meiri hl. Alþ. sé að gera ráðstafanir, sem stofna frelsi okkar þjóðar í hættu, stofna sjálfu lífi og tilveru hennar í voða. Mér finnst líka, að með samþykkt svona samnings værum við Íslendingar að svíkja það göfugasta í okkar þjóð. Við höfum verið eina þjóðin í þessum heimi, sem hefur byggt sína tilveru á því, að allir aðrir menn virtu frelsi og rétt okkar til þess að lifa sem frjálsir menn. Við erum eina þjóðin í þessum heimi, sem hefur byggt á því, að við getum lifað í friði, án þess að aðrar þjóðir hefðu átyllu til þess að skerast hér í leik og líta á okkur sem ofbeldisþjóð. Við höfum komið fram gagnvart öðrum þjóðum heims sem eina friðarríkið, sem til er á hnettinum. Við höfum byggt grundvöll okkar þjóðfélags á því, að við værum fyrst og fremst andans þjóð, þjóð, sem byggir sína tilveru ekki á vopnum og herstyrk, heldur á bókmenntum og andlegum afrekum. Ef við getum ekki byggt okkar tilveru á þessum grundvelli, þá er viðbúið, — a. m. k. ef við vinnum að því sjálfir, — að það geti komið að því, að okkar þjóð verði ekki lengur til. Ég álít, að í veröld, sem er grá fyrir járnum og þar sem vígbúizt er af öðru eins kappi og nú er gert, þá hefði það verið heiður fyrir okkar þjóð að þora ein allra að halda uppi merki friðarins, þora að segja frammi fyrir öllu mannkyni, að við treystum á þrá mannkynsins eftir friði og virðingu mannanna á frelsi hvers annars og að við séum að halda uppi þessu merki smælingjanna, við, smæsta þjóðin, sem til er í heiminum, við, sem getum sem þjóð talað í nafni allra þeirra smáu í þessum heimi, túlkað þeirra óskir og þeirra þrá eftir friði og sýnt það í verkinu, að við viljum treysta á þennan sterka vilja, sem hjá öllu mannkyni er til þess að geta haldið friði. En ef þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá erum við Íslendingar að yfirgefa allt þetta, erum að traðka á öllu því, sem hefur gert okkar þjóð siðferðilega stóra, og samtímis að láta falla það merki, sem við af öllum þjóðum hefðum verið færastir og sjálfkjörnastir til að bera. Við erum þá að bregðast því hlutverki, sem hefði getað gert Ísland a. m. k. að bezta ríki í veröldinni, e. t. v. líka eitthvert hið sterkasta, með því að þora að skírskota til þeirrar sterku þrár hjá mönnunum að fá að lifa í friði. Ég álít, að það sé ákaflega illa farið, að Alþ. Íslendinga, með þeirri virðingu, sem það nýtur hjá öðrum þjóðum fyrir sögu sína, skuli nú með því ofbeldi, sem hér er beitt, vera að leggja þetta allt í rústir. Ég álít það ákaflega sárt. Og ég sé á þeim aðferðum, sem hér eru hafðar í frammi, að það er ekki aðeins verið að flytja Ísland inn í samtök ofbeldisríkja heimsins gagnvart þeim öflum, sem vilja frið í heiminum, og nýlenduþjóðum þeim, sem vilja þjóðfrelsi, — það er líka verið að fremja hér innanlands ofbeldi. Það er verið að sniðganga okkar þjóð, þegar henni reið meira á en nokkru sinni fyrr að skapa sér einingu um vandamál, hvernig sem skoðanir manna annars væru í ýmsum málum. Það er bókstaflega verið að hrinda okkar þjóð sem sjálfstæðri þjóð út í þann háska, sem við allir erum sammála um, að yfir henni vofir, ef erlendir menn hópast til landsins. Þess vegna hef ég gert það, sem ég hef getað, til þess að hindra, að þessi mál yrðu sett í gegnum Alþ. Íslendinga á þennan hátt. Alþ. er að leiða varanlega ógæfu yfir þjóðina og gera sjálfu sér smán með því, sem hér á nú að knýja fram, án þess að gefa þinginu né þjóðinni möguleika til þess að átta sig á, hvað hér er verið að gera. Það er þung ábyrgð, sem þeir menn taka á sig, sem knýja þetta fram.

Ég vil þess vegna leggja áherzlu á það, að áður en þessu máli sé nú lengra haldið, þá hverfi hv. meiri hl. Alþ. frá þeim aðgerðum, sem nú eru fyrirhugaðar hér. Og ég vil nú spyrja að því: Hvað er það, sem getur valdið því, að Íslandi sé það óhjákvæmilegt, að þetta mál sé afgreitt nú þegar í dag? Hvað er það, sem getur valdið því, að það sé jafnvel endilega nauðsynlegt, að við undirskrifum þennan samning 4. apríl n. k.? Hæstv. ríkisstj. og hv. meiri hluti Alþ. hefur engin rök fært fram, sem gætu sannfært þingið um, að slík aðkallandi nauðsyn sé fyrir hendi. Það hefur einu sinni áður verið beitt svipaðri aðferð, það var 21. júní 1941. Þá var það sameiginlegt hervald Breta og Bandaríkjamanna, sem setti Íslendingum úrslitakosti, hvort þeir vildu innan 24 tíma biðja Bandaríkin

um hervernd eða ekki. Bandaríkin, erlent herveldi, beittu þá nauðung við Íslendinga. Ríkisstj. gekk inn á það til neydd, og Alþ. var kvatt saman 9. júlí, daginn eftir að bandarískur her gekk hér á land. Mér vitanlega vofir nú ekki slíkt yfir. Yfirlýsing frá utanrrh. Bandaríkjanna, Dean Acheson, segir, að jafnvel þótt Sovétríkin hefðu árás í huga, væri útilokað, að Bandaríkin undirbyggju töku Íslands, á meðan Vestur-Evrópa og Norðurlönd væru frjáls. Þetta er ekkert svipað og 1941. Samt er okkur skipað fyrir. Samt á Alþ. að afgreiða þetta mál á einum sólarhring, eins og þegar engilsaxneska herverndin var úti, og þrátt fyrir það, að ekki á að undirrita samninginn fyrr en 4. apríl, svo að enn er vika til stefnu, og þó að Alþ. geti, ef það vill, gengið í bandalagið í maí eða júní, og þá væri hægt að viðhafa þær lýðræðisaðferðir, sem gert er ráð fyrir í stjórnarskránni, — þá er viðhaft hér ofbeldi. Hví er þetta þá gert? Aðeins það, að erlent herveldi skipar Íslendingum að skrifa undir strax, erlent vald, sem hefur fjárhagsleg tök á Íslendingum. Og vegna þessara taka og vegna þeirrar aðstöðu, sem Bandaríkin hafa þegar tryggt sér hér, þá geta þau knúið fram með ofbeldi, ofríki og lagaleysu mál, sem ekki yrði samþ., ef þjóðin fengi rétt til að dæma. Og hví skjóta þeir ekki málinu til dóms þjóðarinnar, ef þeir eru öruggir um dóm hennar?

Það er nú komin hér fram brtt., sem ég flyt á þskj. 514, þó að hæstv. forseti hafi ekki enn leitað afbrigða um hana, og vil ég nú ræða hana nokkuð, þó að ekki hafi enn verið leitað afbrigða. Till. þessi fjallar um, að aftan við tillgr. komi svo hljóðandi málsgr.: „Þó er ráðh. aðeins heimilt að undirskrifa samning þennan með þeim fyrirvara af Íslands hálfu, er sé jafngildur sáttmála þessum, að Íslendingar muni aldrei hafa nokkurs konar herbúnað og að engin bandalagsríki muni fá hér herstöðvar eða önnur ítök, er hafa hernaðarlega þýðingu.“ Ég legg þessa till. fram, svo að úr því fáist skorið, hvort yfirlýsingar þær, sem gefnar hafa verið, hafi við nokkuð að styðjast. En það, sem felst í brtt. minni, er í samræmi við það, sem lýst hefur verið yfir af hæstv. ríkisstj., og ef þeir meina það, sem þeir hafa sagt, þá geta þeir fallizt á till. mína, ef það er þá ekki meiningin að brjóta þennan samning eins og Keflavíkursamninginn.

Þá legg ég fram aðra brtt. um Keflavíkursamninginn, og er hún á þá leið að tilkynna Bandaríkjunum, um leið og við undirritum samninginn, að það sé vilji Íslendinga að segja upp Keflavíkursamningnum. En þar sem ekki er enn búið að útbýta þeirri till., vil ég leyfa mér að lesa hana — með leyfi hæstv. forseta: „Aftan við tillgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Jafnframt felur Alþingi ríkisstj. að tilkynna stjórn Bandaríkjanna, að það sé vilji Alþ. að segja upp samningnum um Keflavíkurflugvöll, strax og ákvæði hans leyfa, og taka að öllu leyti í hendur Íslendinga starfrækslu hans og fá engum erlendum ríkjum né neinu hernaðarbandalagi yfirráð hans né afnot, nema einvörðungu venjuleg samgönguafnot með eðlilegum hætti samkvæmt samningum.“ Þessi brtt. er lögð fram, svo að fram komi, ef hún verður samþ., að Bandaríkjunum sé tilkynnt, að það sé vilji Alþ. að segja upp Keflavíkursamningnum, og einnig, að Íslendingar vilji engu erlendu ríki ljá yfirráð eða afnot af vellinum fram yfir það, sem eðlileg samgönguafnot krefjast, að það komi fram, að Íslendingar vilji ekki, að Keflavík sé notuð sem dulbúin herstöð. Ég vil, að þetta komi fram, ef það er þá meining hv. meiri hl. Alþ. og hæstv. ríkisstj., og að Bandaríkin viti afstöðu okkar í þessu máli. En verði hún felld, þýðir það, að verið er að gefa Bandaríkjunum vissu um það, að þau geti notað Keflavík sem herstöð, og þar sem búið er að leggja 60 millj. í að stækka flugvöllinn, svo að hann verði reiðubúinn fyrir stærstu hernaðarflugvélar, þá er það ljóst, að við verðum að fá svo gengið frá samningnum, að augljóst sé, að við berjumst gegn því, að hér séu herstöðvar. Ef við fellum till., þá gefum við Bandaríkjunum til kynna, að hér eigi að vera herstöð á friðartímum.

Ég vil taka það fram, að þessi meðferð málsins er algerlega óviðurkvæmileg og blettur á þingi okkar og þyrjun af hálfu erlends valds að rífa niður vald og rétt Alþ. Ég vil mótmæla því, að málið verði afgreitt eins og nú er undirbúið. Ég vil taka fram, eins og ég gerði áður í greinargerðinni, að ég tel, að hæstv. forseti sé ekki sjálfráður gerða sinna, þegar hann beitir aðferðum sem þessum. Ég held, að ég þekki hann það vel, að mér sé óhætt að fullyrða, að hann mundi ekki beita svona aðferðum, ef hann væri sjálfráður, en það að þessari aðferð er beitt og hæstv. forseti lætur beygja sig, sýnir, hve þrýst er á Alþ. og brotið niður vald þingsins. Og eftir 5 ára sjálfstæði hefst aftur nýtt niðurlægingartímabil. Ég vil nota síðustu mínúturnar til að vara hv. þm. við, hvaða skref þeir eru nú að stíga. Það er mesta ógæfuskref, sem Alþ. hefur stigið, að 1262 ekki undanskildu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 513 og 514) leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég tók ekki til máls við fyrri umr., þar sem ég hafði lýst afstöðu minni í útvarpsumr. um vantraustið á ríkisstj., og lýsti ég þar hinum almennu rökum fyrir málinu. Það var því aðeins út af brtt., að ég vildi segja nokkrar setningar. Miðstjórn og þingflokkur Framsfl. töldu rétt að gerast stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu.

Ég tel þjóðaratkvæðagreiðslu óheppilega og óþarfa og skora á hv. þm. að fella þá till. Í sambandi við till. um fyrirvara við undirskrift sáttmálans eða viðaukann um, að við séum vopnlausir og viljum engan her, þá tel ég það óþarfa, þar sem engin slík ákvæði eru í samningnum og því algerlega á valdi Íslendinga sjálfra. Því hefur einnig verið lýst yfir í viðræðum, að slíkt kæmi ekki til greina, og í nál. meiri hl. utanrmn. er gerð grein fyrir sérstöðu Íslands. Til viðbótar við þetta hefur hæstv. utanrrh. lýst því yfir, að ef við gerumst þátttakendur í bandalaginu, muni hann geta þessarar sérstöðu Íslendinga í ræðu í sambandi við undirskrift sáttmálans —, og er þá þessi fyrirvari fullnægjandi og þetta því óþarft. — Í sambandi við till. um Keflavíkurflugvöllinn vil ég aðeins segja

eins og áður, að um það, hvernig eigi að fara með hann, eru alveg ákveðnar skoðanir og óþarfi að setja hann í samband við þetta mál og aðeins sett þarna í því skyni að hindra, að við gerumst stofnaðilar, og vil ég því, að hún sé felld. Ég er því á móti till. hv. 2. þm. Reykv., en mun greiða atkv. þáltill., sem fram er komin um að gerast stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu, og vil endurtaka áskorun mína frá útvarpsumr., að till. verði samþ. óbreytt eins og hún kom frá ríkisstj.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af framkomnum brtt. vil ég gera hið sama og hæstv. menntmrh., að vísa til samþykktar miðstjórnar og þingfl. Alþfl. og til ummæla minna í útvarpsumr. í fyrrakvöld. En ég skal geta þess út af till. um þjóðaratkv., að ég tel slíkt hvorki eðlilegt né heppilegt, enda hvergi viðhaft. Auk þess hefur aldrei komið fram till. um slíkt í miðstjórn eða þingflokki Alþfl. Ég tel því, að Alþfl. telji það óheppilegt. — Ég vil þá minnast á till. á þskj. 506. Hv. 4. þm. Reykv. gerði í langri og ýtarlegri ræðu grein fyrir henni. Meginatriði brtt. sagði hann að væri í samræmi við yfirlýsingu Alþfl. um samvinnu við hinar vestrænu lýðræðisþjóðir. Hins vegar tel ég bæði óeðlilegt og óþarft að samþ. þessar brtt. og vil geta þess, að þegar sams konar till. voru fluttar í miðstjórn og þingfl. Alþfl., var þeim vísað frá með miklum meiri hluta, eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram. Till. eru því ekki fluttar eftir markaðri stefnu flokksins, heldur einkaskoðun hv. þm. Hins vegar vil ég geta þess — og vitna til hæstv. utanrrh. og hæstv. menntmrh., að Alþfl. er þeirrar skoðunar, eftir þær upplýsingar, sem fyrir lágu og komu fram hjá hæstv. viðskmrh., að lýst verði fyrir stofnaðilum Atlantshafsbandalagsins þeirri sérstöðu, sem Ísland hefur sem óhervædd þjóð, og hún viðurkennd. Sá liður till. er því óþarfur að mínu áliti, þar sem þátttaka leiðir ekki til þess, að Ísland þurfi að fara í styrjöld, þó að aðrar bandalagsþjóðir geri það. Þá vil ég taka það fram, að við undirritun sáttmálans mun því verða lýst yfir, að Ísland sé vopnlaust og mun það tvímælalaust leiða til þess, að Íslandi mun hvorki verða lögð á herðar lagaleg né siðferðileg skylda til stríðsyfirlýsingar. Ég vona því, að þm. sjái, að slíkar brtt. eru þarflausar og tryggt verður á annan hátt það, sem þeir vilja láta koma fram. — Út af till. í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn vil ég benda á, að þátttaka Íslands í bandalaginu er líkleg til að greiða fyrir auðfenginni endurskoðun á Keflavíkursamningnum fyrr en ella. Ég tel till. þessar óheppilegar og óþarfar og vil mælast til, að þær verði felldar. Ég mun ekki fjölyrða frekar um málið og læt nægja að vísa til umr. í fyrrakvöld.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj., hæstv. forseti og meiri hluti Alþ. hefur framið geipileg glöp í meðferð þessa máls. Það eru örlagarík mistök, að þetta mál skuli vera knúið í gegnum þingið með ósæmilegum hætti. Það er á þennan hátt, sem þingræði og lýðræði er tortímt. Alþ. bar að sýna í rauninni, að þessu máli vildi það sýna sóma og láta málfrelsi njóta sín og athuga það sem bezt. Ef það hefði verið gert, hefði ríkt ró og stilling í þingsölunum og hjá almenningi, en vegna þess, að það var ekki gert, skortir mikið á, að sú ró hafi verið, sem hæfir slíku máli og svo virðulegri stofnun. En hér hafa verið framin örlagarík glöp. Íslendingar höfðu ástæðu til að ætla, að þjóðfélagið væri svo þroskað, að lög og réttur giltu í samræmi við vilja þjóðarinnar, og það kynni að mæta rödd þjóðarinnar. En aðferðir þær, sem hér hefur verið beitt, benda til þess, að nokkuð skorti á þennan þroska, sem með þarf. En þeir, sem kosið hafa ofbeldið, verða síðar dregnir til ábyrgðar. En Alþ. á því miður eftir að fremja enn meiri glöp í dag, því að einsætt er, að Ísland verður gert að aðila í Atlantshafsbandalaginu, og verða því hv. þm. að gera sér ljóst, inn í hvað þeir eru að leiða þjóðina. Ég byggi á þeirri staðreynd, að Bandaríkin hafa fyrir löngu fest þá skoðun með sér í ræðu og riti, að Ísland sé æskileg og jafnvel nauðsynleg herstöð í hernaðarkerfi þeirra. Það er ákveðið af þessum aðila að halda hér herstöð, með góðu eða illu, og er ekkert til sparað, og má þar til nefna Keflavíkursamninginn, Marshallaðstoðina svokölluðu, og loks er það krafan um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Bandaríkin hafa ákveðið að hafa hér herstöð, og hún er hér nú þegar, það er auðsætt. Hér ráða þau einum stærsta flugvelli heims, sem merktur er á öllum kortum þeirra sem stórkostlegasta árásarstöðin og herstöðin, sem Bandaríkin ráða yfir, því að það eru ekki Íslendingar, sem ráða Keflavíkurflugvellinum. Það eru Bandaríkjamenn. Það er rétt hjá hv. þm. Str., að þau loforð og skuldbindingar, sem Bandaríkjamenn gáfu okkur með Keflavíkursamningnum, hafa ekki staðizt. Olíustöðin í Hvalfirði er betur dulbúin herstöð, og hæstv. utanrrh., eða sá helmingur ríkisstj., sem vestur flaug, varð að heita því, að þar yrði allt til taks undir herstöð, ef til stríðs kæmi hér. Ísland hlýtur að verða stríðsaðili samkvæmt samningnum, ef til stríðs kemur, ella væri hann meiningarleysa, og það er hann auðvitað ekki. Við réðum engu, er við vorum hernumin 1940, og ekki réðum við neinu um herverndarsamninginn 1941 nema að forminu til, og hverjum dettur í hug í fullri alvöru, ef Bandaríkin þykjast þurfa að fara í stríð, að við verðum spurðir, hvort við viljum vera með? Hvert verður svo framlag Íslendinga? Þeir leggja fram land sitt sem herstöð fyrir erlendan her, sem e. t. v. á í árásarstríði, við verðum að láta vinna í þjónustu hernaðar og e. t. v. nokkra menn í herinn, og fjármunir okkar verða látnir ganga til hernaðarrekstrar, og svo getur farið, að helmingur þjóðarinnar týni lífinu og eignir þjóðarinnar verði að engu.

Það hefur verið upplýst fyrir íslenzku ráðherrunum í Bandaríkjunum, að Ísland verði ekki notað sem árásarstöð í fyrstu stríðslotu, en tapist stöðvar fjær Bandaríkjunum, þá verði Ísland árásarstöð. Þetta er staðreynd, sem ráðherrarnir hafa ekki dirfzt að mótmæla. Ég hef aldrei hér á Alþ. heyrt lágkúrulegri ræðu en hæstv. menntmrh. hefur nú flutt hér. Það var eymdin, sem einkenndi ræðu og ræðumann. Hann er lítill maður á stórri stundu. Hann sagði, að við fengjum fyrirvara, að aðrir samningsaðilar lofuðu að virða

sérstöðu okkar sem vopnlausrar þjóðar. Og þetta segir hann, eftir að hafa heyrt formann síns eigin flokks lýsa því hér yfir, að engin loforð hafi verið haldin, sem okkur voru gefin í Keflavíkursamningnum. Hvers virði eru þá loforð þessara manna, sem enn á að fara að semja við? Hver gerir nokkuð með slík rök? Og hann sagði, að við ættum að gerast stofnaðili að bandalaginu. En hverjum liggur á? Okkur eða heiminum? Það getur engum legið á, og það er sjálfsagt og skyldugt í máli, þar sem um er að ræða líf eða dauða þjóðarinnar, að spyrja hana sjálfa. Engum hér liggur á. Við þurfum ekki að gerast stofnaðili, það liggur ekkert á. Þess vegna á að spyrja þjóðina fyrst. Það getur ekki verið bindandi fyrir þjóðina að binda hana þannig með ofbeldi eins og hér á sýnilega að gera.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. spurði að því í lok ræðu sinnar, hvort heiminum lægi nokkuð á þessu bandalagi. Því er fljótsvarað, að heiminum liggur á.

Það var sagt frá því í útvarpinu í gærkvöld, að allt norska þingið, að kommúnistum einum undanskildum, hefði samþykkt aðild Noregs að Atlantshafsbandalaginu. Málinu var vísað til utanríkismálanefndar norska þingsins, og hefur verið séð svo um, að kommúnistar ættu engan fulltrúa í þeirri nefnd. Norðmenn eru einhver mesta lýðræðisþjóð heimsins, en þeir líta bara svo á, að kommúnistar séu ekki þjóðin, heldur deild, sem lætur stjórnast í blindni af Rússum, og þeir láta þá ekki vera í utanríkismálanefnd, af því að þeir vita, að kommúnistar eru ekki af eðli þjóðarinnar.

Sama reynslan er hér, kommúnistar eru alls staðar óhæfir til að vera með í félagsmálum, af því að þeir brúka ofbeldi. Nú vill svo til, að kommúnistar hafa hér alveg nýlega ætlað að þvinga af vandlætingu af því að Lúðvík Jósefsson, hv. 2. þm. S-M., er særður, af því að hann sagði ekki til nafns, þekktist ekki og varð að bíða eina mínútu eftir því að komast hér inn í alþingishúsið. En að hugsa sér, að kommúnistar skuli hafa brjóst í sér til að hrópa upp um ranglæti og ofbeldi, þó að einn þeirra þurfi að bíða eina mínútu við dyr, að þeir skuli dirfast, þessir skósveinar Rússa og ofbeldisins. Hve lengi hafa Pólverjar, Finnar og Eystrasaltsþjóðirnar orðið að bíða réttlætisins við dyr Rússa? Það var níðingslegt, að þegar Hitler var búinn að svíkjast að Pólverjum, þá kom Stalin að austan og beið aðeins eftir því, að Þjóðverjar þjörmuðu fyrst að Pólverjum í Varsjá. Það er ekki til meiri glæpsemi, meiri svívirðing en þessar 5 þjóðir hafa orðið að þola, það er skilyrðislaus glæpur, og því verri, sem hann er framinn í skjóli griðasáttmála. Alþ. vill ekki neina hálfvelgju lengur, heldur ganga með þjóðum, sem eru á móti slíkum aðförum.

Það, sem okkur ber því skylda til að gera, fáum og vopnlausum, og fyrr en nú, var að tryggja landinu varnir. Það var skylda okkar, ef hyggindin hefðu ráðið, að sjá um, að hér væru varnir eins og með öðrum þjóðum, a. m. k. 100 flugvélar til varnar og taks í Keflavík. Að varnarleysi okkar og sofandahætti er brosað um allan heim og litið á varnarleysið sem tákn um vanmátt okkar. Við erum nú algerlega varnarlausir. Hvaða dag sem Rússum þóknast geta þeir komið hingað og sett hér 30 þúsund manna lið og vopn, eða það sem þeim þóknast, á tvo flugvelli, þannig að það er ósköp skiljanlegt, að aðrar þjóðir segi, að úr því að Íslendingar vilji vera óvarðir, þá sé ekki rétt að neyða varnir upp á þá. En það, sem hér yrði að gerast, ef Rússar kæmu hingað, er hins vegar það, að aðrar þjóðir yrðu að hafa fyrir því að hreinsa Rússa aftur af Reykjanesinu, eins og eyjarnar í Kyrrahafi voru hreinsaðar af Japönum, og e. t. v. neyddust þessar þjóðir til að hreinsa okkur með, og hefðum við þá lagt okkur það til með því að bjóða Rússum heim. Gæti þá svo farið, að helmingur þjóðarinnar tapaðist, eins og séra Sigurbjörn sagði, og væri það allt kommúnistum að kenna.

Danir þykja friðsamir menn og leggja lítt stund á vopnaburð. Þó sækja þeir nú fast að fá vopn frá Bandaríkjunum, vopn gegn Rússum, ekki til að ráðast á Rússa, heldur til að vera viðbúnir til varnar, ef Rússar ráðast á Danmörk. Þeir hafa lært af reynslunni og vita sem er, að Rússar hafa innlimað fimm lönd þegjandi og hljóðalaust, af því að þau gátu ekki veitt neina mótspyrnu.

Kommúnistum þarf að verða ljóst, að ofbeldistilraunir þeirra 1946, skrílslætin hér fyrir utan í gærkvöld, hótanir Brynjólfs Bjarnasonar með 800 milljónum og allt slíkt er bjánalegt og viðbjóðslegt í augum allra góðra Íslendinga og allra heiðarlegra manna. Allt þetta ber þess glöggan vott, að þeir eigi ekki að ráða, og þeir geta ekki og mega ekki ráða, af því að það er skaðlegt þjóðinni. Við verðum að láta þeim skiljast, að ef Lúðvík Jósefsson var særður í metnaði sínum vegna þess, að hann þurfti að bíða hér eina mínútu við dyr þinghússins, þá erum við Íslendingar særðir, ef okkar hlutskipti yrði hið sama og Eystrasaltsþjóðanna. Af því að við kjósum umfram allt ekki það hlutskipti, þá gerum við þennan samning og gerum ráðstafanir til þess, að kommúnistar hafi ekki aðstöðu til að misbjóða Alþingi eins og þeir hafa gert í dag.

Skúli Guðmundsson: Á þskj. 508 eigum við hv. þm. Str. brtt. við þessa till., er hér liggur fyrir, og er efni brtt. okkar á þá leið, að þetta mál sé lagt undir þjóðaratkvæði strax í næsta mánuði. Er nánar fram tekið í brtt., hvernig atkvæðagreiðslu þeirri skuli haga, þ. e. a. s. að því leyti, að kjörmiðar utan kaupstaða og kauptúna skuli afgreiddir til heimila eftir settum reglum.

Með þessari tilhögun teljum við að komið verði í veg fyrir, að málið verði langvarandi deilumál.

Það hefur nokkuð verið rætt um þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál að undanförnu, og virðast þeir yfirleitt andvígir Atlantshafsbandalaginu, sem vilja þjóðaratkv. En þar gegnir öðru máli með mig. Ég tel rétt, að við stöndum að bandalaginu, ef svo tryggilega er um hnútana búið, að sérstaða Íslands sem vopnlausrar þjóðar sé viðurkennd. Ég er ekki að draga í efa fullan rétt Alþingis til að ráða málinu til lykta, og vitanlega hefur þjóðaratkvgr. fyrirhöfn nokkra í för með sér. En málið er þannig

vaxið, að ég tel eðlilegt, að þjóðaratkvgr. fari fram um það, og má m. a. benda á, að með því móti er unnt að koma í veg fyrir, að það verði gert að æsinga- og áróðursmáli, eins og þegar hefur verið gert á Alþingi og utan þess.

Af brtt. okkar þm. Str. leiðir, ef hún verður samþykkt, að Ísland getur ekki gerzt stofnaðili að bandalaginu eins og gert er ráð fyrir í till. ríkisstj., og að því leyti er brtt. okkar ekki í samræmi við fyrri ályktun miðstjórnar flokks okkar og þingflokks. En nú er yfirlýst, að þjóðinni standi til boða að gerast síðar aðili að bandalagi þessu, og sé ég þá ekki, að neinn skaði sé skeður, þó að þátttökunni verði frestað um mánaðartíma, því að mér þykir líklegt, að við þjóðaratkvgr. verði meiri hlutinn með þessari samningsgerð og Ísland gerist þá aðili að bandalaginu án þess, að Alþingi þurfi frekar um málið að fjalla. Vegna þess, hve fundartíminn er stuttur, læt ég máli mínu svo lokið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætlaði að beina fyrirspurn til hv. þm. G-K., en hann er ekki viðstaddur, og vil ég leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að þingmanninum sé gert aðvart.

Hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. lögðu áherzlu á það ákvæði samningsins, að stríðsaðildar yrði aldrei krafizt af neinum aðila. Þetta töldu þeir alveg ótvírætt. En mér fannst ekki fullur sannfæringarkraftur fylgja orðum þessara hæstv. ráðherra, því að það fylgdi með, að tilætlunin væri að hæstv. utanrrh. gerði síðar munnlega grein fyrir því, að Ísland gerðist aldrei hernaðaraðili. En væru ótvíræð ákvæði um það í samningnum, að stríðsþátttaka eða stríðsaðild væri hverjum aðila í sjálfsvald sett, þá væri líka allur munnlegur fyrirvari í þessu efni óþarfur. Samt ætlar ríkisstj. að láta þann fyrirvara fylgja. Ég tel, að gera verði ugglausan fyrirvara um það, að Ísland gerist aldrei stríðsaðili, annað er óverjandi, og sá fyrirvari þarf að vera skriflegur. Hæstv. menntmrh. lýsti því hins vegar yfir, að munnlegur fyrirvari væri jafngóður skriflegum, en það eru skiptar skoðanir um það. Ég bendi á, að glöggur lögfræðingur og gagnkunnugur utanríkismálum hefur tjáð mér, að hann sé einnig þeirrar skoðunar, að slíkur munnlegur fyrirvari nægi ekki. Um þetta mál hefur ekki verið rætt við aðra af Íslands hálfu en utanríkisráðherra Bandaríkjanna, það hefur ekki verið rætt við ráðherra hinna þátttökuríkjanna. Nú má vera, að hin ríkin láti gott heita það, sem sagt hefur verið við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, en hér má ekkert á milli fara, sérstaða okkar þarf að vera glöggt og ótvírætt mörkuð og koma skýrt fram og óumdeilanlega. Íslendingar hafa fyllstu ástæðu til að gæta mestu varúðar við slíka samningagerð, ekki sízt með hliðsjón af reynslunni af tveimur loðnum samningum, sem einmitt hafa verið gerðir við Bandaríkin, herverndarsamningnum og Keflavíkursamningnum. En reynslan af báðum þessum samningum er slík, að við höfum fyllstu ástæðu til að gæta mestu varúðar. Ég veit að vísu, að utanríkisráðherra Bandaríkjanna óskaði þess, að engin þjóð gerði skriflegan fyrirvara, en ég hygg þó, að ósk um það yrði ekki neitað, og ég skil satt að segja ekki, hví ekki má hafa hann skriflegan, úr því að það er skoðun ráðamanna, að slíkan fyrirvara þurfi að hafa. Ég vil leyfa mér að bera fram þá fyrirspurn til utanrrh., hvort hann vilji lofa Alþingi að heyra þennan munnlega fyrirvara. Ég æski þess eindregið.

Þá vil ég víkja svolítið að yfirlýsingu menntmrh. í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn. Ég tel það mjög mikilvægt, að þessi flokkur er reiðubúinn til að beita sér fyrir endurskoðun Keflavíkursamningsins. En í beinu framhaldi af þessu vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. G-K. og formanns utanrmn., hvort hann og flokkur hans vilji einnig beita sér fyrir endurskoðun Keflavíkursamningsins. Utanrrh. sagði, að vissulega væri æskilegt, að flugvöllurinn kæmist algerlega undir íslenzk yfirráð, en ég vil benda á, að þm. áttu þess kost að láta í ljós þá skoðun sína með því að samþykkja þá tillögu, sem við þá bárum fram en náði ekki fram að ganga, m. a. vegna andstöðu Ólafs Thors. Ef það nú kæmi í ljós, að það væri vilji Sjálfstfl., að endurskoða skuli Keflavíkursamninginn, þá sé ég ekki annað en það sé orðinn vilji allra flokka þingsins og skil þá ekki, hvað er því til fyrirstöðu að samþykkja nú tillögu okkar á þskj. 506. Menntmrh. sagði, að tillaga okkar væri ósamrýmanleg sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er alger misskilningur. Fyrri liðurinn er varðandi skriflegan fyrirvara, en síðari liðurinn er viljayfirlýsing frá Alþingi um, að óskað sé eftir samkomulagi við Bandaríkin um endurskoðun á Keflavíkurflugvallarsamningnum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Síðasti ræðumaður beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort ég vildi lesa upp hinn munnlega fyrirvara. Hann er að efni til eins og ég lýsti hér í gær og eins og kemur fram í nál. meiri hl. utanrmn. Varðandi Keflavíkursamninginn er það að segja, að ég tel mun meiri líkur til, að hægt sé að komast að samkomulagi um það efni, þegar þessi samningur hefur verið gerður. En raunar þarf til þess samning milli ríkjanna, eins og kom fram hjá hv. þm., og við erum því ekki einir um það mál.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Thors): Hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurn, sem hæstv. utanrrh. svaraði, og ég vil aðeins bæta því við, að þetta mál hefur ekki enn þá verið tekið fyrir innan flokksins til endanlegrar ákvörðunar.

Hv. þm. Str. sagði strax, að það væri auðséð, að ekki væri hægt að koma með neina brtt. Þó gerir hann sjálfur brtt. Hann spyr, hvers vegna við viljum ekki gera skriflegan fyrirvara, en það er óþarfi, því að samkv. samningnum tökum við ekki á okkur aðrar skuldbindingar en við sjálfir viljum og aðrir viðurkenna réttmætt.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að því, að sér þættu umræðurnar stuttar, en þær hafa raunar staðið yfir í 3 daga, fyrir utan allt, sem talað hefur verið um þetta og skrifað að undanförnu. Hann sagði, að ég hefði sagt í áramótagrein minni,

að við ættum ekki að setjast í dómarasætið í þessu máli. Þetta er fullkominn útúrsnúningur. Ég sagði, að þeir leiðtogar í Evrópu, hverra þjóðir urðu fyrir barðinu á stríðinu, mundu dæma þetta sjálfir, en ekki við.

Þá hefur verið rætt hér um þjóðaratkv., og skal ég viðurkenna, að það var mikil freisting fyrir mig að fallast á það, bæði til þess að sýna andstæðingunum, hversu mikill meiri hluti þjóðarinnar er samningnum fylgjandi, og svo til þess að þjappa stjórnarliðinu saman, en svo sá ég, að það var svo óvenjuleg málsmeðferð, að ég taldi mér ekki fært að fylgja því.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði skynsamlega að mörgu leyti og mjög hjartnæmt. Kvað okkur vilja neita öllu vopnavaldi og vilja treysta á hlutleysi og forna frægð sem bókmenntaþjóð og því um líkt. Hver vildi ekki afneita vopnavaldi? Eins og allir vita hef ég verið einn hinna einföldustu í þessum efnum, en eftir að hafa setið á þingi Sameinuðu þjóðanna leyfi ég mér ekki lengur að halda í slíka von. Þess er heldur engin von, þegar það getur ef til vill ráðið úrslitum, hvorum megin við erum. Slíku væri hreinn barnaskapur að trúa.

Menn eru að spyrja, af hverju þessu sé hraðað svona, en er ekki alltaf verið að tala um, að ekkert gangi og mörg mál bíði, og auk þess er ekki lengur tími til stefnu og þjóðin græðir ekkert á frekari umræðum, þar sem stefnurnar hafa þegar verið skýrt mótaðar.

Áki Jakobsson: Í umræðunum í gær kom fram ýmislegt varðandi stríðsaðild. Utanrrh. talaði þrisvar, en vék sér frá því að minnast á það, en staglaðist á því, að Íslendingar réðu öllu slíku sjálfir. Nú viðurkenna allir, að Ísland verður stríðsaðili, og það er einmitt þetta, sem leggja verður áherzlu á. Tilgangurinn með þessum samningi er að fá Ísland, því að það vita allir, að ekki geta Íslendingar komið með her. Ráðherrunum hefur verið stefnt utan, og eftir þeim skýrslum, sem komið hafa frá þeim, þá er hvergi minnzt á, að Íslendingar gerist ekki stríðsaðilar. Haldið þið, að þeir hefðu ekki talið það fram, ef þeir hefðu getað? Af hverju er þessu þá sleppt? Það er af því, að Bandaríkin vilja fá okkur sem stríðsaðila, og þá tökum við á okkur allar skyldur stríðsaðila um leið. Nú hefur það lið, sem að samsærinu stendur, tekið upp nýja tóntegund, sem kemur fram í nál. meiri hl., þar sem segir, að sérstaða Íslands sé samkv. samningnum á þá leið, að Íslendingar séu vopnlaus þjóð og muni eigi stofna her og því ekki segja nokkurri þjóð stríð á hendur og vilji engan her í landinu. Það var talað um að verja Ísland gegn Rússum og sagt, að við sósíalistar berðumst fyrir varnarleysi landsins, en svo er breytt um tóntegund, og nú er sagt, að hér eigi enginn her að vera, engin hergögn og ekki neitt. Þannig er breytt um eftir því, sem passar í kramið. Aðra stundina er sagt, að vitanlega gerumst við stríðsaðilar, enda sé hlutleysið engin vörn, en eftir svolitla stund er svo sagt, að engin hætta sé á ferðum. Þannig er öll rökfærsla þessara manna. „Enda tel ég, að hlutleysi sé okkur engin vernd," sagði Ólafur Thors, en nú er aftur stagazt á því, að við gerumst ekki stríðsaðilar.

Það var dálítið kostulegt að hlusta á þá menntmrh. og forsrh., er þeir stóðu upp til þess að lýsa yfir, hvað utanrrh. sagði. Ég var hér á öllum fundum og veit því, að þeir voru ekki hér í salnum, þegar hann talaði, og hann sagði aldrei, að Ísland yrði aldrei stríðsaðili. Það hefur breytzt í nótt. Þannig er samspilið milli þessara manna, sem eru að reyna að draga Ísland út í stríð. Þeim er sagt erlendis, hvað þeir skuli gera, og svo er hent í þá nokkrum dollurum. Þetta er nákvæmlega sama sagan og um Keflavíkurflugvöllinn. Það er ekki verið að semja, heldur er verið að hlýða fyrirskipunum. Öll ákvæðin miðast við það eitt að blekkja þjóðina, og allar röksemdir þessara manna eru hjóm eitt. Eins var þetta með Keflavíkursamninginn. Þar miðaðist allt við Bandaríkin, og í samræmi við það fara Bandaríkin með völlinn eins og þeim sýnist og brjóta öll íslenzk lög. Og eins yrði það með þennan samning.

Ég vil biðja þá menn, sem eru fylgjandi þessum samningi, að hugsa sig vel um, áður en þeir stíga þessi afdrifaríku spor, sem geta leitt til dauða þúsunda Íslendinga. Ég vil biðja þá að hugsa fram í tímann, því að það skulu þeir vita, að þeir verða kallaðir til ábyrgðar, ef til stríðs kemur og við lendum í þeim hildarleik.

Sigurður Guðnason: Ég hef ekki tekið mikinn þátt í þessum umræðum og ætla mér ekki að halda langa ræðu. Ég hef setið hér á Alþingi undanfarin ár, og þetta er þriðji samningurinn, sem gerður er með stuttu millibili, og allt af eru sömu rökin, nefnilega hættan frá kommúnistum, sem ekki séu sjálfráðir gerða sinna. Eitt er þó alltaf þungamiðjan, og það er, að við fáum allt, en þurfum ekkert að láta á móti. Þetta hefur verið sameiginlegt með öllum þessum samningum, fyrst Keflavíkursamningnum, svo Marshallsamningnum og nú síðast þessum samningi. Það væri því hugsanlegt eftir þessu, að afkoma þjóðarinnar væri góð, en það er nú eitthvað annað, því að þar er allt í eins miklu öngþveiti og hugsazt getur. En þó er sagt, að allt sé gert fyrir okkur og við látum ekkert í staðinn og þessi samningur verndi okkur. En hvað er það, sem þeir vilja fá í staðinn? Á því er enginn vafi, að þeir vilja fá stöð fyrir stærstu morðtól heimsins.

Og þetta er verið að veita þeim. Fyrir þetta hafa þessir háu herrar, sem hér sitja, fengið peningana. Það er verið að gera Ísland hluta af þessari morðvél. Morðvél Hitlers var fóðruð með gyðingum, en þessi á að vera fóðruð með kommúnistum. Og það get ég sagt ykkur, að síðastl. 30 ár hefur öll tækni og allir peningar verið notaðir í þessa morðvél. En samt eru þeir menn, sem þessu stjórna, skjálfandi af hræðslu nú í dag, því að þeir vita, að þótt alþýðan hafi ekki annað en berar hendurnar, þá mun hún samt sigra að lokum. Með leyfi hæstv. forseta les ég ályktun þessa upp:

„Almennur útifundur, haldinn í Reykjavík miðvikudaginn 30. marz 1949 að tilhlutan fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, mótmælir harðlega þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og vill á úrslita-

stundu málsins enn einu sinni undirstrika mótmæli og kröfur 70—80 félagssamtaka þjóðarinnar um, að þessu örlagaríka stórmáli verði ekki ráðið til lykta án þess, að leitað sé álits þjóðarinnar sjálfrar. Fundurinn skorar því mjög alvarlega á Alþingi að taka ekki lokaákvörðun um málið án þess að leitað sé álits þjóðarinnar, og krefst þess því, að afgreiðslu málsins sé skotið undir almenna þjóðaratkvæðagreiðslu. Fundurinn samþykkir að fela fundarboðendum að færa Alþingi og þingflokkunum þessa kröfu og óskar skýrra svara formanna þingflokkanna um afstöðu þeirra til þessarar kröfu fundarins."

Ég vil svo skora á formenn þingflokkanna að gefa skýr svör við þessari ályktun fundarins.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er nú heldur lítið samræmi í því að fara hér að ræða þetta mál sem frsm., eins viðtækt og það er, og fá aðeins einar 5 mínútur til þess. Hv. þm. G-K. lét hér falla orð, sem ég býst við, að eigi eftir að verða söguleg, og eru satt að segja mjög táknræn um það, sem hér er að gerast í dag. Við hvað ætli þessi hv. þm. eigi, þegar hann segir, að umr. um málið hafi enga þýðingu? Þessi yfirlýsing um skerðingu málfrelsis þm. er annars óþörf, því að þeir menn, sem ráða málum hér í dag, vita, hver vilji auðmannastéttarinnar er. Sú stétt veit mæta vel, hvað hún vill. Þess vegna notar hún meiri hl. Alþingis til þess að koma ár sinni fyrir borð, en vitað er, að meiri hl. þjóðarinnar er á móti þessu máli. Hvað er að gerast? Hér eru sömu atburðir að endurtaka sig og á 13. öldinni, þegar höfðingjastéttin glataði frelsi landsins. Það er hún, sem nú ætlar að leggja landið okkar af mörkum, til þess að auðvaldið komi áformum sínum í framkvæmd. Allt frá upphafi sögu vorrar hefur þjóðin verið vöruð við bölvun þeirri, sem gullið veldur, auðurinn, sem safnast saman á fáar hendur, allt frá sögu Völsungasögu um Fáfnisauðinn hefur þessi viðvörun gengið sem rauður þráður gegnum bókmenntir þjóðar vorrar. Nú ætlar þessi bölvun gullsins að verða yfirsterkari. Það er sú bölvun, þegar auðurinn, gullið, safnast á fárra manna hendur. Ef menn eru fátækir, þá hugsa þeir öðruvísi. Þá hafa menn djörfung og heiðarleik og einurð til þess að hugsa hátt, en mikil fjáreign og verðmæta breytir þeim hugsunarhætti svo, að menn veigra sér ekki við að gera slíka hluti sem hér á að framkvæma í dag. Það er auðmannastétt lands vors, sem leggur þetta mál hér fram, en vissulega eru það hryggileg örlög fyrir þjóð vora, hvað hér er að gerast. Ég hef reynt að afstýra þessum örlögum. Ég hef áður reynt að skapa samstarf á milli alþýðunnar og hinna framsæknari afla auðmannastéttarinnar, til að koma í veg fyrir ógæfuna. Það hefur eitt sinn áður tekizt, er mikið lá við. Ég harma, að þjóðareining gegn þessu verki skuli ei hafa skapazt nú. Það eru mér vonbrigði, að alþm. skuli ekki vera gefin kostur á að ræða þetta mál rækilega frá öllum hliðum, að ég tali nú ekki um meðferð málsins í utanrmn. Það hefði verið hægt að finna einhver önnur ráð en að afgr. þetta mál eins og sýnilega á að gera. Ég ætla ekki að þrjózkast við, en ég hef reynt að skýra sem bezt þann voða, sem felst í þessari till. til þál. Ég mótmæli enn þá einu sinni. Mér hefur oft verið álasað fyrir bjartsýni, en ég er nú svartsýnn er ég horfi til þess, sem hér er verið að framkvæma með ofbeldi. Af hálfu hæstv. ríkisstj. er hér úti launað hervald. Hæstv. ríkisstj. liggur undir þessari ákæru. Sú ríkisstj., sem rekur mál sín áfram með ofbeldi, mun sundrast. Hún mun sundrast strax eftir að hún hefur framkvæmt ofbeldisaðgerðir sínar.

Ég mótmæli enn á ný þessum aðferðum, herra forseti.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef ekki margar mínútur til umráða, þar sem hæstv. forseti hefur eftir skipun ríkisstj. skammtað tímann.

Ég þykist þess fullviss, hvernig þessu máli muni lykta hér í dag. Það er búið að járna stjórnarliðið svo, að um framgang málsins þýðir ekki að ræða. Það hefur verið mönnum nokkuð lengi kunnugt, að hv. þm. S-Þ. hefur nú um nokkurt skeið sagt hluti upphátt og ódulbúið, sem aðrir þm. hafa ekki þorað að segja umbúðalaust. Ég skal ekki vera að draga þennan hv. þm. inn í umr., en hann vill, að stríð brjótist út og það helzt sem allra fyrst. Fyrir hans augum er þetta hernaðarsamningur, en ekki friðarsamningur. Hann þorir að segja þetta hispurslaust og án nokkurra umbúða, þó að hv. þm. G-K. segi annað. Hv. þm. G-K. virðist vera svo á móti Rússum, að honum finnst ekki nema sjálfsagt að svipta þm. sósíalista öllum rétti þeirra sem þm. og helzt mannréttindum. Honum finnst ekki nema eðlilegt, að þverbrotnar séu allar þingvenjur og þingsköp, bara ef það er stundarhagnaður fyrir einhverja sérstaka flokka. Að öðru leyti talar þessi hv. þm. á allt annan veg en þm. S-Þ. Hann reynir að dulbúa sig og dulbúa málið. „Engar herstöðvar á friðartímum." Slíkar eru yfirlýsingar stjórnarliðsins. Menn minnast þess, að Ameríkumenn lofuðu að hverfa héðan að ófriðnum loknum, en hvernig fór? Þeir töldu, að ófriðnum væri ekki lokið, eins lengi og frekast var unnt. Ætli það verði ekki svipað, þegar þeir fara að úrskurða, hvenær séu friðartímar í heiminum eða ekki? Það mun víst ekki standa á mönnum í stjórnarflokkunum að réttlæta þann úrskurð.

Forseti (JPálm): Umræðutímanum er nú lokið, en enn eru 6 menn á mælendaskrá. Enn þá mun ég samt leyfa þessum mönnum að tala og takmarka ræðutíma hvers við 3 mínútur. Að þeim ræðum loknum er umr. um málið lokið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hefur komið skýrt fram í þessum umr., að ef Bandaríkin fari í styrjöld, þá verði hinir aðilar þessa samnings að fara í stríð líka. Með öðrum orðum: Eitt skal yfir alla ganga í friði og þó sérstaklega stríði. Ef þessi túlkun hæstv. dómsmrh. er rétt, þá er hlutleysisyfirlýsing Íslendinga kvödd fyrir fullt og allt á þeirri stund, sem þessi samningur verður samþ. Mjög vafasamt er, hvort íslenzka þjóðin mundi fallast á slíkt, ef hún væri að því spurð. Hún mundi varla samþ. þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh., ef hún

yrði um það spurð. Ég hefði talið það mikils virði, ef hægt hefði verið að finna leiðir til úrbóta og lausnar á þessum vanda. Ég hef áður bent á, að eðlilegt hefði verið að semja um niðurfellingu Keflavíkursamningsins í sambandi við þetta mál, enda tæki ríkisstj. þá við rekstri hans, en þetta fæst ekki lagfært nú. Það ætti að vera þjóðinni keppikefli að koma öruggara fyrirkomulagi á utanríkismál sín, t. d. með endurskoðun Keflavíkursamningsins, sem ég og hv. 4. þm. Reykv. höfum lagt til í till. okkar. Að lokum vil ég skjóta því að hæstv. ríkisstj., hvort ekki hafi eitthvað mistekizt í þýðingu á fyrirsögn till. Fyrirsögnin hljóðar svo: „Till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningi." Væri ekki betra: Till. til þál. um aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi, eða Norður-Atlantshafsbandalagi. Ég bendi á þetta með tilliti til lögmála íslenzks máls.

Þær till., sem við hv. 4. þm. Reykv. berum fram, miða að því að skýra skjallega sérstöðu Íslendinga við undirritun samningsins. Ef þær ná ekki samþykki, mun ég ekki treysta mér til að taka ábyrgð á afleiðingum þessa máls, ef samþ. verður, og mun segja nei við þessari till.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Í framsöguræðu minni hélt ég því fram, að Alþingi hefði ekki nokkurn rétt til að ráða til lykta máli sem þessu. Öll meðferð málsins hér í þinginu hefur enn á ný sannfært mig um það, að ég hafi haft á réttu að standa. Það vald, sem meiri hl. þingsins er hér að beita, er ofbeldið eitt. Ég mótmæli enn á ný þessum samningi og lýsi samþykkt hans ólög og markleysu eina, og ég lýsi um leið sök á hendur þeim, sem hann samþykkja.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það eru 3 mínútur. Mér hafa komið í hug 3 atburðir. Árið 1262 er sjálfstæði landsins glatað. Árið 1662 er einræðið viðurkennt. Árið 1949 er hlutleysi landsins glatað. Þá er þjóð vor gerð að stríðsaðila. Þjóð vor glatar sjálfstæði sínu á hörmulegri hátt en nokkurn tíma áður. Ég mótmæli. Ég undirstrika, að hér er í dag framin lögleysa. Því er öll sú gerð, sem nú er gerð, markleysa. Þetta er lögleysa. Ég mótmæli enn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég spurði áðan hv. þm. G-K., hvort hann vildi gefa yfirlýsingu fyrir hönd flokksmanna sinna um, að þeir mundu vilja stuðla að því, að fram færi endurskoðun á samningnum um Keflavíkurflugvöll. Ég stend nú upp til þess að óska beins svars. Flokksformaðurinn hefur ekki, né neinn af þm. flokks hans, gefið neinar upplýsingar varðandi þetta, og verð ég að skoða þessa afstöðu sem neitandi svar, þangað til ég heyri spurningunni tvímælalaust játað. Afstaða hv. þm. G-K. er ekki í samræmi við yfirlýsingar hinna flokkanna, og ég tel því, að ekkert hafi hér fram komið, sem bendi til þess, að meiri hl. sé í þinginu fyrir þeim till., sem felast í till. okkar 3. landsk. á þskj. 506. Mun ég því segja nei við þessari till. til þál.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það hefur verið reynt að hraða afgreiðslu þessa máls eins og frekast hefur verið unnt. Nú eru hér fram komnar till. um, að látin verði fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um málið og þjóðin látin skera úr þessum vanda. Nú segir hv. þm. V-Húnv., að gildi þessa samnings fari ekki eftir því, hvort hann sé borinn undir þjóðina eða ekki. Ég vil benda á, að hér er ekki um venjulega lagasetningu að ræða, heldur er verið að draga þjóðina inn í hernaðarblökk til 20 ára. Þetta er meiri skuldbinding en Íslendingar hafa gert í áratugi. Því var einu sinni lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að þetta mál yrði þaulrætt, þegar það kæmi fyrir þingið, en nú er það afgreitt á röskum sólarhring. Ég tel þetta vera lögleysu og þjóðinni stafa mikil hætta af þessum samningi. Hér er um að ræða óttaslegna menn, en þjóðin ætti að verða sammála um það að gera þennan samning að markleysu. Sá hópur, sem samþ. þessa þál., ber alla sök á þeim skaða, sem Íslendingar kunna að verða fyrir af afleiðingum þeim, sem aðild Íslands að þessu hernaðarbandalagi kann að leiða af sér. Þeir menn verða síðar kallaðir svikarar, prettarar og ósannindamenn.

Sigurður Guðnason: Ég lagði hér fram áðan ályktun frá útifundi, sem haldinn var í dag, og ég óskaði þess að fá skýr svör frá formönnum flokkanna við henni. Það svar vil ég fá nú úr forsetastóli eða beint frá formönnum flokkanna. Ég hef fullan rétt til þess að krefjast þess. Þessi ályktun var frá afar fjölmennum fundi. Ég óska þess að fá skýr og greið svör. Vilja ekki hv. formenn flokkanna svara forseta. Ég krefst þess að fá svör þeirra.

Forseti (JPálm): Út af þeirri fyrirspurn, sem fram er komin frá hv. 8. þm. Reykv., vil ég taka það fram, að ég hef sýnt öllum formönnum þingflokka þeirra, er að ríkisstj. standa, þessa fyrirspurn, og segja þeir, að þeir hafi þegar svarað og svarið sé neitandi.

Umr. þessari er nú lokið, og fer nú fram atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 508 felld með 36:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HV, HermG, HermJ, KTh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.

nei: FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, JPálm.

Brtt. 506, fyrri málsgr., felld með 36: 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HV, HermG, HermJ, KTh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.

nei: FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, JPálm.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Áki Jakobsson: Enda þótt ég sé andvígur samningnum, þá tel ég þó, að ef illt á að ske, þá sé tryggara fyrir Ísland, að þessi breyt. sé gerð, og segi því já.

Einar Olgeirsson: Ég tel, að ef þessi viðbótartill. yrði samþ., þá mundi það koma í ljós, hvort skýringin hefur við rök að styðjast, og þó að ég sé samningnum andvígur, þá segi ég já.

Brtt. 506, síðari málsgr., felld með 36:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÞG, HV, HermG, HermJ.
nei: JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JPálm.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Jón Gíslason: Fyrir þinginu liggur önnur till. sams konar, og geri ég ráð fyrir, að ég verði henni fylgjandi. Sé ég því ekki ástæðu til að greiða atkv. með þessari till. og segi nei.

Bernharð Stefánsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. V-Sk. segi ég nei.

Brtt. 512 felld með 37:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KTh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÞG, HV, HermG, HermJ.
nei: IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, JPálm.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég fæ ekki séð, að till. geti staðizt, því að í fyrstu línu þáltill. er gert ráð fyrir því, að Ísland gerist stofnaðili bandalagsins, en nú er ekki lagt til að breyta þessu, heldur er farið fram á, að þjóðaratkvgr. fari fram um það, hvort við eigum að gerast aðilar. Þar sem stofndagur bandalagsins er 4. apríl n. k., þá er það sýnt, að ekki er hægt að fá þjóðaratkvæði fyrir þann tíma. Þess vegna er ég till. andvígur og segi nei.

Brtt. 514 felld með 38:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermG, KTh, LJós, PZ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.
nei: HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, JPálm.
HV, HermJ, GÞG greiddu ekki atkv.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Enda þótt áður sé búið að fella till. um sama efni, þá segi ég samt já.

Brtt. 513 felld með 33:12 atkv.
Till. samþ. með 37:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JPálm.
nei: KTh, LJós, PZ, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÞG, HV, HermG.
SkG, HermJ greiddu ekki atkv.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv., svolátandi:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Með því að búið er að fella till. á þskj. 508 og þar með neita að lofa þjóðinni að segja álit sitt á samningi þessum, svo og að neita að gera við hann viðauka, er tryggi rétt okkar Íslendinga, þá get ég ekki verið með samþykkt þessarar till.

Það er margt, sem veldur því, að ég er á móti samningnum, en þó sérstaklega það, að ég óttast, að þjóðin verði ekki spurð, hvað leyft verði eftir honum. — Það er sagt, að einn einvaldur sögunnar hafi sagt: „Þjóðin, það er ég.“ Við höfum hér á landi átt tvær ríkisstjórnir, þá, er nú situr, og þá, er sat næst áður, er hafa sýnt það, að þær hafa hvorki spurt utanrmn., Alþingi né þjóðina um, hvað þær skyldu gera, og ég óttast, að næsta aldarfimmtung getum við átt margar stjórnir, sem segi: „Þjóðin, það er ég“, og spyrji þjóðina því ekki um, við hvaða óskum og kröfum frá þjóðasamsteypu þeirri, er að samningnum stendur, hún verður. Hún segir: „Þjóðin, það er ég“, og spyr þjóðina ekki. — Því segi ég nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég greiði atkv. um þessa till. með tilvísun til þeirrar ræðu, sem ég flutti við fyrri umr. málsins.

Ég tel þá bandalagsstofnun, sem hér er um að ræða, eðlilega frá sjónarmiði þeirra hervelda, sem liggja við norðanvert Atlantshaf, eins og nú háttar í alþjóðamálum. En sökum algerrar sérstöðu Íslands meðal Atlantshafsþjóða sem vopnlausrar smáþjóðar í stóru og hernaðarlega mikilvægu landi tel ég Íslendingum nauðsynlegt að gæta fyllstu varúðar í sambandi við aðild að slíku bandalagi. Þess vegna hef ég viljað gera tvennt að skilyrði fyrir fylgi mínu við aðild Íslendinga að Norður-Atlantshafsbandalaginu:
1. Að það verði algerlega ótvírætt, að sú sérstaða Íslands sé viðurkennd, að Íslendingar geti aldrei sagt öðrum þjóðum stríð á hendur og aldrei háð styrjöld gegn nokkurri þjóð.
2. Að Keflavíkursamningurinn verði endurskoðaður, þannig að Íslendingar taki rekstur flugvallarins við Keflavík algerlega í eigin hendur, svo að þeir öðlist óskoruð yfirráð yfir öllu íslenzku landi, en ella geta Íslendingar ekki talizt jafnréttháir öðrum samningsaðilum.

Þar eð tillögur um þessi atriði hafa verið felldar, segi ég nei.

Hannibal Valdimarsson: Þar sem hæstv. Alþingi hefur synjað um þjóðaratkvæði og felld

hefur verið till. um að reyna að tryggja öryggi Íslands með skjallegri greinargerð, viðurkenndri af öllum samningsaðilum, um sérstöðu Íslands, segi ég nei við samningnum.

Hermann Jónasson: Vegna þeirrar afstöðu, sem flokkur minn hefur tekið, — og vegna þess jafnframt, að það væri til þess fallið að túlka ranglega afstöðu mína til þess máls fyrr og nú, ef ég greiddi atkv. gegn þessum samningi — eða á sama hátt og þeir, sem engan samning vilja gera, hvernig sem hann væri, mun atkvæði mitt ekki falla á þann veg.

En með því að neita að taka þátt í atkvæðagreiðslu get ég neitað og neita að taka ábyrgð á samningi þessum, eins og frá honum verður gengið, og í annan stað mótmæli ég á þennan hátt meðferð þessa máls, þar sem auðsætt var frá upphafi, að engu yrði þokað og neitað með öllu að þoka nokkru um til þess að nálgast það sjónarmið okkar, sem óánægðir erum með samninginn eins og hann er og teljum rasað í málinu.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 518).

Forseti (JPálm): Vegna þeirrar ókyrrðar og ærsla, sem eru hér úti fyrir, vil ég óska eftir því, að allir, sem hér eru staddir í húsinu, geri það í samráði við lögreglustjóra, að þeir verði kyrrir í húsinu, þangað til hann leyfir. — Fundi er slitið.

Á 60. fundi í Sþ., 31. marz, utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil hér á þingi lýsa sök á hendur ríkisstjórninni og formönnum þriggja stjórnmálaflokka, sem kvöddu í gær borgara Reykjavíkur til að koma niður á Austurvöll og létu síðan vopnaða lögreglu og einn vopnaðan stjórnmálaflokk hér í bænum ráðast á þetta fólk. Ég vil hér á þingi alvarlega átelja þetta framferði, sem ég álít táknrænt af hálfu ríkisstj. og í samræmi við þá athöfn, sem verið var að gera hér innan veggja í gær. Ég vil jafnframt beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort honum sé kunnugt um, að hæstv. forsrh. hafi látið fangelsa unga stúlku fyrir að gefa honum löðrung og haldið henni í fangelsi í nótt og haldi henni enn. Ég vil spyrja að því, hvort sá lögreglustjóri, sem hefur svona aðferðir í frammi gagnvart friðsömum borgurum, eigi að sæta ábyrgð og rannsókn fyrir. Ég vil láta þetta nægja að sinni, til þess að það komi fram, hver á sökina á því, hvernig farið var að af hálfu valdhafanna hér í Reykjavík í gær.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er ekki nema í samræmi við aðra ósvífni kommúnista, að þessi þm. skuli leyfa sér að rísa úr sæti til að ræða þá atburði, sem gerðust hér í gær. En það má þá ekki minna vera en vakin sé athygli á ósvífni þeirra hér á þingi. Það er von, að þessi hv. þm. sé hér sár yfir, að sá skríll, sem hann safnaði hér saman til að ráðast á þingið, fékk ekki að vera einn fyrir framan þinghúsið, heldur skyldu friðsamir borgarar koma og vera áhorfendur að þeim þokkalega leik, sem hann og hans menn stofnuðu hér til. Allir, sem fylgdust með, vita, að vegna þess að margir friðsamir borgarar komu niður að þinghúsi í gær, gat skríllinn ekki notið sín eins og til var ætlazt, vegna þess að ýmsir útsendarar kommúnista hikuðu við að taka steinana upp úr vösum sínum, þegar þeir voru umkringdir af svo mörgum friðsömum mönnum. Þess vegna varð minna úr árásinni en til var stofnað af þessum hv. þm. og hans félagsbræðrum.

Enn fremur vil ég vekja athygli á, að það sker alveg úr, hvernig þetta uppþot allt er til komið, að þm. Sósfl. sendu út til að ljúga því upp, að þeir væru fangar í þinghúsinu, til að æsa skrílinn upp til árása á þinghúsið og koma í veg fyrir, að þingið gæti starfað í friði.

Ég tel rétt, að þetta komi fram, fyrst hv. 2. þm. Reykv. var svo smekklaus að minnast á þessa atburði. Honum hefði verið sæmst að láta það ógert.

Forseti (JPálm): Ég vil mjög óska eftir, að menn fari ekki að ræða þessa leiðinlegu atburði í gær. Það er nóg að orðið, þó að menn fari ekki að rífast um það til lengdar. Eigi að síður mun ég veita orðið nokkrum mönnum, sem óska að taka til máls.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að rífast um þetta mál, það gætu orðið um það nokkrar umr. En ég vil fyrst spyrja hæstv. forseta, hver gegni dómsmálaráðherrastörfum í vesturför hæstv. dómsmrh. (*Forseti:* Mér er ekki kunnugt um það.) Er engum ráðh. kunnugt um, hver gegnir dómsmálaráðherrastörfum á Íslandi? (*SB:* Ætlar hv. þm. að sækja um vernd?) Nei, en er enginn dómsmrh. á Íslandi sem stendur? (*Fjmrh.:* Ég vil beina því til hæstv. forseta, að hann fari fram á það við þennan hv. þm., að hann beini fyrirspurn sinni til hæstv. forsrh. Það er eðlilegast.) Er hæstv. forsrh. kominn í þingið? (*Forseti:* Sem stendur er hann ekki hér í þingsalnum.) Ég ætla að bera fram fyrirspurnir til þess, sem gegnir dómsmálaráðherrastörfum. (*Forseti:* Það mætti láta athuga, hvort hann er kominn í húsið.) Meðan það er athugað, vil ég út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði, spyrja hann um það, af því að hann var að tala um, að skríll hefði verið æstur upp, hvort hann kannist ekki við flugmiða, sem dreift var út um bæinn og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykvíkingar!

Kommúnistar hafa, án þess að leita leyfis, boðað til útifundar í dag og skorað á menn að taka sér frí frá störfum.

Við viljum því hér með skora á friðsama borgara að koma á Austurvöll milli kl. 12 og 1 og síðar til þess með því að sýna, að þeir vilji, að Alþingi hafi starfsfrið.

Ólafur Thors
form. þingflokks Sjálfstæðisflokksins,
Eysteinn Jónsson
form. þingflokks Framsóknarflokksins,
Stefán Jóh. Stefánsson
form. þingflokks Alþýðuflokksins."

Maður verður að gera ráð fyrir, að þeir hafi að einhverju leyti verið teknir alvarlega og menn hlýtt þessu kalli. En þessir hæstv. ráðh. vita

kannske ekki, að þetta fólk allt var friðsamt nema eitthvað af smádrengjum, sem stóðu innnarlega á vellinum og voru að henda grjóti, og lögreglan gerði enga tilraun til að hindra það eða stöðva. Að þessu kvað þó alls ekki mikið, fyrr en lögreglan gerði árás á mannfjöldann, en ávarpaði hann aldrei til að koma í veg fyrir þetta. Það var sýnilega alls ekki í þökk þeirra mörgu, sem stóðu fyrir framan húsið. Þetta fólk, sem kom niður að þinghúsi samkvæmt orðsendingu Ólafs Thors, Eysteins Jónssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, var svo andvaralaust, að því datt ekki árás í hug. Þangað komu unglingar og gamalmenni og jafnvel konur með börn. Þetta fólk heyrði ekki orð frá þessum mönnum, sem höfðu hvatt það til að koma. Það fékk ekkert að frétta, hvað var að gerast inni í húsinu. Það fékk ekkert að vita, fyrr en sleppt var þar út óargadýrum, unglingsstrákum, sem höfðu verið fengnar kylfur í hendur og hjálmar á höfuð. Þessi lýður óð út úr húsinu og lamdi allt, sem fyrir varð. Þetta voru kveðjurnar, sem þetta fólk fékk, sem hlýddi kalli þessara formanna þingflokkanna. Ég vil mælast til þess við hæstv. menntmrh., að hann gefi yfirlýsingu um, í hvaða skyni þetta fólk var kallað hingað niður eftir og hvort það var með hans vitund og vilja, að fyrirskipuð var kylfuárás á þetta fólk, þegar það hafði hlýtt kalli hans og formanna hinna stjórnmálaflokkanna að koma hingað niður eftir. Það er rétt fyrir hann að svara þessu, af því að ég veit, að það eru margir menn úr hans flokki, sem eru undrandi yfir þeim kveðjum, sem þeir fengu frá formönnum sinna flokka, þegar þeir komu samkvæmt þeirra kalli.

Ég sé, að hæstv. forsrh. er mættur hér, og þá vil ég bera fram spurningu, sem hæstv. fjmrh. taldi sig ekki geta svarað: Hver gegnir dómsmálaráðherrastörfum á Íslandi, eins og sakir standa? Ég ætla að bera fram fyrirspurnir til þess, sem nú gegnir því starfi.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki þessar umr., sem orðið hafa hér í upphafi þessa fundar, en þó vil ég svara því, sem hv. þm. Siglf. var að spyrja um, hver gegndi störfum dómsmrh., að það er hæstv. fjmrh. Um leið vil ég taka fram, að mér finnst það storkun og hámark ósvífninnar, þegar þm. kommúnista hér á þingi, eftir það, sem skeð hefur, og þau vegsummerki, sem hér sjást, rísa upp með vandlætingu, þessir menn, sem hafa æst fólkið til að gera árás á löggjafarþingið. Mér finnst það slíkur yfirdrepsskapur, ósvífni, sem engu tali taki, þegar þessir menn, sem dögum saman hafa æst fólk til að gera árásir á Alþingi til að hindra löglegar gerðir þess, — að þessir menn skuli á Alþingi vilja krefja menn reikningsskapar fyrir það, að reynt er að halda uppi réttarvörzlu í landinu. Ég verð að segja það, eftir því sem ég fylgdist með í gær, að það var síður en svo, að lögreglan að fyrra bragði gerði nokkuð það, sem ómaklegt gæti talizt. Við sjáum hér á alþingishúsinu þögulan, en skýran vitnisburð um gerðir og framferði þeirra manna, sem kommúnistarnir íslenzku bera ábyrgð á. Ef nokkuð er til, sem heitir ósvífni, þá er það þetta, að þeir menn, sem staðið hafa fyrir skipulögðum árásum á Alþingi, skuli dirfast að standa hér upp og heimta, að menn svari til sakar fyrir að halda uppi löglegri réttarvörzlu í landinu. Það er svívirða.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru nokkur orð út af því, sem hv. þm. Siglf. bætti við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði hér.

Það er ákaflega eðlilegt, að kommúnistum sé mjög illa við það, að talsvert kom af friðsömu fólki niður á Austurvöll í gær til að sjá, hvernig þeir höguðu sér. Það er ekki furða, þó að þeir séu lágkúrulegir og reyni að hrista af sér smánina. Það er ekki nema mannlegt.

Það veit hvert mannsbarn, að þegar þeir boðuðu til útifundar síns eftir hádegið í gær, þá var það til að koma af stað óeirðum og gera árás á þinghúsið. Það er í fullu samræmi við það, sem þeir höfðu áður sagt. Þá var það, sem við formenn þingflokkanna bentum friðsömu fólki á, að ef það vildi sýna, að Alþingi ætti að hafa starfsfrið, þá væri rétt fyrir það að koma niður að alþingishúsi. Og menn komu þúsundum saman. Þetta stendur eins og eiturfleinn í kommúnistum, að friðsamir menn skyldu koma, að þar skyldi ekki eingöngu vera árásarlýður þeirra. Hvers vegna? Vegna þess, að þegar friðsama fólkið var komið, þá gátu þeir ekki eins vel komið strákapörum sínum við. Þetta var ekki nema lítill hluti mannfjöldans, sem stóð fyrir óspektunum, og þeim var illa við að hafa friðsama borgara allt í kringum sig og komu sér ekki eins að því allir að taka upp grjótið, sem þeir höfðu með sér til árásarinnar. Það varð því til hins mesta gagns, að hinir friðsömu borgarar komu samkvæmt tilmælum formanna þingflokkanna. En það sýnir ósvífni kommúnista, að þeir skuli leyfa sér að standa upp hér á Alþingi og lýsa sök á hendur öðrum eftir þær þokkalegu tiltektir, sem þeir hafa staðið fyrir sjálfir.

Þá er annað, sem rétt er að taka fram, þó að það sé öllum vitanlegt. Það sýnir bezt, að þessir menn kunna ekki að skammast sín, að þeir voru sífellt að senda út sendiboða til að æsa lýðinn til að kasta grjóti. Það voru sendir menn með hátalara til að ljúga því upp, að þm. kommúnista væru fangar. Þetta var gert til að æsa skrílinn. Svo segir hv. þm. Siglf., að það hafi bara verið nokkrir smádrengir, sem voru að kasta grjóti. Heldur hann, að það þýði að bjóða nokkrum óvitlausum manni, sem hér var í gær, slíkar fullyrðingar? Heldur hann, að nokkur maður taki það tal alvarlega, að það hafi verið þessir smádrengir, sem áttu að fá skilaboðin um, að þm. kommúnista væru fangar? Var það vegna þessara smádrengja, að þeir lugu því upp, að þeir væru fangar? Eða var það til að stilla til friðar, eða til hvers var það? Ætli það hafi ekki verið til að panta fleiri steina inn í þinghúsið? Það er ekki þeim að þakka, að ekki varð meira slys af því, sem þeir stofnuðu til. (*BrB:* Landráðamaðurinn og föðurlandssvikarinn er hræddur við þjóðina.) Heldur þm., að það sé þjóðin, þessi æsingaskríll, sem var að kasta grjóti? Það ber að harma, að fólska þessa skríls og þessara grjótkastara skyldi ganga svo langt, að ýms-

ir af því friðsama fólki, sem kom þarna og gerði afar mikið gagn, skyldi verða fyrir óþægindum af táragasi. En ég hygg, að þeir telji það ekki eftir sér, þegar þeir vita, hvert gagn þeir gerðu með því að koma.

Forseti (JPálm): Ég vil mjög mælast til þess, að menn rífist ekki mikið um þetta. Ég mun ekki leyfa langar umr. um þetta, en örstuttar aths. mun ég þó leyfa þeim, sem þegar hafa kvatt sér hljóðs.

Einar Olgeirsson: Það var auðheyrt á hæstv. forsrh., að hann var eitthvað taugaóstyrkur, þegar hann talaði hér áðan. Það er von, eftir þá árás, sem þessir menn hafa gert á löggjafarsamkomuna og frelsi þjóðarinnar. Það er leitt, þegar rúður eru brotnar, en rúðu má setja aftur í glugga. En þegar Alþingi er brotið á bak aftur, eins og stj. hefur nú gert í umboði erlends valds, þá er erfitt að bæta fyrir brotin. Og það er hámark ósvífninnar, að þeir menn, sem fyrir þessu hafa staðið, skuli standa hér upp og gera sér upp vandlætingu. Hæstv. forsrh. hefur fengið hirtingu þjóðarinnar, og er hún ef til vill farin að svíða á honum nú þegar.

Þá vil ég víkja að því, sem hæstv. menntmrh. sagði. Ég vil aðeins vísa til baka öllu, sem hann minntist á um árás, sem hefði verið undirbúin á þinghúsið. Ég þykist vita, að hæstv. menntmrh., sem stóð að þeim flugmiða, sem sendur var út í gær, og vopnaðri lögreglu og Heimdallarskríl, hafi ætlazt til, að fólkið yrði æst upp. Fólkið var friðsamt, og þá sáu þeir, að eitthvað varð að gera til að æsa það upp. Við þekkjum það hér, að stj., sem hagar sér eins og þessi, vill skapa eitthvað svipað ríkisþingsbrennunni. Það er það, sem hana vantaði inn í sína pólitík. Það fólk, sem hingað kom í gær, sá greinilega, hvað það var, sem þessir menn ætluðu sér, hvernig lögreglan þverbraut allar þær reglur, sem henni eru settar um aðvaranir til mannfjöldans. *(Forsrh. (réttir ræðumanni stein):* Sér hv. þm., hvað þetta er?) Já, þetta er hraungrjót af Austurvelli. Af því að það er búið að álasa mér nokkrum sinnum fyrir, að ég hef hindrað lögregluna í að berja á mannfjölda 1946, þó að ég fái ekki skilið, hvernig það mátti ske, að ég hafi getað það, þá þykir mér hlýða að benda á, hvort það hefði ekki verið eins gott, að það hefðu verið einhverjir menn, sem hefðu komið í veg fyrir þann óvitaskap, sem hæstv. ríkisstj. og hennar lið hafði í frammi með þeim afleiðingum, sem sýndu sig í gær.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. menntmrh. sagði, að því hefði verið logið upp, að þm. hefði verið haldið sem föngum í þinghúsinu, þá vil ég spyrja: Hvað gerðist í gær? Það gerðist það, að eftir fund var öllum þm. haldið inni í húsinu með lögregluboði. Þeim var haldið sem föngum upp undir klukkutíma. Hvers konar tiltektir eru þetta? Og hvers konar tilgangur? Okkur er bannað að fara út, öllum haldið sem föngum. Var það gert af hálfu ríkisstj. til að æsa fólkið? Hvers konar ráðstafanir eru þetta? Hafa þeir ekki hugmynd um, hvaða afleiðingar þeirra verk hafa? Þetta eru svo rangar ráðstafanir sem hægt er að hugsa sér. Það er engu líkara en stj. hafi verið vitandi vits að egna fólkið upp.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi blöskrað, þegar hv. 2. þm. Reykv. var að tala um taugaveiklun þm. Ég veit, að hv. þm. hafa veitt því athygli undanfarna daga, að hafi nokkur þm. verið taugaveiklaður á Alþingi Íslendinga, þá er það hv. 2. þm. Reykv., eins og hann hefur verið undanfarna daga, með því orðbragði og látbragði, sem hann hefur viðhaft hér á þingi. Það er gamla aðferðin, sem þekkt er frá Rússlandi og þekkt frá Göbbels, að tala um, að það sé verið að gera árásir á íslenzka löggjafarþingið og þess rétt, að hann skuli tala um slíkt, sem er einmitt forustumaður þeirra árása, sem hafa verið gerðar á íslenzka löggjafarþingið undanfarna daga, að hann skuli vera að taka sér þessi orð í munn. Það er nákvæmlega það sama og þegar þessi flokkur er að tala um það lýðræði, sem þeir dásama. Við þekkjum þá mynd og þá framkvæmd lýðræðisins. Og að þeir skuli vera að tala um föðurlandssást, þessir menn, sem fyrst og fremst eiga sitt föðurland utan síns eigin lands. Það eru furðuleg brjóstheilindi.

Það er verið að tala um það af hv. 2. þm. Reykv. og, mér skilst, einnig af félögum hans hér á þingi, að það hafi verið undirbúin árás á alþingishúsið af lýðræðisflokkunum og formönnum þeirra, þegar þeir óskuðu þess, að friðsamir borgarar söfnuðust saman við alþingishúsið til að tryggja, að Alþingi hefði vinnufrið til að afgr. þetta mál, samtímis því sem upp æstur kommúnistalýður kemur vaðandi að þinghúsinu, útbúinn til þeirra verka, sem nú sjást í framkvæmd. Það þarf annaðhvort mikið blygðunarleysi eða mikla ofsatrú eða fávizku til að halda fram þessari kenningu hér eftir það, sem skeð hefur undanfarna daga.

Ég vil að lokum beina því til hæstv. forseta, að gjarna vil ég, að þm. kommúnista mættu segja hér nokkur orð á eftir mér. Það er ekki mín ósk að hefta þeirra málfrelsi. En ég bið þingheim að athuga, hvað þeir nú eru að segja og hvað þeir áður hafa sagt, og einnig verk þeirra, sem tala hér á alþingishúsinu.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta og flytja ekki langa ræðu, enda virðist hæstv. ríkisstj. vera svo taugaóstyrk, að hún sé ekki reiðubúin að þreyta umræður um málið. En ég hef ekki fengið svar við því, hver væri dómsmrh. nú, þegar hæstv. dómsmrh. er floginn til Ameríku. *(Forsrh.:* Ég lýsti því yfir áðan, að hæstv. fjmrh. gegndi störfum dómsmrh.) Ég bið forsrh. afsökunar, að ég skuli ekki hafa heyrt þá yfirlýsingu. Ég sá hann áðan vera að tala við hæstv. fjmrh., og þá hefur hann sennilega verið að fela honum þetta, svo að landið hefur þá verið dómsmálaráðherralaust, þegar þingið kom saman. Ég vil svo beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort það sé rétt, sem sagt er, að hann hafi látið fangelsa skólatelpu fyrir að gefa sér löðrung og hafi þessi stúlka verið í fangelsi í alla nótt og sé þar enn. Þá vil ég og beina því til hæstv. núver-

andi dómsmrh., hvort ríkisstj. og hann ætli ekki að rannsaka atburðina í gær og þá sérstaklega framkomu lögreglustjóra, hvort hann ætli ekki að víkja honum úr embætti og rannsaka lögbrot hans, því að mér skilst, að hann hafi brotið réttarreglur, sem hér segir:

1. Hann bannaði þingmönnum útgöngu úr alþingishúsinu. Gerði hann það af sjálfsdáðum eða að tilhlutun hæstv. ríkisstj. og þá með leyfi hæstv. forseta þingsins?

2. Hann vopnaði pólitíska félagsskap, Heimdall, félag ungra sjálfstæðismanna, með kylfum og hjálmum, og þegar þeim var sleppt út úr húsinu, kom á daginn, að þessum piltum virtist heimilt að berja fólk reglulaust, en lögregluþjónum er uppálagt að forðast að berja fólk í höfuðið, en þessir piltar brutu þar allar reglur og leituðust við að berja menn í höfuðið, enda ganga nú margir Reykvíkingar, þar á meðal margir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., með *slæmar skráveifur og húðrifur á höfði eftir þessa* piltunga.

3. Lögreglustjóri skipaði kylfuárás á mannfjöldann og síðar gasárás án undanfarandi viðvörunar og án þess að gefa fólkinu tækifæri til þess að hverfa frá. Þetta er algert brot á lögreglusamþykktinni.

4. Lögreglustjóri hefur gefið skýrslu, þar sem hann skrökvar því vísvitandi, að hann hafi gefið viðvörun um þetta.

Allt þetta, sem ég nú hef talið, er svo veigamikið, að ég tel það skyldu hæstv. ríkisstj. að víkja lögreglustjóra úr embætti og láta rannsaka aðgerðir hans í gær, ef hún sjálf hefur þá ekki verið með í ráðum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það hefur verið sagt, að það væri nokkurt þjóðareinkenni á Íslendingum, að þeir væru seinþreyttir til vandræða, og er sjálfsagt mikið til af þessu einkenni meðal þjóðarinnar enn. Það hlýtur a. m. k. að vera trú þeirra þm. kommúnista, sem nú hafa dirfzt, eftir það, sem þeir hafa heim reitt með æsingum og hótunum í garð Alþingis, og eftir þær gerningar, sem hér urðu í gær, — að þeir skuli nú dirfast að ganga fram sem ákærendur. Þeir treysta vissulega á, að Íslendingar séu seinþreyttir til vandræða. Ef einhverjir hv. þm. hafa verið í vafa um það hyldýpi óskammfeilninnar í huga þessara manna, þá hefur nú opnazt innsýn þangað, og enginn efast lengur um það forað spillingarinnar, sem þar inni býr. Svo koma þessir menn og ráðast á lögreglustjóra, sem fékk það vandaverk að stilla til, þar sem þeir höfðu stofnað til æsinga með lygum og blekkingum. Það hlýtur hver sannur Íslendingur að bera kinnroða fyrir það tiltæki, sem þessir menn komu á stað. Þinghúsið ber þeirra merki, og sagan geymir skýrsluna um þeirra tiltektir. Maður skyldi nú ætla, að það, sem skeði undanfarna daga, hefði verið nægilegt efni í allmergjað skeyti til húsbænda þeirra í Moskva, því að þangað þurfa þeir vissulega að gefa skýrslu um afrek sín. En nú á að bæta því við að koma með ákærur á ríkisstj. og lögreglustjóra og slá nýrri móðgun í andlit hv. þingmanna. Svo ætla þeir menn, sem létu ljúga því, að Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason & Co. væru fangar hér í húsinu, að dirfast að bera þetta fram í áheyrn allra hv. þm. Þeir voru ekki fangar fremur en við hinir. Lögreglustjóri óskaði þess, að engir færu út úr húsinu, hvorki þm. né starfsmenn, fyrr en hann hefði gert sínar ráðstafanir. En kommúnistar vildu nota þetta til þess að æsa upp lýðinn, því að annars hefðu þeir ekki látið hrópa, að þm. þeirra væru fangar hér í húsinu. — Það var góð ráðstöfun, að friðsamir menn skyldu vera hér viðstaddir í gær, því að þeir voru sjónarvottar að aðförum kommúnista. Þeir sáu suma stúdenta og aðra kommúnista ýta fram unglingum til árásar á Alþingi, en þegar lögreglan kom á vettvang, stukku þeir burt og földu sig bak við pils kvennanna, sem þarna voru. Þannig voru hetjur kommúnista. Að þeim hlær allur bærinn í dag.

Út af fyrirspurnum hv. þm. Siglf., þá getur hann gert um þetta fyrirspurn á þinglegan hátt, og kemur þá til kasta Alþingis að ákveða, hvaða fyrirspurnum hans skuli svarað. En hafi einhver ástæðu til að bera sig upp undan aðferðum lögreglunnar, þá er þeim sama opin leið til þess að láta fram fara á því rannsókn á réttum og viðeigandi stöðum, en þessi hv. lagajúristi frá Siglufirði hefur ekki heimild til að krefjast þar um neinna aðgerða af hálfu dómsmálaráðherra á þessari stundu. Hafi lögreglan gert á hluta einhvers, getur hann fengið það leiðrétt á réttum stöðum, ef hann hefur lög að mæla. Hirði ég svo ekki um að ræða þetta frekar og tefja þar með þingskapaumræður. En mér blöskrar svo, að ég á fá orð til að lýsa þeirri andstyggð, sem hver heilvita maður hefur á framferði útsendara hins austræna valds.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil fyrst ítreka þá fyrirspurn hv. þm. Siglf., hvort það sé rétt, að 17 ára telpa hafi verið sett í fangelsi fyrir að löðrunga hæstv. forsrh. Einhvern veginn hefur hæstv. forsrh. enn þá láðst að svara þessu.

Ég er sammála því, að það sé óþarfi að hafa þessar umr. miklu lengri. Það má segja, að nú séu hér sólarlitlir dagar í sólskininu, og er það raunar táknrænt eftir þau mestu landráð í sögu Íslands, sem framin voru hér í gær. Það sagði einhver áðan, — ég held það hafi verið hæstv. núv. menntmrh., — að þjóðin væri seinþreytt til vandræða, og er það rétt, og að það, að afhenda sjálfstæði landsins erlendu stórveldi, skuli ekki hafa vakið enn þá meiri andstyggð og viðbjóð, sýnir einmitt, að þjóðin er seinþreytt til vandræða. Það, sem hæstv. menntmrh. sagði, var táknrænt og eftir hinni amerísku kokkabók. Hann talaði um, að undirbúin hefði verið árás á Alþingi. Þetta er nákvæmlega sama aðferðin og nazistar beittu, t. d. í sambandi við ríkisþingsbrunann, og Bandaríkjamenn hafa nú tekið upp, enda má búast við því, að hæstv. ríkisstj. telji sig þurfa á slíkum próvókasjónum að halda til þess að fá átyllu til ofsókna gegn Sósíalistaflokknum og verakalýðshreyfingunni.

Hæstv. ráðh. hafa talað um það, að stofnað hafi verið til æsinga með því að segja fólkinu frá því, *sem gerðist hér í húsinu, að okkur þm.* sósíalista var bannað að fara út. Þetta var það, sem gerðist, að þegar við vildum fara út, fengum við það ekki. Við þurftum ekkert að óttast, við

höfðum ekkert fyrir okkur gert, en hæstv. ráðh. voru hræddir og lokuðu sig inni, og þess vegna létu þeir einnig loka okkur inni til að fela skömm sína, og það sýnir bezt taugaæsingu þeirra, að þegar hv. 8. þm. Reykv. skýrir fólkinu frá því, að stjórnarflokkarnir hafi hundsað kröfu þess um þjóðaratkvæði, þá rýkur hæstv. utanrrh. upp og segir, að honum skuli vera munað þetta og hann fundinn í fjöru síðar. — Annars er rétt að rekja gang málanna í heild. Byrjunin er, að formenn stjórnarflokkanna skora á fólk að mæta á Austurvelli. Svo kemur fólkið, og safnast mikill mannfjöldi hér fyrir utan. Þegar líður að atkvgr., gengur hv. þm. G-K. út að glugga, gefur fyrst forseta merki um að hinkra við með atkvgr., en gefur svo annað merki, og skiptir það engum togum, að þá ræðst lögreglan og Heimdallarskríllinn á fólkið, og þegar skríll þessi hafði gert árásina, byrjaði grjótkastið. Það var eftir signal þetta frá hv. þm. G-K., að árásin byrjaði. Þetta sá fólkið, og að þessu eru tugir vitna. Þar næst gerist það, að piltur nokkur hlær að einum lögregluþjóni, sem þá missir alla stjórn á sér, ræðst á piltinn og leggur hann niður og ætlar að misþyrma honum, og er talið, að hann hafi þá verið í slíkum ham, að hætta hafi verið á, að hann dræpi piltinn. Þeir, sem nærstaddir voru, komu til hjálpar og björguðu piltinum, og á þessu byrjar slagurinn við lögregluna. Þannig hófust óeirðirnar í gær. Trylltur skríll nazista og Heimdellinga var látinn misþyrma fólkinu, enda var afleiðingin sú, að milli 10 og 20 voru lagðir á spítala, og enn er ekki upplýst, hve mikil meiðslin voru, en sum voru mjög alvarleg. Svo er táragassprengjum hent á fólkið án þess að vara það við. Næg vitni eru til að staðfesta það, sem ég hef nú sagt, og ef réttarrannsókn verður látin fram fara, þá mun þetta koma í ljós. Fyrir þessa atburði lýsi ég sök á hendur lögreglustjóra og hæstv. ríkisstj.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það er aðeins til að svara fyrirspurn hv. þm. Siglf., sem endurtekin var af hv. 4. landsk. þm., um það, hvort ég hafi látið fangelsa skólastúlku, og er því skjótt til að svara, að ég hef engan látið fangelsa. Hitt er annað mál, að mér er sagt, að skólastúlka hafi verið tekin til yfirheyrzlu fyrir vissa árás á mig, en sú unga stúlka mun ekki sjálfráð gerða sinna, enda æst upp af sér verri mönnum, sem kannske — því miður — sæta ekki þeirri ábyrgð, sem þeim bæri, en seinna munu þeir þó fá þá refsingu, sem þeim hentar. — Ég vil svo aðeins benda hv. þm. á sagnaritun hv. 4. landsk. þm., þegar hann skýrir frá aðdraganda atburðanna í gær, og biðja þá að athuga, hversu mikið hún er sannleikanum samkvæm, en hún er í fullu samræmi við þann málstað, sem þessi hv. þm. berst árangurslaust fyrir hjá íslenzku þjóðinni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég skil vel, að kommúnistum líði ekki vel út af atburðunum í gær. Það er alltaf óskemmtilegt að verða staðinn að því að hafa ætlað að beita ofbeldi, en ekki komið fram vilja sínum. Ræða hv. 4. landsk. þm. er alveg einkennandi fyrir sálarástand þeirra manna, sem hafa það hlutverk að stjórna ofbeldisflokkum. Það þarf meira en lítinn sálarstyrk til þess að standa frammi fyrir fólki, sem sá atburðina í gær, og ljúga svona upp í opið geðið á því, og það er ástæða til að vekja athygli á þessu fyrirbrigði, því að engum dylst, hvað um er að vera, þegar slíkur málflutningur er við hafður. Saga atburðanna í gær byrjar alls ekki á því, að formenn þriggja þingflokka skoruðu á friðsama borgara að koma á Austurvöll. Sagan byrjar á því, að kommúnistar hóta því í blaði sínu að hindra, að Alþingi samþykkti aðild að Atlantshafsbandalaginu, þó að nægur þingmeirihluti væri fyrir því. Þar segir svo: „Þegar Bandaríkjalepparnir leggja hinn nýja landráðasamning fyrir Alþingi, munu Reykvíkingar tugþúsundum saman koma og mótmæla, til að hindra, að hann verði gerður af þingmönnum.“ Þetta er aðeins eitt sýnishorn af því, hvernig kommúnistar undirbjuggu atburðina í gær, og svo standa þeir upp og dirfast að mótmæla því, að þeir hafi staðið fyrir árásinni á Alþingi. Halda þeir, að við séum skyni skroppnir aumingjar, og treysta þeir því, að þjóðin sjái ekki, hvað þeir hafa skrifað? Halda þeir kannske, að enginn lesi Þjóðviljann lengur? En þetta var upphafið, og ofan á þetta létu kommúnistar svo safna saman skrílnum hérna fyrir framan húsið, þegar lokaafgreiðslan átti að fara fram. Þá fyrst stungum við upp á því við Reykvíkinga að koma á Austurvöll til þess að sýna áhuga sinn fyrir því, að Alþ. fengi að afgreiða málið í friði. En enginn veit, hvað þessi óði skríll hefði gert, ef friðsamir borgarar og lögreglan hefðu ekki firrt frekari vandræðum. En þm. kommúnista finnst það ægilegt, að skríllinn fékk ekki að lemja milliliðalaust. Þeim finnst það slæmt, að skríllinn þurfti að henda grjótinu inn um gluggana, og hefðu helzt kosið, að lögreglan sæti heima. (*BrB:* Þá hefði allt verið í lagi.) Já, þá hefði allt verið í lagi, segir hv. 4. landsk. (*BrB:* Þá hefði hæstv. ráðh. ekki þurft að vera hræddur.) Við skulum sem minnst tala um það, hver hafi verið hræddur. Þessi hv. þm. er ætíð hræddur. (*Forsrh.:* Honum er annað betur gefið.) Lögreglunni var það að þakka, að komið var í veg fyrir óhöpp. Það var hennar skylda, og ráðstafanir hennar voru eins og hver önnur umferðarstjórn. Hvaða vit var í því að láta þetta afskiptalaust, eins og ástatt var? Hv. þm. sagði, að það hefði mátt hleypa út þm. kommúnista, og það má vera, og útsendarar þeirra hefðu ekki fleygt grjóti í þá. En þótt svo væri, var sjálfsagt að hafa um þetta almenna reglu og ekki gera upp á milli þingmanna. Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að hann hefði oft stillt til friðar, og gaf í skyn, að hann hefði einnig verið tilbúinn til þess í gær. En það dylst engum, að þegar þm. kommúnista grenja það út um glugga, að þeir séu fangar í húsinu, þá er það til þess gert, að skríllinn herði á grjótkastinu. Ef ætlunin var að stilla til friðar, þá hefðu þeir beðið sína menn um að víkja frá húsinu. En það gerðu þeir ekki, heldur sendu út dáta sína til þess að æsa upp. Ég þarf ekki að ræða þetta frekar, en þessar umræður hafa að minnsta kosti gefið mönnum innsýn inn í sálarlíf hv. 4. landsk. — Hann var líka að tala um það, að hæstv. dómsmrh. hefði sagt við hv. 8.

þm. Reykv., að hann mundi muna honum eitthvað. Já, að hugsa sér, að dómsmrh. skuli leyfa sér slíkt! (*BrB:* Hvað var það?) Það var eitthvað alveg meinlaust, en það skiptir ekki miklu máli. Þetta átti að vera ægileg hótun! En hvað hefur hv. 4. landsk. sjálfur gert? Hann hefur hótað því hér frammi fyrir míkrófóninum, að þeir, sem fylgdu Atlantshafssamningnum, mundu fá sömu útreið og kvislingarnir í öllum löndum. Menn vita, við hvað er átt. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég tel ekkert að því, að þessar umræður hafi farið fram, og skil vel, að kommúnistum finnst sitt hlutskipti hart, en þeir bæta sig lítið á því, sem þeir hafa sagt hér.

Áki Jakobsson: Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Hann hefur ekki átt frumkvæðið að fangelsun þessarar ungu stúlku, eftir því sem hann sagði, en það er leitt, að hún skuli hafa setið í fangelsi í alla nótt. (*LJóh:* Átti hún það ekki skilið?) Ég skil ekki, að hún geti fengið aðra refsingu en sekt, og þá er ekki heimilt að setja hana í fangelsi. (*BrB:* Hún hefði átt að fá verðlaun. — *ÓTh:* Ekki var Hermann verðlaunaður, þegar hann gaf þér á kjaftinn.) Ég hefði talið hæstv. forsrh. meiri mann, ef hann hefði hlutazt til um það, að stúlkan væri ekki fangelsuð, en hver og einn hagar sér eftir sínu innræti, og það hefur hæstv. forsrh. gert nú. Svör hæstv. dómsmrh. við spurningum mínum voru ekki ljós, en mér skilst, að það sé í athugun hjá honum að víkja lögreglustjóranum úr embætti. Hæstv. forsrh. treysti sér ekki heldur til þess að andmæla því, sem ég sagði.

Hæstv. ráðh. hafa talað um kommúnistískan skríl með vasana fulla af grjóti. Það er eðlilegt, að þeir séu taugaóstyrkir. Þeir pukruðust með málið fram á mánudag og ætluðu að afgreiða það á einni nóttu. En það þýðir ekkert að fullyrða, að einn eða annar hafi verið með grjót. Ég veit að lögregluranns6kn mun sanna, að það var lögreglustjórinn, sem stofnaði til óspektanna. Án hans aðgerða hefði ekki komið til neinna óspekta. Enginn gerði sig líklegan til þess að ráðast á þm., en þeir voru svo hræddir, ef þeir heyrðu hljóð, að þeir héldu að árás væri yfirvofandi. Hjá hæstv. menntmrh. kom fram ímynduður ótti, sem á rætur sínar í sektartilfinningu út af því máli, sem verið var að afgreiða. Lögregluranns6kn mun leiða það í ljós, að engar árásir voru skipulagðar. Enginn hafði hvatt fólkið til að safnast saman á Austurvelli nema form. stjórnarflokkanna, og þeir heilsuðu því með kylfum og táragasi. Fyrir það verður þeim áreiðanlega þakkað, hverjum einum í sínum flokki.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mér finnst þær sýna merkilegan hlut, sem maður að vísu hafði þata af áður, en hann er sá, að kommúnistar hugsa á annan hátt en venjulegt fólk. Þeir hugsa svo mikið öðruvísi en annað fólk, sérstaklega hv. 4. landsk., að það væri ekki óeðlilegt, að þeir væru geymdir á safni sem sérkennileg náttúrufyrirbrigði og varðveittir þar sem undur fyrir framtíðina. (*HV:* Engum mundi detta í hug að geyma hv. þm. N-Ísf. á safni.) Ég vil benda á það, á hverju þessi sérkenni byggjast. Þessir þm. hafa hvatt til glæpa. Þeir hafa hvatt til þess, að löggjafarsamkoman væri hindruð að vinna að ákveðnu máli, og þeir hafa sagt, að meiri hl. yrði ekki þolað að taka ákvörðun um það. Svo þegar hótanirnar rætast og það kemur í ljós, að þær hafa verið teknar alvarlega, hvað segja kommúnistar þá? Jú, daginn eftir átökin, þegar flestir gluggar hér í salnum eru lokaðir með tréhlerum, þá stendur hv. 4. landsk. upp og segir, að hv. þm. G-K. hafi gefið fólkinu merki um að hefja grjóthríðina. Það verður merkilegt fyrir framtíðina að geta virt svona geirfugla fyrir sér, í sjálfu sér eru þeir enn merkilegri en geirfuglinn. (*BrB:* Þetta var í Morgunblaðinu í dag.) Það er ekki verra fyrir það. (*Forseti:* Ég óska ekki eftir slíkum umr. og tel, að þær eigi betur heima annars staðar.) Ég vil undanbiðja mér það, að hæstv. forseti standi meðan ég tala. Ég vil sitja, er forseti stendur. — Þessir aumingjar og bjálfar urðu hræddir, þegar fólkið mætti með manndómi og þeir sáu, að þeir gátu ekki brotið vilja Alþ. Þá var gerð tilraun til manndrápa á löggæzlumönnunum. Og nú ljúga þessir aumingjar, bleyður og ragmenni upp nýjum sögum. En fólkið fylgdist með því, sem gerðist, og hefur á því eina og sömu skoðun. Kommúnistar eru ekki svo heppnir í þetta sinn, að þessir atburðir hafi skeð í Rúmeníu, þeir skeðu í hjarta Reykjavíkur. Þeir eru svo óheppnir, að nú eru ekki bara Morgunblaðið og Reuter til frásagna, og atburðirnar hafa hvorki skeð í Búlgaríu né Tékkóslóvakíu. Kommúnistar geta sagt Íslendingum, að öll þau óhæfuverk, sem flokksbræður þeirra fremja í þessum fjarlægu löndum, séu uppspuni, en þeim þýðir ekki að beita slíkum aðferðum, þegar um er að ræða atburði, sem þúsundir Reykvíkinga hafa horft á. — Svo var það eitt atriði, sem ég vil ekki láta ómótmælt. Kommúnistar hafa svívirt nokkur hundruð ungra manna, er skipuðu sér kringum þinghúsið í gær til þess að verja það, þeir hafa kallað þá hvítliða og sagt, að þeir hafi staðið fyrir manndrápum. Allir dáðust að því, hve rólegt þetta unga fólk var, þegar grjóthríðin dundi á veggnum og í höfuð þess. Það vakti aðdáun Reykvíkinga, hvernig það reyndi að hindra aðsókn skrílsins. Ég dáist að stillingu þess og vil ekki láta ómótmælt rógi kommúnista um það. Kommúnistar segja, að þetta hafi verið eintómir Heimdellingar. Meginhlutinn mun hafa verið úr því félagi, og ég segi: Það er heiður fyrir Heimdall. En raunar voru þarna ungir menn úr félögum annarra lýðræðisflokka. Einnig þeim ber heiður. — Loks vil ég minnast á eitt atriði. Kommúnistar neita nú þátttöku sinni í þessum árásum, en hvað stendur í blaði þessara (*ÓTh:* Skepna) já, skepna. Þeir hafa unnið til þess að verða teknir hörðum tökum og skulu vita það, að næst verða slíkir dólgar teknir enn harðari tökum. Jú, Þjóðviljinn jafnar ungri stúlku, sem reyndi að slá forsrh. landsins, við einn mesta kvenskörung, sem íslenzk saga geymir, Auði Vésteinsdóttur. Kommúnistablaðið segir, að þessi unga, og ég vil segja ógæfusama stúlka, sem gekk að forsrh. og klóraði hann eða gaf honum utan undir, hafi framið þennan verknað fyrir hönd íslenzkra kvenna og að minning hennar

muni geymast um allar aldir í Íslandssögunni. Þetta er mat kommúnista á hetjudáðum. (*Forseti:* Þetta á betur heima í blöðunum.) Hæstv. forseti hefur ekki refsað þm. kommúnista sem skyldi fyrir framferði þeirra hér. Ég er hér að bera sakir af mönnum og álít, að það séu ekki forréttindi kommúnista að tala. — Já, Þjóðviljinn segir: „Kinnhestur sá mun geymast í hugum Íslendinga.“ Ég veit ekki um hug hvaða Íslendinga er að ræða, nema það væri kommúnista, en hugur þeirra er sú versta ruslakista, sem til er.

Ólafur Thors: Herra forseti. Mér er sagt, að hv. 4. landsk. — ég veit ekki, hvort ég má kalla hann uppbótarþm., því að hv. 2. þm. hafði þau orð um hæstv. forsrh., að hann væri ekki annað en helvítis uppbótarþm., — en mér er sagt, að þessi hv. þm. hafi sagt, að ég hafi gengið út að glugganum til þess að skipa fyrir um árás. Ég lýsi þetta vísvitandi ósannindi. Mér varð það oft á að líta út um glugga þinghússins og varð sérstaklega starsýnt á um 200 manna hóp, alveg óvenjulega ljótan. Í þessum hópi tók ég sérstaklega eftir ungum manni, er afskræmdi sig og stakk út úr sér tungunni. Það er einhver sú ótútlegasta manndrusla, sem ég hef séð. Þessi piltur var með stúdentahúfu, og ég benti með fingrinum á enni mér, en það varð til þess, að unglingur þessi áttaði sig á, að hann bar á höfði sér einkenni þeirra, sem þjóðfélagið ver árlega milljónum króna til að mennta og manna. Hann hætti að skæla sig, eftir var aðeins sneypulegt ófrítt gelgjusmetti, og ég sá ekki til hans eftir þetta. Þetta gerðist klukkan tæplega eitt, og var ég staddur í vestasta herbergi þinghússins. Hitt er svo rétt, að lýður sá, sem hv. 4. landsk. hafði fylkt að þinghúsinu, kastaði tvívegis grjóti í glugga, sem ég stóð við. Ég gerði mér ekki hættuna ljósa og hélt, að ég hefði leyfi til að ganga um þinghúsið eins og aðrir. Ég endurtek það, að ummæli hv. 4. landsk. eru vísvitandi ósannindi. Ég hef ætíð viljað afstýra vandræðum og álít, að þjóðinni stafi voði af slíkum aðferðum. En ef skrílsæði kommúnista er látið afskiptalaust, þá er ekki lengur til frelsi í þessu þjóðfélagi. Það hefði verið öllum til skammar.

Ég mismælti mig áðan, er ég blandaði hv. 8. þm. Reykv. saman við hv. 4. þm. Reykv. Þessi hv. þm. á margt annað skilið, en ekki að maður blandi honum saman við Gylfa. Það var víst um tvöleytið í gær, að hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. ruku upp eins og nöðrur. Ég veitti þeim eftirför. Þeir fóru á fund Stefáns Ögmundssonar og Björns Bjarnasonar. Ég heyrði ekki á tal þeirra og fullyrði því ekki, að þeir hafi gefið fyrirmæli um árás á þingið, en strax á eftir hófst nær látlaust aur- og grjótkast á þinghúsið.

Í marga mánuði hefur þjóðin verið æst upp og henni sagt, að verið væri að svíkja föðurlandið. Og ég segi fyrir mig, að ef ég væri ungur maður og tryði því, að einhverjir væru að svíkja föðurlandið, þá mundi blóð mitt hitna. Og menn eins og Sigurbjörn dósent Einarsson, Pálmi Hannesson rektor, Klemenz Tryggvason, Einar Ólafur Sveinsson og Gylfi Þ. Gíslason — þessir menn hafa æst bálið, og á þeim hvílir þung ábyrgð um þá atburði, sem hér urðu í gær. Það kann að vera, að þeir hafi ekki ætlazt til, að við værum drepnir. En þeir ætluðu að halda fund til þess að hindra ákvarðanir löglegs meiri hluta á Alþingi, en þeir guggnuðu á því, og kommúnistarnir komu svo sjálfir til fundar. Og til hvers? Það átti að vera til þess að æsa lýðinn og stefna honum til alþingishússins; þeir höfðu 200 manna talkór, sem þeir höfðu æft og létu standa fyrir hópnum. En við sáum við þessu herbragði og sendum okkar áskorun og sögðu: „Komið þið, sem viljið, að Alþingi hafi frið.“ Og fólkið kom, og gagnvart þem fjölda reyndust æsingamennirnir fáir og máttvana. Og ef ekki hefði verið viðhafður viðbúnaður til öryggis, hefði leikurinn orðið allur annar, því að það þýðir ekki að neita því, að vikum saman höfðu æsingabumburnar verið barðar. Það var ætt að forsrh., þegar hann kom frá útlöndum, þessari „manndruslu,“ eins og hann var kallaður, og það kvað við sama tón, þegar ráðherrarnir þrír komu frá Ameríku; það var sagt, að Alþingi skyldi verða hindrað í að samþykkja aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi. Og hvernig átti að hindra þingmeirihluta frá að taka sínar ákvarðanir nema með ofbeldi? Vilja kommúnistar svara því hér í áheyrn Alþingis? Hvernig ætluðu þeir sér að hindra þetta án ofbeldis?

Ég get auðvitað ekki fullyrt, hvaða hætta hefði verið hér á ferðum, ef ekki hefðu verið varnir við hafðar. En óspektirnar á þriðjudaginn voru barnaleikur á móts við það, sem hér gerðist í gær. En þá gengum við hæstv. dómsmrh. ásamt Jóhanni Hafstein héðan út í Sjálfstæðishús, og lögreglan vildi veita okkur fylgd, en við bægðum henni frá okkur. En á leiðinni safnaðist að okkur kommalýður og kastaði að okkur skít.

En út af því, sem nú hefur gerzt, eru kommúnistar sneyptir og leiðir, og þeir harma það. Og vegna hvers? Vegna þess að þeir skilja, að þeir hafa af þessu skömm og fylgistap svo mikið, að það munu hrynja af þeim þúsundir atkvæða og þeir munu ekki einungis verða að heyja baráttu til þess að skafa af sér skömmina næstu vikur og mánuði, heldur miklu lengur, og mun þó aldrei takast það. Um þá ungu menn, sem settu vörð um friðinn hér fyrir utan þinghúsið, er það að segja, að þeirra framkoma var svo aðdáanleg, að hún mun aldrei gleymast. Með stillingu stóðu þeir af sér grjót og skít, sem að þeim var kastað að klukkutímum saman, og hrundu árásunum með þvílíku þreki og stillingu, að þeir ættu skilið, að nöfn þeirra væru skráð og geymd í minni.

Árásir á lögregluna út af þessum atburðum eru hinar ómaklegustu og rakalausar með öllu. Hún sýndi einmitt festu og stillingu, og stjórn lögreglustjóra var honum til hins mesta sóma og einkenndist af öryggi og ró.

Ég harma þessa atburði, og það er vissulega mikil alvara á ferðum, ef slíkir viðburðir ættu að fara að verða tíðir á Íslandi. En ef kommúnistar halda, að þeir geti kúgað okkur, þá skjátlast þeim. Öllu má ofbjóða. Og sérhvern þann hlut, sem þeir gera okkur, munum við og þeim gera.

Forseti (JPálm): Úr því að þessar leiðinlegu umræður eru hér hafnar, mun ég verða að lofa mönnum að tala á meðan fundartíminn endist; en ég varð þó héðan í frá að binda ræðutíma manna við 5 mínútur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að þau svör, sem ég gaf áðan hv. þm. Siglf., voru gersamlega rangfærð aftur af honum, sjálfsagt í þeim tilgangi einum, að svo skyldi standa í þingtíðindum, og vil ég ekki láta ómótmælt útúrsnúningum hans. Lögreglustjóri á sízt skilið það ámæli, sem hann hefur hér fengið. Hann gerði allt, sem í hans valdi stóð til að varðveita þinghelgina, og sömuleiðis þeir menn, sem stóðu hér sem skotmark óaldarlýðs, sem kastaði hér að þinghúsinu grjóti og fúleggjum úr Kron. Þeir eiga ekki útskit skilið, heldur heiður og þökk.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það, sem kom mér til að biðja um orðið, voru ummæli hæstv. menntmrh., sem hann viðhafði hér áðan. Hann sagði, að skríll hefði boðað til fundar við Lækjargötu. Og hverjir boðuðu til þessa fundar? Það var fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Rvík. Og hvað gerði fundurinn? Hann samþykkti og sendi mótmæli til Alþingis gegn því, sem hér var verið að fremja. Og menntmrh. leyfir sér að kalla þetta fólk skríl. En það er raunar ekkert nýtt. Menn, sem vinna hér á landi, hafa alltaf verið taldir skríll af þeim, sem lifa á arðinum af vinnu þeirra, og sá „skríll" á ekki að hafa neinn rétt til þess að koma saman undir berum himni og senda Alþingi skrifleg mótmæli. Hæstv. menntmrh. tekur upp hanzkann fyrir mennina, sem dvelja á veitingahúsunum og lifa á vinnu verkamannanna; það eru þjóðhollu mennirnir, sem þinghelgina verja. En þá, sem strita og halda þjóðfélaginu uppi, þeim velur hæstv. menntmrh. nafnið „skríll." Þessa kveðju hans skal ég líka flytja verkamönnum í Dagsbrún, og þeir munu þakka honum að maklegleikum ummælin, svo sorgleg sem þau eru, því að það verður ekki lengi vernduð sú þjóð, þar sem valdhafarnir fyrirlíta svo hið vinnandi fólk eins og fram kemur í þessum umræðum ráðh.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. G-K. talaði hér áðan um málflutning nokkurra manna, er hann nafngreindi, og þar á meðal Pálma Hannessonar rektors. Hér verður að gera mikinn greinarmun á framkomu manna. Og það er svo um Pálma Hannesson, að þótt hann hafi gagnrýnt hugmyndina um báttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, þá hefur hann aldrei lagt neitt það til þessara mála, er leggja mætti út á þann veg, að hann væri samþykkur þeim vinnubrögðum, sem hér voru við höfð í gær.

Kommúnistarnir hér eru nú mjög taugaóstyrkir. En öll þeirra vonzka stafar af ámátlegri minnimáttarkennd út af því, að þeir komu hér engu fram í gær. Þeir eru sturlaðir af því, að friðsamir borgarar skyldu koma á Austurvöll, því að þá kom í ljós undir þúsundir votta hið þokkalega athæfi þeirra, og með því var dregið úr þreki árásarlýðsins. Þetta var ámátlegur ósigur fyrir kommúnista og ekki að furða, þótt þeir séu reiðir. Og það verður aldrei of mikil áherzla á það lögð, hvílík háðung þessir atburðir voru fyrir þá.

Ég vil láta í ljós aðdáun mína á framkomu lögreglunnar, sem stóð undir grjótkasti klukkutímum saman fyrir framan alþingishúsið aðgerðalaus til þess að forðast stórvandræði. Og það er óhætt að fullyrða, að lýðræði hefði ekki verið framkvæmt stórslysalaust hér á Íslandi í gær án þess, að hennar hefði notið við.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan, að ég hefði sagt, að æsingafundurinn í gær hefði verið kallaður saman af skríl. Ég sagði, að það hefði verið kallaður saman skríll. Og hann þarf ekki að halda, að þeir, sem fundinn sóttu, hafi allir verið vinnandi fólk. Hann er að reyna að koma skrílsheitinu á verkamenn, því að ekki er hægt að gera vinnandi fólki á Íslandi meiri svívirðu en þá að drótta að því, að það hafi staðið hér grenjandi og grýtt þinghúsið. Það voru útsendarar kommúnista, sem það gerðu, og ekki fyrst og fremst Dagsbrúnarmenn.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hv. þm. G-K. mælti sumt ekki óskynsamlega áðan og tiltölulega rólega, a. m. k. ef miðað er við málflutning hv. þm. N-Ísf. og hæstv. menntmrh., sem sýnilega höfðu ekkert vald á sér, en töluðu eins og fífl, eins og þeirra var raunar von og vísa. Hv. þm. G-K. endurtók það, að kommúnistar hafi viljað kúga meiri hluta Alþingis með því að beita ofbeldi. Þetta er nú anzi trúleg saga, að sósialistar hafi ætlað sér að kúga hina bandarísku flokka með hið bandaríska hervald að baki sér. Ætli þeir hafi ekki þótzt þess um komnir að taka á móti? Og ætli þeir hafi ekki þorað að vinna verk sitt í krafti vopnavalds fyrst og fremst? A. m. k. ber það ekki vott um góða samvizku, að þeir kalla það glæp, að kallaður er saman stuttur fundur, þar sem borin er upp og samþykkt tillaga um áskorun til Alþ. um að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu. — En aðrar sakir en þessar verða ekki á okkur bornar. (*Rödd af þingbekkjum:* Fór fundurinn friðsamlega fram?) Já, mjög friðsamlega, og þar gerðist ekki annað en ég hef þegar sagt, og fundurinn var haldinn við Miðbæjarbarnaskólann, en ekki við alþingishúsið. — En nú koma vandlætararnir með heilmikið af gömlum tilvitnunum í Þjóðviljann og spyrja, hvaða ráð séu til að knýja meiri hluta Alþingis til að láta að vilja þjóðarinnar, nema að beita ofbeldi. (*ÓTh:* Ég sagði, hindra meiri hluta Alþ.) — Já, hindra! Það hefur margsinnis verið gert. Kjósendur hafa látið vilja sinn í ljós og Alþ. tekið tillit til hans og látið að vilja þeirra. En það kann að vera til of mikils ætlazt, að þeir hv. þm., sem stóðu að landráðasamþykktinni í gær, láti að vilja kjósenda.

Hv. þm. G-K. vildi vefengja það, sem ég sagði áðan, en staðfesti það þó í aðalatriðum með því að viðurkenna í fyrsta lagi, að hann hefði gengið hér út að glugganum, og í öðru lagi, að hann hefði gefið merki. En það brá nú einmitt svo við, er hann hafði gefið þetta merki, að þá réðst jafnskjótt óður og kylfubúinn skríll

á mannfjöldann með þeim afleiðingum, að fjöldi manna stórslasaðist. Nú get ég ekki fullyrt um það, hvort þarna hefur verið orsakasamband á milli. En svo mikið er víst, að fólkið úti leit á þetta sem merki, enda hófst þá grjótkastið fyrir alvöru.

Hv. þm. G-K. sagði, að ekki væri nema eðlilegt, að blóð manna hitnaði, ef þeir héldu, að verið væri að svíkja land sitt. Það var góð viðurkenning, og þetta vissi mannfjöldinn í gær, að verið var að vinna á Alþingi. Viðvíkjandi hv. þm. N-Ísf. vil ég segja það, að mér þóttu honum vel hæfa þau orð hv. 3. landsk., að það dytti sjálfsagt engum í hug að geyma hann á safni. Hann er aðeins venjulegt lítilmenni, sem langaði til að vera Íslendingur, en hafði ekki þrek til þess.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér líkar yfirleitt vel við samþingsmenn mína og hef ekki undan þeim að kvarta. En þó þykir mér oft miður, er ádeilur harðna og beinast að ákveðnum flokki, að þá þykja engar svívirðingar nógu stórar til þess að brigzla honum um. — Það segir svo í vísunni gömlu:

„Þau eru verst hin þöglu svik,
að þegja við öllu röngu."

Mér fer svo hér, að þegar ég heyri, að engir þykjast nú geta borið kommúnista of þungum brigzlum vegna þessa máls og ýmsir mætir menn eins og Pálmi Hannesson og Klemenz Tryggvason og fleiri hér fjarstaddir verða fyrir ósæmilegu aðkasti, þótt þá sé ekki um annað að saka en að vera á annarri skoðun en hv. þm. G-K., þá finnst mér ódrengilegt að þegja við því. Við Íslendingar stöndum í þeirri meiningu, að það sé frjálst að láta skoðanir í ljós í ræðu og riti, hver sem hlut á að máli.

Það þýðir lítið að sakast um orðinn hlut, þó margt væri betur óorðið, sem hér gerðist í gær. En þeir atburðir munu lengi í minnum hafðir. Ég vil halda því fram, að fleiri en kommúnistar eigi sök á þeim atburðum, sem urðu hér utan þinghússins og nú er rætt um hér. Ég harma það, að þeir skyldu gerast, og ég harma það, ef nokkur þm. hefur gefið merki til að æsa upp fólkið, úr hvaða flokki sem hann hefur verið. Ég veit það, að það mál, sem hér var farið allóvarlega með, hafði nóg íkveikjuefni í sjálfu sér, þótt ekki kæmi meira til. Ég held því fram, að hæstv. ríkisstj. hafi hagað sér ógætilega. Það var óhyggilegt að hafa lögregluvernd. Það var æsandi og eggjandi. Og það var ekki heldur hyggilega gert af þeim, sem réðu því, að þann 29. marz var lögregluliði stefnt á vettvang að morgni dags. Það var misráðið. Það var eggjandi og ögrandi og æsti upp fólkið. Það var einnig óhyggilegt að reyna ekki að haga 1. umr. um málið á þann veg að gefa orðið frjálst, til að lofa hv. þm. að ryðja úr sér. Það var hreint óvit að beita því að afnema matmálstíma og kaffitíma og gera allt óvenjulegt. Það var og misráðið að útbýta miðum til hv. þm. Með því var friðsömum borgurum bægt frá pöllunum. Borgurunum fannst brotinn á sér réttur. Pallarnir voru líka stundum tómir og ekki eingöngu þeir, heldur og ráðherrastólarnir. Og það var ósæmilegt og einnig hitt, að forráðamenn flokkanna skyldu ekki reyna að sefa fólkið. Var talað til þess? *(FJ:* Brynjólfur Bjarnason talaði til þess.) Hvorki hæstv. ríkisstj. né formenn flokkanna beittu sér fyrir því. Það var og eigi athugað að undirbúa málið af gerhygli. Já, ég vil biðja hæstv. forseta að hafa biðlund, því að ég er ekki alveg búinn. Hvers vegna var fólkinu safnað saman? Hvernig átti það að tryggja starfsfrið Alþ.? Vildi fólkið ekki veita hann, eða gat það ekki gert það? Ef forráðamenn flokkanna hefðu beðið fólkið um að fara burt, þá hefði verið sök sér. Nei, það var ekki gert. En heiðursgestirnir, — hvaða „trakteringar" fengu þeir? Fólkið var barið. *(Forsrh.:* Þetta er þjóðviljafleipur.) Það var ógætilega talað af hæstv. menntmrh., þegar hann sagði, að boðið hefði verið að kalla skrílinn saman. — Ég vil beiðast þess, að hæstv. forseti athugi það, að ræðutíma mínum er spillt. Ég skal geta þess, að ég gekk út með þeim hv. 5. þm. Reykv. og 3. þm. Reykv. í gær. Rýmt var til fyrir okkur, og varð vel fært. Enginn vék orði að okkur, og fengum við allir að fara í friði. Skrillinn óð ekki að okkur. En örfáum mínútum síðar var byrjað að beita táragasinu. Þá höfðu engar beinar aðgerðir orðið, engin ólæti. Allt var rólegt, þegar við gengum út. Ég held, góðir samþingsmenn mínir, að þeir hv. þm. G-K., hv. 4. landsk. og hæstv. forsrh. hefðu getað sefað fólkið. Það var ein af yfirsjónunum, að það var ekki gert.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil segja örfá orð út af þessari ræðu hv. 3. landsk. Hér stendur hv. þm. upp úr öðrum flokki en kommúnistafl. Hvert er erindi hans? Hvert er markmiðið? Að koma þeirri skoðun inn, að ríkisstj. eigi sök á óeirðunum. Hann hneykslast ekki á árásinni og grjótkasti á þingmenn, heldur kennir lögreglunni um, sem lét grýta sig aðgerðalaus og stórmeiða, þangað til koma þurfti þingmönnum heim. Öll ræða hv. þm. beindist að því að afsaka kommúnista, og ræðan var hv. þm. ekki samboðin.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend upp til að bera af mér þungar, já, mjög þungar sakir. Hv. þm. G-K. sagði í ræðu sinni, að ég hefði verið að æsa til ofbeldis. Hann nefndi og Einar Ól. Sveinsson prófessor, Pálma Hannesson rektor, Klemenz Tryggvason hagfræðing o. fl., sem allir hefðu staðið að slíku athæfi. Ég skal taka það fram, að ég hef mestu viðurstyggð á atburðum þeim, sem gerðust hér fyrir utan þinghúsið í gær, en einnig atburðunum innan veggja þess, þ. e. umræðunum, sérstaklega þó í gærmorgun. En ég andmæli því eindregið, að ég, eða aðrir menn ásamt mér, hafi átt hinn minnsta þátt í óeirðunum. Ég veit eigi til þess, að orð mín hafi getað gefið tilefni til ólátanna utan eða innan þinghússins. En hv. þm. G-K. notar tækifærið nú til að láta dólgslega. Hann er þó illa að sér í þingsiðum. Hann veit ekki einu sinni um rétt þingheiti á hv. alþingismönnum og ávarpar hv. 8. þm. Reykv. í stað mín, sem er 4. þm. Reykv., og telur það móðgun við hann að blanda honum saman við mig. Þessi hv. þm. er hortugur hér í þingsöl-

þm. Reykv., að hann mundi muna honum eitthvað. Já, að hugsa sér, að dómsmrh. skuli leyfa sér slíkt! (*BrB:* Hvað var það?) Það var eitthvað alveg meinlaust, en það skiptir ekki miklu máli. Þetta átti að vera ægileg hótun! En hvað hefur hv. 4. landsk. sjálfur gert? Hann hefur hótað því hér frammi fyrir míkrófóninum, að þeir, sem fylgdu Atlantshafssamningnum, mundu fá sömu útreið og kvislingarnir í öllum löndum. Menn vita, við hvað er átt. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég tel ekkert að því, að þessar umræður hafi farið fram, og skil vel, að kommúnistum finnst sitt hlutskipti hart, en þeir bæta sig lítið á því, sem þeir hafa sagt hér.

Áki Jakobsson: Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Hann hefur ekki átt frumkvæðið að fangelsun þessarar ungu stúlku, eftir því sem hann sagði, en það er leitt, að hún skuli hafa setið í fangelsi í alla nótt. (*LJóh:* Átti hún það ekki skilið?) Ég skil ekki, að hún geti fengið aðra refsingu en sekt, og þá er ekki heimilt að setja hana í fangelsi. (*BrB:* Hún hefði átt að fá verðlaun. — *ÓTh:* Ekki var Hermann verðlaunaður, þegar hann gaf þér á kjaftinn.) Ég hefði talið hæstv. forsrh. meiri mann, ef hann hefði hlutazt til um það, að stúlkan væri ekki fangelsuð, en hver og einn hagar sér eftir sínu innræti, og það hefur hæstv. forsrh. gert nú. Svör hæstv. dómsmrh. við spurningum mínum voru ekki ljós, en mér skilst, að það sé í athugun hjá honum að víkja lögreglustjóranum úr embætti. Hæstv. forsrh. treysti sér ekki heldur til þess að andmæla því, sem ég sagði.

Hæstv. ráðh. hafa talað um kommúnístískan skríl með vasana fulla af grjóti. Það er eðlilegt, að þeir séu taugaóstyrkir. Þeir pukruðust með málið fram á mánudag og ætluðu að afgreiða það á einni nóttu. En það þýðir ekkert að fullyrða, að einn eða annar hafi verið með grjót. Ég veit að lögregluranns*ó*kn mun sanna, að það var lögreglustjórinn, sem stofnaði til óspektanna. Án hans aðgerða hefði ekki komið til neinna óspekta. Enginn gerði sig líklegan til þess að ráðast á þm., en þeir voru svo hræddir, ef þeir heyrðu hljóð, að þeir héldu að árás væri yfirvofandi. Hjá hæstv. menntmrh. kom fram ímyndaður ótti, sem á rætur sínar í sektartilfinningu út af því máli, sem verið var að afgreiða. Lögregluranns*ó*kn mun leiða það í ljós, að engar árásir voru skipulagðar. Enginn hafði hvatt fólkið til að safnast saman á Austurvelli nema form. stjórnarflokkanna, og þeir heilsuðu því með kylfum og táragasi. Fyrir það verður þeim áreiðanlega þakkað, hverjum einum í sínum flokki.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mér finnst þær sýna merkilegan hlut, sem maður að vísu hafði þata af áður, en hann er sá, að kommúnistar hugsa á annan hátt en venjulegt fólk. Þeir hugsa svo mikið öðruvísi en annað fólk, sérstaklega hv. 4. landsk., að það væri ekki óeðlilegt, að þeir væru geymdir á safni sem sérkennileg náttúrufyrirbrigði og varðveittir þar sem undur fyrir framtíðina. (*HV:* Engum mundi detta í hug að geyma hv. þm. N-Ísf. á safni.) Ég vil benda á það, á hverju þessi sérkenni byggjast. Þessir þm. hafa hvatt til glæpa. Þeir hafa hvatt til þess, að löggjafarsamkoman væri hindruð að vinna að ákveðnu máli, og þeir hafa sagt, að meiri hl. yrði ekki þolað að taka ákvörðun um það. Svo þegar hótanirnar rætast og það kemur í ljós, að þær hafa verið teknar alvarlega, hvað segja kommúnistar þá? Jú, daginn eftir átökin, þegar flestir gluggar hér í salnum eru lokaðir með tréhlerum, þá stendur hv. 4. landsk. upp og segir, að hv. þm. G-K. hafi gefið fólkinu merki um að hefja grjóthríðina. Það verður merkilegt fyrir framtíðina að geta virt svona geirfugla fyrir sér, í sjálfu sér eru þeir enn merkilegri en geirfuglinn. (*BrB:* Þetta var í Morgunblaðinu í dag.) Það er ekki verra fyrir það. (*Forseti:* Ég óska ekki eftir slíkum umr. og tel, að þær eigi betur heima annars staðar.) Ég vil undanbiðja mér það, að hæstv. forseti standi meðan ég tala. Ég vil sitja, er forseti stendur. — Þessir aumingjar og bjálfar urðu hræddir, þegar fólkið mætti með manndómi og þeir sáu, að þeir gátu ekki brotið vilja Alþ. Þá var gerð tilraun til manndrápa á löggæzlumönnunum. Og nú ljúga þessir aumingjar, bleyður og ragmenni upp nýjum sögum. En fólkið fylgdist með því, sem gerðist, og hefur á því eina og sömu skoðun. Kommúnistar eru ekki svo heppnir í þetta sinn, að þessir atburðir hafi skeð í Rúmeníu, þeir skeðu í hjarta Reykjavíkur. Þeir eru svo óheppnir, að nú eru ekki bara Morgunblaðið og Reuter til frásagna, og atburðirnar hafa hvorki skeð í Búlgaríu né Tékkóslóvakíu. Kommúnistar geta sagt Íslendingum, að öll þau óhæfuverk, sem flokksbræður þeirra fremja í þessum fjarlægu löndum, séu uppspuni, en þeim þýðir ekki að beita slíkum aðferðum, þegar um er að ræða atburði, sem þúsundir Reykvíkinga hafa horft á. — Svo var það eitt atriði, sem ég vil ekki láta ómótmælt. Kommúnistar hafa svívirt nokkur hundruð ungra manna, er skipuðu sér kringum þinghúsið í gær til þess að verja það, þeir hafa kallað þá hvítliða og sagt, að þeir hafi staðið fyrir manndrápum. Allir dáðust að því, hve rólegt þetta unga fólk var, þegar grjóthríðin dundi á veggnum og í höfuð þess. Það vakti aðdáun Reykvíkinga, hvernig það reyndi að hindra aðsókn skrílsins. Ég dáist að stillingu þess og vil ekki láta ómótmælt rógi kommúnista um það. Kommúnistar segja, að þetta hafi verið eintómir Heimdellingar. Meginhlutinn mun hafa verið úr því félagi, og ég segi: Það er heiður fyrir Heimdall. En raunar voru þarna ungir menn úr félögum annarra lýðræðisflokka. Einnig þeim ber heiður. — Loks vil ég minnast á eitt atriði. Kommúnistar neita nú þátttöku sinni í þessum árásum, en hvað stendur í blaði þessara (*ÓTh:* Skepna) já, skepna. Þeir hafa unnið til þess að verða teknir hörðum tökum og skulu vita það, að næst verða slíkir dólgar teknir enn harðari tökum. Jú, Þjóðviljinn jafnar ungri stúlku, sem reyndi að slá forsrh. landsins, við einn mesta kvenskörung, sem íslenzk saga geymir, Auði Vésteinsdóttur. Kommúnistablaðið segir, að þessi unga, og ég vil segja ógæfusama stúlka, sem gekk að forsrh. og klóraði hann eða gaf honum utan undir, hafi framið þennan verknað fyrir hönd íslenzkra kvenna og að minning hennar

muni geymast um allar aldir í Íslandssögunni. Þetta er mat kommúnista á hetjudáðum. (*Forseti:* Þetta á betur heima í blöðunum.) Hæstv. forseti hefur ekki refsað þm. kommúnista sem skyldi fyrir framferði þeirra hér. Ég er hér að bera sakir af mönnum og álít, að það séu ekki forréttindi kommúnista að tala. — Já, Þjóðviljinn segir: „Kinnhestur sá mun geymast í hugum Íslendinga." Ég veit ekki um hug hvaða Íslendinga er að ræða, nema það væri kommúnista, en hugur þeirra er sú versta ruslakista, sem til er.

Ólafur Thors: Herra forseti. Mér er sagt, að hv. 4. landsk. — ég veit ekki, hvort ég má kalla hann uppbótarþm., því að hv. 2. þm. hafði þau orð um hæstv. forsrh., að hann væri ekki annað en helvítis uppbótarþm., — en mér er sagt, að þessi hv. þm. hafi sagt, að ég hafi gengið út að *glugganum til þess að skipa fyrir um árás.* Ég lýsi þetta vísvitandi ósannindi. Mér varð það oft á að líta út um glugga þinghússins og varð sérstaklega starsýnt á um 200 manna hóp, alveg óvenjulega ljótan. Í þessum hópi tók ég sérstaklega eftir ungum manni, er afskræmdi sig og stakk út úr sér tungunni. Það er einhver sú ótútlegasta manndrusla, sem ég hef séð. Þessi piltur var með stúdentahúfu, og ég benti með fingrinum á enni mér, en það varð til þess, að unglingur þessi áttaði sig á, að hann bar á höfði sér einkenni þeirra, sem þjóðfélagið ver árlega milljónum króna til að mennta og manna. Hann hætti að skæla sig, eftir var aðeins sneypulegt ófrítt gelgjusmetti, og ég sá ekki til hans eftir þetta. Þetta gerðist klukkan tæplega eitt, og var ég staddur í vestasta herbergi þinghússins. Hitt er svo rétt, að lýður sá, sem hv. 4. landsk. hafði fylkt að þinghúsinu, kastaði tvívegis grjóti í glugga, sem ég stóð við. Ég gerði mér ekki hættuna ljósa og hélt, að ég hefði leyfi til að ganga um þinghúsið eins og aðrir. Ég endurtek það, að ummæli hv. 4. landsk. eru vísvitandi ósannindi. Ég hef ætíð viljað afstýra vandræðum og álít, að þjóðinni stafi voði af slíkum aðferðum. En ef skrílsæði kommúnista er látið afskiptalaust, þá er ekki lengur til frelsi í þessu þjóðfélagi. Það hefði verið öllum til skammar.

Ég mismælti mig áðan, er ég blandaði hv. 8. þm. Reykv. saman við hv. 4. þm. Reykv. Þessi hv. þm. á margt annað skilið, en ekki að maður blandi honum saman við Gylfa. Það var víst um tvöleytið í gær, að hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. ruku upp eins og nöðrur. Ég veitti þeim eftirför. Þeir fóru á fund Stefáns Ögmundssonar og Björns Bjarnasonar. Ég heyrði ekki á tal þeirra og fullyrði því ekki, að þeir hafi gefið fyrirmæli um árás á þingið, en strax á eftir hófst nær látlaust aur- og grjótkast á þinghúsið.

Í marga mánuði hefur þjóðin verið æst upp og henni sagt, að verið væri að svíkja föðurlandið. Og ég segi fyrir mig, að ef ég væri ungur maður og tryði því, að einhverjir væru að svíkja föðurlandið, þá mundi blóð mitt hitna. Og menn eins og Sigurbjörn dósent Einarsson, Pálmi Hannesson rektor, Klemenz Tryggvason, Einar Ólafur Sveinsson og Gylfi Þ. Gíslason — þessir menn hafa æst bálið, og á þeim hvílir þung ábyrgð um þá atburði, sem hér urðu í gær. Það kann að vera, að þeir hafi ekki ætlazt til, að við værum drepnir. En þeir ætluðu að halda fund til þess að hindra ákvarðanir löglegs meiri hluta á Alþingi, en þeir guggnuðu á því, og kommúnistarnir komu svo sjálfir til fundar. Og til hvers? Það átti að vera til þess að æsa lýðinn og stefna honum til alþingishússins; þeir höfðu 200 manna talkór, sem þeir höfðu æft og létu standa fyrir hópnum. En við sáum við þessu herbragði og sendum okkar áskorun og sögðu: „Komið þið, sem viljið, að Alþingi hafi frið." Og fólkið kom, og gagnvart þem fjölda reyndust æsingamennirnir fáir og máttvana. Og ef ekki hefði verið viðhafður viðbúnaður til öryggis, hefði leikurinn orðið allur annar, því að það þýðir ekki að neita því, að vikum saman höfðu æsingabumburnar verið barðar. Það var ætt að forsrh., þegar hann kom frá útlöndum, þessari „manndruslu," eins og hann var kallaður, og það kvað við sama tón, þegar ráðherrarnir þrír komu frá Ameríku; það var sagt, að Alþingi skyldi verða hindrað í að samþykkja aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi. Og hvernig átti að hindra þingmeirihluta frá að taka *sínar ákvarðanir nema með ofbeldi?* Vilja kommúnistar svara því hér í áheyrn Alþingis? Hvernig ætluðu þeir sér að hindra þetta án ofbeldis?

Ég get auðvitað ekki fullyrt, hvaða hætta hefði verið hér á ferðum, ef ekki hefðu verið varnir við hafðar. En óspektirnar á þriðjudaginn voru barnaleikur á móts við það, sem hér gerðist í gær. En þá gengum við hæstv. dómsmrh. ásamt Jóhanni Hafstein héðan út í Sjálfstæðishús, og lögreglan vildi veita okkur fylgd, en við bægðum henni frá okkur. En á leiðinni safnaðist að okkur kommalýður og kastaði að okkur skít.

En út af því, sem nú hefur gerzt, eru kommúnistar sneyptir og leiðir, og þeir harma það. Og vegna hvers? Vegna þess að þeir skilja, að þeir hafa af þessu skömm og fylgistap svo mikið, að það munu hrynja af þeim þúsundir atkvæða og þeir munu ekki einungis verða að heyja baráttu til þess að skafa af sér skömmina næstu vikur og mánuði, heldur miklu lengur, og mun þó aldrei takast það. Um þá ungu menn, sem settu vörð um friðinn hér fyrir utan þinghúsið, er það að segja, að þeirra framkoma var svo aðdáanleg, að hún mun aldrei gleymast. Með stillingu stóðu þeir af sér grjót og skít, sem að þeim var kastað að klukkutímum saman, og hrundu árásunum með þvílíku þreki og stillingu, að þeir ættu skilið, að nöfn þeirra væru skráð og geymd í minni.

Árásir á lögregluna út af þessum atburðum eru hinar ómaklegustu og rakalausar með öllu. Hún sýndi einmitt festu og stillingu, og stjórn lögreglustjóra var honum til hins mesta sóma og einkenndist af öryggi og ró.

Ég harma þessa atburði, og það er vissulega mikil alvara á ferðum, ef slíkir viðburðir ættu að fara að verða tíðir á Íslandi. En ef kommúnistar halda, að þeir geti kúgað okkur, þá skjátlast þeim. Öllu má ofbjóða. Og sérhvern þann hlut, sem þeir gera okkur, munum við og þeim gera.

Forseti (JPálm): Úr því að þessar leiðinlegu umræður eru hér hafnar, mun ég verða að lofa mönnum að tala á meðan fundartíminn endist; en ég varð þó héðan í frá að binda ræðutíma manna við 5 mínútur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að þau svör, sem ég gaf áðan hv. þm. Siglf., voru gersamlega rangfærð aftur af honum, sjálfsagt í þeim tilgangi einum, að svo skyldi standa í þingtíðindum, og vil ég ekki láta ómótmælt útúrsnúningum hans. Lögreglustjóri á sízt skilið það ámæli, sem hann hefur hér fengið. Hann gerði allt, sem í hans valdi stóð til að varðveita þinghelgina, og sömuleiðis þeir menn, sem stóðu hér sem skotmark óaldarlýðs, sem kastaði hér að þinghúsinu grjóti og fúleggjum úr Kron. Þeir eiga ekki útskit skilið, heldur heiður og þökk.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það, sem kom mér til að biðja um orðið, voru ummæli hæstv. menntmrh., sem hann viðhafði hér áðan. Hann sagði, að skríll hefði boðað til fundar við Lækjargötu. Og hverjir boðuðu til þessa fundar? Það var fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Rvík. Og hvað gerði fundurinn? Hann samþykkti og sendi mótmæli til Alþingis gegn því, sem hér var verið að fremja. Og menntmrh. leyfir sér að kalla þetta fólk skríl. En það er raunar ekkert nýtt. Menn, sem vinna hér á landi, hafa alltaf verið taldir skríll af þeim, sem lifa á arðinum af vinnu þeirra, og sá „skríll" á ekki að hafa neinn rétt til þess að koma saman undir berum himni og senda Alþingi skrifleg mótmæli. Hæstv. menntmrh. tekur upp hanzkann fyrir mennina, sem dvelja á veitingahúsunum og lifa á vinnu verkamannanna; það eru þjóðhollu mennirnir, sem þinghelgina verja. En þá, sem strita og halda þjóðfélaginu uppi, þeim velur hæstv. menntmrh. nafnið „skríll." Þessa kveðju hans skal ég líka flytja verkamönnum í Dagsbrún, og þeir munu þakka honum að maklegleikum ummælin, svo sorgleg sem þau eru, því að það verður ekki lengi vernduð sú þjóð, þar sem valdhafarnir fyrirlíta svo hið vinnandi fólk eins og fram kemur í þessum umræðum ráðh.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. G-K. talaði hér áðan um málflutning nokkurra manna, er hann nafngreindi, og þar á meðal Pálma Hannessonar rektors. Hér verður að gera mikinn greinarmun á framkomu manna. Og það er svo um Pálma Hannesson, að þótt hann hafi gagnrýnt hugmyndina um þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, þá hefur hann aldrei lagt neitt það til þessara mála, er leggja mætti út á þann veg, að hann væri samþykkur þeim vinnubrögðum, sem hér voru við höfð í gær.

Kommúnistarnir hér eru nú mjög taugaóstyrkir. En öll þeirra vonzka stafar af ámátlegri minnimáttarkennd út af því, að þeir komu hér engu fram í gær. Þeir eru sturlaðir af því, að friðsamir borgarar skyldu koma á Austurvöll, því að þá kom í ljós undir þúsundir votta hið þokkalega athæfi þeirra, og með því var dregið úr þreki árásarlýðsins. Þetta var ámátlegur ósigur fyrir kommúnista og ekki að furða, þótt þeir séu reiðir. Og það verður aldrei of mikil áherzla á það lögð, hvílík háðung þessir atburðir voru fyrir þá.

Ég vil láta í ljós aðdáun mína á framkomu lögreglunnar, sem stóð undir grjótkasti klukkutímum saman fyrir framan alþingishúsið aðgerðalaus til þess að forðast stórvandræði. Og það er óhætt að fullyrða, að lýðræði hefði ekki verið framkvæmt stórslysalaust hér á Íslandi í gær án þess, að hennar hefði notið við.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði hér áðan, að ég hefði sagt, að æsingafundurinn í gær hefði verið kallaður saman af skríl. Ég sagði, að það hefði verið kallaður saman skríll. Og hann þarf ekki að halda, að þeir, sem fundinn sóttu, hafi allir verið vinnandi fólk. Hann er að reyna að koma skrílsheitinu á verkamenn, því að ekki er hægt að gera vinnandi fólki á Íslandi meiri svívirðu en þá að drótta að því, að það hafi staðið hér grenjandi og grýtt þinghúsið. Það voru útsendarar kommúnista, sem það gerðu, og ekki fyrst og fremst Dagsbrúnarmenn.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Hv. þm. G-K. mælti sumt ekki óskynsamlega áðan og tiltölulega rólega, a. m. k. ef miðað er við málflutning hv. þm. N-Ísf. og hæstv. menntmrh., sem sýnilega höfðu ekkert vald á sér, en töluðu eins og fífl, eins og þeirra var raunar von og vísa. Hv. þm. G-K. endurtók það, að kommúnistar hafi viljað kúga meiri hluta Alþingis með því að beita ofbeldi. Þetta er nú anzi trúleg saga, að sósialistar hafi ætlað sér að kúga hina bandarísku flokka með hið bandaríska hervald að baki sér. Ætli þeir hafi ekki þótzt þess um komnir að taka á móti? Og ætli þeir hafi ekki þorað að vinna verk sitt í krafti vopnavalds fyrst og fremst? A. m. k. ber það ekki vott um góða samvizku, að þeir kalla það glæp, að kallaður er saman stuttur fundur, þar sem borin er upp og samþykkt tillaga um áskorun til Alþ. um að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu. — En aðrar sakir en þessar verða ekki á okkur bornar. (*Rödd af þingbekkjum:* Fór fundurinn friðsamlega fram?) Já, mjög friðsamlega, og þar gerðist ekki annað en ég hef þegar sagt, og fundurinn var haldinn við Miðbæjarbarnaskólann, en ekki við alþingishúsið. — En nú koma vandlætararnir með heilmikið af gömlum tilvitnunum í Þjóðviljann og spyrja, hvaða ráð séu til að knýja meiri hluta Alþingis til að láta að vilja þjóðarinnar, nema að beita ofbeldi. (*ÓTh:* Ég sagði, hindra meiri hluta Alþ.) — Já, hindra! Það hefur margsinnis verið gert. Kjósendur hafa látið vilja sinn í ljós og Alþ. tekið tillit til hans og látið að vilja þeirra. En það kann að vera til of mikils ætlazt, að þeir hv. þm., sem stóðu að landráðasamþykktinni í gær, láti að vilja kjósenda.

Hv. þm. G-K. vildi vefengja það, sem ég sagði áðan, en staðfesti það þó í aðalatriðum með því að viðurkenna í fyrsta lagi, að hann hefði gengið hér út að glugganum, og í öðru lagi, að hann hefði gefið merki. En það brá nú einmitt svo við, er hann hafði gefið þetta merki, að þá réðst jafnskjótt óður og kylfubúinn skríll

á mannfjöldann með þeim afleiðingum, að fjöldi manna stórslasaðist. Nú get ég ekki fullyrt um það, hvort þarna hefur verið orsakasamband á milli. En svo mikið er víst, að fólkið úti leit á þetta sem merki, enda hófst þá grjótkastið fyrir alvöru.

Hv. þm. G-K. sagði, að ekki væri nema eðlilegt, að blóð manna hitnaði, ef þeir héldu, að verið væri að svíkja land sitt. Það var góð viðurkenning, og þetta vissi mannfjöldinn í gær, að verið var að vinna á Alþingi. Viðvíkjandi hv. þm. N-Ísf. vil ég segja það, að mér þóttu honum vel hæfa þau orð hv. 3. landsk., að það dytti sjálfsagt engum í hug að geyma hann á safni. Hann er aðeins venjulegt lítilmenni, sem langaði til að vera Íslendingur, en hafði ekki þrek til þess.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér líkar yfirleitt vel við samþingsmenn mína og hef ekki undan þeim að kvarta. En þó þykir mér oft miður, er ádeilur harðna og beinast að ákveðnum flokki, að þá þykja engar svívirðingar nógu stórar til þess að brigzla honum um. — Það segir svo í vísunni gömlu:

„Þau eru verst hin þöglu svik,
að þegja við öllu röngu."

Mér fer svo hér, að þegar ég heyri, að engir þykjast nú geta borið kommúnista of þungum brigzlum vegna þessa máls og ýmsir mætir menn eins og Pálmi Hannesson og Klemenz Tryggvason og fleiri hér fjarstaddir verða fyrir ósæmilegu aðkasti, þótt þá sé ekki um annað að saka en að vera á annarri skoðun en hv. þm. G-K., þá finnst mér ódrengilegt að þegja við því. Við Íslendingar stöndum í þeirri meiningu, að það sé frjálst að láta skoðanir í ljós í ræðu og riti, hver sem hlut á að máli.

Það þýðir lítið að sakast um orðinn hlut, þó margt væri betur óorðið, sem hér gerðist í gær. En þeir atburðir munu lengi í minnum hafðir. Ég vil halda því fram, að fleiri en kommúnistar eigi sök á þeim atburðum, sem urðu hér utan þinghússins og nú er rætt um hér. Ég harma það, að þeir skyldu gerast, og ég harma það, ef nokkur þm. hefur gefið merki til að æsa upp fólkið, úr hvaða flokki sem hann hefur verið. Ég veit það, að það mál, sem hér var farið allóvarlega með, hafði nóg íkveikjuefni í sjálfu sér, þótt ekki kæmi meira til. Ég held því fram, að hæstv. ríkisstj. hafi hagað sér ógætilega. Það var óhyggilegt að hafa lögregluvernd. Það var æsandi og eggjandi. Og það var ekki heldur hyggilega gert af þeim, sem réðu því, að þann 29. marz var lögregluliði stefnt á vettvang að morgni dags. Það var misráðið. Það var eggjandi og ögrandi og æsti upp fólkið. Það var einnig óhyggilegt að reyna ekki að haga 1. umr. um málið á þann veg að gefa orðið frjálst, til að lofa hv. þm. að ryðja úr sér. Það var hreint óvit að beita því að afnema matmálstíma og kaffitíma og gera allt óvenjulegt. Það var og misráðið að útbýta miðum til hv. þm. Með því var friðsömum borgurum bægt frá pöllunum. Borgurunum fannst brotinn á sér réttur. Pallarnir voru líka stundum tómir og ekki eingöngu þeir, heldur og ráðherrastólarnir. Og það var ósæmilegt og einnig hitt, að forráðamenn flokkanna skyldu ekki reyna að sefa fólkið. Var talað til þess? *(FJ:* Brynjólfur Bjarnason talaði til þess.) Hvorki hæstv. ríkisstj. né formenn flokkanna beittu sér fyrir því. Það var og eigi athugað að undirbúa málið af gerhygli. Já, ég vil biðja hæstv. forseta að hafa biðlund, því að ég er ekki alveg búinn. Hvers vegna var fólkinu safnað saman? Hvernig átti það að tryggja starfsfrið Alþ.? Vildi fólkið ekki veita hann, eða gat það ekki gert það? Ef forráðamenn flokkanna hefðu beðið fólkið um að fara burt, þá hefði verið sök sér. Nei, það var ekki gert. En heiðursgestirnir, — hvaða „trakteringar" fengu þeir? Fólkið var barið. *(Forsrh.:* Þetta er þjóðviljafleipur.) Það var ógætilega talað af hæstv. menntmrh., þegar hann sagði, að boðið hefði verið að kalla skrílinn saman. — Ég vil beiðast þess, að hæstv. forseti athugi það, að ræðutíma mínum er spillt. Ég skal geta þess, að ég gekk út með þeim hv. 5. þm. Reykv. og 3. þm. Reykv. í gær. Rýmt var til fyrir okkur, og varð vel fært. Enginn vék orði að okkur, og fengum við allir að fara í friði. Skrillinn óð ekki að okkur. En örfáum mínútum síðar var byrjað að beita táragasinu. Þá höfðu engar beinar aðgerðir orðið, engin ólæti. Allt var rólegt, þegar við gengum út. Ég held, góðir samþingsmenn mínir, að þeir hv. þm. G-K., hv. 4. landsk. og hæstv. forsrh. hefðu getað sefað fólkið. Það var ein af yfirsjónunum, að það var ekki gert.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil segja örfá orð út af þessari ræðu hv. 3. landsk. Hér stendur hv. þm. upp úr öðrum flokki en kommúnistafl. Hvert er erindi hans? Hvert er markmiðið? Að koma þeirri skoðun inn, að ríkisstj. eigi sök á óeirðunum. Hann hneykslast ekki á árásinni og grjótkasti á þingmenn, heldur kennir lögreglunni um, sem lét grýta sig aðgerðalaus og stórmeiða, þangað til koma þurfti þingmönnum heim. Öll ræða hv. þm. beindist að því að afsaka kommúnista, og ræðan var hv. þm. ekki samboðin.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend upp til að bera af mér þungar, já, mjög þungar sakir. Hv. þm. G-K. sagði í ræðu sinni, að ég hefði verið að æsa til ofbeldis. Hann nefndi og Einar Ól. Sveinsson prófessor, Pálma Hannesson rektor, Klemenz Tryggvason hagfræðing o. fl., sem allir hefðu staðið að sliku athæfi. Ég skal taka það fram, að ég hef mestu virðurstyggð á atburðum þeim, sem gerðust hér fyrir utan þinghúsið í gær, en einnig atburðunum innan veggja þess, þ. e. umræðunum, sérstaklega þó í gærmorgun. En ég andmæli því eindregið, að ég, eða aðrir menn ásamt mér, hafi átt hinn minnsta þátt í óeirðunum. Ég veit eigi til þess, að orð mín hafi getað gefið tilefni til ólátanna utan eða innan þinghússins. En hv. þm. G-K. notar tækifærið nú til að láta dólgslega. Hann er þó illa að sér í þingsiðum. Hann veit ekki einu sinni um rétt þingheiti á hv. alþingismönnum og ávarpar hv. 8. þm. Reykv. í stað mín, sem er 4. þm. Reykv., og telur það móðgun við hann að blanda honum saman við mig. Þessi hv. þm. er hortugur hér í þingsöl-

skráratriðum hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, var, að tilkostnaður ykist ekki. Ýmislegt því viðvíkjandi hefur verið ósjálfrátt, en þetta getur Alþingi ráðið við, og áreiðanlegt er, að af samþykkt þessarar till. hafa engir gagn, en allir skaða.

Forseti (JPálm): Ég vil taka fram út af ósk hv. 1. þm. Eyf., að það er eftir beiðni hæstv. ríkisstj., að ég ætla nú í nótt að fá úr því skorið, hvort þessi till. kemst til n. eða ekki. Á morgun er nóg að gera, því að þá eru þinglausnir. Ég vil samt biðja þá hv. þm., sem eftir eiga að tala, að lengja ekki umr. um of og vera frekar stuttorða.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál og ætla ekki að fara út í stjórnmálalegar umr., þótt næg tilefni hafi þó gefizt. Ég vil þó í tilefni af hinum löngu ræðum, sem haldnar hafa verið um þetta mál, taka fram, að það er ekki stefnu B.S.R.B. eða Dagsbrúnar að kenna, að þeir nú verða að fá hækkun á kaupi sínu, heldur sök hæstv. ríkisstj., sem svo hefur skert kaupmátt launa, að aðeins til að halda í horfinu verða launþegar að fá 40% hækkun. Á þetta er hægt að færa nægar sönnur, þótt ég sleppi því hér. En til þess að kippa þessu í lag þarf að skipta um stjórn, og ef það er hægt, þá er það margra fjögurra millj. kr. virði.

Það hafa verið felldar tvær till. í þessu máli, önnur frá okkur sósialistum um 25% launahækkun til opinberra starfsmanna og hin frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. um að koma nokkuð til móts við kröfur starfsmanna ríkisins. Ég tel það mjög gott, að þessi till. skuli vera borin fram af þm. úr tveimur stjórnarfl., því að í henni felst viðurkenning á því, að starfsmenn ríkis og bæja þurfi að fá launahækkun. En ástæðan til, að þm. eru nú fúsir til að ganga til móts við sanngjarnar kröfur starfsmanna hins opinbera, mun vera sú, að allur þorri starfsmanna ríkis og bæja hefur ákveðið að leggja niður vinnu, ef ekki verði gengið til móts við kröfur þeirra, þrátt fyrir það að þeim er það bannað með lögum.

Ég tel það mjög orka tvímælis, að þessi hækkun muni nægja, eins lág og hún er. Þeir hafa sjálfir lýst því yfir, að 25% sé það minnsta, sem þeir geti sætt sig við, en telja, að 36% þyrfti hækkunin að vera, ef launin ættu að vera í samræmi við það, sem gert var ráð fyrir í launal. Í þessari till. er gert ráð fyrir heimild til að verja 4 millj. kr. til þess að bæta upp launin, og skilst mér, að það muni jafngilda 8% hækkun. Það er því alveg augljóst, að það er algerlega ófullnægjandi. Ég tel því nauðsynlegt að hækka þessa upphæð og mun flytja um það till., en mun þó fara eins vægt í sakirnar og frekast er unnt í þeirri von, að hv. þm. geti fallizt á, sem raunar er nú viðurkennt, að það er full þörf að gera þessu skil, og mér skilst, að það sé viðurkennt af tveimur af flokkum þeim, er að ríkisstj. standa, þó að sumir þm. séu því mótfallnir, eins og umr. sýnir. Ég vil því leyfa mér að flytja ásamt 2. þm. Reykv. till. um, að heimildin verði hækkuð um helming, eða sem svarar 16% launahækkun, og varið allt að 8 millj. kr. í þessu skyni. Hér er aðeins um heimild að ræða, sem er algerlega á valdi ríkisstj., hvernig notuð verður. Samkvæmt þessu mun ég nú leggja fram skriflega brtt. um það, að í stað 4 millj. komi allt að 8 milljónum króna. Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta hana.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt till. frá hv. 4. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykv., og hefur 4. landsk. þm. lýst henni. Þar sem till. er skrifleg og þar að auki of seint fram komin, þarf afbrigði til þess að hún verði tekin fyrir. Ég vil því spyrja hv. þm., hvort þeir vilji veita afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 817) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég skal nú vera stuttorður, því að ég býst við því, að till. fari til n., sem ég á sæti í, og ég geti því talað um hana þar. Þó vil ég segja hér örfá orð.

Ég verð að segja það, að ég varð alveg undrandi, þegar ég sá það í dag, að hálftíma eftir að fjárl. voru samþ. og ½ tíma eftir að hæstv. fjmrh. var að lýsa fjárl. ætti að taka þetta mál fyrir. Hæstv. fjmrh. lýsti því áðan, að þingið hefði verið í 7 mánuði að koma fjárl. saman og það hafi ekki tekizt að ná því marki, sem sett hafi verið, að afgreiða fjárlögin hallalaus. En þrátt fyrir það að þingið væri búið að vera í 7 mánuði og þrátt fyrir hækkanir tolla og skatta um tugi milljóna, þá eru fjárl. samt afgr. með greiðsluhalla. Á 22. gr. eru margir liðir til útgjalda, og taldi hann, að ekki mundi unnt að greiða það út nema að litlu leyti. Ég held, að þetta sé rétt. Ég held, að fjvn., sem hefur verið að basla með fjárl., taki þessi rök alveg gild. Þess vegna er það mjög einkennilegt, að menn úr flokki þessa hæstv. ráðh. og öðrum flokki stj., Alþfl., skuli koma með slíkar till., þar sem tveir menn af þeim, sem till. flytja, eru úr fjvn., og ég hélt nú sannast að segja, að þeir ættu að vita, hvernig gekk með afgreiðslu fjárl., og þessir menn voru einmitt á móti mörgum till. til verklegra framkvæmda, því að þeim fannst þau framlög of há, en svo koma þeir með þessa till., eftir að búið er að afgreiða fjárlögin.

Ég veit, að það á að samþ. þessa till. með aðstoð kommúnista, það á að nota þá núna með Alþfl. og nógu mörgum sjálfstæðismönnum, því að þeir eru nógu margir, sem leika lausum hala, til þess að tryggt sé, að málið nái fram að ganga. Þetta eru ekki ný vinnubrögð, því að svona hefur verið leikið áður, en þó eru þetta einhver þau allra verstu, sem höfð hafa verið, síðan ég kom á þing. Ég skal ekki draga það í efa, að starfsmenn hins opinbera kunna að vera illa haldnir, en það verður líka að gera sér grein fyrir því, að það eru fleiri stéttir, sem eru illa haldnar. Og þó eru þeir ekki verr settir en svo, að ég býst við því, að aldrei hafi

verið hörgull á mönnum til þessara starfa, heldur þvert á móti hafi leitin þangað í atvinnu verið mest, og það þykir betra að stunda þá atvinnu en aðra. Við vitum það vel, að atvinnuvegirnir eru að kikna undir fólksleysi, og ég býst við, að það sé vegna þess, að fólkið vill heldur stunda launuð störf hjá því opinbera en vinna að framleiðslustörfum, og bendir þetta ekki til þess, að um verri kjör sé að ræða hjá því opinbera. Það gefur auga leið að athuga vel og gaumgæfilega, hvort afkoma þessara manna sé nokkuð verri en annarra stétta. Ég held, að svo sé ekki, þó að ég viðurkenni, að það er erfitt fyrir ýmsa af þessum mönnum að standa undir ýmsum gjöldum, t. d. vegna dýrrar húsaleigu o. s. frv., en ef launakjörin væru miðuð við það eitt, þá er ég hræddur um, að 4 millj. hrykkju heldur skammt. Afgreiðsla þessa máls er að mínu viti algerlega ófær, og ætla ég ekki að lengja umr. frekar núna, því að ég vænti þess, að ég fái tækifæri til þess að athuga þetta nánar í fjvn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Fjárl. eru nú nýskeð afgreidd, að vísu ekki með miklum greiðsluhalla, en þó ekki hallalaus. Full þörf hefði þó verið á því, eins og hagur ríkisstj. er og horfur í atvinnumálunum, að fjárl. hefðu verið afgreidd hagstæðari. Með þeirri gjaldabyrði, sem á ríkissjóði hvílir, — og hún er ekki létt, heldur þyngd, — þá hefði verið brýn þörf á meiri tekjum fyrir ríkissjóð en í fjárl. eru. Ég hef hins vegar ekki talið það fært að krefjast tekna með auknum álögum til þess að afgreiða fjárl., svo að hægt væri að verða við kröfum um útgjöld á ýmsum sviðum. Ég hef við umr. lýst því, að hvað áætlun tekna snertir hafi ég orðið að tefla á yztu nöf.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, ber alleinkennilega að. Hér er ekki verið að krefjast endurskoðunar launalaganna, sem hefði vel mátt gera í vetur, heldur er sá kosturinn tekinn að heimila ríkisstj. að verja allt að 4 millj. kr. til þess að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna. Ég skal ekki leggja neinn dóm á þörfina í þessum efnum, en af ástæðum, sem alþm. eru augljósar, sé ég mér ekki fært að mæla með þessari till., sem leggur skyldukvöð, — það má kalla þetta því nafni, því að allir vita, að hér er um meira en heimild að ræða, — á ríkissjóð, án þess að séð sé fyrir sérstökum tekjum á móti til þess að mæta þessum útgjöldum, því að það tel ég engan veginn hafa verið gert, þó að vísað hafi verið til eignakönnunarfjárins, því að eins og ég lýsti yfir vegna fram kominnar fyrirspurnar, þá verður það fé að minni hyggju hvergi nærri því nógu mikill varasjóður til þess að vega upp á móti þeirri vöntun, sem yrði á tekjum ríkisins á fjárl., því að það má alltaf búast við því, að tekjurnar verði eitthvað rýrari en þær eru áætlaðar. Hefði ég þó ekki, eins og ég lýsti við afgreiðslu fjárl., gert till. um að lækka áætlunina, vegna þess að ég taldi í eignakönnunarfénu nokkurt öryggi til þess að bæta hallann, ef til kæmi. Ég hef því rökstutt, hvers vegna ég get ekki séð mér fært að fygja þessari till.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál. Þó get ég ekki stillt mig um að láta í ljós undrun mína á því, að þetta mál skuli vera svona seint á ferðinni. Mennirnir, sem halda uppi málþófi, segja, að það sé mesta fásinna að koma með slíkt mál, eftir að jafnerfiðlega hafi gengið að afgreiða fjárlög með litlum tekjuhalla. Það eru þeirra rök. En ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að það er ekki lengra síðan en fyrir 16 mánuðum, að þessir sömu menn voru ekki hissa á því að skerða laun og kjör launþeganna án þess að athuga nokkuð um það, hvort hallinn á fjárlögunum minnkaði nokkuð við það. Þeir hafa ekkert orðið varir við það. En þúsundirnar, mennirnir, sem launin eru skert við, þeir verða varir við það, því það smáhleðst upp hjá þeim tekjuhalli. Þetta eru nú mennirnir, sem eru með fólkinu. Er það ekki sama nú og meðan þeir höfðu fólkið? Þeir streitast við að halda valdinu, en þeir skilja ekki, að þegar þeir missa fólkið, þá eru þeir búnir að missa valdið. Þegar þessir menn eru búnir að sýna launþegunum lögin, dettur þeim þá ekki í hug, að þeir séu að ganga á bak orða sinna, þegar þeir eru að skera niður við fólkið þau kjör, sem búið var að veita því? Og það er svo langt gengið, að þessum mönnum er bannað að gera verkfall til þess að rétta hlut sinn. Nei, ég, sem er búinn að vera starfandi maður í Dagsbrún og hef átt í brösum við atvinnurekendur til þess að fá kjarabætur fyrir okkur verkamenn, — ég verð að taka það fram, að þó að hart sé að semja við atvinnurekendur, þá er það öllu verra að semja við alþingismenn, því að atvinnurekendurnir vita það nú orðið, — og það er reyndar öllum ljóst, eða ætti að minnsta kosti að vera það, — að einmitt það, að búa betur að sínu verkafólki, það gefur miklu betri raun. Ég held það, að ef mannfólkið ætti undir sömu menn að sækja og fénaðurinn, þá væri ekki meira hugsað um það en hann. Fyrir því segi ég þetta, að hv. þm. Borgf. gerðist svo háfleygur áðan að tala hér um ís og klaka og fóðurbæti handa kindum og fleira, eins og það væri einhver rök í þessu máli. En ég vil benda hv. þm. á, að fólkið, það hefur hrunið niður líka alveg eins og fénaðurinn, meðan ekki var að því búið sem skyldi.

Ég lofaði því víst í upphafi, að ég skyldi ekki tala langt mál hér, en ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég er sannfærður um það, að það sé mjög hyggilegt að samþykkja þessa till., jafnvel þó að hún sé lág og jafnvel þó að atvinnurekendur álíti, að þeir þurfi þá frekar að láta að kröfum verkamanna, — en þrátt fyrir það tel ég, að það sé hyggilegt að samþykkja þessa till.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég tel það nauðsynlegt að leiðrétta hérna ofur lítinn misskilning, sem átt hefur sér stað í sambandi við þessar umr., og taka af skarið. Það var í sambandi við fé það, sem vísað er til í grg., enda skiptir það verulegu máli. Hv. þm. Borgf. hélt því fram, að hér væri um að ræða eignarauka-skatt, en það eru aðrar tekjur, sem hér er um að ræða, eins og líka kom í ljós í ræðu hæstv.

fjmrh., þ. e. a. s. tekjur, sem ríkissjóður á að fá af eignauppgjöri, en eins og öllum er kunnugt, þá fór hér fram um áramótin 1947—48 sérstakt eignaframtal, og þar, sem framtölin voru ekki í samræmi við fyrri framtöl, átti að leggja skatt á. Þó að ekki sé fengin ákveðin niðurstaða af þessu, þá hefur n., sem vinnur að þessu, lokið við það utan Reykjavíkur, og nemur sú upphæð um 4½ millj. kr., og er því ekki óeðlilegt að áætla, að það nemi alltaf 8 millj. kr., þegar allt er komið saman. Ætla ég, að þetta nægi til þess að leiðrétta þennan misskilning.

Um sjálfa till. er það að segja, að sumir hv. þm. hafa haldið því fram, að með þessari till. okkar séum við að afturkalla stuðning okkar við ríkisstj., því að hún stefni að því að halda verðlaginu niðri, en þessi tillaga stefni í öfuga átt. Nú má þetta að vísu til sanns vegar færa, svo langt sem það nær. En það þarf ekki að bera okkur flm. þessarar till. það á brýn, að við höfum með henni brotið um blað eða gert okkur seka um nokkurn sérstakan verknað, sem sé öðrum stuðningsmönnum stjórnarinnar ópekkt fyrirbrigði, því að okkur er öllum bezt að kannast við það, að því miður hefur brugðizt á svo mörgum sviðum að koma í framkvæmd hinni veigamiklu stefnu ríkisstj., sem við höfum viljað veita stuðning. Það hefur vissulega brugðizt í fleiri tilfellum en þessu. Við, sem styðjum ríkisstj., verðum að viðurkenna, að við höfum ekki náð því marki, sem til var ætlazt, okkur hefur ekki auðnazt að standa saman um nægilega raunhæfar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, og það er m. a. af þeim ástæðum, að svona till. eru fram bornar. Þegar við studdum ríkisstj. í því að lögleiða vísitölubindinguna, var það á sínum tíma, af andstæðingum stj., talin ráðstöfun til að skerða kjör almennings í landinu. Það er að vísu svo, að sú ráðstöfun varð til þess að draga úr krónutölu þeirri, er launþegarnir fá, en það réttlættist bæði af mér og öðrum stuðningsmönnum stj. með því, að ekki skipti öllu máli um krónutöluna, heldur kaupmátt krónunnar, og að það væri meira virði fyrir launþegana í landinu, að gerðar yrðu raunhæfar ráðstafanir til að halda niðri verðlaginu í landinu og aðrar svipaðar ráðstafanir, sem miðuðu að því að styrkja kaupmátt krónunnar. Á þeirri braut hefur stuðningsmönnum stj. svo hins vegar ekki lánazt að standa nægilega saman. Og í staðinn fyrir það að auka kaupmátt krónunnar, þá hefur hann lamazt á þeim tíma, sem ríkisstj. hefur setið að völdum. Ég segi ekki, að stj. hafi ekki í ýmsum atriðum náð verulegum árangri, þó að ekki hafi náðst sá árangur, sem maður hefði óskað. En þegar svo er komið, verða menn að horfast í augu við staðreyndirnar, og þess vegna er till. eins og þessi nauðsynleg til þess að leiðrétta misræmi, sem fram er komið, m. a. vegna þess, að okkur stuðningsmönnum stj. hefur ekki tekizt að standa nægilega saman um ráðstafanir þess eðlis, að þær hefðu komið í veg fyrir till. eins og hér er borin fram. Og þetta er ekkert einstakt. Sama máli skiptir með sjávarútveginn, bátaútgerðina. Þar hefur okkur ekki lánazt að tryggja afurðunum nauðsynlegt verðgildi miðað við krónuna, til þess að þessi undirstöðuatvinnuvegur gæti borið sig. Ábyrgð er bætt á ábyrgð ofan og uppbætur greiddar úr ríkissjóði, sem við viðurkennum allir, að eru ekki nema bráðabirgðaráðstafanir til að draga á langinn þær nauðsynlegu ráðstafanir, sem fram undan eru og verða að koma, til þess að aðalatvinnuvegir landsmanna standi undir sjálfum sér. Ég vil þess vegna leggja áherzlu á það, að þetta er ekkert *einstakt tilfelli. Eins og ég sagði*, þá eru mér fullkomlega ljósir þeir vankantar, sem eru á því að grípa til slíkra ráðstafana sem þessara, sem verða að sjálfsögðu til að auka verðbólguna í landinu, eins og menn hafa réttilega margsinnis bent á.

Það er sagt, að samþykkt þessarar till. verði til að örva kaupkröfur annarra launþega. Ég efast um, að hún hafi nokkur áhrif í þá átt, því að mótstaðan gegn kauphækkunarkröfum er að lamast, *vegna þess að menn sjá*, að ríkisstj. hefur ekki getað leyst það verkefni að stöðva verðbólguna í landinu. 1947 fór Dagsbrún út í verkfall eftir tvíræða baráttu um það, hvort segja skyldi upp samningum. Það verkfall *stóð langan tíma og bar litinn árangur*, en olli töluverðri óánægju, sem gróf um sig innan raða verkamanna fyrst og fremst, því að þeir voru margir, sem vildu taka þátt í því að vinna gegn verðbólgunni og styðja tilraunir stj. í *því mikilvæga starfi*.

Ýmsir hv. þm. hafa verið að vandlætast yfir þessari till., og þar á meðal þrír hv. fjvn-menn. Ég skil vel afstöðu þeirra. Þeir telja, að erfitt verði að mæta þessum útgjöldum. En það gæti kannske opnað augu þeirra betur, svo að þeir á öðrum sviðum stæðu betur saman að stefnu stj. við að reyna að leysa verðbólguvandamálið. Hv. þm. er það nú betur ljóst, að ekki er hægt að fljóta sofandi að feigðarósi. Þessi leiðrétting, sem hér er farið fram á, er nauðsynleg til að bæta úr misræmi, sem orðið hefur á síðustu árum, vegna þess að okkur hefur mistekizt sá ásetningur, sem við settum okkur þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum. Ef við gerum okkur þetta ljóst, þá verður okkur ljósari nauðsyn þess að standa betur saman hér eftir en hingað til við að vinna að aðalmarkmiðum ríkisstj.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja það til, að þessari till. verði vísað til hæstv. ríkisstj., með þeim forsendum, að hún láti gera þær rannsóknir, sem ráð er fyrir gert af hv. flm.

Forseti (JPálm): Þá er þessari umr. lokið, og fer nú fram atkvgr.

Sigurður Kristjánsson: Ég held, að það sé alveg einstakur atburður á Alþingi Íslendinga, að flm. till. sé neitað um að tala um hana. Ég hef beðið um orðið til þess að tala fyrir minni eigin till., en hæstv. forseti tekur sér það vald að neita mér um orðið. Að sjálfsögðu beygi ég mig undir vald forseta, því að hann hefur að sönnu vald til þess að taka af mér orðið, þó að það sé gersamlega móti þingsköpum.

Forseti (JPálm): Ég taldi komið samkomulag um það, að hv. þm. félli frá orðinu, og búið er að slíta umr.

ATKVGR.
Till. frá 2. þm. Skagf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 27:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HelgJ, IngJ, JJós, JS, PZ, PÞ, PO, SB, StJSt, JPálm.
nei: ÞÞ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, HermG, JóhH, KTh, LJóh, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA.
StgrSt, BÁ, BK, EystJ, HÁ, HermJ, JG, JörB, SkG greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁkJ, BSt, BÓ, JJ, LJós) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum hv. þm. Framsfl. borið hér fram brtt. við aðaltill. í þessu máli, þar sem við leggjum til, að rannsókn fari fram á því máli, sem hér er til umr. Það er áhugamál okkar, að rétt rannsókn fari fram á þann hátt, sem fyrir er mælt í þeirri till. Nú er það venja, hygg ég, að ef máli er vísað til hæstv. ríkisstj., þá er talið, að þar með sé það algerlega úr sögunni. Ég mun því ekki greiða atkv. með till. hv. 2. þm. Skagf. að vísa málinu til stj., en mun að sjálfsögðu fylgja því fast eftir, að brtt. mín verði samþ., og sit því hjá.

Eiríkur Einarsson: Ég geri ráð fyrir, að till., eins og hún liggur fyrir, sé undan rifi hæstv. ríkisstj. runnin, ef ekki báðum. Ég vil prófa, hvort hún er ekki undan báðum rifjum hennar runnin, og því prófi fæ ég ekki framgengt, nema málið komist lengra, og þess vegna segi ég nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Skagf. greiði ég ekki atkv.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um, að hann leggi á móti því, að þáltill. sjálf sé samþ., þá geri ég ráð fyrir, að hann muni ekki framkvæma hana, þó að hún verði samþ., og segi því já.

Skúli Guðmundsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Skagf. greiði ég ekki atkv.

Gísli Jónsson: Vegna þeirrar till., sem hefur komið fram, um að vísa málinu til n., og þar sem ég geri ráð fyrir, að því yrði þá vísað til fjvn., þykir mér rétt að taka það fram, að ég mun ekki sjá mér fært að ljúka afgreiðslu till. á þeim skamma tíma, sem nú er til þingloka. Það er vitanlegt, að n. hlýtur að klofna um afgreiðslu málsins. Það er rétt, að hv. þdm. viti það, að ef þeir vísa málinu til n., þá er það sama og að till. komi ekki frá n. á þessu þingi.

Till. um að vísa þáltill. ásamt brtt. til fjvn. felld með 25:18 atkv.
Brtt. 817 felld með 27:10 atkv.
Brtt. 815 felld með 23:20 atkv.
Brtt. 807 felld með 28:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngJ, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, BK, EystJ, HÁ, HelgJ, JPálm.
nei: HermG, JóhH, KTh, LJóh, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV.
JJós, SB greiddu ekki atkv.
5 þm. (JJ, LJós, ÁkJ, BSt, BÓ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Ég tel, að helzt sé að treysta stj. að sjá sjálfri, hvað nauðsynlegt sé að gera til þess að firra vandræðum í þessum efnum, sem hér er um að ræða. Ég treysti henni ekki til þess, en ég tel frumtill., sem hér liggur fyrir, líklegri til árangurs og segi því nei.

Gísli Jónsson: Ég tel, að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að fá slíka till. samþ. til þess að framkvæma þessa rannsókn né gera till. um þetta efni, og segi því nei.

Tillgr. samþ. með 27:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, HermG, JóhH, KTh, LJóh, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB.
nei: EystJ, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SB, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, BK, JPálm.
5 þm. (JJ, LJós, ÁkJ, BSt, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Ég er heldur mótfallinn till., en með hliðsjón til verkfalla og annarra slíkra vandræða, sem við erum orðnir vanir, álít ég betra að samþ. hana en að eiga slíkt á hættu. Ég segi því já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28:8 atkv.

Á 77. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.
Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24:4 atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið þetta mál svo héðan fara að segja ekki nokkur orð í sambandi við það, en ég skal ekki tefja hæstv. forseta og Alþingi of lengi við þessa umr.
Á það hefur verið bent, að fjárl. hafi nú verið afgr. með 500 þús. kr. greiðsluhalla, en við þá upphæð þarf að bæta fyrst 13 millj. kr. í 22. gr., 3 millj., sem greiða á í sambandi við afgreiðslu brtt. við fjárl., 3 millj., sem á að taka að láni í sambandi við sérstök l. um þjóðleik-

skráratriðum hæstv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, var, að tilkostnaður ykist ekki. Ýmislegt því viðvíkjandi hefur verið ósjálfrátt, en þetta getur Alþingi ráðið við, og áreiðanlegt er, að af samþykkt þessarar till. hafa engir gagn, en allir skaða.

Forseti (JPálm): Ég vil taka fram út af ósk hv. 1. þm. Eyf., að það er eftir beiðni hæstv. ríkisstj., að ég ætla nú í nótt að fá úr því skorið, hvort þessi till. kemst til n. eða ekki. Á morgun er nóg að gera, því að þá eru þinglausnir. Ég vil samt biðja þá hv. þm., sem eftir eiga að tala, að lengja ekki umr. um of og vera frekar stuttorða.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál og ætla ekki að fara út í stjórnmálalegar umr., þótt næg tilefni hafi þó gefizt. Ég vil þó í tilefni af hinum löngu ræðum, sem haldnar hafa verið um þetta mál, taka fram, að það er ekki stefnu B.S.R.B. eða Dagsbrúnar að kenna, að þeir nú verða að fá hækkun á kaupi sínu, heldur sök hæstv. ríkisstj., sem svo hefur skert kaupmátt launa, að aðeins til að halda í horfinu verða launþegar að fá 40% hækkun. Á þetta er hægt að færa nægar sönnur, þótt ég sleppi því hér. En til þess að kippa þessu í lag þarf að skipta um stjórn, og ef það er hægt, þá er það margra fjögurra millj. kr. virði.

Það hafa verið felldar tvær till. í þessu máli, önnur frá okkur sósíalistum um 25% launahækkun til opinberra starfsmanna og hin frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. um að koma nokkuð til móts við kröfur starfsmanna ríkisins. Ég tel það mjög gott, að þessi till. skuli vera borin fram af þm. úr tveimur stjórnarfl., því að í henni felst viðurkenning á því, að starfsmenn ríkis og bæja þurfi að fá launahækkun. En ástæðan til, að þm. eru nú fúsir til að ganga til móts við sanngjarnar kröfur starfsmanna hins opinbera, mun vera sú, að allur þorri starfsmanna ríkis og bæja hefur ákveðið að leggja niður vinnu, ef ekki verði gengið til móts við kröfur þeirra, þrátt fyrir það að þeim er það bannað með lögum.

Ég tel það mjög orka tvímælis, að þessi hækkun muni nægja, eins lág og hún er. Þeir hafa sjálfir lýst því yfir, að 25% sé það minnsta, sem þeir geti sætt sig við, en telja, að 36% þyrfti hækkunin að vera, ef launin ættu að vera í samræmi við það, sem gert var ráð fyrir í launal. Í þessari till. er gert ráð fyrir heimild til að verja 4 millj. kr. til þess að bæta upp launin, og skilst mér, að það muni jafngilda 8% hækkun. Það er því alveg augljóst, að það er algerlega ófullnægjandi. Ég tel því nauðsynlegt að hækka þessa upphæð og mun flytja um það till., en mun þó fara eins vægt í sakirnar og frekast er unnt í þeirri von, að hv. þm. geti fallizt á, sem raunar er nú viðurkennt, að það er full þörf að gera þessu skil, og mér skilst, að það sé viðurkennt af tveimur af flokkum þeim, er að ríkisstj. standa, þó að sumir þm. séu því mótfallnir, eins og umr. sýnir. Ég vil því leyfa mér að flytja ásamt 2. þm. Reykv. till. um, að heimildin verði hækkuð um helming, eða sem svarar 16% launahækkun, og varið allt að 8 millj. kr. í þessu skyni. Hér er aðeins um heimild að ræða, sem er algerlega á valdi ríkisstj., hvernig notuð verður. Samkvæmt þessu mun ég nú leggja fram skriflega brtt. um það, að í stað 4 millj. komi allt að 8 milljónum króna. Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta hana.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt till. frá hv. 4. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykv., og hefur 4. landsk. þm. lýst henni. Þar sem till. er skrifleg og þar að auki of seint fram komin, þarf afbrigði til þess að hún verði tekin fyrir. Ég vil því spyrja hv. þm., hvort þeir vilji veita afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 817) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég skal nú vera stuttorður, því að ég býst við því, að till. fari til n., sem ég á sæti í, og ég geti því talað um hana þar. Þó vil ég segja hér örfá orð.

Ég verð að segja það, að ég varð alveg undrandi, þegar ég sá það í dag, að hálftíma eftir að fjárl. voru samþ. og ½ tíma eftir að hæstv. fjmrh. var að lýsa fjárl. ætti að taka þetta mál fyrir. Hæstv. fjmrh. lýsti því áðan, að þingið hefði verið í 7 mánuði að koma fjárl. saman og það hafi ekki tekizt að ná því marki, sem sett hafi verið, að afgreiða fjárlögin hallalaus. En þrátt fyrir það að þingið væri búið að vera í 7 mánuði og þrátt fyrir hækkanir tolla og skatta um tugi milljóna, þá eru fjárl. samt afgr. með greiðsluhalla. Á 22. gr. eru margir liðir til útgjalda, og taldi hann, að ekki mundi unnt að greiða það út nema að litlu leyti. Ég held, að þetta sé rétt. Ég held, að fjvn., sem hefur verið að basla með fjárl., taki þessi rök alveg gild. Þess vegna er það mjög einkennilegt, að menn úr flokki þessa hæstv. ráðh. og öðrum flokki stj., Alþfl., skuli koma með slíkar till., þar sem tveir menn af þeim, sem till. flytja, eru úr fjvn., og ég hélt nú sannast að segja, að þeir ættu að vita, hvernig gekk með afgreiðslu fjárl., og þessir menn voru einmitt á móti mörgum till. til verklegra framkvæmda, því að þeim fannst þau framlög of há, en svo koma þeir með þessa till., eftir að búið er að afgreiða fjárlögin.

Ég veit, að það á að samþ. þessa till. með aðstoð kommúnista, það á að nota þá núna með Alþfl. og nógu mörgum sjálfstæðismönnum, því að þeir eru nógu margir, sem leika lausum hala, til þess að tryggt sé, að málið nái fram að ganga. Þetta eru ekki ný vinnubrögð, því að svona hefur verið leikið áður, en þó eru þetta einhver þau allra verstu, sem höfð hafa verið, síðan ég kom á þing. Ég skal ekki draga það í efa, að starfsmenn hins opinbera kunna að vera illa haldnir, en það verður líka að gera sér grein fyrir því, að það eru fleiri stéttir, sem eru illa haldnar. Og þó eru þeir ekki verr settir en svo, að ég býst við því, að aldrei hafi

verið hörgull á mönnum til þessara starfa, heldur þvert á móti hafi leitin þangað í atvinnu verið mest, og það þykir betra að stunda þá atvinnu en aðra. Við vitum það vel, að atvinnuvegirnir eru að kikna undir fólksleysi, og ég býst við, að það sé vegna þess, að fólkið vill heldur stunda launuð störf hjá því opinbera en vinna að framleiðslustörfum, og bendir þetta ekki til þess, að um verri kjör sé að ræða hjá því opinbera. Það gefur auga leið að athuga vel og gaumgæfilega, hvort afkoma þessara manna sé nokkuð verri en annarra stétta. Ég held, að svo sé ekki, þó að ég viðurkenni, að það er erfitt fyrir ýmsa af þessum mönnum að standa undir ýmsum gjöldum, t. d. vegna dýrrar húsaleigu o. s. frv., en ef launakjörin væru miðuð við það eitt, þá er ég hræddur um, að 4 millj. hrykkju heldur skammt. Afgreiðsla þessa máls er að mínu viti algerlega ófær, og ætla ég ekki að lengja umr. frekar núna, því að ég vænti þess, að ég fái tækifæri til þess að athuga þetta nánar í fjvn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Fjárl. eru nú nýskeð afgreidd, að vísu ekki með miklum greiðsluhalla, en þó ekki hallalaus. Full þörf hefði þó verið á því, eins og hagur ríkisstj. er og horfur í atvinnumálunum, að fjárl. hefðu verið afgreidd hagstæðari. Með þeirri gjaldabyrði, sem á ríkissjóði hvílir, — og hún er ekki létt, heldur þyngd, — þá hefði verið brýn þörf á meiri tekjum fyrir ríkissjóð en í fjárl. eru. Ég hef hins vegar ekki talið það fært að krefjast tekna með auknum álögum til þess að afgreiða fjárl., svo að hægt væri að verða við kröfum um útgjöld á ýmsum sviðum. Ég hef við umr. lýst því, að hvað áætlun tekna snertir hafi ég orðið að tefla á yztu nöf.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, ber alleinkennilega að. Hér er ekki verið að krefjast endurskoðunar launalaganna, sem hefði vel mátt gera í vetur, heldur er sá kosturinn tekinn að heimila ríkisstj. að verja allt að 4 millj. kr. til þess að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna. Ég skal ekki leggja neinn dóm á þörfina í þessum efnum, en af ástæðum, sem alþm. eru augljósar, sé ég mér ekki fært að mæla með þessari till., sem leggur skyldukvöð, — það má kalla þetta því nafni, því að allir vita, að hér er um meira en heimild að ræða, — á ríkissjóð, án þess að séð sé fyrir sérstökum tekjum á móti til þess að mæta þessum útgjöldum, því að það tel ég engan veginn hafa verið gert, þó að vísað hafi verið til eignakönnunarfjárins, því að eins og ég lýsti yfir vegna fram kominnar fyrirspurnar, þá verður það fé að minni hyggju hvergi nærri því nógu mikill varasjóður til þess að vega upp á móti þeirri vöntun, sem yrði á tekjum ríkisins á fjárl., því að það má alltaf búast við því, að tekjurnar verði eitthvað rýrari en þær eru áætlaðar. Hafði ég þó ekki, eins og ég lýsti við afgreiðslu fjárl., gert till. um að lækka áætlunina, vegna þess að ég taldi í eignakönnunarfénu nokkurt öryggi til þess að bæta hallann, ef til kæmi. Ég hef því rökstutt, hvers vegna ég get ekki séð mér fært að fygja þessari till.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál. Þó get ég ekki stillt mig um að láta í ljós undrun mína á því, að þetta mál skuli vera svona seint á ferðinni. Mennirnir, sem halda uppi málþófi, segja, að það sé mesta fásinna að koma með slíkt mál, eftir að jafnerfiðlega hafi gengið að afgreiða fjárlög með litlum tekjuhalla. Það eru þeirra rök. En ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að það er ekki lengra síðan en fyrir 16 mánuðum, að þessir sömu menn voru ekki hissa á því að skerða laun og kjör launþeganna án þess að athuga nokkuð um það, hvort hallinn á fjárlögunum minnkaði nokkuð við það. Þeir hafa ekkert orðið varir við það. En þúsundirnar, mennirnir, sem launin eru skert við, þeir verða varir við það, því það smáhleðst upp hjá þeim tekjuhalli. Þetta eru nú mennirnir, sem eru með fólkinu. Er það ekki sama nú og meðan þeir höfðu fólkið? Þeir streitast við að halda valdinu, en þeir skilja ekki, að þegar þeir missa fólkið, þá eru þeir búnir að missa valdið. Þegar þessir menn eru búnir að sýna launþegunum lögin, dettur þeim þá ekki í hug, að þeir séu að ganga á bak orða sinna, þegar þeir eru að skera niður við fólkið þau kjör, sem búið var að veita því? Og það er svo langt gengið, að þessum mönnum er bannað að gera verkfall til þess að rétta hlut sinn. Nei, ég, sem er búinn að vera starfandi maður í Dagsbrún og hef átt í brösum við atvinnurekendur til þess að fá kjarabætur fyrir okkur verkamenn, — ég verð að taka það fram, að þó að hart sé að semja við atvinnurekendur, þá er það öllu verra að semja við alþingismenn, því að atvinnurekendurnir vita það nú orðið, — og það er reyndar öllum ljóst, eða ætti að minnsta kosti að vera það, — að einmitt það, að búa betur að sínu verkafólki, það gefur miklu betri raun. Ég held það, að ef mannfólkið ætti undir sömu menn að sækja og fénaðurinn, þá væri ekki meira hugsað um það en hann. Fyrir því segi ég þetta, að hv. þm. Borgf. gerðist svo háfleygur áðan að tala hér um ís og klaka og fóðurbæti handa kindum og fleira, eins og það væri einhver rök í þessu máli. En ég vil benda hv. þm. á, að fólkið, það hefur hrunið niður líka alveg eins og fénaðurinn, meðan ekki var að því búið sem skyldi.

Ég lofaði því víst í upphafi, að ég skyldi ekki tala langt mál hér, en ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég er sannfærður um það, að það sé mjög hyggilegt að samþykkja þessa till., jafnvel þó að hún sé lág og jafnvel þó að atvinnurekendur álíti, að þeir þurfi þá frekar að láta að kröfum verkamanna, — en þrátt fyrir það tel ég, að það sé hyggilegt að samþykkja þessa till.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég tel það nauðsynlegt að leiðrétta hérna ofur lítinn misskilning, sem átt hefur sér stað í sambandi við þessar umr., og taka af skarið. Það var í sambandi við fé það, sem vísað er til í grg., enda skiptir það verulegu máli. Hv. þm. Borgf. hélt því fram, að hér væri um að ræða eignarauka-skatt, en það eru aðrar tekjur, sem hér er um að ræða, eins og líka kom í ljós í ræðu hæstv.

fjmrh., þ. e. a. s. tekjur, sem ríkissjóður á að fá af eignauppgjöri, en eins og öllum er kunnugt, þá fór hér fram um áramótin 1947—48 sérstakt eignaframtal, og þar, sem framtölin voru ekki í samræmi við fyrri framtöl, átti að leggja skatt á. Þó að ekki sé fengin ákveðin niðurstaða af þessu, þá hefur n., sem vinnur að þessu, lokið við það utan Reykjavíkur, og nemur sú upphæð um 4½ millj. kr., og er því ekki óeðlilegt að áætla, að það nemi alltaf 8 millj. kr., þegar allt er komið saman. Ætla ég, að þetta nægi til þess að leiðrétta þennan misskilning.

Um sjálfa till. er það að segja, að sumir hv. þm. hafa haldið því fram, að með þessari till. okkar séum við að afturkalla stuðning okkar við ríkisstj., því að hún stefni að því að halda verðlaginu niðri, en þessi tillaga stefni í öfuga átt. Nú má þetta að vísu til sanns vegar færa, svo langt sem það nær. En það þarf ekki að bera okkur flm. þessarar till. það á brýn, að við höfum með henni brotið um blað eða gert okkur seka um nokkurn sérstakan verknað, sem sé öðrum stuðningsmönnum stjórnarinnar ópekkt fyrirbrigði, því að okkur er öllum bezt að kannast við það, að því miður hefur brugðizt á svo mörgum sviðum að koma í framkvæmd hinni veigamiklu stefnu ríkisstj., sem við höfum viljað veita stuðning. Það hefur vissulega brugðizt í fleiri tilfellum en þessu. Við, sem styðjum ríkisstj., verðum að viðurkenna, að við höfum ekki náð því marki, sem til var ætlazt, okkur hefur ekki auðnazt að standa saman um nægilega raunhæfar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, og það er m. a. af þeim ástæðum, að svona till. eru fram bornar. Þegar við studdum ríkisstj. í því að lögleiða vísitölubindinguna, var það á sínum tíma, af andstæðingum stj., talin ráðstöfun til að skerða kjör almennings í landinu. Það er að vísu svo, að sú ráðstöfun varð til þess að draga úr krónutölu þeirri, er launþegarnir fá, en það réttlættist bæði af mér og öðrum stuðningsmönnum stj. með því, að ekki skipti öllu máli um krónutöluna, heldur kaupmátt krónunnar, og að það væri meira virði fyrir launþegana í landinu, að gerðar yrðu raunhæfar ráðstafanir til að halda niðri verðlaginu í landinu og aðrar svipaðar ráðstafanir, sem miðuðu að því að styrkja kaupmátt krónunnar. Á þeirri braut hefur stuðningsmönnum stj. svo hins vegar ekki lánazt að standa nægilega saman. Og í staðinn fyrir það að auka kaupmátt krónunnar, þá hefur hann lamazt á þeim tíma, sem ríkisstj. hefur setið að völdum. Ég segi ekki, að stj. hafi ekki í ýmsum atriðum náð verulegum árangri, þó að ekki hafi náðst sá árangur, sem maður hefði óskað. En þegar svo er komið, verða menn að horfast í augu við staðreyndirnar, og þess vegna er till. eins og þessi nauðsynleg til þess að leiðrétta misræmi, sem fram er komið, m. a. vegna þess, að okkur stuðningsmönnum stj. hefur ekki tekizt að standa nægilega saman um ráðstafanir þess eðlis, að þær hefðu komið í veg fyrir till. eins og hér er borin fram. Og þetta er ekkert einstakt. Sama máli skiptir með sjávarútveginn, bátaútgerðina. Þar hefur okkur ekki lánazt að tryggja afurðunum nauðsynlegt verðgildi miðað við krónuna, til þess að þessi undirstöðuatvinnuvegur gæti borið sig. Ábyrgð er bætt á ábyrgð ofan og uppbætur greiddar úr ríkissjóði, sem við viðurkennum allir, að eru ekki nema bráðabirgðaráðstafanir til að draga á langinn þær nauðsynlegu ráðstafanir, sem fram undan eru og verða að koma, til þess að aðalatvinnuvegir landsmanna standi undir sjálfum sér. Ég vil þess vegna leggja áherzlu á það, að þetta er ekkert einstakt tilfelli. Eins og ég sagði, þá eru mér fullkomlega ljósir þeir vankantar, sem eru á því að grípa til slíkra ráðstafana sem þessara, sem verða að sjálfsögðu til að auka verðbólguna í landinu, eins og menn hafa réttilega margsinnis bent á.

Það er sagt, að samþykkt þessarar till. verði til að örva kaupkröfur annarra launþega. Ég efast um, að hún hafi nokkur áhrif í þá átt, því að mótstaðan gegn kauphækkunarkröfum er að lamast, vegna þess að menn sjá, að ríkisstj. hefur ekki getað leyst það verkefni að stöðva verðbólguna í landinu. 1947 fór Dagsbrún út í verkfall eftir tvíræða baráttu um það, hvort segja skyldi upp samningum. Það verkfall stóð langan tíma og bar lítinn árangur, en olli töluverðri óánægju, sem gróf um sig innan raða verkamanna fyrst og fremst, því að þeir voru margir, sem vildu taka þátt í því að vinna gegn verðbólgunni og styðja tilraunir stj. í því mikilvæga starfi.

Ýmsir hv. þm. hafa verið að vandlætast yfir þessari till., og þar á meðal þrír hv. fjvn-menn. Ég skil vel afstöðu þeirra. Þeir telja, að erfitt verði að mæta þessum útgjöldum. En það gæti kannske opnað augu þeirra betur, svo að þeir á öðrum sviðum stæðu betur saman að stefnu stj. við að reyna að leysa verðbólguvandamálið. Hv. þm. er það nú betur ljóst, að ekki er hægt að fljóta sofandi að feigðarósi. Þessi leiðrétting, sem hér er farið fram á, er nauðsynleg til að bæta úr misræmi, sem orðið hefur á síðustu árum, vegna þess að okkur hefur mistekizt sá ásetningur, sem við settum okkur þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum. Ef við gerum okkur þetta ljóst, þá verður okkur ljósari nauðsyn þess að standa betur saman hér eftir en hingað til við að vinna að aðalmarkmiðum ríkisstj.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja það til, að þessari till. verði vísað til hæstv. ríkisstj., með þeim forsendum, að hún láti gera þær rannsóknir, sem ráð er fyrir gert af hv. flm.

Forseti (JPálm): Þá er þessari umr. lokið, og fer nú fram atkvgr.

Sigurður Kristjánsson: Ég held, að það sé alveg einstakur atburður á Alþingi Íslendinga, að flm. till. sé neitað um að tala um hana. Ég hef beðið um orðið til þess að tala fyrir minni eigin till., en hæstv. forseti tekur sér það vald að neita mér um orðið. Að sjálfsögðu beygi ég mig undir vald forseta, því að hann hefur að sönnu vald til þess að taka af mér orðið, þó að það sé gersamlega móti þingsköpum.

Forseti (JPálm): Ég taldi komið samkomulag um það, að hv. þm. félli frá orðinu, og búið er að slíta umr.

ATKVGR.
Till. frá 2. þm. Skagf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 27:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HelgJ, IngJ, JJós, JS, PZ, PÞ, PO, SB, StJSt, JPálm.
nei: ÞÞ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, HermG, JóhH, KTh, LJóh, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA.
StgrSt, BÁ, BK, EystJ, HÁ, HermJ, JG, JörB, SkG greiddu ekki atkv.
5 þm. (ÁkJ, BSt, BÓ, JJ, LJós) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum hv. þm. Framsfl. borið hér fram brtt. við aðaltill. í þessu máli, þar sem við leggjum til, að rannsókn fari fram á því máli, sem hér er til umr. Það er áhugamál okkar, að rétt rannsókn fari fram á þann hátt, sem fyrir er mælt í þeirri till. Nú er það venja, hygg ég, að ef máli er vísað til hæstv. ríkisstj., þá er talið, að þar með sé það algerlega úr sögunni. Ég mun því ekki greiða atkv. með till. hv. 2. þm. Skagf. að vísa málinu til stj., en mun að sjálfsögðu fylgja því fast eftir, að brtt. mín verði samþ., og sit því hjá.

Eiríkur Einarsson: Ég geri ráð fyrir, að till., eins og hún liggur fyrir, sé undan rifi hæstv. ríkisstj. runnin, ef ekki báðum. Ég vil prófa, hvort hún er ekki undan báðum rifjum hennar runnin, og því prófi fæ ég ekki framgengt, nema málið komist lengra, og þess vegna segi ég nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Skagf. greiði ég ekki atkv.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um, að hann leggi á móti því, að þáltill. sjálf sé samþ., þá geri ég ráð fyrir, að hann muni ekki framkvæma hana, þó að hún verði samþ., og segi því já.

Skúli Guðmundsson: Með tilvísun til grg. hv. 1. þm. Skagf. greiði ég ekki atkv.

Gísli Jónsson: Vegna þeirrar till., sem hefur komið fram, um að vísa málinu til n., og þar sem ég geri ráð fyrir, að því yrði þá vísað til fjvn., þykir mér rétt að taka það fram, að ég mun ekki sjá mér fært að ljúka afgreiðslu till. á þeim skamma tíma, sem nú er til þingloka. Það er vitanlegt, að n. hlýtur að klofna um afgreiðslu málsins. Það er rétt, að hv. þdm. viti það, að ef þeir vísa málinu til n., þá er það sama og að till. komi ekki frá n. á þessu þingi.

Till. um að vísa þáltill. ásamt brtt. til fjvn. felld með 25:18 atkv.
Brtt. 817 felld með 27:10 atkv.
Brtt. 815 felld með 23:20 atkv.
Brtt. 807 felld með 28:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngJ, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, BK, EystJ, HÁ, HelgJ, JPálm.
nei: HermG, JóhH, KTh, LJóh, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV.
JJós, SB greiddu ekki atkv.
5 þm. (JJ, LJós, ÁkJ, BSt, BÓ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Ég tel, að helzt sé að treysta stj. að sjá sjálfri, hvað nauðsynlegt sé að gera til þess að firra vandræðum í þessum efnum, sem hér er um að ræða. Ég treysti henni ekki til þess, en ég tel frumtill., sem hér liggur fyrir, líklegri til árangurs og segi því nei.

Gísli Jónsson: Ég tel, að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að fá slíka till. samþ. til þess að framkvæma þessa rannsókn né gera till. um þetta efni, og segi því nei.

Tillgr. samþ. með 27:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, HermG, JóhH, KTh, LJóh, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, ÁS, BG, BBen, BrB.
nei: EystJ, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SB, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, BK, JPálm.
5 þm. (JJ, LJós, ÁkJ, BSt, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Ég er heldur mótfallinn till., en með hliðsjón til verkfalla og annarra slíkra vandræða, sem við erum orðnir vanir, álít ég betra að samþ. hana en að eiga slíkt á hættu. Ég segi því já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28:8 atkv.

Á 77. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.
Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24:4 atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið þetta mál svo héðan fara að segja ekki nokkur orð í sambandi við það, en ég skal ekki tefja hæstv. forseta og Alþingi of lengi við þessa umr.
Á það hefur verið bent, að fjárl. hafi nú verið afgr. með 500 þús. kr. greiðsluhalla, en við þá upphæð þarf að bæta fyrst 13 millj. kr. í 22. gr., 3 millj., sem greiða á í sambandi við afgreiðslu brtt. við fjárl., 3 millj., sem á að taka að láni í sambandi við sérstök l. um þjóðleik-

húsið, 2 millj. samkvæmt l., sem nýbúið er að afgr. í Ed. um fiskiðjuver ríkisins, og svo 4 millj. kr., ef þessi þáltill. verður samþ. Virðist mér því hallinn verða 25 millj. kr. fyrir utan þennan greiðsluhalla upp á 500 þús., sem nú er í fjárl.

Eftir því sem hér hafa fallið atkv., þá er meiri hl. fjvn. á móti þessari þáltill. Það er upplýst, að hæstv. fjmrh. hefur greitt atkv. á móti henni, og væntanlega mun hann þá ekki nota heimildina, þó að hún verði samþ. Það er einnig upplýst, að helmingur ríkisstj. er á móti till. Það er einnig auðséð, að sá hluti ríkisstj., sem vill fá till. fram, verður að styðjast við kommúnista, menn, sem þeir hafa lýst á þann hátt, sem alþjóð hefur heyrt, og eru ekki nema nokkrir klukkutímar síðan sú lýsing var gefin. Ég verð að segja, að mér finnst ákaflega einkennilegt, ef hæstv. ríkisstj. treystir sér til að taka á móti þessu máli og öllum þeim afleiðingum, sem af því kunna að hljótast, þegar þannig er í pottinn búið eins og ég nú hef lýst.

Hins vegar furðar mig ekki, að hv. 1. landsk. sé flm. að þessari till. Hann hefur staðið í því nú og haft forustu fyrir því að fá samþ. með aðstoð ríkisstj. 45 þús. kr. laun, 100 daga frí, frítt fæði, fríar tryggingar og skattfrelsi á nokkurn hluta af launum. Það er ekki furða, þó að maður, sem hefur afrekað slíkt, þurfi að fá einhverja aðstoð til að verja slíkt mál og þá að sjálfsögðu fyrst til að bera fram till. um talsverða hækkun á laun embættismanna. Og þá er augljóst, hvað hefur vakað fyrir honum. Hann talaði um það í sinni ræðu, að þessi flokkur hefði fengið þessa hækkun, en ekki svona mikla, því að allt hans lífsstarf gengur út á að fá flokka til að ganga inn á hækkunartill. til að knýja fram það ástand, sem nú er í landinu í sambandi við kaup og laun.

Sú ríkisstj., sem nú situr að völdum, ætlar að enda þetta þing með því fyrst og fremst að hafa stutt að því, að togaraverkfallið leystist á þann hátt, sem ég hef lýst, og nú að styðja að því að gefa verkföllum byr í seglin um allt land, því að það er vafalaust, að ef þessi till. verður samþ. nú, þá flýtir hún fyrir almennum kröfum um kauphækkanir um allt land. Þetta ætlar hún að taka á sig með fylgi og stuðningi þeirra manna, sem hún nú í tvö kvöld hefur verið að tala við og lýst fyrir þjóðinni.

Ég skal svo enda þessi orð mín með því að segja, að ég öfunda hæstv. ríkisstj. ekkert af þessum verkum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér kom þessi till. alleinkennilega fyrir sjónir, þegar henni var útbýtt á fundi í gær og þegar ég athugaði, hverjir voru flm. málsins.

Ég þarf ekki að lýsa till., það hefur þegar verið gert, og við vitum, hvað hún hefur inni að halda.

Við höfum setið hér alllengi á þingi, síðan 11. október, og margt hefur borið á góma. Mikið hefur verið rætt um fjármál. Afgreiðsla fjárl. hefur tekið langan tíma, og nú loks í gær, seint á degi, 17. maí á því ári, sem fjárl. eiga að gilda fyrir, var afgreiðslu þeirra lokið. Það út af fyrir sig hefur sína sögu að segja, sú staðreynd.

Fyrir rúmum hálfum mánuði, eða fyrsta dag þessa mánaðar, voru hátíðahöld í Reykjavík og víða um land, eins og venja er til 1. maí ár hvert. Þau voru í tveimur flokkum að þessu sinni, þessi hátíðahöld hér í bæ. Ég hef ekki sérstaklega lagt í að kynna mér, hverjar kröfur voru fram bornar hjá þeirri fylkingunni, þar sem Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn, var aðaluppistaðan, en ég leit nýlega eða um það leyti, sem þessi hátíðahöld fóru fram, yfir nokkuð af því, sem kom frá hinni fylkingunni. Ég held, að það hafi verið einn af forvígismönnum Alþfl., Helgi Hannesson, núverandi forseti Alþýðusambands Íslands, sem flutti ræðu við þetta tækifæri, og tók upp m. a. ýmis mál, sem hans flokkur undir núverandi stjórn vildi beita sér fyrir. Ég skal lofa ykkur að heyra lítinn hluta af þessu: Fullkomið atvinnuöryggi. Það var nú gott og blessað. Lækkun dýrtíðarinnar. Þriðja: Hækkun á kaupmætti launanna. Það var vel skiljanlegt. Svo kom: Þeir taki á sig byrðarnar, sem breiðust hafa bökin. Svo kom enn á listanum, en þó ekki mjög neðarlega: Heilbrigt verzlunar- og viðskiptalíf. Svartamarkaðsbrask afmáð. Þarna hafið þið það. Hvernig fara þeir nú að vinna fyrir þessar hugsjónir, sem flokksbróðir þeirra, Helgi Hannesson, bar þarna fram, að lækka dýrtíðina og auka kaupmátt launanna, láta þá, sem breiðust hafa bökin, bera byrðarnar, koma á heilbrigðu verzlunar- og viðskiptalífi og afmá svartamarkaðsbraskið? Við höfum svolítið sýnishorn af þessum vinnubrögðum, fleiri en þau, sem liggja hér fyrir á þskj. 800. Það er víst, að eitt af því, sem þyngst liggur á launastéttunum og öðrum í Reykjavíkurbæ, er húsaleigan, sem er í mörgum tilfellum okurleiga, sem margir þeir verða að borga, sem hafa orðið að semja um leiguhúsnæði. Mér er sagt, að sú húsaleigunefnd, sem er starfandi hér og hefur m. a. það hlutverk að meta húsaleigu í nýjum húsum, hafi komizt svo hátt með þetta mat, að furðu sætir. Mér er sagt, að mat á leiguhúsnæði til íbúða sé hjá þessari n. komið upp í a. m. k. 11 krónur fyrir hvern fermetra gólfflatar fyrir mánuð hvern, og ég hef jafnvel heyrt nefndar hærri tölur. Þetta þýðir það, að fjölskylda, sem hefur til afnota meðalíbúð, þarf að borga kringum þúsund krónur á mánuði í húsaleigu.

Fyrir þessu þingi lá frv. til l. um afnám húsaleigulaganna. Það lá fyrir Nd. Það fékk ekki byr, en fram kom till. um að breyta húsaleigulögunum verulega. M. a. var lagt til í tillögu frá framsóknarmönnum, að sett skyldi hámark á húsaleigu, 7 kr. á mánuði fyrir hvern fermetra, þ. e. 30—40% a. m. k. eða ef til vill meiri lækkun á þeirri leigu, sem viðurkennd er af húsaleigunefnd. Hvernig var þessu tekið? Þessi till. var felld, líklega fyrst og fremst af þm. Sjálfstfl. í Nd., en áreiðanlega tóku líka einhverjir Alþýðuflokksmenn þátt í að fella hana. Það fór ekki fram nafnakall, en þeir áttu hlut þar að. Er þetta í samræmi við kröfur Alþýðusambandsins, þar sem Alþfl. hefur forustu, að lækka dýrtíðina og að þeir beri byrðarnar, sem breiðust hafa bökin?

Ég ætla að nefna annað dæmi. Við vitum,

hvernig ástatt er í verzlunarmálunum. Það er alls ekkert undarlegt við það, þó að alþýðusamtökin beri fram till. um heilbrigt verzlunar- og viðskiptalíf og að svartamarkaðsbrask verði afmáð. Það er eðlileg og sjálfsögð krafa. Það hefur verið gerð tilraun hér á þingi nú til þess að auka frjálsræði í viðskiptum. Við vitum, hvernig því hefur verið tekið. Stærsti flokkur þingsins heldur því fram við öll tækifæri í ræðu og riti, að hann vilji berjast fyrir frjálsri verzlun. En þegar betur er að gáð og framkoma þessa flokks er athuguð, þá kemur í ljós, að um leið og hann er að reyna að telja flokksmönnum sínum trú um, að hann vilji, að frelsið í verzlun og viðskiptum sé sem mest, þá vinnur hann þveröfugt við þessa yfirlýstu stefnu sína hér á þingi. Annars er það svo, að það er langt síðan við höfum búið við verzlunarfrelsi, sem hægt er að nefna svo. Það kann því að vera, að mönnum sé ekki ljóst nú orðið, í hverju það er fólgið. Fyrir 20 árum síðan voru hér engin verzlunarhöft. Þá gat ég farið inn í hvaða verzlun sem var í Reykjavík eða hvar sem var og keypt hvaða vörur, sem þar voru á boðstólum og hugurinn girntist. Þá voru engir skömmtunarmiðar, og ef ég sá ekki í búðunum það, sem ég óskaði eftir, þá gat ég beðið þann, sem stóð fyrir verzluninni, að útvega mér það, sem mig langaði til að eignast. Svona var það á tímum verzlunarfrelsisins. Þetta er það frelsi, sem Sjálfstfl. segist vilja fá. En nú er ástandið í okkar gjaldeyrismálum þannig, að við getum ekki því miður fengið það frelsi, sem við bjuggum við í verzlunarmálum okkar fyrir 20 árum síðan. Við verðum að takmarka innflutning á ýmsum vörum, vegna þess að nægur gjaldeyrir er ekki fyrir hendi til að kaupa fyrir allt, sem við viljum kaupa. Þegar svo er ástatt, er eðlilegt, að þessar vörur séu skammtaðar, að það sé reynt að dreifa þeim sem jafnast milli landsmanna. Þetta er reynt að gera með vöruskömmtuninni, þó að framkvæmd hennar hafi farið mjög í handaskolum, en hún er þó tilraun í rétta átt, og tel ég það sjálfsagt, meðan svo er ástatt í viðskiptamálum, að ekki er unnt að veita mönnum allar útlendar vörur, sem þeir vilja fá. (*Forseti:* Verzlunarmálin eru ekki á dagskrá nú.) Ætli fjárhagsmálin yfirleitt séu ekki á dagskrá. Nú hafa legið fyrir hér á þingi till. frá okkur framsóknarmönnum um það, í fyrsta lagi, að þeim vörum, sem þarf að takmarka innflutning á, verði, meðan þörf er á að skammta þær, skipt sem jafnast milli landsmanna og síðan verði hverjum og einum heimilað að kaupa þann skammt, sem hann fær, á þann hátt, sem honum hentar bezt, hjá þeirri verzlun, sem hann vill helzt skipta við. Þá er komizt svo nálægt verzlunarfrelsi sem unnt er á þeim tíma, sem ekki er hægt að veita hverjum hvað sem hann girnist. Við vitum, hvernig þessu máli var tekið. Það var að vísu samþ. í Nd., en vísað frá í Ed. með atkv. sjálfstæðismanna í þeirri d. og tveggja Alþýðuflokksmanna þar, þeirra manna, sem standa að þessari till. á þskj. 800. Þar hafa þeir hlaupið undir baggann með Sjálfstfl. Það er þetta frelsi almennings til að verzla þar, sem hann vill og telur hagkvæmast, sem Sjálfstfl. má ekki heyra nefnt, það er eitur í hans beinum, þó að honum þyki heppilegt að básúna það út um byggðir landsins, að hann vilji fylgja frjálsri verzlun og hafi hana á sinni stefnuskrá, og það eru þessir hjálparkokkar Sjálfstfl., sem hafa komið til skjalanna í Ed. og hjálpað Sjálfstfl. til að drepa þetta frv. um aukið verzlunarfrelsi og bjarga hagsmunum þeirra manna, sem vilja standa á þeim „kvótum", sem þeir hafa fengið, eins og hundar á roði. Svona fóru Alþýðuflokksmenn að í viðskiptamálunum að fá aukið verzlunarfrelsi og að auka kaupmátt launanna, lækka dýrtíðina, láta þá bera byrðarnar, sem breiðust hafa bökin, skapa heilbrigt verzlunarlíf og afmá svartamarkaðsbrask!

Það vantar ekki, að Sjálfstfl. hefur þyrlað upp nógu miklum blekkingum í sambandi við verzlunarmálin. Það liggur í augum uppi, að hæstv. fjmrh. er það greindur maður, að hann trúir því ekki, sem hann hélt fram í útvarpsumr., að það mundi verða til að auka á svarta markaðinn að samþ. till. okkar framsóknarmanna. Og svo mun það einnig vera um marga aðra greinda menn í forustuliði stjórnarflokkanna. Það liggur í augum uppi, að ekki verður um svartan markað að ræða, þó að þeir, sem vantar vörur til heimilis síns, hafi yfir skömmtunarseðlum að ráða, sem gilda sem innkaupaheimild, og láti þá til þeirrar verzlunar, sem þeir vilja helzt skipta við. Það er svo augljós blekking, að af þessu skapist svartur markaður í stórum stíl, að það er ekki orðum eyðandi að því.

Tveir hv. flm. þessarar till. á þskj. 800 hafa komið hér fram nú á undan. Hv. 7. þm. Reykv. talaði mikið um það, að þm. hefði ekki verið auðið að standa saman gegn aukinni verðbólgu og dýrtíð í landinu. Það hefur verið tekið fram af ýmsum hér, að ekki væri fyrirsjáanlegt annað en halli hjá ríkissjóði, ef þessi till. verður samþ. Hún mundi hafa í för með sér nýja verðbólguöldu og ekki gott að segja, til hvers hún getur leitt. Það er ljóst, að hún er í andstöðu við þá stefnu, sem ríkisstj. setti sér í upphafi, og í andstöðu við það, sem forseti Alþýðusambandsins sagði 1. maí. Ég tel því, að eins og þetta mál horfir nú við, sé stefnt í enn meiri ófæru með samþ. þessarar till., og ég held, að þeir menn, sem að henni standa, séu ekki menn til að standa við það, sem hún kann að hafa í för með sér.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það gæti verið, að þeim, sem hlýddu á mál manna við þessa umr., væri ekki vel ljóst, hvaða mál væri hér til umr., svo langt eru margir hv. þm. komnir frá kjarna þess máls, sem hér er til umr. Ræða hv. þm. V-Húnv. var langt frá efni þeirrar till., sem hér er til umr. Hann er meðlimur í flokki, sem hefur að jafnaði í frammi blekkingar og áróður, og hv. þm. virðist vera barn síns flokks, en hann hefur haft hér í frammi áróðursmál, sem tæplega eiga samleið með þessari framkomnu till. á þskj. 800, en sú till. fjallar um að fela eða heimila hæstv. ríkisstj. að láta rannsaka, hvort laun opinberra starfsmanna séu í samræmi við launakjör annarra stétta, og ef svo reynist ekki vera, þá að bæta þessi laun að takmarkaðri fjárupphæð. Forsaga þessa máls er sú, að félagsskapur starfsmanna ríkis og bæja

hefur látið rannsaka, hvaða samræmi sé milli launa þeirra og annarra starfsstétta. Lög um launakjör þessara stétta eru sett fyrir 4 árum, og síðan hafa orðið miklar hækkanir á lífsnauðsynjum manna. Aðrar launastéttir hafa einnig fundið tilfinnanlega fyrir þessu og krafizt kjarabóta, sem þær hafa fengið í flestum tilfellum, en starfsmenn ríkis og bæja eru samkvæmt lögum hindraðir frá því að gera verkfall. Þeir hafa kvartað undan þessu og óskað kjarabóta, en ekki fengið þær. Þannig býr nú þessi stétt við lakari kjör en aðrar launastéttir í landinu, en á móti þessu býr hún við það öryggi, sem því fylgir að jafnaði að vera í fastri stöðu, og þarf ekki stöðugt að óttast atvinnuleysi, og er slíkt ekki lítils virði. En við verðum að líta svo á þetta, að sú minnsta krafa, sem við getum gert til þjóðfélagsins, sé sú, að hver vinnandi maður hafi þær tekjur, sem fullnægi a. m. k. lægstu kröfum um lífsviðurværi. Ef heimili lifa nú á tekjum eins manns, þá er það svo, að þeir lægst launuðu hafa ekki nægileg laun til að geta framfleytt fjölskyldu, þ. e. a. s. það er ekki hægt að draga fram lífið hjálparlaust nema hafa aukatekjur, eða annar maður á heimilinu hafi aukatekjur. En eins og menn muna var sú tíðin, að menn hrósuðu happi, ef þeir fengu vinnu 2—3 daga í viku, þó að enginn annar í fjölskyldunni ynni, og slíkir tímar koma því miður sennilega aftur, ef sömu stefnu verður haldið uppi í atvinnumálum og nú hefur verið gert um skeið. Önnur stéttarfélög hafa á undanförnum árum fengið allmiklar grunnkaupshækkanir, á meðan opinberir starfsmenn hafa enga hækkun fengið og eru hindraðir frá að ná rétti sínum með verkföllum, sem önnur stéttarfélög hafa mjög notað sér til að fá bætt kjör. Það er óhagganlegur réttur þessa fólks, að till., sem aðeins felur í sér, að athugað verði, hvað rétt sé í þessum efnum, sé vel tekið af hv. þm. og hún samþ., en þetta fólk sýnir þann þegnskap, að það mun heldur líða skort en brjóta landslög, og eins og kunnugt er, er hér aðeins um að ræða heimild til handa ráðh., en þetta gefur hvöt til þess, að ríkið hækki kaup við starfsfólk sitt. Ég er ekki að heimta hér kauphækkun, heldur að litið verði á þessi mál með réttsýni, og sem flm. þessarar till. vil ég réttsýni, og komi í ljós, að fólk þetta eigi kröfu á kauphækkun, þá vil ég að fallizt sé á slíkt, a. m. k. að nokkru leyti.

Það má heita undarlega komið málum, þegar ég gerist flm. að till. sem þessari, þar sem ég hef jafnan verið manna harðvítugastur gegn slíku og hef verið því fylgjandi, að menn fórnuðu nokkru, en ég sé enga ástæðu til, að þessi eina stétt sé að fórna fram yfir aðrar. Samstarfsmenn mínir hafa margir heimtað, að látið væri eftir fyllstu kröfum í þessu efni, og þeir menn, sem einkum mæla þessu í gegn, hafa verið manna heimtufrekastir við ríkið og krafizt manna mest af því, og situr því illa á þeim að mæla svo fast gegn því, að þessi till. verði samþ. Ég vil ekki taka slíka menn til fyrirmyndar í sambandi við þessa till., ég er þeirrar skoðunar að full þörf sé að fara vægilega í kröfur til hins opinbera, en ef ríkið og þjóðfélagið getur ekki sómasamlega séð þegnum sínum farborða, þá sé illa farið.

Hv. 2. þm. Rang. komst svo að orði, að hann undraðist, að þessi till. skyldi koma fram. En mér finnst undarlegt, að þessi hv. þm. skuli undrast, að farið sé fram á, að athugað sé, hvort kaupkjör þessarar stéttar séu í samræmi við kjör annarra launastétta, og er því undarlegra, að þessi hv. þm. skuli koma fram með slíkt, hann, sem er talsmaður stærsta ómagans á þjóðinni, sem er flatlendið austanfjalls. Hann undrast, að farið er fram á, að athugað sé, hvort laun þessarar stéttar séu ekki lægri en annarra stétta, en slíkt er ef til vill í samræmi við annað. Hann undrast ekki, þegar hann er að heimta handa ríkisómaganum. — Ég ætla annars ekki að gera þetta að deilumáli, en ég hlýt að segja þetta, þegar menn, sem gera mestar kröfur, undrast yfir því, að slík till. sé flutt, sem aðeins felur í sér, að athugað sé, hvort hér sé um samræmi að ræða. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en ég held, að sá maður, sem ekki getur fallizt á, að slík rannsókn fari fram, sé undarlega gerður og einstrengislegur í skoðunum. — Ég vil svo vona, að hv. þm. skilji og viðurkenni þörf þá og það réttlætismál, sem hér er um að ræða.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Málflutningur þeirra manna, sem mælt hafa gegn till. þessari, er með þeim hætti, að ærið tilefni er til athugasemda. Ég mun þó ekki ræða þetta mál mikið, enda er tíminn, kl. um 5 að morgni, ekki fallinn til langra ræðuhalda.

Þess hefur nokkuð gætt í umr., að menn hafa rætt málið út frá röngum forsendum. Þess er því full nauðsyn, að við athugum, hvað hér er að gerast. Það er ekki annað en að farið er fram á, að leiðrétt sé það misræmi, sem nú er ríkjandi í þessum málum. Þegar launalögin voru sett 1945, var ákveðið visst hlutfall milli launa opinberra starfsmanna og annarra stétta þjóðfélagsins. Hvað hefur svo gerzt í þessum málum síðan launalögin voru sett? Allar stéttir, sem þar er miðað við, hafa fengið verulegar kauphækkanir, og opinberir starfsmenn hafa dregizt aftur úr í launakjörum, en úr þessu verður að bæta, einkum þegar það er haft í huga, að laun þessa fólks eru nú orðin svo lág, að ekki verður við unað. Verulegur hluti þessa fólks hefur nú 550—600 kr. í grunnlaun á mánuði, og verður ekki annað sagt en slíkt sé algerlega óviðunandi. Það, sem gerzt hefur, er því það, að ráðamenn þjóðfélagsins hafa horft upp á það, að tekjur verulegs hluta þjóðarinnar hafa hækkað á undanförnum 4 árum, án þess að laun opinberra starfsmanna hafi hækkað, án þess að nokkuð væri að gert til samræmingar í þessum efnum. En auðvitað er óhugsandi og óverjandi, að laun þessarar einu stéttar hækki ekki til samræmis við laun annarra launastétta í landinu. Þessi kauphækkun er afleiðing af öðru, er hefur gerzt í þjóðfélaginu. Hún er fyrst og fremst afleiðing af ráðstöfunum, sem Alþ. og ríkisstj. hafa ýmist valdið, stuðlað að eða a. m. k. horft á aðgerðarlaust, að ættu sér stað. Þetta er því afleiðing undanfarinnar þróunar, en ekki tilraun til að hrinda af stað nýrri kauphækkunaröldu.

Mér kom það á óvart, hverjir andmæltu þessari till. Það voru fyrst og fremst fulltrúar

bænda í Framsfl. og Sjálfstfl. Og þegar haft er í huga, hvaða launakjörum þeir hafa barizt fyrir bændum til handa, þá undrast maður enn meira. Því að hvaða fyrirkomulag er á launagreiðslum til bænda, á ákvörðun verðlags á afurðum þeirra? Samkvæmt l. er verð á landbúnaðarafurðum reiknað út einu sinni á ári og miðað við sérstaka vísitölu, svo að það breytist sjálfkrafa samkvæmt nánar ákveðnum reglum. Þessu er því þannig komið fyrir með l., að kaup bænda breytist sjálfkrafa í samræmi við dýrtíðina, og þetta hefur verið baráttumál bændafulltrúanna. Ég gagnrýni þetta ekki. Ég tel það réttmætt, svo að ekki skapist misræmi milli tekna bænda og annarra launþega. Þessu fyrirkomulagi hafa fulltrúar bænda komið á, og það er réttmætt. En það kemur mér á óvart, að svo sterk mótmæli skuli koma frá bændafulltrúunum, þegar fram kemur till. um að leiðrétta það misræmi, sem er á milli launa opinberra starfsmanna og annarra hliðstæðra stétta. Það, sem hefur gerzt, er, að opinberir starfsmenn hafa farið fram á, að laun þeirra yrðu leiðrétt, eins og l. ákveða nú, að laun bænda skuli leiðrétt einu sinni á ári.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Barð. sagði. Hann nefndi ýmis útgjöld, er Alþ. hefði samþ. með ýmsum l., og gerði ráð fyrir 30 millj. kr. útgjöldum, er ekki væru innifalin í tölum fjárl. *(GJ:* Þau eru innifalin í heimildagr.) En hvernig geta 4 millj. kr. heimildarútgjöld snert svo mjög þm., er að vísu vilja kenna sig við sparnað, en hafa horft upp á, að tög væru samþ. um 30 millj. kr. heimildarútgjöld, án þess að nokkur tekjuöflun kæmi á móti? Það hafa ekki komið fram sérstök andmæli gegn þessu frá sparnaðarmönnum í Framsfl. eða Sjálfstfl., en þegar lagt er til að heimila 4 millj. kr. til greiðslu uppbóta á laun starfsmanna ríkisins til þess að leiðrétta augljóst misrétti, þá vakna þeir og sparnaðarvitundin verður tifandi.

Ég skal ekki lengja umr. meira, þetta er þegar orðið lengra en ég ætlaði. En ég vil að síðustu taka það fram, að ég lít svo á, að hér sé um mesta réttlætismál að ræða og óverjandi að gera ekki einhverja slíka ráðstöfun. Hér er ekki um það að ræða að hækka há laun, heldur lág laun, svo lág, að af þeim er ekki hægt að lifa mannsæmandi lífi.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja, að mér hafa orðið það vonbrigði, að Framsfl. sem heild skuli vera á móti þessu máli. Framsfl. hefur verið talinn og er vinstri sinnaður flokkur. En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Það er alkunnugt, að það kemur fyrir krakka að rugla saman vinstri og hægri, og Framsfl. hefur sýnt, að hann getur einnig ruglazt í þessum efnum þrátt fyrir þroska sinn í þjóðmálum. Framsfl. telur sig vinstri sinnaðan, en hér hegðar hann sér eins og hægri flokkur. Hann ruglast á vinstri og hægri. *(JörB:* Ætli hv. þm. sé ekki áttaviltur sjálfur?)

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að afsala orðinu, en þegar vaktar eru upp umr. með þessum hætti og krakkar standa upp og kalla Framsfl. krakka, þá finnst mér skörin færast upp í bekkinn.

Það er rétt, að bændur hafa komið málum sínum þannig fyrir, að tekjur þeirra hækka, ef aðrir fá hækkaðar tekjur. Ef þeir væru eigingjarnir, ættu þeir því ætíð að ýta undir kauphækkanir og verkföll. En þeir kæra sig ekki um það, og Framsfl. kærir sig ekki heldur um það, af því að hann er enginn krakki. Till., sem við bárum fram um rannsókn á þessu máli, var jafnframt borin fram til að minna á, að þegar svo er komið, að hver þm. stendur upp eftir annan og segir, að það verði að samþ. þetta, því að annars verði verkfall — þetta var borið hér fram, hvað eftir annað í nótt —, þá er fyllsta ástæða til að vekja athygli á því, að mál er til þess komið að taka upp önnur vinnubrögð. En það er ekki einu sinni hlustað á þetta.

Það hefur verið viðurkennt af öllum í nótt, að framleiðslan lifir á styrkjum. Hvaðan á nú að taka þessa peninga? Af framleiðslunni, sem verið er að styrkja, er ekki hægt að taka þá, en hvaðan á þá að taka þá? Vitanlega af þegnum þjóðfélagsins og af embættismönnunum fyrst og fremst. Og svo eru menn að hæla sér af þessu gagnvart embættismönnunum. Það er skrýtin hagfræði þetta. Hér er leikinn sá leikur, að tekið er úr rassvasanum og því síðan stungið „pent" í brjóstvasann eins og skrautvasaklút. Hvaða hagsbætur getur það haft í för með sér að halda kapphlaupinu áfram? Hví er haldið áfram í stað þess að taka málin fyrir í heild og síðasta verk þingsins að ýta undir þetta kapphlaup? Það endar með því, að ríkið getur ekki greitt starfsmönnum sínum laun.

Ég gleymi aldrei þessari nóttu hér í þinghúsinu, er einn af þm. stj. lýsir yfir því, að stefnan um stöðvun dýrtíðarinnar sé búin að vera, hún hafi ekki tekizt og því verði að laga sig eftir því. Við kveðjum þannig, að saga þeirrar stefnu, sem stj. hefur miðað starf sitt við, er öll. Annar helmingur þm. er með henni, hinn á móti. Einn af flm. endurtók það, að stjórnarstefnan væri búin og laga yrði sig eftir því, að nýtt kapphlaup væri hafið. Það væri ekki undarlegt, þó að það kæmi síðar á daginn, að helmingur stj. væri með og helmingur á móti. Þannig er málum komið, og það hafði ekki fyrr verið lokað fyrir útvarpið en menn notuðu tækifærið til þess að taka þessa nýju stefnu.

Það hefur verið tekið hér fram, að það, sem þarf að gera, er að lækka verðlag á lífsnauðsynjum. Það þarf að létta af okrinu og dýrtíðinni. Það er fyrsta höggið. Síðan er hægt að semja við launastéttirnar, en það er ekki hægt fyrr en þetta högg er greitt.

Hv. 4. þm. Reykv. kvaðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með Framsfl. Ég get sagt honum, að hann hefur ekkert verið að gera annað en ýta undir ráðþrota stj., svo að hún fari lengra fram á nöfina, og hún á bara örfá skref eftir. Jafnvel fé, sem lofað er, er áður lofað í annað samkvæmt landslögum. Verst er þó, að stj. fer fram af nöfinni með annað, sem meira virði er. Þessar nýju launahækkanir munu verða samþykktar, en sannið þið til, að svo fer að lokum, að ríkið getur ekki greitt laun embættismannanna, af því að undanhaldsstefnan er látin ráða,

en ekki gerðar raunhæfar ráðstafanir til viðnáms og stöðvunar.

Ég gleymi aldrei þessari nóttu. Mest hissa er ég á því, að nokkur stj. skuli láta bjóða sér annað eins og þetta. Við framsóknarmenn höfum snúizt gegn þessu og varað við afleiðingunum, en það er að tala fyrir daufum eyrum.

Ég læt svo lokið máli mínu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af orðum hv. 4. þm. Reykv. um þær 30 millj. kr., sem ég gat um, þykir mér rétt að gefa nokkrar upplýsingar.

Um þær 13 millj. kr., sem eru í heimildagr. og bornar eru fram af stj. eða fjvn., er það að segja, að meiri hl. n. var þeim andvígur. Það var vegna beiðni stj. og til þess að fá samkomulag um afgreiðslu frv., að fjvn. gekk inn á þetta, en því miður var það samkomulag ekki haldið. Næst eru 3 millj., er stafa af brtt., er fluttar voru til hækkunar gegn vilja fjvn. Þá eru 3 millj. í sambandi við þjóðleikhúsið, og var það samþ. gegn minni andstöðu, og 2 millj., er samþ. voru í Ed. í gær í sambandi við l. um fiskiðjuver ríkisins, einnig gegn mótmælum mínum. Meginhlutinn af þessum 30 millj. kr. er því samþ. í andstöðu við fjvn.

Hv. þm. undraðist það, að við, sem erum fulltrúar sveitakjördæmanna, skyldum vera þessu máli andvígir. Ég veit ekki, hvað vakað hefur fyrir öðrum, en ég get sagt hv. þm., að afstaða mín hefur ekki farið eftir því, hvaða kjördæmi ég er fulltrúi fyrir. Í svona málum tel ég mig fyrst og fremst fulltrúa þjóðarinnar, og ég álít, að það sé böl fyrir þjóðina, ef þetta verður samþ., eftir að búið er að afgreiða slík fjárl.

Þá verður ekki vandalaust að skipta þessum uppbótum, þó að þær verði nú greiddar. Margir þessara manna eru lágt launaðir, en þeir geta haft töluverðar tekjur af öðru, því að vinnutíminn er stuttur. En það er ekkert um það sagt, hvernig fara eigi með þetta. Og hvar á svo að taka næstu 4 millj., er sjóðurinn, sem taka á þetta úr, er uppétinn? Því að það er væntanlega ekki bara þetta, sem um er að ræða, og síðan verði launin lækkuð. Það þarf því að sjá fyrir meiru, og hvar á að taka næstu 4 eða 8 millj.? verði launin lækkuð. Það þarf því að sjá fyrir meiru, og hvar á að taka næstu 4 eða 8 millj.?

Ég vil líka benda hv. þm. á það, að þetta er afleiðing af hans stefnu, stefnu, sem hann og flokkur hans hafa stutt og farin hefur verið gegn vilja Framsfl. og Sjálfstfl. Ég get einnig upplýst hv. þm. um það, að baráttan í fjvn. stóð um lækkun útgjalda, m. a. í embættisrekstri ríkisins, svo að ekki yrði skorið á lífæðar atvinnulífsins, en það er þýðingarmeira en sumir embættismenn, sem gera lítið verk. Og það var ekki með hjálp hv. 1. landsk., flokksbróður hans, sem nokkur árangur náðist í þessa átt. Í þeim málum var hann ætíð andvígur niðurskurði. Það voru kommúnistarnir, stjórnarandstaðan, sem fékkst til að fylgja niðurskurði rekstrarútgjaldanna, svo að hægt væri að halda áfram verklegum framkvæmdum. Fyrir þetta fékk ég ávítur hjá hv. 1. landsk., og strax er till. fjvn. komu fram, krafðist hæstv. forsrh. þess, að verk n. væri gert ógilt, því að það væri gert með vilja kommúnistanna. En eftir að fjárl. eru samþ., notar svo hæstv. forsrh. níu kommúnista til þess að koma þessu máli fram. Það eru fleiri en hv. þm. Str., sem ekki munu gleyma þessari nóttu.

Þeir, sem státað hafa af því, að þeirra stefna hafi ráðið, eru nú þannig komnir, að þeir komast ekki upp úr feninu nema með hjálp kommúnistanna.

Ég er þeirrar skoðunar, að sjómennirnir eigi öðrum fremur að fá góð laun. En þegar samningar stóðu yfir í sjómannadeilunni í vetur, kom það ekki málinu við, hvort útgerðarmenn gátu borgað þau laun, er sjómenn vildu fá. Það, sem máli skipti, var það, að þjóðin gat það ekki. En orsökin til þess, hvernig fór um þessa samninga, var sú, að hér í alþingishúsinu sat hv. 1. landsk. í einni stofu og Jón Rafnsson í annarri, og þeir héldu bókstaflega uppboð á fólkinu. Ef annar heyrði, að hinn vildi bjóða þetta, bauð hann betur. Það sama hefur átt sér stað hér í nótt. Kommúnistafl. og Alþfl. hafa haldið hér uppboð á embættismönnunum. Þetta er árangurinn af þeirri stefnu, sem flokkur hv. 4. þm. Reykv. hefur fylgt.

Ég skal svo ekki ræða þetta meira.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér kom undarlega fyrir eyru ræða sessunauts míns, hv. 4. þm. Reykv. Ég get þó stytt mál mitt, því að hv. þm. Str. hefur að mestu tekið af mér ómakið með sinni ræðu.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um l. um verðlagningu landbúnaðarafurða og hafði þar rétt upp. Ef við framsóknarmenn værum á sömu breiddargráðu og hv. 4. þm. Reykv., og sennilega þá vinstrisinnaðir, mundum við fagna því, að ýtt væri undir kauphækkanir, því að þá mundi verð landbúnaðarafurða hækka. En við lítum ekki þannig á þessi mál og stefnum ekki að því að vinna að hækkunum á víxl.

Við höfum ekki lagt á móti því, að málið væri rannsakað. Við lögðum til í till. okkar, sem því verr var felld hér í nótt, m. a. af hv. 4. þm. Reykv., að þessi rannsókn yrði gerð. Við lögðum til, að ríkisstj. fengi ekki heimild til að ráðstafa fé í þessu skyni af handahófi, heldur yrði mál þetta rannsakað og niðurstöður rannsóknarinnar lagðar fyrir Alþ. Og við lögðum til, að jafnframt legði ríkisstj. fram till. um nauðsynlegar ráðstafanir í dýrtíðar-, fjárhags- og atvinnumálum fyrir Alþ.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði hér um hinar 4 millj., sem hvergi eru til. Þessi ráðstöfun mun ábyggilega ýta undir verkamenn að gera nýjar kaupkröfur. Samkvæmt lögum kemur þá afurðaverð til með að hækka að sama skapi til samræmingar. Hvernig mun þá verða ástatt í haust, er Alþ. kemur saman hinn 11. okt.? Hvernig skyldi þá ganga að afgreiða fjárlög með öllum þeim hækkunum, sem fyrirsjáanlegar eru? Og hvernig mundi fara með bátaflotann fyrir næstu vertíð? Ætli sjómennirnir yrðu ekki að fá kauphækkun? Er nú þetta vinstri stefna? Ég vil biðja hv. 4. þm. Reykv. að athuga það. Ég gat hér áðan um framkomu tveggja Alþfl.-manna í Ed., hvernig þeir hafa algerlega hunds-

að kröfur Alþýðusambandsins og fellt fyrir okkur framsóknarmönnum till., sem miðaði til meira réttlætis í innflutningsmálunum og lækkunar á verðbólgunni. Þessir flokksbræður hv. 4. þm. Reykv., sem ganga á móti kröfum Alþýðusambandsins til þess að styggja ekki vini sína í Sjálfstfl. og vilja heldur fylgja þeim í því að koma góðu máli fyrir kattarnef og vísa á ríkissjóðinn galtóman en að taka upp baráttu fyrir réttri lausn í verzlunarmálunum, — fylgja þeir vinstri stefnu? Nei. Það, sem nú ætti að gera, er að halda þinginu áfram, enda þótt það hafi dregizt allt of lengi, því að lausn dýrtíðarmálanna má ekki draga til haustsins. Það þarf að auka frelsi almennings í viðskiptamálunum, þrýsta niður húsaleigu og framkvæma rannsókn á launakjörum og aðstöðu hinna ýmsu stétta. Lögin um verðlagningu landbúnaðarafurða eru þar til fyrirmyndar, og slíku samræmi þyrfti að koma á síðar og eins hvað snertir launagreiðslur til opinberra starfsmanna. Það þyrfti að gera heildarsamninga við verkalýðinn til eins árs í senn, þar sem laun væru ákveðin hlutfallslega þannig, að þegar daglaunamenn hefðu þetta kaup, skyldu fagmenn hafa svo og svo miklu hærra, — alveg eins og verðlagning landbúnaðarafurða er miðuð við verðlag og kaupgjald og ákveðin fyrir eitt ár í senn. Síðan væri eðlilegt, að laun opinberra starfsmanna væru ákveðin með hliðsjón af launum verkamanna og annarra stétta. Þetta þyrfti að gera, og það væri í fullu samræmi við till. okkar. Og ég endurtek það, að ég tel alveg óverjandi að hlaupa frá þessu nú. — Skal ég svo ekki reyna meira á þolinmæði hæstv. forseta og láta máli mínu lokið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þau ummæli mín í lok ræðu minnar, að Framsfl. hefði, að því er virtist, hneigzt frá vinstri stefnu, virðast hafa farið mjög í taugarnar á hv. síðasta ræðumanni. Vissulega væri æskilegt að fá endanlega og skynsamlega lausn á dýrtíðarmálunum, og um það er ég hv. þm. sammála. En við vitum báðir, að það gat ekki orðið á þessu þingi. Þess vegna er náttúrlega þýðingarlaust að bera fram till. um það. Spurningin var þessi: Átti Alþ. líka að hlaupa frá þessu launamáli opinberra starfsmanna, sem búa við misrétti og ranglæti, vitandi það, að valda mundi óróa og kaupdeilum, sem hefðu orðið ríkissjóði margfalt dýrari en þessum 4 millj. nemur? — Það, sem ég átti við, er ég taldi, að Framsfl. hefði villzt frá vinstri stefnu, var í þessu tilfelli það, að ég tel, að hér sé verið að bæta kjör láglaunamanna og fullnægja réttmætum kröfum þeirra, og hefði flokknum átt að vera ljúft að stuðla að því. Og ég mun alltaf líta svo á, að það sé vinstri stefna að fullnægja sanngjörnum kröfum þeirra, sem lægst eru settir við borð í launamálunum. Ég held, að ef um hliðstæðar kröfur hefði verið að ræða af hálfu bænda, þá hefði Framsfl. barizt hart og drengilega fyrir þeim, þar sem framsóknarmenn telja sig fyrst og fremst umbjóðendur bænda, alveg eins og Alþflm. líta fyrst og fremst á láglaunamenn sem sína skjólstæðinga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÍG, GTh, GÞG, AG, HV, HermG, JóhH, KTh, LJóh, ÓTh, SigfS, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StgrA, ÁÁ, ÁS, BG.

nei: BÁ, BK, BÓ, EystJ, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, PO, SB, SkG, StSt, StgrSt, BSt, JPálm.

4 þm. (JJ, LJós, ÞÞ, ÁkJ) fjarstaddir.

7 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Björn Ólafsson: Með því að ríkissjóði hefur ekki verið séð fyrir þeim tekjum sem þessu nemur og ekki er sýnilegt, að fjárlög geti borið þessi útgjöld, þá segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Ég geng þess ekki dulinn, að launakjör starfsmanna ríkis og bæja, sem hér er um að ræða, eru mjög misjöfn, þannig að ég ætla, að sumir þurfi uppbótarinnar ekki með, en aftur eru aðrir, sem nauðsyn er fyrir að fá einhverja launahækkun eða uppbót. Þótt ég nú viti, að erfitt er að setja mörkin milli þeirra, sem uppbót eiga að fá, og hinna, sem ekki þurfa hennar, þá veiti ég ríkisstj. þessa heimild í trausti þess, að hún verði aðeins veitt þeim, sem hennar þurfa, og segi því já.

Gísli Jónsson: Eftir því, sem fram hefur komið við umr. og atkvgr., eru þrír hæstv. ráðh. — og þar á meðal hæstv. fjmrh. — andvígir þáltill., enn fremur meiri hluti fjvn. og meiri hluti þeirra 37. þm., sem greiddu nýlega atkv. á móti vantrausti á hæstv. ríkisstj. Með tilvísun til þessa geri ég ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. noti ekki heimildina, þótt þáltill. verði samþ. Ég segi nei.

Hermann Jónasson: Ég get að mestu vísað til þess, sem ég hef áður sagt um þessi mál, en bæti því við sem skoðun minni, að framhald þessarar stefnu er augljós og yfirvofandi byrði fyrir starfsmenn ríkisins og þjóðina í heild. Ég segi nei.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Út af þessari þáltill. vil ég taka þetta fram: Enda þótt ég sé því ósamþykkur, að þessi samþykkt sé gerð, mun ég mæla með því, að rannsakað verði, hvernig hagur og aðstaða launamanna ríkisins nú er og hvert réttlæti ríkir í kjörum þeirra í hlutfalli við hag annarra stétta. En um greiðslu þá, að upphæð 4 millj. kr., sem hér á að heimila, vil ég segja það sama og um flestar aðrar heimildargreiðslur, að hún verður því aðeins greidd, að í ljós komi, að hægt verði að greiða allar lögbundnar fjárlagagreiðslur, og það kemur að sjálfsögðu ekki til hlítar í ljós fyrr en seint á

þessu ári. Að öðru leyti tel ég Alþingi skylt að sjá fyrir nýjum tekjum til að standast þau útgjöld, sem af þessari þáltill. kann að leiða, og er ósamþykkur því, hvernig málið hefur að borið, og ósamþykkur þeim hætti í launamálum, sem hér er upp tekinn. Ég segi þess vegna nei.

Lárus Jóhannesson: Ég sagði í Ed. fyrir skömmu, að ég vildi veita þessum mönnum launauppbót, en ég vildi láta þá vinna betur. Ég mun því greiða atkv. með þessari till., en vil láta fara fram rannsókn á því, hvernig vinnutíma þjónustuliðs ríkisins er háttað. Ég segi já.

Steingrímur Steinþórsson: Það mun vera einsdæmi á Alþingi og endemi í alla staði, að slík útgjaldatill. sem þessi komi fram næsta dag eftir að fjárlög eru afgr., eins og það var erfitt. Og þar sem vitað er, að erfitt verður að greiða lögboðnar greiðslur, þá álít ég það vera vanvirðu fyrir Alþingi að samþ. till. sem þessa og segi nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 819).

Þingsályktunartillaga felld.

Vantraust á ríkisstjórnina.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um vantraust á núverandi ríkisstjórn* [169. mál] (A. 473).

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Það er vissulega ástæða til að spyrja: Hefur ríkisstj. traust Alþingis?

Þegar ríkisstj. tók við, fékk hún stuðning meiri hluta Alþingis á grundvelli stefnuskrár, sem hún lagði fram. Er nokkur sá alþingismaður, sem dirfist að halda því fram, að ríkisstj. hafi framkvæmt þessa stefnuskrá? Ég hefði gaman af að sjá framan í þann mann. Hvernig getur þá ríkisstj. haldið áfram að hafa traust, eftir að sýnt er, að hún lætur stefnuskrána sigla sinn sjó og tekur upp andstæða stefnu?

Það er vissulega tími til kominn að rifja upp helztu atriði stefnuskrárinnar og bera saman við framkvæmdirnar. Stefnuyfirlýsingin hófst á þessum fögru fyrirheitum, sem ríkisstj. skuldbatt sig gagnvart Alþingi og þjóðinni til að framkvæma:

Að vernda og tryggja sjálfstæði landsins.

Að tryggja góð og örugg lífskjör allra landsmanna og áframhaldandi velmegun.

Að halda áfram að auka nýsköpunina í íslenzku atvinnulífi.

Síðan er kveðið nánar á um, hvernig þetta skuli framkvæmt í einstökum atriðum. Um baráttuna gegn dýrtíðinni, sem nýja stj. gerði að aðalatriði í yfirlýsingu sinni, segir svo:

„Það er stefna ríkisstj. að vinna af alefli að því að stöðva hækkun dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðar og athuga möguleika á lækkun hennar. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur á sem hagkvæmastan hátt og vörudreifing innanlands verði gerð eins ódýr og hagkvæm eins og frekast er unnt. Að innflutningnum verði háttað þannig, að verzlunarkostnaður verði sem minnstur, og reynt að láta þá sitja fyrir leyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera."

Hvernig hefur nú tekizt að efna þetta fyrirheit?

Samkvæmt útreikningi hagfræðinganna Ólafs Björnssonar og Jónasar Haralz er vísitalan nú komin talsvert á fimmta hundrað stig, rétt útreiknuð. Í þessum útreikningi er þó ekki tekið tillit til svartamarkaðsins, sem er orðinn mjög veigamikill þáttur í öllum viðskiptum. Þessi gífurlegi vöxtur dýrtíðarinnar er að langmestu leyti til kominn fyrir beinar aðgerðir ríkisstj. Alls hefur hún hækkað tolla á neyzluvörum almennings um talsvert á annað hundrað milljón krónur á ári, eða um svipaða upphæð og heildarupphæð fjárlaganna nam á árunum 1945 og 1946, á tímum nýsköpunarstj. Það munar um minna. Hún hefur skipulagt vöruskort í landinu. Við það hefur vöruverð á torfengnum vörum farið upp úr öllu valdi og svartamarkaðsbrask þróazt meira en dæmi eru til áður.

Og hvernig hefur svo tekizt til um hina hagkvæmu og ódýru vörudreifingu, sem heitið var?

Langmestur hluti innflutningsins hefur verið fenginn í hendur örfáum heildsölum. Þessi afætustétt hefur fengið Íslandsverzlunina á leigu, — raunar endurgjaldslaust, eins og einokunarkaupmennirnir forðum, rakað saman of fjár á kostnað landsmanna og safnað nýjum tugum milljóna í dýrmætum gjaldeyri erlendis. Bréf, sem Landssamband ísl. útvegsmanna sendi Alþingi í vetur í sambandi við afgreiðslu dýrtíðarlaganna, gefur nokkra hugmynd um ofsagróða þessara manna. Þar er farið fram á, að hraðfrystihúsin fái gjaldeyrisleyfi fyrir 15 millj. kr. til þess að kaupa fyrir fatnað í Tékkóslóvakíu, og megi leggja á hann 10 millj. kr. Jafnframt fullyrða þeir, að verðið þurfi að minnsta kosti ekki að vera hærra en á þeim fatnaði, sem hér er fáanlegur. Ég þekki útgerðarmann, sem á lítinn bát, og hefur hann haldið nákvæma reikninga yfir afkomu hans undanfarin ár. Honum telst svo til, að innflytjendurnir, sem fengið hafa gjaldeyri þann, sem báturinn hefur aflað, hafi grætt á honum eina milljón króna — eina milljón króna á þessum eina litla bát. Ef eigandi bátsins hefði fengið þessa milljón sjálfur, mundi hann vera vel stæður maður og eiga ekki alllitlar eignir. Nú á hann ekki fyrir skuldum.

Þá er allt ríkisbáknið utan um verzlunina ekki lítill búhnykkur „til þess að tryggja hagkvæma og ódýra vörudreifingu". Fjárhagsráð, viðskipta-

nefnd og skömmtunarskrifstofan kosta samtals tæpar fjórar milljónir króna. Í skjóli þessara stofnana þróast svo svarti markaðurinn.

Þá stendur þetta fagra fyrirheit í stefnuskránni:

„Að öllum vinnandi mönnum, sérstaklega þeim, sem stunda framleiðslustörf til sjávar og sveita, verði tryggðar réttlátar tekjur og komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku."

Um sérréttindin og spákaupmennskuna hef ég þegar rætt. Öll vitið þið af eigin reynslu, hvernig þau mál standa. Hvað þá um réttlátu tekjurnar? Með lögum frá Alþingi hafa löglegir samningar verkalýðsfélaga verið felldir úr gildi og kaupgjaldsvísitalan bundin við 300 stig, samfara því sem verðlag á nauðsynjum hefur hækkað fram úr öllu hófi. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að kaupkjör almennings hafa rýrnað svo mjög, að almennt er viðurkennt, að orðið sé gersamlega óviðunandi. Jafnvel stjórn Alþýðusambandsins, sem eingöngu er skipuð harðsoðnum stjórnarsinnum, hefur viðurkennt, að ekki verði lengur við unað, og hvatt öll sambandsfélög til að segja upp samningum. Mánaðarkaup Dagsbrúnarmanna samkvæmt almenna taxtanum er nú 1680 kr. Hvernig á að leysa þá þraut að lifa á því kaupi, jafnvel þótt menn hafi stöðuga vinnu? — En nú er svo komið, að atvinnuleysi færist mjög í vöxt. Vilja ráðherrarnir svara því? Vilja þingmennirnir, sem staðið hafa að þessari stjórnarstefnu, svara því? Kannske þeir vilji reyna og ganga þar á undan með góðu eftirdæmi. Starfsmenn ríkis og bæja hafa nú lýst því yfir, að þeir geti ekki lengur unað við kjör sín, og hafa krafizt 36% kauphækkunar til þess að bæta upp þá kjararýrnun, sem þeir hafa orðið fyrir síðan launalögin voru sett. Augljóst er, að viðtækar kaupdeilur eru í aðsigi blátt áfram af því, að menn geta ekki lengur lifað af þeim launum, sem ríkisstj. hefur skammtað þeim. Má ég spyrja: Eru þetta „réttlátu tekjurnar", sem ríkisstj. gaf fyrirheit um að tryggja?

Þá kemur næsta fyrirheit: „Að öll framleiðslustarfsemi verði hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkomnari framleiðslutækja til landsins og að atvinnuvegir landsins verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar."

Efndirnar á þessu hafa verið þær, að mikill hluti iðnaðarins hefur verið stöðvaður eða framleiðslan takmörkuð vegna skorts á efnivörum. Þó að fiskurinn væri upp við landsteinana, hefur bátunum verið bannað að hagnýta hann nema vissar tegundir fyrir ákveðinn markað. Það er árangurinn af einokun ríkisstj. á útflutningsverzluninni og einskorðun markaðsins við ákveðin lönd. Fyrirtæki eins og fiskiðjuver ríkisins, sem búið var að leggja í margar millj., hefur ekki fengizt fullgert og ekki fengið nauðsynleg tæki og efnivörur til framleiðslunnar, með þeim afleiðingum, að það hefur ekki getað framleitt nema lítið brot af afkastagetunni. Þannig hefur dýrmætum gjaldeyri verið kastað á glæ. Stjórn fiskiðjuversins neyddist til að segja af sér í mótmælaskyni við þessa pólitík. Húsbyggingar hafa að miklu leyti verið stöðvaðar. Og nýsköpunin hefur verið stöðvuð. Samið hefur að vísu verið um smíði á 10 togurum, en það er ekki einu sinni upp í þriðjunginn af eftirspurninni — og til landsins koma þeir tveim árum seinna en orðið hefði, ef farið hefði verið eftir tillögum Sósfl. Fyrir bragðið eru þeir miklu dýrari og landið verður af tugum milljóna í gjaldeyri.

Árangurinn af þessari pólitík er sá, að atvinnuleysið hefur haldið innreið sína og er í örum vexti.

Hámarkinu hefur þessi pólitík ríkisstj. náð með stöðvun togaranna. Sú stöðvun hefur kostað þjóðina yfir 20 millj. kr. í gjaldeyri. Tilgangurinn með stöðvuninni var: Í fyrsta lagi að lækka kaup sjómannanna, í öðru lagi að koma þeim togaraeigendum, sem ekki eru fjársterkir, og þá fyrst og fremst bæjarfélögunum í þrot, svo að hinir stærri eigi hægara um vik að sölsa skipin undir sig, og í þriðja lagi að fá átyllu til gengislækkunar. Vikum saman gátu fulltrúar útgerðarmanna ekki um annað talað en gengislækkun við samningsborðið. Það þurfti enginn að fara í grafgötur um, hver var óskadraumur þeirra og höfuðtilgangur með stöðvuninni.

Þá stendur eftirfarandi fyrirheit í stefnuskránni:

„Vinna að sem viðustum mörkuðum fyrir íslenzkar útflutningsvörur."

Hverjar urðu efndirnar? Á tímum nýsköpunarstj. tókst að vinna viðtæka markaði í Austur-Evrópu, fyrst og fremst í Sovétríkjunum. Þetta hafði þau áhrif, að aðalútflutningsvörurnar hækkuðu svo stórlega í verði, að aldrei hefur fengizt jafnhátt verð fyrir íslenzka framleiðslu. Vonir stóðu til, að hægt væri enn að stórauka þessa markaði. Á grundvelli þessara nýju markaða og hinna miklu verðhækkana var unnt að hefja nýsköpunarstarfið með þeim stórhug, sem raun varð á. Viðskiptin við Sovétríkin hefur Bjarna Benediktssyni tekizt að eyðileggja með öllu, og engin teljandi viðskipti eru nú við önnur lönd í AusturEvrópu, nema Tékkóslóvakíu. Að nýju hafa viðskipti okkar verið rígbundin við Bretland og Ameríku. Árangurinn hefur orðið sá, að þegar er orðin mikil verðlækkun. Og nú er talið, að gífurleg verðlækkun sé yfirvofandi. Það mun jafnvel hafa verið talað um 25—30% verðlækkun á aðalútflutningsvörunum til Bretlands. Þegar svo er komið, munu þeir herrar, sem bera ábyrgðina á því, hvernig komið er, telja tíma til þess kominn að stíga næsta skrefið, láta óskadrauminn rætast. Nú munu þeir þykjast geta sagt með fullum rétti: Það stendur algert hrun fyrir dyrum; annaðhvort stöðvast atvinnureksturinn með öllu, skipunum verður lagt upp og verksmiðjunum lokað eða það verður framkvæmd stórfelld gengislækkun, hið vinnandi fólk, sem heitið hafði verið réttlátum tekjum, verður að færa miklar fórnir og herða mittisólina, það verður að þrýsta lífskjörum fólksins niður á stig kreppuáranna á fjórða tug aldarinnar, tíma skorts og neyðar, atvinnuleysis og fátækraflutninga. Þá voru Bretar einráðir um að skammta okkur verðið fyrir útflutningsvörurnar. Fyrir tilstilli Bjarna Benediktssonar erum við aftur að komast í sama farið. Við sósíalistar sögðum það fyrir, að þetta mundi verða

endirinn á ævintýrinu, að þessu marki stefndi öll pólitík ríkisstj. Það er nú að koma fram.

Mánuðum saman hefur verið stjórnað án fjárlaga. Það mun sennilega vera Evrópumet. Þegar svo loksins fjárlögin koma, er upphæð þeirra hvorki meira né minna en 260 millj. kr., eða meira en helmingi hærri en 1946. Sízt verður stj. þó sökuð um að vera of stórhuga um verklegar framkvæmdir. Það þekkja menn af reynslunni, og það sanna þessi fjárlög, þar sem verklegar framkvæmdir eru skornar niður. Ástæðan fyrir þessari svimháu upphæð fjárlaganna er fyrst og fremst hin óhemjulega þensla í ríkisbákninu. Þessi fjárlög eru verk mannanna, sem aldrei opna munninn án þess að tala um sparnað, að spyrna við fótum gegn eyðslunni o. s. frv. Drýgsta þáttinn í þessari þenslu eiga stofnanir þær, sem eru að skipuleggja allt í rústir, eins og einn góður sjálfstæðismaður komst að orði fyrir mörgum árum. Þetta eru verk mannanna, sem hafa gert það að grundvallarvísdómi þjóðmálastefnu sinnar, að afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu séu undirrót alls ills.

Allt eru þetta staðreyndir, sem ekki þýðir að bera á móti. En hvað hafa þá þessir herrar sér til afsökunar? Framsóknarmenn munu halda því fram, að allt sé þetta afleiðingar þeirrar stefnu, sem fylgt var á nýsköpunarárunum, þá hafi öllum gjaldeyrinum verið sóað o. s. frv. Já, menn geta verið furðu ósvífnir, þegar þeir eru rökþrota. Hvernig haldið þið, að ástandið mundi vera, ef stefnu Framsóknar hefði verið fylgt og hin nýju framleiðslutæki hefðu ekki verið keypt til landsins? Hvernig haldið þið, að gjaldeyrisástandið væri, ef við hefðum ekki nema gömlu fiskibátana, gömlu togarana, gömlu frystihúsin og gömlu verksmiðjurnar? Nú er svo komið, að langmestur hluti útflutningsins er framleiddur af hinum nýju tækjum, nýju togurunum og nýju bátunum. Aðeins örlitið brot af útflutningsmagninu er framleitt með gömlu tækjunum. Togararnir skila gjaldeyrisandvirði sínu á einu ári. Enda hefur gjaldeyrisandvirði útflutningsins hækkað úr 250 milljónum upp í 400 milljónir á ári vegna framkvæmda nýsköpunaráranna. Ef stefnu afturhaldsins hefði verið fylgt á árunum 1944—46, þá ætti nú að vera hverju barninu ljóst, að við værum fyrir löngu komnir í botnlausa kreppu, hið margumtalaða hrun Eysteins Jónssonar fyrir löngu orðið að veruleika. En þá hefði Framsókn og allt hið þríeina afturhald líka fengið sitt tækifæri: — atvinnuleysi, sem skilyrði þess að fá fólk til að sætta sig við þau kjör, sem þeir herrar munu eiga við, þegar þeir tala um „réttlátar tekjur“ í stefnuyfirlýsingum sínum.

Þá munu þeir líklega halda því fram, að þeir hafi verið að brasa við að halda dýrtíðinni í skefjum með niðurgreiðslunum og með bindingu vísitölunnar. Ekki geta þeir haldið því fram, að verkalýðurinn hafi lagt stein í götu þeirra. Jú, þeir hafa aukið niðurgreiðslurnar úr rúmum 16 milljónum upp í 50 milljónir. Já, það er hægur vandi að ausa fé úr ríkissjóði, sem aftur er tekið með sköttum af landsfólkinu til þess að greiða vörurnar niður. Til þess þarf enga kunnáttumenn. Enn minni vandi er að lækka kaup manna með lögum og gera dýrtíðina þar með enn verri og þungbærari fyrir almenning. Hitt er kannske meiri vandi, að kalla þetta ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Slík ósvífni er ekki öllum gefin. Árangurinn hefur svo, eins og kunnugt er, orðið sá, að raunveruleg verðlagsvísitala hefur hækkað upp í talsvert á fimmta hundrað stig. Og ég hef sýnt fram á, að það er að langmestu leyti fyrir beinar aðgerðir ríkisstj.

Þá mun utanrrh. okkar koma og halda því fram, að ekki geti hann að því gert, þó að hann hafi glutrað þeim mörkuðum, sem mestu máli skipta, úr hendi sér. En þjóðin, sem fylgzt hefur með aðförum hans, veit betur. Ekkert tækifæri hefur hann látið ónotað til þess að bera fram svo freklegar móðganir við Sovétríkin og fulltrúa þeirra, að slíks eru engin dæmi síðan Íslendingar tóku utanríkismálin í eigin hendur. Síðan kallar hann sendiherrann burt frá Moskvu, sem jafngildir á alþjóðamáli stjórnmálamanna — sem allir skilja — opinberri tilkynningu um það, að Ísland vilji engin viðskipti hafa við þetta land. Þessu næst gerir hann samning við Bandaríkin, sem skuldbindur Ísland til að gera engin kaup við Austur-Evrópu nema í samræmi við það, sem Bandaríkin leyfa. Og loks er því lýst yfir, að Ísland ætli sér að gera hernaðarbandalag við Bandaríkin og fylgiríki þeirra, sem stefnt er gegn Sovétríkjunum. Með öðrum orðum, Ísland lýsir því yfir, að það sé staðráðið í því að fara í styrjöld með Bandaríkjunum gegn Sovétríkjunum, ef til friðslita dregur.

Nei, þeir herrar hafa engar afsakanir.

En verið þið viss. Nú biður utanríkisrh. um vorkunnsemi þjóðarinnar. Hann treystir því, að þjóðin ætli engum manni svo illt, jafnvel ekki sér, að selja íslenzkar afurðir með lægra verði en fáanlegt er og kasta frá sér verðmætum mörkuðum af ásettu ráði. En þetta er nú samt staðreynd, og allar staðreyndir eiga sér orsök og skýringu. Í þessu tilfelli er hennar ekki langt að leita. Hennar er að leita í þeim stéttarhagsmunum, sem ráðherrann er fulltrúi fyrir. Bjarni Benediktsson hefur oft minnzt á hagsmuni heildsalanna í þessu sambandi og spurt: Skyldi ég ekki vilja útvega sem mestan gjaldeyri hana heildsölunum mínum? Jú, vissulega vill hann láta eigendur sína, heildsalana, fá sem mest af dollurum og pundum. Þess vegna vill hann selja íslenzkar sjávarafurðir með miklu lægra verði, ef hann getur fengið fyrir þær dollara og pund, heldur en hann gæti selt þær með eðlilegum vöruskiptasamningum, allt í þeim tilgangi, að heildsalarnir hans geti keypt hjá viðskiptamönnum sínum í Englandi fyrir pund og grætt á því og uppskrúfaðar vörur í Ameríku fyrir dollara og grætt enn meira og bætt við hina digru gjaldeyrissjóði sína erlendis. Auk þess býr meira undir. Hér er um að ræða lið í stóru kerfi, í kerfisbundinni pólitík, sem stefnir að ákveðnu marki, eins og ég mun víkja nánar að.

Eftir er að athuga, hvernig tekizt hefur með fyrsta atriði stefnuskrárinnar, en það hljóðar svo: „Að vernda og tryggja sjálfstæði landsins.“ Ég er ekki að gera að gamni mínu. Þetta er sannleikur. Það stendur svona orðrétt.

Bandaríkjamenn eru nú að koma sér upp einni af stærstu herstöðvum sínum á Reykjanesi, sem

þeir sjálfir telja eina hina mikilvægustu til árása í næstu styrjöld. Hvert einasta atriði Keflavíkursamningsins hefur verið virt að vettugi. Íslendingar hafa þar ekki hinn minnsta íhlutunarrétt. Enginn Íslendingur fær þar þá þjálfun, sem tilskilin er. Fjölmennt lið Bandaríkjamanna dvelur á Íslandi og lætur eins og þeir eigi landið. Þeir njósna um allt, sem máli skiptir, og hafa margþættan undirbúning til að hagnýta landið í komandi styrjöld og fá hér greiðar upplýsingar og hvers konar fyrirgreiðslur hjá stjórnarvöldum landsins. Þeir hafa gerzt herraþjóð í landi voru og þverbrjóta alla íslenzka löggjöf eins og þá lystir — skatta- og tollalögin, gjaldeyrislögin, lög um fjárhagsráð, lög um stéttarfélög og vinnudeilur o. s. frv. — ekki aðeins í skjóli þeirra, sem laganna eiga að gæta, heldur með aðstoð þeirra. Þeir grafa grunninn undan gengi krónunnar og öllum fjármálum Íslands með viðtæku braski með gjaldeyri og tollsviknar vörur.

Annað skref ríkisstj. í sjálfstæðismálinu er Marshallsamningurinn. Samkvæmt honum fá Bandaríkin viðtækan íhlutunarrétt um öll efnahagsmál og stjórnmál þjóðarinnar, þar á meðal fjárlög og gengisskráningu; þau fá forkaupsrétt að efnivörum, sem þau telja sig þurfa á að halda, og rétt til að leggja bann við eðlilegum verzlunarviðskiptum okkar við Austur-Evrópu. Ríkisstj. skuldbatt sig til að gefa hinu erlenda stórveldi sundurliðaðar skýrslur um innanlandsmál Íslendinga og halda uppi áróðri fyrir utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Erlendum dómstóli er veitt dómsvald í vissum málum íslenzkra þegna. Og loks fá bandarískir þegnar sama rétt og Íslendingar til atvinnurekstrar hér á landi. Hér er að vísu hafður fyrirvari, en fáir munu leggja mikið upp úr honum, meðan amerísk leppstjórn fer með völd á Íslandi.

Næst kemur yfirlýsing frá forsrh. og utanrrh. um, að Ísland skuli ekki lengur vera hlutlaust ríki, stj. hafi ákveðið að kasta fyrir borð sjálfum grundvellinum að sjálfstæðri tilveru hinnar vopnlausu og varnarlausu íslenzku þjóðar — hlutleysi í styrjöld. Forsrh. og formaður stærsta þingflokksins halda ræður og skrifa greinar, þar sem því er lýst yfir skýrt og skorinort, að þeir hafi ákveðið að berjast fyrir því, að Ísland gerist aðili að hernaðarbandalagi hinna miklu nýlenduvelda, Bandaríkjanna og Bretlands og fylgiríkja þeirra, og nú dugi ekkert minna en hinar öflugustu vígvélar og drápstæki. Ísland skuli gert að svo öflugu hervirki, að óvinur þess skelfist og skuli verða gersigraður, ef til átaka kemur. Þá fékk maður að vita það, að íslenzka þjóðin ætti óvin, og ekki farið leynt með, hver óvinurinn væri. Það eru Sovétríkin. Til þess að varnir Íslands yrðu í nokkru samræmi við þessi stóru orð, þyrfti ekki einasta óslitna röð öflugra hervirkja meðfram allri strandlengju Íslands, heldur líka her, sem væri fjölmennari en þjóðin sjálf. Á það var bent af mönnum, sem héldu vöku sinni og viti, að íslenzkt þjóðerni mundi tæplega lifa af slíkt hernám, jafnvel áratugum saman. Þjóðin reis upp gegn hinum stríðsóðu Ameríkuagentum. Og þeim þótti ráðlegast að hörfa í bili. Nú lýstu þeir því yfir, að hernaðarbandalaginu ættu ekki að fylgja neinar kvaðir um herstöðvar og erlendan her á friðartímum. Hvar var nú hin bráða árásarhætta frá Rússlandi? Með öðrum orðum, fyrst á að afla sér fjandmanna, fyrst á að ganga í hernaðarbandalag gegn mesta stórveldi heimsins og segja Sovétlýðveldunum svo að segja stríð á hendur fyrir fram. Síðan á landið að vera jafnvarnarlaust eftir sem áður. Þegar þeir eru að tala við þjóð sína, þá er fyrirlitningin fyrir vitsmunum almennings svo mikil, að það er eins og þeir séu að tala við fávita. En þeim hefur ekki orðið að trú sinni. Þjóðin hefur skilið, hvað undir býr.

Þetta er nú allt ljósara, eftir að uppkastið að Atlantshafssáttmálanum hefur verið birt. Innihald þess er í stuttu máli þetta: Fyrst eru nokkur slagorð um lýðræði, frið og frelsi, gömul tugga í amerískum áróðursstíl. Síðan koma kvaðirnar, sem hvert bandalagsríki tekur á sig. Þar á meðal eftirfarandi skuldbindingar, sem Ísland yrði að gangast undir, ef það gerðist aðili:

1. Að gera ráðstafanir til þess, að veita vopnavaldi mótstöðu, þ. e. að koma upp herbúnaði.

2. Ef eitthvert ríki í bandalaginu, t. d. Bandaríkin, fellir þann dóm, að nú kunni að vera hætta á ferðum fyrir öryggi einhvers þátttökuríkis, þá skal gera samning um viðeigandi ráðstafanir. Að því er til Íslands tekur yrði það vafalaust bandarísk herseta. Samkvæmt orðalagi sáttmálans gætu Bandaríkin talið vöxt og eflingu verkalýðshreyfingarinnar og sósíalistískra afla í einhverju landi hættu fyrir öryggi þess.

3. Ef talið er, að einhver aðili hafi orðið fyrir árás, ber öllum öðrum bandalagsríkjum að taka þátt í styrjöld, sem af því rís. Það þyrfti ekki annað en herskip einhvers aðilans rækist á tundurdufl eða skotin yrði niður flugvél, sem bryti reglurnar yfir Berlín. Ef Bandaríkin eða fylgiríki þeirra notuðu það sem átyllu til styrjaldar, þá væri Ísland komið í stríð.

Túlkanir og skýringar íslenzku ráðherranna á sáttmála þessum, (sem þið munuð fá að heyra hér á eftir), hljóta að vera mikið aðhlátursefni fyrir herrana í Washington. Rétt eins og íslenzku þeðin verði spurð ráða um hernaðarpólitík Bandaríkjanna og Bretlands, að því er tekur til einnar þýðingarmestu herstöðvar veraldar, eða þeir fái úrslitaatkvæði um framkvæmd á hernaðarsáttmála stórveldanna! Ætli það verði ekki svipað „úrslitavald" og á Keflavíkurflugvelli. Maður skyldi nú ætla, að ráðherrarnir hefðu lagt megináherzlu á, að hér yrðu herstöðvar og her á friðartímum, hinar öflugustu vígvélar og morðtæki í samræmi við fyrri yfirlýsingar, úr því að hættan á rússneskri árás á að vera svo yfirvofandi, að sjálfsagt sé að kasta hlutleysinu fyrir borð og gera Íslendinga að hernaðarþjóð og fyrir fram ákveðnum stríðsaðila í næstu styrjöld.

En nú þykjast þeir miklir af því að hafa komið því til leiðar í Washington, að hér verði engar varnir og við séum ekki skyldugir til að hafa hér her og herstöðvar á friðartímum samkvæmt sáttmálanum. — Hér fer fram kátbroslegt sjónarspil á miklum alvörutímum fyrir þjóð vora. Satt er það, að landið verður varnarlaust. En herstöðvar á Íslandi eru ekki ætlaðar til varnar, heldur til sóknar og árásar, enda er

staðreyndin sú, að áður en helmingur ríkisstj. flaug vestur, var hún þegar búin að fallast á ameríska herstöð á friðartímum með því að veita leyfi til stækkunar á Keflavíkurflugvellininum, en hann á að verða ein mikilvægasta herstöð heims samkvæmt vitnisburði Bandaríkjamanna sjálfra. Nú er líka vitað, að í Washington urðu þeir að gefa bindandi loforð um hernaðarlega hagnýtingu bæði Keflavíkurflugvallarins og Hvalfjarðar. — (Þetta vitum við og alveg tilgangslaust að bera á móti því; það kemur á daginn.) Enda er sáttmálinn sjálfur skýr og ótvíræður. Samkvæmt honum ber Íslendingum að hervæðast eins og öðrum þátttökuríkjum. Skýringar og undanbrögð íslenzku leikbrúðanna hafa vitaskuld ekkert gildi. Þeir fengu ekki einu sinni leyfi til að skrifa undir með fyrirvara. Ég geri ráð fyrir, að Bjarni Benediktsson hafi borið upp einhverjar óskir við Acheson, en hver bæn hafi endað með þessum orðum: Þó ekki eins og ég vil, heldur eins og þú vilt. — Hins vegar þykir mér líklegt, að Acheson hafi sagt eitthvað svipað við Bjarna eins og Hallgerður langbrók við Sigmund forðum: Gersemi ert þú, hversu þú ert mér eftirlátur.

Það, sem undir býr, eru ekki íslenzkir hagsmunir, heldur hagsmunir og áhugamál amerískra einokunarhringa, nýlendukúgara og yfirdrottnunarseggja. Þeir eru að búa sig undir stríð við Sovétríkin og alþýðuríkin í Austur-Evrópu. Þeir hafa þegar komið sér upp herstöðvum víðs vegar um hnöttinn, allt umhverfis Sovétríkin. Þær eru þegar orðnar 500 eða 600 að tölu. Þeir eru að koma upp hernaðarbandalagi með auðvaldsríkjum allt umhverfis Sovétlýðveldin. — Meðal þessara ríkja, sem þeir hervæða og kalla lýðræðisríki, eru Tyrkland, Grikkland og Portúgal og vafalaust Spánn um það er lýkur. Þessu bandalagi er opinberlega stefnt gegn Sovétríkjunum. Þeir kalla það varnarbandalag gegn árás. Sjálfir eru þeir og bandamenn þeirra blóðugir upp að öxlum í árásarstyrjöldum gegn friðsömum og varnarlausum þjóðum, gegn Grikkjum, Indónesíumönnum, íbúum Austur-Indlands og Indókína. Það líður varla sá dagur, að blöð í Bandaríkjunum krefjist þess ekki, að hafið sé kjarnorkustríð gegn Sovétlýðveldunum. Á götum New York borgar má sjá kröfugöngur berandi spjöld með kröfunni: Notið kjarnorkusprengjuna gegn Sovétlýðveldunum strax í dag, á morgun er það orðið of seint.

Fyrir þá, sem kynnt hafa sér þróunarferil kapitalismans, er þetta allt eðlilegt. Í þjóðskipulagi Bandaríkjanna eru allar orsakir styrjaldarundirbúnings og styrjaldar að verki. Núverandi kynslóð Bandaríkjanna þekkir ekki skelfingar styrjaldar. Auðfélög Bandaríkjanna græddu 50 þúsund milljónir dollara á síðasta stríði. Nú er kreppa á næsta leiti geigvænlegri en nokkur önnur, sem yfir auðvaldsheiminn hefur dunið. Maður lítur varla svo í amerískt blað eða tímarit, sem fjallar um fjármál og atvinnumál, að ekki séu færð rök fyrir því, að sá skefjalausi herbúnaður, sem Bandaríkin standa að víðs vegar um heim, sé nauðsynlegur til þess að forðast kreppuna, ef heimurinn verði friðaður og til sátta dragi með stórveldunum, þá skelli kreppan yfir með öllum sínum þunga. Einn af hreinskilnustu fulltrúum Bandaríkjaauðvaldsins lýsti því yfir fyrir skömmu, að ef um annað tveggja væri að ræða, kreppu eða styrjöld, þá væri einsætt að velja styrjöldina. Bandaríkin geta að vísu ekki háð styrjöld eins og sakir standa, vegna þess að þau hafa hinar stríðsþreyttu þjóðir Evrópu einhuga á móti sér. Þær munu neita að láta leiða sig til slátrunar. Eins og sakir standa er Bandaríkjunum stríðsundirbúningurinn allt, bæði hinn andlegi og hernaðarlegi. Öll áherzla er lögð á að kynda undir glóðum hatursins, á framleiðslu vígvéla og morðtóla og koma upp herstöðvum til árása. En lokatakmark alls vígbúnaðar er að heyja stríð.

Í þjóðskipulagi Sovétríkjanna eru engar þær orsakir að verki, sem knýja á um styrjaldarævintýri, heldur er þessu öfugt farið. Mikill hluti Sovétríkjanna var lagður í rústir í síðasta stríði. Frjósöm héruð voru lögð í auðn. Árangur af erfiði og striti margra ára, sem fólkið hafði lagt í alla ást sína, allt sitt þrek og manndóm, sem var því lífið sjálft, varð villimennskunni að bráð. Þjóðin varð að sjá á bak milljónum sinna beztu sona. Um 17 milljónir manna létu lífið. Í Sovétríkjunum eru ekki margar fjölskyldur, sem ekki hafa misst einn eða fleiri ástvina sinna. Og svo halda menn, að þessi þjóð sé óðfús að stofna til nýrrar styrjaldar. Sovétríkin hafa öllu að tapa í nýju stríði, allt að vinna í friðsamlegri þróun. Þau þurfa ekki að óttast neina kreppu. Framleiðslan eykst með svo hröðum skrefum, að slíks eru ekki dæmi fyrr eða síðar. Hún mun margfaldast á tiltölulega fáum árum og aukning framleiðslunnar í Sovétríkjunum getur aldrei þýtt annað en aukinn styrk og aukna velmegun.

Hugsum okkur nú, að skipt væri um hlutverk. Hugsum okkur, að Sovétríkin hefðu ekki orðið fyrir neinu tjóni í styrjöldinni, heldur grætt 50 þúsund milljónir dollara; að offramleiðsla væri yfirvofandi í Sovétríkjunum, en Bandaríkin þyrftu að leggja fram alla krafta sína til þess að auka framleiðsluna til að fullnægja brýnustu þörfum; að Sovétríkin hefðu komið upp hundruðum herstöðva í Kanada, í Mexíkó, í Suður-Ameríku og Kyrrahafi; að Sovétríkin hefðu gert hernaðarbandalag við nágrannaríki Bandaríkjanna í Ameríku og kallað það varnarbandalag; að blöð í Sovétríkjunum krefðust þess, að atómsprengjum yrði kastað á New York án tafar, á morgun gæti það orðið of seint. Hvaða ályktanir munduð þið draga? Munduð þið halda því fram, að Sovétríkin gerðu allt þetta í varnarskyni, en Bandaríkin væru árásarríki?

Ég fullyrði: Enginn maður, hvar sem er í veröldinni og fylgist hið minnsta með því, sem er að gerast, heldur því fram, að Sovétríkin hyggi á árásarstríð, nema hann geri það gegn betri vitund. Jafnvel John Foster Dulles, einn kunnasti fulltrúi afturhaldsins í Bandaríkjunum, segist ekki þekkja neinn stjórnmálamann, sem trúir því í alvöru, að Rússland hafi árásarstríð í huga.

Það er gersamlega tilgangslaust að bera á móti því, að það eru Bandaríkin, sem eru að búa sig undir árásarstríð og Atlantshafsbandalagið er stofnað í þeim tilgangi að heyja árásarstyrjöld.

Afstaða Bandaríkjanna og Sovétríkjanna til Íslands og framkoma þessara tveggja stórvelda gagnvart þjóð vorri er í fullu samræmi við þetta. Sovétríkin hafa aldrei farið fram á herstöðvar á Íslandi og aldrei farið fram á nein sérréttindi eða friðindi hvorki hernaðarlegs né annars eðlis. Enginn Sovétstjórnmálamaður hefur nokkurn tíma látið sér orð um munn fara, sem bendi til nokkurs háttar ágengni gagnvart Íslandi. Sovétríkin hafa aldrei sýnt oss annað en vináttu.

Aftur á móti hafa Bandaríkin farið fram á að fá þrennar mikilvægar herstöðvar hér á landi til 99 ára. Þau hafa þröngvað Íslandi til að láta af hendi við sig dulbúna herstöð og hafa hér þegar eins konar setulið, sem hagar sér eins og herraþjóð. Og nú krefjast þeir þess, að vér ljáum land vort sem árásarstöð í komandi styrjöld, að vér færum sjálfa oss að fórn fyrir hagsmuni bandarísks auðvalds og að íslenzka þjóðin verði ofurseld þeirri hættu að verða tortímt í hinni ægilegustu styrjöld allra tíma, til þess að bægja hættunni frá Bandaríkjunum sjálfum. Forsætisráðherrann hefur sjálfur sagt í áramótaboðskap sínum, að það kosti vináttu Bandaríkjanna og fylgirikja þeirra, ef við verðum ekki við þeirri ósk.

Bandaríkin hafa vitaskuld engan áhuga á að Ísland gangi í hernaðarbandalag, nema til þess að nota landið í ófriði. Þess vegna verður hafizt hér handa um öflugan vígbúnað, þegar búið er að gera samninginn, hversu sakleysislegt yfirbragð sem hann er látinn hafa og hvernig sem hann er túlkaður til þess að blekkja þjóðina. Fyrst verður hafizt handa á Keflavíkurflugvellinum, síðan annars staðar. Þegar búið er að afla sér óvina, þá ættu „rök" Ólafs Thors, Stefáns Jóhanns og Jónasar Jónssonar um nauðsyn hinna öflugustu vígvéla og drápstækja að falla í betri jarðveg en meðan við vissum ekki til, að við ættum neina óvini.

Málgögn Ameríkuagentanna hafa þrásinnis spurt okkur sósíalista að því, hvaða afstöðu við mundum taka til hernaðaraðgerða ákveðins stórveldis, nefnilega Sovétríkjanna, á Íslandi. Þessi spurning er að vísu út í bláinn, nema íslenzka ríkisstj. hafi þegar ákveðið, að Ísland skuli fara í styrjöld gegn Sovétríkjunum við hlið Bandaríkjanna. Það stendur engin rússnesk árás fyrir dyrum, þótt ekki væri vegna annars en þess, að það er hernaðarleg fjarstæða eins og nú er ástatt í heiminum. En okkur er ógnað af öðru stórveldi. Það eru Bandaríki Norður-Ameríku. Þjóðin á kröfu á að fá að vita afstöðu manna til innrásar hvaða stórveldis sem er, en þó fyrst og fremst til þeirrar innrásar, sem ógnar Íslandi í dag. Og okkur sósíalistum er ljúft að svara þessu. Við tökum afstöðu gegn hernaðarinnrás hvaða stórveldis sem er. Við tökum afstöðu gegn hinni yfirvofandi árás Bandaríkjanna, og við hvetjum þjóðina að rísa til varnar með öllu því afli og öllum þeim ráðum, sem hún á völ á. Það skiptir engu máli fyrir okkur, hvert stórveldið er, hvort þjóð þess talar ensku, rússnesku eða eitthvert annað mál. Ef Rússland væri í sporum Bandaríkjanna og ógnaði Íslandi eins og þau, mundum við taka nákvæmlega sömu afstöðu til þess. Engin önnur afstaða er íslenzk, engin önnur afstaða er sæmandi Íslendingi og þetta verður að vera afstaða íslenzku þjóðarinnar, ef hún vill halda rétti sínum sem sjálfstæð þjóð.

Og nú spyr ég ykkur, háttvirtir alþingismenn: Hvaða afstöðu takið þið? Hvaða afstöðu takið þið til þeirrar hernaðarlegu ógnunar gegn Íslandi, sem er staðreynd í dag, hinnar bandarísku ógnunar? Vita skuluð þið, að við sósíalistar og allir þeir, sem hugsa eins og Íslendingar, munum líta á hvern þann, sem aðstoðar hið erlenda vald til þess að ná hernaðarlegum fangstað á Íslandi, sem landráðamann og hans munu engin önnur örlög bíða en örlög kvislingsins.

Ég hef nú sýnt fram á, hvað fyrir Bandaríkjunum vakir, hvers vegna þau leggja kapp á að leggja land vort undir sig til þess að gera það að styrjaldarvettvangi í komandi stríði. Þá er spurningin: Hvers vegna leggur hin fámenna klíka íslenzkrar yfirstéttar slíka megináherzlu á að gera Ísland að herstöð fyrir Bandaríkin?

Þeir segjast vera ofsahræddir. Ólafur Thors segist vera hræddur, í áramótagrein sinni. Einn af fulltrúum Morgunblaðsmanna byrjaði ræðu sína á stúdentafundi á þessa leið: Ég er hræddur, ég er ofsahræddur. Já, þeir eru áreiðanlega hræddir. En við hvað eru þeir hræddir? Ekki við Rússa. Svo skyni skroppnir eru þeir ekki, enda mundu þeir þá ekki láta svona. Ef þeir væru hræddir við Rússa, mundi völlurinn vera minni á þeim. Þeir mundu skríða fyrir þeim. Þeir vita vel, eins og allir aðrir, sem eru nokkurn veginn með réttu ráði, að af þeim stafar engin hætta meðan Ísland heldur sér utan við styrjaldarátök.

Samt segja þeir það satt, að þeir eru ofsahræddir. Þeir eru hræddir við sína eigin þjóð, hræddir um auð sinn og völd. Þeir hafa haft ofsagróða, þess vegna eru þeir ofsahræddir við íslenzka alþýðu, þess vegna kalla þeir á bandarískan her inn í landið. Ég hef hér á undan sýnt fram á, hvernig ríkisstj. er að leiða hrun yfir íslenzkt atvinnulíf. Íslenzkur þjóðarbúskapur þolir ekki það sníkjulíf, sem stórgróðastéttin lifir. Það er komið að þeim krossgötum, að annaðhvort verður íslenzkum atvinnuvegum siglt í strand eða það verður að skera á hnútinn. Það er hægt að gera á tvennan hátt: Með því að létta verzlunarokinu og oki fjármálaspillingarinnar af þjóðinni, eða með því að lækka mjög stórkostlega lífskjör íslenzkrar alþýðu. Þessa treystir yfirstéttin og flokkar hennar sér ekki til af eigin rammleik. Þess vegna kasta þeir sér í fang erlendra landræningja og stríðsæsintýramanna, þess vegna eru þeir reiðubúnir til þess að kasta landi og þjóð út í brjálað stríðsæsintýri. Það er gömul saga, sem oft hefur gerzt áður og er að gerast í ýmsum löndum enn í dag. Gjaldþrota yfirstétt kallar á erlent hervald til aðstoðar gegn sinni eigin þjóð.

Ameríkskur vígbúnaður kallar óhjákvæmilega á ameríkskan her eða ameríska hervernd í einhverri mynd, hvernig sem hún kynni að vera dulbúin fyrst í stað. Og þegar svo er komið, þá mun verða snúið sér að því að þrýsta kjörum íslenzkrar alþýðu niður á stig nýlendubúans. Til þess að gera sér grein fyrir því, sem í vændum er, væri fróðlegt fyrir menn að kynna sér kjör fólks í amerískum nýlendum og hálfnýlend-

um (t. d. í Kóreu, Filippseyjum og Costa Rica). Til þess að geta komið þessu í framkvæmd þarf að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur. Yrði þá byrjað á Sósíalistaflokknum í þeirri trú, að án hans mundi verkalýðshreyfingin standa berskjölduð og leiðin opnuð til að svipta verkalýðinn þeim réttindum, sem hann hefur aflað sér í áratuga langri baráttu. Hótanir gegn Sósfl. má lesa í blöðunum á hverjum degi. Það er því mjög áríðandi, að allur almenningur geri sér ljóst, að með þátttöku Íslands í árásarbandalaginu er ekki aðeins framtíðartilveru þjóðarinnar stofnað í hættu, heldur á verkalýðshreyfingin og íslenzk alþýða hendur sínar að verja nú í dag. Það er afkoma hvers alþýðuheimilis nú á næstu árum, sem um er barizt. Frumstæðustu mannréttindi íslenzks lýðræðis eru í bráðri hættu.

Þeir segjast vilja, að Ísland gangi í hernaðarbandalag nýlenduveldanna til þess að verjast rússnesku hernámi. Við vitum, að tilgangurinn er allt annar, en hvað munu þeir uppskera? Ef til styrjaldar kemur, sem hamingjan forði okkur frá, þá munu þeir uppskera ósigur. Og ef þeir segja Sovétríkjunum stríð á hendur, hverju geta þeir þá búizt við nema rússnesku hernámi á sigruðu landi? Ef stríðsæsingamönnum Bandaríkjanna tekst að kasta heiminum út í styrjöld, þá eiga þeir ósigur vísan. Það er hverjum manni ljóst, sem fylgist með því, sem nú er að gerast í heiminum. Á móti sér munu þeir hafa ríki, sem telja 800 milljónir manna á samfelldu landsvæði, alla leið frá Berlín austur að Kyrrahafi og suður á Austur-Indland, búin hinum öflugustu vopnum nútímans og byggð þjóðum, sem allt eiga að verja og allt munu leggja í sölurnar. Á móti sér hafa þeir alþýðu Vestur-Evrópu og íbúa nýlendnanna og annarra undirokaðra þjóða. Þeim tókst ekki að sigra kommúnistana í Kína, þó að þeir hefðu fátt annarra vopna en þau, sem þeir tóku frá Ameríkumönnum sjálfum. Þeim tekst ekki að sigra tuttugu þúsund tötrum klædda gríska skæruliða, sem hafa engin önnur vopn en þau, sem þeir taka frá Ameríkumönnum sjálfum, því að þessi stríð eru háð af Bandaríkjunum, með bandarískum vopnum og bandarískri herstjórn, enda þótt þeir noti Grikki og Kínverja fyrir fallbyssufóður. Og svo þykjast þeir herrar ætla að sigra allan heiminn. Svo þykjast þeir ætla að sigra hið mikla herveldi alþýðunnar frá Berlín til Kyrrahafs. Eins og sakir standa vita þeir sjálfir, að það er fjarstæða. En vonir þeirra verða minni, því fleiri ár sem líða. Þegar Kína verður orðið að þróuðu samvirku iðnaðarlandi, verður það ósigrandi. Og á fáum árum margfaldast framleiðslan í öðrum löndum alþýðunnar. Samtímis mun holskefla kreppunnar ríða yfir Ameríku og Vestur-Evrópu.

Þegar Bandaríkin hafa beðið ósigur í árásarstríði sínu og alþýða Evrópu hefur sigrað að fullu, mun hún ekki þola það, að henni sé ögrað af amerískri herstöð hér á landi. Ameríkumenn munu verða hraktir héðan og íslenzka þjóðin mun gera upp sakirnar við leppa þeirra. Það, sem þeir herrar, ameríkuagentar, þykjast óttast mest, eru þeir sjálfir að kalla yfir sig. En sjálfsagt munu höfuðforsprakkarnir hugsa sem svo: Þá koma tímar, og þá koma ráð. Enn mun verða griðland í Ameríku. Þangað getum við flúið. Hvað varðar okkur þá um, þó að við leiðum hættu tortímingarinnar yfir íslenzku þjóðina.

Það er alveg víst, að erindrekar hins erlenda valds verða dregnir til ábyrgðar síðar meir. En er ekki rétt að gera það strax, áður en þeir leiða ógæfuna yfir þjóðina?

Á hvern hátt getur varnarlaus, vopnlaus þjóð bezt tryggt friðhelgi sína? Víst er um það, að ef hún gengur í hernaðarbandalag nýlenduríkja og segir öðrum stórveldum stríð á hendur fyrir fram, þá glatar hún sjálfstæði sínu. Og ef ófriður verður í heiminum á annað borð, þá á hún vísan ófrið. Í þeim heimi, sem við lifum í, er að vísu engin algild trygging til. En eina vonin, sem hún á, er að kappkosta að halda frið við allar þjóðir, halda fast við hlutleysi sitt og reyna að fá það viðurkennt. Þess vegna hefur Sósfl. oftar en einu sinni borið fram þá tillögu, að Ísland leiti til Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna með tilmælum um, að þau taki sameiginlega ábyrgð á friðhelgi þess. Og þegar Bandaríkin báðu um herverndarsamninginn 1941, þá var tækifærið. En þjóðstjórnarflokkarnir felldu þá í sameiningu tillögu Sósfl. Það ætti nú að vera hverju barninu ljóst, að þetta var rétt stefna og að aðstaða Íslands væri öll önnur nú, ef þetta hefði verið gert. Jafnvel Ólafur Thors hefur nú helzt við þessa tillögu að athuga, að nú sé tækifærið liðið hjá.

Nú liggur beint við frá íslenzku sjónarmiði að leita til Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna, hvers um sig, með fyrirspurn um það, hvort þau séu fús til þess að gefa yfirlýsingu um, að þau vilji virða hlutleysi og friðhelgi Íslands í stríði og friði, að því tilskildu, að við veitum engu stórveldi hernaðarleg fríðindi. Við þessu er fyrst og fremst nauðsynlegt að fá svar til þess að geta ákveðið utanríkispólitík okkar. Og ef svarið verður jákvætt, þá er það bezta tryggingin, sem við getum fengið, eina tækifærið, sem við kunnum að eiga til þess að fá að vera í friði. Með því að ganga í hernaðarbandalag glötum við þessu eina tækifæri.

Þessa tillögu mun Sósfl. leggja fram á Alþingi. Hvernig alþingismenn snúast við henni, er prófsteinn á það, hvaða taugar til íslenzku þjóðarinnar eru enn eftir á því þingi.

Ég hef nú rakið nokkrar staðreyndir, sem ekki verður móti mælt. Hverju munu fulltrúar stjórnarflokkanna svara? Ég get mér nærri um það, ef að líkum lætur. Þeir munu demba úr sér kynstrum af dæmum um það, hvað kommúnistar séu vondir menn og svívirðilegir. Enn á ný fáið þið að heyra býsn af marghröktum lygasögum, bæði um íslenzka sósíalista og þjóðir í Austur-Evrópu. Þeir munu meðal annars lesa upp hreinlega falsaðar og upplognar tilvitnanir, ef þeir bregða ekki vana sínum. Þið munuð meðal annars fá enn einu sinni að heyra lygasöguna um, að sósíalistar hafi viljað segja Þjóðverjum og Japönum stríð á hendur, ásamt mörgum fleiri slíkum.

En jafnvel þótt þeir fái einhvern til að trúa þessum lygasögum, hvað gagnar það þeim? Staðreyndirnar halda áfram að vera staðreyndir, hvað vondir sem kommúnistar eru. Svo

billega sleppa þeir ekki undan ábyrgðinni. Þeir munu sannarlega ekki sleppa undan ábyrgð sinna eigin verka.

Drögum nú saman helztu staðreyndirnar:

Þeir hafa ekki aðeins svikið öll atriði stefnuskrár sinnar, heldur hefur breytni þeirra verið þveröfug við loforð hennar og fyrirheit.

Þeir hafa aukið dýrtíðina í landinu, svo að rétt vísitala er komin á fimmta hundrað stig, og jafnframt skipulagt vöruskort, svo að svartamarkaðsbrask og spákaupmennska þróast og dafnar.

Þeir hafa stöðvað hinar miklu nýsköpunarframkvæmdir, atvinnuvegirnir hafa dregizt saman, veigamiklar greinar atvinnulífsins hafa ýmist verið stöðvaðar eða lamaðar. Atvinnuleysi færist í vöxt.

Þeir hafa eyðilagt þá markaði, sem Íslendingum reið mest á að halda.

Öll þessi pólitík hefur leitt til þess, að undirstöðuatvinnuvegum, eins og vélbátaflotanum, liggur við stöðvun, svo að ekkert má út af bera.

Þeir hafa afsalað fjárhagslegu sjálfstæði landsins í hendur erlends stórveldis, veitt þessu stórveldi aðstöðu til að búa hernaðarlega um sig í landinu, virða íslenzk lög að vettugi og haga sér eins og herraþjóð.

Og að lokum: Meðan landið er fjárlagalaust og stórvirkustu atvinnutækin eru stöðvuð, flýgur hálf ríkisstj. til annarrar heimsálfu til þess að gera samning, sem innlimar Ísland í hernaðarkerfi erlends stórveldis, stofnar landinu í þá hættu að verða styrjaldarvettvangur í geigvænlegustu styrjöld allra tíma, og taka um leið við mútum að upphæð tvær og hálf milljón dollara, sem þó er ekki nema nokkur hluti þeirrar gjaldeyrisupphæðar, sem tapazt hefur með stöðvun togaranna.

Nú telja stjórnarflokkarnir að ekki verði öllu lengur slegið á frest að skera á þann hnút, sem þeir sjálfir hafa riðið. Fyrir höndum eru tvö óvinsæl verk, sem þeir telja einu úrræðin, en munu baka þeim fjandskap fólksins í landinu. Þessi verk eru:

1. Stórkostleg gengislækkun. Sjálfir hafa fulltrúar þeirra nefnt að minnsta kosti 25% lækkun.

2. Samkomulag við Bandaríkin um mjög aukinn vígbúnað á Íslandi.

Það er ekki álitlegt að fremja slík verk með kosningar fram undan. Þess vegna er nú mjög rætt um það í herbúðum stjórnarflokkanna á Alþingi að haga verkum eins og hér segir:

Fyrst ætla þeir sér að samþykkja Atlantshafsbandalagið í sameiningu. Í því máli leyfa Bandaríkin engan frest. Þeir treysta því, að hægt sé að blekkja þjóðina, smeygja hlekkjunum á hana andvaralausa, vegna þess, hve hinn almenni sáttmáli er almennt orðaður. Nánari ákvæði um allar hinar margvíslegu kvaðir og skuldbindingar verða í sérsamningum þeim, sem Bandaríkin gera við hvert einstakt ríki, en það verða bæði opinberir samningar og leynisamningar.

Síðar hugsa þeir sér að ganga til kosninga og reyna að velta ábyrgðinni af óstjórninni hver yfir á annan. Þeir munu ekki spara svardagana frekar en fyrir síðustu kosningar. Að kosningum loknum hafa þeir fengið vinnufrið í fjögur ár. Þá skríða þeir saman aftur, ef þeir fá nægilegt þingfylgi og taka til óspilltra málanna. Þá er tími til kominn að framkvæma hina margumtöluðu gengislækkun og gera um leið ráðstafanir — í skjóli bandarísks hervalds — til þess að hefta starfsemi verkalýðssamtakanna í því skyni að koma í veg fyrir, að þau geti rétt hlut sinn. Og þá er hægt að segja Bandaríkjunum, að nú sé ekkert lengur í veginum fyrir því, að þau geti hafið vígbúnað sinn og stríðsundirbúning á landi voru á grundvelli Atlantshafssáttmálans.

Þetta bragð verður þjóðin að koma í veg fyrir.

Með því að leggja fram þessa vantrausttillögu gefum við alþingismönnum tækifæri til að marka afstöðu sína til stjórnarinnar skýrt og skorinort frammi fyrir þjóðinni. Það þýðir ekki að svara því til, að ekki sé mögulegt að mynda aðra stjórn. Það er hægt, ef þingmenn vilja. Sósfl. lýsir því yfir, að hann er reiðubúinn til að taka þátt í stjórn með hverjum þeim þingmeirihluta, sem vill ganga til samstarfs við hann með eftirfarandi skilyrðum:

Að Ísland neiti að ganga í hvers konar hernaðarbandalög, að Keflavíkursamningnum verði sagt upp, þegar við höfum rétt til þess og að horfið verði frá þeirri hrunstefnu í atvinnumálum, sem við búum við, og tekinn aftur upp þráðurinn frá nýsköpunarárunum, samtímis því, sem hinn þjóðhagslegi grundvöllur er tryggður, m. a. með gagngerðum aðgerðum í verzlunarmálunum til þess að vinna bug á dýrtíðinni.

Nú leggjum við spurningar fyrir stjórnarflokkana og þingmenn þeirra, sem þeir skulu ekki komast hjá að svara:

1. Takið þið ábyrgð á pólitík núverandi ríkisstjórnar? — Við óskum eftir skýru svari frá flokkunum frammi fyrir þjóðinni hér í kvöld. Og við atkvæðagreiðsluna kemst enginn hjá að svara. Það svar verður munað.

2. Ætlið þið að greiða atkvæði með þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu? — Það svar verður munað ár og aldir.

3. Ef svo reynist, að þingmeirihluti sé fyrir hernaðarbandalaginu, ætlið þið þá að greiða atkvæði með því, að þjóðin fái úrslitavald í málinu með þjóðaratkvæðagreiðslu?

Ef þjóðinni verður neitað um að taka sjálf ákvörðun í máli, sem skiptir kannske meiri sköpum en nokkuð annað í sögu hennar fyrr og síðar, þá skuluð þið vita, herrar mínir, að þjóðin mun líta á samninga þá, sem þið gerið að henni fornspurðri, sem markleysu, sem þið einir skuluð fá að bera ábyrgð á.

Þið skuluð ekki komast hjá að gefa skýr og ótvíræð svör við þessum spurningum. Takið vel eftir. Það mun verða við brugðið í samræmi við það, hvernig svörin falla.

Mikil örlagastund í sögu þjóðarinnar er nú að renna upp. Niðjar vorir ætlast til, að vér bregðumst ekki á þessari stundu. Það verður að sameina alla krafta þjóðarinnar til þess að koma í veg fyrir þau skuggalegu verk, sem sviksamir valdhafar hafa fyrirhugað. Framtíð þjóðarinnar er í veði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var auðheyrt á málflutningi hv. síðasta ræðumanns, að hann þóttist báðum fótum í jötu standa, enda var það ekki

lítill liðsafli, er hann taldi, að stæði á bak við sig, þar sem voru 800 milljónir manna, er reiðubúnir stæðu honum til liðveizlu. Við skulum nú láta liggja á milli hluta, hversu trygg mundi reynast liðveizlan hjá sumum þeim þjóðum, er seldar hafa verið undir hið austræna þrældómsok. En þessi bakhjarl gerir það þó skiljanlegt, að hann þorir óhræddur að ögna með honum þeim löndum sínum, er hann velur heiti landráðamanna og kvislinga.

Ólíkt höfumst við að, má þar um segja. Þegar herverndarsamningurinn við Bandaríkin var til umræðu 1941, þá var það að mínu frumkvæði, að það var sett sem skilyrði, að þeir þingmennirnir Einar Olgeirsson og Sigfús Sigurhjartarson ásamt nokkrum öðrum Íslendingum væru leystir úr fangelsi í Bretlandi og fengju að koma hingað heim til fósturjarðar sinnar á ný. Við töldum það skyldu okkar Íslendinga að halda þannig verndarhendi yfir löndum okkar, enda þótt við værum jafnandstæðir þeim í stjórnmálum þá eins og nú. En að vísu er það satt, að við áttum ekki að baki okkar nema 130 þúsund manns og ekki neinar 800 milljónir.

Það er nú ljóst af ræðu þessa hv. þm., hvorum megin ást hans var. Við heyrðum tóninn í garð þeirra Íslendinga, er samskipti vilja eiga við lýðræðisþjóðir heimsins, og ofurást hans á einvaldsríkinu rússneska. Enda munum við þingmenn orð hans á Alþingi 1941, þegar hann sagði, að það mætti drepa og skjóta án miskunnar, aðeins ef það kæmi Rússum að gagni.

Þá talaði hv. þm. nokkuð um fjárhagslega örðugleika, sem við ættum nú við að stríða. Úr því skal engan veginn lítið gert. En það vita allir, að þeir örðugleikar eru fyrst og fremst afleiðing þeirrar verðþenslu og verðbólgu, sem enginn flokkur ber ríkari ábyrgð á en flokkur þessa hv. þm. sjálfs, Sósíalistaflokkurinn.

Hv. þm. vék þá einnig að togaradeilunni og taldi, að ríkisstj. hefði stöðvað togaraflotann. Askipti hennar af því máli voru þó þau ein að leysa deiluna. En hver voru afskipti samflokksmanns hans, hv. 2. þm. S-M., Lúðvíks Jósefssonar, af þessari deilu, sem sæti á í Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda? Hví brauzt hann ekki út úr og samdi við sína sjómenn? Það hefði honum verið í lófa lagið. En óheilindin og tvöfeldnin koma hér í ljós í þessu máli sem öðrum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði eyðilagt markaði okkar. Sannleikurinn er sá, að í minni stjórnartíð hefur meira áunnizt í markaðsöflun en nokkru sinni áður. Þýzkalandsmarkaðurinn hefur orðið togaraflotanum happadrýgri en nokkur annar og hefur gert það að verkum, að hann hefur getað starfað hvíldarlaust. Samkvæmt því, sem hv. þm. sagði, á ég að hafa eyðilagt markaðina í Austur-Evrópu? Hvað er nú satt í þessu?

Samkvæmt skýrslum var útflutningur okkar til Póllands á árinu 1946 ekki meiri en svo, að hann nam aðeins 752 þús. kr. Árið 1947 nam hann 4 millj. 580 þús. kr. Árið 1948 8 millj. 824 kr. — eða nær 8 milljónum meira en árið 1946. Innflutningurinn árið 1946 var 2 millj. og 200 þús. kr. Árið 1947 13 millj. og 900 þús. Árið 1948 13 millj., 943 þús.

Útflutningur til Tékkóslóvakíu nam á árinu 1946 8 millj. 519 þús.; á árinu 1947 14.161 millj.; á árinu 1948 20 millj., 751 þús. Og innflutningur árið 1946 2,900 millj.; árið 1947 12.886 millj. og árið 1948 22.905 millj. kr. Og nú er nýbúið að gera samning, sem gerir ráð fyrir 30 millj. kr. viðskiptum við Tékkóslóvakíu á hvorn bóginn, og verið er að semja um mjög aukin viðskipti við Pólland. Viðskipti hafa þannig stórlega aukizt við þau lönd, sem við okkur vilja á annað borð skipta.

Hvað viðskiptin snertir við Sovétríkin, þá leitaði ég þar fyrir mér um stóra viðskiptasamninga á fyrsta stjórnarári mínu, en erindi mínu frá 9. des. 1947 var ekki svarað fyrr en 6. jan. 1948 og sagt, að málið væri í undirbúningi. Hinn 26. jan. létum við Sovétstjórnina fá lista yfir vörur, sem við vildum kaupa. Hinn 9. marz ítrekuðum við ósk okkar í gegnum sendifulltrúa okkar. Hinn 16. apríl var honum tilkynnt, að samningamaður Sovétstjórnarinnar, Pokoff, væri veikur og við yrðum að bíða eftir bata hans. Síðar, þegar talað var við hann, taldi hann sig ekki hafa fengið nægar upplýsingar. Enn síðar á þessu ári, 8. sept. 1948, hitti svo íslenzki sendiherrann fyrir gamlan kunningja, sem áður hafði komið við þessi mál, herra Semenoff, og hann var nú ekki af baki dottinn. Taldi hann, að eftir örfáa daga mundi verða samið um viðskipti milli Rússa og Íslendinga. Hinn 30. nóv. tilkynnti sendiherrann svo, að ekkert svar hefði fengizt. Og síðan hefur ekkert um þessa samninga heyrzt*).

Í margar aldir komust forráðamenn Íslands, sem þá voru lengstum aðrir en Íslendingar sjálfir, hjá því að gera sérstakar ráðstafanir vegna hernaðaröryggis landsins, vegna þess, að landið naut þess mesta öryggis, sem þá var fáanlegt. Það var fjarlægt öllum vígvöllum og hernaðarleiðum og hafði enga hernaðarþýðingu. Fjarlægðin og það, hversu landið var afskekkt, veitti því verndina á þeim árum.

Jafnskjótt sem fjarlægðin var úr sögunni, þá hvarf þessi vernd. Nú hafa menn um nokkurt bil ruglazt í þessu og haldið, að vernd sú, sem fjarlægðin veitti landinu fram á okkar daga, hafi ekki verið henni að þakka, heldur hlutleysisyfirlýsingunni frá 1918. Menn tala jafnvel af fjálgleik um hið „fornhelga hlutleysi."

Þeir, sem í alvöru trúa á hlutleysið, ættu að íhuga, að þar sem Ísland hafði á umliðnum öldum verið hluti af landi, sem lenti í mörgum styrjöldum á því tímabili, og landið var því síður en svo hlutlaust, heldur hluti af hernaðarríki, þá varð Ísland aldrei fyrir verulegum búsifjum af völdum óvina þess ríkis á öllum þessum öldum. Þetta kom af þeirri ástæðu, sem ég gat um, þeirri, hversu landið var afskekkt og hversu lítla hernaðarþýðingu það hafði. En strax í fyrsta stríði, þegar reynir á hlutleysisyfirlýsinguna 1918, sem er gefin rétt eftir að heimsstyrjöldinni fyrri lauk — en sú fyrsta raun varð í heimsstyrjöldinni síðari 1939—45 — strax í þessu fyrsta stríði dregst Ísland inn í styrjöld.

*) Ræðumaður óskar þess getið, að sá hluti ræðunnar, er lýkur hér, sé ónákvæmur og að nokkru brenglaður í meðferð innanþingsskrifara.

Það er að segja, við fyrsta tækifæri og reyndi á það, hvort hlutleysisyfirlýsing væri í raun og veru vernd eða vörn fyrir landið, þá reyndist hún með öllu gagnslaus. Þetta kom af því, að hlutleysið hafði aldrei veitt okkur neina vernd. Það var fjarlægðin, sem hafði veitt okkur verndina, og þegar þýðing fjarlægðarinnar var horfin og landið hafði fengið hernaðarþýðingu, þá stoðaði hlutleysisyfirlýsingin ekki neitt.

Margt hefur verið sagt um hernaðarþýðingu Íslands á þeim tiltölulega stutta tíma síðan menn gerðu sér grein fyrir henni. Ég hygg, að ein bezta lýsingin á hernaðarþýðingu landsins hafi verið orð, sem þýzkur herfræðingur mælti á milli styrjaldanna 1918 til 1939, þegar hann sagði, „að Ísland væri eins og skammbyssa, sem miðað væri gegn Bretum og Bandaríkjunum".

Það var vegna þess, að Bretar og Bandaríkjamenn gerðu sér ljósa þessa þýðingu Íslands í síðustu styrjöld, sem Bretar fyrst rufu á okkur hlutleysið og hertóku landið og Bandaríkin síðan gerðu við okkur herverndarsamninginn.

Í Nürnbergréttarhöldunum kom fram greinargerð eða bókun frá herráði Þjóðverja, sem er dagsett 29. okt. 1940, og í 5. gr. þess minnisblaðs segir:

„Foringinn er um þessar mundir að fást við spurninguna um hernám á Atlantshafseyjunum með styrjaldarrekstur gegn Ameríku síðar fyrir augum. Þetta mál er nú verið að athuga hér."

Þetta er skráð í herráðsfundargerðum Þýzkalands og þess vegna ekki um að villast. Hverjar Atlantshafseyjarnar eru, þarf ekki að útskýra. Helztu eyjarnar í Atlantshafi, sem verulega geta hjálpað til við hertöku Bandaríkjanna, eru Ísland og Grænland. Eftir þeim er auðfarnasta herleiðin frá Evrópu til Bandaríkjanna. Gögn eru og til um það, að Göring skýrði frá því, að Þjóðverjar hafi ráðgert að taka Ísland, þótt þeir gugnuðu á því.

Það er eftirtektarvert, sem þýzki herfræðingurinn sagði, sá er ég vitnaði í áðan, að Ísland er eins og skammbyssa, sem beint er aðeins gegn Bandaríkjunum og Bretlandi. Þeirri skammbyssu er ekki beint gegn öðrum ríkjum, t. d. hvorki gegn Þýzkalandi né Rússlandi.

Ef Bretland og Bandaríkin hafa þess vegna áhuga fyrir að hafa hernaðaraðstöðu í vissum atvikum á Íslandi, þá er það ekki til þess að beina skammbyssunni gegn öðrum, heldur til þess að forðast, að henni verði beint gegn sér. Og ef einhverjir vilja ekki unna Bretum og Bandaríkjamönnum þess, að þessi skammbyssa sé á hernaðartímum í þeirra höndum, og geta þó ekki tryggt, að þeim óvinveitt ríki hrifsi hana ekki, þá er það áreiðanlega vegna þess, að þeir vilja, að hún sé notuð til þess að skjóta á þessi tvö ríki. Eða, eins og ég sagði í þingræðu í fyrra, að þá á að nota Ísland til þess að verða rýtingur í bakið á Bretum og Bandaríkjamönnum, styrkustu málsvörum frelsis og mannréttinda í heiminum.

Það er að þessu leyti, sem Ísland hefur óumdeilanlega hernaðarþýðingu. Allir Íslendingar, aðrir en kommúnistar, mundu áreiðanlega kjósa það, að landið hefði ekki þessa hernaðarþýðingu. Við mundum öll kjósa það, að landið væri á þeim stað, að engin þjóð girntist að koma hingað, að við mættum ein búa hér að okkar hlut, jafnt á tímum ófriðar sem friðar.

En við komumst ekki fram hjá staðreyndunum. Með þeim atvikum, sem nú eru fyrir höndum í heiminum, með þeim hernaðaraðferðum, sem beitt er, með þeirri eyðingu fjarlægðanna, sem átt hefur sér stað, þá er hernaðarþýðing Íslands fyrir hendi. Og reynslan er nú þegar búin að sýna okkur eitt — og fyrst og fremst eitt, það, að hlutleysið verndar okkur ekki. Um það var úrslitadómurinn kveðinn upp 10. maí 1940, og hafa raunar allir atburðir, sem síðan hafa í þessu gerzt, á einn eða annan veg staðfest þann dóm, sem þá var upp kveðinn.

Íslendingar og íslenzk stjórnarvöld hafa einnig gert sér þetta ljóst. Menn hafa skilið, að Íslendingar kæmust ekki frekar en aðrir hjá því að hugsa fyrir öryggi sínu, sjá sér borgið í þeim hættusama heimi, sem við lifum í. Og þess vegna var það, að Ísland gekk í Sameinuðu þjóðirnar strax og það átti kost á. En Sameinuðu þjóðunum var ætlað það hlutverk að halda uppi friði í heiminum.

Sumir menn tala nú um, að við eigum ekki að taka þátt í neinu hernaðarbandalagi. Það er þeim mun furðulegra sem það er sama fólkið sem beitti sér mjög fyrir því, að Íslendingar gengi í Sameinuðu þjóðirnar, sömu mennirnir sem þá vildu svo mikið til vinna, að þeir heimtuðu, að Íslendingar hæfu stríð við eitt eða tvö stórveldi, sem raunar bæði voru þá komin að fótum fram. En varðveizla friðar og öryggis með beitingu hervalds er eitt af helztu hlutverkum Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur því verið í hernaðarbandalagi ætíð síðan það gerðist ein af Sameinuðu þjóðunum.

Öryggisgæzlan er fyrst og fremst í höndum öryggisráðsins, en á því er sá galli, sem hefur gert starfsemi öryggisráðsins og Sameinuðu þjóðanna í heild að mestu þýðingarlausa, að þar verður engu komið fram nema með samþykkt allra stórveldanna að minnsta kosti. — Þess vegna hefur það öryggi, sem þjóðirnar vonuðust til að fá fyrir starfsemi Sameinuðu þjóðanna, því miður fokið út í veður og vind. Þær nærri þrjátíu synjanir eða nær þrítugfalda beiting veto-réttarins, sem átt hefur sér stað, hefur lamað starf öryggisráðsins og þýðingu þess.

Ef til árásar eins ríkis á annað kemur, getur öryggisráðið, samkvæmt þeim pappírsheimildum, sem því eru fengnar, ef aðrar aðgerðir reynast ófullnægjandi, „gripið til hernaðaraðgerða með lofther, flota og landher, eftir því sem nauðsyn krefur, til að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi," sbr. 42. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. — Samkvæmt 43. gr. er gert ráð fyrir því, að meðlimir hinna Sameinuðu þjóða láti öryggisráðinu í té herlið. Í 4. gr. segir, að meðlimirnir skuli ætíð hafa reiðubúnar eigin lofthersveitir til sameiginlegra alþjóðlegra þvingunaraðgerða. — Loks segir í 47. gr., að sett skuli á stofn herforingjanefnd til að gefa öryggisráðinu aðstoð og ráðleggingar um öll þau mál, sem varða hernaðarþarfir þess. Samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna er því varðveizla friðar og öryggis í höndum öryggisráðs; sérhverju ríki er því tvímælalaust bannað að hefja

árásarstríð, og hlutleysi kemur ekki til greina.

Íslendingar hafa undirgengizt ríkar skuldbindingar við Sameinuðu þjóðirnar á sama veg og aðrar þjóðir, þannig að ef menn hafa óttast hernaðarbandalag, þá hljóta þeir fyrst og fremst að óttast Sameinuðu þjóðirnar.

Það öryggi, sem menn þóttust fá með því að taka á sig skuldbindingar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, skuldbindingar, sem í orði kveðnu eru mjög ríkar, það öryggi hafa menn ekki fengið og hafa þess vegna orðið að leita eftir því með öðrum ráðum. Fyrir aðrar þjóðir, sem hafa eigin herafla og eigin varnir, kann það að vera mikilsvert að leita eftir slíku öryggi með samtökum á annan veg, en fyrir enga þjóð er það þó mikilsverðara heldur en okkur Íslendinga, sem eigum allt undir alheimsfriði og alþjóðasamtökum til þess að koma í veg fyrir ófrið, þar sem við höfum engar varnir sjálfir og gætum ekki komið þeim upp, jafnvel þótt við vildum.

Nú er það svo, að í sjálfum sáttmála Sameinuðu þjóðanna er gert ráð fyrir því, að svo geti farið að starfsemi öryggisráðsins verði ekki jafnáhrifarík eins og ætlazt hefur verið til, og þess vegna eru sett fyrirmæli um það í 51. gr. sáttmálans, en þar segir: „Engin ákvæði þessa sáttmála skulu takmarka hinn órjúfanlega rétt ríkis til sjálfsvarnar, eitt sér eða með öðrum ríkjum, ef ráðizt er með hervaldi á meðlim hinna Sameinuðu þjóða, þangað til öryggisráðið hefur gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varðveizlu heimsfriðar og öryggis. Ráðstafanir, gerðar af meðlimum við framkvæmd þessa sjálfsvarnarréttar, skulu undireins tilkynntar öryggisráðinu, og skulu þær á engan hátt skerða vald og ábyrgð öryggisráðsins samkvæmt þessum sáttmála til að hefja, hvenær sem er, þær aðgerðir, sem það álítur nauðsynlegar til að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi."

Þar er beinlínis gert ráð fyrir og ætlazt til þess, að einstök ríki geti innan Bandalags hinna Sameinuðu þjóða gert sín á milli bandalag til þess að halda uppi friði og öryggi á þeim slóðum, sem þau eru.

Einstakar þjóðir, eins og þjóðirnar í Austur-Evrópu, hafa alveg án þess að leita til þess samþykkis — eða jafnvel að tilkynna það Sameinuðu þjóðunum — fyrir löngu stofnað hernaðarbandalög sín á milli, og sú hernaðarsamvinna hefur nú á síðustu vikum enn þá verið stórlega aukin með þeirri samtseypu, sem gert er ráð fyrir, að Molotov, fyrrv. utanríkisráðherra Sovétríkjanna, standi fyrir í því skyni að auka fjárhags- og hernaðarstyrk þessara ríkja.

Þegar lýðræðisríkin sáu vilja hinna til þess að halda uppi öflugum hernaðarsamtökum, þá var það mjög að vonum, að þau vöknuðu til vitundar um, að með varnarleysi sínu og aðgerðarleysi byðu þau hættu og árásum heim. Meðal hinna fyrstu, sem rumskuðu, voru hinar friðsömu þjóðir, Belgía, Holland og Luxembourg, sem fyrir síðustu styrjöld héldu mjög í heiðri hlutleysi sínu og töldu, að jafnvel þó að á þær yrði ráðizt, mundi það vera gert vægilega, ef þær hefðu sig hvergi í frammi. Þær lærðu dálítið annað, þegar Rotterdam var skotin í rústir af Þjóðverjum og Þjóðverjar fóru herskildi um lönd þeirra í maí 1940. Þessar friðsömu þjóðir, sem höfðu fengið að kenna á því, hvað hlutleysið kostaði, stofnuðu þess vegna til náinnar samvinnu sín á milli, sem síðar náði til tveggja stórvelda, þ. e. a. s. Frakklands og Bretlands. Þessar þjóðir mynduðu slíkt bandalag sín á milli, svo sem ráð er fyrir gert í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Síðan var það, að utanríkisráðherra Kanada stakk upp á því, að þetta bandalag yrði stækkað á þann hátt, að það tæki til allra þjóða við norðanvert Atlantshaf, þeirra, sem með vildu vera og settum skilyrðum fullnægðu. Þessi tillaga fékk góðar undirtektir í Bandaríkjunum, og síðan hefur verið unnið að undirbúningi málsins, þannig að í næstsíðustu viku var textinn að bandalagssáttmálanum gerður almenningi kunnur — og okkur Íslendingum ásamt nokkrum öðrum ríkjum formlega boðin þátttaka.

Samhliða sem að þessu hafði verið unnið, hafði það gerzt, að skandinavisku þjóðirnar þrjár, Danir, Norðmenn og Svíar höfðu einnig samkvæmt 51. gr. sáttmálans leitazt við að koma á varnarbandalagi sín á milli, en það farið út um þúfur. Það varð svo til þess, að fyrst ákváðu Norðmenn með göfugu fordæmi, en síðar einnig Danir á djarflegan hátt, að taka þátt í þessum samtökum þjóðanna við Norður-Atlantshaf.

Af því, sem ég hef sagt, er ljóst, að til þessara samtaka er stofnað vegna þess, að Sameinuðu þjóðunum hefur af þeim ástæðum, sem einræðisríkjunum einum er að kenna, ekki heppnazt að gegna því verkefni, sem þeim var ætlað. Norður-Atlantshafsbandalaginu er einungis ætlað að halda uppi friði og reglu í heiminum, og þá fyrst og fremst á því landssvæði, sem það tekur yfir. Ég sagði áðan og endurtek, að þó að skiljanlegt sé, að allar þjóðir hafi áhuga fyrir slíku bandalagi, þá verður þó að ætla, að engin þjóð hafi þar ríkari hagsmuna að gæta heldur en Íslendingar, sem byggja land, sem vitað er um, að hefur úrslitahernaðarþýðingu á þessum slóðum, og þar sem við erum þjóð, sem ekki getum varið okkur sjálf, hvað sem í skerst, og eigum þess vegna allt undir því, að aðrir en við höldum uppi friði og reglu í þessum heimshluta.

Allir aðrir geta að einhverju leyti varið sig sjálfir. Við einir eigum allt undir öðrum í þessu efni og eigum þess vegna meira en allir aðrir undir því, að þau samtök, sem gerð eru, séu gerð með okkar hagsmuni fyrir augum, að tekið sé réttmætt tillit til okkar óska og þarfa við ákvarðanir þær, sem gerðar eru innan þessara samtaka.

Menn minnast þess, að fyrst var farið að tala um það seinni partinn í nóvember síðastliðnum, að Ísland kynni að eiga kost á því að verða þátttakandi í þessu Norður-Atlantshafsbandalagi.

Eftir að umræður höfðu hafizt um, að Ísland kynni að eiga kost á því að ganga í Atlantshafsbandalagið, bar það tvisvar á góma í viðræðum milli mín og sendiherra Bandaríkjanna hér, en þá lá enn ekkert efnislega fyrir um málið, svo að ekkert var um það að segja.

Það var ekki fyrr en 5. jan. s.l., sem sendiherra Bandaríkjanna ræddi málið efnislega við

mig. Þann sama dag sagði ég fyrir um minnisseðil um það, sem fram fór. Þar segir:

„Miðvikudaginn 5. janúar 1949 kom sendiherra Bandaríkjanna, Mr. Butrick, á skrifstofu mína samkvæmt beiðni sinni.

Erindi hans var að afhenda mér minnisblað með frásögn um Norður-Atlantshafsbandalagið. Er ég hafði lesið frásögnina, sagði ég, að afstaða Íslendinga til máls þessa mundi vera komin undir nánari vitneskju varðandi nokkur atriði, og dytti mér þá fyrst í hug, án þess að vilja segja nokkuð um málið á þessu stigi, hvort ætlunin væri, að Íslendingar hervæddust sjálfir og skuldbyndu sig til þess, og einnig, hvort hér ætti að dvelja her á friðartímum."

Þetta voru þær fyrstu athugasemdir, sem ég gerði jafnskjótt og ég hafði lesið þá nokkuð lauslegu frásögn um bandalagið, sem mér þarna var afhent, og kemur þarna glögglega fram, að ég taldi, að íslenzka stj. og Íslendingar mundu ekki geta tekið afstöðu til þessa máls fyrr en upplýst væri, hvort ætlazt væri til, að við hefðum hér erlendan her og herstöðvar — eða hvort við ættum að hervæðast sjálfir. Þarf ekki að eyða orðum að því, af hverju ég vildi fá þetta skýrt. Það var vegna þess, að ég taldi, að afstaða bæði mín og annarra mundi velta á þessu.

Eftir að málið hafði verið íhugað innan ríkisstj., þá tilkynnti ég hinn 12. jan. 1949 sendiherra Bandaríkjanna formlega fyrir hönd ríkisstj., að stj. mundi ekki geta ákveðið afstöðu sína til þátttöku Íslands í samningsgerð Norður-Atlantshafssáttmála fyrr en ákveðnari upplýsingar væru fyrir hendi um það aukna öryggi, sem fyrir Ísland væri fólgið í slíkum samningi, svo og þær skyldur, sem þessu væru samfara, og þess vegna væri nauðsynlegt að þessi atriði — ásamt hinni sérstöku aðstöðu Íslands — væru skýrð með frekari viðræðum.

Um leið og ég las þessa orðsendingu fyrir sendiherranum, átti ég samtal við hann, og tók ég þá m. a. fram: „að sú skoðun væri ákaflega rík, bæði hjá fylgjendum ríkisstj. og stj. sjálfri, að það væri of dýru verði keypt að láta hermenn dvelja hér á friðartímum fyrir það öryggi, sem við slíkt fengist."

Eftir að þessi orðaskipti og skilaboð höfðu farið fram, varð nokkur dráttur á málinu. Það var að vísu minnzt á það í nokkrum samtölum, en efnislega höfðu þau ekki þýðingu vegna þess, að hin upphaflegu bandalagsríki voru að ræða málið í heild nánar sín í milli. Það var því ekki fyrr en 9. marz, sem á ný var komið til íslenzku stj. með ákveðna frásögn af því, hvað þessari samningsgerð liði. Þá var sagt, að hún væri svo langt komin, að nú mætti telja tímabært að hefja þær umræður um einstök atriði samningsins, sem ég hafði látið uppi í orðsendingu okkar 12. jan., að ég teldi nauðsynlegar, áður en Íslendingar gætu tekið afstöðu til málsins. En í þeirri orðsendingu, sem mér var afhent 9. marz, var látið uppi, að æskilegt væri, að viðtöl gætu átt sér stað milli fulltrúa Bandaríkjastjórnar og fulltrúa íslenzku ríkisstj.

Þetta varð til þess, að ég gerði um það tillögu í ríkisstj. og til stuðningsflokka stj., að ég ásamt tveimur öðrum ráðherrum, einum frá hverjum flokki, færi vestur um haf, til þess að við gætum kynnt okkur málið til hlítar. Þetta var samþykkt af réttum aðilum, og fórum við síðan í þessa rannsóknarför.

Í Washington ræddum við ýtarlega hlut Íslands í þessum samtökum, ef til kæmi, og skýrðum rækilega sérstöðu landsins. Við tókum fram, að Ísland hvorki hefði né gæti haft eigin her og mundi þess vegna hvorki geta né vilja fara með hernað gegn nokkurri þjóð, jafnvel þótt á þá yrði ráðizt. Ekki kæmi heldur til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né yrðu þar leyfðar erlendar herstöðvar.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Dean Acheson, tók berum orðum fram, að ríki, sem aldrei hefði haft her, mundi ekki þurfa að mynda hann skv. samningnum. Hann sagði og, að ljóst væri, að ekki kæmi til mála, að neitt samningsríki óskaði að hafa her í öðru þátttökuríki á friðartímum eða herstöðvar. Enn fremur lýsti hann yfir því, að ótvírætt væri, að hver aðili mundi endanlega ákveða sjálfur, hvaða ráðstafanir hann vildi gera, ef vopnuð árás væri gerð á einhvern þeirra, og yrðu slíkar ákvarðanir auðvitað að vera gerðar í góðri trú. Loks var um þetta atriði afdráttarlaust tekið fram af fulltrúum Bandaríkjamanna, að hernaðaraðgerðir mundu ekki koma til greina af hálfu ríkis, sem engan her hefði, enda hefði hvert ríki um sig og fullnaðarákvörðunarrétt um það, hvenær það teldi þörf aðgerða, skv. 5. gr. samningsins.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði, að hann vildi taka skýrt fram, að Bandaríkjastjórn mundi ekki reyna að hafa nein áhrif á íslenzku ríkisstj. varðandi þátttöku í samningnum, og væri það mál, sem Íslendingar sjálfir yrðu algerlega að ákveða. Á hitt lagði hann áherzlu, að ef Íslendingar tækju þátt í bandalagi þessu, sýndu þeir þar með, á sama veg og aðrir samningsaðilar, að þeir vildu ekki, að land þeirra yrði til afnota fyrir árásarþjóð.

Í viðræðunum kom glögglega fram það, sem þegar er vitað og síðasta styrjöld sýndi, að Ísland hefur mikla hernaðarlega þýðingu og getur því ekki búizt við að haldast utan við meiri háttar hernaðarátök, ef svo illa fer, að til þeirra komi. Því var lýst, að stofnendur bandalagsins teldu, að með stofnun þess mundi hættan á ófriði og árás á hvert ríki um sig stórlega minnka og líkurnar fyrir því, að hægt væri að standa gegn árás, vaxa, þar sem m. a. væri hægt að hafa samráð og samvinnu um varnir landanna, ef til kæmi.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna lagði á það megináherzlu, að samtök þessi væru gerð til eflingar heimsfriðnum, til að draga úr árásarhættu og ættu að öllu leyti að starfa í samræmi við tilgang og reglur Sameinuðu þjóðanna.

Í lok viðræðnanna var því lýst yfir af hálfu Bandaríkjamanna:

1. Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði og að það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs, hvenær sú aðstaða yrði látin í té.

2. Að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.

3. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.

4. Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrði á Íslandi á friðartímum.

Í þessari frásögn koma fram höfuðniðurstöður viðræðnanna vestra.

Um einstakar greinar samningsins vil ég segja þetta:

Er þá fyrst 3. gr. sem hljóðar svo:

„Í því skyni að ná betur markmiðum samnings þessa, munu aðilar, hver um sig og í sameiningu, með stöðugum og virkum eigin átökum og gagnkvæmri aðstoð, varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra í senn til þess að standast vopnaða árás.“

Menn eru að tala um það hér, að samkvæmt þessari grein væri hægt að skylda okkur til þess gegn vilja okkar að hafa erlendar herstöðvar, erlendan her og jafnvel að vígbúast sjálfir. Því er haldið fram, að aðrir gætu skipað okkur að gera þetta samkvæmt þessari grein.

Nú er þessi grein auðvitað ekki samin með okkur fyrir augum. Hún er samin með allt annað fyrir augum. Hún er fyrst og fremst samin með það fyrir augum, að samkvæmt henni eiga Bandaríkin að láta öðrum þjóðum í té vopn og aðra aðstoð. Aðrar þjóðir eru, þótt okkur finnist það e. t. v. undarlegt, sem sagt í þeirri aðstöðu, að þær vilja verja sig sjálfar og treysta sér til þess að vissu marki með aðstoð annars staðar frá. Í 3. gr. er gert ráð fyrir því, að slík aðstoð væri veitt.

En gætuð þið hugsað ykkur, að Bandaríkin mundu ganga inn á fyrirmæli, sem gerði það að verkum, að meiri hluti þeirra átta til tólf ríkja, sem verða aðilar samningsins, gæti skyldað Bandaríkin til þess að láta í té eins mikla aðstoð og þessum ríkjum sýnist? Haldið þið ekki, að Bandaríkin sjálf hljóti að áskilja sér að hafa úrslitaráðin um það, hversu mikið þau láta af hendi? Þessu þarf ekki að svara, það liggur svo í augum uppi.

Bandaríkin mundu aldrei samþykkja það, að Ísland, Luxembourg, Noregur, Danmörk, Holland og Belgía gætu með meiri hluta samþykkt ákveðið, að Bandaríkin ættu að láta þessum ríkjum í té allt það, sem þau sjálf óska. Að halda slíku fram, er svo mikil fjarstæða, að það þarf ekki að eyða orðum að henni.

En ef það stæðist, sem andstæðingar þessa samnings halda fram hér á landi, að við verðum skyldaðir til þess með meiri hluta atkvæða að láta í té frá okkur — án okkar vilja — eitthvað skv. þessari grein, þá verður á sama hátt að viðurkenna hliðstæða skyldu hjá Bandaríkjunum. Og meira vald til handa smáþjóð en þeim hefði verið fengið með slíku ákvæði, hefðu menn aldrei getað hugsað sér — enda hafa þeir aldrei hugsað sér neitt því líkt, vegna þess, að jafnvel þótt litið sé á þriðju greinina eina, þá er það greinilegt, að þegar gætt er venjulegra lagaskýringa og þess, að samningurinn er gerður milli fullvalda ríkja, — að hvert ríki hefur úrslita ákvörðunarvald um það, sem það lætur í té samkvæmt henni.

En til viðbótar kemur svo 9. gr. Þar segir um samstarf aðilanna — og það samstarf er ekki frekar skuldbindandi —, en þar segir:

„Með samningi þessum setja aðilar á stofn ráð, og skal hver þeirra eiga þar sæti, til þess að athuga mál, sem varða framkvæmd samnings þessa. Haga skal svo skipun ráðsins, að það geti komið til funda tafarlaust hvenær sem er. Ráðið skal setja á stofn þær undirnefndir, sem nauðsynlegar kunna að þykja; fyrst og fremst skal það stofnsetja þegar í stað varnarnefnd, er geri tillögur um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. gr.“

Samkvæmt þessu á framkvæmd samningsins að vera hjá þessu ráði, en það hefur ekki rétt til að ákveða mál, sem snerta framkvæmd samnings þessa, heldur einungis til þess að athuga mál, sem snerta framkvæmd þess.

Varnarnefndin á heldur ekki að gera ákvarðanir um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. gr., heldur aðeins tillögur um ráðstafanir til framkvæmdar 3. og 5. gr.

Þarna segir berum orðum, að þessi samkoma má eingöngu gera tillögur, — og til hverra gerir hún tillögurnar? Til hinna einstöku ríkja, sem hvert um sig hefur úrslitaráðin varðandi það efni, sem það ríki snertir eða á að láta í té.

Til viðbótar þessu, sem er alveg ótvírætt, þá spurðum við ýtarlega um þetta, og af hálfu bandalagsríkjanna var því lýst yfir og lögð áherzla á, að samkv. þessari grein væri fyrst og fremst um siðferðilega yfirlýsingu að ræða, þess efnis, að ríkin vildu standa saman, en jafnframt væri gengið út frá því, að hver aðili gerði það, sem hann gæti, eftir því sem sanngjarnt mætti teljast. Ef hins vegar væri neitað um aðstoð, gætu hin ríkin ekkert gert við því frá lagalegu sjónarmiði, og væri t. d. ljóst, að ekki væri hægt að bera málið undir dómstól, og í því sambandi var svo sérstaklega tekið fram, að það yrði ekki talið sanngjarnt að krefjast þess af Íslendingum, að þeir létu í té her og herstöðvar á friðartímum eða vígbyggjust sjálfir.

3. gr. skýrir sig auðvitað sjálf í augum þeirra manna, sem kunna að skýra samninga. Hún verður enn þá ótvíræðari þegar hún er borin saman við 9. gr., en eftir þau samtöl, sem átt hafa sér stað, og þær ótvíræðu yfirlýsingar, sem við höfum gefið, — og þær ótvíræðu yfirlýsingar, sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna hefur gefið og hans aðstoðarmenn, allir í embættisnafni og nafni allra bandalagsþjóðanna, — þá er það svo ótvírætt sem frekast er unnt, að þess verður aldrei óskað af Íslendingum, að þeir stofni eigin her, að þeir vígbúist, að þeir hafi erlendan her hér á friðartímum eða að þeir hafi erlendar herstöðvar hér á friðartímum.

Þá hefur því verið haldið fram, að við mundum verða skyldugir samkv. 5. gr. til þess að segja öðrum þjóðum stríð á hendur, vegna þess að þar er talað um, að ríkin eigi að gera þær ráðstafanir, sem hvert um sig telur nauðsynlegt, þar á meðal beiting vopnavalds. Nú er svo um 5. gr., sem verður að skýra á sama veg með hliðsjón af 9. gr., eins og ég gat um 3. gr. áðan, að þar er enn þá skýlausara kveðið að orði um, að það er hvert ríki um sig, sem þetta ákveður, þannig að það kemur ekki til greina, að Íslendingar þurfi að beita vopnavaldi, nema þeir

sjálfir ákveði. Þar sem við höfum tilkynnt og göngum inn í bandalagið á þeirri forsendu, að við höfum engan her og ekkert vopnavald, þá kemur ekki til greina, að þess verði krafizt af okkur. Enda var því berum orðum, samkv. okkar fyrirspurn, lýst yfir, að samningurinn taki aðeins til hernaðaraðgerða, ef atvik séu slík, að til þeirra geti komið. T. d. mundu þær ekki koma til greina af hálfu ríkis, sem engan her hefði. Þetta er ótvírætt og liggur þar að auki í eðli málsins sjálfs, svo að ekki þarf að óttast, að nokkur geti gegn okkar vilja skyldað okkur til þess að taka þátt í beinum hernaðaraðgerðum, enda kom það glögglega fram í umræðunum, að menn hugsuðu sér, að staða Íslands yrði svipuð því, sem var í síðustu styrjöld, þegar Íslendingar, með samþykki eftir að herverndarsáttmálinn var gerður, létu landið í té til vissra hernaðar- eða varnarráðstafana, en fóru þó aldrei sjálfir í ófriðinn.

Það kom einnig glögglega fram í umræðunum, að það væri algerlega undir mati hvers einstaks ríkis sjálfs komið, hvort það færi í ófrið eða ekki. Ófriðaryfirlýsing af hálfu ríkis, sem engan her hefur, er fráleit, þó að kommúnistar vildu vorið 1945 láta okkur fara í ófrið, eftir að aðrir voru búnir að leggja Þjóðverja að velli. En hugmyndin að því dirfskubragði var komin frá Sovéthöfðingjunum austur í Moskva, og var þess vegna ekki furða, þó að kommúnistar féllust á það.

Sjálfur samningurinn og allar skýringar á honum sýna, að það verður fullt tillit tekið til sérstöðu Íslands.

Þau samtök, sem nú er stofnað til, eru einmitt þau frjálsu samtök lýðræðisþjóðanna, sem allir Íslendingar utan kommúnistaflokksins fram að þessu hafa sagzt þrá, bæði til þess að sýna hvorum megin við stæðum í baráttunni fyrir frelsi og mannréttindum og til að auka öryggi Íslands.

Auðvitað eru sumir, sem segja, að okkur komi barátta annarra ekkert við. Okkur sé nóg að hugsa um sjálfa okkur. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma. En hver er sá Íslendingur utan kommúnistaflokksins, sem óskar þess, að öfl einræðis, kúgunar og miðaldamyrkurs verði ráðandi í heiminum? Ef svo hryllilega færi, yrði lítið úr íslenzkum anda, úr allri arfleifð Íslendinga, jafnvel úr tilveru sjálfrar þjóðarinnar. Það er hægt að tortíma menningu og lífi íslenzku þjóðarinnar ekki síður en menningu og lífi baltnesku þjóðanna og annarra þeirra, sem búa fyrir austan járntjald. Íslendingar eiga jafnt og aðrar þjóðir allt undir því, að öfl frelsis, menningar, framfara og friðar verði ofan á í heiminum. Og vissulega eru líkurnar fyrir varanlegum friði auknar með samningsgerð þessari. Sá er einmitt aðaltilgangur hennar. Ef slík öflug samtök lýðræðisþjóðanna megna ekki að halda uppi friði, mun það ekki auðið með öðru móti. Á mætti þessara samtaka hvílir nú friðarvon mannkynsins.

En ef svo illa færi, að ófriður brytist út, af því að árásarríki gæti eigi hamið sjálft sig, þá veitir þátttaka Íslands í þessum samningi Íslendingum þá miklu tryggingu, sem er sú bezta, er við getum kosið, að árás á Ísland mundi verða skoðuð sem árás á önnur þátttökuríki.

Sumir segja, að svo mundi verða gert, þótt við værum ekki aðilar samningsins. Um það veit ég ekki. Hitt veit ég, að hver sá, sem á þetta treystir, en þorir ekki að verða aðili slíks samnings, hann er ekki hjálpar verður. Liggur og í augum uppi hið aukna öryggi, sem í því er fólgið, að árásarríki viti fyrir fram og geti ekki afsakað sig með fávizku sinni um, hverjar afleiðingar árás á Ísland mundi hafa.

Er og augljóst, að á því er allur munur, hvort Íslandi er komið til hjálpar eftir fyrir fram gerðu samkomulagi og ráðagerðum, sem Íslendingar eru sjálfir aðilar að og gerður er með þeirra hagsmuni fyrir augum, eða hvort barizt verður um landið án tillits til hagsmuna landsmanna.

Það er einmitt það, sem vakir fyrir kommúnistum. Þeir vita jafnvel og aðrir um hernaðarþýðingu Íslands, engir hafa á stundum prédikað hærra um hana en einmitt þeir. Ætlun þeirra er sú, að Ísland liggi opið og óvarið, án nokkurra öryggistrygginga og án nokkurs samkomulags um aðstoð okkur til handa. Með þessu telja þeir, að eina vonin skapist til þess, að árásarríki geti orðið á undan til að hrifsa Ísland. Þá mundi Íslandi verða beitt sem skammbyssu gegn lýðræðisríkjunum eða rýtingi, sem reka ætti í bak þeirra.

Þetta er hugsjón kommúnista. Í þessu skyni er flokksstarfi þeirra haldið uppi hér á landi með ærnum kostnaði fyrir erlent ríki.

Þá mundi vissulega verða barizt um Ísland, þá mundi rætast hið prestlega heitorð um, að helmingur landsfólksins muni láta lífið.

En hverjir aðrir en kommúnistar vilja, að þetta verði hlutskipti Íslands og þessi verði örlög Íslendinga?

Þeir eru áreiðanlega fáir og mun fara fækkandi með hverjum degi sem líður.

Meginþorri Íslendinga er staðráðinn í að taka þátt í þessum frjálsu samtökum frjálsra þjóða. Með því auka þeir öryggi landsins, styðja að vaxandi velmegun og frelsi og umfram allt gera sitt til, að friður megi haldast í heiminum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ýkja langt síðan utanríkismál fóru að verða ofarlega á baugi meðal Íslendinga. En nú er öldin önnur. Til þess liggja ýmsar ástæður, sem of langt yrði hér að rekja, en höfuðástæðurnar eru þær, að einangrun Íslands hefur verið rofin með bættum samgöngum, þjóðirnar aukið mjög samstarf sitt eftir styrjöldina og Íslendingar með réttu talið það sína skyldu sem sjálfstæðrar, fullvalda þjóðar að taka þátt í því starfi.

Fram að síðustu styrjöld voru öryggismál Íslands ekki talin neitt vandamál. Menn reiknuðu með því, eða að minnsta kosti vonuðust eftir því, að fjarlægð landsins frá öðrum löndum yrði til þess enn, svo sem verið hafði um aldir, að Ísland gæti orðið ósnortið og sloppið við átroðning styrjaldarþjóðanna. En þessu var ekki til að dreifa. Þótt Íslendingar vildu ekki hafa og hefðu ekki nein afskipti af styrjöldinni, þá fór svo, að Ísland var hernumið rétt eftir eða nær því um leið og styrjöldin breiddist út til Norðurlanda, og ári síðar var gerður samningur við

Bandaríkin um að taka að sér vernd landsins á meðan á styrjöldinni stæði.

Síðan menn öðluðust þessa reynslu, hafa öryggismálin verið eitt þýðingarmesta umhugsunarefni manna á Íslandi og þá ekki síður vegna þess, að enn minnka fjarlægðir landa og þjóða milli vegna aukinnar samgöngutækni. Tvennt ætti flestum að vera ljóst orðið. Í fyrsta lagi, að engar skynsamlegar líkur eru til þess, að Ísland geti orðið ósnert, ef til höfuðstyrjaldarátaka kemur á ný í heiminum. Í öðru lagi, að vegna legu landsins, menningartengsla, skyldleika í stjórnarfari og hugsunarhætti er rétta leiðin og eina færa leiðin fyrir Íslendinga sú að hafa samvinnu við nálæg lýðræðisríki um þessi málefni. Þetta vilja auðvitað ekki þeir viðurkenna, sem það hafa helzt að áhugamáli, að íslenzka þjóðin geti orðið þeirrar sælu aðnjótandi, sem orðið hefur hlutskipti Pólverja og Tékka, svo að dæmi séu nefnd. En eigum við að taka nokkurt tillit til þeirra? Hitt er svo annað mál, að þótt menn viðurkenni þessa meginreglu, þá er eftir að gera sér grein fyrir, í hverju samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir um þessi mál á og má vera fólgin.

Framsfl. hefur hvað eftir annað tekið þessi málefni fyrir til meðferðar og ályktunar. Á aðalfundi miðstjórnarinnar 1946, sem haldinn var fyrir kosningarnar, var gerð ályktun, byggð á þessari meginstefnu, sem nú var lýst. Aðalefni hennar var, að rétt væri fyrir Íslendinga að hafa sérstakt samstarf við Norðurlandaþjóðirnar og þjóðir Engilsaxa um öryggismál landsins, en á þann hátt, að ekki dveldi erlendur her í landinu. Hér kom strax fram sú stefna, sem Framsfl. hefur staðið á og mun standa á, að samvinna um öryggismálin við aðrar þjóðir verði að byggjast á því, að ekki sé erlendur her í landinu á friðartímum né erlendar herstöðvar, Íslendingar geti ekki og megi ekki leyfa slíkt, ef það sé gert, þá verði ekki mögulegt að finna nein eðlileg takmörk til þess að standa á.

Um tíma gerðu menn sér vonir um, að samtök Sameinuðu þjóðanna mundu létta af áhyggjum í þessu efni, samvinna þjóðanna mundi batna eftir styrjöldina og ákvæði sáttmála sameinuðu þjóðanna um öryggi gegn árásum mundu reynast það þýðingarmikil, að frekari ráðstafana yrði ekki þörf. En þetta hefur mjög farið á aðra lund, sem kunnugt er. Heiftúðugar deilur milli þjóða hafa staðið sífellt undanfarin ár, og samstarf Sameinuðu þjóðanna í öryggismálum ekkert orðið.

Svo hörmulegt er ástandið orðið í þessum málum, að lýðræðisþjóðirnar í Evrópu, sem ekkert þrá heitar en að mega lifa í friði eftir þær hörmungar, sem þær hafa þolað, hafa neyðzt til þess að gera samtök sín á milli til verndar gegn ofbeldi. Fyrst var stofnað varnarbandalag Vestur-Evrópu af Benelux-löndunum, Bretum og Frökkum, og síðan hafa þessi lönd undanfarna mánuði leitað samstarfs við Bandaríkin um að gera allvíðtækt varnarbandalag, sem gæti veitt það öryggi, sem Sameinuðu þjóðunum var ætlað að veita, varnarbandalag, sem byggt væri algerlega innan þess ramma, sem lagður var með stofnun Sameinuðu þjóðanna, og í samræmi við stofnlög þeirra og ætlað að starfa eingöngu á meðan ekki væri hægt að framkvæma öryggisákvæði Sameinuðu þjóðanna.

Það var fljótlega ljóst, eftir að farið var að vinna að stofnun þessa nýja varnarbandalags, að Íslendingar urðu að gera það upp við sig, hvort þeir ætluðu að verða þátttakendur eða ekki, þeim mundi vegna legu landsins og allrar aðstöðu verða boðið að taka þátt í samtökum þessum. Hafa orðið miklar umræður um þau mál hér á landi nú um nokkurra mánaða skeið.

Framsóknarmenn minntu fljótlega á þá stefnu, sem þeir höfðu markað í þessum málum 1946 og áður er rakin, og undirstrikuðu, að þeir teldu, að hafa bæri samvinnu um öryggismálin við nálæg lýðræðisríki, en það yrði að byggja á því, að ekki væri leyft að hafa í landinu erlendan her eða erlendar herstöðvar á friðartímum, og væri áríðandi að marka þá stefnu glöggt og hvika ekki í því efni.

Aðalfundur miðstjórnar Framsfl. kom saman í febr. s. l., og var þar þessi stefna mótuð nokkru nánar, með sérstöku tilliti til þess, að fyrir dyrum stóð að ákveða, hvort Ísland ætti að gerast þátttakandi í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna. Ályktunin er á þessa leið:

„Framsfl. telur, að Íslendingum beri að kappkosta góða samvinnu við allar þjóðir, er þeir eiga skipti við, og þó einkum norrænar þjóðir og engilsaxneskar vegna nábýlis, menningartengsla og líkra stjórnarhátta.

Flokkurinn telur, að Íslendingum beri að sýna fullan samhug sérhverjum samtökum þjóða, er stuðla að verndun friðar og eflingu lýðræðis, en vinna gegn yfirgangi og ofbeldi.

Hins vegar ályktar flokkurinn að lýsa yfir því, að hann telur Íslendinga af augljósum ástæðum eigi geta bundizt í slík samtök, nema tryggt sé, að þeir þurfi ekki að hafa hér her né leyfa neins konar hernaðarlegar bækistöðvar erlendra þjóða í landi sínu né landhelgi, nema ráðizt hafi verið á landið eða árás á það yfirvofandi.

Á þessum grundvelli og að þessu tilskildu telur flokkurinn eðlilegt, að Íslendingar hafi samvinnu við önnur lýðræðisríki um sameiginleg öryggismál."

Höfuðatriði þessarar ályktunar eru þau, að Íslendingum beri að hafa samvinnu við önnur lýðræðisríki um sameiginleg öryggismál, en jafnframt undirstrikað, að Íslendingar geti ekki bundizt í samtök um þessi efni, nema tryggt sé, að þeir þurfi ekki að hafa hér her né neins konar hernaðarbækistöðvar erlendra þjóða, nema ráðizt hafi verið á landið eða árás á það yfirvofandi.

Framsóknarmenn hafa reynt að nota tímann frá því, að umræður hófust um varnarbandalagið, og þangað til nú, að svara ber boði annarra þjóða um þátttöku í því, til þess að rótfesta þá skoðun, að ekki kæmi til mála, að Íslendingar hefðu her eða gætu leyft, að erlendur her eða herstöðvar væru í landinu á friðartímum, en jafnframt bæri að hafa samvinnu við nágrannana um öryggismálin og hlyti ákvörðun um þátttöku í bandalaginu að fara eftir því, hvort þátttaka samrýmdist þessari stefnu.

Nú er að því komið, að Íslendingar verði að svara því boði, sem borizt hefur. Þarf þá að

svara þeirri spurningu, hvort bandalagið sé þannig upp byggt og því það hlutverk ætlað, að eðlilegt sé fyrir Íslendinga að vera þátttakendur.

Ég minntist á það áðan, að tæpast gæti nokkrum manni dottið í hug, að Ísland fengi að vera ósnert, ef til stórstyrjaldar drægi á ný. Enginn okkar getur að vísu séð fyrir, hvað þá muni gerast, en fyrir fram er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en því, að hildarleikurinn mundi berast að einhverju leyti til Íslands, og veit þá enginn, *hvílík ógnaröld af því gæti stafað.* Það er því alveg áreiðanlegt, að vonir Íslendinga um að fá að lifa óáreittir í friði við sitt eru bundnar við það fyrst og fremst, að ekki komi til styrjaldar.

Eins og nú er ástatt í heiminum, er ekki annað sjáanlegt en að friðarvonirnar séu fyrst og fremst tengdar við samstarf lýðræðisþjóðanna gegn árásum — fyrst og fremst tengdar við það, að lýðræðisþjóðirnar þoki sér saman og myndi með sér svo sterk samtök, að árásarveldi, sem rekur útþenslu- og yfirdrottnunarpólitík, treysti sér ekki til þess að ráðast á þau; að árásarríki sé gert fullljóst fyrir fram, að það er ekki hægt að taka eitt og eitt ríki fyrir í einu og innlima þau, eins og þýzku nazistarnir gerðu fyrir síðustu styrjöld. Vonin um frið byggizt ekki sízt á því, að hin nýju *varnarsamtök geti komið vitinu fyrir þá,* sem hafa gert samstarf Sameinuðu þjóðanna óframkvæmanlegt, og orðið til þess, að þeir breyti um stefnu. Aðeins bandóðum útsendurum hins alþjóðlega kommúnisma dettur í hug að bera sér í munn, að varnarbandalagið sé stofnað með árás í huga. Hvaða heilvita maður leggur trúnað á það, að Norðmenn, Danir, Hollendingar, Luxemborgarmenn, Belgir og Frakkar stefni að árásarstyrjöld í Evrópu — svo að maður nú ekki nefni Breta og Bandaríkjamenn?

Sannleikurinn er sá, að vonir okkar Íslendinga um, að við fáum að lifa í friði í fyrirsjáanlegri framtíð, eru bundnar við það, að þetta varnarbandalag komist á fót og það nái þeim tilgangi sínum að koma í veg fyrir stríð og bæta sambúð allra þjóða með því að koma viti fyrir þá, sem ekki hafa enn skilið það, að lýðræðisríkin eru ráðin í því að láta ekki kúga sig.

Ef til vill eiga engir meira undir því en Íslendingar, að þetta takist. Þeim ber því allra sízt að sýna þessum samtökum tómlæti, andúð eða óeðlilega tortryggni, þótt hitt sé höfuðatriði, að setja glögg takmörk fyrir því, sem Íslendingar geta lagt til slíkrar samvinnu. Það er augljóst, að hér er tækifæri fyrir Íslendinga til þess að eiga samvinnu við aðrar lýðræðisþjóðir um sameiginleg öryggismál. Spurningin er þá, hvort nokkurs þess sé krafizt af Íslendingum í sáttmála bandalagsins, sem þeir ekki geti undir gengizt, þannig að þeir verði að hafa ástæðu til að hafna þessu tilboði um samvinnu í bandalaginu.

Íslendingar hafa algerlega sérstöðu meðal þjóðanna að því leyti til, að þeir hafa engan her og ætla sér ekki að stofna her og ekki að taka þátt í hernaði. Auk þess eiga þeir það sammerkt með ýmsum öðrum þjóðum, að þeir vilja ekki leyfa setu erlends hers í landi sínu á friðartímum og ekki erlendar herstöðvar.

Nú liggur þessi samningur fyrir, og ber hann það greinilega með sér, að hann skuldbindur ekki Íslendinga til þess að gera neitt af því, sem þeir ekki vilja gera og hafa glöggan fyrirvara um. Samningurinn er blátt áfram byggður á því, að hver þjóð um sig leggur það fram til sameiginlegra öryggismála, sem hún sjálf telur sér fært. Samningurinn er byggður á frjálsu samstarfi, án þess að nokkur verði úrskurðaður til þess að gera nokkuð það, sem hann ekki telur sér fært. Samningurinn ber þetta sjálfur með sér, og þarf því í rauninni ekki frekari vitna við. En auk þessa hafa farið fram ýtarlegar viðræður við Bandaríkjastjórn um efni samningsins af hendi Íslands. En Bandaríkjastjórn átti slíkar viðræður við ýmsar þjóðir í umboði hinna ríkjanna, sem beita sér fyrir stofnun bandalagsins. Í þeim viðræðum var þessi sérstaða Íslands ýtarlega *skýrð og greinilega fram tekið,* hvað Ísland aldrei mundi gera.

Í þessum viðræðum kom greinilega fram af hendi Bandaríkjastjórnar m. a. þetta:

1. Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs hvenær sú aðstaða yrði látin í té.
2. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætladi ekki að stofna her.
3. Að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herseta yrði á Íslandi á friðartímum.
4. Að allir bandalagsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.

Bandalagið er byggt á þeirri hugsun, að ríkin vilji hafa samvinnu um sameiginleg öryggismál, *án þess að nokkur sé þvingaður, og* þau aðhafist það eitt, sem hvert þeirra um sig telur sér fært að eigin dómi.

Margir hinna reyndustu manna telja, að hefði slíkt bandalag verið stofnað gegn yfirgangi nazista fyrir síðustu heimsstyrjöld, hefði aldrei til hennar komið.

Aukið öryggi gegn árásum fyrir þá, sem taka þátt í bandalaginu, er vitanlega fyrst og fremst fólgið í þeirri vitneskju, að bandalagsþjóðirnar líta á árásir á hvert ríki um sig sem árásir á sig, sem upphaf að stórfelldum átökum. Enn fremur er styrkur fólginn í sameiginlegum ráðagerðum um það, hvað til bragðs skuli taka, ef árásir eru gerðar, og um það, hvernig hægt sé að snúast til varnar, ef til slíks kemur.

Það er nú augljóst orðið, að ekki aðeins Beneluxlöndin, Bretar og Bandaríkjamenn verða stofnendur að þessu bandalagi, heldur einnig Noregur og Danmörk. Meðal stofnenda í þessu varnarbandalagi verða því öll þau ríki, sem eðlilegast er fyrir Ísland að hafa nánast samstarf við, bæði um þessi málefni og önnur. Íslandi liggur mitt á meðal þessara ríkja og lega landsins *er þannig, að það hefur þýðingu,* ekki aðeins fyrir Ísland sjálft, heldur einnig fyrir nágrannana, hvaða afstöðu það tekur í málum eins og því, sem nú er til meðferðar. Ef Íslendingar vildu ekki taka þátt í þessu samstarfi, er hætt við, að lýðræðisþjóðunum, sem næst okkur liggja, gengi ekki sem bezt að skilja þá afstöðu, þar sem Íslendingar gætu þá ekki haldið því fram með rökum, að með þátttöku í bandalaginu

væru þeim lagðar skyldur á herðar, sem þeir ekki gætu uppfyllt.

Legu Íslands á hnettinum verður ekki breytt. Það er því hinn mesti misskilningur að ímynda sér, að Íslendingar geti í raun og veru einangrað sig, þó að þeir færu ekki í varnarbandalagið, og gætu komizt hjá því að tala við önnur lönd um sameiginleg öryggismál.

Ýmsir segja, að hættan á því, að farið verði fram á það við Ísland, að það geri ráðstafanir í öryggismálum, sem séu hættulegar fyrir þjóðerni og sjálfstæði landsins, vaxi, ef það tekur upp nánara samstarf um þessi mál við nágrannaþjóðirnar en verið hefur og fer í bandalagið. En ég er alveg sannfærður um, að þetta er byggt á algerðum misskilningi. Öll skynsamleg rök mæla með því gagnstæða. Áhugi hinna þjóðanna fyrir því, hvað Ísland gerir, verður ekki minni, ef það gerir tilraun til þess að einangra sig, heldur hlýtur hann að verða meiri og aðstaða Íslendinga erfiðari til þess að koma inn réttum skilningi einmitt þessara þjóða á því, hvað Ísland getur og vill gera í þessum málum.

Sú hætta, að aðstaða Íslands í þeim sé miskilin, minnkar en vex ekki, ef farið er í bandalagið og rétt haldið á málum, ekki sízt þegar jafngreinilega hefur verið tekið fram af Íslands hendi og gert hefur verið, hvað það er, sem Ísland ekki getur gert og ekki vill gera, og það einmitt áður en og um leið og það byrjar að starfa með hinum þjóðunum að þessum málum. En slíkt er nauðsynlegt að gera og var nauðsynlegt að gera fyrir fram, þótt ekki sé um skuldbindingar að ræða.

Það er höfuðatriðið að vera hreinskilinn í byrjun og láta greinilega vita, til hvers ekki er hægt að ætlast. Sá fyrirvari er þá einnig nægilegur af Íslands hendi að láta greinilega vita, hvað það ekki getur gert. Fyrirvari í sáttmálanum hefði hins vegar verið nauðsynlegur, ef sáttmálinn hefði verið þannig, að hægt væri samkvæmt honum að skylda Ísland til þess að gera nokkuð það, sem Íslendingar sjálfir ekki telja eðlilegt.

Ef Íslendingar draga sig nú inn í skelina og vilja ekki hafa samstarf við nágrannaþjóðir sínar á þeim grundvelli, sem fyrir liggur, hlyti það að valda tortryggni um hina raunverulegu afstöðu þjóðarinnar og auknum erfiðleikum einmitt í sambandi við meðferð hinna vandasömu öryggismála. Auk þess væri ekki hægt að skilja þá afstöðu öðruvísi en svo, þegar ekki eru til fyrirstöðu óeðlilegar skuldbindingar, sem hægt er að benda á, en að Íslendingar væru beinlínis hikandi í því, hvort þeir ætla að hafa nokkra sérstaka samvinnu við lýðræðisþjóðirnar, nágranna sína. Slík afstaða væri blátt áfram að gefa undir fótinn þeim, sem sízt skyldi, og hlyti að vekja þá hugsun, að hér væri þjóð á mikilsverðum stað, sem ekki væri ástæðulaust að veita aukna athygli og ekki væri vonlaust að eyða á auknu púðri með árangri, bæði með auknum áróðri, auknum rekstrarkostnaði til fimmtu herdeildar og öðrum slíkum aðferðum, sem alþekktar eru.

Ef Íslendingar hikuðu við að taka upp samvinnu á frjálsum grundvelli við nágranna sína, þá mundi það einnig óspart verða notað af andstæðingum lýðræðisríkjanna og þeim fengin vopn í hönd. Auðvitað vildu hinir friðsömu Íslendingar ekki vera með, yrði sagt, og sannaði það bezt, að hér væri um árásar- en ekki varnarbandalag að ræða. Enn fremur sýndi það, að bandalagið væri byggt á yfirgangi í garð smáþjóðanna, þannig að hinir smæstu treystu sér ekki til þess að vera með o. s. frv., o. s. frv.

Öllu þessu hefði verið hægt að víkja til hliðar og hefði verið sjálfsagt að víkja til hliðar, ef einhverra þeirra skuldbindinga væri krafizt í sáttmálanum, sem Íslendingar gætu ekki undir gengizt, hefði t. d. verið farið fram á hersetu á friðartímum eða erlendar herstöðvar. Þá hefðu lýðræðisþjóðirnar orðið að skilja, að Ísland gat ekki verið með, þótt það vildi samvinnu við þær. Engu slíku er til að dreifa.

Eins og sáttmálinn er, þá er sjálfsagt fyrir Íslendinga að taka hiklaust afstöðu og taka boðinu um að gerast stofnaðili að bandalaginu. Ég get ekki séð, hvernig hægt væri að segjast vilja samstarf um sameiginleg öryggismál við önnur lýðræðisríki og þá alveg sérstaklega við Norðurlönd og engilsaxnesku ríkin, eins og meginþorri Íslendinga vill aðhyllast og hefur yfir lýst, og skorast síðan undan því að taka þátt í varnarbandalagi eins og því, sem hér á að stofna.

Í þessu sambandi vil ég minnast á þjóðaratkvæðagreiðslu. Upphaflega mun ýmsum hafa dottið í hug, að eðlilegast mundi vera að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, en það var tvímælalaust miðað við það, að þeir hinir sömu gerðu þá ráð fyrir, að bandalagssáttmálinn hlyti að verða öðruvísi og meira skuldbindandi en hann er nú. Nú er þessu öðruvísi varið vegna þess, hvernig sáttmálinn er. Þess vegna mun það nú vera svo, að fáir aðrir en hreinir andstæðingar þess, að gengið sé í bandalagið, munu telja þjóðaratkvæðagreiðslu nauðsynlega eða eðlilega. Ekki hafa Danir eða Norðmenn þjóðaratkvæðagreiðslu um þessi mál, og eru þeir þó með fremstu lýðræðisþjóðum heimsins, og því síður Bretar. Mun óþekkt fyrirbrigði, að í þessum löndum hafi nokkru sinni verið þjóðaratkvæðagreiðsla um utanríkismál af þessu tagi. Þátttaka í varnarbandalaginu, eins og það liggur fyrir, þýðir í raun og veru aðeins það, að menn vilji samvinnu um sameiginleg öryggismál við bandalagsþjóðirnar án sérstakra skuldbindinga, og það er svo margrætt mál á Íslandi, bæði fyrr og síðar, að það er engin ástæða til þess að fara að stofna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hávetur út af því.

Þá vil ég fara örfáum orðum um Keflavíkursamninginn í sambandi við þetta mál, þó að hann sé mál út af fyrir sig. Það er augljóst, að þátttaka í varnarbandalaginu skuldbindur Ísland alls ekki til þess að láta þann samning gilda lengur en hann sjálfur ákveður, og hafa Íslendingar frjálsar hendur í því máli, þegar endurskoðunarákvæði samningsins geta komið til framkvæmda. Því fer og fjarri, að nokkrar líkur séu til þess, að erfiðara reynist að fá nýjan og hagkvæmari samning um Keflavíkurflugvöllinn, ef þátttaka er ráðin í bandalaginu.

Það er stefna Framsfl. í flugvallarmálinu, eins og kunnugt er, að ekki beri að hafa sams konar

fyrirkomulag á rekstri Keflavíkurflugvallar áfram eins og nú er, heldur beri að semja um rekstur vallarins þannig, að Íslendingar reki hann og stjórni honum, en með fjárhagslegri aðstoð þeirra ríkja, sem mikinn hag hafa af því, að völlurinn sé fullkominn og vel rekinn. Að þessu mun Framsfl. vinna, og ég teldi það vera mikinn ávinning fyrir málið, ef aðrir lýðræðisflokkar þingsins hefðu tekið sams konar afstöðu, enda var áherzla lögð á það af öllum, þegar Keflavíkursamningurinn var gerður, að menn vildu, að Íslendingar gætu tekið að sér rekstur hans.

Undanfarna mánuði hefur verið mikið rætt og ritað um Atlantshafsbandalagið. Ýmsir Íslendingar eru tortryggnir í sambandi við allt, sem að þeim málum lýtur, og óttast óeðlilegan þrýsting og að Ísland gangi of langt í þeim. Þetta hefur nokkuð komið fram í umræðunum undanfarið. Þær umræður hafa verið meingallaðar, og tekur þó út yfir síðustu dagana. Í heild hafa þó umræðurnar fest þann ásetning með þjóðinni að leyfa alls ekki her né erlendar herstöðvar á friðartímum. Ætti það að vera öllum ljóst af því, sem fyrir liggur, að slíkar kvaðir fylgja ekki þátttöku í varnarbandalaginu. Þess ætti þá og að mega vænta, að þeir, sem jafnan hafa gert þetta að höfuðatriði í sambandi við málið, taki nú fullt tillit til þess, sem nú liggur ljóst fyrir öllum, og hagi afstöðu sinni í samræmi við það.

Kommúnistar hamast eins og bandóðir menn gegn öllu samstarfi við lýðræðisríkin um þessi mál og æpa sig hása um landráð og landsölu. Þetta er ekki fyrir það, að þeir séu þeirrar skoðunar, að Ísland eigi að vera hlutlaust og hér eigi ekki að vera her og herstöðvar, heldur er það vegna þess, að þeim er sagt, eins og kommúnistum alls staðar annars staðar á jarðkringlunni, að nota öll meðöl til þess að vinna gegn því, að löndin hafi samvinnu við lýðræðisþjóðirnar, og að þeim beri að vinna að því, að þjóðirnar geti legið sem flatastar fyrir forráðamönnum alþjóðakommúnismans, ef þeir skyldu hefjast handa um frekari aðgerðir til þess að útbreiða kommúnismann. Þessir menn vilja hafa hér her, ef hann væri frá Rússlandi eða leppríkjum Rússlands, og þeir mundu vilja hafa hér herstöðvar sömu þjóðar. Þeir mundu hjálpa erlendu árásarliði, ef það kæmi hingað úr réttri átt, þótt hagkvæmara þyki hér að láta Brynjólf Bjarnason segja annað í bili. Þetta eru menn þeirra Thorez og Togliattis, sem hafa lýst yfir því, að þeir mundu hjálpa rússneskum herjum, ef þeir réðust inn í þeirra lönd.

Kommúnistar eru ósparir á landbráðabrigzlin, og stafar það sjálfsagt af því, hvernig samband þeir hafa við menn í öðrum löndum og halda aðra eins og sig. Landráðabrigzlin eru ekki ný bóla lengur, og það ættu kommúnistar að vita, að allir heiðarlegir menn eru löngu hættir að taka mark á þessum gífuryrðum þeirra og telja þau einvörðungu gefa til kynna, hvernig þeim er sjálfum innan rifja.

Það tekur sig ekki illa út, eða hitt þó heldur, að heyra tal kommúnista um hlutleysi og áróður þeirra á þeim grundvelli gegn því, að Ísland taki þátt í varnarbandalagi lýðræðisþjóðanna. Rétt fyrir stríðið krafðist Einar Olgeirsson þess, að Ísland gerði bandalag við engilsaxnesku þjóðirnar og Rússa gegn Þýzkalandi. Þegar þýzkt herskip kom hér í heimsókn fyrir stríðið, heimtaði hann af stjórninni, að hún gerði ráðstafanir til þess, að hingað kæmu brezk og bandarísk herskip til þess að vernda landið. Rétt á eftir kom svo annað hljóð í strokkinn. Þá sömdu Þjóðverjar við Rússa. Þá var hlutleysisstefnan tekin upp í bili, á meðan nazistarnir flæddu yfir Vestur-Evrópu og ógnuðu Bretlandi — og þá um leið auðvitað Íslandi, af því að Rússar voru þá hlutlausir. Þessi stefna lýsti sér í því, að þá heimtuðu kommúnistar, að verzlunarsamningur væri gerður í stríðsbyrjun við þýzku nazistana. Þá hét stríðið barátta milli tveggja rándýra um bráð. Þá var það glæpsamleg hagnýting vinnuaflsins að vinna að mannvirkjum fyrir brezka herinn á Íslandi. Þá var þess krafizt, að togurunum væri bannað að sigla til Englands, og þá voru það landráð að gera herverndarsamning við Bandaríkin. En þessari stefnu var ekki haldið lengi. Þegar Þjóðverjar réðust á Rússa, þá breyttist allt. Þá varð stríðið að heilagri krossferð gegn nazistum. Þá máttu ekki aðeins íslenzku togararnir sigla til Englands, heldur var það talið hið merkasta framlag í stríðinu að færa Englendingum fisk. Og þegar talað var um, að ekki mættu allt of margir Íslendingar fara í setuliðsvinnu vegna annarra aðkallandi verka, þá sagði Þjóðviljinn, að þeir, sem ömuðust við landvarnarvinnunni á Íslandi, ynnu í þágu Quislings og Hitlers. Þegar nazistar voru síðan komnir á kné í styrjöldinni, þá smjöðruðu kommúnistar og skriðu fyrir bandamönnum og sögðu, að fórnir Íslendinga í baráttunni fyrir frelsi og lýðræði væru þungar á vogarskálum réttlætisins. Þá var ekki lengur á það minnzt, að það hefðu verið landráð að færa Englendingum fisk, þegar þeir stóðu einir á móti nazistum, eða landráð að gera herverndarsamning við Bandaríkin. Þá varð það hlutskipti þessara verkfæra í mannsmynd að hefja það til skýjanna, sem þeir höfðu kallað landráð, og þá um leið að hefja til skýjanna verk þeirra manna, sem þeir höfðu kallað landráðamenn á stríðsárunum, — en þessir menn höfðu þá bjargað þjóðinni með því að hafa að engu tillögur kommúnista, brigzl og dólgslegar hótanir.

En það er ekki allt búið með þessu. Ofan á þetta lögðu svo kommúnistar til, að Íslendingar færu í stríðið, og um það segir Þjóðviljinn: „Þeir (þ. e. sósíalistar) vilja láta viðurkenna, að þjóðin sé raunverulega í stríðinu og hafi háð það og vilji heyja það með hverjum þeim tækjum, sem hún ræður yfir". Þá var ekki verið að tala um hlutleysi. En ástæðan var auðvitað augljós og alltaf sú sama, að Rússar höfðu fengið því framgengt, að til þess að verða stofnendur Sameinuðu þjóðanna urðu menn að segja Þjóðverjum stríð á hendur. Það kemur síðan til viðbótar, að þessir postular hlutleysisins hafa mælt bót og dáðst að innlimun Póllands, árásum á Finnland og ofbeldinu í Tékkóslóvakíu. Það er tæpast hægt að hugsa sér ömurlegra fyrirbæri en það, að fylgismenn Thorez og Togliattes skuli þykjast vera að berjast fyrir hlutleysisstefnu og íslenzkum málstað. Hvernig er svo afstaða komm-

únista í þeim ríkjum, sem liggja upp að Rússlandi? Hvernig er hlutleysisstefnan, sem þeir reka í Póllandi, Tékkóslóvakíu og öðrum nágrannaríkjum Rússlands? Hlutverk þessara manna er að vinna fyrir málstað Rússa í þeim ríkjum, þar sem Rússar hafa ekki alveg tögl og hagldir, með því að koma í veg fyrir samstarf þessara þjóða við aðrar lýðræðisþjóðir og eyðileggja endurreisnarstarfið í þessum löndum. En í leppríkjunum, þar sem Rússar stjórna í gegnum kommúnista, þar er grímán tekin ofan og ekki verið að hafa fyrir því að tala um hlutleysi — allt innlimað þegjandi og hljóðalaust.

Það er ekki hægt að hugsa sér ljótari sögu en þá, sem íslenzkir kommúnistar eiga í utanríkismálum. Hún sannar, að þeir hugsa ekkert um það, hvað Íslandi er fyrir beztu, heldur um það eitt, hvað er í samræmi við vilja kommúnistaflokks Rússlands og valdamanna í alþjóðasamtökum kommúnista. Framkoma þeirra á stríðsárunum sannar þetta, og framkoma þeirra nú sannar þetta einnig, þannig að ekki verður um villzt. Og það er ekki hægt að komast lengra í óskammfeilni en þessir menn gera með því að koma nú enn og ætlast til þess, að þjóðin hafi það að einhverju, sem þeir segja um þessi mál. Hvernig væri komið fyrir íslenzku þjóðinni nú, ef hún hefði hlýtt þeirra forustu, fjandskapazt við Breta og bandamenn á stríðsárunum og gert sig að viðundri með því að fara í stríðið, einangra sig í Vestur-Evrópu eftir stríðið með fjandsamlega afstöðu gegn öllu því, sem lýðræðisþjóðirnar hafa lagt til? Sannleikurinn er líka sá, að með fáránlegri afstöðu sinni í þessu máli hefur kommúnistum tekizt að opna augu margra fyrir því, hvers eðlis flokkur þeirra er, sem betur fer, og mun hann þess gjalda.

Bandalagsmálið liggur nú ljóst fyrir hverjum manni, og er rétt að afgreiða það hreint og hiklaust. Það var orðið vel og vandlega rætt og athugað, þegar það bar formlega að, og því auðveldara að taka afstöðu til þess en ella. Það er þannig vaxið, að um það geta vonandi allir sameinazt, sem vilja sérstakt samstarf við lýðræðisþjóðirnar um öryggismál landsins.

Hinar fólskulegu ofbeldishótanir Brynjólfs Bjarnasonar og fyrirheit hans um tortímingu þeirra, sem meira meta málstað Íslands en þjónustu við húsbændur Brynjólfs Bjarnasonar, munu hér engu ráða.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Þegar ég sá vantrauststillögu þá, sem Sósíalistaflokkur hinnar íslenzku kommúnistadeildar lét útbýta hér í þinginu fyrir nokkrum dögum, datt mér í hug upphaf á gömlu erindi, sem ég lærði einu sinni og hljóðar svo, að mig minnir: „Einar karlinn hinn aumi — út er genginn að slá". Enda hafði hávaðinn í hinni kommúnistisku smiðju, blásturs- og brýnsluhljóðið, verið með meira móti undanfarna daga, og benti til þess, að þeir teldu hinn mikla annatíma uppskerunnar nálgast, þegar sigðin yrði borin út á hinn bylgjandi akur. Og gleðihlakk sáðmannanna yfir ríkulegum ávexti iðju sinnar heyrðist greinilega í gegnum allan hávaðann. Og það var sannarlega ekki svo undarlegt. Þá var ástandið í landinu þannig, að hvert vandamálið hafði flétt-azt inn í annað og virtust hvert um sig og öll í senn ærið torveld úrlausnar.

Í utanríkismálunum var þannig ástatt, að Alþingi og ríkisstj. varð að fara að taka ákvarðanir í viðkvæmasta vandamáli, sem að höndum íslenzka lýðveldisins hefur borið — afstöðu þess til Atlantshafsbandalagsins, — sem nú um sinn hefur verið mál málanna að rægja og afflytja fyrir kommúnista um allan heim.

Í innanlandsmálum var ástandið þannig, svo að tvennt eitt sé nefnt: Dýrustu og stórvirkustu framleiðslutæki þjóðarinnar, togararnir, höfðu legið bundnir við landfestar viku eftir viku sökum deilu á milli sjómannanna og útgerðarmanna um kaup og kjör, sem útgerðarmenn töldu útgerðina ekki geta borið uppi, en sjómenn töldu sig ekki geta misst.

Ástandið í fjármálum ríkisins var þá og er enn þannig, að Alþingi hefur ekki enn tekizt að koma saman fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, þótt langt sé nú liðið á fyrsta fjórðung þess — sökum hinna stórkostlegu útgjaldaþarfa ríkisins, er dýrtíð og verðbólga hefur blásið út.

Það var því ekki að undra, þótt þessir herrar létu það sér til hugar koma, að íslenzka þjóðfélagið væri orðið nægilega veikt og ráðvillt, svo að hér væri tími til kominn að fylgja vel á eftir til að fullkomna öngþveitið og upplausnina, sem alls staðar og ávallt hefur reynzt hinn óhjákvæmilegi undanfari þess, að þeir gætu náð sínu heimsþekkta steinbítstaki á löndum og þjóðum. Og þeir hefðu sannarlega getað talið sig vel að þeim sigri komna, ef hann hefði fallið þeim í skaut, því að að honum hafa þeir starfað með kostgæfni, hér sem annars staðar, alla sína tíð.

Í þessu sambandi skal lauslega minnzt á þau vandamál, sem ég drap á áður, og vil ég nú einkum minnast á utanríkismálin. Hverjir eiga sök á því, að við Íslendingar, eins og aðrar þær þjóðir, sem að Atlantshafssáttmálanum standa, þurfa nú á þessum tíma að eyða orku sinni og tíma til þess að byggja upp þessi samtök með öllum þeim kostnaði, sem af þeim leiðir, og öllum þeim áhyggjum, sem þeim fylgja? Hverjir aðrir en kommúnistar — kommúnistar um allan heim. Það eru þeir og þeir einir, sem með stefnu sinni og baráttuaðferðum bera ábyrgð á öllu því öngþveiti, sem nú ríkir í alþjóðamálum, enda er upplausnarstarfsemin, eins og ég minntist á áður, þar sem annars staðar fyrsti liður í allri þeirra yfirgangs- og útþenslupólitík.

Sinn fyrsta stóra sigur — í rússnesku stjórnarbyltingunni — unnu þeir, er upplausnarástand ríkti í landinu eftir ósigra rússneska keisaradæmisins í heimsstyrjöldinni fyrri. Og sá sigur varð þeim auðveldari fyrir óstjórn þá, er þar hafði ríkt um langt skeið. Skammsýnir og skilningslausir einvaldar og spilling aðals og auðstétta hafði öldum saman legið eins og mara á rússneskri alþýðu og haldið henni í andlegri og líkamlegri ánauð. Og þessi yfirstétt var auk þess orðin nægilega dáðlaus til að geta ekki tryggt yfirráð sín í þjóðfélaginu með þeirri miskunnarlausu hörku, sem slíkt stjórnarfar hefur jafnan byggzt og byggist á. Á þessu hefur rússneski kommúnisminn ekki flaskað, eftir að hann hóf sig upp í hinn auða söðul á fáki rússneska einvaldans, því að þótt kommúnismanum væri

brotin brautin til valdanna með loforðum og slagorðum um alþýðulýðveldi og jafnrétti þegnanna, var hann fljótur, eftir að hann hafði náð völdunum, að söðla um yfir í ríkiskapítalisma og jafnframt ofurveldi eins eða fárra manna, sem töldu sig sjálfkjörna persónugervinga og handhafa hagsmuna, hugsjóna, vilja og valds hins mikla fjölda. Og þar með var hringurinn lokaður frá einu einveldisforminu í annað.

En þrátt fyrir þessa staðreynd heima fyrir hefur áróður kommúnismans í öllum öðrum löndum alltaf verið rekinn á grundvelli alþýðulýðræðis og almannavalds — alltaf þangað til hann hefur náð yfirráðum í einhverju þjóðfélagi — þá er fljótt söðlað um þar á sama hátt.

Fljótlega eftir sigur kommúnismans í Rússlandi var svo farið að undirbúa heimsbyltingu hans með undangraftarstarfsemi í öðrum löndum heims, með því að fá til þeirra starfa sjálfboðaliðssveitir í löndunum sjálfum, eins konar fimmtu herdeildir, sem síðan hafa verið nefndar og frægar urðu í „regimenti nazistanna".

Í löndum þeim, þar sem lýðræðið hafði náð mestum þroska — þar sem almenn velmegun var mest og alþýðumenntun fullkomnust, — átti þessi undangraftarstarfsemi mjög örðugt uppdráttar lengi vel. Hins vegar náði hún þegar allmiklum árangri í sumum þeim þjóðlöndum, er heimsstyrjöldin fyrri hafði leikið verst, og þar sem hin fyrrnefndu mótstöðuskilyrði voru ekki fyrir hendi. Einkum heppnaðist hún vel í Ítalíu og Þýzkalandi, og mátti um eitt skeið vart á milli sjá, hvað yrði þar ofan á. En þar kom svo strik í reikninginn, sem hinir vísu feður kommúnismans ekki höfðu reiknað með. Þeir höfðu þegar kennt andstæðingum sínum of mikið. Og þannig fór í báðum þessum löndum, að upp risu ófyrirleitnir ævintýramenn, sem tóku af kommúnismanum þessa nýju hreyfingu í sínar eigin hendur — fasisminn í Ítalíu og nazisminn í Þýzkalandi. Þeir tóku sjálfir kommúnismans vopn og verjur í sína þjónustu — foringjadýrkunina, hið skefjalausa jesúíta-siðferði í málflutningi og baráttuaðferðum. Þessar aðfengnu dyggðir blönduðu þeir svo hinum heimafengna stórkapítalisma, þjóðarrembingi, og var sköpunarverkið fullkomið, og má kommúnisminn vera stoltur af sínu framlagi og frumkvæði. Og í hinum ægilega, heimssögulega harmleik, sem síðan fór fram í þessum löndum, leikur kommúnisminn enn sitt örlagaríka hlutverk. Um leið og hann verður á yfirborðinu aðalandstæðingur fasismans og nazismans í úrslitabaráttunni heima fyrir, verður hann undir niðri aðalsamherji þeirra og hjálparhella til að berja niður lýðræðisöflin í löndunum og brjóta á bak aftur allt viðnám gegn hinum nýju einveldisstefnum.

Og þetta gera kommúnistarnir ekki óviljandi, heldur vitandi vits. Þannig segir Manuilski, aðalritari kommúnistisku samtakanna, III. Internationale árið 1932: „Með hverjum eigum við samleið? Jafnaðarmönnunum, sem vilja halda uppi ríkisvaldinu, eða Hitlersliðinu, sem vinnur gegn því? Ef Hitler kemst til valda, getum við með hjálp hans brotið niður lögregluvald jafnaðarmanna og ríkisvald Brunings. Þannig er Hitler eins og nú standa sakir — þó að það sé honum óafvitandi — okkar sjálfsagði samherji". Svo mörg eru þau orð. Eftir þessu var svo unnið og á þennan hátt sigraði svo nazisminn í Þýzkalandi, og allir þekkja svo afleiðingarnar af ógnarveldi hans, sem kommúnisminn átti höfuðsök á að koma í valdastólinn. En sagan er ekki þar með öll sögð. Árin líða og þessir yngri bræður kommúnismans, fasisminn og nazisminn, færa út kvíarnar land úr landi, gráir fyrir járnum, og nú líður að hinu örlagaríka ári 1939.

Lýðræðisríkin í álfunni hafa nú sem endranær reynzt seinþreytt til vandræða og með hikandi afstöðu og friðsamlegri undansláttarpólitík mjakað sér undan ágengni nazismans til að firra þjóðirnar nýrri heimsstyrjöld í lengstu lög. En nú var þeim að verða ljóst, að ekki varð lengur undankomu auðið. Og þegar nazisminn beindi sókn sinni gegn Póllandi, sagði England: hingað og ekki lengra. — Nú hófust fyrir alvöru varnarsamtök lýðræðisþjóðanna, með England í broddi fylkingar, til að stöðva heimsvaldabaráttu nazismans. Hitler hikaði við um stund. Honum mun ekki hafa þótt ráðlegt að leggja út í stórstyrjöld með óvissa aðstöðu eða vísa andstöðu flestra stórvelda bæði í Evrópu og Ameríku. Og þá vaknaði spurningin: Hvar stendur Rússland? Flestir lýðræðiselskandi menn í heiminum gerðu sér þá vonir um, að það mundi standa við hlið lýðræðisþjóða heimsins í átökunum við ófreskju nazismans. En hvað skeður? Eins og reiðarslagi lýstur þeirri fregn yfir heiminn, að Rússar og Þjóðverjar — kommúnisminn og nazisminn — hafi gert með sér griðasáttmála, skipt í bróðerni á milli sín þjóðlöndunum, sem á milli þeirra lágu — og nú logar ófriðarbálið upp á samri stundu. Sagan hafði endurtekið sig. Áður hafði kommúnisminn stutt nazismann í því að brjóta niður hið veikburða þýzka lýðveldi og lýðræðisöfl þess og þar með að verða allsráðandi í landinu. Nú sigar kommúnisminn ránd́yri nazismans á lýðræðisþjóðirnar, sem eftir voru í álfunni, með þessum fræga sáttabikar þeirra Stalins og Hitlers.

Og afleiðingarnar þekkir heimurinn allt of vel. Það má nú að vísu segja, að „Það lá við, að sú krús yrði að lokunum dýr" fyrir kommúnismann, þegar bróðirinn sneri sér við í söðlinum og lagði sverðinu til hans. Og ef Rússland hefði ekki þá notið fullrar og afdráttarlausrar aðstoðar lýðræðisríkjanna, sem það þó áður hafði brugðizt svo hrapallega, en þó fyrst og fremst Bandaríkjanna, sem kommúnistar nú sæma öllum svívirðingarheitum tungunnar, er með öllu óvíst, hvor bróðirinn, sá brúni eða rauði, réði nú ríkjum í hinu víðlenda rússneska veldi.

Enn var það von allra friðsamra og lýðræðissinnaðra manna, að unnt yrði fyrir bandalagsríkin að taka upp samvinnu um að reisa heiminn úr rústum eftir styrjöldina, þar sem henni hafði lokið með sameiginlegum sigri þeirra allra. En heimskommúnisminn hafði ekkert lært og engu gleymt. Enn sem fyrr fór hann sínu fram. Í stað þess að taka upp einlægt og undirhyggjulaust samstarf við lýðræðisþjóðirnar, að byggja heiminn upp að nýju, hefur hann tekið upp gamla þráðinn aftur — miskunnarlausa baráttu fyrir útþenslu og yfirráðum sínum í heiminum. Og nú er ekki beðið með að hagnýta sér upp-

skeruna, sem undirbúin var með sáttabikarnum fræga, sem hleypti styrjöldinni af stað. Meginhluti Evrópu lá flakandi í sárum að henni lokinni. Örbirgð sú og upplausn, sem öllum styrjöldum fylgja, varð brátt í algleymingi. Jarðvegurinn var undirbúinn og aðstaðan notuð út í æsar. Með undangraftarstarfsemi inn á við og valdbeitingu studdir utan frá hefur hvert ríkið af öðru, eitt og eitt í senn, orðið ofbeldi kommúnismans að bráð.

Enn á ný hafa lýðræðisþjóðir heimsins vaknað við vondan draum. Sporin frá ofbeldisskeiði nazismans hræða. Hinar frjálsu þjóðir vilja ekki, að sagan endurtaki sig. Þess vegna er nú stofnað til viðtækari samtaka meðal þeirra en nokkru sinni fyrr til varnar frelsi sínu og sjálfstæði og fyrir friði. Og nú segja þau einum rómi: Hingað og ekki lengra. — Þetta er ástæðan til þess, að við Íslendingar höfum nú ofan á mörg óleyst innanlandsvandamál orðið að verja allmiklu af dýrmætum tíma til að geta tekið ákvörðun í þessu mikilsverða og viðkvæma utanríkismáli, sem þó nú orðið, að fengnum öllum upplýsingum, ætti ekki að verða lýðræðissinnuðum mönnum mikið vandamál. Ef land okkar lægi í austurhluta Evrópu, þá hefðum við losnað við allt val og vanda í málinu. Þá hefði ekki verið spurt, heldur skipað. En nú er Ísland þar, sem það er, og það gerir allan muninn. Þess vegna getum við rætt málið með og móti — þess vegna getum við tekið okkar ákvarðanir á löglegan og stjórnskipulegan hátt. Slíku fylgir að vísu nokkur vandi. Það kostar athugun, umræður, tíma og tafir frá öðru. En allt er þetta sams konar kvaðir og því fylgja í hverju spori að lifa sem frjáls maður meðal frjálsra manna og þjóða, og efast ég ekki um, að flestir Íslendingar muni fúsir leggja á sig slíkar kvaðir og kjósa þær fram yfir hlutskipti þess manns, sem verður að venja sig af þeim munaði að hugsa og álykta sjálfur um nokkuð, sem máli skiptir. Hitt þarf engan að undra, þótt kommúnistar — ekki aðeins hér, heldur um allan heim — taki upp hatramma baráttu gegn samtökum sem þessum og reyni að afflytja þau og villa um fyrir mönnum. Þeir vildu helzt, að hvert einasta þjóðfélag í heiminum segði sem svo: Láttu ekki drottins ljós til mín, lof mér að sofa í næði. — Svo að þeim tækist sem fyrirhafnarminnst að sporðrenna hverri þjóð af annarri niður í hinn óseðjandi svelg.

Þannig er nú þáttur kommúnismans í þessu máli, og má í því sambandi segja, að sá veldur miklu, sem upphafinu veldur.

Þáttur þeirra í hinum málunum, togarastöðvuninni og fjárlagaöngþveitinu, er heldur ekki óverulegur út af fyrir sig, en það er önnur saga, er síðar verður rædd.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 4. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, sem hóf þessar umr. hér í kvöld, byrjaði á því að snúa sér nokkuð að innlendum vandamálum, þó að höfuðinntakið í hans ræðu væri hins vegar að verja þann málstað, sem öllum sönnum Íslendingum finnst, að óverjandi sé. Ég veit, að þessi háttur þessa hv. þm., að snúa sér fyrst örlítið að innlendum vandamálum, hann er í samræmi við stefnu hans og hans flokks að öðru leyti, að hafa á sér — ef svo má segja — yfirskin guðhræðslunnar, en afneita hennar krafti, þ. e. að hafa innanlandsmálin á oddinum, en vinna fyrir útlendan málstað. — Þessi hv. þm. sagði, að dýrtíðin í landinu færi vaxandi, vísitalan væri nú komin á fmmta hundrað stig, „ef rétt væri reiknað", bætti hann svo við. Hver er sannleikurinn í þessu máli? Hann er sá, að þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, þá var vísitalan 316 stig. Þegar dýrtíðarlögin voru sett um áramótin 1947 og 1948, var hún 328 stig, og hún lækkaði fyrir aðgerðir ríkisstj. niður í 319 stig og hún er í dag 328. Það, sem hefur breytzt, er þá það, að vísitalan hefur hækkað úr 316 stigum upp í 328 stig í tíð núverandi ríkisstj. Ef vísitalan, rétt reiknuð, væri nú á fimmta hundrað stig, þá hefur hún vissulega í stjórnartíð þessa hv. þm. sjálfs verið svipuð, eða um 12 stigum lægri, því að sú breyt., sem hefur orðið síðan í þessu efni, er engin önnur en sú — með sama útreikningi —, að hækkunin hefur orðið 12 stig. Það má rétt vera, að vísitöluútreikningurinn, eins og hann sagði, eins og hann er framkvæmdur, gefi ekki fullkomlega nákvæma mynd af dýrtíðinni í landinu. En þessi útreikningur er, eins og ég sagði, alveg eins nú eins og hann var í tíð hans, þegar hann var í ríkisstj., og hefur ekki að neinu leyti breytzt. Sé þessi útreikningsaðferð röng nú, þá var hún einnig röng þá. Og ef á að gera samanburð tveggja tímabila í þessu efni, þá verður um bæði tilfellin að hafa sama útreikning. Þessi samanburður gefur þá 12 stiga hækkun sem útkomu á aukningu dýrtíðarinnar í landinu. En ég vil segja, að það er ekki eins mikil hækkun eins og ástæða hefði verið til að ætla, eftir erfiðleikum þeim, sem við höfum átt við að stríða.

„Ríkisstjórnin hefur skipulagt vöruskort", sagði þessi sami hv. þm. Ég skal í þessu sambandi að vísu viðurkenna, að það hefur ekki verið á valdi núverandi ríkisstj. að flytja inn í landið nægilegt vörumagn til þess að mæta hinni gífurlegu eftirspurn, sem í landinu er vegna þeirrar kaupgetu, sem er fyrir hendi hjá mörgum. Það hefur orðið að grípa til skömmtunar, og það hefur orðið að grípa til gjaldeyristakmarkana og setja á gjaldeyrishömlur. En það hefur tekizt, eftir að öllum gjaldeyri, sem við áttum, hefur verið eytt, að ná viðskiptajöfnuði við útlönd, og það er þó venjulega fyrsta og æðsta markið, sem við setjum okkur í viðskiptunum út á við, að ná viðskiptajöfnuði út á við, svo að ekki verði flutt meira inn í landið heldur en út er flutt af innlendum framleiðsluvörum. Þessu takmarki hefur verið náð á síðasta ári í fyrsta skipti um langan tíma, fyrir aðgerðir ríkisstj., fyrir störf fjárhagsráðs og fyrir störf viðskiptanefndar. Að vísu hefur orðið að grípa til ráðstafana í þessu sambandi, sem æskilegra hefði verið að geta verið án, en ráðstafana, sem ómögulegt var þó að komast hjá til þess að ná þessum árangri, skömmtun, sem tekin hefur verið upp, sem er ekki strangari en svo, að ef það er hægt að flytja inn það vörumagn á réttum tíma, sem skömmtunin tiltekur, þá líður vissulega enginn skort í þessu landi. Og það er heldur ekki hægt að búast við því, að við getum flutt inn meira af

vörum en við höfum vörur til að selja á móti.

„Nýsköpunin hefur verið stöðvuð", sagði hv. 4. landsk. þm. Í því sambandi vil ég benda á, að af öllum innflutningi til landsins, bæði innflutningi s.l. ár og ráðgerðum innflutningi á þessu ári, er gert ráð fyrir, að 33% eða meira verði kapítalvörur, vörur, sem notaðar eru til fjárfestingar í einni eða annarri mynd, þ. e. atvinnutæki, vélar og efni til útvegsins. Í fjárhagsráðslögunum, sem sett voru á sínum tíma, þegar þessi núverandi stj. var mynduð, var ekki gert ráð fyrir, að þessar fjárfestingarvörur næmu meiru í innflutningnum heldur en 15%. En það hefur reynzt mögulegt þó að flytja inn þessar vörur, þannig að innflutningur þeirra nemur nú orðið 33% af öllum innflutningnum. Er nú hægt að segja, að öll nýsköpun í landinu sé stöðvuð, meðan þessi fjárfestingarinnflutningur er aukinn úr ráðgerðum 15% upp í 33% af heildarinnflutningnum? Ég held, að hv. 4. landsk. þm. muni ganga illa að telja alþýðunni í landinu trú um það.

„Atvinnuleysi hefur farið í vöxt", sagði þessi hv. þm. enn fremur. Í fyrra var það sagt af honum og hans flokki, að ef Hvalfjarðarsíldin hefði ekki komið, hefðu Íslendingar gengið hundruðum saman atvinnulausir vegna fyrirhyggjuleysis ríkisstj. Þannig var þetta orðað þá. Hver hefur reynslan orðið nú í ár, eftir að Hvalfjarðarsíldin ekki kom? Hefur atvinnuleysi vaxið? Ég held, að þegar atvinnuleysisskráning fór fram hér síðast í vetur, hafi verið vonum færri atvinnulausir, eða um 100 manns, vonum færri, segi ég, þegar tillit er tekið til þess, hversu geysileg atvinna var hér í fyrra um þetta leyti einmitt af Hvalfjarðarsíldveiðinni. Sem sagt, óskadraumar kommúnista um atvinnuleysi í landinu hafa ekki rætzt. Og að svo hefur orðið, hefur verið m. a. fyrir ráðstafanir ríkisstj., ráðstafanir, sem fólgnar voru í því að sjá um, að fluttar væru inn vörur til ýmissa framkvæmda og atvinnutæki, sem hægt væri að koma mönnum í vinnu við, til að útiloka, að atvinnuleysi myndaðist. Og ég held, að kommúnistum takist ekki að telja þjóðinni trú um það í dag, að nú sé nokkurt sérstakt atvinnuleysi á Íslandi.

„Ríkisstjórnin stefnir til gengislækkunar", sagði hv. 4. landsk. þm. — Ja, ég veit nú ekki, hver meiri ófugmæli hægt er að hafa yfir heldur en þetta í sambandi við stefnu ríkisstj. í dýrtíðarmálunum. Það eru til þrjár leiðir í dýrtíðarmálunum. Leið gengislækkunar, leið verðhjöðnunar, með því að skrifa niður vísitöluna á laun, og það er til þriðja leiðin, að veita verðuppbætur úr ríkissjóði og bæta útgerðarmönnum og öðrum, sem framleiðsluatvinnurekstur stunda, hallann með því að greiða úr ríkissjóði. Það er í raun og veru ekki hægt að benda á leiðir út úr dýrtíðarvandamálinu, nema einhverja af þessum þremur leiðum. Ríkisstj. hefur alveg komið sér hjá að fara gengislækkunarleiðina, en hún hefur farið að nokkru leyti báðar hinar leiðirnar. Og hún mun koma sér hjá því í lengstu lög að fara gengislækkunarleiðina, ef kommúnistum tekst ekki með sinni stefnu að þvinga í gegn gengislækkun. En það er það, sem fyrir þeim vakir með þeirra háttalagi. Um áramótin 1947 og 1948 gerði ríkisstj. tilraun til þess að stöðva dýrtíðina með því að binda kaupgjaldsvísitöluna í 300 vísitölustigum. Þetta var tilraun til þess að reyna á þennan hátt að hefta vöxt dýrtíðarinnar. Þetta tókst að nokkru leyti. Kommúnistar spáðu því þá í umr. hér á þingi, að vísitalan, sú raunverulega vísitala, mundi brátt fara í 350 stig. Hún hefur hæst komizt upp í 329 stig, eða um 330 stig. En í dag er hún 328 stig. Þetta hefur orðið úr spádómum þeirra kommúnistanna. En stefna kommúnistanna í þessu máli, hún kemur hvað greinilegast fram í öllum þeim yfirboðum við allar samningsgerðir, sem verkalýðsfélögin þurfa að gera við atvinnurekendur, og síðast nú í deilu þeirri, sem nú er nýleyst, milli togaraeigenda og sjómanna. Þar voru kröfur kommúnista þannig, að útilokað var, að hægt væri fyrir togaraeigendur að ganga að þeim. Og fram á síðustu stundu var haldið við þessar kröfur. Það er þetta, sem ég hef leyft mér að kalla af þeirra hálfu, kommúnistanna, ekki verkalýðsmálapólitík, heldur glæp, þegar menn vitandi vits berjast fyrir það miklum kauphækkunum, að þeir vita, að ekkert getur orðið afleiðing af því annað en gengislækkun og hrun, ef að slíkum kröfum væri gengið. En það er svo í kommúnistiskum fræðum, að vissasti vegurinn til þess að draga hvert þjóðfélag inn undir stjórn kommúnista sé að koma á verðbólgu, hruni og dýrtíð. Og það, sem fyrir kommúnistum hér vakir greinilega í þessari kauphækkunarbaráttu, það eru ekki hagsmunir verkalýðsins, sem þeir þó þykjast berjast fyrir, heldur útlendir hagsmunir. Það er þess vegna hætta á gengislækkun, ekki frá núverandi ríkisstj., því að hún mun berjast á móti henni eins og mögulegt er, en hættan á gengislækkun stafar fyrst og fremst frá kommúnistaflokknum. Hann sá sér leik á borði og studdi það, þegar útgerðarmenn hér í vetur settu það fram sem eina af sínum kröfum, að gjaldeyrir, sem útgerðarmenn fengju fyrir afurðir sínar, yrði seldur með yfirverði og þeir fengju að leggja á hann allt að 100% álag, og vörur fyrir hann hefðu þá orðið þeim mun dýrari í landinu. Það eru þess vegna engir trúrri þeirri hugmynd, að gengislækkun komist á, heldur en kommúnistar, því að þessi hugmynd stefnir að gengislækkun og hruni, eins og þeir vilja koma á.

„Tollar hafa hækkað", sagði hv. 4. landsk. þm. En til hvers hafa tollar og skattar verið hækkaðir? Það er rétt, þar hefur verið hækkað verulega, svo að fjárl. eru nú upp á 260 millj. kr., eins og hann sagði, eða allmiklu hærri heldur en þau hafa verið á undanförnum árum. En í hverju liggur þessi tollahækkun, og hvað hefur þjóðin fengið fyrir hana? Hún hefur fengið það fyrir hana, að hún hefur komizt hjá lækkun á gengi á íslenzkum peningum og hjá því, að lækkað væri kaup með hækkaðri framfærsluvísitölu. Það hefur af hálfu ríkisstj. verið farin sú leið að bæta mönnum upp halla, sem þeir hafa haft á sínum atvinnurekstri, og þetta hefur verið gert með styrk úr ríkissjóði, í staðinn fyrir að fara inn á hina leiðina. Kommúnistar þykjast vera á móti gengislækkun og þykjast líka vera á móti því að komast hjá hættu verðbólgunnar með niðurgreiðslum. En hver er þá þeirra stefna? Hún er engin. Því er

fljótsvarað. Um þetta þyrfti ég að hafa miklu lengra mál, og ég vona, að mér og öðrum gefist síðar tækifæri til þess, bæði í útvarpi og annars staðar, að ræða betur við kommúnista um þessi innanlandsmál. En þar sem þeirra aðalmál í þessum umr. hefur verið Norður-Atlantshafsbandalagið, þá skorast ég ekki undan að ræða um það við þá, og mun taka þann tíma, sem ég á eftir, til þess að ræða það mál með nokkrum frekari orðum en þeir hafa gert, sem á undan mér hafa talað af hálfu ríkisstj.

Undanfarnar vikur og mánuði hafa farið fram hér á landi allharðar umræður um það, hvort og þá með hverjum hætti Ísland ætti að gerast aðili að bandalagi vestrænna þjóða, ef stofnað yrði til verndar friði og öryggi í heiminum. Hefur sitt sýnzt hverjum eins og gengur.

Þegar félagsskapur Sameinuðu þjóðanna var stofnaður fyrir 4 árum, ólu margir þá von í brjósti, að honum mundi takast að „bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum ófriðar, — — að skapa skilyrði fyrir því, að hægt sé að halda uppi réttlæti og virðingu fyrir skyldum þeim, er af samningum leiðir, — — og að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum án frelsisskerðingar", eins og segir í upphafi sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

Þessar vonir hafa að verulegu leyti brugðizt, og hafa nú flestir þegar gert sér það ljóst. Ástæðurnar fyrir því ætla ég mér ekki að rekja hér, þær eru margar, en sú mun þó vera aðalástæðan, að stórþjóðirnar, eða stærstu þjóðirnar, sem að Sameinuðu þjóðunum standa, aðhyllast mjög mismunandi lífsskoðanir og hugsjónir og bera rótgróna tortryggni í brjósti hver til annarrar; en eitt fyrsta og nauðsynlegasta skilyrðið fyrir því, að samvinna sem þessi geti tekizt, er það, að tortryggnislaust og áreitnislaust hugarfar sé fyrir hendi hjá öllum, sem að samtökunum standa.

Þróun málanna hefur þess vegna orðið sú, eins og raunar allir vita, að heimurinn hefur skipzt í tvo andstæða hópa, sem á síðustu árum virðast fjarlægjast meir og meir og í daglegu tali eru kallaðir „vestrið" og „austrið", og vita þá allir, við hvað er átt. — Þó að þessir hópar séu innbyrðis ærið sundurleitir, er þó ýmislegt, sem tengir þá saman. Í hinum vestræna hópi eru t. d. þjóðir, sem að meiri hluta til aðhyllast kenningar jafnaðarstefnunnar, ekkert síður en hinar, sem að mestu leyti byggja lífsskoðun sína á kenningu kapítalismans. En það, sem hefur sameinað þær og um leið fjarlægt þær frá hinum austræna hópi, er afstaðan til hinna frumstæðustu og þýðingarmestu mannréttinda, sem þessar þjóðir byggja alla tilveru sína á, en það er frelsi, lýðræði og réttaröryggi. Þetta eru óhagganlegir hornsteinar í þjóðfélagsbyggingu allra vestrænna þjóða, hornsteinar, sem engin þeirra getur hugsað sér að vera án, hvernig svo sem þjóðfélagsbyggingin er gerð að öðru leyti. Það er því ekki óeðlilegt, þegar um þessi grundvallaratriði er að ræða og verndun þeirra, að þá sameinist þeir allir, sem sömu afstöðu hafa til þessara mikilvægu atriða. Og það er því fremur ástæða til, þar sem allar fréttir, sem berast frá hinum hópnum — þeim austræna — hníga í þá átt, að þar séu þessi mannréttindi í litlum hávegum höfð og fótum troðin, í hvert skipti sem það er þénanlegt fyrir valdhafana á staðnum. Þegar svo þar við bætist, að komið hefur í ljós mjög greinileg útþenslupólitík hjá þeim, sem mestu ráða í austurhlutanum, og hvert landið eftir annað er með góðu eða illu þvingað til samstarfs við þá, og 5. herdeildir kommúnista berjast hinni sömu baráttu heima fyrir í hverju landi, þá er ekki undarlegt, að menn taki að ugga um sinn hag og hugsa til gagnráðstafana.

Kommúnistaforingjar ýmissa landa, meðal annarra Thorez hinn franski og Togliatti hinn ítalski, hafa lýst yfir því, að ef rússneskir herir sæki lönd þeirra með vopnum, muni þeir ekki berjast til að verja land sitt, heldur þvert á móti gerast föðurlandssvikarar og ganga í lið með árásaraðilanum. Íslenzkir kommúnistar hafa verið spurðir, hvort þeir mundu taka sömu afstöðu hér, en þeir hafa enn sem komið er neitað að svara.

Hv. 4. landsk. þm. var að burðast við að gera það, en hann fór í kringum málið og kjarna þess eins og köttur í kringum heitan graut. Hann sagði „ef" og „ef" og „ef" þetta og þetta, þá mundu þeir gera svona og svona. En það voru ótal fyrirvarar og ótal útgöngudyr. Raunar þurfa þeir ekki að svara, því að það er á allra vitorði, að hvaða svar sem þeir teldu hentugt að gefa, þá mundu þeir taka sömu afstöðu og flokksbræður þeirra erlendis. Þeir hafa sýnt það á undanförnum árum, að þeir taka í öllu, sem máli skiptir, gersamlega sömu afstöðu til allra mála og erlendir flokksbræður þeirra, afstöðu, sem ekki er mótuð og tekin af þeim sjálfum, heldur af alþjóðastjórn samtaka þeirra.

Þetta er sá bakgrunnur, sem menn verða að hafa í huga, þegar rætt er um stofnun Atlantshafsbandalagsins. Það er nauðvörn þeirra þjóða, sem vilja verja sín helgustu mannréttindi og hindra að þau séu með ofbeldi frá þeim tekin. Þau hafa lært af reynslunni í viðskiptum við Nazi-Þýzkaland, hvernig smáþjóðunum var ógnað og þær teknar hver af annarri, þegar þær stóðu einar, og að eina leiðin til að verjast var sú, að þær nægilega margar byndust samtökum í eina órofa heild, þar sem árás á eina væri skoðuð sem árás á allar, líf einnar væri skoðað sem líf þeirra allra, og þær stæðu því og féllu saman.

Síðari hluta ársins sem leið var ljóst hvert stefndi, og var þá hafinn undirbúningur að stofnun Atlantshafssáttmálans. Unnu að þeim undirbúningi Beneluxlöndin þrjú, Frakkland, England, Kanada og Bandaríkin. Hygg ég, að ég megi fullyrða, að fáum, aðeins örfáum Íslendingum hafi þótt þessi bandalagsstofnun óeðlileg utan þrengsta hóps sanntrúaðra kommúnista. Hitt hefur svo verið nokkur ágreiningur um, hvort Ísland ætti að gerast aðili að samtökum þessum.

Því hefur verið haldið fram, að Ísland ætti ekki og gæti ekki vegna sérstöðu sinnar sem algerlega vopnlaust land og ómegnugt allra hernaðaraðgerða að taka þátt í þessu bandalagi, þar sem það hlyti að hafa í för með sér, að erlendur her mundi verða hafður hér á friðartímum og nauðsynlegt mundi að koma hér

upp herstöðvum, sem ykju árásarhættuna og mundi hafa þjóðernislegar hættur í för með sér. Þetta er uppistaðan í öllum þeim áróðri, sem hafður hefur verið uppi gegn þátttöku í bandalaginu, en ekki hitt, að megintilgangur þess og stefna væri ekki í samræmi við vilja þjóðarinnar, enda svo augljóst, að það hefði ekki þurft að nefna.

Íslenzka þjóðin metur frelsi, lýðræði og réttaröryggi — þetta þrennt — meira en nokkuð annað, og barátta fyrir viðhaldi þessara mannréttinda og gegn ofbeldi og yfirgangi því í allt of augljósu samræmi við vilja þjóðarinnar, að það þýði fyrir nokkurn mann að reyna að fá hana til að taka afstöðu með hinu gagnstæða. Þetta kom líka greinilega fram, jafnvel á þeim fundum mörgum, þar sem verið var að burðast við að gera ályktanir gegn þátttöku Íslands í sáttmálanum, áður en menn vissu, hvernig hann var. Þar kom víða fram, að þrátt fyrir yfirlýsingu á móti þátttöku Íslands kom einnig fram yfirlýsing um samúð með samstarfi hinna vestrænu þjóða og ósk um, að Ísland hefði einhverja óljósa samvinnu við þær.

Menn hafa af skiljanlegum ástæðum mikið um þessi mál hugsað, rætt og ritað, síðan þau komu á dagskrá, en eðlilega átt erfitt með að gera sér í alvöru grein fyrir málinu, meðan það lá ekki ljóst fyrir. Þó var hægt að gera upp við sig, og raunar mjög auðvelt, hvort menn að stefnu til væru þátttöku fylgjandi, ef viss skilyrði væru fyrir hendi, og að öðru leyti, hvort menn vildu, að málið væri athugað til hlítar og dæmið síðan gert upp, þegar upplýsingar lægju fyrir.

Alþýðuflokkurinn varð einna fyrstur til að kveða upp úr með þessa stefnu á flokksþinginu haustið 1948, þar sem samþykkt var eftirfarandi:

„Þingið telur rétt og eðlilegt, að innan Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við reglur þeirra og skipulag séu mynduð samtök vinveittra þjóða og þá einkum þeirra, er aðhyllast svipuð eða skyld hugmyndakerfi, sérstaklega varðandi lýðræði og mannréttindi."

„Þá telur þingið sjálfsagt, að athugað sé gaumgæfilega af Íslands hálfu, á hvern hátt öryggi, frelsi og sjálfstæði landsins verði bezt tryggt með samkomulagi við aðrar þjóðir."

Í samræmi við þessar samþykktir flokksþingsins lýsti forsrh., formaður Alþfl., yfir því um áramótin síðustu, að hann teldi flokkinn hafa markað stefnu sína þannig, að öryggi Íslands væri bezt borgið með samningum við aðrar skyldar þjóðir, og hann sagði einnig, að „Ísland gæti ekki og mætti ekki vera afskiptalaus einstæðingur í miðju Atlantshafi án þess að gera tilraun til þess að tryggja framtíð sína og öryggi.

Samkvæmt þessari stefnu, sem mörkuð var af flokksþinginu s. l. haust og af forsrh. um áramótin, hefur verið fram haldið síðan. Það hefur þess vegna, eftir því sem tækifæri hefur gefizt til, verið reynt að fylgjast með þróun málanna án þess að taka beinan þátt í undirbúningi þeirra.

Fyrri hluta þessa mánaðar, þegar sýnt var, að allur undirbúningur var að komast á lokastig, Noregur hafði ákveðið að gerast aðili og allar líkur bentu til, að Danmörk mundi gera slíkt hið sama, þótti ríkisstj. því tími til kominn að hefja nánari eftirgrennslanir um orðalag sáttmálans og skuldbindingar, þar sem líka útlit var fyrir, að Íslandi yrði boðin þátttaka, eins og síðar kom á daginn. Var þá för okkar ráðherranna þriggja ákveðin. Tilgangur hennar var:

1. að kynnast nákvæmlega efni og orðalagi sáttmálans.

2. að gera grein fyrir sérstöðu Íslands;

3. að afla upplýsinga um ýmis atriði, er samninginn snerta.

Samningurinn hefur nú verið birtur fyrir alllöngu og er auk þess prentaður sem fylgiskjal með tillögunni, sem lögð hefur verið fram, bæði á íslenzku og ensku, og auk þess hefur hæstv. utanrrh. skýrt hann allýtarlega hér á undan í umræðunum, svo að þess gerist ekki þörf að ég bæti þar neinu við.

Höfuðatriðin, sem leggja ber áherzlu á, eru þessi:

1. Ísland gerist með þátttöku í bandalaginu aðili að samvinnu hinna vestrænu ríkja til að viðhalda friði í heiminum, verjast árásum og vernda hefðbundin mannréttindi og nýtur þá um leið þess öryggis, sem sú samvinna veitir.

2. Framlög Íslands í þessu samstarfi eru eingöngu undir okkur sjálfum komin. Það verður tekin um það endanleg ákvörðun af okkur sjálfum, hvort, hvað og hvenær við leggjum okkar litla lóð í vogarskálina, að sjálfsögðu í góðri trú.

3. Samningsaðilar gera sér ljósa sérstöðu Íslands sem herlauss lands og að Íslendingar muni ekki setja upp her. Þeir gera sér líka ljóst, að við munum ekki leyfa erlendar herstöðvar á friðartímum né erlendan her hér á landi.

4. Framlag okkar í samtökum þessum verður sennilega það, að við á ófriðartíma, ef á eitthvert bandalagsríkið hefur verið ráðizt — og ef okkur sjálfum finnst það eðlilegt og sanngjarnt — veitum aðstöðu í landinu svipað og var í síðustu styrjöld, — og við lýsum því yfir með því að gerast aðilar, að við viljum ekki ljá land okkar til afnota fyrir árásaraðila.

5. Ráðagerðir verða hafðar um það fyrir fram, hvernig haga skuli vörnum, ef til árásar kynni að koma.

6. Höfuðáherzla er á það lögð með samtökum þessum að hindra, að til árásar komi, og virðast miklar líkur til, að það muni takast, þar sem að samtökunum standa þjóðir með yfir 300 millj. íbúa og útbúnað, tæknilegan og fjárhagslegan, sem er gífurlega sterkur.

Ég skal viðurkenna, að þessi tala nemur ekki þeim 800 milljónum, sem hv. 4. landsk. þm. var að minnast hér á áðan. En ég vænti, eigi að síður, að þessi hópur, sem hér hefur tekið höndum saman, þyki það álitlegur, að ekki þyki glæsilegt á hann að ráðast.

Nú er eðlilegt, að spurt sé: Fyrst ekki hvíla á okkur meiri skuldbindingar en þetta, veitir sáttmálinn okkur þá nauðsynlegt öryggi? Eru ekki líkur til þess, að hin bandalagsríkin noti frelsi sitt til athafna samkvæmt samningnum, sem þau auðvitað hafa á sama hátt og við, á þann hátt, að láta það afskiptalaust, ef á okkur verður ráðizt? Eru nokkrar líkur til að þau grípi til vopna til að verja okkur eða gæta þess, að ekki

verði á okkur ráðizt, ef þau lagalega samkvæmt bandalagssáttmálanum geta komizt hjá því?

Þessu er því til að svara, að auk hinnar siðferðilegu skyldu til hjálpar, sem fyrir fram verður gerð áætlun um, hafa bandalagsþjóðirnar gert sér ljóst, hversu geysiþýðingarmikil lega landsins er, og munu því vissulega ekki láta sér á sama standa um afdrif landsins. Hagsmunir þeirra og hagsmunir okkar fara því gersamlega saman. Það sýndi sig í síðustu styrjöld, svo að ekki verður um villzt, að þeir, sem hafa yfirráð yfir flugvöllum á Íslandi, geta að mjög verulegu leyti ráðið yfir flutningaleiðum um Norður-Atlantshafið milli Ameríku og Evrópu. Það er því bersýnilegt, að þær bandalagsþjóðir í Norður-Evrópu, sem háðar eru aðflutningum frá Bandaríkjunum og Kanada, og það eru þær allar, munu ekki láta sér á sama standa, hvað um Ísland verður á ísjárverðum tímum. Sömuleiðis má ganga út frá því sem gefnu, að Bandaríkin mundu ekki hugsa til þess með ánægju, að Ísland kæmist á vald óvinsamlegs árásaraðila, því að héðan er stutt — tiltölulega — þangað að fara í árásarskyni. — Ber því allt að sama brunni með það, að hagsmunir okkar og bandalagsþjóðanna allra eru svo nátengdir, að ganga má út frá því sem alveg vissu, að litið muni eftir því á raunhæfan hátt, að ekki verði á okkur ráðizt, og aðstoðað, ef til átaka kemur.

Þá má eðlilega spyrja: Verður þessi sama vernd ekki látin okkur í té, þó að við gerumst ekki sambandsaðili og höldum okkur alveg fyrir utan samtökin, og er ekki hag okkar betur borgið á þann hátt? Þessu er því til að svara, að ef við ekki tökum afstöðu, þá vita aðilarnir ekki um okkar hug, þar sem hann er ekki yfirlýstur, og munu áreiðanlega gera sínar ráðstafanir samkvæmt því. Þar að auki er þá ekki hægt að hafa fyrir fram ráðagerðir uppi, hvernig snúast skuli við í ákveðnum tilfellum, sem okkur er þó lífsnauðsyn að hafa, og gerðar munu verða, ef við verðum bandalagsþjóð. Og það er sannfæring bæði mín og annarra, sem þessi mál hafa kynnt sér rækilega, að öryggi landsins sé á allan hátt betur borgið á þann hátt heldur en að svífa hlutlaus í lausu lofti, því að hlutleysið virða ekki þeir, sem við þurfum helzt að óttast. Auk þess er sá málstaður, sem bandalagið er stofnað um til varnar, svo miklu nær hug og hjarta yfirgnæfandi meiri hluta íslenzku þjóðarinnar, að gætum við með okkar sérstöðu lagt þar eitthvað af mörkum til aðstoðar með því að gerast frjáls aðili, þá er það áreiðanlega í samræmi við vilja alls þorra þjóðarinnar.

Í þessu sambandi dettur mér í hug að minnast örfáum orðum á síðasta vígi kommúnista í þessu máli, sem þeir hafa tekið sér stöðu í, þegar allt annað hefur brugðizt, að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Þetta er bersýnilega lævís tilraun til, undir yfirskini lýðræðis, að tefja málið eða eyða því. Þeir vita, að ef við ekki gerumst stofnaðili að bandalaginu nú, getur það dregizt svo mánuðum skiptir, að við getum gerzt aðilar, og vilja freista þess, að á þann hátt verði dregið úr þeim áhuga fyrir afgreiðslu málsins strax, sem nú er ríkjandi. Þess má einnig geta, að ekki er vitað, að nein önnur þjóð hafi farið þá leið að bera málið undir þjóðaratkvæði, enda alþingismenn löglega af þjóðinni kosnir til að ráða málinu til lykta. Það er og athyglisvert, að fyrir fáum dögum var því haldið fram af andstæðingum málsins, að svo hræddir væru formælendur þess við þjóðina, að þeir ætluðu að efna til nýrra kosninga og læða síðan samningnum upp á þjóðina á eftir. Nú, þegar séð er, að sú tilgáta hefur ekki reynzt rétt, og flokkar þeir, sem að framgangi málsins standa, eru óhræddir við að þola dóm þjóðarinnar við næstu kosningar, hvort sem þær verða haldnar eftir rúmt ár, á venjulegum tíma, eða fyrr, þá er gripið til kröfunnar um þjóðaratkvæðagreiðslu til að tefja málið. En þeirri kröfu mun heldur ekki verða sinnt. Alþingi mun á þinglegan hátt afgreiða málið og þingmenn þola sinn dóm fyrir það eins og annað við næstu kosningar, — en þá munu kommúnistar heldur ekki geta umflúið sinn dóm.

Það dylst engum, sem fylgzt hefur með gangi þessa máls, frá því að það fyrst bar á góma, að það eru kommúnistar, sem fyrst og fremst hafa beitt sér gegn því, ekki einasta hér á landi, heldur alls staðar í þeim löndum, sem komið hefur til greina að gerðust þátttökuríki. Alls staðar hefur afstaða þeirra verið sú sama, rökin þau sömu og aðferðirnar eins. Það er því enginn vafi á, að þessum aðgerðum er stjórnað frá einni og sameiginlegri miðstöð, ekki með hagsmuni viðkomandi lands fyrir augum, heldur allt annað. Það er þess vegna ekki öryggi Íslands, sem þeir eru að berjast fyrir, heldur öryggisleysi, til þess að landið sé opnara og óvarðara í því tilfelli, að yfirboðarar þeirra þyrftu á því að halda. Það eru þess vegna nú eins og ævinlega ekki hagsmunir Íslendinga, sem þessir menn berjast fyrir, heldur hagsmunir hins alþjóðlega kommúnisma. Þegar því þessir menn bera það upp í sér, að þeir berjist fyrir hinum íslenzka málstað, hljómar það eins og hið argasta öfugmæli og er það auðvitað líka. Þetta verða menn að hafa í huga, þegar sýndarrök kommúnista eru athuguð gegn því að gerast aðilar að bandalaginu.

Hugarfar þessara manna kemur bezt í ljós af því, að fyrir þrem dögum hvöttu þeir til þess í blaði sínu, að afgreiðsla þessa máls yrði hindruð með ofbeldi. Þegar öll rök þraut, þá kom í ljós hið sanna eðli — ofbeldishneigðin.

Ég hóf mál mitt um Atlantshafsbandalagið með því að minnast lítillega á Sameinuðu þjóðirnar, og ég ætla líka að ljúka því með því að fara um þær nokkrum orðum og afstöðu Íslendinga til þeirra.

Því hefur verið haldið fram, og vonandi með réttu, að þó að Sameinuðu þjóðunum hafi að vissu leyti mistekizt hlutverk sitt, þá muni þó hugsjónin, sem sá félagsskapur byggist á, lifa og vonandi einhvern tíma koma til framkvæmda. Því hefur þá einnig verið haldið fram, að við Íslendingar gætum bezt þjónað þeirri hugsjón með því að skipta okkur ekki af þeim átökum, sem nú eiga sér stað milli bandalagsþjóðanna. Þetta álít ég ekki aðeins vafasamt, heldur beinlínis hættulega skoðun. Ef einhver þjóð eða þjóðasamsteypa hefur uppi áróður á móti og baráttu gegn þeim grundvallaratriðum, sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna hvílir á, þá er það skylda þeirra, sem andvígir eru, að sameinast og berj-

ast á móti. Og þá fyrst er von til, að hugsjón Sameinuðu þjóðanna verði að veruleika, þegar ekki er lengur til andstaða gegn þeirri hugsjón, sem máli skiptir.

Atlantshafssáttmálinn er mótaður innan þess ramma, sem Sameinuðu þjóðirnar ákveða um slíka svæðasamninga, og það er von þeirra allra, sem að honum standa, að hann geti orðið til að vinna gagn þeirri hugsjón, sem Sameinuðu þjóðirnar eru byggðar á, — verndað þjóðirnar fyrir ofbeldi og árásum og staðið vörð um þau mannréttindi, sem við viljum fyrir engan mun missa.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gat þess áðan, að hæstv. ríkisstj. hefði reynt að greiða úr togaradeilunni. Árangurinn má sjá. Hann gat um, hvers vegna bæjarútgerðin hefði ekki skilið við útgerðarauðvaldið, en henni var bannað það af þeim, sem valdið hafa. Það var ýmislegt fleira, sem hæstv. ráðh. kom fram með. En sérstaklega langar mig til að taka til athugunar það, sem hann sagði um skrif Brynjólfs Bjarnasonar 1941 um, að skotið yrði án allrar miskunnar. En hvað segja alþingistíðindin um þetta. Brynjólfur er að tala um, að hingað sé kominn amerískur her og hættuna, sem af því geti stafað, og segir svo, á bls. 45: „Þýzka útvarpið lét ekki á sér standa að lýsa því yfir, að Bandaríkin séu komin þangað, sem stríðið er, og þar verði skotið án allrar miskunnar." Svo skulu menn bera saman orð hæstv. ráðh. og alþingistíðindin.

Hæstv. ráðh. fór nýlega vestur um haf, og þar vestra sagði hann, að hér væru ekki nema um 10% þjóðarinnar að kommúnistum meðtöldum á móti samningnum. Í Sósialistaflokknum er um 20% kjósenda, og veit ég ekki betur en svo mikil óánægja sé innan Sjálfstæðisflokksins, að einn af leiðtogum flokksins hafi af þeim ástæðum sagt sig úr flokknum, og ég ætla, að andstaðan gegn samningnum nái ekki svo skammt inn í raðir Alþýðuflokksins. Og er þetta aðeins eitt dæmi um sannleiksást hæstv. dómsmrh., en það er ekki aðeins þessi hæstv. ráðh., sem svo skrafar, því að hér hafa komið fram fjórir hæstv. ráðh. og allir meðhöndlað sannleikann á svipaðan hátt og hæstv. dómsmrh. Það er athugavert, um hvað umr. hafa snúizt hér í kvöld hjá hæstv. ríkisstj. og fylgismönnum hennar. Þær hafa snúizt um þau mál, sem þjóðinni eru kunn, um inngöngu í Atlantshafsbandalagið. En þetta mál á langa forsögu, sem þjóðinni er ef til vill ekki eins kunn. Þegar hæstv. forsrh. gerði fyrirspurn um það vestur um haf, hvort Bandaríkin væru reiðubúin að taka að sér hervarnir hér, segir Cordell Hull, að Bandaríkin muni gera allar þær ráðstafanir, sem þeim sé mögulegt til að tryggja öryggi sitt, og skömmu síðar er tilkynnt, að Bandaríkin hafi stigið stórt skref í þá átt að tryggja sig gegn árás. Eftir kosningarnar 1946 var þeim svo veitt hér herstöð, og vestur í Ameríku er þetta merkt sem ein helzta herstöðin til varnar Bandaríkjunum, og nú erum við að gera á ný samning við þessa sömu þjóð. Og hver trúir því, að ekki felist hætta í þessu?

En það væri einnig ástæða til að ræða innanlandsmálin. Í febrúar er gefin lýsing á stefnu stj. í Alþýðublaðinu og Tíminn telur, að Eysteinsstefnan hafi sigrað í fjárhagsmálum. En blöð Framsfl. láta þess getið í vetur, að dýrtíðin sé að aukast, og einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. lét þess getið í ræðu í dag, að skuldirnar væru að vaxa hjá þjóðinni, þó að lýst hefði verið yfir, að engin skuldasöfnun mætti eiga sér stað.

Nú verða háttv. þm. að gera upp við sig, hvort þeir eru með eða móti hæstv. ríkisstj. Þeir, sem ekki greiða atkv. á móti henni, eru með því móti að stuðla að því, að hér verði byggð stærsta atómstöð veraldarinnar og að ríkið safni skuldum. — Ég heyri, að hæstv. forseti vill ekki, að ég tali meira um hæstv. ríkisstj., en ég veit, að þjóðin hefur séð, hvers konar stjórn þetta er, og að þeir hv. þm., sem greiða henni atkv., eiga ekki upp á pallborðið hjá hv. kjósendum í framtíðinni.

Ólafur Thors: Herra forseti. Síðasti hv. þm. veittist að hæstv. dómsmrh. fyrir það, hversu óvarlega hann færi með þingtíðindi, og vitnaði í setninguna, að það verði skotið án miskunnar. En þessi guðfræðingur les þingtíðindin eins og viss persóna bibliuna. Hann skildi eftir þingtíðindin, og vil ég leyfa mér að lesa áfram: „Ef ráðstafanir Bandaríkjanna yrðu til þess, að veitt yrði virk aðstoð í þeirri baráttu, sem háð er á austurvígstöðvunum, þá mundu Íslendingar ekki heldur telja eftir sér það, sem af því stafaði, en það er bezt að láta verkin tala. Enginn getur láð Íslendingum, þó að þeir myndi sér skoðanir samkv. fenginni reynslu. Enginn getur láð þeim, þó að þeir séu tortryggnir."

Af hendi stjórnarliða hefur það eftir atvikum og að gefnu tilefni verið talið rétt, að þessar útvarpsumræður snúist fyrst og fremst um það mál, sem nú er efst á baugi með þjóðinni og í rauninni veldur því, að vantraust er fram borið einmitt nú.

Hæstv. utanrrh. hefur þegar borið fram öll sterkustu rök þessa máls. Þau hafa verið áréttuð af öðrum hæstv. ráðherrum, sem hér hafa tekið til máls, svo að segja má, að þar sé litlu við að bæta. Ég mun þó verja þeim fáu minútum, er ég hef til umráða, til þess að láta í ljós mitt álit á málinu, um leið og ég í höfuðefnum tek undir rök hæstv. ráðherra.

Á miðju ári 1945 komu saman allmargir menn í San Fransisco á vesturströnd Bandaríkjanna. Það voru fulltrúar mannkynsins — hins hrjáða mannkyns, sem þá í nær 6 ár hafði þolað meiri raunir ótta, böls og blóðsúthellinga en sagan veit nokkur dæmi um.

Ég veit ekki, hvað verið hefur innst í hugarfylgsnum sumra þeirra, er þar réðu mestu. Hitt mun óhætt að staðhæfa, að aldrei fyrr hafa jafnmiklar vonir jafnmargra manna staðið til nokkurrar samkundu sem þessarar. Segja má, að þær vonir hafi að því leyti rætzt, að á þessari samkundu bundust flestar þjóðir heimsins og þ. á m. allar hinar voldugustu heitum um að freista þess að skapa nýja veröld friðar og frelsis, þar sem manngöfgi, mannfrelsi og mannhelgi réðu ríkjum. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var færður í letur, svo að hann mætti verða biblía hinnar nýju veraldar. Sameinuðu þjóðirnar voru stofn-

settar. Síðar skildu menn sáttir og glaðir. — Sameinuðu þjóðirnar eru nú tæpra fjögurra ára. Saga þeirra er stutt, viðburðarík og raunaleg. Það væri ofmælt að segja, að allar þær vonir, sem við þær voru tengdar, væru nú þegar fölnaðar og dánar. Hitt er óleyfileg bjartsýni, ef nokkur þjóð teldi sér lengur fært að byggja allt sitt traust og öryggi á þessum félagsskap.

Til þess að skilja innsta eðli þess máls, sem hér er gert að umræðuefni — þátttöku Íslands í bandalagi Atlantshafsþjóðanna —, til fulls, verða menn að vera þess minnugir, að frá því Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar og allt fram á þennan dag er það tvennt, sem öllu öðru fremur hefur ráðið viðburðum og markað stefnu á sviði heimsstjórnmálanna. Annað er, að eitt af voldugustu stórveldum veraldarinnar hefur svo algerlega lamað starfsemi og gagnsemi Sameinuðu þjóðanna, að nú er svo komið, að fundir þeirra eru fyrst og fremst vettvangur harðvítugra ádeilna þar sem þjóðir heimsins skiptast í tvær andstæðar, harðvítugar fylkingar, sem deila hvor á aðra með fullkomnu hlífðarleysi. Af þessu leiðir, að því fer svo fjarri, að Sameinuðu þjóðirnar hafi fram að þessu reynzt bærar um að skapa þann frið og öryggi í heiminum, sem þeim var ætlað að gera, að það verður þvert á móti að viðurkenna, að með degi hverjum minnka vonirnar um, að þær muni nokkru sinni reynast þess megnugar.

Hitt er svo það, að samfara þessu, jafnframt því, sem æ gleggra hefur orðið, að til Sameinuðu þjóðanna er enn sem komið er einskis trausts að leita, þá hefur einmitt sama stórveldið sem þessu veldur þanið út veldi sitt og áhrif, svo að hver þjóðin af annarri, sem er í nábýli við þetta stórveldi, hefur nú ýmist að fullu fargað sjálfstæði sínu að efni og formi eða lýtur í öllum aðalefnum boði þessa mikla einræðisveldis.

Það eru þessar staðreyndir, sem leitt hafa af sér þann sáttmála, sem við Íslendingar munum nú gerast aðilar að. Það er ótti þeirra Evrópuríkja, sem daglega hafa fyrir augum sér raunir þeirra er beint og óbeint búa við frelsisskerðingu, um að verða sömu örlögum að bráð, — það er vitund þessara þjóða um, að Sameinuðu þjóðirnar séu þess með öllu ómegnugar að bægja þeim voða frá dyrum þeirra, sem því réð, að þrjár smáþjóðir, Belgar, Hollendingar og Luxembourgarbúar, hófust handa um myndun varnarbandalags. Í síðustu styrjöld höfðu allar þessar þjóðir verið gleyptar af ómótstæðilegu herveldi einræðisherrans, ásamt með þeirri hlutleysisyfirlýsingu, sem þær í heiðarlegri og einfeldnislegri trú á loforð ofstækisfullra einræðisherra ætluðu að byggja líf sitt og öryggi á. Nú hafði reynslan, hin örlagaríka og þungbæra reynsla, kvatt dyra hjá þeim og kennt þeim, að af hlutleysinu var ekki verndar að vænta. Nú gat aflið eitt veitt öryggi.

Þessar þrjár þjóðir, ásamt Bretum og Frökkum, mynduðu því með sér varnarbandalag Vestur-Evrópu. Hér voru þeir að verki, sem þolað höfðu bölvun tveggja heimsstyrjalda og tæmt höfðu til botns bikar hinna ómælanlegu hörmunga og martraunar hernaðarins. Hér ræddust þeir við, sem af reynslunni vissu, að ekkert var jafnóttalegt sem þriðja heimsstyrjöldin, annað en það eitt að missa frelsi sitt í hendur erlends valds einræðis og kúgunar. Þess vegna reyndu þær að búa sér skjaldborg einingarinnar, þess vegna tóku þær fagnandi þeirri uppástungu utanríkisráðherra Canada, að Canada og Bandaríkin skyldu slást í hópinn, svo að varnarbandalagið mætti verða svo öflugt, að til þess væru að minnsta kosti miklar líkur, að enginn dirfðist að ráðast á það.

Þetta bandalag er nú raunverulega myndað. Það verður formlega stofnað í byrjun næsta mánaðar. Okkur Íslendingum stendur til boða að verða meðal stofnenda þess. Eigum við að játa eða neita? Það er sú ákvörðun, sem bráðlega liggur fyrir okkur að taka.

Ég er ekki viss um, að nokkru sinni í sögu Íslendinga hafi í nokkru máli verið beitt jafnmiklum falsrökum sem andstæðingar þessa máls hafa gert. Í umræðunum hér í kvöld hefur verið maklega flett ofan af þessum herrum. Eftir stendur mynd af flokki, sem veit hvað hann vill, mönnum, sem óska þess, að Ísland verði fráskila við allar þær þjóðir, sem þeir eru skyldastir að ætt, uppruna, andlegu atgervi og átrúnaði, beinlínis í því skyni, að auðveldara megi reynast að hagnýta landið, ef til átaka kemur, til árása á alla dýrmætustu helgidóma mannlegs lífs, frelsi, sjálfsákvörðunarrétt og lífshamingju manna og þjóða. Í fylgd með þeim eru fáeinir menn, flestir fremur vesælir menn, sem eiga enga samleið með kommúnistum og sjálfir það eitt sameiginlegt, að sjálfsmetnaður þeirra er særður, vegna þess að þeir hafa ekki komizt til þeirra metorða og valda í sínum eigin flokki, sem þeim sjálfum finnst, að gáfur sínar og menntun standi til. Slíkar særðar sálir hafa kommúnistadeildir allra landa og þjóða veitt í net sín og beitt fyrir sig. Launin, sem þeir fá, er lof og skjall, sem breitt er yfir sára og sjúka metnaðartilfinningu.

Ég get ekki svarað falsrökum þessara manna á þeim sárafáu mínútum, sem ég hef enn til umráða, með öðrum hætti betur en þeim, að gera grein fyrir, hvers vegna ég tel Íslendingum skylt að svara játandi því boði, sem þeim hefur verið gert um að gerast stofnendur bandalagsins. Fyrst ætla ég þó aðeins að bregða upp skyndimynd af baráttu kommúnista og fylgifjár þeirra í málinu.

Baráttan hefst með því, að áður en kommúnistar hafa nokkra hugmynd um, hvernig þessi samningur mundi verða, telja þeir sig þekkja efni hans að fullu. Þeir skýra þjóðinni frá því og tryggja að sjálfsögðu, að þar séu lagðar á Íslendinga allar þær kvaðir, sem þjóðin sízt vill undir gangast.

Þegar svo sáttmálinn liggur fyrir, og það kemur í ljós, að ekkert, bókstaflega ekki eitt einasta atriði af því, sem helzt gæti orðið ásteytingarsteinn í augum þjóðarinnar, felst í sáttmálanum, þá er svarað með því, að ekkert sé að marka, hvað í samningnum standi, hann sé saminn til að blekkja Íslendinga, hver grein hans sé orðuð með alveg sérstakri hliðsjón af baráttu „þjóðvarnarfélagsins“ á Íslandi. Hafa menn nokkru sinni heyrt aðra eins firru? Halda menn nú virki-

lega, að þeir fulltrúar átta þjóða, sem við samningaborðið hafa setið undanfarna mánuði til þess að semja eitt merkasta plagg, sem nokkru sinni hefur verið lagt fyrir þjóðir veraldarinnar, hafi stöðugt dvalið með hugann á Íslandi og að jafnaði sagt hver við annan: Já, nú eru góð ráð dýr, þessa grein verður að orða svona og svona, annars fáum við séra Sigurbjörn á móti okkur, o. s. frv.

Engin grein samningsins miðast við Íslendinga sérstaklega, þó að sérstaða Íslands rúmist innan samningsins. Og enginn þeirra manna, sem þær hafa samið, þekkir þá froðusnakka, sem undanfarna mánuði hafa verið að reyna að svíkjast aftan að þjóð sinni í skjóli hempunnar. En þessi vinnubrögð, slíkur málflutningur, hann sýnir vel, hvaða málstað þessir menn eru að verja.

Af háværum ópum andstæðinga málsins er eitt, sem langhæst hefur hljómað. Það er þetta: „Íslendingar mega aldrei gerast þátttakendur í hernaðarbandalagi.“ Þetta hefur fengið mikinn hljómgrunn í hjörtum friðelskandi almennings, sem þá jafnframt hefur verið boðið miklu meira öryggi og betra skjól með þeim einfalda hætti að lýsa yfir hlutleysi Íslendinga.

Ég spyr nú: Vita þessir menn ekki nokkurn skapaðan hlut, hvað þeir eru að segja? Vita þeir ekkert um sjálft aðalatriði þess máls, sem þeir mánuðum saman hafa verið að fjalla um? Eru þetta hreinir fávitar, eða eru þeir forheröingin sjálf — umvafin hempunni?

Ísland er í hernaðarbandalagi. Sameinuðu þjóðirnar eru bandalag friðelskandi þjóða, sem hafa heitið að halda uppi friðnum í heiminum og beita til þess vopnavaldi, ef með þarf. Meðlimir Sameinuðu þjóðanna hafa af frjálsum vilja lagt á sig þær kvaðir að leggja af mörkum her og aðstöðu, ef þess verður af þeim krafizt. Þannig er sá sáttmáli, sem Íslendingar undirrituðu af fúsum vilja og með einróma samþykki Alþingis 1946. Þessi sáttmáli er enn óbreyttur. Íslendingar eru enn meðlimir þessa félagsskapar. Hin eina breyting, sem á er orðin, er sú, að Sameinuðu þjóðirnar hafa valdið Íslendingum sem öðrum vonbrigðum vegna þess, að þær hafa fram að þessu ekki megnað að beita hervaldi, þótt með hafi þurft í þágu friðarins.

Sáttmáli sá, sem hér á að gera, er einmitt sprottinn af þessum vonbrigðum. Hann er tilraun til að skapa þátttakendum hans þann frið og það öryggi, sem Sameinuðu þjóðunum var ætlað að skapa öllum þjóðum heimsins. Hann er í einu og öllu gerður innan ramma sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. 51. gr. þessa sáttmála. Fyrir okkur Íslendinga er sá einn munur á þessum samningi og sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að við undirskrift þessa sáttmála fáum við miklu skýrari viðurkenningu á sérstöðu okkar sem vopnlausrar þjóðar en okkur tókst að fá, þegar við undirrituðum þær hernaðarlegu skuldbindingar, sem felast í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þetta er sannleikur málsins. Um hlutleysið er óþarft að ræða. Saga allra þjóða, líka okkar Íslendinga, sannar, að það hefur reynzt einskis virði, þegar á hefur reynt, en úr því svo hefur verið, hvaða heilvita manni getur þá til hugar komið, að svo verði ekki einnig framvegis? Komi til átaka, sem við vonum og biðjum forsjónina að forða okkur frá, þá veit sá, sem þann ægilega hildarleik hefur, að baráttan er barátta um líf eða dauða, líf eða dauða heilla þjóða og óskyldra hugsjóna. Í slíkum átökum man enginn eftir því, að Íslendingar vilja vera hlutlausir, ef landsins á annað borð er þörf. Af öllu, sem víst er, er þetta vísast. Og svo hitt, að Íslands verður þörf og dregst því án alls efa inn í styrjöldina strax á fyrsta degi hennar. Allt þetta veit enginn betur en Brynjólfur Bjarnason, þótt hann segði annað.

Atlantshafssáttmálinn liggur nú fyrir, hefur legið fyrir umheiminum um nokkurt skeið, og þá líka fyrir okkur Íslendingum. Hann er sáttmáli um það, að frjálsar þjóðir efni til frjálsra samtaka til varðveizlu friðnum í veröldinni. Hann er hollustueiður frelsisunnandi þjóða til friðar, jafnréttis og sjálfsákvörðunarréttar. Hann er sáttmáli um það, að sérhver þjóð ákveði sjálf, hvað hún telur sig bæra um að leggja af mörkum og hvenær. Hann er, hvað Íslendinga sérstaklega áhrærir, sáttmáli um það, að þar sem Íslendingar engan her hafi, skuli þeir heldur engan her þurfa að stofna og enga hermenn leggja af mörkum, þótt til styrjaldar komi. Hann er sáttmáli um það, að engin þjóð skuli nokkru sinni hafa her á Íslandi á friðartímum. Hann er sáttmáli um það, að aldrei skuli herstöðvar vera á Íslandi á friðartímum. Hann er sáttmáli um það, að Íslendingar láni baráttunni fyrir frelsinu sömu afnot af landi sínu, ef til átaka kemur, sem þeir gerðu í síðustu styrjöld. Hann er sáttmáli um það, að reyni nokkur nokkru sinni að teygja hramm sinn yfir fald Fjallkonunnar, þá rísi 330 milljónir bezt menntu þjóða veraldar upp til varnar frelsi hennar og fullveldi.

Sáttmálinn er mesti og merkasti friðarsáttmáli, sem nokkru sinni hefur verið gerður í heiminum. Hann er sterkasta, já, ef til vill einasta von mannkynsins um, að komizt verði hjá voða þriðju heimsstyrjaldarinnar.

Íslendingar eiga ekki að skerast úr leik, þegar þeir eru kvaddir til ráða, þar sem örlög mannkynsins eru ráðin. Þvert á móti ber Íslendingum að miklast af þátttöku sinni í svo gæfuríkum atburðum. Og Íslendingum ber öðrum fremur að fagna þessum sáttmála, sem þeir eru öðrum síður færir um að verja sig sjálfir. Og ef vonirnar skyldu bresta og einræðisöflin yrðu þess valdandi að til ófriðar komi, þá verður ekki aðeins barizt um hugsjónir Norðmanna, Dana, Breta, Bandaríkjamanna, Belgíumanna, Luxembourgbúa, Frakka, nei, — skoðanafrelsi, málfrelsi, ritfrelsi, fundarfrelsi, — allt er þetta helgustu hugsjónir Íslendinga. Ef Íslendingar vita enn ekki, hvers þeir meta frelsið, þá er það af því einu, að fram að þessu hafa þeir verið svo gæfusamir, að þurfa ekki að kenna á skorpionum kúgunar og ofbeldis. Eitt ár, einn mánuður, einn dagur í því helvíti á jörðu mundi nægja til þess að færa Íslendinga í skilninginn um, að þeir elska frelsið meira en sjálft lífið. Þeir mundu því fúsir til sérhverrar þátttöku, hvers kyns sem væri, í baráttunni fyrir endurheimt frelsisins, hins dýrmæta frelsis, ef þeir einu sinni hefðu misst það. En ef þetta er rétt,

og það er rétt — Íslendingar —, hversu miklu fremur ber okkur þá ekki að taka þátt í þeim voldugu samtökum, sem nú er til stofnað í því skyni að verja frelsið, okkar frelsi jafnt sem annarra frelsi, þegar okkur er gerður þess kostur án herskyldu og hersetu og án allra kvaða annarra en þeirra, sem við sjálfir viljum á okkur leggja, og þegar við jafnframt vitum, að þátttaka okkar í þessum samtökum er öruggasta og jafnvel einasta ráðið til þess að tryggja það, að komi til átaka, verði Ísland varið þannig, að Íslendingar lifi, — en deyi ekki.

Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir augum alheimsins. Smáir og varnarlausir, en einlægir í trú okkar á lýðræði og frelsi, eigum við nú að velja eða hafna, velja það að leggja okkar litla hlut af mörkum til þess að freista þess að firra mannkynið ógn nýrrar styrjaldar, en tryggja eftir lítilli getu sigur frelsis og mannhelgi, ef til átaka kemur, — velja þetta eða hafna því.

Svarið getur aldrei orðið nema eitt, einfaldlega af því, að okkur skortir frambærileg rök fyrir því að synja því tilboði, sem okkur hefur verið gert. Við getum ekki, án þess að flekka manndóm okkar, þjóðarmetnað og virðingu, játað lýðræði og frelsi hollustu, en sagt þó: Komi til einhverra átaka í veröldinni um þessar okkar helgustu hugsjónir, þá sitjum við hjá — erum algerlega hlutlausir. Það er áhættuminnst fyrir okkur. En blessaðir berjizt þið, og Guð gefi ykkur góðan sigur. Að slíkri þjóð verður hlegið, og það að vonum.

En Íslendingar verða ekki til athlægis. Svar okkar verður já, — eindregið já.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. kvartaði yfir því hér í ræðu sinni áðan, að ekki væri talað um annað en Atlantshafsbandalagið við þessar umræður. Ég ætla nú raunar að tala um það, en ætla þó að veita hv. þm. ofur litla úrlausn með því að tala fyrst um sitt hvað annað.

Hv. 4. landsk. talaði um, hvernig farið hefði, ef stefna Framsfl. hefði orðið ofan á á árunum 1944—46, þá hefðu engir bátar verið keyptir o. s. frv. Ég vil nú leiðrétta þetta. Í fyrsta lagi er það, að mestur hluti bátanna var keyptur af utanþingsstjórninni, eða fyrir þetta stjórnartímabil, sem hv. þm. nefndi, og voru þessi kaup gerð með góðum stuðningi Framsfl. Sá flokkur barðist heldur aldrei gegn togarakaupunum, það haggar engu þar um, hve oft sú skröksaga er endurtekin.

Þá sagði hv. þm., að fjárlög væru enn óafgreidd og dýrtíðin færi sívaxandi. En hvers vegna er ekki búið að afgreiða fjárlög? Ég skal ekki fara svo langt út í það, enda er ég ekki viss um, að það væri til neinnar gleði fyrir þennan hv. þm. En sannleikurinn er sá, að kommúnistar eiga mestan hlut í því, hvernig komið er fjármálum landsins. Sama er um dýrtíðina og verðbólguna að segja. Hvernig stendur á því, að hún hefur heldur vaxið tvö síðustu árin? Það er vegna þess, sem eftir var skilið, þegar kommúnistar fóru úr ráðherrastólunum. Það er ekki óskemmtilegt hlutverk, sem þessir menn hafa valið sér, og fer ég ekki nánar út í það.

En núverandi stj. hefur tekið upp nýja stefnu í landbúnaðarmálum, afurðasölumálum og félagsmálum landbúnaðarins, fjárfestingar- og gjaldeyrismálum, og þannig mætti lengi telja. Margs hefur verið vel gætt og í öllu betur en áður. Fyrir starf fjárhagsráðs hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til að koma skipulagi á fjárfestinguna og atvinnulífið, komizt hefur verið hjá skuldasöfnun erlendis, og með dýrtíðarlögunum frá 1947 hefur tekizt að draga úr verðbólgunni. Framleiðslukostnaður bátaútvegsins hækkaði ekki árið 1948, og er það í fyrsta sinn síðan fyrir stríð. Margt fer þó aflaga, og ástandið er á ýmsan hátt geigvænlegt í innanlandsmálum, svo geigvænlegt, að ekki er hægt að eyða löngum tíma í að ræða Atlantshafsbandalagið, heldur verður, strax og búið er að afgreiða það mál, að snúa sér að innanlandsmálunum. Framsfl. leggur áherzlu á, að takast megi að lækka svo kostnaðinn við að lifa og framleiða í landinu, framfærslu- og framleiðslukostnaðinn, að í stað nýrrar verðbólguöldu komi þróun í aðra og skynsamlegri átt. Í þessu skyni hefur flokkurinn, eða þingmenn hans, lagt fram allmörg frumvörp, sem stefna í þessa átt og munu verða tekin fyrir hér á næstunni.

Allir vita, að kommúnistar flytja nú vantraust sitt til að blanda inn í þær umræður áróðri gegn Atlantshafsbandalaginu, og því hefur af hálfu ríkisstj. og stuðningsflokka hennar verið lögð áherzla á að gera sem gleggsta grein fyrir því máli, og vík ég nú aftur að því.

Hv. 6. þm. Reykv. kvartaði mikið undan því, að hér skyldi nálega eingöngu vera rætt um Atlantshafsbandalagið af hálfu stjórnarflokkanna. Já, það er skaði skeður, að kommúnistar skuli ekki einir fá næði til að blekkja í því máli. Hv. 4. landsk. sagði, að ef Bandaríkin felldu þann dóm, að hætta væri á ferðum, þá gætu þau þegar komið hér upp herstöðvum, en í 4. gr. samningsins er þvert á móti talað um, að samningsaðilar skuli ráðgast um eða hafa samráð um sín í milli, hvenær öryggi einhvers þeirra sé talið stofnað í hættu, og í 5. gr., þar sem talað er um skuldbindingar aðila, er komizt svo að orði, að hver og einn þeirra geri það, sem hann álítur nauðsynlegt til að koma á og varðveita öryggi. En hv. 4. landsk. túlkar þetta bara þannig, að hann segir, að ef skotin sé niður flugvél yfir Berlín, þá séum við þar með komnir í stríð. Það er engin furða, þótt hv. 6. þm. Reykv. vildi, að sem minnst væri um þetta mál talað nema af hálfu kommúnista, þegar þannig er á málum haldið. Enn fremur sagði hv. 4. landsk., að Íslendingum bæri að hervæðast samkvæmt samningnum, þó að það sé skýlaust tekið fram í 5. gr., að það sé alveg á valdi hvers og eins samningsaðila, hvað gera skuli í því efni. Ég bendi á í þessu sambandi, að í einu blaði hér, Þjóðvörn, var nýlega þessi fyrirsögn: „Skýlaus ákvæði Atlantshafssáttmálans: Skylda til vígbúnaðar og stríðsaðild. Samkvæmt samningnum ber Íslandi skylda til að setja upp her, setja lög um hermál og fara í stríð, þegar Bandaríkjunum sýnist.“ Þetta er sá boðskapur, sem blaðið hefur að færa. Er nú nokkur undrandi á því, þótt þing-

menn stjórnarflokkanna telji nauðsynlegt að tala um Atlantshafsbandalagið, þegar svona er að málunum staðið.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði á þá leið, að óleyfilegt samstarf við aðrar þjóðir um öryggismál Íslands hefði byrjað með herverndarsamningnum við Bandaríkin 1941. En hann og hans flokkur létu ekki af að gorta af þeim samningi, meðan Rússar börðust móti Þjóðverjum, og sér maður glöggt af þessu samræmið í því, sem kommúnistar mega segja hverju sinni.

En hvernig stendur nú á baráttu kommúnista hér gegn Atlantshafsbandalaginu. Ég gat þess áðan, að ástæðan er sú, að þeirra hlutverk er að berjast fyrir málstað alþjóðakommúnismans og Rússa og að þeir fyrirlíta í rauninni hlutleysishugtakið af innsta hjartans grunni. Ég skal nú vitna í nokkur ummæli því til staðfestingar.

Í Þjóðviljanum 4. nóv. 1938, eða um ári fyrir styrjöldina, stendur þessi klausa:

„Sósíalistaflokkurinn samþykkti á stofnþingi sínu að berjast fyrir því, að Ísland fengi öryggi sitt betur tryggt en nú er, með samningi við sterk stórveldi (en nú þykir vænlegra að flagga með hlutleysinu), er standa munu við orð sín. Nú vita allir, að franski og enski verkalýðurinn heimtar nánara bandalag við Sovétríkin og Bandaríkin. Og jafnvel íhaldsmenn, eins og Duff-Cooper, taka undir þetta. Allir menn, sem ekki vilja selja land sitt undir fasisma Þýzkalands, heimta þetta bandalag. (Þarna er ekki verið að heimta hlutleysi, heldur bandalag.) Og Bandaríkin standa okkur Íslendingum nærri og munu standa við orð sín, meðan Roosevelt ræður a. m. k.“

Þetta var sagt 1938. Þá var það ekki úrræðið að vera hlutlaus, heldur mynda bandalag til að verjast hættunni. Nú mætti aðeins setja orðið kommúnismi í staðinn fyrir nazismi, annað hefur ekki breytzt, jú, auk þess er sá munurinn, sem engum kemur á óvart, að nú vilja kommúnistar, að Íslendingar séu hlutlausir. Er nokkur svo grunnhygginn, að hann skilji þetta ekki?

Aftur ætla ég að vitna í blað kommúnista, Þjóðviljann. Þetta sama ár, 1938, sagði Einar Olgeirsson:

„Það má enn fremur segja, að eftir afstöðu hvers manns og hvers flokks, í hvaða landi sem er, til Sovétríkjanna fari það, hvort hann vill vernda frelsi sitt og þjóðar sinnar gegn tortímingu.“

Þetta fer svo sem ekki eftir afstöðu til innanlandsmála, heldur eftir afstöðunni til Sovétríkjanna, hvort menn vilja frelsi sinnar þjóðar eftir þessari kenningu að dæma.

Og áfram heldur Einar Olgeirsson:

„Án bandalags við Sovétríkin er trygging lýðræðis og þjóðfrelsis óhugsandi.“

Nú er komið dálítið annað hljóð í strokkinn, nú vilja kommúnistar vera hlutlausir. En nú dylst engum manni lengur, hver er raunverulega meiningin hjá þeim.

Ég skal svo ekki lengja þessar umræður miklu meira. Eins og ég drap á áðan, gefst vonandi brátt tími til þess hér á Alþ. að ræða innanlandsmál. Það er sannarlega ástæða til að vera áhyggjufullur um þau mál, og ríður ekki á öðru meira en að leysa þau. M. a. af þeim sökum er nauðsynlegt að afgreiða þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu sem allra fyrst, svo að hægt sé að snúa sér að innanlandsmálunum. Sjálfstæði Íslands stafar ekki hætta af Atlantshafsbandalaginu, heldur af því, ef við sjáum ekki okkar málum þannig farborða, að við getum lifað sem frjáls þjóð í frjálsu landi. Og það eru einmitt kommúnistar, sem eru og munu verða dragbíturinn á það, að Íslendingar geti borið höfuðið hátt sem frjáls og sjálfstæð þjóð.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. talaði um það, að undarlegt væri, inn á hvaða svið umræðurnar hefðu beinzt hér í kvöld. En kommúnistar hafa sjálfir gefið tilefnið.

Síðustu mánuði hefur mikið verið um það rætt á Íslandi, að átök kynnu að verða um örlagarík spor í sambandi við athafnir og ákvarðanir Íslendinga í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar. Þetta er vissulega rétt. Íslenzka þjóðin er stödd á vegamótum. Í heimi umsvifamikilla og örlagaríkra athafna á hið unga íslenzka lýðveldi að taka ákvarðanir, er verulegu máli skipti um framtíðaröryggi og fylkingasamstöðu þjóðarinnar.

Árla í nýafstöðnum heimsófriði varð öllum Íslendingum það ljóst, er augu höfðu opin, að landið stóð ekki lengur utan við hin geigvænlegu átök, stríðið var komið að okkar eigin bæjardyrum.

Þegar syrti í álinn og allt útlit varð ískyggilegt fyrir lýðræðisþjóðirnar í baráttu þeirra við ofbeldi, einræði og yfirdrottnun einræðisríkjanna, varð einsætt, að örlög okkar voru óhjákvæmilega samofin átökunum, hvort sem okkur líkaði betur eða verr.

Íslandi var á kurteislegan og vinsamlegan hátt boðið að gerast aðili með Vesturveldunum í vægðarlausri og tvísýnni baráttu þeirra gegn ofurveldi hins ofstækisfulla og tryllta nazisma. Ísland gat ekki, af auðsæjum ástæðum, tekið því boði, þó að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fyndi það vel og skildi, að framtíð hennar væri öll undir því komin, að lýðræðisöflin í heiminum bæru sigur af hólmi í átökunum.

Af illri nauðsyn og raunverulega í framtíðarþágu Íslands hernámu Bretar land okkar. Formleg mótmæli voru, af eðlilegum rökum og ástæðum, flutt af okkar hálfu gegn hernáminu. Forsrh. okkar bað þjóðina að taka ekki illa hinum óboðnu gestum. Og brátt hófst raunveruleg og náin samvinna á milli íslenzkra stjórnarvalda og hernámsliðsins.

Árið 1941 gerði Ísland samning við Bandaríkin og Bretland um hervernd Bandaríkjanna. Frá mínu sjónarmiði var þessi sáttmáli þá þegar í upphafi Íslandi til farsældar. Við sýndum hug okkar, lögðum okkar litla lóð í vogarskálina, bæði til aukins öryggis Íslands og einnig til sameiginlegra átaka í baráttunni fyrir framtíð mannkynsins. Þar fóru saman hagsmunir Íslands og þeirra annarra ríkja og afla í heiminum, sem óhjákvæmilega hlutu mest að orka á farsæla framtíð íslenzku þjóðarinnar.

Ísland var brátt, eða að minnsta kosti eftir að Bandaríkin urðu formlegur stríðsaðili, orðið samvinnuþjóð með þeim ófriðaraðilanum, sem

eðlilegast var og sjálfsagðast og í rökréttustu sambandi við afstöðu okkar til átakanna í heimsmálunum.

Friður var saminn og honum fagnað af heilum hug, ekki sízt af Íslendingum, sem eru og hljóta að verða allra þjóða friðsamastir. En friðurinn varð brátt óöryggur og útlit allt uggvænlegt. Í stað sameinaðra þjóða kom sundraður og tvískiptur heimur. Strax að ófriðnum loknum hófust einhliða og einhæf einræðissamtök undir forustu Sovét-Rússlands, þar sem öll Austur-Evrópa og Dónarlöndin voru reyrð föstum hernaðarsamtökum, og þessu hefur verið fram haldið miskunnarlaust og af fullri harðýðgi fram á þennan dag. Eftir því, sem ég veit bezt, hafa þegar verið gerðir 24 beinir og óbeinir hernaðarsáttmálar í Austur-Evrópu, er hafa að geyma ákvæði um það, að ef á eitt ríkið verði ráðizt, þá skuli hin önnur, er að sáttmálanum standa, veita bæði hernaðarlega og alla aðra aðstoð, sem unnt er að láta í té.

Meðal Austur-Evrópulandanna hafði Tékkóslóvakía um skeið sérstöðu. Benes og Masaryk beittu áhrifum sínum til þess að viðhalda lýðræði og frjálsri hugsun í landi sínu. En kommúnistar urðu þess megnugir með aðstoð svikara og spákaupmanna að leggja landið undir einræði hins alþjóðlega kommúnisma. Tékkóslóvakía var með skyndibyltingu innlimuð í hernaðar- og einræðiskerfi Austur-Evrópu. Kommúnistar um öll lönd ráku upp gleðióp. Jafnvel hér, á takmörkum Atlantshafs og Norður-Íshafs, hrósuðu kommúnistar og auðtrúa og blekktir áhangendur þeirra sigri. Hin ógnandi Austur-Evrópublökk var reyrð saman og ögraði öllum friði og öryggi í heiminum.

Hin friðsömu lýðræðisríki í Vestur-Evrópu og Bandaríki Norður-Ameríku tóku að hefjast handa, bæði til varnar sér og einnig eigi síður til þess að tryggja heimsfriðinn. Árangur þeirra athafna, knúinn fram í varnarskyni og borinn uppi af hugmyndakerfi lýðræðisins, er Atlantshafssáttmálinn.

Íslandi hefur verið boðin aðild að þessum sáttmála og bandalagi lýðræðisríkjanna. Þar er engin þvingun á ferð í austrænum anda. Spurningin er aðeins um það, hvort íslenzka lýðveldið eigi sjálfs síns vegna og hagsmuna sinna að taka þessu boði og gerast þannig einn af aðilunum að samtökum öndvegisþjóða lýðræðis og framfara, eða hvort Ísland eigi að einangra sig, neita öllu samstarfi til öryggis friði í heiminum.

Svarið ætti í raun og veru ekki að vera vandasamt. Ísland er þar, sem það er í heiminum, og yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hyllir hugsjón lýðræðisins og á einnig, í samræmi við sögu sína, menningu og viðskipti, eðlilegasta samleið með þeim ríkjum, bæði norrænum og engilsaxneskum, er að stofnun þessa sambands standa.

Eftir umræður þær, er þegar hafa farið fram hér á Alþingi í dag, og eftir þær greinargóðu skýringar og upplýsingar, sem sérstaklega hæstv. utanrrh. og einnig tveir aðrir hæstv. ráðherrar hafa þegar flutt, þá væri það í raun og veru að bera í bakkafullan lækinn og algerlega ástæðulaust að skýra frekar en orðið er efni og tilgang Atlantshafssáttmálans. Stofnendur Atlantshafsbandalagsins hafa til fulls virt, skilið og metið sérstöðu Íslands sem varnarlausrar þjóðar, sem alls ekki vill né ætlar sér að hervæðast og hafnar því eindregið að hafa erlenda hersetu eða herstöðvar í landi sínu á friðartímum. Allt þetta hefur verið mjög skýrt og skeleggleg fram tekið og á fyllsta hátt viðurkennt og fullkomlega til greina tekið sem ófrávíkjanlegt skilyrði Íslendinga til þess að gerast aðili að þessu friðar- og öryggisbandalagi.

Þó að það sé vissulega endurtekning á umræðunum, tel ég þó rétt að draga fram enn á ný höfuðatriði málsins varðandi Ísland, svo mjög sem þessar staðreyndir verða sízt of oft endurteknar í moldviðri þeirra blekkinga, ályga og óvandaðs málflutnings, sem beinir og óbeinir umboðsmenn hins austræna einræðisríkis hafa uppi haft, bæði í sölum Alþingis og í blöðum sínum og á fundum.

Staðreyndir málsins varðandi aðild Íslands eru óvefengjanlega þessar:

að viðurkennt er af öllum stofnaðilum Atlantshafsbandalagsins, að Ísland hafi engan her og ætli sér alls ekki að stofna her;

að ekki komi til mála, að erlendar herstöðvar verði á Íslandi á friðartímum;

að það sé algerlega á Íslands valdi að ákveða um það, hvaða hernaðaraðstöðu aðrar bandalagsþjóðir hefðu hér á landi, ef til ófriðar drægi;

að árás á Ísland eða undirbúningi að árás á landið yrði hrundið eða bægt frá með sameiginlegum átökum hinna bandalagsþjóðanna.

Þegar það er athugað, að bandalagssáttmálinn er einungis gerður til að öryggja frið og í varnarskyni, ætti það að vera auðsætt, að það er víðs fjarri, að Ísland hverfi frá friðarhugsjón sinni, heldur sé þátttakan í bandalaginu þvert á móti bæði til þess að undirstrika friðarhugsjónir Íslendinga og einnig til þess, ef til ófriðar kæmi, að öryggja landið og frambúðarsjálfstæði þess og frelsi.

Við lifum á einkennilegum tímum falsaðra hugtaka, skefjalausra blekkinga og ofstækisfulls og hatramms áróðurs. Hugmyndakerfi einræðisaflanna, nazismans og kommúnismans, hefur rutt sér geigvænlegar brautir með þjálfaðri, skólaðri og skefjalausri málýtni. Það, sem áður var, og með ótvíræðum rétti og sannindum, kallað óskorað einræði og ofbeldi, er nú í skóla kommúnismans nefnt fullkomið eða einbeitt lýðræði, og jafnvel, til þess að gera það enn þá aðgengilegra, alþýðulýðræði. Það, sem áður var með réttu kölluð einsýn föðurlandssvik og stigamennska, er nú á máli hinnar nýju einræðisstefnu, kommúnismans, kallað föðurlandsást og barátta fyrir hagsmunum þjóðarinnar. Það er einmitt þetta, sem íslenzk alþýða hefur kallað, og það með réttu, öfugmæli.

Aldrei hefur þetta komið betur í ljós en í ofstækisfullri og örvinglaðri baráttu íslenzkra kommúnista og einstakra fylgifiska þeirra gegn þátttöku Íslands í öryggis- og friðarbandalagi lýðræðisþjóðanna. Þar er öllum nöfnum öfugmælanna beitt í örvæntingarfullri baráttu kommúnista til þess að fjarlægja Íslendinga samstarfi við lýðræðisríkin, um leið og keppt er að því, að land okkar sé opið, varnar- og samherjalaust, ef því einræðisríki, sem lagt hef-

ur undir sig mörg lönd og ríki með tugum millj. íbúa, auk þess sem fjölmörg önnur ríki og lönd eru nú háð valdi þeirra og geðþótta, þótt formlega séu frjáls, — ef þessu sama einræðisríki þætti sigurvænlegt að ná Íslandi á sitt vald. Þessi fimmta herdeild í öllum löndum, kommúnistar, skreyta sig á skammarlegan hátt nafni föðurlandsvinanna, um leið og þeir blygðunarlaust og með fullu ofstæki reka erindi austræns einræðisríkis gegn hagsmunum sinnar eigin þjóðar.

Í öllum lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu hafa kommúnistar barizt hatrammri og ósvífinni baráttu, þar sem ekki hefur verið skirrzt við að beita ofbeldi gegn þátttöku þessara ríkja í friðar- og öryggissamtökum Atlantshafsbandalagsins. En það er vissulega ekki torráðin gáta, hvers vegna fimmtu herdeildirnar fylkja liði. Boðið frá Moskvu ræður þar öllu um. Þegar blásið er í hinn austræna lúður, þeysa fylkingarnar fram, fullar ofstæki og ofstopa og sjást hvergi fyrir. Og þeir „nytsömu sakleysingjar", sem taka sér stöðu í þessari fylkingu, eru vissulega verðir meðaumkunar; þeir vita ekki, hvað þeir gera, ef þeir þá ekki eru ánetjaðir af hinum austræna áróðri.

Þessi herdeild geysist nú fram gegn þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Hún sparar hvorki fé né fyrirhöfn, stór orð né ofbeldishótanir og framkvæmdir. Þar dugar ekkert á móti annað en einhuga athafnir, styrkur vilji og staðfesta allra lýðræðissinna, sem skilja það og vita, að halda verður markaða braut, beint og ákveðið, til styrktar öryggi Íslands og órofa samtökum þess í bandalagi friðelskandi þjóða. Sú braut er mörkuð. Hún verður gengin ákveðið og örugglega. Fáryrði og ofbeldishótanir íslenzkra kommúnista og fylgifiska þeirra fá þar engu um breytt.

Íslenzki Alþýðuflokkurinn hefur, eins og allir jafnaðarmannaflokkar í Vestur-Evrópu, mjög eindregið ákveðið afstöðu sína. Á miðstjórnar- og þingflokksfundi 23. þ. m. ályktaði Alþfl. í beinu framhaldi af ákvörðun síðasta flokksþings eftir ótvíræðum upplýsingum, sem fyrir lágu,

að Atlantshafssáttmálinn sé mikilsverð ákvörðun til tryggingar friði og bandalagið eingöngu stofnað til varna, en ekki til árásarstríðs;

að tryggt sé, að engin skylda hvíli á Íslandi, hvorki til að stofna eigin her né leyfa erlendar herstöðvar og hersetu hér á landi á friðartímum;

að það sé algerlega á valdi Íslands, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til að láta í té aðstöðu hér á landi, ef til stríðs kæmi, og

að öryggi Íslands sé í verulegum atriðum tryggt með þátttöku í Atlantshafsbandalagi.

Í samræmi við þessa skýru ályktun ákvað miðstjórnin að fela ráðherrum sínum og þingflokki að vinna að því, að Ísland gerðist stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu.

Þannig hefur miðstjórn og þingflokkur Alþfl., sem í samræmi við lög og heföbundnar reglur markar stefnu flokksins á milli þinga hans, skýrt og ákveðið tekið ófrávíkjanlega afstöðu til þessa mikilsverða máls.

Ríkisstjórn Íslands hefur um nokkurra mánaða skeið fylgzt með og aflað sér hinna skýrustu og beztu upplýsinga um Atlantshafsbandalagið og sáttmála þess. Í því skyni fór hæstv. utanrrh. og hæstv. tveir aðrir ráðherrar til Bandaríkjanna, til þess að ganga að lokum algerlega úr skugga um það, hvaða réttindi og skyldur Íslandi til handa þessi sáttmáli hefði að geyma. Eftir að ráðherrarnir höfðu gefið ýtarlegar skýrslur um þetta allt til ríkisstj. og þær einnig verið gefnar stuðningsflokkum ríkisstj. og ráðgazt hafði verið við þá um afstöðu til málsins, ákvað ríkisstj. einróma og mjög eindregið að leggja það til við hv. Alþingi Íslendinga, að það ákveði, að Ísland yrði stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu og fæli ríkisstj. að undirrita yfirlýsingu þar um.

Það er að mínu viti skilyrðislaust í samræmi við hagsmuni íslenzku þjóðarinnar að taka þátt í samstarfi með öðrum lýðræðisríkjum til þess að efla friðinn og styðja að alþjóðlegu öryggi. Hugsjónin um samstarf þjóða til verndar friði og eflingar lýðræði á vissulega að eiga sterk ítök í hugum allra góðra Íslendinga. Þess vegna munu þeir af heilum hug og einlægri sannfæringu standa að baki ákvörðun Alþingis, sem tekin verður innan skamms um þátttöku Íslands í friðar- og öryggissamstarfi Atlantshafsbandalagsins.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 37:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl.

nei: HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BK, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, JPálm.

GÞG, HV, HermJ, PZ, SkG greiddu ekki atkv.

1 þm. (StgrA) fjarstaddur.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar hv. 3. landsk. þm., Hannibals Valdimarssonar, leyfi ég mér að gera eftirfarandi grein fyrir atkv. okkar. Við vorum andvígir þessari stjórnarmyndun, þegar til hennar var stofnað, sökum þess að við höfðum rótgróna vantrú á því, að hægt sé að stjórna landinu með hagsmuni verkalýðs og launþega fyrir augum í samvinnu við Sjálfstfl. Við teljum reynsluna af stjórnarsamvinnunni hafa staðfest þessa vantrú okkar á Sjálfstfl. Álítum við, að honum hafi tekizt að móta stjórnarstefnuna of mikið í anda sinnar flokksstefnu. Hins vegar teljum við, að taka eigi ákvörðun um það innan þeirra flokka sjálfra, sem að stj. standa, hvenær þeir óska að láta stjórnarsamvinnunni lokið, og greiðum því ekki atkvæði um þessa vantraustst illögu.

Hannibal Valdimarsson: Með tilvísun til greinargerðar hv. 4. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er kunnugt, að ég var þegar í upphafi andvígur þessari stjórnarmyndun, þar sem ég taldi málefnagrundvöllinn algerlega ófullnægjandi. Ég hef þegar einu sinni greitt atkv. móti vantrausti á stj. og vildi með því gefa henni tækifæri til að sýna, hvers hún væri megnug. Nú er hins vegar sýnt, að ríkisstj. er ekki fær um að leysa þau vandamál, sem að henni steðja, en þar sem hætt er við, að enn meira öngþveiti mundi skapast, ef stj. yrði nú felld, en fjárlögin og mörg fleiri mál eru enn þá óafgreidd, þá mun ég ekki greiða atkv. um þessa tillögu.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það leiðir af sjálfu sér, að tæplega er hægt að búast við, að 4/5 hlutar Alþingis, sem standa að ríkisstj., úr mörgum flokkum, séu ánægðir með allar gerðir stj., en afstaðan til þessarar stj. er, að því er mig snertir, mörkuð af tveimur meginmálum. Mér var ljóst fyrir 26 árum, að um leið og byltingarflokkur byrjaði að starfa á Íslandi, hlyti borgarar landsins að sameinast gegn þeirri hættu, sem stafaði af þessum flokki, minni ágreiningsefni yrðu að víkja fyrir vörn hins frjálsa lýðskipulags. Árið 1939 var mynduð ríkisstj. á þessum grundvelli. Með þeim borgfriði, sem þá skapaðist, var þjóðin sameinuð í styrjaldarháskanum og lýðveldismyndunin ákveðin og undirbúin. Nú hafa borgaraflokkarnir aftur tekið höndum saman um ríkisstj. Þeir hafa beitt sér eftir megni gegn byltingarhættunni. Oft hafa þessi átök verið veik, en þó stefnt í rétta átt. En allar líkur benda til, að þessar stj. muni takast að endurtryggja íslenzka lýðveldið. 4. apríl 1949 á að verða næst eftir 17. júní 1944 mikill merkisdagur í frelsisbaráttu Íslendinga. Vegna hins borgaralega samstarfs og aðgerða ríkisstj. í bandalagi þingstjórnarlandanna segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég var á móti því, að þessi stj. yrði mynduð, vegna þess að ég treysti henni hvorki til að beita sér fyrir að þær ráðstafanir væru gerðar, er þurfti til að rétta við fjárhag ríkisins, né beita sér fyrir viðréttingu atvinnulífsins, en þetta hvort tveggja var komið í óefni hjá fyrrv. ríkisstj. Traust mitt á ríkisstj. hefur í engu breytzt við starf hennar þessi tvö ár. Í stað þess að vinna að fjárhagslegri viðreisn ríkisins og atvinnulífsins, vinnur hún nú að því að grafa sína eigin gröf. Því verki miðar svo vel áfram hjá henni, að ég sé enga ástæðu til að leggja hönd að verkinu og greiði því ekki atkvæði.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég lít svo á, að hjá núverandi hæstv. ríkisstj. hafi margt farið miklu verr en skyldi og stjórn hennar á ýmsum málum, t. d. viðskiptamálum og fjármálum, sé með öðrum hætti en vera ætti. En verði stj. vikið frá nú þegar, er hætt við, að erfitt muni reynast að mynda nýja stj. þegar í stað, og gæti þá svo farið, að afgreiðsla aðkallandi mála á þinginu, eins og t. d. samþykkt fjárlaganna fyrir þetta ár, sem ekki er lokið, en átti að ljúka fyrir síðustu áramót, væri stefnt í enn meiri óvissu en nú er. Af þeirri ástæðu tel ég ekki fært að fylgja till. um vantraust á ríkisstj. að svo stöddu og greiði ekki atkv.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

I. Mænuveikivarnir.

Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um samgöngubann til að hindra útbreiðslu mænusóttar [112. mál] (A. 280).

Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 27. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Alþ. getur eigi verið ókunnugt um, að vaxandi óánægja og uggur er í landinu út af útbreiðslu mænuveikinnar og tjóni, sem af því skapast. Hefur lítið verið gert til að hindra hana. Hæstv. forseti Ed. fór til þess bæjar, þar sem hún geisar, og liggur þar nú veikur. Ég skal ekki fullyrða um þátt heilbrigðismálastjórnarinnar í þessu og býst við, að hún segi, að enginn viti neitt. En þótt menn viti ekki vel um þetta, þá getur hver maður séð það, hver hætta stafar frá þessu. Læknirinn á Dalvík hefur fyrirskipað samgöngubann við Akureyri, sem er ekki langt frá. Þó að læknar vildu gera slíkt hið sama, er það eigi kleift sökum skorts á heildarskipulagi. En menn munu sjá afleiðingarnar af veikinni. Líkur benda til, að forseti Ed. væri enn heill heilsu vor á meðal, hefði hann ekki farið til Akureyrar. Veikin berst með smitun, og hið eina, sem hægt er að gera, er að banna samgöngur allar við sýkta staði útbreiðslu veikinnar til hindrunar. Menn geta nú sagt, að þeir séu ekki ábyrgir, því að læknarnir viti ekkert um, hvernig þeir eigi að bregðast við. Við eigum þá að taka til okkar ráða og gera viðeigandi ráðstafanir til úrlausnar, að því er skynsemin segir okkur. Ég þykist vita, að ég mæli fyrir allan þorra landsmanna, sem þykir uggvænt um útbreiðslu veikinnar. Finnst mér rétt, að undireins sé úr því skorið, hversu á að hefta hana.

Ég álít, að enga nefndarskipun þurfi í þetta mál, en verði því þó vísað til n., þá vil ég leyfa mér að óska þess, að það verði eigi tafið þar um of.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þegar ljóst var, að mænuveikin væri komin upp á Akureyri, útbreidd þar eða sýnt, að svo mundi fara, þá ráðgaðist heilbrigðismálastjórnin um það við landlækni, hvað eðlilegast væri að aðhafast. Landlæknir benti þá rn. á, hvernig menn hefðu hagað sér áður í þessum efnum. Niðurstöðurnar af þessum bollaleggingum voru þær, að landlæknir skyldi heimila einstökum héruðum að setja sig í sóttkví samkv. þeim ákvæðum, sem um slíkt eru í sóttvarnalögum. En hann vildi ekki leggja það til, að heilbrigðismálastjórnin ætti frumkvæði um slíkt. Svarfdælalæknishérað hefur farið fram á bann og það verið heimilað. En faraldur þessi fór vaxandi og hagaði sér þó með ólíkum hætti. Prof. Jón Hj. Sigurðsson var sendur sem fulltrúi landlæknis til Akureyrar til að fylgjast með málinu og hefur verið í ráðum með landlækni síðan. Nú beindi rn. sérstakri fsp. til landlæknis, hvort stefnubreyting væri nauðsynleg í málinu og íhuga skyldi, hvort ástæða væri til að gera einhverjar ráðstafanir. Kvaddi landlæknir þá læknaráð til, sem sendi síðan álitsgerð um málið. En spurning heilbrmrn. til landlæknis var sú, hvað unnt mundi vera að gera til að hindra útbreiðslu veikinnar til Rvíkur. Hér er þéttbýlið mest á landinu, og af þeirri niðurstöðu, er fengist um Reykjavík, væri unnt að ráða, hvað gera skyldi annars staðar. Ráðuneytinu barst síðan skýrsla frá landlækni, sem skrifar bréf þ. 31. des. s. l. um álitsgerð læknaráðs varðandi Akureyri o. fl., en hún hljóðar á þessa leið:

„Læknaráð, heilbrigðismáladeild. Reykjavík, 31. des. 1948.

Fyrir hönd ráðherrans, sem fer með heilbrigðismál, hefur landlæknir leitað umsagnar læknaráðs um mænusóttarfaraldurinn á Akureyri, með sérstöku tilliti til þess, hvort nokkuð sé unnt að gera til að verjast því, að sóttin berist til Reykjavíkur og nái sér þar niðri.

Málið er lagt fyrir læknaráð á þá leið, sem að framan greinir.

Álitsgerð heilbrigðismáladeildar læknaráðs:

1. Akureyrarfaraldurinn.

Faraldurinn virðist allútbreiddur, en vægur. Skráð tilfelli munu nú vera 365. Sjö hafa lamazt verulega, en enginn dáið. Veikin tekur einkum ungt fólk, á aldrinum 14—30 ára, mjög fá börn

hafa sýkzt og ekkert yngra en 8 ára. Veikinnar hefur talsvert orðið vart í framhaldsskólum, t. d. heimavist Menntaskólans. Fyrir hefur komið, að margir hafa veikzt á sama heimili. Í öllum fjöldanum er sótthiti 37,2°—37,4° að morgni, en 37,6°—38° að kvöldi.

Veikinnar varð fyrst vart 25. sept. s. l. Í október voru skráð 6 tilfelli, í nóvember 256 og virðist faraldurinn hafa náð hámarki 15.—25. nóv. Í desember hafa verið skrásett tæp 100 tilfelli, og lítur út fyrir, að veikin sé í rénun.

2. Varnir Reykjavíkur.

Ef svara á þeirri spurningu, hvað unnt sé að gera til varnar gegn því, að faraldurinn berist til Reykjavíkur, kemur til álita, hvort setja beri á samgöngubann við Akureyri. Heilbrigðismáladeild læknaráðs telur, að ekki mundi sérlega mikils árangurs að vænta af slíku banni.

Mænusóttar faraldrar reynast að jafnaði nokkuð staðbundnir, þótt einstök tilfelli komi að vísu fyrir utan aðalsvæðanna. Þetta mun tæpast stafa af því, að smitið berist ekki víðar, en fremur af hinu, að ýmis önnur skilyrði til sýkingar séu ekki fyrir hendi. En ekki verður enn skýrt, hver þau skilyrði eru.

Hér í Reykjavík hefur veikinnar orðið vart í hverjum mánuði síðan í ágúst, svo að smitið virðist vera fyrir hendi, hvaðan sem það er komið, án þess þó að faraldur hafi hlotizt af. Ekki er ólíklegt að smitið kunni að vera útbreiddara hér en fjöldi sýktra gefur beinlínis ástæðu til að ætla, því að talið er, að heilbrigðir smitberar komi mjög til greina.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið sagt, má benda á, að veikin hefur stungið sér niður á Akureyri þegar í september og október og gengið sem farsótt þar nú um tveggja mánaða skeið a. m. k. en ekki borizt til Reykjavíkur sem farsótt, þrátt fyrir óheftar samgöngur.

Af framan tíðum ástæðum er ljóst, að ólíklegt er, að nokkur trygging fáist fyrir því, að veikinni verði bægt frá Rvík, þótt samgöngubann yrði sett á við Akureyri. Væri slíkt bann sett, mundi ekki nægja að láta við það eitt sitja, heldur yrði þá að setja á samgöngubann við hvern þann stað — bæ eða byggðarlag — þar sem veikinnar hefur orðið vart eða yrði vart. Gæti þá svo farið, að einangra yrði Reykjavík um óákveðinn tíma. Augljóst er, að slíkt yrði illframkvæmanlegt og styddist naumast við skynsamleg rök, þar eð veikinnar hefur þegar orðið vart að mundanförnu innan endimarka bæjarins.

Með þessu skal engan veginn sagt, að veikin geti enn ekki borizt út sem farsótt hér í Reykjavík, þótt stutt sé að vísu liðið síðan hún gekk hér sem faraldur. Er allur vari góður, og mun héraðslæknirinn í Reykjavík gefa út leiðbeiningar um varúðarráðstafanir handa almenningi til að styðjast við.

Vilm. Jónsson. Júl. Sigurjónsson.
Jóh. Sæmundsson.

Til læknaráðs.

Framanrituð álitsgerð heilbrigðismáladeildar læknaráðs staðfestist hér með í samræmi við fyrirmæli laga nr. 14 15. maí 1942 og reglugerðar nr. 192 24. nóvember s. á. sem álitsgerð læknaráðs.

Reykjavík, 31. desember 1948.

Vilm. Jónsson. Jóh. Sæmundsson."

Leiðbeiningar þær, er hér getur um, hefur landlæknir þegar gefið út, og rn. hefur eigi séð ástæðu til að birta fyrr þessa álitsgerð, en á henni hefur rn. byggt afstöðu sína. Ég skal taka það fram, að Svarfdælalæknishérað hefur nú létt af samgöngubanninu. Nú er farið fram á í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, að þ. geri sig að dómara í þessu máli og beiti sér fyrir því, að samgöngubanni verði komið á í landinu. En ég taldi rétt, að Alþingi fengi að vita um afstöðu vitrustu manna, áður en það tekur ákvarðanir í málinu. Í till. segir: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta beita viðeigandi samgöngubanni þegar í stað til að freista með þeim hætti að draga úr útbreiðslu mænuveikinnar." Þetta getur Alþ. sóma síns vegna ekki samþykkt. Engum manni getur dottið annað í hug en samþ. slíkar till. þýddi annað en það, að þ. yrði að gera sér ljóst, hvort það ætli að taka málið alveg úr höndum heilbrigðismálastjórnarinnar. Hvað sem hv. þm. S-Þ. segir, þá hef ég meira traust á þeim mönnum, er hafa verið okkur til ráðuneytis í þessu máli. En hin leiðin er það, sem kallað er að fara úr öskunni í eldinn, að fara ekki að ráðum þeirra, sem vit hafa á málinu. — Hv. þm. S-Þ. segir vaxandi óánægju ríkja í landinu vegna útbreiðslu mænuveikinnar. En ég á erfiðara með að sjá, hvernig hægt er að kenna einstökum mönnum um þetta.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um málið. Till. er ein endileysa, og verði hún samþ., er eigi annað sýnna en þ. verði að taka heilbrigðismálastjórnina í sínar hendur.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Komið er nú í ljós, eins og við var að búast, að læknastéttin í landinu og hæstv. ráðh. hafa staðið með hendur í vösum. Síðan verður vart þeirrar meinloku hjá hæstv. ráðh., að hann sé e. t. v. alveg ábyrgðarlaus með afstöðu sinni, enda játaði hann sig hafa enga þekkingu á málinu. En nú skal ég nefna nokkur dæmi um þann styrk, sem heilbrigðismálastjórnin ímyndar sér að hafa veitt í þessu efni. — Í Skagafirði eru nú 100 manns með veikina, og hún er einnig komin til Húsavíkur. Er alveg sérstakt, að 100 manns eru með veikina í næsta héraði við Akureyri, án þess að heilbrigðismálastjórnin finni til óróa. Önnur dæmi sýna, að jafnvel landlæknir hefur orðið að beygja sig fyrir staðreyndum. Það átti að taka við mönnum í Fornahvammi. En einu sinni fóru 100 manns í hríðarveðri fram hjá þeim bæ án þess að koma við vegna viðeigandi sóttvarnarráðstafana. — Ég ætla að nefna annað dæmi um stöðu heilbrigðismálastjórnarinnar í þessu máli og þekkingarleysi þessara manna. Þegar mænusóttin var að breiðast út á Akureyri, var skólunum þar lokað og nemendum veitt langt frí

og einn nemandi úr menntaskólanum er sendur hingað suður á land. Hann kemur hingað suður fyrir jól og sezt að á ákaflega fjölmennu skólaheimili hér á Suðurlandi. Skólastjórinn gat ekki sagt neitt. Þessi nemandi fer í annan skóla á ábyrgð heilbrigðisyfirvaldanna og bíður þar fram yfir nýár. Ég ætla að trúa hæstv. rh. fyrir því, að ég býst við, að hann eigi eftir að fá harða dóma fyrir þetta ófyrirgefanlega *ósvífna samþykki*, að *leyfa skólafólki* að sleppa úr skólum, þar sem veikin er fyrir, til þess að dreifast út um allt landið. Mér er sagt að veikin sé nú upp komin á Ísafirði, og mér er ekki kunnugt um, að neitt hafi verið gert til þess að hindra það, að hún bærist þangað.

Ég vil benda á, að ráðh. vísar til landlæknis, og svo er kallað á hvern lækninn af öðrum, og auðvitað segir svo landlæknir, að menn viti ekkert um veikina og viti ekki um neinar varnir gegn henni. En til hvers erum við að hafa ríkisstj., til hvers erum við að hafa heilbrmrh., landlækni og læknaráð? Viljum við hafa þá til þess að gera ekkert? Þeir ættu ekki að vera of dryldnir.

Það hafa komið svipuð tilfelli áður, sem hafa valdið landinu óbætanlegum skaða. Það var fyrir tæplega tuttugu árum síðan í sambandi við búfé, sem flutt hafði verið inn í landið. Það var veikt þetta fé. Þá var sýnt hið mesta gáleysi í meðferð veikinnar, eins og nú er verið að gera. Veikin tók að breiðast út, hægt fyrst í stað. Þá þóttust þeir vita allt um hana og kunna öll ráð gegn henni, en síðar kom í ljós, að þeir vissu ekkert, eftir að búið var að eyða milljónum króna til einskis. Þá var það Alþ., sem tók málið í sínar hendur. Fyrst þið vitið ekkert, *þá þýðir ekkert fyrir hæstv. menntmrh.* að koma og segja: Þekkingin er með mér. — Við ættum að varast að vera að ausa út milljónum til manna, sem eru hliðstæðir þeim mönnum, sem ráðh. er að púkka upp á. Þekking er engin hjá þessum mönnum og niðurstaðan er sú, að þegar þessir menn þykjast vera miklir, þá vita þeir ekkert.

Þinginu og þeim mönnum, sem hafa bein í nefinu, gefst nú tækifæri. Það verður að segja, að það hafi vanþóknun á þessu aðgerðaleysi, og sýna hvort ekki muni vera hægt að beita heilbrigðum skynsemiráðum.

Ég er ánægður með eitt, sem heilbrigðisstjórnin hefur gert í þessum málum, og það var þegar hún lét beita viðeigandi samgöngubanni í Fornahvammi. Það voru viðeigandi ráðstafanir, og ég tel það heppilegt, að ríkisstj. taki málið í sínar hendur, og til þess ætti að mega treysta heilbrigðismálastjórninni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Já, það má telja það ástæðulaust að eyða mörgum orðum að því, sem hv. flm. hefur verið að segja hér. Hann útskýrir það ekki á neinn hátt, hvaða samgöngubanni hann vill láta beita, né heldur hvaða ráðstöfunum hann vill beita eða sóttvörnum. *Álítur hann, að einangra beri Akureyri* eða Rvík, eða hverja vill hann beita þessu samgöngubanni? Hvað hefur heilbrigðisstjórnin vanrækt í þessum efnum? Vill ekki hv. þm. svara þessu, í staðinn fyrir að vera með einhverjar dylgjur? Vill hann ekki út með sprokið og setja síðan fram um það till.? Vill hann ekki svara þessu skorinort, svo að allir fái séð, hvað hann ætlast fyrir? Eini ávinningurinn, sem hann ætlar sér með þessari till., er að gefa heilbrigðisstjórninni að sök vanrækslu. En hvað er vanrækt í málinu? Hvernig getur þingið samþ. vantraust á heilbrigðisstjórnina án þess að vita hvers vegna, án þess að vita nokkuð um, hvað það er, sem er vanrækt? En það eru vitanlega allir, sem þekkja hv. þm. og vita, að hann heldur, að hann megi rækta hatur og koma af stað úlfúð og illindum hjá þeim, sem hafa fengið veikina eða eru hræddir um að fá hana. Hann er að reyna að læða því inn hjá þeim, að það sé heilbrigðisstjórninni að kenna, að veikin skuli hafa breiðzt út um landið. Sjálfur stendur hann uppi algerlega úrræðalaus og getur ekki flutt nema róg og dylgjur um heilbrigðisstjórnina fyrir vanrækslu. — Annars ætla ég ekki að fara að standa í orðaskaki móti hv. þm.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég sé, að hæstv. ráðh. er í vandræðum, þó að hann hafi átta lækna að baki sér, *því að nú vill hann halda því fram*, að ég sé að bera vantraust á alla stjórnina. Hann er búinn að játa aðgerðaleysið. Hann veit ekkert um málið og gerir ekkert í málinu og reynir svo að fá hjálp með því að skjóta sér að baki landlæknis. Og er það ekki ískyggilegt, þegar í einu héraði norðanlands eru 100 manns veikir, eftir að ekkert hefur verið gert til þess að hindra það, að veikin gæti breiðzt þangað frá Akureyri, að þá leyfir hæstv. ráðh. sér að hóta stjórnarskiptum? Hann segir, að ég og þingið eigum að segja, hvað eigi að gera í þessu máli. Það, sem mitt er í þessu máli, það er að skýra frá því, að við viljum ekki aðgerðaleysi. Hver segir, að ekki hefði verið hægt að hindra, að veikin breiddist út til Skagafjarðar, *þar sem hundrað manns hefur nú tekið* hana? Hver segir, að það sé nokkur skynsemi í að senda nemendur frá Menntaskólanum á Akureyri til Suðurlands? Þetta er skömm fyrir heilbrigðisstjórnina, þetta er af gífurlegri vanrækslu og þekkingarleysi hennar. Það þurfti ekki að sleppa menntaskólapiltunum út um allt land, það sjá allir. Svo kemur ráðh. hér með dryldni, en stendur þó uppi ráðalaus og segir: Hvað á að gera? — Hæstv. ráðh. hélt, að hann gæti skotið sér á bak við Dungal, meira að segja, þó að á honum hvíli öll mæðiveikihistorían. Það má segja um þann mann, að hann gaf sig upp, þegar hann sá, að hann gat ekkert gert. Og það finnst kannske einhverjum, að ábyrgðin sé nú svipuð og hjá manninum með vísindalegu rannsóknirnar á Deildartungusniglunum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla mér ekki, eins og ég tók fram áðan, að tefja þessar umr. lengur. En það kemur glöggt fram í ræðu hv. flm., að hann hefur ekki komið auga á, hvað gera ætti, en samt fer hann fram á það, að þingið taki málið í sínar hendur. Ef hv. þm. vissi það, þá átti till. að vera um það, en

það er hún ekki. Hún er um það, að þingið fyrirskipi aðgerðir í málinu, en ótiltekið hverjar. Ef þingið ætlar að taka þetta að sér, þá verður það að segja, hverjar ráðstafanir það ætlar að gera. Flm. hefur enga till. um þetta, hann hefur ekki gert sér neina grein fyrir því. Hann hefur ekki svarað því, hvort Rvík eigi að beita samgöngubanni. Það er auðséð, af hvaða rótum þetta er runnið, og tel ég nægilegt að benda á þetta. En ég hef farið eftir ráðum þeirra sérfræðinga, sem stj. hefur á að skipa.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er ákaflega skrítið, að hæstv. menntmrh. skuli ekki geta skilið það, að þetta eina dæmi um menntaskólapiltinn frá Akureyri, sem fer með fullu leyfi að norðan, þar sem faraldurinn geisar, hingað suður á land, það er einmitt dæmi um það, sem ekki á að leyfa. Það er engu líkara en að hæstv. menntmrh. sé nýkominn í þingið í fyrsta sinn, hann virðist ekki skilja, til hvers þál. eru. Það, sem þingið á að gera, er að fyrirskipa, að beitt verði viðeigandi sóttvörnum. Ef hann getur ekki beitt viðeigandi sóttvörnum, þá segi hann af sér, þá er hann ekki fær um að standa í stöðu sinni. Það er heppilegt, eins og ráðh. gerir, að hóta stjórnarkrísu, ef till. hlýtur samþykki. Hann reynir ekki einu sinni að afsaka yfirsjónir þeirra manna, sem hafa valdið þjóðinni miklu tjóni. Hann hefur það upp úr krafsinu að sýna, hve honum þykir gaman að hafa þessa menn sér til ráðgjafa. Hann leggur málið fyrir læknana aðeins varðandi Rvík. Til hvers er þess maður á þingi fyrir hérað austur á landi? Það er bezt að hann skýri frá því. — Það fara menn frá Akureyri til næstu héraða, og þegar þangað er komið, þá leggst allt í kringum þá í veikinni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Já, það hefur ekki sérlega mikla þýðingu að vera að þreyta hér kappræður við hv. flm. Hann nefnir sem dæmi um vanrækslu, að nemendum í Menntaskólanum á Akureyri hafi ekki verið bannað að fara heim til sín, eftir að búið var að loka skólanum vegna veikinnar. En ég vil taka það fram, að þeirri áskorun var beint til þessara nemenda að fara ekki burt úr bænum meðan skólanum væri lokað. Hins vegar var ómögulegt að setja á sérstakt samkomubann fyrir nemendur, meðan aðrir gátu farið frjálsir ferða sinna. Hann nefnir aðeins nemendur, sem farið hafa heim, en vitanlega var hliðstæð hætta af öðrum mönnum og nemendum. Þetta er því talað út í hött hjá hv. flm. Hins vegar varð það mjög til að draga úr ferðalögunum, að þessari áskorun var beint til nemendanna. Samgöngubann við Akureyri var ekki sett á, af því að það var ekki talið hafa neina þýðingu. Hvað viðkemur því að setja samgöngubann á landinu öllu, þá má segja, að það sé bara næstum því óframkvæmanlegt. Og þó að það væri framkvæmanlegt, hvaða afleiðingar mundi það hafa? Hefur hv. þm. gert sér nokkra grein fyrir því?

Þá segir hv. þm., að þingið hafi áður gripið fram fyrir hendur sérfræðinga og það geti eins gert það nú og ákveðið annað. En ef nú hv. þm. S-Þ. er svo viss um, að hann viti betur, hvers vegna flytur hann þá ekki till. um, hvaða aðgerðum skuli beita, — hvers vegna flytur hann ekki till. um, hvaða samgöngubanni skuli beitt og hvað gera skuli? Vill hann ekki út með sprokið? Nei, hann hefur ekki manndóm í sér til þess, hann lætur sér nægja að vera með eintómar dylgjur.

Svo var þm. að smeygja þeim rógi inn, að mér stæði alveg á sama, hvort menn veiktust annars staðar á landinu, ef Rvík slyppi. Ég gerði grein fyrir því áðan, í sambandi við skýrslu landlæknis, að ég hefði haft þéttbýlið í huga, er ég beindi spurningum mínum fyrir hann og læknaráð, en varðandi héruðin úti á landi hef ég þráfaldlega átt tal við landlækni, en mér fannst sem sé, að Rvík hefði nokkurrar sérstöðu að gæta vegna þéttbýlis.

Faraldur þessi hefur verið með alveg sérstökum hætti, og hefur verið gert allt til þess að rannsaka hann sem bezt, og hefur landlæknir í því sambandi haft samband við erlenda sérfræðinga og jafnframt sent tvo íslenzka sérfræðinga norður til Akureyrar, þá dr. Júlíus Sigurjónsson og dr. Björn Sigurðsson, til þess að safna þar gögnum til rannsókna, sem einnig verða send til útlanda til frekari rannsókna.

Forseti (JPálm): Ég veit, að þm. skilja, að þessi till. hefur sérstöðu, og þykir því rétt, að till. verði athuguð af n. Ég legg því til, að henni verði vísað til n. og hún athugi, hvort æskilegt væri að koma á samgöngubanni.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SG, SEH, SK, SÁÓ, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, KG, BÓ, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GJ, GÍG, HV, IngJ, JJ, PO, JPálm.

nei: SigfS, StgrSt, BG, HelgJ, JG, JörB, KTh, PZ.

BÁ, BK, EystJ, GÞG, HÁ greiddu ekki atkv.

17 þm. (SkG, StSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BBen, GTh, HB, HermG, HermJ, JóhH, JJós, JS, LJóh, LJós, ÓTh, PÞ) fjarstaddir.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var fram haldið einni umr. um till. (A. 280, n. 292).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Eins og menn sjá af áliti n., hélt n. fund um málið, og sakir þess, hvernig ástatt er um þetta mál, sá allshn. sér ekki fært að draga afgreiðslu þess og vildi láta það koma til þingsins aftur sem allra fyrst. Og eftir því, hvernig málið er vaxið, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, treystir n. sér ekki til að gera till. um neinar sérstakar ráðstafanir í sambandi við þetta mál. Allshn. fannst, að heilbrigðisyfirvöldin, sem hafa haft málið til meðferðar frá því veikin gerði verulega vart við sig, mundu bezt geta um það dæmt, hvað unnt væri að gera og hvað gera skyldi, og þar sem n. treysti sér ekki til að gera neinar sérstakar till., þá gæti hún heldur ekki hagað afgreiðslunni á annan veg en að leggja til, að málinu sé

vísað til ríkisstj. og heilbrigðisstjórnarinnar í trausti þess, að heilbrigðisyfirvöldin geri það bezta, sem þau koma auga á, til að hefta útbreiðslu veikinnar. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið.

Gísli Jónsson: Ég vil þakka hv. allshn. fyrir skjóta afgreiðslu á málinu, því að hún hefur tekið það strax til athugunar. Hins vegar þarf ekki að þakka henni fyrir góða afgreiðslu, því að vitanlega stendur málið á sama stigi og það stóð, þegar það fór til n., eftir nál. á þskj. 292 að dæma. Ég verð að segja það, að mig undrar, að annað eins tilfinningamál og fjárhagsmál fyrir þjóðina eins og þetta mál er skuli fá þessa afgreiðslu. Það var upplýst við umr. á síðasta fundi, þegar þetta mál var til umr., að heilbrmrh. og heilbrigðisstjórnin hefði ekkert gert til að hefta útbreiðslu veikinnar og hefði ekki séð ástæðu til að gera annað en að senda gamalmenni, sem komið er á áttræðisaldur, til að athuga málið, og svo að setja í sóttkví eitt heimili í landinu, sem stendur uppi á heiði, og eftir þessar yfirlýsingar undrar mig mjög, að hv. allshn. skuli ekki sjá ástæðu til að segja neitt annað um málið en að leggja til, að því verði vísað til ráðh. aftur, sem hefur lýst yfir, að svona hafi verið farið með málið áður. Og hæstv. ráðh. lýsti yfir, að frá sínu sjónarmiði væri þessi till. flutt til að gera honum persónulega og Framsfl. allt til bölvunar, hún væri flutt af illgirni frá flm. til að reyna að æra upp allan þann fjölda manna, sem ætti um sárt að binda, eftir að veikin hefði herjað á þeirra heimili. Ég verð að segja það, að mér finnst hæstv. heilbrmrh. vera kominn í það heilbrigðisástand, að hann megi ekki ræða heilbrigðismál svo, að hann fái ekki taugaáfall og geti ráðið yfir því, sem hann segir, og held ég, að hann ætti þá að nota sér tækifærið og láta landlækni skoða sig.

Ég er undrandi yfir því, hvaða afgreiðslu þetta mál fær hér í þinginu. Það er vitað, að veikin hefur herjað á einn kaupstað í landinu, svo að það þykir nú ástæða til að fá sérstaka undanþágu til að flytja inn fólk til að starfa á þessum heimilum, því að það hefur komið fram í einu dagblaði undanfarið, að það þyrfti að fá sérstakt leyfi til að flytja inn þýzkar stúlkur til að veita aðstoð á þessum heimilum vegna þess, að þau séu lömuð um lengri tíma. Það er vitað, að veikin breiðir sig meira og meira um ýmis héruð landsins, og á sama tíma lýsir hæstv. ráðh. yfir, að heilbrigðisyfirvöldin sjái ekki ástæðu til að gera neitt í málinu, og síðan kemur allshn. og leggur blessun sína yfir gerðir læknaráðs og landlæknis og telur sjálfsagt að gera ekkert í málinu, eins og kemur fram í nál. Hins vegar bætti hv. frsm. því við, að þetta sé gert í trausti þess, að heilbrigðisstjórnin geri sitt bezta í að laga þetta. Hvers vegna mátti það ekki koma fram í nál.? Má ekki þjóðin sjá, að n. leggi til, að heilbrigðisstjórnin geri sitt bezta, eftir að hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, að ekkert hafi verið gert? Nei, svo mikið mátti ekki blaka við heilbrigðisstjórninni, að þetta mætti koma fram í nál.

Með tilvísun til þeirrar hættu, sem hér er á ferðinni, og með tilvísun til þess, að ég tel hvorki heilbrigðisstjórnina né landlækni geta borið ábyrgð á þeim afleiðingum, sem kunna að verða af því, að veikin verður ekki stöðvuð, vil ég leyfa mér að bera fram dagskrártill., svohljóðandi.

„Í trausti þess, að ríkisstj. geri nú þegar raunhæfar ráðstafanir til þess að hefta útbreiðslu mænusóttarinnar, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er aðeins tilraun til þess að afgr. málið á þann hátt, að eitthvað verði gert. — Hæstv. ráðh. minntist á það í umr., að þáltill. væri losaraleg og ekki nægilega ákveðin, og spurði, hvað ætti að gera. Ég verð að segja það, að eins og till. er á þskj. 280, þá sé ég ekki annað en að hún beri í sér fullt traust til hæstv. ráðh. um það, að hann láti beita viðeigandi samgöngubanni. Hv. flm. á hér vitanlega við, að það séu gerðar þær nauðsynlegu ráðstafanir til þess að hefta útbreiðslu veikinnar. Það verður svo að sjálfsögðu að vera mat heilbrigðisstjórnarinnar á hverjum tíma, hvað hún álítur, að þurfi að gera. Hingað til hefur það mat verið þannig, að hún álítur, að ekkert þurfi að gera. En eftir að Alþ. hefur haft aðra skoðun, — ef það hefur aðra skoðun, — þá kann svo að fara, að hún athugi á ný þetta mat sitt, og með tilvísun til þess vænti ég þess, að hæstv. forseti beri þessa dagskrártill. upp á undan frávísunartill. Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa till.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég veit ekki, hvort ég man alla þá rökst. dagskrártill. rétt, sem hv. þm. Barð. bar fram, en mér skilst, að efni hennar sé að fela ríkisstj. að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að hefta útbreiðslu veikinnar. Ég hygg, að við þurfum ekki lengi að deila um það, að við ætlumst til, að það, sem gert sé í þessu máli, verði raunhæft, því að annars mundi það litla þýðingu hafa. Þarna skilur því ekki svo mikið á milli, og þó að þessi rökst. dagskrá hv. þm. Barð. verði samþ., þá er það eigi að síður á valdi ríkisstj., hvað gert verður. Það er m. ö. o. hennar að meta það, hvað gera skal, eins og eðlilegt er, ekki sízt í svona málum, svo að mér skilst, að þetta beri allt að sama brunni, svo að þetta verður aðeins að finna sér eitthvað til, til þess að láta líta svo út, að eitthvað annað sé hér á ferðinni, eftir því sem hans till. segir, heldur en vakir fyrir allshn.

Út af því, sem hv. þm. sagði út af þeim ummælum mínum, að n. vonaðist eftir, að ríkisstj. gerði það, sem hún telur unnt að gera til að hefta útbreiðslu veikinnar, þá vil ég taka það fram, að þetta var ekki sett í nál. vegna þess, að við værum að reyna að hraða afgreiðslunni, svo að hægt væri að afgr. málið með skjótum hætti. En ég ætla, að þetta hafi sama gildi, þó að það komi munnlega fram, því að það er ekki falið fyrir þjóðinni, sem hér gerist; það er í áheyrn, ekki einungis allra þm., heldur og fjölda áheyrenda, og það er öllum frjálst að birta það og hafa það á orði, eftir því sem þeir vilja. Og unz þessum ummælum mínum er mótmælt af hálfu meðnm. minna, sem ég veit, að ekki verður gert, þá hygg ég, að þau hafi sitt fulla gildi, þó að þau

séu sögð í ræðu, eins og ef þau stæðu í nál. — Mér skilst, að hv. þm. Barð. geri sér ekki fullkomlega ljóst, hver vandi er að fást við þetta mál. Ég skal viðurkenna minn barnaskap í slíkum málum sem þessum, því að maður hefur sannarlega ekki mikla þekkingu á þessum sjúkdóm, og ég hygg, að það megi færa mönnum til vorkunnar, þar sem þessi sjúkdómur er óþekktur um allan heim, nema aðeins fyrir verkanirnar. Það er uppi alþjóðafélagsskapur, sem hefur rannsókn þessa sjúkdóms með höndum. Hygg ég, að Svíar hafi lagt sig allra þjóða mest fram um að kynna sér þennan sjúkdóm, en hann hefur hagað sér bæði hér og þar með öðrum hætti en hann gerir nú hér, sérstaklega á Akureyri, og eftir því sem ég veit bezt, þá hygg ég, að í engu þjóðlandi sé sett samgöngubann, þó að þessi sjúkdómur geri vart við sig. Það er skoðun læknanna, sem engan veginn er þó hægt að sanna, að langtum fleira fólk sýkist af þessum sjúkdómi en kemur í ljós, og meginþorri þeirra manna, sem fær sjúkdóminn, veikist ekki og verður þess vegna aldrei sjáanlegt, að þeir taki veikina. Enn fremur er það skoðun þeirra, að heilbrigðir menn beri sjúkdóminn ekki síður en þeir, sem veikjast. Nú er það háttur erlendis, eftir því sem ég hef vitneskju um, að það er reynt að hefta mikil kynni við þau heimili eða þá menn, sem sýkjast, en það er engan veginn sett samgöngubann milli héraða, og ég hygg, að af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar hér hafi verið gerðar alveg sams konar ráðstafanir og tíðkast erlendis meðal menningarþjóða, þar sem veikin gerir vart við sig. Á Akureyri var skólum og samkomustöðum lokað. Eitt hérað tók upp hjá sér af sjálfsdáðum að koma á samgöngubanni, eða partur af héraði. Það var Dalvík, og það olli þeim það miklum óþægindum, að ég ætla, að þeir séu búnir að upphefja það alveg, þó að veikin sé enn í Akureyri. Hverjir erfiðleikar eru á í þessum efnum, má bezt sjá af því, hvað veikin er dreifð víða um landið. Samtímis því, sem veikin kemur upp á Akureyri, gerir hún vart við sig í Jökuldal í Norður-Múlasýslu, í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hún er búin að vera í Rvík síðan í ágúst í sumar. Hún hefur verið á tveimur stöðum í Árnessýslu, og svo nú fyrir stuttu hefur hún gert vart við sig á Vestfjörðum. Það var sett samgöngubann á Fornahvamm, af því að það er gististaður, til þess að það heimili sýkti ekki þá, sem heilbrigðir kæmu þar, og þetta teljum við sjálfsagða ráðstöfun gagnvart slíkum stað. En það er nokkuð annað að setja samgöngubann við slíkan stað, þar sem ferðamannastraumur er, eða setja samgöngubann við heilt hérað eða fleiri héruð. Ef sett er samgöngubann á Akureyri, hvað á þá að gera t. d. Norður-Múlasýslu? Átti að taka Akureyri eina eða átti að taka Eyjafjörð með? Veikin gerði vart við sig í Þingeyjarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Rvík er hún búin að vera síðan í ágúst og nú er hún komin upp á Vestfjörðum. Þetta er þess vegna ekki einfalt mál. Þó að veikin breiðist svona mikið út, þá er hún sem betur fer yfirleitt svo væg, að læknar eru stundum í vafa um, hvort um þessa veiki sé að ræða eða einhverja aðra veiki. En hvað sem um það er, þá er það aðalatriðið, hvað hægt er að gera og hvernig hægt er að koma vörnum við, og mér skilst út af því, hvernig sjúkdómurinn er, að það sé meira en litlum vandkvæðum bundið. Og þetta er ekki aðeins viðfangsefni hjá okkur Íslendingum einum, svona hefur það verið um allan heim, sams konar ráðstafanir hafa verið gerðar, af því að mönnum hefur ekki fundizt þeir hafa annað betra að gera. Mönnum hefur fundizt, að þeir gætu ekki gert frekari varnir en með þessu móti, og það er af því, hvað þessi sjúkdómur er falinn, honum skýtur upp á ólíklegustu stöðum. Annars þykja þessir vírussjúkdómar erfiðir viðfangs, og það er við því að búast, að það sé erfitt hjá okkur, alveg eins og annars staðar.

Þetta tal hv. þm. Barð. um, að út af veikindunum hafi verið talað um að fá þýzkar stúlkur, hygg ég, að eigi ekki við nema að nokkru leyti, sakir þess að okkur skortir fólk almennt. Vel má vera, að þetta væri til liðsinnis í þessu máli að einhverju leyti, en ég hygg, að það hafi komið fyrr til orða að óska eftir að flytja inn fólk til starfa í landinu og áður en þessi veiki kom. Og þetta tal hjá hv. þm., að þetta sé Framsfl. til bölvunar! Ég var við umr. og þóttist taka mjög vel eftir þeim, og hæstv. ráðh. sagði ekki orð í þá átt, að þetta gerði Framsfl. bölvun, enda er það býsna hjáleitt. Ég hygg því, að það, sem gert hefur verið í þessu máli til þessa, séu sams konar ráðstafanir og gerðar eru hjá öðrum menningarþjóðum, þar sem þessi veiki hefur gert vart við sig, og þó að veikin hagi sér með öðrum hætti á Akureyri en mænuveiki gerir venjulega, ekki hvað sízt að því leyti, hvað margir sýkjast, þá er síður en svo, að það sé hægt að fara öðruvísi að í ráðstöfunum gagnvart henni en á þann bezta hátt, sem menn koma auga á, þ. e. að reyna að hindra útbreiðslu veikinnar án þess að leggja bönd á heil héruð, en það er ekki hægt, af því að hún kemur upp á ólíklegustu stöðum og maður veit ekkert, hverjar ráðstafanir ætti að gera eða hvar það mundi enda. Veikin er nú hér í Reykjavík. Á þá að setja samgöngubann á Reykjavík við önnur héruð? Veikin er í Árnessýslu og í Borgarfirði og mjólk kemur úr þessum héruðum til Rvíkur. Á að setja samgöngubann á slíka flutninga? Þetta er hægara sagt en gert, þegar málin eru svona vaxin. Ég hygg, að það verði ekki nær því komizt en það, sem vakir fyrir n., þ. e. að treysta heilbrigðisyfirvöldunum til að gera sitt bezta til varnar því, að veikin breiðist út, eftir þeim leiðum, sem við frekast getum komið auga á, að geti orðið bærilegar í framkvæmd.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. Barð. sagði, að það hefði ekkert verið gert út af þessari mænuveiki, þó að hún hafi verið svo alvarleg. Sannleikurinn er sá, að það hefur verið allt gert, sem fróðir menn í þeim efnum hafa talið fært að gera og hefði þýðingu í framkvæmd. — Þá lét hv. þm. Barð. lítilsvirðandi orð falla um próf. Jón Hj. Sigurðsson, og hygg ég, að það sé ekki hv. þm. til sóma, og býst ég við, að heilbrigðisstjórnin verði ekki í vandræðum með að verja það, að honum var falið að fara til Akureyrar og kynna sér þessi mál.

Í till. þessari felast fyrirmæli til ríkisstj. um að skipa fyrir samkv. því, sem Alþ. ályktar í þessu efni. Ríkisstj. hefur þegar gert raunhæfar ráðstafanir varðandi veikina, en einmitt þær ráðstafanir sýna, að ekki sé gerlegt eða hafi nokkra þýðingu að gera frekari ráðstafanir, eftir því sem fram hefur komið frá læknunum. En ef Alþ. leggur fyrir ríkisstj. að framkvæma eitthvað ákveðið í þessu efni, þá verður að finna einhvern mann, sem vill framkvæma slíkt, t. d. héraðabönn, þ. e. banna samgang fólks milli héraða, enda þótt þeir menn, sem hafa þann lærdóm til að bera, sem taka verður trúlegan, telji slíkt algerlega út í bláinn. Ef fara á að rifta þeim ákvörðunum, sem heilbrigðisyfirvöldin hafa tekið varðandi þessa veiki, þá verður að skipta um forstöðu fyrir þessum málum. Ég fyrir mitt leyti hef ekki séð mér fært að hefjast handa um frekari aðgerðir í þessu máli. Þetta mál hefur verið athugað vandlega af sérfræðingum og af mönnum, sem hafa meiri kynni og vit á heilbrigðismálum þjóðarinnar en hv. þm. S-Þ. Hnútukast hans að mér tek ég því ekki alvarlega, en ég mun að sjálfsögðu vera reiðubúinn að gera frekari ráðstafanir, ef læknaráð og landlæknir telja slíkt nauðsynlegt.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég þakka ekki hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls, eins og síður margra þm. er, þegar frv. koma frá n. Hitt er svo annað mál, hvert gagn það hefur orðið þessu máli. Það er táknrænt, að er lagt var til, að málinu væri vísað til heilbrmn., en síðar til allshn., lagði hv. 1. þm. Árn. það til, að málinu yrði vísað til fjvn., en hann er form. allshn., eins og þm. vita. Ef slíkt hefði verið samþ., þá hefði það verið verk fjvn. að úrskurða, hvort það borgaði sig fyrir þjóðfélagið að sækja meðul og læknishjálp handa þessu nauðstadda fólki. Með þessu framlagi sýndi Jörundur Brynjólfsson málinu fyrirlitningu. En eftir höfðinu dansa limirnir. Framlag hæstv. ráðh. til málsins er allt á þessa lund. Hæstv. ráðh., sem telur sig að nokkru vera málsvara bændanna, bar skylda til þess að koma í veg fyrir, að veikin bærist út um sveitir landsins. Veikin hefur breiðzt út um Eyjafjörð og Skagafjörð og er einnig komin til Vestfjarða. Í Alþýðublaðinu segir, með leyfi hæstv. forseta: „Mænuveikin er heldur í rénun á Akureyri, en stingur sér enn niður í bænum. Samkomubann er á Akureyri til mánaðamóta, en ekki hefur verið ákveðið, hvort það verður framlengt.“ — Ég held nú, að hér sé um einhverja missögn að ræða, því að nýlega vantaði 300 nemendur í gagnfræðaskólann, og í húsmæðraskólanum hafa aðeins verið 6—7 nemendur. Frá Akureyri til Sauðárkróks eru um 100 km, og nú er veikin komin þangað. Hætta er á, að hún breiðist síðan út um Húnavatnssýslu og síðan áfram landleiðina út um sveitir landsins. Mörg heimili hafa nú um sárt að binda norðanlands, og er svo komið á sumum heimilum, að allt fólkið liggur og er hjálparlaust og ráðþrota. Þegar ástandið er svona slæmt í kaupstað, hvernig verður umhorfs í sveitunum, ef veikin breiðist út um byggðirnar, þar sem nær ógerningur verður að fá hjálp, þegar svo verður komið eins og á sumum heimilum Akureyringa. Nú er það vitað, að veikin kom upp í Fornahvammi og í skólanum að Reykjum í Hrútafirði. Þessir staðir voru settir í sóttkví og með þeim árangri, að líkur benda til, að veikin hafi verið stöðvuð þar um slóðir. Hins vegar er vitað um mann, sem kom frá Akureyri, þegar veikin stóð sem hæst þar. Þessi maður fékk að fara allra ferða sinna, fyrst hingað suður og síðar austur um fjall og hélt áfram austur í Árnessýslu. Þegar slíkur háttur er tekinn upp, er skæðir sjúkdómsfaraldrar ganga, þá hlýtur þjóðin að fá að kenna á því fyrr eða síðar. Ef þetta er athugað nánar, kemur í ljós, að landlæknir vildi ekki gera neitt það, sem til varúðarráðstafana má telja. Hæstv. heilbrmrh. gat borið landlækni ráðum, og það bar honum að gera, en vanrækti það. Hann hefur sýnilega veigrað sér við að gera ákvarðanir undirmanns síns ómerkar. Nýlega er fallinn dómur í hæstarétti út af máli læknis eins, sem aðrir læknar töldu, að hefði verið sekur um glæp. Landlækni hafði borizt vitneskja um málið og höfðaði mál gegn fyrrgreindum lækni. Fyrir rétti neita læknar að bera vitni í málinu. Máli þeirra er skotið til hæstaréttar, og kemur þá í ljós, að læknunum ber ekki skylda til þess að segja frá glæp, sem þeir vita um, að hafi verið drýgður af einum starfsbræðra sinna. — Í svipuðum anda er það, þegar hæstv. heilbrmrh. vill ekki breyta ákvörðun landlæknis. En í þessu sambandi vil ég beina því til hæstv. ráðh., að í vissum tilfellum — og það hefur reynslan sýnt — þá verða leikmenn að taka til sinna ráða. Árið 1918 barst hingað skæð farsótt. Læknar litu á hana sem hún mundi verða landlæg og varnir með samkomu- og samgöngubanni kæmu ekki að notum. En svo er frá að segja, hvað fram fór á Akureyri. Núverandi þm. Akureyrarkaupstaðar, læknir staðarins og lögfræðingur einn þar nyrðra kölluðu saman fund. Þessi fundur borgaranna heimtaði sóttvarnir, — heimtaði, að Norðurland yrði varið gegn þessum vágesti. Landlæknir neitaði, og fór málið þá fyrir bæjarstjórnina. Bæjarstjórnin samþ. að skora á ráðh., Jón Magnússon, að einangra Norðurland. Jón Magnússon tók þessa beiðni til greina. Norður- og Vesturland var algerlega einangrað um stund og komst hjá því, að þessi erfiða og mannskæða sótt yrði íbúum þessa landshluta að fjörtjóni. Nú víkur sögu til kjördæmis hv. 1. þm. Árn. Þar var ekki brugðið við með slíkri eljusemi og á Akureyri. Forustan var of veik, og drap veikin margan vaskan dreng hér sunnanlands. — En eitt var heimili hér í suðursveitum, sem lét ekki fljóta að feigðarósi. Grímur Thorarensen í Kirkjubæ setti hnefann í borðið og sagði: „Mitt heimili skal í sóttkví.“ Svo fór, að enginn veiktist þar, og varð sami árangur og á Akureyri. Með þessum vörnum var e. t. v. þúsundum manna bjargað frá dauða. Það, sem átti að gera hér nú, var að banna samgöngur við veik hús. Það átti að loka Akureyri inni um stund. Ef ástæða var til slíkra ráðstafana 1918, er það engu síður nú. Allt og sumt, sem ráðh. og landlækni bar skylda til, var að loka veika staði inni. Það var það, sem núverandi hv. þm. Ak. gerði á sínum tíma. Þar stóð allt Norðurland honum að baki, og mun hann ávallt hafa þökk fyrir það. En hver er svo niðurstaðan af afskiptum land-

læknis af þessu máli? Framkoma hans hefur sýnt, að honum er ekki treystandi. Heilbrigðisstjórn landsins er ónýt, skapferli hans og þröngsýni hafa gert þjóðinni mikinn skaða. Á sínum tíma átti ég þátt í því, að lyfjabúðum í Reykjavík var fjölgað um helming. Nú hefur landlæknir staðið á móti því, að lyfjabúðum yrði fjölgað. Af eintómri meinfýsi synjaði hann lyfjafræðingum að verzla með lyf. Hitt er svo annað mál, um hugleysi hæstv. heilbrmrh., að hann skyldi ekki taka völdin af landlækni fyrir þá framkomu, sem hann hefur sýnt í því máli, því að slík framkoma er vissulega til óheilla.

Hæstv. ráðh. skilur það mætavel, að þetta er mjög alvarlegt mál, en samt ógnar hann með stjórnarkrísu, ef þessi till. verður samþ. Hann telur það vantraust á sig, ef sóttvörnum verður komið á, en hann vill ekkert gera til þess að draga úr því, að veikin breiðist út. Þetta er bæði óskörulegt og ómannlegt hjá hæstv. ráðh., og þó að hann vilji ekki viðurkenna það nú, þá býst ég við, að hann eigi eftir að sjá eftir því síðar.

Þar sem málið liggur þannig fyrir, að hættuleg farsótt hefur geisað í öðrum stærsta bæ landsins og ekkert hefur verið gert til þess að hindra útbreiðslu veikinnar af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar nema fávíslegt kák, þá geta þm. ekki gert annað en að taka málið í sínar hendur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það blandast engum hugur um, að þetta mál er mjög alvarlegt og svo þýðingarmikið fyrir þjóðarheildina, að þess vegna er talin ástæða til að taka það til umr. hér á Alþ. Hins vegar er öllum það jafnljóst, að það er mjög leiðinlegt, þegar slíkt mál og jafnalvarlegt er á ferðinni, þegar hv. þm. er að tala digurbarkalega og í ásökunartón til heilbrigðisstjórnarinnar. Mér finnst, að þeir einir geti talað digurbarkalega og í ásökunartón, sem einhver ráð kunna. Mér finnst þessir menn því vera að ásaka sjálfa sig, því að nú hafa þeir verið spurðir, hvað þeir vildu gera, og hefur þeim þá orðið svarafátt. Hv. þm. S-Þ. talar um viðeigandi samgöngubann. Nú skulum við segja, að Akureyri verði sett í samgöngubann, en samt er fjöldi fólks búinn að taka sóttina, og hefur hún breiðzt út. Þann 11. jan. varð vart við fyrsta tilfellið á Ísafirði. Á sama klukkutíma og læknirinn varð veikinnar var, var haldinn heilbrigðisnefndarfundur, og álvað n. að setja á algert samgöngubann, og allar samkomur voru bannaðar. Menn álitu, að þetta væri nóg til þess að hefta frekari útbreiðslu veikinnar. Mér er sagt, að nú séu um 20 tilfelli á Ísafirði, og sýnir það, að algert samkomubann getur ekki heft útbreiðslu veikinnar. Við skulum segja, að algert samgöngubann væri sett við Akureyri, þá er alls ekki víst, að það væri nóg til að hefta útbreiðslu veikinnar, þegar ekkert er vitað, hvernig hún berst meðal manna. Ef veikin berst með dauðum hlutum, hefði þá átt að banna alla vöruflutninga til bæjarins? Það sjá allir, að það er ekki mögulegt að halda slíku banni um lengri tíma. — Það er meira að segja hugsanlegt, að veikin gæti eins borizt út, þó að vöruflutningabanni væri komið á, því það er ekki mögulegt, að það geti borizt með bréfum eða blöðum? Læknar vita ekkert um þetta. Ég álít, að ekki sé hægt að halda uppi algeru vöruflutninga-, mannflutninga- og póstflutningabanni, en það er einmitt það, sem gera þarf, ef menn vilja vera alveg öruggir.

Hv. þm. S-Þ. segir, að það sé einn maður, sem beri alla sökina, þ. e. landlæknir. En hvernig má það vera, að hægt sé að ásaka einn mann um ákvarðanir, sem hann tekur í samráði við aðra menn, ef ákvörðunin er samróma? Eins og málin standa nú, og þar sem talað er um að beita innilokun, þá ber að athuga það, að veikin er nú breidd út um Eyjafjarðarsýslu, Skagafjörð, Húnaþing og hún er á Ísafirði, og læknar hafa upplýst, að tilfelli hafi verið hér í Rvík um 5 mánaða skeið. Hvaða staði á þá að inniloka, og hvernig á að haga þeirri einangrun?

Hv. þm. S-Þ. talar um það, að leikmenn hafi fyrr gripið til sinna ráða, þegar líkt stóð á, og því beri eins að gera það nú. En þetta er algerlega út í hött hjá hv. þm., og skil ég ekkert í því, af jafngáfuðum manni og hann er. Leikmenn grípa svo bezt til sinna ráða, að þeir kunni einhver ráð, en hér kunna leikmenn ekki ráð, og sé ég það ráð bezt, að Alþ. vísi málinu frá sér, þar sem það kann ekki ráð.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mjög frá því, sem orðið er, umr. Ég býst við, að allir séu sammála um, að þessi veiki er mikill vágestur, sem allir óttast og við vitum, að geisar stundum sem landfarsótt. Hún gekk hér árið 1946 og var þá í Árnes- og Rangárvallasýslum. Því er þannig varið um suma sjúkdóma, að læknar vita um orsakir þeirra, og þá er auðvitað auðveldara að varast þá og ráða við útbreiðslu þeirra, þegar þeir geisa. Þess vegna geta læknar sagt mönnum um þá það, sem þeir verða að hafa hugfast til þess að varast þá. Þetta á t. d. við um inflúenzu og skarlatssótt og hefur verið gert með góðum árangri. Um þessa veiki er hins vegar það að segja, að menn vita ekki orsakir hennar. Og það eru fleiri en Íslendingar, sem standa ráðþrota gagnvart þessum vágesti, því að allur hinn menntaði heimur er jafnráðalaus, og það hefur, þrátt fyrir allar fullyrðingar, hvergi reynzt örugt að beita sóttvörnum. Það er því ekki af neinni óvild við fólkið, að sóttvörnum hefur ekki verið beitt núna, þó að það hafi komið fram í hinum illgirnislegu ásökunum í garð heilbrigðisstjórnarinnar hér hjá einum þm.

Það er mikið rætt um samgöngubann við Akureyri, en gera menn sér þá í hugarlund nokkuð, sem dygði til þess að hefta útbreiðsluna, meðan við vitum ekki, hvernig hún berst. Við höfum grun um, að veikin berist með mönnum, en við vitum það ekki, og við vitum ekki hvernig né hve lengi veikin getur lifað meðal manna, sem virðast vera heilbrigðir. Það hefði þá orðið að vera algert samgöngubann, Það hefði enginn mátt fara þaðan allan tímann og engar sendingar fara allan tímann, það hefði orðið að vera alger einangrun. Það er fullvíst, að veikin kemur upp á Sauðárkróki eins fljótt og á Akureyri, en hún hefur þar farið hægt af stað fyrst. Sama er upp á teningnum hér, hér hefur veikin verið

síðan í ágústmánuði s. l. Og hjá mér, austur í Rangárvallahéraði, voru 4 menn með veikina í haust. Það var á einum bænum í Vestur-Landeyjum, þar sem enginn hafði farið út úr héraðinu um lengri tíma né heldur nokkur komið þangað frá þeim stöðum, þar sem veikin var fyrir. Þó leggjast þar 4 menn í veikinni í október í haust. Það er ekki nóg að setja samgöngubann eða beita sóttvörnum í nokkra daga, því að heilbrigðir menn gætu alveg eins borið veikina með sér eins og sjúkir. Það er miklu hægara að tala um þetta en að gera eitthvað að gagni, og slík samgöngubönn, sem að haldi ættu að koma, eru enginn leikur, það megið þið vera vissir um.

Ég tel það mjög ómaklegt, sem fram kom hjá þm. S-Þ. og þm. Barð., þó að það sé ekki óvanalegt, að þeir kasti hnútum að læknastéttinni; ég tel það mjög ómaklegt. Þm. Barð. ætti ekki að setja sig upp á háan hest og kasta hnútum að manni með þekkingu og reynslu prófessors Jóns Hjaltalíns. Því að þó að hann sé nú 70 ára, þá hefur hann meiri reynslu en aðrir menn og hefur unnið það vel, sem hann hefur tekið að sér, og er enn með fullu starfsfjöri. Og hvað viðvíkur því, að hægt hefði verið að hefta influenzuna, sem gekk hér 1918, þá vitum við um þá veiki, hvernig hún berst manna meðal. En hvernig gekk það bara 1918? Jú, það tókst að hefta hana um sinn í sumum hreppum, en hún gekk aftur 1921 og það í hrepp, sem veikin hafði ekki verið í áður. *(JJ:* Þetta er vanþekking og vitleysa.) Þetta er rétt. Það er enginn hægðarleikur og mjög óvíst, hvort það er nokkuð betra að setja á samgöngubann, og það er ómögulegt að segja, hvort útbreiðsla yrði nokkuð stöðvuð við það, ef þau bæjarfélög og hreppar, þar sem veikin geisar, eru þannig útilokaðir frá allri hjálp.

Gísli Jónsson: Það hafa verið mjög lærdómsríkar umr. um þetta mál. Í fyrstu lýsir hæstv. ráðh. því yfir, að hann þurfi ekkert að segja annað en að mótmæla lítilsvirðandi orðum, sem ég á að hafa sagt hér um Jón Hjaltalín í sambandi við mænusóttina. Ég skil ekki í ráðh. að gera mér upp orð. Það er ekki sæmandi manni í ráðherrastöðu að halda því fast fram, að ég hafi sagt þau orð, sem ég hef aldrei sagt. Ég er hissa á því, að hann skuli ekki bera kinnroða fyrir þetta. Hvar hef ég farið lítilsvirðandi orðum um dr. Jón Hjaltalín? Ef hann heldur því fram, þá hlýtur það að vera byggt á misskilningi.

Ráðh. lýsir því yfir, að ef þessi dagskrártill. *mín* verði samþ., þá verði að skipta um heilbrigðisyfirvald, það verði að velja aðra menn til forustu. Við hvern á hann? Á hann við, að það verði að skipta um landlækni, eða á hann við sig sjálfan? Ég tel það ná einhverri átt, að hann hóti að fara úr stólnum. Ef hann meinar landlækni, þá væri gott að fá það fram, hvort hægt sé að treysta orðum hans. Ég get vel skilið það, að ráðh. fari að ráðum heilbrigðisstjórnarinnar, læknaráðs og landlæknis, ég gat vel skilið það og var sammála um, að svo ætti það einnig að vera í þessu máli, þangað til ráðh. flutti mál sitt hér og upplýsir þar, að ekkert hafi verið að gert. Bæjarfélögunum væri leyft að setja á samgöngubann, ef þau vildu það. Annars hefðu engar ráðstafanir verið gerðar, sem nokkurt vit væri í, nema þegar bann var sett á Fornahvamm. Þá snerist *mér hugur, eftir að* ráðh. hafði upplýst þetta. Og svo heldur ráðh. því fram, að þetta sé flutt hér á þingi honum og hans starfsmönnum til bölvunar. Hvernig á ég að fara að greiða atkvæði með honum, sem hefur verið falið þetta mál, ef hann hefur ekki gert neinar raunhæfar ráðstafanir til úrbóta? Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er ekkert bil á milli þess að gera ekkert í málinu og þess að setja á algert samgöngubann um allt land? Það er einmitt það, sem sumir vilja, að eitthvað sé gert.

Hv. 1. þm. Rang. (HelgJ), sem er nú læknir, segir, að *menn viti* ekkert *um veikina*, og ef trúa má þeim orðum, sem ég efa, þá verður að gera því róttækari ráðstafanir.

Hvað hefur verið gert til þess að einangra Akureyri? Hvað hefur verið gert á Akureyri til þess að einangra heimili þar, þegar veikin var á byrjunarstigi þar? Svo mikið er víst, að læknastéttin þekkir það mikið til veikinnar, að hún hefur séð sér fært að gefa út tilkynningar og leiðbeiningar til fólks varðandi veikina, það hefur maður heyrt í útvarpinu, þó að þm. Rang. hafi aldrei kunnað svo mikið fyrir sér í læknisfræði. Ég geri ráð fyrir, að íbúar Rangárvallasýslu hafi ekki getað grætt mikið á ráðstöfunum hans, ef dæma má eftir afstöðu hans hér.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér frekar, enda hefur hv. flm. komið allýtarlega inn á það. Og þó að það hafi verið viðurkennt af öðrum ræðumönnum, þá hefur verið farið með það sem pólitískt mál hjá hinum.

Ég hefði gjarna viljað, að málinu væri vísað til stj., ef trygging væri fyrir því, að ráðh. kynnti sér það til hlítar og gerði viðeigandi ráðstafanir, en hann virðist ekkert sjá annað við málið en að það sé flutt honum til bölvunar og flokki hans.

Jónas Jónsson: Það vill svo vel til, að þó að þeir menn, sem mest hafa látið koma til sinna kasta, nefnilega hæstv. landbrh. og hv. 1. þm. Rang., séu ekki viðstaddir, þá er hér viðstaddur hv. frsm. n., og verð ég þess vegna að snúa mér að honum, líka um það, sem þessir fráviknu hafa um talað.

Ég kem þá fyrst að því, sem ég vildi hafa sagt við lækninn, ef hann hefði verið hér, en ég sé, að hæstv. ráðh. er hér nú kominn, svo að hann getur tekið sinn part af því, það er að segja lýsingu Gunnars bónda í Grænumýrartungu á því, hvernig aðstaða fólksins í landinu er, eftir að hvorki ráðh. né læknarnir vilja neitt gera. Þeir eru ekki að reyna að setja sig inn í þær aðstæður eða lýsa þeim erfiðleikum sérstaklega fyrir sveitafólkinu á þessu sviði, ef veikin skyldi berast til þess.

Það þarf ekki mörgum blöðum um það að fletta, og það ætti hv. 1. þm. Árn. að geta skilið sem bóndi, að það er næstum ekki hugsanlegt annað, ef pestin breiðist frá Akureyri út um sveitirnar, en þá verði ástandið hvað verst þar, því að sveitafólkið verður að sinna sínum daglegu störfum, hvað sem öðru líður, þó að það sé veikt. Það hefur áður hér í umr. verið minnzt

á þau mænuveikitilfelli, sem komið hafa í Árnessýslu, og eftir því sem mér hefur nú verið skýrt frá, má rekja þau bæði til Akureyrar. Annað er úr sveit austan fjalls, en þangað kom maður í haust frá Akureyri, af því að þar var ekkert sóttvarnarbann, og fólkið veiktist svo á þessu heimili. Þessi sama veiki kom upp í tveimur húsum á Selfossi, fyrst í öðru, hinu á eftir, og í báðum þeim tilfellum er ljóst, að veikin hefur borizt frá Akureyri. Í haust, þegar þessi faraldur gaus upp á Akureyri, reyndi sýslumaðurinn á Húsavík að fá landlækni til þess að fyrirskipa sóttvarnir, en hann var ófáanlegur til þess. Þannig hefur öll þjóðin staðið varnarlaus gagnvart þessum mikla vágesti fyrir tilverknað heilbrigðisstjórnarinnar. Það getur hver maður sem vill farið frá Akureyri inn í hvaða sveit sem er og borið þannig veikina, nema þá að hann sé beinlínis rekinn þaðan. Í þessu liggur ábyrgð heilbrigðisstjórnarinnar, að hún getur gert óframkvæmanlegar allar sóttvarnir með því að velja ekki þá forustu, sem hún getur haft. Nákvæmlega er það eins í Austur-Húnavatnssýslu. Læknirinn, sýslumaðurinn og þingmaðurinn vilja verja héraðið, en bílastraumurinn liggur frá Sauðárkróki gegnum sýsluna, og svo breiðist veikin aftur út vestan við hana eða í Vestur-Húnavatnssýslu, en þeir, sem ráða, segja, að ekkert sé hægt að gera. — Hv. varaþm. N-Ísf. kom hér í kvöld og reyndi að verja gerðir eða aðgerðaleysi heilbrigðisstjórnarinnar, samhliða því sem það kjördæmi, sem hann telur sig fyrir, er í hreinum voða. Hann lýsti því, að þegar veikin kom til Ísafjarðar, hafi heilbrigðisnefndin þar viljað reyna að hindra samgöngur. En honum kom ekki í hug, að það hefði áhrif, að skip færu á milli. Einmitt fyrir skeytingarleysi heilbrigðisstjórnarinnar er veikin komin á Ísafjörð. Samgöngur eru þar mestar við Hnífsdal og Bolungarvík, þar sem veikin er líka komin. Þar er varla sennilegt annað en að fólkið við Djúp sé í nokkurri hættu. Þess vegna er það vægast sagt einkennilegt, að þessi hv. þm., sem telur sig annars vilja vinna fyrir þetta fólk, skuli standa hér á Alþ. og spottast beinlínis að þeim skynsamlegu tilraunum, sem ef til vill verða til þess að verja kjördæmi hans.

Hvorki læknirinn, sem talaði hér, né frsm. n. eða ráðh. hafa reynt að gera grein fyrir því, hvers vegna heilbrigðisstjórnin reyni að beita sóttvörnum í Fornahvammi. Ef þetta væri allt satt, sem þeir segja, að þeir vissu ekkert og gætu ekkert í þessum málum, já, þá er líka alveg óþarfi að vera svona út í bláinn að skipa fyrir sóttvörnum í Fornahvammi, því að fáa bæi er eins nauðsynlegt að hafa samband við vegna ferðamanna um hávetur. En það kemur alls staðar fram þetta ráðaleysi og fálm. Á Akureyri er sett skólabann um stund, svo heldur veikin áfram af fullum krafti, en skólabanninu er aflétt fyrir jól, og börn og unglingar fara heim eins og ekkert hafi í skorizt, engar sóttvarnir og veikin heldur áfram. Maður fer suður frá Akureyri, inn í kjördæmi hv. frsm. n., hann fer ekki á fámennt sveitaheimili, hann fer að Laugarvatni og situr þar fram yfir nýár, — hann á þar heima, — hann fer svo til Akureyrar aftur. Ég verð að segja, að ég get ekki skilið hv. þm. Árn., að hann skuli vera að afsaka heilbrigðisstjórnina í þessu landi og halda því fram, að ómögulegt sé að gera neitt. Þótt Akureyri hafi verið látin vera opin og það látið ráðast, hvert veikin gæti borizt, þá hefur þó heilbrigðisstjórnin verið að sýna vald sitt öðru hvoru með því að vera ýmist að opna skólana á Akureyri eða loka þeim, eða til þess að sýna almenningi, að hún veit ekki neitt og getur ekki neitt.

Hv. 1. þm. Rang. er nú kominn í d., og ætla ég að lesa með leyfi hæstv. forseta það, sem góðkunningi okkar beggja segir, Gunnar í Grænumýrartungu. *(Menntmrh.:* Það var lesið upp í dag.) Gunnar segir um mænuveikina:

„Er hún hinn versti gestur, einkum á fámennum sveitaheimilum. Er ekki séð, hvernig fram úr þeim vandræðum rætist, ef hún nær að breiðast út til mikilla muna. En allir vita, hversu hættulegt það er fyrir fólk, sem mænuveiki hefur fengið, að leggja á sig mikið erfiði og vosbúð, meðan það hefur ekki náð sér til fulls, enda þótt veikin sé væg í upphafi.“

Það er hugsanlegt, að þetta kaldlyndi, sem fram kemur hjá hv. 1. þm. Rang., stafi af því sama sem kom fram í hinu fræga læknamáli í hæstarétti, þar sem læknastéttin vill vera undanþegin því að bera vitni í glæpamáli innan sinnar eigin stéttar. En hv. 1. þm. Rang. hlýtur að skilja, að þetta er dómur, sem er ákaflega hættulegur. Það er alveg furðulegt, að slíkt skuli hafa komið fyrir, og getur ekki orðið til annars en að menn spyrji eitthvað á þá leið, hvort ekki sé þá rétt, eftir þessum dómi hæstaréttar, að góður læknir, eins og hv. 1. þm. Rang., beri vitni um það, hvað læknum er yfirleitt leyfilegt. Þetta er spursmál, sem ekki getur þagnað fyrr en l. eru afnumin, þannig að það geti ekki verið hugsanlegt, að nokkur maður fái rétt til þess að hylma yfir glæp, sem einhver vinnur, aðeins ef stéttarbróðir kann að hafa verið riðinn við hann. En af því að ég þekki marga ágæta menn í læknastétt, þykir mér leitt, að þessi meinloka sé þar ráðandi.

Hv. 1. þm. Rang. vildi sýna fram á, að vegna hinnar viðurkenndu takmörkuðu læknisfræði væri ekkert hægt að gera, því að það væri ekki nóg að banna mönnum að fara frá Akureyri, heldur mætti þá ekki heldur senda það an t. d. bréf og blöð, og ég held, að menn geti lifað án þeirra um stund. Ég vil benda þessum hv. þm. á, sem honum virðist ekki kunnugt, að þegar inflúenzan gekk 1918, var skipað upp úr skipum með fyrirvara upp á bryggju, þannig að ekki urðu mannlegar snertingar við það. Hv. 1. þm. Rang. segir að vísu, að mænuveiki sé allt annað en inflúenza, það vissi ég líka.

Hvernig var það 1918? Þá vildu læknarnir ekki heldur gera neitt, þótt þeir nú telji sig betur þekkja þann faraldur, sem þá geisaði, en mænusóttina nú, og þess vegna hafi verið allt annað að viðhafa þá sóttvarnir, en einmitt 1918 vildu læknarnir ekkert gera fremur en nú. Það var fyrst eftir að Akureyri þá heimtaði sóttvarnir, að eitthvað var gert. *(HelgJ:* Það er ekki rétt.) Jú, það er rétt, enda sjá það allir, að ef læknar hefðu eitthvað viljað gera í fyrstu, hefði ekki komið til greina, að veikinni hefði verið sleppt austur. Læknarnir voru alveg á sama stigi og

nú, bezt, að veikin breiðist út. En maður, sem annars gaf sig ekkert að þessu máli, þorði að skipa. Það var að vísu læknir, sem tekur við stjórn í bænum og beitir annarlegum aðferðum, en sá læknir, sem vildi sleppa öllu lausu, gafst upp. Þessi læknir, sem tók upp þessa sérstöku aðferð, fékk borgarana með sér. Hann var ekki annað en geðveikralæknir, og hann tekur þá aðferð, sem hv. 1. þm. Rang. veit um, sem var þvert á móti því, sem nokkur læknir áður gerði, fékk teppi, vafði sjúklingana inn í þau og lét þá drekka mikið vatn og svitna, og virðist þessum lækni hafa gengið betur en nokkrum af þessum mönnum, sem þóttust vita betur, en þeir voru hræddir við heita vatnið. Hv. 1. þm. Rang. er ef til vill órólegur út af þessu. Það var dálítið leiðinlegt fyrir læknana, sem ekki höfðu trú á heita vatninu, að þeir fóru út úr spilinu og enginn talaði við þá.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að það hefði ekki verið mikið gagn að því að verja Austurland, Norðurland og Vesturland, því að svo hefði komið inflúenza þrem árum seinna, og hefði það verið sú gamla inflúenza, eða sízt betri en 1918. Það, að þm. skuli grípa til svona rökþrota, sýnir, að hann finnur, að það er engin afsökun.

Ég skal svo aðeins að lokum vekja eftirtekt þessara merkilegu sunnlenzku þm., sem kannske halda, að þeir séu langt frá eldinum með sitt fólk, á því, hve lítið gagn er að því á mörgum sviðum að treysta á svo kölluð íslenzk læknavísindi. Allir hv. þm. vita, að menn tala gáleysislega um vísindi. Allir strákar útskrifaðir úr háskólanum halda, að þeir séu vísindamenn. En þegar það er athugað betur, t. d. í sambandi við Nobelsverðlaunin, kemur í ljós, að þau eru aðeins veitt fyrir nýjungar, en ekki fyrir próf frá skólum. Enginn maður kallast vísindamaður, nema hann hafi fundið ný sannindi. En vísindi þau, sem læknar okkar eru með, eru af sama ófullkomleika og venjuleg kennsla við skóla, t. d. barnaskóla; það er allt aðfengið ljós. Hér hefur ekki verið gerð nein uppgötvun í læknisfræði, sem hefur neina þýðingu á heimsmælikvarða, og ættu því þessir læknar að koma niður á jörðina til okkar hinna, þar sem þeir vita ekkert meira en við.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. þm. Barð. sagði og hafði um það mörg og stór orð, að sér hefðu verið gerðar getsakir, þar sem hann hefði ekki sneitt neitt að Jóni Hjaltalín í ræðu þeirri, sem hann flutti í málinu fyrst. Hv. þm. Barð. ætti að minnast þess, sem hann sagði með mikilli fyrirlitningu, og má vera, að aðra þm. reki minni til þess, að ríkisstj. hefði ekkert aðhafzt í þessu máli annað en að senda gamalmenni, komið yfir sjötugt, norður á Akureyri í sambandi við málið. Þetta voru óviðurkvæmileg orð, sem hv. þm. Barð. vill ekki viðurkenna, að hann hafi sagt. Má sjálfsagt skilja það svo, sem hann taki þessi orð sín aftur, og má þá við það una.

Út af því, sem hv. þm. S-Þ. sagði um þetta, sem var margt, skal ég ekki vera langorður, en vil aðeins rifja upp í nokkrum setningum, hvernig málið hefur legið fyrir, þó að ég geri ráð fyrir, að þm. hafi nú áttað sig á þessu.

Það liggur fyrir í þessu máli og hefur ekki verið rengt, að menn vita ekki, með hvaða móti mænuveikin berst út, hvort hún berst eingöngu með fólki eða hvort hún berst með vörum og ef svo er, þá hvernig. Menn vita ekki, hve lengi vírusarnir, sem eru orsök veikinnar, kunna að lifa, og því ekki, hve lengi smitunarhættan kann að vara. Þannig er ástatt um þekkingu manna á þessari veiki. Líka lá fyrir, að veikinnar hafði orðið vart víðar um land. Þegar fór að bera á henni á Akureyri sem farsótt, voru kvaddir til ráða af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar þeir helztu sérfræðingar, sem völ var á, til þess að gera uppástungur um, hvað ætti að gera og sérstaklega, hvort hægt mundi vera að setja á samgöngubönn. Þeir hafa allir undantekningarlaust verið sammála um, að af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar væri ekki vert að leggja á samgöngubönn né gera aðrar ráðstafanir en þær einstaklingsráðstafanir, sem þm. hafa minnzt á hér, t. d. að draga úr skólahaldi, þar sem mest ber á veikinni. Um þetta hafa sérfræðingarnir verið sammála. Hefði nú átt að leggja á samgöngubann á Akureyri um nokkurra mánaða skeið og þar að auki kaupstaði, t. d. Sauðárkrók og aðra staði, þar sem mænuveikitilfella hefur orðið vart, hefði það hlotið að trufla allt þjóðlífið í marga mánuði og baka margra milljóna króna tjón. Ég vil spyrja hv. þm., hvort nokkur heilbrmrh. hefði leyft sér að gera slíkt, eins og þetta mál lá fyrir. Þannig hefur þetta mál legið fyrir. Það, sem heilbrigðisstjórnin hefur gert, er það, að hún hefur látið vita, þegar tilefni hefur gefizt til þess, að ef héruðin vildu sjálf einangra sig, mundi heilbrigðisstjórnin samþykkja það fyrir sitt leyti og láta þau ráða því. En þegar hv. þm. S-Þ. er að tala hér um, að hinir og þessir staðir hafi gert hin og önnur afvik, þangað komi menn og með þeim berist mænuveikin, mætti spyrja, af hverju þessi héruð hafi ekki hafizt handa um að einangra sig, þar sem ekki hefur staðið á heilbrigðisstjórninni. Slíkar óskir hafa ekki komið úr héruðunum. Það er aðeins eitt hérað, sem farið hefur út í að setja slíkt bann, Svarfdælahérað, og leysti það bannið fyrir jólin. — Til marks um það, hve erfitt er að átta sig á veikinni, má geta þess, að á stað eins og Siglufirði, sem hefur verið í sambandi við Akureyri allan tímann, hefur ekki neitt orðið vart við veikina, en austur í Rangárvallasýslu hefur mænuveiki orðið vart. Sannleikurinn er sá, að ég hygg, að allir sanngjarnir menn séu sammála um það, að í aðalatriðum hafi heilbrigðisstjórnin haft í þessu heilbrigða stefnu og hefði ekki getað hagað sér öðruvísi.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það verður sennilega ekki mikið að græða á frekari umr. um þetta mál. En þar sem hv. þm. S-Þ. fannst ég hafa sýnt óheyrilega fyrirlitningu á málinu og algert skilningsleysi með þeirri uppástungu að vísa því til fjvn., vil ég skýra það örlítið, ef hann gæti áttað sig á því, að það er ekki eins fjarstætt og hann heldur, að sú n. fái málið til meðferðar, alveg eins og allshn. þingsins. Ég geng út frá því, að hvað snertir mannaskipun í þessum n., kunni að vera nokkuð áþekkt, hvað við berum skyn á þetta mál. Munu vera áhöld um það, að einum manni frátöldum þó, sem á

sæti í fjvn., þ e. hv. 1. þm. Rang., sem er læknir. Hv. þm. S-Þ. er nú búinn að láta í ljós skoðun sína á þekkingu læknanna, að ekki sé mikið upp úr henni leggjandi. En tæpast getur það þó skaðað, að sú þekking sé til staðar, sem hér er fyrir hendi, en á því sviði hefur hv. 1. þm. Rang. vafalaust miklu meiri þekkingu til að bera en aðrir menn í fjvn. og þá í allshn. Það er málshátturr, sem segir, að betur sjái augu en auga, og getur hann átt við hér, þar sem fjvn. er skipuð 9 mönnum, en allshn. ekki nema 7 mönnum. Þetta gæti þá verið til stuðnings því, að það væri a. m. k. ekki nein goðgá að vísa málinu til fjvn.

Annar þáttur þessa máls, sem mér skilst hv. þm. S-Þ. leggja áherzlu á, er sá, að komið yrði á samgöngubanni eða bönnum, ekki eingöngu við Akureyri heldur líka marga aðra staði. Þetta hlyti í framkvæmd að verða ekki lítið fjárhagsatriði, heldur að hafa í för með sér stór útgjöld, og sýndist mér þá ekki framið neitt brot með því að stinga upp á að vísa málinu til fjvn.

Hv. þm. S-Þ. álasar harðlega bæði heilbrmrh. og landlækni fyrir að hafa ekki komið á samgöngubanni við Akureyri og fleiri kaupstaði, þar sem veikin hefur gert vart við sig. Ég býst við því, að hver sem væri ráðherra mundi leita til landlæknis og þeirra manna, sem um heilbrigðismálin eiga að fjalla. Landlæknir hefur leitað til þeirra manna, sem til þess eru settir að ráða því, hvernig eigi að haga sér í þessu máli, þegar veikin er komin í landið. Og sú niðurstaða, sem fengin er, er einróma og byggist á því, sem gert er í öllum menningarlöndum, þar sem þessi veiki er, og því er ákaflega eðlilegt, að eftir þessu sé farið, því að það virðist svo, að það sé ómögulegt fyrir fram að vita, hvar veikin komi upp næst, hve lengi menn ganga með hana, áður en þeir veikjast o. s. frv. Allt þetta er á huldu, og veit enginn maður um háttterni sjúklómsins. Það má náttúrlega, eins og hv. þm. S-Þ., dæma um einstaka staði eftir á og segja, að þar hefði átt að setja á samgöngubann. Að þessu sinni hefur veikin langmest gert vart við sig á Akureyri, og má þá segja, að þennan stað hefði átt að setja í sóttkví. Það er alltaf hægt að vera vitur eftir á. En hvað á þá að segja um aðra staði? Hér byrjaði veikin í ágúst, og síðan hafa komið hér tilfelli öðru hvoru. Hefði þá ekki átt að byrja hér? Er ekki líklegt, að veikin hafi borizt frá Rvík norður til Akureyri? Maður veit það ekki. Samtímis því, að veikinnar verður vart á Akureyri, kemur hún upp vestur í Eyjafirði, Skagafirði, Norður-Múlasýslu, Rangárvallasýslu, Gullbringusýslu. Átti að setja samgöngubann á alla þessa staði og setja þá í sóttkví? Hefði maður viljað vera öruggur með, að veikin breiddist ekki út, hefði maður átt að gera það. Það er ekki hægt að rekja feril veikinnar, en það er vitað, að hún er víða. En hvaðan hún hefur komið, það er gátan og ekkert hægt um það að sanna, og það er ákaflega ósanngjarnt af hv. þm. að bera öðrum á brýn kæruleysi í þessu máli.

Hv. þm. S-Þ. fór ósæmilegum orðum um landlækni, og er slíkt með öllu ósæmilegt og á ekki við, og skil ég ekkert í honum að gera það, þó að hann hafi litla trú á landlækni. Það er annað að vera mótfallinn einhverjum manni en að viðhafa svona ummæli, að segja, að landlæknir sé fullur af meinfýsi og stæði í vegi fyrir því að hægt væri að ná í lyf. Það eru margar lyfjabúðir til að greiða götu manna hér, og stundum eru lyf nauðsynleg, stundum eru þau að engu gagni og stundum að verra en engu gagni. En það er annað mál og ekki vert að vera að blanda því saman. Ég skal ekki fjölyrða um lyfjabúðavandamálið, en skal benda hv. þm. S-Þ. á það, að landlæknir hefur í fleiri horn að líta en koma hér upp lyfjabúðum, en á því eru mikil vandkvæði, sem stafa m. a. af því, að lyfjafræðingar eru hér of fáir. Það vita allir, hve erfitt er stundum að ná í lyf úti á landi, og verður því að hafa fleira í huga en að setja sem flestar lyfjabúðir hér í Rvík.

Hv. þm. S-Þ. þarf ekki að minna mig á það, hve miklum erfiðleikum veikindi sem þessi valda á sveitaheimilum. Ég veit það mætavel. Hitt er svo annað mál, hvernig eigi að koma í veg fyrir, að veikin breiðist út, og þó að sett hefði verið samgöngubann við Akureyri, þá eru litlar líkur til, að ekki hefði farið eins. — Hv. þm. spurði, hvers vegna hefði verið sett samgöngubann við Fornahvamm. Vitanlega var hættulegt að koma þangað, af því að þar voru sjúklingar. Skólum var lokað af sömu ástæðu. Það er annað að setja einstaka bæi í sóttkví en heil héruð. Og ef farið hefði verið út í slíkt, hefði þurft að byrja á Rvík. Veikin kom fyrst upp í Rvík í ágúst, og síðan hafa alltaf öðru hvoru verið að koma hér fyrir tilfelli, og ef til vill hefur hún borizt héðan til Akureyrar. Á sama tíma og á Akureyri kom veikin svo upp á öðrum stöðum. En hvaðan kom hún þangað? Hvað viðkemur manni, sem kom frá Akureyri til Árnessýslu, þá er fullyrt, að hann hafi borið veikina, og ef námsmenn hefðu ekki orðið við þeirri ósk að fara ekki heim til sín í jólaleyfinu, hefði orðið að setja samgöngubann. Það er sem sagt mjög á huldu, hvort veikin hefur borizt út frá Akureyri, og reynt hefur verið víða að draga úr útbreiðslu veikinnar með því að koma sem minnst saman. — Viðvíkjandi þeim dæmum, sem hv. þm. S-Þ. nefndi, þá vita menn, hve lengi menn ganga með veikina, en þar með vita menn ekki, hvernig hún berst. Mér finnst, að málstaður hv. þm. S-Þ. sé ekki mjög sterkur. Við viljum láta heilbrigðisstjórnina hafa málið til meðferðar áfram og að hún geri sitt bezta til að ráða fram úr því. En það, sem hann leggur til, er ekkert ákveðið, og nú síðast vildi hann setja samgöngubann við Akureyri nú, þegar vitað er, að mörg sjúkdómstilfelli eru víðs vegar um landið, en veikin er að fjara út á Akureyri, svo að til lítils er að setja samgöngubann nú við Akureyri. Veikin er víða, en ekki er enn vitað um mjög mörg tilfelli, en hver veit, hve mörg þau kunna að vera? Á að setja samgöngubann við þá staði? Ég hygg, að menn muni hika við það; ef það bann á að standa lengi, mun það valda miklum óþægindum og vandræðum, svo að þetta er ekki svo einfalt sem það kann að virðast. Hv. þm. rökstuddi mál sitt með því, að veikin hefði breiðzt út á Akureyri og í nágrenni Akureyrar. Þetta er hægt að sjá, þegar reynslan hefur sýnt það. En

hvað um Rvík eða aðra staði úti á landi. Vonandi verður það sem minnst, en um slíkt er ekki hægt að segja fyrir fram. Reynslan hefur fengizt á Akureyri, en hvernig verður með hina staðina? Ég vænti þess, að heilbrigðisstjórnin reyni að hefta útbreiðslu veikinnar, og ég veit, að hún hefur fullan hug á að gera það, og ég veit, að hún mun gera sitt bezta, og þá er ekki hægt að komast lengra.

Hv. þm. S-Þ. endaði ræðu sína á því, að ef illa færi, yrði skuldinni skellt á þá, sem að þessum málum eiga að vinna, en mér skilst, að hv. þm. verði betur að tiltaka, hvað gera skuli, ef gagn á að verða að því.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Það er enn óhrakið, sem ég sagði í dag, þrátt fyrir ræðu hv. þm. S-Þ., sem reyndi að færa allt til verri vegar. — Hv. þm. sagði, að læknavísindin væru stutt á veg komin og læknar ófróðir. Það er rétt, að enginn viti neitt um, hvernig smitun hagar sér í vírussjúkdómum, og við vitum ekkert um, hvernig vírusbakterían hagar sér. Það er engin skömm að játa þetta, það veit þetta enginn. Það er vitað, að mænusóttin kom erlendis frá. Hún hefur víða verið, en ekki hefur verið reynt að koma á samgöngubanni, þar eð við vitum ekkert um vírusbakteríuna.

Hv. þm. sagði, að inflúenzan 1918 hefði verið heft sums staðar á landinu. En 1921 kom hún aftur til landsins og þeir, sem sluppu við hana 1918, fóru þá verr út úr veikinni en þeir, sem fengu hana 1918. 1924 kom mænusóttin hingað og var mjög skæð. Hún byrjaði í Reykjavík og var mjög mannskæð og margir dóu. En engum sóttvörnum var þá beitt og ekki minnzt á slíkt og ekki talið, að það svaraði kostnaði, enda skoðun, sem kæmi að litlum notum nú. 1946 gekk hún um Suðurland og komu þar bæði fyrir dauðsföll og lamanir, en ekki var minnzt á að setja samgöngubann. En Akureyri hefur orðið verst úti, og hefur veikin oft komið þar upp. Veikin mun nú vera víða um land og tilgangslaust að setja samgöngubann á þau héruð, þar sem hún er nú. Það er ekki auðvelt að setja stóra bæi eða héruð í sóttkví. Öðru máli gegnir um einstaka sveitabæi, eins og t. d. Fornahvamm. Einstakir menn geta sett hjá sér sóttkví, og fólk þarf fyrst og fremst að vera nógu hrætt, eins og 1918, og er þá miklu auðveldara að framfylgja banninu. Ýmsir bæir tóku á móti gestum frá Akureyri um jólin. Það hefði verið hægt að banna slíkt, en þegar ekki er hægt að sjá eða vita, hvernig veikin berst, þá er það tilgangslaust. Það er með þessa veiki eins og kreppuna, að enginn veit neitt um hana.

Það var annað, sem kom fram hjá hv. þm. S-Þ., þegar hann var að tala um lækna. Hann sagði, að þeir hylmuðu yfir mál með sjúklingum sínum. Þetta er misskilningur, ef ekki annað verra. Hann sagði, að landlæknir hefði heimtað, að læknar segðu frá slíku. En þetta er allt misskilningur. Dómsmrn. fór í mál út af því, hvort læknum bæri að segja frá því, sem sjúklingar þeirra tryðu þeim fyrir, — en þeir eru ekki skyldir til þess samkv. l., og úrskurðurinn var sá, að þeir þyrftu ekki að gera það. En ef um glæp er að ræða, geta dómstólarnir krafið þá um að segja frá. Sjúklingarnir verða að hafa slíkt öryggi, og því fylgja læknar.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira, sem ég þurfti að svara hv. þm. S-Þ. Það eru miklir erfiðleikar, sem þessi veiki veldur, og hún er mikill vágestur, þar sem hún kemur. Hún getur komið þegar minnst varir, þótt allir óski eftir að vera lausir við hana, en menn eru bara ekki herrar yfir slíku. — Ég þarf ekki að ræða þetta mál frekar. Það er komið fram, sem þörf er á, og ég veit, að þjóðin tekur mark á þeim mönnum, sem þessum málum stjórna.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég bar hér fram rökst. dagskrá í sambandi við þetta mál, um að vísa því til hæstv. ríkisstj., til að hún gerði einhverjar raunhæfar ráðstafanir í þessu efni. Hæstv. heilbrmrh. lýsti því yfir, að ef hún yrði samþ., yrðu aðrir að taka við þessum málum. En það er ekki alveg ljóst, hvað hæstv. ráðh. átti við, hvort hann ætlaði að segja af sér eða víkja landlækni úr embætti. Því hefur ekki verið svarað.

Þá spurði ég, hvort hæstv. ráðh. sæi ekkert bil á milli algers samkomubanns eða gera ekkert. Því var ekki svarað. Þá spurði ég, hvort alþjóð hefði farið eftir þeim fyrirmælum, sem læknastéttin hefði sett. Því var ekki svarað, en reynt að snúa sig út úr því og haldið fram, að ég hefði sagt með fyrirlitningu, að ekkert annað hefði verið gert en senda gamalmenni til Akureyrar. Er það þá svívirðing að ræða um aldur manna? Ég skil ekki í því, að hæstv. ráðh. hafi komizt í það ástand í sambandi við þetta mál, að hann geti ekki einu sinni haldið sér við almenna siðfræði í umr. um málið hér á Alþ. Það er fyrir utan allt velsæmi, að hæstv. heilbrmrh. skuli leyfa sér að koma með svona þvaður, þegar mál eins og það, sem hér liggur fyrir, er á dagskrá. Ég get fullyrt það, að hafi ég lagt fyrirlitningu í rödd mína, þá hefur henni verið beint til ráðh., en alls ekki til þess merka manns, sem hann hefur nú beitt fyrir sig. Það hefur verið upplýst hér í umr., að hv. flm. till. hefur á mjög mildan hátt sett fram ósk um, að beitt yrði viðeigandi samgöngubanni. Það var algerlega á valdi ríkisstj. að gera þetta, og það hefur sjálfsagt í mörgum tilfellum verið beitt viðeigandi samgöngubanni, m. a. einangrun, eins og hér hefur komið fram. Þetta gaf því hæstv. ráðh. ekki tilefni til þess að fullyrða, að till. væri flutt til þess að gera honum og flokki hans bölvun. Brtt. mín gaf síður en svo tilefni til þess, að málið yrði af hans hendi gert að stórpólitísku máli, með þeirri hótun frá honum, að ef hans vilji fái ekki fram að ganga, og eftir að hann sjálfur hefur ekkert látið gera eða óskað eftir, að gert yrði til að bæta úr því, sem bæta þurfti, þá muni hann segja af sér. Meðferð ráðh. á þessu máli er þannig, að ég öfunda hann ekki af henni.

Jónas Jónsson: Hv. 1. þm. Árn. fann, að hann hafði ekki haft heppilegan framgangsmáta, þegar hann sýndi þessu máli lítilsvirðingu með því að stinga upp á, að því yrði vísað til fjvn. Hv. þm. veit það vel, að málum, sem heyra undir

menntmn., er vísað til menntmn., þó að þau kosti eitthvað, og málum, sem heyra undir landbn. og sjútvn., er vísað til þeirra n., þó að þau kosti eitthvað, — að almennum málum er vísað til allshn., þó að þau kosti eitthvað, og til fjvn. fara hrein fjármál. Þegar hv. þm. í ógætni, gáska, kátínu og léttúð ætlar að hjálpa sinni stj. og sínum landlækni með uppástungu sinni, þá er hann að sýna málinu lítilsvirðingu. Þetta er líkast því sem spurt væri, ef börnin lægju veik í barnaveiki: Ætli það borgi sig að fá lækni, hvað kostar það? Hverju skiptir, þó að þúsund menn séu veikir á Akureyri? Það er bara spurt um, þegar rætt er um að stöðva útbreiðslu veikinnar: Hvað kostar það? — Hv. 1. þm. Árn. og hv. 1. þm. Rang. hafa sagt, að sóttvarnir gegn mænuveikinni hafi hvergi komið til greina. Það er næstum því engin lítilsvirðing, úr því að lærðir læknar vita ekkert um þetta, fyrir okkur hina að segja: Mér er ókunnugt um, hvaða aðferðir eru hafðar í þessum efnum í öðrum löndum. — En það er annað, sem ég veit og allir hér inni. Það hafa ekki í neinu landi verið settar gaddavírsgirðingar utan um sjúkar kindur, eins og gert var hér utan um pestargemlingana okkar. Hvernig fengum við þessar girðingar? Við fengum þær ekki fyrir sérþekkingu. Öll sérþekking á því máli var, þó að einkennilegt sé, einskis virði. Svo var tekið upp það ráð að taka upp sóttvarnir fyrir kindur, sem hvergi hafa verið framkvæmdar annars staðar. Þetta er dálítið skrýtið. Þessar sóttvarnir kostuðu milljónir. Við leyfðum okkur þetta, en við tókum ekki þetta ráð fyrr en við höfðum gefið upp alla von um, að sérþekkingin dygði. Við höfum gengið inn á þá braut að bjarga okkur sjálf, þegar þekkingin gefst upp. Þannig hefur þetta gengið í mínu kjördæmi. Ég býst við, að allar sveitir væru þar í eyði, ef ekki hefðu verið önnur ráð til bjargar en þau, sem vísindamenn fyrr og síðar hafa lagt til. Þekkingarleysið hefur í þessu tilfelli unnið algeran sigur yfir hinni svokölluðu þekkingu.

Hv. 1. þm. Árn. er enn þá undarlega hrifinn af því að halda opnum samgöngum við Akureyri. Eftir því sem mér er kunnugt um, eru þúsund manns meira eða minna veikir þar. Það er næstum því til minnkunar fyrir þennan dugandi og reynda þm. að halda langar ræður og bera saman Akureyri, þar sem þúsundir manna hafa veikzt, og eitt og eitt tilfelli úti um landið. Menn verða að hafa vondan málstað, þegar rökin eru svona. Það hefði enginn hugsað sér að setja gaddavírsgirðingu, ef mæðiveikin hefði aðeins verið smávægilegur sjúkdómur. Það getur enginn sagt, sem hugsa vill alvarlega um málið, að það sé ógurlegur skaði að grípa til sterkra ráða.

Ég vil svo að endingu spyrja hv. 1. þm. Árn., hvort hann sé sannfærður um, að það sé svo óendanlega mikils virði fyrir þjóðarbúskapinn, að tíðar samgöngur séu við Akureyri og Sauðárkrók. Ég segi nei. Akureyri lagði það á sig 1918 að loka sig úti frá öllum samgöngum. — Ég get sagt hér dæmi um það, hve mikið tilgangsleysi og hve mikil léttúð kemur fram í samgöngunum við Akureyri nú. Ungur maður, sem býr hjá giftri systur sinni, sem á ung börn, fór nýlega norður, á móti ráðum systur sinnar. Þegar hann kom að norðan aftur, ætlar hann beint inn á heimili hennar. Systir hans segir: „Nei, þú kemur ekki inn í þetta hús fyrst um sinn, ég veit ekki, hvað þú kemur með.“ Skyldu það hafa verið eitthvað ólíkar tilfinningar, sem hafa gripið móðurina eða hina reyndu og lærðu menn, sem gera gys að því, sem fyrir hefur komið hér. — Annað dæmi er hér. Þingmaður fór norður og kom í hús, þar sem veikin var. Þegar hann kom aftur, varð það að samkomulagi, að hann kæmi ekki fyrst um sinn í húsið, sem hann hafði dvalið í. Getur ekki hv. þm. skilið muninn á þessari menningu og hinu, að fyrir óþarfa léttúð er ekkert gert til þess að hindra útbreiðslu veikinnar um allt landið? — Hv. 1. þm. Rang. sá nú, að það var óheppilegt að halda því fram, að veikin frá 1918 hafi verið hér 1921. Við getum sætzt á það, að sú veiki var stöðvuð. Heilbrigðisstjórnin vildi ekki sóttvarnir til að byrja með, en síðan komu þeir dauðu í Rvík, og þá sá kænn og laginn maður, Jón Magnússon, að það var betra að hafa sóttvarnir. Hann fékk svo menn, sem ekki létu landlæknisembættið í Rvík hindra sig frá að segja skynsamlega hluti. Leikmennirnir sögðu sitt, og málið var tekið úr höndum landlæknis, þó að hann væri annars góður maður, þó að honum sæist yfir í þessu máli. Hv. 1. þm. Árn. hélt, að hann gæti skotið landlækni undan allri ábyrgð í þessu máli. Það hefur ekkert verið gert á Akureyri til að halda veikinni í skefjum. Þetta verður ekki af landlækni skafið. Hvers vegna gerir landlæknir þetta? Þetta er sami maðurinn, sem gerir eins óþarfan hlut og að standa í vegi fyrir því, að fólkið geti fengið lyfjabúðir. Það eru þúsundir manna hér í Reykjavík, sem vantar lyfjabúðir. Ég lét stofna tvær af þessum lyfjabúðum, sem hér eru reknar. Ég gekk beint að verki og fékk dugandi menn til að standa fyrir þeim. Svo liðu 20 ár og aðrir menn hafa vanrækt að halda þessu áfram. Hér í bænum eru þúsund búðir, en ekki nema 4 lyfjabúðir. Hvers vegna þarf fólkið í Kópavogi og Kleppsholti að taka dýra bíla í bæinn til þess að ná í lyf? Hvers vegna þarf að vera það mikil ös í hinum stóru lyfjabúðum miðbæjarins, að menn fá sig ekki afgreidda fyrr en eftir langa bið? Hér eru til margir menn, sem gætu tekið að sér að reka lyfjabúðir, og ég held, að líka mætti fá til þess danska menn, úr því að flytja þarf inn í landið danskar og þýzkar hjúkrunarkonur. Við höfum haft ágæta útlenda menn fyrir lyfjabúðum hér áður. Hv. 1. þm. Árn. þarf ekki að hugsa, að hér sé neitt spaug á ferðinni, og honum tekst ekki að koma ábyrgðinni af landlækni í þessum málum, því að sökin stendur eftir sem áður. Þetta hefur verið vanrækt. Veikin breiðist út og getur valdið miklum hörmungum.

Svo kem ég að því að svara hv. 1. þm. Rang. (HelgJ). Hv. þm. veit það vel, að samkv. l. eru fóstureyðingar ekki leyfðar hér á landi nema á Landsspítalanum. Ef aðrir menn gera þetta, hvort heldur það eru læknar eða leikmenn, þá er það talinn glæpur. Það er tilgangslaust fyrir hv. þm. að neita þessu. Ágætur og reglusamur héraðslæknir fær sjúkling, sem segir frá því að hafa fengið þessa aðgerð á ólöglegan hátt, og þar af leiðir, að einhver maður er til, sem hefur

framið glæpinn. Það kemst ekki upp, hver hann er. Hvað stendur í veginum fyrir því? Það er bara það, að læknirinn vill ekki segja frá glæpnum, jafnvel þó að hann sé mjög heiðarlegur maður. *(HelgJ:* Hann má það ekki.) Hvers vegna má hann ekki segja frá glæp? *(HelgJ:* Honum er bannað það samkv. l.) Það var einmitt þetta, sem ég vildi fá fram hjá hv. þm. Nú er hann búinn að játa, að samkv. l. eigi læknar að hylma yfir glæpi. Þarna hefur verið framið morð, og læknirinn má ekki segja frá því.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er nú í sjálfu sér lítið á frekari umr. að græða. Það hefur ekki komið neitt nýtt fram hjá hv. þm. S-Þ., því að það liggur við, að hann svari úr austri, þegar til hans er talað úr vestri. Svona er röksemdafærsla hans í þessu máli. Hann talar um, að það sé ekkert leikspil, sem gerzt hefur, og ekki gott fyrir fólkið, sem fyrir því verður. Hver er að tala um það? Ég er ekki viss um, að við, sem bendum á, hver vandkvæði eru á meðferð málsins í framkvæmdinni, höfum minni tilfinningu fyrir því en hv. þm. S-Þ., hve alvarlegt málið er, hve miklum óþægindum það veldur og hve erfitt viðfangs það er. Ef hann hefði verið það vitrari en við, að hann hefði getað sagt: Þið verðið að slíta sambandi við Akureyri, þar verður sjúkdómurinn skæður, og það má gera ráð fyrir, að hann breiðist út þaðan og að margir taki sjúkdóminn, — þá hefði málið horft öðruvísi við. Það er skakkt með farið, að ekkert hafi verið gert til að stemma stigu fyrir útbreiðslu sjúkdómsins. Á Akureyri hefur skólum verið lokað, og þar er samkomubann. En fólkið er við sín daglegu störf. Það er býsna erfitt að ganga lengra innan héraðs en þar var gert. — Hv. þm. minntist á Sauðárkrók. Þar var veikin allskæð og margir tóku hana, en ég vil benda honum á, að veikin kom upp samtímis á báðum stöðunum, Akureyri og Sauðárkróki. Nú er um nokkuð mörg sjúkdómstilfelli að ræða á þessum tveimur stöðum, en hver er kominn til að segja um það fyrir fram, hvernig þetta kann að verða á öðrum stöðum? Ef svo skyldi fara, að hún breiddist mikið út, t. d. hér í Rvík, þá ætti vissulega að setja á samgöngubann. Ef veikin svo færi að dreifast út í öðrum héruðum landsins og samgöngubann yrði við Akureyri, hvað á þá að gera? Annars segja læknar, að veikin hagi sér með öðrum hætti á Akureyri en hún hafi gert nokkurs staðar annars staðar, ekki eingöngu hér á landi, heldur í öðrum löndum, og menn vita ekki, hvernig á þessu stendur og eru meira að segja alls ekki vissir um, að það sé þessi veiki í öllum tilfellum. — Ég get svo látið máli mínu lokið.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég býst við, að hv. þm. S-Þ. sé það ljóst, að um leið og læknir fær læknisleyfi, er hann látinn skrifa undir ýmsar skuldbindingar, sem honum er samkv. l. skylt að halda. Ein skuldbindingin er sú, að læknirnum er stranglega bannað að skýra frá því, sem sjúklingurinn trúir honum fyrir sem lækni. Honum er bannað það, og hann má ekki gera það, nema hann sé með dómi leystur frá sínu þagnarheiti. Í þessu tilfelli vitum við, að mál er á döfinni um fóstureyðingu, og ýmsir læknar hafa gefið um það vottorð. En þeir hafa ekki talið sér heimilt að skýra frá því, nema dómstólarnir dæmdu þá til að gera það. Þessu máli var vísað til dómstólanna. Hæstiréttur hefur fyrir fáum dögum dæmt í málinu, þannig að lækninum var ekki skylt eða mátti ekki í þessu tilfelli rjúfa þagnarheit sitt. Ef hér er um sök að ræða, þá er hún hjá hæstarétti, en ekki læknunum. Ef dómararnir hefðu sagt, að þeir ættu að gera það, þá hefðu þeir gert það. Þetta liggur ljóst fyrir. Það getur vel verið, að í þessu tilfelli hafi rétturinn litið svo á, að nauðsynin á því að skýra frá því, sem hér um ræðir, hafi ekki verið svo knýjandi, að það mætti upplýsa málið á annan hátt. En dómurinn féll á þennan hátt. Það er því ekki sök læknanna, þó að þeir þegi.

Jónas Jónsson: Hv. 1. þm. Árn. hélt því fram, að ég hefði ekki gert skyldu mína viðvíkjandi mænusóttinni fyrir norðan, nema ég hefði sagt um það fyrir fram, að þetta mundi verða slæmur sjúkdómur og bezt yrði að fara varlega. Ég býst við því, að ef einn ráðh. vill fara frá, þegar talað er um sóttvarnir, þá hefði hann sagt af sér, ef spáð hefði verið fyrir þessu. Ef þúsund manns á Akureyri er ekki nægilegt til þess að halda þessum ráðh. rólegum í embætti, þá mundi ekki annað hafa dugað. Á Akureyri hafa skólar ýmist verið opnir eða lokaðir. Meira hringl inn á við er ekki hægt að hafa en þar er. Ég hef einmitt bent á það hér, að beitt yrði viðeigandi sóttvörnum, og það er það eðlilegasta í þessu máli; ef ég hefði sagt algerðum sóttvörnum, þá hefði verið átt við, að þeim yrði beitt alls staðar.

Ég ætla að bæta þessu við fóstureyðingarmálið, til þess að það komi ljóst fram, hvernig málið horfir við. Kæmi ég til læknisins í Rangárvallasýslu og bæði hann að gera eitthvað við líkama minn, væri ósmekklegt af honum að segja frá því. En kæmi ég til hans og segði honum, að ég hefði staðið annan lækni að morði, og gæfi skýrslu um það og hann svo teldi sig bundinn af sínu læknisheiti til að segja ekki frá þessu, þá eru þessir menn komnir inn á allt annað atriði. Það, sem gerðist í þessu tilfelli, er þetta, og er bezt, að hv. þm. viti, hvernig í málinu liggur, að kona fer til hinnar löglegu stofnunar til þess að fá fóstri sínu eytt. Stofnunin neitar, af því að ekki eru fyrir hendi þau skilyrði, sem krafizt er samkv. l. Síðan kemur hún í öðrum erindum til læknis, sem alls ekki hefur viljað eiga við þessar aðgerðir, og segir honum frá því. Læknirinn virðist hafa sagt frá þessu. Nú kemur spursmálið um það: Á mannfélagið að geta haft hendur í hári læknis eða ekki, sem eyðir fóstri, eftir að hin löglega stofnun hefur neitað? Þá lá fyrir hreint dráp, ekkert annað. Það er þetta, sem hv. þm. segir rétt vera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 292 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23:4 atkv.

2. Sjóminjasafn.

Á deildafundum 18. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um undirbúning að stofnun sjóminjasafns [7. mál] (A. 7).

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég flutti þáltill. samhljóða þessari í lok síðasta þings, en vegna þess, hve áliðið var orðið, gafst ekki tími til þess að taka till. fyrir. Vegna þess, að ég álít, að hér sé um mikið velferðarmál að ræða fyrir þjóðfélagið í heild, hef ég borið þessa till. til þál. fram á ný.

Það er tvímælalaust til skaða og skammar fyrir íslenzka þjóðfélagið, sem byggir og hefur byggt sína tilveru að mjög miklu leyti á sjávarútveginum, að ekki skuli vera hér til safn, sem geymir sjóminjar. Skaðinn, sem í þessu er fólginn, er sá, að það glatast ýmis gögn, sem lúta að þessum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sem gætu verið til fróðleiks fyrir afkomendur okkar. Þar að auki ber þetta vott um ótækt ræktarleysi gagnvart þessum mikilsverða atvinnuvegi okkar, en allar menningarþjóðir, sem þennan atvinnuveg stunda, hafa komið upp hjá sér sjóminjasöfnum, og eiga sumar þeirra mörg söfn og merkileg.

Það er hér ekki verið að hreyfa neinni nýjung, vegna þess að hugmyndin um að stofna sjóminjasafn er gömul. Það er komin meir en hálf öld síðan þessi hugmynd um sjóminjasafn var sett fram af Jóni Þórarinssyni skólastjóra Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Síðan hafa ýmsir mætir menn hreyft við málinu, og skriður hefur komizt á það. En þrátt fyrir þetta allt er málið ekki lengra komið en það, að við eigum í dag ekkert sjóminjasafn. Það hefur að vísu verið talað um, að í væntanlegu húsi þjóðminjasafnsins mætti koma fyrir sjóminjasafni. Ég er ekki dómbær um það, en þessu máli hefur verið allt of lítill gaumur gefinn til þessa. — Ritstjóri sjómannablaðsins Víkings hefur fyrir nokkru síðan hreyft þessu máli í útvarpserindi, og útvarpserindi hans hef ég látið fylgja með þessari þáltill.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vona, að hv. þm. sjái, að hér er um nauðsynjamál að ræða, sem ekki þolir bið hér eftir. Tíminn, sem líður án þess að nokkuð sé aðhafzt í málinu, er til skaða, því að um leið er hætta á, að ýmis verðmæti glatist, sem ef til vill er hægt að ná í í dag. Ríkisstj. á að hafa forgöngu í þessu máli, og er þess vegna gert ráð fyrir hér, að Alþ. skori á ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að stofnun sjóminjasafns.

Ég legg svo til, að að þessari umr. lokinni verði till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 7, n. 341).

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta mál og meðal annars leitað álits Fiskifélagsins, L.Í.Ú., F.F.Í. og þjóðminjavarðar. Það hefur þegar borizt svar frá Fiskifélaginu og F.F.Í. Sömuleiðis fékk nefndin bréf frá þjóðminjaverði, þar sem hann skýrir frá því, að það sé þegar hafinn undirbúningur að umræddu safni, og að því vinni nú þriggja manna nefnd. Enn fremur skýrir hann frá því, að safninu sé ætlað húsnæði í byggingu þjóðminjasafnsins. Að þessu athuguðu varð nefndin sammála um, að eðlilegast væri að vísa þessari þáltill. til ríkisstj. með þeim óskum, að hún hlynni að þeim vísi að sjóminjasafni, sem nú er til, svo að það geti þróazt eðlilega, en fjárskortur hamli ekki eðlilegum vexti þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.
Till. á þskj. 341 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 32 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Sérréttindi í áfengis- og tóbakskaupum.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengis- og tóbakskaupum [24. mál] (A. 24).

Á 16. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 20., 21., 23. og 25. fundi í Sþ., 23. og 24. nóv., 2. og 8. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til frh. fyrri umr. (A. 24, n. 505 og 515).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Vinveitingar á kostnað ríkisins.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um afnám vinveitinga á kostnað ríkisins [25. mál] (A. 25).

Á 16. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 20., 21., 23. og 25. fundi í Sþ., 23. og 24. nóv., 2. og 8. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 25. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til frh. fyrri umr. (A. 25, n. 504 og 521).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Vöruskömmtun o. fl.

Á 6. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um endurbætur á fyrirkomulagi um vöruskömmtun, innflutning og dreifingu skömmtunarvara o. fl. [29. mál] (A. 30).

Á 15., 17. og 18. fundi í Sþ., 10., 17. og 18. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Á þskj. 30 höfum við hv. 8. landsk. og hv. 2. þm. S-M. flutt þessa till. — Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vöruskömmtun sú, er upp var tekin hér á landi fyrir um það bil einu ári síðan, hefur farið í hinum mestu handaskolum, og það svo mjög, að fullyrða má, að engin af gerðum núverandi valdhafa hafi vakið meira né almennara hneyksli. En sú staðreynd byggist auðvitað á því einu, að skömmtun nauðsynja er svo nátengd öllu daglegu lífi manna, að hver og einn, jafnvel þeir, sem sljóasta hafa eftirtektargáfuna og hugsunarlatastir eru, hljóta óhjákvæmilega að reka sig á galla skömmtunarfyrirkomulagsins og neyðast til að taka afstöðu til þeirra; en svo er ekki um margar aðrar illar gerðir ríkisstjórnarinnar. — Áhrifa þeirra gætir að jafnaði seinna og þau eru almennara eðlis og því ekki strax augljós öðrum en þeim, sem opin hafa augun og nenna að hugsa, nenna að kryfja hlutina til mergjar, en þeir menn eru enn þá helzt til fáir með þjóð vorri.
Ætli hæstv. viðskmrh. geti ekki verið við-

staddur? *(Forseti:* Ég skal láta athuga það. Hæstv. ráðh. veit, að málið er til umr.)

Þó að fæsta hafi órað fyrir því, að skömmtunin færi eins hörmulega úr hendi og orðið hefur, var samt fyrirsjáanlegt þegar í upphafi, að ekki var von á góðu, kerfið sjálft ósanngjarnt og ambögulegt, en allur aðdragandi skömmtunarinnar með þeim hætti, að aðgætnum mönnum hraus hugur við. Því var það, að ég flutti í þingbyrjun í fyrra, um sömu mundir og skömmtunin kom til framkvæmda, till. til þál., er gekk í þá átt, að skömmtunarkerfi það, sem í gildi virtist vera, yrði afnumið, en annað betra, þ. e. a. s. hentugra og réttlátara, sett í þess stað, enda væri það undirbúið af hæfum mönnum. Um tillögu þessa urðu nokkrar umræður hér í sameinuðu þingi, og varð viðskmrh. til að andmæla henni sem óþarfri. Hann viðurkenndi að vísu, að smávegis gallar væru á fyrirkomulaginu, en þeir mundu lagfærðir jafnóðum og þeir kæmu í ljós; að öðru leyti kvað hann skömmtunaraðferðina góða í grundvallaratriðum, hún væri hagkvæm í framkvæmd, hún væri réttlát, þar sem öllum væri gert jafnt undir höfði, hver maður fengi sinn skammt nauðsynja, og hún væri rúm, meira að segja mjög rúm, þegar höfð væri hliðsjón af því, hve vel birgir allir, sem hann þekkti til, væru af nauðsynjavörum, einkum klæðnaði. Þessu áliti sínu til frekari áréttingar las ráðherrann upp bréf, sem embættismaður sá, er skömmtunina hafði með höndum, hafði skrifað yfirmanni sínum, viðskmrh., að gefnu tilefni, þ. e. a. s. framkomu umræddrar tillögu. Bréf þetta bar með sér, að þeir voru mjög á einu máli, viðskmrh. og embættismaður hans. Þannig lét skömmtunarstjóri í ljós í bréfinu megna andúð á allri gagnrýni, eins og ráðherrann hafði líka gert; og einnig fór skömmtunarstjóri afar ómjúkum orðum um alla gagnrýnendur og hvatir þær, sem þá ræku til sinnar illu iðju, alveg eins og ráðherrann hafði gert í fyrstu ræðu sinni. Og af þessum mikilvægu forsendum dró skömmtunarstjóri þá rökréttu ályktun, að þáltill. væri óþörf, alveg eins og ráðh. hafði gert.

Afdrif umræddrar tillögu urðu þau, að afgreiðslu hennar var frestað og hún falin allshn. til nánari athugunar, og þar sofnaði hún svefninum langa, ásamt öðrum tillögum, er höfðu að geyma endurbótakröfur á skömmtunarkerfinu. En þó svo færi um allar þessar tillögur, að þær urðu ekki útræddar og afgreiddar af hinu háa Alþingi, þá báru þær sjálfar eins og umræðurnar, sem af þeim spunnust innan þings og utan, ofur lítinn árangur í þá átt að lagfæra eða flýta fyrir lagfæringum á sjálfu úthlutunarkerfinu, bæta úr óréttí og draga úr firrum, sem þar fundust ekki allfáar. Það er rétt að rifja upp, hverjar þessar lagfæringar voru, því að bæði er skylt að geta þess, sem gert er, og eins er hollt að minnast þess, að jafnvel „góðu, rúmu, hagkvæmu og réttlátu" skömmtunarkerfi má breyta svo, að betur fari, og enn, að gagnrýnin getur þó verið til nokkurra nytja.

Þannig var fljótt hætt að torvelda með skömmtun sölu á prjónlesi úr íslenzkri ull og ullinni sjálfri. En rétt er að minnast hins, að í engu var þeim neytendum bætt, er eytt höfðu af naumum vefnaðarvöruskammti sínum til slíkra kaupa, a. m. k. kom engin dagskipun frá skömmtunarstjóra þar að lútandi í blöðum eða útvarpi. Þá hafði og fengizt nokkur leiðrétting á úthlutun heimilda til benzínkaupa, þannig að læknar og hjúkrunarfólk gátu haldið starfi sínu áfram, óhindrað af benzínskorti. Atvinnubílstjórar fengu einnig svolitið aukinn benzínskammt, en hvergi nærri nægan til að halda óskertum atvinnutekjum sínum. Sjómenn fengu og lítils háttar rýmri sykur- og kaffiskammt, en þó allsendis ónógan, og eftir honum þarf að ganga við hverja vertíðarbyrjun, sums staðar a. m. k. Þá var og verkamönnum látin í té aukaheimild til kaupa á vinnufötum og vinnuskóm, hvort tveggja eftir að þeir Sigurður Guðnason og Hermann Guðmundsson höfðu lagt fram till. til þál. þar að lútandi. Þá var einnig sjálfur skömmtunarseðillinn færður í nothæfara horf með því að fleirskipta honum; og svo má ekki gleyma heimanfylgjunni til handa nýgiftum hjónum, 1500 kr. innkaupaheimild, sem er að vísu rétt til hnífs og skeiðar, ef svo má orða það, þó að ekki sé loku fyrir það skotið, að hjónakornunum takist að koma sér upp vísi til búslóðar, ef þau eiga góða að, vini, sem völdin hafa og vörurnar. Upptalningu endurbótanna mun lokið, er nefnt hefur verið afmæliskaffið til aldraðra og þrjú hundruð króna seðillinn, sem vanfærum konum er fenginn í hendur til að sveipa í nýfædd börn sín, er þar að kemur, en þau fæðast nakin, svo sem kunnugt er. — Allar eru endurbætur þessar naumt við nögl skornar — nema benzínskammturinn til lækna, það skal viðurkennt — og allar eru endurbæturnar, eins og raunar öll „vöru"-skömmtun hér á landi, fólgnar í því einu að útbýta innkaupaheimildum án minnsta tillits til þess, hvort út á þær sé nokkuð að fá eða ekkert.

Nú liggur það í augum uppi, að það eitt að rétta mönnum innkaupaleyfi nægir ekki til vöruskömmtunar, nægir ekki til að tryggja hverjum einum ákveðinn skammt nauðsynjavara. Þvílík vinnubrögð geta verið ágæt í búðarleik og jafnvel í mömmuleik líka; frjótt ímyndunarafl barnsins getur hæglega breytt bréfsneplum í hvað sem vera vill: klæðnað, skó, sokka, lín, léreft, handklæði, ullardúka og ullargarn og yfirleitt hvað sem heiti hefur. En fullorðið fólk hefur misst þann hæfileika og verður gramt í geði, séu því enn ætluð slík töfrabrögð, og þegar nauðþurftir þess eiga í hlut, verður fulltíða fólk sárt og reitt þess háttar leikaraskap. Fullorðið fólk, og raunar börnin með þegar til kastanna kemur, þykist eiga og á heimtingu á „alvöruskömmtun", þ. e. a. s. skömmtun, sem er svo réttlát, hentug og örugg sem kostur er á, en hitt er móðgun við íslenzka alþýðu og heilbrigða skynsemi hennar og siðgæðishugsjónir að bjóða upp á þann ljóta leik, sem leikinn hefur verið hér s. l. ár.

Skömmtun nauðsynja, hvort heldur er á smábýli eða stóru þjóðarbúi, er ávallt ábyrgðarmikið og vandasamt verk; það er öðrum þræði fólgið í öflun og aðdrætti varanna, sem skammta á, varðveizlu þeirra og dreifingu, en að hinu leytinu aðgæzlu, svo að komið verði í veg fyrir óréttlæti, misskiptingu, svik og svartamarkaðsokur. Hvert

einasta þessara grundvallaratriða vöruskömmtunarinnar hefur verið vanrækt af skömmtunaryfirvöldunum, eins og raun ber vitni um. Illt var upphafið, áframhaldið verra. Í stað þess að hyggja að birgðum, sem fyrir voru, og varðveita þær var látið berast út, hvað í aðsigi væri, og um tveggja mánaða skeið geystust sölsarar eða hamstrarar milli verzlana og sópuðu til sín öllu, er hönd á festi. Þá var allt keypt, eins og í Heljarslóðarorustu stendur, nema hvað einstaka forsjálum framkvæmdamanni tókst stundum að skjóta í skyndi „bak við" pakka og pakka í þeirri trú eða vissu, að góðir dúkar og dreglar væru gulltryggðum seðlum betri, er til eignakönnunar kæmi. En þótt ef til vill hafi ekki verið mikil brögð að slíkum „undandrætti", er hitt víst, að búðir tæmdust svo að segja af vörum þeim, er seinna urðu háðar skömmtun, og einnig af ýmiss konar varningi öðrum, sem ekkert heimili getur sér að meinfangalausu án verið og síðan hefur ekki eða sama sem ekki sézt í búðum eða á opnum markaði, til mikils baga fyrir fjölda fólks. Þó munu ekki þær vörur allar uppurnar í landinu, því að fámennur hópur manna virðist sæmilega birgur af þeim og ýmsum öðrum vörutegundum, sem almenning vanhagar annars mest um. Og þeir eru sumir hverjir svo aflögufærir á stundum, að þeir geta miðlað einstöku kunningjum og viðskiptamönnum ofur litlu, ef fast er sótt á eða fleira keypt. Upprunalega mun hér aðeins hafa verið um að ræða venjulega greiðasemi, að því er flesta leikmenn snertir, en forsjálni hins útsjónarsama verzlunarmanns, að því er kaupsýslustéttina áhrærir.

Þess má sjá sorglega mörg dæmi, að roti er kominn í verzlunarmálin, roti, sem ekki er ólíklegt, að eigi upptök sín í meinsemdinni miklu á Suðurnesjum. Bandaríkjamenn, er á Keflavíkurflugvelli dvelja illu heilli, selja ekki einungis dollara á fjórföldu verði, heldur smygla þeir líka inn ótal vörum og vörutegundum, bæði til eigin neyzlu, því að ekki eru þeir háðir vöruskömmtun sem aðrir útlendingar, er hér dvelja, og einnig til sölu á svörtum markaði með mörghundruðfaldri okurálagningu, því að ekki er sú verzlun háð verðlagseftirliti, enda mundi erfitt að koma slíku við, þar sem bæði innflutningurinn og verzlunin er brot á íslenzkum lögum. En dómsmrh. landsins skortir bæði dug og djörfung til að halda uppi lögum, ef Bandaríkjamenn eiga í hlut, enda væri það við öflugan að etja, þar sem er utanrrh. með sín vesturheimsku viðreisnaráform.

Siðspilling er smitandi sjúkdómur, og þegar sjálf yfirvöldin, sem hefta skyldu útbreiðslu hans, eru gegnsýrð af honum og halda verndarhendi sinni yfir honum, svo sem gert hefur verið frá fyrstu tíð Keflavíkursamningsins, er mikil hætta á, að sóttin elni og útbreiðist, enda er svo komið, að hvers konar prang og pukursala er orðin óhugnanlega tíð og að því er sumar vörutegundir áhrærir tíðari en opin verzlun. Auðvitað gætti þessa fyrst og mest í námunda við meinið sjálft, flugvöllinn, en áhrifa verður nú vart um land allt, auk setuliðssölunnar. Hamstrið, er geisaði um tveggja mánaða skeið, áður en skömmtunin kom til framkvæmda, átti drjúgan þátt í að undirbúa jarðveginn og útbreiða svartamarkaðsfaraldurinn, sem gallar skömmtunarfyrirkomulagsins hafa haldið við. Hvers vegna því hamsturskaupæði, sem síðan hefur geisað og ágerzt, var komið af stað, er ekki að fullu upplýst enn; að þar hafi verið um hinn sama eðlisbundna klaufaskap að ræða og fyrst og síðast hefur einkennt allar gerðir skömmtunaryfirvaldanna, er augljóst mál. En klaufaskapurinn var og er aðeins framkvæmdaratriði, en ekki orsök, hennar er annars staðar að leita, því að útilokað er með öllu, að ekki hafi verið vitandi vits til verks gengið, annars mundi öll sala hafa verið stöðvuð, meðan birgðakönnun færi fram. Það var ekki gert, það var bókstaflega ekkert aðhafzt fyrr en verzlanir tóku að tæmast, þá var loksins byrjað á því káki að krefjast svonefndra „nótukvittana" af kaupendum. Til nótanna hefur ekki síðan spurzt, enda áttu þær þann eina tilgang að fela þá raunverulegu orsök til birgðaeyðslunnar.

Þess var til getið, er umræður fóru fram um skömmtunarmálin í fyrra hér á þingi, að verzlunarstéttin hefði heimtað þessi friðindi af stjórninni sinni til þess að fást til að fallast á vöruskömmtun. Ekki er ósennilegt, að svo hafi verið og ríkisstj. þá tekið þeim kröfum vel, litið á þær sem veigamikinn lið í þeim viðreisnaráformum sínum að gera íslenzku þjóðina móttækilegri fyrir bandarískа aðstoð. Sálfræðilega séð er hugsanlegt, að viðskmrh., sem málum þessum stjórnar, hafi minnzt gamalla flokkssamþykkta og í raun og veru ætlað að gefa öllum kost á að hamstra allsnægtir áður en skömmtunin hæfist. En þar sem hann er kominn úr sambandi við alþýðu landsins, er ekki að undra, þó að honum hafi láðst að hugsa til hinna mörgu, sem algerlega voru útilokaðir frá kapphlaupinu ýmissa hluta vegna, sumir voru að hirða um hey, aðrir úti á sjó, sumir áttu ekki heimangengt sökum veikinda sjálfra sín eða annarra, og svo má lengi telja. Einhvers staðar stendur: Fátæka hafið þér jafnan hjá yður, — það er því miður enn satt, og fátæklingar eru dæmalausir klaufar við að birgja sig upp af vörum og öðrum þessa heims gæðum.

En það er ekki hægt að muna eftir öllu saman, og ef til vill hefur ekki verið um gleymsku að ræða hjá stjórnarvöldunum, hugsanlegt er — og margt, er síðar hefur fram komið, virðist benda í þá átt —, að ríkisvaldið hafi einmitt minnzt þessa lýðs og verið ósárt um, þó að þess sæjust einhver merki, hverjir eru finir menn og hverjir ekki. Og hafi það verið tilætlunin, verður ekki annað sagt en hún sé vel á veg komin að marki. Það er þegar orðinn meiri mannamunur, að því er klæðnað snertir, en verið hefur síðan á dögum þjóðstjórnarinnar eldri. Svo sáralitlar voru birgðir margra, að þeir þoldu ekki eins árs ráðsmennsku fyrstu stjórnar, er Alþfl. myndar á Íslandi, án þess að láta á sjá.

En ekki er hægt að kenna hamstursöldinni fyrstu um það einni saman, hve illa skömmtunin hefur leikið mörg heimili og einstaklinga, og ekki er heldur sökin sú, að skammtað hafi verið úr hnefa fé úr fjárhirzlum ríkissjóðs til framkvæmdanna. Á þskj. nr. 37 eru prentaðar í grg. þær upplýsingar, að skömmtunarskrifstofan hafi kostað á þeim eina ársfjórðungi, sem fyrir liggur

kostnaðargreinargerð um hana, þ. e. apríl—júní 1948, kr. 217 þúsund, þ. e. a. s. 868 þús. kr. á ári að minnsta kosti, og mun það fremur talið van en of, ef að líkum lætur. Skömmtunaryfirvöldunum er ekki alls varnað. Þau kunna sannarlega að skammta sjálfum sér kaup og kostnað. 868 þús. kr., það er há upphæð að greiða fyrir ekki fjölmennari hóp en Íslendingar eru, og varla getur sú þjóð, er slíka ofrausn sýnir, verið svo á bláhjarni stödd, að hún þurfi að lifa á bónbjörgum og selja land sitt og sjálfa sig í þokkabót, en e. t. v. á að líta á þessa óhófseyðslu sem lið í viðreisnaráformum ríkisstj., sem á að gera þjóðina móttækilega fyrir bandarísku „hjálpina", og er sú tilgáta ekki ósennileg, þegar þess er gætt, hve ófyrirleitinni ónærgætni hefur verið beitt á öllum sviðum skömmtunarinnar, innflutningi, birgðagæzlu, dreifingu og skiptingu.

Innflutningurinn hefur verið með áþekkum hætti og á öldum áður, er vöruskort leiddi einatt af, er skipakomur tepptust, en þó frábrugðinn í því, að þrátt fyrir miklar skipagöngur er vöruskorturinn ekki aðeins yfirvofandi, heldur staðreynd, „króniskt" ástand og það meira að segja ólæknandi hvað margar vörutegundir snertir og sum byggðarlög.

Nú er það vitað, að alltaf tekur það tíma að fá vörurnar afgreiddar erlendis og hann stundum alllangan. Þetta má bæði fjárhagsráði og viðskiptanefnd vera vel ljóst og er það sjálfsagt líka, þó að ekki verði fundið, að viðskiptanefnd að minnsta kosti hafi skeytt hið allra minnsta um þau vandkvæði, og er það til hins mesta baga og kostnaðarauka, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, fyrir innflytjendur, iðnfyrirtæki og neytendur. Hvað vöruskömmtuninni viðvíkur liggur það í augum uppi, að ógerningur er að standa við gefin heit, standa skil á úthlutuðu vörumagni, meðan sá háttur er á hafður að leyfa ekki innflutning varanna fyrr en í ótíma, og það því fremur sem öllum birgðum var útausið í upphafi. Hvort það er föst regla hjá viðskiptanefnd að starfa þannig, veit ég ekki, en þetta er sú skýring á vöruskortinum, eða fyrirsláttur, sem neytendur fá óspart í eyra frá hinum raunverulegu skömmtunarstjórum, kaupmönnum og heildsölum.

Á viðskiptanefnd hvílir ekki sá vandi einn að annast um, að leyfisveitingar til innflutnings skömmtunarvara tefjist ekki svo úr hófi fram, að úthlutaðar innkaupaheimildir og vörumagn fái ekki staðizt á hverjum tíma, heldur ber henni auðvitað einnig að gera í samráði við skömmtunarstjóra ráð fyrir nægu magni nauðsynja og óhjákvæmilegum aukaúthlutunum skömmtunarvara, t. d. vegna slysa, bruna eða aukinnar rafmagnsnotkunar. Þá verður einnig að gera ráð fyrir einhverjum vanhöldum líka, en þau verða vitanlega því minni, því betur sem vöruinnflutningurinn er samræmdur þörfum neytenda, sem auðvitað eiga heimtingu á að fá sinn ávísaða skammt keyptan fyrirhafnarlítið við sanngjörnu verði og undirmálalaust. Og þegar innkaupaheimildir eru jafnnaumar og verið hefur s. l. ár, á neytandi einnig fulla heimtingu á, að gæði vörunnar og notagildi séu þannig, að unnt megi vera að komast af með skammtinn, auðvitað með varfærni og nýtni. Og þar sem álnavöru- og búsáhaldaskammturinn er einnig miðaður við peningaverð, á neytandi heimtingu á, að eitthvert samræmi sé milli verðlags og vöruskammts.

Það er skemmst frá að segja, að ekki hafa neytendur orðið þess varir, að nokkur samvinna hafi verið milli leyfisveitinga viðskiptanefndar og úthlutunar skrifstofu skömmtunarstjóra að því er við kemur vali, magni og innflutningi skömmtunarvara, og vera má, að sú sé ein orsökin til þeirrar fálmkenndu hringavitleysu, sem vart verður í öllum gerðum skömmtunarstjórans, hann er með í öllu, en þó um leið utangarðs að því er bezt verður séð.

Hjá viðskiptanefnd virðist handahófið eitt ráða innflutningnum og alls konar munaður, skran og óþarfi látinn sitja fyrir varningi, sem ómögulegt er að komast af án: sódi, ræstiduft, skósverta, bón, tannpasti, greiður, tvinni, stoppgarn, sokkabönd, gólfklútar, klemmur, barnableyjur, varahlutir í saumavélar, jafnvel saumnálar. Erfitt er að fá algeng lyf. Og hvað innflutningi skömmtunarvara viðvíkur virðist viðskiptanefndin láta innflytjandann, heildsalann, um það, hvernig vörurnar séu valdar með tilliti til magns, gæða og notagildis, og það kemur líka í þeirra hlut að annast birgðavörzlu og dreifingu, og er sú ráðabreytni hvorki til að drýgja vöruna né draga úr kostnaði. Auðvitað fer þó bæði varzla og dreifing fram undir umsjá skömmtunarstjóra, sem fær vitneskju um allt, sem inn er flutt, og gefur sínar fyrirskipanir þar að lútandi, og þær eru rétt nefndar dagskipanir, því að ekki sýnast vera nein föst ákvæði um það, hvaða tegundir álnavöru t. d. eru háðar skömmtun og hverjar ekki, og oft fer það svo, að þegar sala er nýafstaðin, það tekur ekki svo langan tíma að koma út vörum nú á dögum, koma fyrst skyndiboðin frá skömmtunarstjóra, að ekki hafi átt að krefjast miða fyrir vöruna, en þau boð koma of seint, svo að kaupmaðurinn getur ekkert annað aðhafzt en yppt öxlum og athugað, hvaða skömmtunarvöru hann geti selt miðalaust í staðinn, svo að allt standist á endum, vörumagn og miðar, á skiladaginn mikla.

Um undanþágurnar svo nefndu eða aukaskammtinn er svipaða sögu að segja, þar virðist engin föst regla á komin, hvenær beri að veita aukaskammt, né heldur, hver eigi að gera það, hvort það sé heldur skömmtunarstjóri sjálfur, einhver undirmanna hans eða úthlutunarstöðvar sveitarfélaganna. Og þau eru ekki fá samtölin, skeytin, bréfin og ferðirnar, sem það kostar að fá úr slíku skorið. Ákvörðun í hverju einstöku tilfelli virðist alltaf tekin eftir mikið þóf, og auðvitað ganga þær oft og tíðum í berhögg hver við aðra.

Skömmtunarstjórinn hefur þannig í nógu að snúast og ekki að undra, þó að lítt vinnist tími til að sinna aukastörfum, svo sem að skipuleggja skömmtunina þannig, að hver landshluti, hver neytandi fái sinn skammt og engar refjar séu viðhafðar.

Það er á allra vitorði, að hvort tveggja verzlun og dreifing skömmtunarvaranna er framkvæmd eftir meginreglunni: Hver er sjálfum sér næstur. Fyrst hugsar heildsalinn um sig og sína, sem

þrátt fyrir ítrekaðar utanferðir þurfa á sínum skammti að halda hér heima, þó að þeir komi uppdubbaðir frá hvirfli til ilja, yzt sem innst. Auk þess á heildsalinn oft hlut í iðnfyrirtæki og lætur það vitanlega sitja fyrir með hráefnin, svo á hann líka stundum smáverzlun, sem hann verður að sjá um, að hafi vörur, þar næst koma vinir og kunningjar, síðan smákaupmenn og iðnfyrirtæki, sem heildsalinn á ekki í, en er þó vandabundinn á einhvern hátt, og að síðustu, ef eitthvað gengur af, koma smásalar og iðnfyrirtæki, sem ekki eru svo gróin í greininni, að þau hafi föst sambönd, og lifa því á snöpum, og fá þeir hinir sömu oft og einatt fyrirmæli um það, hverjir skuli viðskiptanna njóta hjá þeim. Sagan endurtekur sig síðan „bak við" hjá kaupmanninum, og ef eitthvað gengur þá af, eru leifarnar bornar á borð fyrir þá, sem í biðröðum híma, en það er fólk, sem að vísu ekki er svo vinasnautt, að það fái ekki vitneskju um, að fanga sé von, en þó ekki svo hátt sett, að það komist „bak við." Að þessu biðraðafólki sankast svo þeir, sem engan eiga að nema kannske eitt kaupfélag eða svo, og eru sem slíkir ekki aufúsugestir í búðum kaupmannanna, nema þeir beini verulegum hluta viðskipta sinna þangað. Vitanlega eru það aðeins þeir, sem fremstir eru í biðröðunum. sem einhverja úrlausn fá, hinir eru miklu fleiri, sem verða að sætta sig við seðlana eina. Og eins og til að koma í veg fyrir, að sá lýður fari að gera sér gyllivonir um kaup, þegar vörur koma næst, er skammtur hans ýmist afnuminn skyndilega, felldur úr gildi, síðan framlengdur aftur, en þá klipptur til hálfs.

Skylt er að geta þess, að ekki eiga allir kaupsýslumenn óskilið mál, til eru undantekningar, er reyna að skipta sem jafnast milli kaupenda þeim vörum, sem fyrir hendi eru, án tillits til viðskiptaveltu eða kunningsskapar. Svo er um stöku kaupmenn og líklega flest, ef ekki öll kaupfélög, en ekki sýnist sú ráðabreytni vinsæl hjá þeim, sem völdin hafa, og eru þeir, sem þannig haga sér, oftast nær afskiptir í innflutningi þeirra vara, sem mestur hörgull er á, svo sem skófatnaði, álnavöru og búsáhöldum.

Sá verzlunarmáti, sem hér hefur tíðkazt, síðan vöruskömmtun var upp tekin og ég hef nú drepið lauslega á, er ef til vill mannlegur og skiljanlegur, þegar höfð er hliðsjón af aðstæðum öllum, aðhald ekkert annað en óánægja almennings annars vegar, en ólöglegur innflutningur og svartimarkaður rekinn undir verndarvæng ríkisstj. að hinu leytinu. En ekki er unnt að kalla svona verzlunarháttu frjálsa verzlun, þó að hún sé hömlulítil. Enn síður er hægt að kalla þá holla og heilbrigða né vel til þess fallna að auðvelda verðlagseftirlitið, koma í veg fyrir misskiptingu, og þó allra sízt til að torvelda svartamarkaðsokur, enda mun slíkt aldrei hafa verið tilætlun stjórnarvaldanna.

Vöruskömmtun getur aldrei orðið nema afskræmi með svona háttalagi, og meira að segja rándýrt afskræmi af ævintýrunum gömlu um olnbogabörn og eftirlætisgoð. Því er svo komið, að allur almenningur lítur á skömmtunina sem beinan fjandskap, er að sér sé stefnt af hálfu valdhafanna. Til slíkrar afstöðu íslenzkrar alþýðu til skömmtunarinnar hefði ekki þurft að koma, ef skipulega hefði verið til verks gengið og heils hugar fylgt máli hjá þeim, sem mál þessi höfðu með höndum. Íslenzk alþýða er langreynd í því að skammta sér og sínum naumt nauðsynjarnar. Svo að segja hvert alþýðuheimili hefur af efnahagsástæðum þurft að grípa til viðtækrar skömmtunar á þurftarvörum sínum um lengri eða skemmri tíma og allt of margir mátt búa við slíka skömmtun ævilangt. Það má segja, að íslenzk alþýða hafi haft öll skilyrði til að taka því með jafnaðargeði og möglunarlaust, þó að grípa þyrfti til vöruskömmtunar í þjóðarbúinu, og það því fremur sem ástæðan til þess var sögð sú, er þjóðin þekkti fullvel af aldalangri þungri raun, vöruskortur og fjárþröng.

Sú varð líka raunin á, að þegar samþ. var á Alþ. vorið 1947, í lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, heimild til að hefja vöruskömmtun, ef þörf þætti, var því mætavel tekið af langsamlega flestum landsmönnum, og óhætt er að fullyrða, að svo er enn, mikill meiri hl. þjóðarinnar tekur á sig, án þess að fást um, þau óþægindi, sem vöruskömmtun hljóta einatt að fylgja. Og jafnvel þótt almenningur þyrfti enn um árabil að takmarka þurftir sínar, mundi það ekki mæta verulegri mótspyrnu, svo framarlega sem fólk vissi, að verið væri að búa í haginn fyrir framtíðina, verið væri að koma föstum fótum undir framleiðslu landsmanna og tryggja viðskiptajöfnuð við útlönd.

Fjárhag sinn vill þjóðin rétta við og tryggja, og hún vill gera það sjálf, án auðmýkjandi, ógnþrunginna betligjafa og án hengingarvíxla, hverju nafni sem þeir nefnast, um hjálp eða aðstoð. Íslendingar vita, að slík aðstoð verður alltaf fullkeypt áður en lýkur og getur kostað hana ekki einungis eigurnar, heldur jafnvel lífið sjálft, eða það, sem dýrmætast er — frelsið.

En íslenzk alþýða er ekki svo skyni skroppin, að hún þrengi að sér um þarfir fram án þess að vita glögg skil á ástæðunum til þrenginganna og síðan sætta sig við þær eða sigrast á þeim eftir því, sem til tekst. Sú leið, sem farin hefur verið s. l. ár, leiðir hvorki til sameiginlegra átaka né sigurs. Stefnubreyting er óhjákvæmileg, og það er skylda Alþingis að láta málið til sín taka og gera annað tveggja, létta þessu fargi af þjóðinni eða færa skömmtunina í það horf, sem viðhlítandi er.

Okkur, sem að till. þessari stöndum, er hér liggur fyrir, hefur komið í hug sú leið, að Alþ. feli ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða skömmtunarkerfið og gera tillögur um málið í samráði við viðskiptanefnd. Till. þessari var útbýtt hér á Alþ. 21. okt., eða fyrir réttum mánuði síðan. Hún hefur því vonum seinna komizt á dagskrá og dregizt aftur úr öðrum málum, sem þó komu síðar fram. Hvernig svo sem á þeim drætti stendur, er hitt víst, að till. hefur samt komið að nokkrum notum, þó að í þagnargildi væri hér á Alþ., því að hæstv. viðskmrh. hefur getað komið sér upp nokkurri varnarstöðu. Því að till. var ekki fyrr fram komin en hæstv. viðskmrh. fór allt í einu að leggja eyrun við almennum umkvörtunum og óánægjuröddum, sem hann hafði í heilt ár látið sem vind um eyrun þjóta, og skipar nú nefnd til

að athuga skömmtunarkerfið og gera umbótatillögur, líklega helzt með tilliti til starfshátta þeirra, sem skömmtunina höfðu með höndum, eða svo verður maður að ætla, þegar þess er gætt, að í þetta leyndarráð voru skipaðir einmitt þeir menn, er mest höfðu haft með vöruskömmtunina að gera, skömmtunarstjóri og sinn hvor maðurinn úr fjárhagsráði og viðskiptanefnd, auk verðlagsstjóra. Það fyrsta, sem almenningur fékk að vita um nefndarskipun þessa, var það, að kona eins nefndarmannsins skýrði frá skipun hennar á fundi kvenfélagabandalagsins, er haldinn var 26.—27. okt. s. l. En á þeim fundi hafði verið samþ. áskorun til ríkisstj. um að breyta skömmtunarkerfinu í það horf, er felst í till. þeirri, er hér liggur fyrir. — Það næsta, er gerist í málinu, er, að till. er tekin á dagskrá hér í sameinuðu Alþ. þ. 10. nóv., en hún kom ekki til umr. þann dag vegna annarra mála, er látin voru ganga fyrir. En þ. 13. nóv. skipar hæstv. viðskmrh. nýja nefnd hinni fyrri til aðstoðar til að gera endurbótatill. á skömmtunarkerfinu, og sú n. var skipuð konum einum, — en auðvitað ekki úr alþýðustétt, heldur „fínt fólk", en greinagóðar konur, sem eflaust vinna af alúð og gera sér líka vel ljóst, hvað verkafólki og bændaheimilum kemur bezt.

Það má vera okkur flm. till. þessarar, sem hér liggur fyrir, ánægjuefni, að þessari kvennanefnd var í embættisbréfinu — eða hvað það nú heitir — falið að starfa samkv. samþ. kvenfélagasambandsþingsins, en þær voru, eins og ég gat um áðan, á þá lund, að skömmtunarkerfinu væri breytt í það horf, er till. þessi fer fram á. En þó að þessi till. hafi þannig hlotið viðurkenningu bæði stjórnarvalda og kvenfélagasambandsins, teljum við samt réttara, að Alþ. fjalli um hana líka.

Vil ég beina því til hæstv. forseta, að till. þessari verði vísað að umr. þessari lokinni til hv. fjvn. Ég hafði að vísu hugsað mér fyrst allshn., en tilmæli hafa borizt um, að hún færi til fjvn., — og hún er miklu betri nefnd og hefur rætt þessi mál mikið, eftir því sem ég hef frétt. — Till. sjálf er hv. þm. væntanlega kunn, þar sem hún hefur legið svo lengi frammi, og hún skýrir sig að mestu sjálf. Þó vil ég leyfa mér að drepa á fáein atriði, um leið og ég fer lauslega í gegnum hana, og hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar þriggja manna nefnd, er endurskoði skömmtunarkerfi það, er nú tíðkast, og athugi jafnframt í samráði við viðskiptanefnd, hverja nauðsyn beri til skömmtunar hinna ýmsu vöruflokka, svo og hverra birgða aðfluttra lífsnauðsynja sé að vænta á næsta ári og hvernig innflutningi þeirra og dreifingu muni hagað, hve mikill hluti þeirra fari til verzlana og þaðan til neytenda og hversu mikið gangi til iðnaðarframleiðslu og hvaða vörutegundum og magni sú framleiðsla skili af sér aftur á innlendan markað."

Ástæða til vöruskömmtunar getur í fyrsta lagi verið sú, að varan sé svo fágæt, að erfitt sé að útvega hana af þeim sökum, í öðru lagi, að hún sé svo dýr, að ekki séu ráð á að flytja inn nema rétt það bráðnauðsynlegasta magn hennar vegna kostnaðar, og í þriðja lagi sé óumflýjanlegt að takmarka sölu á henni vegna hættu á, að peningamenn sölsi til sín miklar birgðir, hamstri. Sé höfð hliðsjón af þessum ástæðum, virðist næg ástæða til að endurskoða nauðsyn á skömmtun hinna ýmsu vöruflokka. Hingað til hefur, að því er bezt verður séð, verið hafður sá háttur á að láta handahófið eitt ráða um það, hversu skuli takmarka söluna með skömmtun. Þannig er erfitt að koma auga á, hver nauðsyn ber til að skammta kaffi, sem nægt framboð er á á erlendum markaði og ekki dýrara en svo, að örlítill hluti af ólöglegum innistæðum faktúrufalsara mundi nægja til margra ára kaffineyzlu þjóðarinnar, auk þess sem það verður að teljast í hæsta máta ósanngjarnt að meina sjómönnum, verkafólki og gamalmennum — svo að ekki sé um aðra talað — að fá sér kaffisopa til hressingar, meðan veittur er innflutningur á efnivörum til nýtízku glundurs eins og kókakóla og það selt takmarkalaust, en á hinn bóginn engar líkur á, að fólk hamstri kaffi, því að það dofnar við geymslu. Þá er ekki heldur ástæða til að ætla, að menn hamstri til sín hreinlætisvörur eða búsáhöld, en hvort tveggja eru hlutir, sem ekki má án vera. Og þá virðist vera full þörf á, að menn þeir, sem mál þessi hafa með höndum, fái einhverjar leiðbeiningar í þá átt, að lífsnauðsynjar verði að ganga fyrir öðru um innflutning. Og eins er það, að enginn getur skammtað vel, sem ekki veit, hvað hann á að skamma, hefur ekki milli handa eitthvað til að skammta, og getur ekki komið því, sem skammta á, til neytendanna. En á það er ekki komin föst skipan enn, hvernig samræma beri innflutning og dreifingu. Þá virðist heldur ekki komin enn nein föst skipan á það, hvernig með vörur þær skuli farið, sem framleiddar eru hér á landi úr efnum, sem skömmtun eru háð. Ýmist er skömmtuð vinnan, sem unnin er af íslenzkum höndum, oft ásamt efni með, sem alíslenzkt er, t. d. Álafoss-dúkar og Gefjunar-dúkar o. s. frv., en í öðrum tilfellum fellur varan úr skömmtun, ef íslenzkur iðnaður hefur um hana fjallað, t. d. ef handklæðadreglar, sem vitanlega eru háðir skömmtun, eru keyptir upp af framtakssömum einstaklingum og síðan klipptir niður í smábleðla eða saumaðir eins konar pokar úr þeim, þá er ekki krafizt innkaupaheimildar fyrir þá. Einnig er sykur háður skömmtun, en vörur, framleiddar úr sykri hér á landi, eru gefnar frjálsar. — Nú verður það að teljast mjög misráðið og ósanngjarnt að meina fólki að fá sér sykur með kaffi sínu, sykur í saft og berjamauk, sem er mjög holl fæða, eða jafnvel sykur í kökur og kaffibrauð, meðan hann er seldur takmarkalítið til brauðgerðarhúsa, kóka-kólabruggara og konfektgerðar. Þó munu þau fyrirtæki þurfa að uppfylla einhver skilyrði til að verða sykursins aðnjótandi, en ekki virðast vera til um það nein ákveðin fyrirmæli, ef saga sú er sönn, er gengið hefur um bæinn og mikið hefur verið rædd síðastliðnar vikur. En hún er á þá leið, að efnamaður á Norðurlandi hafi fengið innflutt tæki til konfektgerðar, mesta merkistæki, er skiladi sætindunum innpökkuðum á mjög áferðarfallegan hátt, — en nú vantaði aðeins það, sem við átti að éta, sykurinn. Hann fékkst ekki, þótt fast væri eftir sótt. Maðurinn

lagði leið sína suður og var af kunnáttumönnum gefið það ráð að selja starfsmanni hjá innkaupasambandinu — Impuni, — ég er ekki alveg viss um, að ég fari rétt með nafnið, — hlut í fyrirtæki sínu. Og sagt er, að þetta hafi reynzt mesta heillaráð og nú hafi fengizt 200 kg af sykri til þessa fyrirtækis á mánuði hverjum. Nokkru síðar gerðist einn af starfsmönnum hjá fyrirtækinu S. Árnason & Co. meðeigandi í umræddri sælgætisgerð, og það nafn reyndist gætt enn meiri kynngikrafti, því að síðan hefur konfektgerðin fengið 1000 kg af sykri á mánuði. — Hvort saga þessi er sönn, veit ég ekki, en sjálfsagt getur hæstv. fjmrh. upplýst það atriði. En hitt er víst, að þegar svona fregnir komast á loft og berast mann frá manni, án þess að nokkur efist um sannleiksgildi þeirra, sem heyrir, þá er það ekki einungis þungur áfellisdómur á skömmtunarfyrirkomulagið allt og framkvæmd þess, heldur líka ótvíræð bending um það, að ástæða sé til varúðar hvað vörugæzlu og vöruskiptingu snertir og þörf strangs eftirlits og fastra starfsreglna að því er iðnaðarfyrirtæki snertir.

Þá hefur það og tíðkazt mjög undanfarin ár, að fólk hefur ekki getað keypt efni í klæðnað og vinnufatnað o. s. frv., heldur aðeins átt kost á vörunni fullgerðri. Þetta hefur það í för með sér, að fjölda fólks er fyrirmunað að kaupa nauðsynleg föt vegna þess, að það hefur ekki efni á því að borga t. d. 800—900 kr. fyrir kvenkjól, sem hægt er að koma upp í heimahúsum fyrir 100—200 kr., ef efni fengist, auk þess sem flestir kunna þessari nýbreytni illa, að mega ekki sauma föt á sig eða börn sín, hvað þá að kasta bót á fat; það er ekki hægt lengur, þar sem bæði vantar bótina og tvinnann og jafnvel nálina líka.

Margt er fleira, sem of langt yrði upp að telja hér, en athuga verður. En eins og við flm. höfum gert ráð fyrir nefndarskipuninni, ætti að fást nokkurn veginn alhliða athugun á þörfum hinna ýmsu þjóðfélagsþegna og möguleikum á að bæta úr þeim þörfum, en gert er ráð fyrir, að n. skili áliti sínu fyrir miðjan desember.

Um einstaka liði till. er ekki ástæða til að fjölyrða. Það virðist augljóst, að ákvæði verði að setja um það, bæði hvaða vörur eigi að undanþiggja skömmtun og á hvaða vörum beri að takmarka sölu. Það sýnist t. d. einkennileg ráðstöfun, að fjárfestingarleyfi eru veitt til alls konar bygginga, en miðstöðvartæki og hreinlætistæki eru háð skömmtun, þótt fjárfestingarleyfi sé fengið til byggingar. — Eins er um það, að reglur þarf að setja um, á hvaða vörum beri að takmarka sölu og hverjar kröfur beri að gera til gæða vörunnar. Mætti í því sambandi benda á sokka. Þeir sokkar, sem nú eru á markaðnum, kosta frá 40—50 kr. og endast afar illa. En það ætti að gefa fólki kost á að fá ullarsokka og ísgarnssokka og nylonsokka, þegar meira er haft við. — Þá þarf, er skömmtunarþörf einstaklinga er metin, að hafa hliðsjón af mismunandi aðstæðum manna, svo sem aldri, kynferði, atvinnu og heimilishögum. Það er til dæmis varla hægt að hugsa sér óþarfari hlut en skó fyrir börn á 1. missiri; og um úthlutun á skóm þarf að taka tillit til margs og gera greinarmun á því, hvort þeir eru nasbitnir, hælahöggnir, pappasólaðir eða leðursólaðir o. s. frv. Enn fremur þarf að hafa í huga við innflutninginn þörf á hinum ýmsu stærðum. Undanfarið hafa t. d. ekki fengizt nema afar lítil númer.

Þá er 4. liður till. um það, hve miklu skömmtunarvörumagni skuli úthlutað alls á komandi ári, og er b-liðurinn um það, hve stóran skerf skuli þar áætla einstaklingum og heimilum hinna ýmsu neytendaflokka. Það má t. d. minna á, að fólk, sem býr í kaupstöðum, á ekki heimtingu á að fá eins stóran kaffiskammt og fólk í sveitum, sem ekki hefur nein kaffihús, o. s. frv.

Þá fjallar 5. liðurinn um það, hvernig innflutningur og vörudreifing verði samræmd skömmtunarkerfinu, þannig að öruggt sé, að vörurnar séu til.

Í 6. lagi þarf svo að ákveða, hvaða nauðsynjavörur skuli sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum innflutningi. Það liggur í augum uppi, að margar vörur eru svo nauðsynlegar, að án þeirra er ekki unnt að vera, t. d. verða lyfin að ganga fyrir öllu. Og svo er t. d. tannpasta nauðsynlegur hlutur. Ég vil svo, herra forseti, beina því til yðar, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Á 20. og 21. fundi í Sþ., 23. og 24. nóv., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru allmargir dagar síðan þetta mál var síðast hér til umr., og þess vegna er farið að fyrnast nokkuð yfir þær margvíslegu athugasemdir, sem komu fram hjá hv. 1. flm. till. Ég hef verið að rifja málið upp fyrir mér með því að lesa ræðu hv. fyrsta flm., sem birtist í Þjóðviljanum, og sannast sagna er, að þegar hún er krufin til mergjar, þá er heldur lítið í henni annað en stór orð og heldur illa undirbyggðar fullyrðingar. Hv. flm. verður í stórum slagorðum, eins og „að framkvæmd skömmtunarinnar sé og hafi verið stórhneyksli, öngþveitið í skömmtunar- og verzlunarmálum sé óþolandi, kerfið sé ósanngjarnt og ambögulegt, fálmkennd hringavitleysa“ og annað fleira, sem er svo gerð lítil tilraun til þess að rökstyðja. Það eru yfirleitt einkenni og uppistaða í þessari ræðu, að það er lítið um rökstuðning, en mikið um fullyrðingar. Alltaf þegar fyrsti flm. hefur möguleika til þess að ætla þeim mönnum, sem með þessi mál hafa farið, að fara þá leið, sem verri er, þá gerir hann það. Hann segir, að framkvæmdirnar hafi verið gerðar af fjandskap við þjóðina og illar hvatir séu á bak við, það sé þó að vísu líka aulaháttur og heimska mikil á bak við að hennar dómi. Í þessum orðaforða veltir hún sér, eins og krakki veltir sér upp úr skít. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta. Ég viðurkenni, að þetta kerfi er ekki, frekar en önnur mannanna verk, fullkomið og það þarfnast endurbóta. Það var byrjað á þessu í mikilli skyndingu og án nægilegs undirbúnings á sínum tíma. Það var gert af

nauðsyn fyrst og fremst á þeim tíma, en ekki af því, að ekki hefði verið æskilegra, að betur hefði verið um hnútana búið þá. Síðan þessi skömmtun var sett á laggirnar, hefur ýmsu verið breytt til batnaðar, eins og hv. þm. kemst ekki hjá að viðurkenna að nokkru leyti, þó að hún þakki sér og sínum till. allar breytingar, sem til bóta horfa, og kenni svo hinum hálfheimsku og alheimsku bjánum, sem að þessu standa, allt, sem miður fer. Ég verð að hryggja hana með því, að till. hennar hafa ekki verið á nokkurn hátt fyrirmynd. Það hefur verið valið það, sem álitið er, að komi að gagni hverju sinni, enda eru till. hennar fluttar allar og eingöngu í áróðursskyni, en ekki til þess að bæta úr því, ef eitthvað hefði verið öðruvísi en vera ætti. Allur málflutningur hennar er markaður af þessu. Annars skal ég segja það, að til viðbótar við þær breytingar, sem á skömmtunarfyrirkomulaginu hafa verið gerðar, má eitt að því finna, sem er stórt atriði og er í rauninni nægilega stórt atriði til þess, að allir hafi nokkra ástæðu til þess að vera óánægðir með það, og það er, að innflutningsmagnið og skömmtunarmagnið hefur ekki staðizt á. Í tveimur vöruflokkum, vefnaðarvöru- og búsáhaldaflokknum og skófatnaðarflokknum, hefur ekki verið flutt inn eins mikið magn og skammtað hefur verið, og þess vegna hafa menn ekki getað fengið þessar vörur út á seðla sína. Ég skal ekki á þessu stigi málsins fara út í það að leita að, hverjum þetta er að kenna, en þetta eru mistök, sem ber að viðurkenna og leitazt verður við að leiðrétta, eftir því sem mögguleikar eru til. Þetta er að sjálfsögðu grundvallarskilyrði til þess, að skömmtunin geti orðið viðurkennd og komi að tilætluðum notum, að innflutningsmagnið sé ekki minna, heldur þyrfti það að vera nokkru meira en skömmtunarmagnið, svo að birgðir gætu safnazt í landinu. En ef þessar birgðir hefðu verið til í þessum tveimur vöruflokkum, sem ég nefndi, þá hika ég ekki við að fullyrða, að skömmtunarkerfið og framkvæmd þess hefði komið að mjög miklum notum, en alls ekki verið, eins og fyrsti flm. till. fullyrti, „nokkurs konar fjandskapur af hálfu valdhafanna við almenning í landinu".

Þegar horfið er að framkvæmdum eins og þessari, er eðlilegt, að leitazt sé við, eftir að hún hefur verið framkvæmd nokkurn tíma, að kynna sér, hver reynsla hefur orðið með hana. Þess vegna skrifaði ég 16. sept. s. l. fjárhagsráði og óskaði eftir, að það gæfi skýrslu um, hvernig þetta hefði reynzt í aðalatriðum og hverjar till. væru líklegar til bóta því, sem miður kynni að hafa farið. Voru svo skipaðir 4 menn í nefnd til þess að athuga þetta mál, verðlagsstjóri, skömmtunarstjóri, einn frá viðskiptan. og einn frá fjárhagsráði. Nokkru síðar óskaði ég eftir því við stjórn Kvenfélagasambands Íslands, að 4 konum yrði bætt við til að athuga þetta mál. Þessi 8 manna nefnd hefur unnið að því að kynna sér þann árangur, sem með skömmtuninni hefur náðst, og gera till. til bóta eða breytinga á því kerfi, sem nú er í gildi. Nefndin hefur nú starfað um alllangan tíma og er nýbúin að skila sínu áliti. Ég tel rétt, að áður en það mál, sem hér liggur fyrir, um skipun nýrrar nefndar, er afgreitt, þá fái hv. þm. að vita, hvaða niðurstöðu nefndin hefur komizt að. Ég held, að það sé þess vegna ekki úr vegi, að ég lesi aðalniðurstöður nefndarinnar hér upp, svo að n. sú, sem málið fær til meðferðar hér á Alþ., kynni sér till. þessarar nefndar til að athuga, hvort ástæða sé til að styðja þessa áróðurstill. hv. 2. landsk. Till. þessarar nefndar eru í nokkuð mörgum liðum, og með grg., sem ég skal aðeins hlaupa lauslega yfir.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til, að skömmtun á öllum búsáhöldum, öðrum en úr gleri og leir, sé afnumin frá næstu áramótum, en þó, eins og tekið er fram, á skömmtun á öllum búsáhöldum úr leir og gleri að verða áfram.

Í öðru lagi er lagt til, að kaffiskammtur sé aukinn frá því, sem nú er, um tvo pakka á hverjum þrem mánuðum og verði því 20 pakkar á ári til hvers einstaklings.

3. Sykurskammturinn sé aukinn um 500 grömm á hverju þriggja mánaða skömmtunartímabili og verði því 20 kíló á ári á hvern einstakling.

4. Skófatnaður sé skammtaður eins og verið hefur á sérstökum seðlum og miðist við sama magn eða svipað og nú er til hvers einstaklings, þ. e. einir útiskór og einir inniskór á hvern mann.

5. Skömmtun á hreinlætisvörum, sápum og þvottadufti haldist óbreytt og á sérstökum skömmtunarseðlum, sem gildi fyrir ársfjórðung í senn.

6. Kornvöruskömmtun haldist áfram á sérstökum skömmtunarseðlum með sama magni og verið hefur til hvers einstaklings. Auk þess sé veittur sérstakur skammtur af rúgmjöli til sláturgerðar eins og að undanförnu.

7. Nefndin leggur til, að innflutningur á kornvörum sé aukinn um einn þriðja hluta frá því, sem nú er, til þess að birgðir í landinu geti aukizt verulega.

8. Smjörskömmtun haldist með sama hætti og að undanförnu á sérstökum seðlum, 3,5 kg til hvers einstaklings, eins og reiknað er með í framfærsluvísitölu.

9. Skömmtun á bílagúmmíi haldist með sama hætti og nú, þ. e. sömu skammtar og ákveðnir eru með reglugerðinni um bifreiðagúmmí.

10. Skömmtun á benzíni haldist áfram, þannig að bifreiðum sé úthlutað skömmtunarseðlum eftir stærð og því, til hvers þær eru notaðar.

11. Skömmtunarseðlar séu gefnir út 1. jan. 1949, er gildi fyrir verðmæti (á smásöluverði) til sameiginlegra kaupa á öllum skömmtuðum vefnaðarvörum, þar með fatnaði, ytri sem innri, svo og búsáhöldum úr gleri og leir, þannig að velja megi óhindrað á milli þessara vara, en haldið sé þó einingarkerfinu. Sokkar eru þó undanþegnir, og séu gefnir út sérstakir skömmtunarmiðar fyrir þeim. — Hér er um mjög svipað fyrirkomulag að ræða og verið hefur, nema árinu er skipt í fleiri hluta.

12. Skömmtunarseðlar þessir séu gefnir út fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 1949 og þá ákveðið um leið, að þeir gildi til loka þess árs, enda haldi stofnauki 13 frá núverandi vefnaðarvöruskömmtun gildi sínu fyrst um sinn eftir áramót á sama hátt og áður.

13. Hinn 1. apríl 1949 verði síðan gefnir út

skömmtunarseðlar fyrir tiltekið tímabil, og haldi þeir gildi til ársloka. Allir skömmtunarseðlar falli úr gildi 31. des. 1949.

14. Smásöluverðmæti þeirra vara, sem skammtaðar eru samkvæmt þessum tillögum, sé reiknað út síðar, þegar ákveðið er, hversu mikið innflutningsáætlunin heimilar af þeim, þannig að fundið sé verðmæti þeirra til hvers einstaklings, og sé þá einnig miðað við það verðmæti, sem veita þarf sem aukaskammta til sérstakra fyrirtækja, veitingahúsa, skóla, vinnustöðva og annarra, sem líkt eru settir.

15. Viðskiptan. skal leita tillagna Skömmtunarskrifstofu ríkisins, áður en leyfi eru veitt fyrir innflutningi skömmtunarvara, bæði um tegundir og magn, er til landsins þarf að flytja eða framleiða í landinu af hverri tegund, svo sem sokkum, lérefti, vinnufataefni, kvenskóm, karlmannaskóm, leirvöru o. fl.

16. Skömmtunarskrifstofa ríkisins skal, áður en hún veitir tollafgreiðsluleyfi fyrir skömmtunarvörum, fullvissa sig um, að hin innflutta skömmtunarvara sé í samræmi við veitt innflutningsleyfi.

Þessar eru þá till. átta manna nefndarinnar. Í henni eiga sæti fjórar konur og fjórir karlar, sem vinna áttu að lagfæringu á því kerfi, sem hv. 2. landsk. telur óþolandi ástand og stórhneykslí, eins og hann komst að orði. Skal ég svo til viðbótar lesa upp nokkur orð til skýringar hverjum lið um sig, því að nefndin hefur sjálf gert aths. við hina sextán liði tillagna sinna. Eru þær á þessa leið:

„1. Búsáhöldin = till. I. — Lagt er til, að áfram haldist skömmtun á leir- og glervöru, svo sem diskum, skálum, könnum, bollum, glösum o. fl. úr leir og gleri, en niður falli skömmtun sú, sem verið hefur á öllum öðrum búsáhöldum, eins og pottum, pönnum, kötlum og ýmsu fleiru, sem skammtað hefur verið. Á mörgu þessu er illt að koma skömmtun við, enda sumt af því, sem einstaklingarnir kaupa ekki nema á árabili, og ætti ekki að vera sérstök löngun eftir meiri kaupum á því en svarar til þarfar í hvert sinn. Ætlazt er til, að þessi búsáhöld, sem skömmtuð verða, falli undir sömu skömmtunarseðla og vefnaðarvara, eins og verið hefur. Tillaga nefndarinnar um afnám búsáhaldaskömmtunar að nokkru er gerð í trausti þess, að leyfður verði nægur innflutningur á þessu, einkum þeirra, sem brýnust er þörf á, og vill nefndin benda á nauðsyn þess, að eftirlit sé með, að innflutningurinn sé samkvæmt veittum leyfum.

2. Kaffið = till. II. — Kaffiskammturinn hefur á þessu ári verið 3 pk. á 250 g af brenndu og möluðu kaffi og samsvarandi því af óbrenndu, og er hann ætlaður til hverra þriggja mánaða. Þetta eru 12 pk. á árinu, en auk þess var látinn 1 pk. til viðbótar í júní, og annar verður veittur fyrir næstu jól, og er þá skammturinn allur 14 pk. af brenndu og möluðu kaffi eða sem svarar 4.2 kg af óbrenndu kaffi yfir árið til hvers einstaklings. Þar fyrir utan eru aukaskammtar til sjómanna, ýmissa vinnustöðva o. fl. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að kaffiskammturinn sé aukinn um 2 pk. á skömmtunartímabili, upp í 5 pk. í stað þriggja, og yrði ársskammtur þá 20 pk., en það samsvarar 6 kg af óbrenndu kaffi á mann yfir árið.

Þessi stækkun á kaffiskammtinum, sem hér er ráðgerð, nemur því 1.8 kg á mann á ári af óbrenndu kaffi, en það samsvarar 252 smál., ef miðað er við, að skammta þurfi 140 þús. manns. Að verðmæti mundi þessi aukni innflutningur nema tæpum 600 þús. kr. í fob-verði, og er þá reiknað með sama verði á einingu og gert er ráð fyrir í uppkasti að innflutningsáætlun. Án efa gæti niður fallið að veita aukakaffi til ýmissa hópa af fólki, sem nú njóta þess, svo sem skrifstofumanna o. fl. Ekki er ætlazt til, ef kaffiskammturinn er stækkaður þannig, að neinar aukaúthlutanir þurfi að gera á kaffi á árinu.

Einn nefndarmaður, Sigurjón Guðmundsson, lagði til, að skömmtun á kaffi yrði afnumin frá ársbyrjun 1949, en sú tillaga hlaut ekki stuðning nefndarinnar.

3. Sykurinn = till. III. — Samkomulag hefur orðið um það í nefndinni, að leggja til að stækka sykurskammtinn um 2 kg á ári, úr 18 kg, sem nú er, upp í 20 kg á hvern mann, þ. e. um 500 g á hverju skömmtunartímabili. Vegna þess mundi þurfa að auka innflutning sykurs um 280 smál., ef reiknað er með skammti handa 140 þús. manns, og mundi verðmæti þessa aukna sykurmagns nema um 280 þús. króna — fob-verð. Allur sykurinnflutningur á komandi ári er nú áætlaður um 5000 smál. — Á móti þessari stækkun á skammtinum mætti án efa fella niður eitthvað af aukaskömmtum, eins og bent er til í því, sem að framan er sagt um kaffið.

Tillögur um að láta skömmtun ná til veitinga á kaffi, sykri og kornvöru eða matar tilbúins úr skömmtuðum vörum og til sölu á hvers konar kaffibrauði og kökum, að undanteknu hörðu brauði, hlutu ekki nægilegt fylgi í nefndinni.

4. Skófatnaðurinn = till. IV. — Nefndin gerir tillögur um óbreyttan skammt af skófatnaði, þ. e. hverjum manni fullorðnum séu ætlaðir einir útiskór úr leðri og einir inniskór og börnum meira, eins og verið hefur á þessu ári síðan í júníbyrjun. Virðist svo, að þetta sé nægilega mikill skammtur, og hafa ekki legið fyrir kvartanir út af skóskömmtuninni. Nefndin hefur til athugunar skömmtun á ytri skófatnaði — skóhlífum og bomsum — úr gúmmíi, en talið er, að ýmsir safni birgðum af þeim varningi, og veldur það vöntun hjá öðrum.

5. Hreinlætisvörur = till. V. — Um hreinlætisvörurnar, sápur alls konar og þvottaduft, er hið sama að segja og um skófatnaðinn, að engar verulegar kvartanir hafa komið fram út af skömmtun þeirra á seinni hluta ársins, eða síðan nægilegt magn þeirra var til í landinu. N. leggur því til, að skömmtun þessara vara haldist óbreytt.

6. Kornvörur = till. VI og VII. — Kornvöruskömmtunin er af ýmsum talin óþörf og megi afnemast, þar sem skammturinn sé svo ríflegur, að margir noti hann ekki til fulls, og sé því enginn eða lítill sparnaður að skömmtun, enda mundu fáir eða enginn kosta kapps um að safna miklum kornvörubirgðum, þótt óskammtaðar væru. Nokkrir segja, að ekki væri mikill skaði skeður, þótt einhverjum mönnum væri gert fært

að birgja sig upp af þessum nauðsynjavörum. — Nefndin getur að vísu tekið undir sumt af þessu, en bendir í því sambandi á það, sem fram er tekið áður um skömmtunina almennt og ástæðurnar til þess, að hún var sett á.

Í nefndinni komu fram þrenn sjónarmið um kornvörurnar, fyrst að afnema skömmtun þeirra með öllu, annað að auka skammtinn nokkuð og hið þriðja að halda skömmtuninni og hafa skammtana jafnstóra og verið hefur, þ. e. 60 kg. á ári fyrir hvern mann.

Tillaga um afnám skömmtunarinnar, sem Sigurjón Guðmundsson bar fram, átti ekki fylgi að fagna í nefndinni, og tillaga, sem kom fram um að auka ársskammtinn um 1/10 eða í 66 kg á mann, var felld með jöfnum atkv. Tillaga um að halda skömmtuninni áfram óbreyttri var loks samþykkt með 7 shlj. atkv.

Í nefndinni var nokkuð rætt um nauðsyn þess, að kornvörubirgðir í landinu væru alltaf verulegar, og taldi hún því, að auka þyrfti kornvöruinnflutninginn um 1/3 á næsta ári frá því, sem var á þessu ári.

7. Smjörið = till. VIII. — Að undanförnu hefur smjör verið skammtað í landinu og þá selt með mjög niðursettu verði. Ríkisstjórnin hefur sjálf ákveðið um smjörskömmtun þessa, sem numið hefur 3½ kg á mann. Nefndin gerir ekki tillögur um breytingu á því og telur rétt, að skömmtun á smjöri haldist áfram óbreytt.

8. Bifreiðagúmmí = till. IX. — Nefndin álítur, að skömmtun þess sé nauðsynleg, og gerir tillögu um, að hún haldist áfram. Afnám skömmtunar á bifreiðagúmmíi mundi leiða af sér miklar kröfur um aukinn innflutning, bæði vegna þess, að hjólbarðar yrðu lakar nýttir, og svo hins, að menn mundu sækja á það að safna birgðum umfram það, sem brýn þörf væri fyrir.

9. Benzín = till. X. — Nefndin gerir ekki að svo komnu neinar tillögur um breytingu á skömmtun þess, en mun e. t. v. koma fram með þær síðar.

10. Vefnaðarvörurnar = till. XI, XII, XIII og XIV. — Þótt meiri vandi sé á höndum um skömmtun á vefnaðarvörum og þrátt fyrir nokkrar aðfinnslur og óánægju margra manna, treystist nefndin ekki til að gera tillögur um afnám hennar, en leggur til, að hún haldist áfram og í aðalatriðum óbreytt, og kemur það fram í tillögunni. Búsáhöldin, þau sem skömmtuð verða, séu á sömu seðlum og vefnaðarvörurnar.

Þá breytingu vill meiri hluti nefndarinnar gera, að sérstakir skömmtunarreitir verði gefnir út fyrir sokkum og vefnaðarvöruseðillinn gildi þá ekki fyrir þeim. Bent er á í þessu efni, að margir einstaklingar, einkum úr hópi kvenna, muni verja vefnaðarvörumiða sínum til kaupa á sokkum einvörðungu, eða að miklu leyti, þrátt fyrir þörf ýmiss konar vefnaðarvöru, og geti þetta leitt til vandræða um útvegun hennar. Konurnar í nefndinni leggja ríkt á um það, að þessi háttur um sokkana verði upp tekinn.

Á það er og bent, að séu sokkar hafðir á sama seðli og vefnaðarvaran, gefist einstaklingum færi á að birgja sig upp af þeim, þótt aðra vanti þá tilfinnanlega eða séu án þeirra, en sérstakur skammtur mundi jafna vörunni og koma í veg fyrir hamstur.

Í sambandi við vefnaðarvöruskammtinn var rætt um stofnauka 13, en það er, sem kunnugt er, skömmtunarseðill, er gilt hefur allt þetta ár og lengur fyrir tilbúnum ytri fatnaði eða efni í hann. Tilætlunin var, að hann félli úr gildi við lok þessa árs. En sökum þess, hversu mikið hefur á vantað, að þær vörur fengjust í landinu á árinu, sem hann gildir fyrir, telur nefndin ekki fært annað en láta hann halda gildi sínu eitthvað fram eftir árinu 1949 og leggur eindregið til, að svo verði.

Nefndin ræddi nokkuð um það, hversu skipta beri árinu í skömmtunartímabil. Kom fram tvenns konar álit um það. Sumir töldu æskilegt að skipta árinu í tvö tímabil jafnlöng, en aðrir töldu réttara, að fyrsta skömmtunartímabilið væri aðeins þrír mánuðir, en hitt níu, eða þá jafnvel, að árinu væri skipt í þrennt. Eins og tillögur nefndarinnar bera með sér, varð það að ráði, að fyrra skömmtunartímabilið væri aðeins til 1. apríl eða þrír mánuðir og þá yrðu gefnir út nýir seðlar fyrir þann hluta ársins, sem eftir væri, eða skemmri tíma, ef skipt væri í tvö skömmtunartímabil seinni hluta ársins. Nefndin leggur til og telur það sjálfsagt, að miðar frá fyrra skömmtunartímabili haldi gildi sínu til ársloka, jafnhliða skömmtunarseðlum hins seinna tímabils. Við lok ársins falli síðan allir seðlarnir úr gildi af sjálfu sér.

Að svo komnu er nefndin ekki tilbúin með tillögur um, hversu vefnaðarvöruseðlarnir þurfi að vera að verðmæti. Um það mun hún gera tillögu síðar, eða a. m. k. koma með álit sitt um það. En öll er nefndin á því máli, að verðgildi skömmtunarseðlanna verði að miðast við það vörumagn og verðmæti þess, sem tryggt sé, að til sé í landinu, annaðhvort innflutt eða framleitt á því tímabili, sem skammtarnir eru í gildi, svo að þeim verði fullnægt. Sú skoðun kom fram í nefndinni, að ef skammta eigi vefnaðarvöru með svipuðu fyrirkomulagi og líku verðmæti á hvern einstakling og á þessu ári, þá þurfi nú þegar að flytja til landsins vefnaðarvörur fyrir 15—20 millj. króna til þess að hafa í birgðum og auk þess þurfi að flytja inn á næsta ári nægilegt til þess að samsvara skömmtunarseðlunum.

Till. XV og XVI. — Þessar tillögur miða að því að fá meira öryggi um, að innflutningsleyfi fyrir þeim vörum, sem skammtaðar eru, svari sem bezt til þess, að fullnægt sé þörfinni á hverjum tíma. Um þetta á skömmtunarskrifstofan að hafa bezta aðstöðu til að dæma. Fyrir því er gert ráð fyrir, að hennar tillagna sé leitað, áður en innflutningsleyfi eru veitt fyrir skömmtunarvörum. Að hinu sama lýtur seinni tillagan, er kveður á um það, að skömmtunarskrifstofan eigi að ganga úr skugga um, að innflutt skömmtunarvara sé samkvæmt veittum leyfum."

Þannig hljóðar þá þetta nál. frá 1. des. 1948, dagsett í Reykjavík. Fannst mér bæði rétt og sjálfsagt, að hv. þm. fengju tækifæri til að bera þessi athyglisverðu og skynsamlegu orð n. saman við þann hroka hv. 2. landsk., er lýsti sér hjá henni, þegar hún flutti hið fyrra erindi sitt í þessu máli. Ég skal eigi amast við því, að till.

þessi fari til n. og hv. nm. fái þar tækifæri til að bera saman till. og nál. Eins og ég hef þegar tekið fram, þá hefur sá verið höfuðgallinn á þessu fyrirkomulagi, er nú er, að skort hefur á, að innflutningur hafi verið nægur til að svara til skömmtunarseðlanna. Þetta er uppistaðan í óánægju manna, og skil ég hana mætavel. En sjálfsagt er að reyna að bæta úr þessu með því að koma á meira samræmi milli innflutningsmagns og skömmtunarmagns. Þurfa réttir aðilar að fá fyrirmæli þess efnis. Hitt er satt, að gerðar hafa verið áætlanir fram í tímann. Síðan hefur allt orðið óviðráðanlegt, af því að fjárhagsráð hefur ekki fylgzt með *magni vörunnar*. En þannig hefur það hagað meðferð innflutningsmála, að árinu hefur verið skipt í þrjá hluta: 1. hluta frá ársbyrjun til loka aprílmánaðar, þá er nálgast lok vertíðarinnar og vissa er fengin um afkomuna, 2. hluta til loka ágústmánaðar, þegar nokkurn veginn er hægt að sjá fyrir um sumarsíldveiðarnar nyrðra, og 3. hluta upp þaðan til ársloka. Nú er það álit manna, að innflutningurinn hafi eigi mátt fara út í þær öfgar, sem raun ber vitni. Meinsemdin var sú að miða *innflutninginn* við *þann útflutning*, sem við kæmum til með að hafa til ráðstöfunar. Var gert ráð fyrir, að útflutningstekjurnar yrðu um 406 millj. kr., og innflutningsáætlunin því miðuð við þá upphæð. Í maímánuði s. l. var orðið ljóst, að vetrarvertíðaraflinn yrði ærið minni en ætlað hafði verið, og í lok síldveiðivertíðarinnar skorti mikið á, að vonir manna hefðu rætzt. Varð þetta til þess að hafa áhrif á fjárveitingar til innflutnings á öllum vörum og hefur *sjálfsagt* valdið nokkru um takmarkanir á vefnaðarvöru*innflutningnum*, sem var ekki nægilegur, en varð vitaskuld að minnka sem annan innflutning. Hins vegar kom í ljós, að útflutningur á ísfiski mundi fara fram úr áætlun, svo að heildarútkoman mun sennilega nokkurn veginn fara að áætlun — eða verða um 400 millj. króna. Hefur þetta orðið til þess, að úthlutun innflutningsleyfa hefur farið fram síðar á árinu en venja er til, og því er nú vefnaðarvöruinnflutningurinn fyrst að koma fram. Er skýringin m. a. sú, að fjárhagsráð taldi sig þess ekki umkomið, eins og á stóð í maí- og septembermánuðum, að dreifa leyfum örara en það gerði. Hefur það afsökun í þessu efni. Á hinn bóginn ber að geta þess, að ævinlega hefur eitthvað verið til af vefnaðarvöru og skófatnaði. En vefnaðarvörumiðana ber að láta af hendi fyrir svo margs konar hlutum, sem flytjast undir þetta hugtak, að hætt er við, að ærið margir verði upp tefldir. Veldur þetta óánægju manna með gildi seðlanna, er lítinn árangur beri að sýna. En ég vona, að úr óþægindunum verði dregið með því að úthluta leyfum í samræmi við skömmtunina og á næsta ári verði gengið svo frá hnútunum við ákvörðun innflutningsáætlunar, að þessi tvö atriði standist á, innflutningur og skömmtunarmagn.

Að svo mæltu tel ég eigi þörf að eyða frekara orðum að þessu, nema nýtt tilefni gefist til. Stóryrðum öllum læt ég ósvarað. Hins vegar tel ég, að efnislega komi nokkrar upplýsingar fram einmitt í áliti þessarar nefndar.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 8. des., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur haldið alllanga ræðu hér til þess að andmæla þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, og fór þá nokkrum orðum um ræðu hv. 2. landsk., og komst hann að þeirri niðurstöðu, að ræða hv. 2. landsk. hefði verið illa rökstuddar fullyrðingar og fúkyrði. Ég hef ekki ætlað mér að svara þeim fullyrðingum hæstv. ráðh., hv. 2. landsk. mun svara því sjálfur. En hæstv. ráðh. gat þess í upphafi ræðu sinnar, að nokkrir dagar væru síðan þetta mál hefði verið til umr. fyrst. Það hefði verið óhætt fyrir hann að segja, að það væru nokkrar vikur síðan það var fyrst til umr., því að það voru nokkrar vikur frá því að málið var tekið á dagskrá fyrst og þar til það var tekið á dagskrá aftur. Og það er ekki vafi á því, að hæstv. ráðh. hefur verið að bíða eftir till. frá þeirri n., sem skipuð var til þess að gera till. um skömmtunarfyrirkomulagið, í þeirri von, að hann fengi einhvern grundvöll til þess að standa á í rökræðum um þetta mál.

Tvennt var það, sem hæstv. ráðh. fullyrti í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi sagði hann, að skömmtun væri gerð af nauðsyn og að þessar till., sem hér er um að ræða, væru aðeins fluttar í áróðursskyni. Skal ég fyrst ræða fyrri fullyrðingu hæstv. ráðh. Okkur er það öllum kunnugt, að vöruskömmtun er ekkert *nýtt* fyrirbrigði hér á landi, hún var tekin upp t. d. *í fyrri heimsstyrjöldinni allýtarlega og strax í* byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar. Ástæðurnar til þess, að vöruskömmtun er tekin upp á styrjaldartímum, er ákaflega eðlileg. Í bæði þessi skipti, þegar styrjaldirnar eru að byrja, skilur almenningur vel, að hætta getur verið á, að vöruflutningar teppist til landsins og að vörur kynnu að verða ófáanlegar í þeim löndum, sem við höfum skipt við. Vegna slíkra ástæðna er ekki *nema* eðlilegt, að vöruskömmtun *sé tekin* upp á þeim tímum, til þess að þeim vörum, sem kostur er á að fá, verði sem réttlátlegast jafnað niður meðal landsmanna. Þess vegna var það, að almenningur í þessu landi sætti sig vel við þá vöruskömmtun, sem sett var í byrjun stríðsins og allan stríðstímann út, enda tókst þá að ná inn í landið nægilega miklum vörum til þess að fullnægja því skömmtunarmagni, sem ákveðið var. Það var aðeins þess vegna, að almenningur gat sætt sig svo prýðilega við skömmtunina. — Aftur á móti, þegar skömmtun er tekin upp fyrir rúmu ári síðan, var það af allt öðrum ástæðum en í byrjun stríðsins. Rökin fyrir því, að skömmtun er tekin upp á síðari hluta ársins 1947, voru þau, að við værum búnir að eyða okkar inneignum og við ættum þess vegna við gjaldeyrisskort að stríða og yrðum því að spara gjaldeyrinn og þess vegna taka upp þessa skömmtun. Því var slegið föstu, að við hefðum ekki möguleika til þess að afla nægilega mikils gjaldeyris fyrir þjóðarbúið, til þess að hægt væri að fullnægja þörfum þjóðarinnar. Þessu var slegið föstu með því að taka upp vöruskömmtun á síðari hluta ársins 1947.

Ef gerður er samanburður á því, hversu mikill gjaldeyrir hefur farið til vörukaupa t. d. síðasta árið fyrir stríðið eða fyrir skömmtunina og í öðru lagi hve mikill gjaldeyrir hefur verið til ráðstöfunar þetta ár, sem búið er að hafa þessa skömmtun á, til þess að vita, hvernig fullyrðing hæstv. viðskmrh. stenzt, að þessi skömmtun hafi verið að öllu leyti gerð af nauðsyn. Ég get viðurkennt, að vissar vörur hefur verið réttmætt að taka til skömmtunar. Þá skulum við athuga það, að samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum og hagstofunni voru árið 1946, þegar enginn skortur var á vörum, fluttar inn vörur, fyrir utan skip, fyrir 412 millj. kr. Fyrri hluta ársins 1947 og 1946 var ekki skortur á vörum, sem nú er skortur á. En innflutningurinn virtist nægur til handa öllum almenningi. 1947 hefur hann hækkað í 430 millj. kr. Og það liggja fyrir upplýsingar um, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar á þessu ári muni verða 400 millj. kr., svo að hér er ekki um stórkostlega minnkun að ræða. Þess vegna kemur það spánskt fyrir sjónir, að nú skuli þurfa að gera ráðstafanir sem þessar gjaldeyrisins vegna. Og það er enn þá einkennilegra, að það skuli þurfa að skammta vörurnar svona naumt, þar sem gjaldeyristekjurnar eru þetta miklar.

Þá er vert að athuga, hve mikið þessi skömmtun hefur sparað í hinum ýmsu vöruflokkum. Og hef ég ekki haft aðstöðu til þess að athuga þetta með alla vöruflokka, en ég hef gert það hvað snertir suma þeirra aðalflokka. Samkvæmt hlutfallstölum hagtíðinda hafa kornvörur til manneldis verið fluttar inn árið áður en skömmtunin hófst fyrir 17,5 millj. kr. En aftur á móti fyrsta skömmtunarárið, þ. e. a. s. frá því 1. okt. 1947 til 30. sept. í haust, hafa þessar vörur verið fluttar inn fyrir svo að segja nákvæmlega sömu upphæð, þó öllu hærri. Kornvörur til manneldis hefur því verið ástæðulaust og óþarft að skammta. Enn fremur má benda á í sambandi við þetta, að það er hreinn barnaskapur að ætla sér að spara þessa vöru sérstaklega, svo framarlega að ekki þurfi að spara þessa vöru í landinu í heild, vegna þess að þær vörur eru alls ekki dýrari en aðrar vörur, sem notaðar eru. Það er ekki hyggilegt að knýja fólkið til þess að spara þessa vörutegund, kornvöruna, sem mundi leiða aðeins til þess, svo framarlega sem nægileg matvara væri í landinu, að fólkið færi að nota aðra vöru, sem er miklu dýrari, í staðinn. — Árið fyrir skömmtunina voru fluttar inn sykurvörur og sykur fyrir um 7 millj. 986 þús. kr. En þetta ár, sem skömmtunin er, fyrir um 4 millj. 868 þús. kr. Magnið er hér um bil það sama, eða svo að segja alveg, í hlutfalli við verðið. Þarna er í raun og veru um vörusparnað að ræða. N., sem um þessi mál hefur fjallað, leggur til, að þessi skammtur verði aukinn, og er það nokkur bót. Kaffi, te, kakaó, súkkulaði og fleiri þess háttar vörur voru fluttar inn næsta árið fyrir styrjöldina fyrir 5.5 millj. kr., en skömmtunarárið fyrir 2 millj. 800 þús. kr. Þarna er líka um töluverðan sparnað að ræða, sem hefur tekizt með því að skammta þessar vörur svo naumt, að allur almenningur kvartar sáran undan þessu.

Þá er annað atriði, sem oft hefur verið bent á í umr. um þetta mál, að nú þegar kaffið er svona naumt skammtað, að fólkið getur ekki notað það eftir þörfum, þá muni það vera farið að nota annað í þess stað, þegar gesti ber að garði, eins og t. d. Coca-Cola og jafnvel líka áfengi í staðinn fyrir kaffi. Og þegar á það er litið, að með þessari skömmtun á kaffi á að spara gjaldeyri, en í þess stað er farið að nota jafnvel áfengi og Coca-Cola, þá fer að verða vafasamur sparnaðurinn, sem af þessum ráðstöfunum fæst, nema það sé meiningin að auka með þessu tekjur ríkissjóðs. Það er kannske einnig verið að hugsa um að auka gróða þeirra, sem framleiða gosdrykki og annað slíkt. En gjaldeyri þarf þá líka vegna efnis í slíka vöru. Þess vegna verður ekki annað sagt, þó að hægt sé að sýna einhverjar tölur, sem sýna sparnað á gjaldeyri vegna kaffis og sykurvara, að þá kemur eyðsla á gjaldeyri fram á öðrum liðum, sem beinlínis leiðir af sparnaðinum á kaffi og sykurvörum.

Þá vil ég enn fremur koma inn á aðra fullyrðingu hæstv. ráðh. Hann hélt því fram í umr. um málið um daginn, að þessi till. væri flutt í áróðursskyni — hún væri hreinn áróður og til einskis annars flutt. Það er ekkert nýtt að heyra slíkar fullyrðingar, þegar minnzt er á eitthvað, sem miður fer nú á tímum. En að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að halda slíku fram, hygg ég, að komi til af því, að hann hefur lítið hlustað eftir umræðum, sem sýna álit almennings í þessum málum. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, — hann telur sig kannske ekki hafa tíma til þess, — að fara út um landið og hlusta á fólkið í bæjum og þorpum og sveitum landsins, þá mundi hann komast að raun um, að það er ekki eingöngu áróður, sem liggur á bak við þessa þáltill., eins og hann vildi halda fram. Enn fremur vil ég benda á ályktanir ýmissa félaga. Ég hef hér t. d. fyrir framan mig skýrslu um fjórðungsþing Austfirðinga, sem haldið var í okt. s. l., þar sem samþ. var harðorðuð ályktun um þetta skömmtunarkerfi og þar sem farið er fram á að afnema skömmtun á vinnufatnaði. Þingið telur, að við hana sparist svo lítill gjaldeyrir, að slíkt muni ekki geta náð þeim tilgangi, sem ætlazt er til, að hægt verði að ná með henni. En þingið er skipað fulltrúum, sem kosnir eru af sýslun. Norður- og Suður-Múlasýslu og bæjarstj. Seyðisfjarðar- og Norðfjarðarkaupstaða. Og ef hæstv. ráðh. heldur því fram, að þessi till. sé flutt í áróðursskyni, þá má segja það sama um samþ. þessa þings Austfirðingafjórðungs. Það eru einnig miklu fleiri en við flm. þessara till. og fulltrúar á þingi Austfirðingafjórðungs, sem hafa haldið því sama fram. Ég er hér t. d. með úrklippu úr leiðara Tímans, þar sem rætt er um þessi mál og gallana á þeim. Þar segir: „Eins og fyrirkomulag skömmtunarinnar er nú, virðist næsta auðvelt fyrir innflytjendur að selja meira og minna af vörum á svörtum markaði.“ Síðar segir í þessu sama blaði: „Meðan þannig er háttað, er oft erfitt að verjast þeirri hugsun, að meiri hluti fjárhagsráðs og ríkisstj. hafi meiri áhuga fyrir því að tryggja gróða heildsalanna af óheilbrigðri verzlun en að gæta réttar og hags neytendanna. Og sannarlega sýnir þessi afstaða takmarkaðan áhuga fyrir því, að spornað sé við aukinni dýrtíð.“ Þetta er dómur eins stjórnarblaðsins um þessi mál. Ég vildi benda

hæstv. ráðh. á líka, að hann ætti að segja samstarfsmönnum sínum til syndanna fyrir að reka svona áróður út af þessu máli.

Ég vil enn fremur benda á ályktun aðalfundar Kron frá síðasta hausti, þar sem fundurinn skorar eindregið á þá, sem með þessi mál fara, að breyta þessu verulega og meðal annars afnema skömmtun á kornvörum og sykri. Og svo veit ég ekki betur en að hér liggi fyrir Alþ. frv. frá 3 hv. þm. úr Framsfl. um það — ekki að skipa n. til þess að athuga þetta eða breyta því, heldur um það að afnema gersamlega þetta skömmtunareftirlit allt. Hæstv. ráðh. ætti ekki síður að segja þessum mönnum til syndanna en okkur flm. þessarar till., ekki fyrir að reka svona áróður, heldur fyrir það, að þeir eru með hæstv. ráðh. ábyrgir í þessu efni og reka samt þennan áróður, sem þeir gera rækilega á þennan hátt.

Þá vil ég enn fremur koma rækilegar að ræðu hæstv. ráðh. og þá sérstaklega, hvernig meðferð þessa máls hefur verið hér á Alþ., sem sýnilega er gert í samráði við hæstv. ráðh., að draga umr. um málið, þangað til hann gæti bent á einhvern árangur af starfi þeirrar n., sem hann hefur skipað. Hæstv. ráðh. sagðist hafa skrifað fjárhagsráði 16. sept. s. l. Svo var n. skipuð í okt., en hún var ekki skipuð fyrr en þessi þáltill. var komin fram. En það er eftirtektarvert, að hæstv. ráðh. skipar í þessa n. sömu menn og hafa starfað við þessi mál hingað til með þeim árangri, sem almenningur þekkir. Það er hv. þm. kunnugt, hvernig þessi n. var skipuð, og skal ég ekki fara út í að lýsa því. Síðan var þessi till., sem hér liggur fyrir, tekin til umr., þegar búið var að skipa n. Svo er framhald umr. látið falla niður í margar vikur eða þar til till. eru komnar frá þessari n., sem ég viðurkenni, að eru í vissum atriðum til bóta, en þó alls ekki fullnægjandi. Þegar hæstv. ráðh. flytur sína ræðu fyrir einni viku síðan um þetta mál, var sú ræða mikið í því fólgin að lesa upp till. þeirrar n., og var ekki annað að skilja en að hann teldi till. n. vera svar fyrir sína stjórn á þessum málum.

Um till. n. er það að segja, að n. leggur til, að skömmtun á öllum búsáhöldum öðrum en gleri og leir falli niður um næstu áramót. Ef ætla má að þessi n. sé á réttri leið um þetta mál, þá er svipað að segja um flm. þessarar till., þar sem við leggjum til mjög svipaðar aðgerðir. Og þessar till. frá n. yfirleitt eru viðurkenning á því, að hér hafi ekki verið rétt farið að að undanförnu hvað þessi skömmtunarmál snertir, þar sem hún leggur nú til, að skömmtun þessi verði afnumin með öllu. Enn fremur er till. n. á þá leið, að kaffi- og sykurskammturinn verði aukinn, og sýnir það sömuleiðis, að hér hefur heldur ekki verið rétt stefnt áður. Þetta nær yfir 1., 2., og 3. till. n. Síðan leggur n. að vísu til, að óbreytt sé skömmtun á ýmsum öðrum vörutegundum, t. d. sé óbreytt skömmtun á skófatnaði, hreinlætisvörum og kornvörum. En ég hef áður sýnt fram á, að hvað snertir kornvörurnar sé skömmtunin þýðingarlaus. En hvað snertir t. d. að skömmtun á hreinlætisvörum eigi að vera óbreytt, þá er slíkt nokkuð eðlilegt, vegna þess, að það hefur verið svo áberandi, að þessar vörur hafa ekki verið til út á miðana, t. d. úti um land, og þess vegna hefði það verið dálítið óeðlilegt, að n. hefði viljað heimila meiri skömmtun, á meðan ekki er hægt að fullnægja þeirri skömmtun, sem nú er ákveðin. Það mun hafa komið fyrir, sérstaklega úti á landi, að þessir miðar hafi orðið ónýtir, vegna þess að ekki var hægt að fá vörur út á þá. — Þá hefur n. hér enn fremur lagt til, að þótt segja megi, að haldið sé því fyrirkomulagi á skömmtun vefnaðarvöru, þá verði henni breytt í öllum aðalatriðum. Nefndin leggur t. d. til í 11. og 12. lið, að gefnir verði út skömmtunarmiðar fyrir vefnaðarvöru og búsáhöldum fyrir 3 fyrstu mánuði ársins, en þeir haldi gildi sínu til ársloka, en 1. apríl verði svo gefnir út nýir miðar, er gildi til ársloka. Með þessari till. er n. að víta þá aðferð, sem höfð hefur verið í frammi í sambandi við vefnaðarvöruskortinn. Þessi skömmtun var ákveðin þannig upphaflega, að sérstakir miðar voru fyrir ákveðna upphæð vefnaðarvöru og búsáhalda áætluð til ársfjórðungs í senn. Þetta varð svo í reyndinni, að ekki fengust vörur út á þessa seðla nema að litlu leyti, og miðarnir munu hafa verið felldir úr gildi, allt, sem ónotað var af þeim miðum, sem áttu að vera fyrir tveggja ársfjórðunga forða. Skömmtun þriðja ársfjórðungs mun hafa verið lækkuð um helming, og engir seðlar gefnir út fyrir fjórða fjórðung. N. leggur til, að miðarnir skuli halda gildi til ársloka, og það er bót, en till. eru ávítur á núverandi skömmtunarfyrirkomulag og bending um, að það geti ekki staðizt.

15. og 16. till. n. eru sömuleiðis árás á núverandi skömmtunarfyrirkomulag og eru til bóta. Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að innflutningur á tveimur aðalvöruflokkunum, búsáhöldum og vefnaðarvörum, hefði ekki staðizt. En það var ekki annað að skilja en þó að hann viðurkenndi þetta, þá vildi hann gera lítið úr því. En hér er eitt stórt atriði, sem meira en nokkuð annað gerir almenning óánægðan og það ekki að ástæðulausu. Það er ekkert smáatriði fyrir almenning, þegar hann fær skömmtunarmiða, sem á að tryggja honum visst magn af ákveðinni vöru, að þetta vörumagn sé fáanlegt. Það er ekki sama fyrir mann, sem er að fara út á sjó, hvort hann getur fengið vinnugalla út á miðann sinn eða hvort hann fær miðann einan. Það er ekki nóg fyrir menn að fá lítinn fallegan miða, H 2 eða S 3 eða hvað það nú er, og fá svo ekkert út á miðann. Þetta er einn stærsti gallinn. Það verður því að framkvæma till. n., því að þær eru til umbóta. En til þess að þessar till. geti borið árangur, verður að skapa samvinnu milli þeirra aðila, sem um þessi mál fjalla, skömmtunarskrifstofu ríkisins, viðskiptan. og fjárhagsráðs, því að það hefur sýnt sig, að þar hefur ekki verið samvinna. Það virðist hafa verið þannig í framkvæmdinni, að leyfin, sem gefin hafa verið fyrir skömmtunarvörunum, hafa verið gefin allt of seint, því að í mörgum tilfellum þarf langan tíma, frá því að leyfi er veitt og þar til varan kemur. Og þegar leyfi er ekki veitt fyrr en á að fara að skamma vöruna, þá verður það til þess, að varan er ekki til, þegar fólk þarf á henni að halda.

Þá vil ég benda á, að ýmislegt er það í þessum till., sem eitt út af fyrir sig væri nægilegt til

þess, að Alþ. afgr. það skjótasta þessa till., sem hér liggur fyrir. T. d. er þar engin bót ráðin á þeirri misskiptingu, sem er á þeim vörum, sem mest þurrð er á, sykri og kaffi. Brauðgerðarhús, veitingahús og kaffihús geta fengið skammt til sinnar framleiðslu, og þeir, sem efni hafa á því, geta farið þangað og fengið þannig miklu meira af þessum vörum en þeir, sem verða að láta sér nægja það, sem þeir geta fengið út á sína miða. Þetta er mikið misrétti, og það er ekki gerð minnsta tilraun til að ráða bót á þessu. Enn fremur vil ég benda á, að þrátt fyrir það að n. bendir á, að það eigi sér stað, að menn safni birgðum, t. d. skófatnaði o. fl., er þó engin tilraun gerð til að ráða bót á þessu. Hér er um stórt atriði að ræða. Það er viðurkennt, að það eigi sér stað baktjaldaverzlun, svartur markaður, en engin tilraun er gerð til að ráða bót á þessu.

Þá vil ég leyfa mér að benda á, að það er ekki eðlilegt samræmi að ætla sama skammt öllu fólki. Það er ekki eðlilegt, að smábörnum á fyrsta ári sé ætlaður kaffiskammtur. Þetta og fleira má benda á, sem nokkuð breytist til batnaðar, ef till. n. verða framkvæmdar. Annars hef ég frétt það, að ekki muni enn vera samkomulag um framkvæmd þessara till. milli skömmtunarskrifstofunnar og viðskiptan., svo að ég tel hæpið að fullyrða, að fullt samkomulag sé komið, þó að hæstv. viðskmrh. hafi lýst þessu fyrir okkur hér fyrir viku síðan. En þó að hæstv. ráðh. hafi látið gera eitt og annað í þessu máli, af því að hann fann sig knúðan til þess af almenningsálitinu, m. a. vegna flutnings þessarar till., þá er fjarri því, að ég telji, að þar með sé full bót á ráðin, og þess vegna tel ég fulla ástæðu til, að þingið afgr. þessa þáltill. fljótt. Hún er búin að liggja fyrir þinginu nægilega lengi, og þarf að afgr. hana fljótt, til þess að sú n., sem hana fær, geti afgr. hana fljótt frá sér aftur.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Nú liður óðum að því, að nýtt skömmtunartímabil hefjist. Upphaflega ætluðumst við flm. til þess, að sú n., sem í till. er gert ráð fyrir, hefði skilað áliti fyrir 15. des., en fyrirsjáanlegt er, að það getur varla orðið héðan af. Það hefur gengið erfiðlega að fá þessa till. á dagskrá og ljúka umr. Það virðist, að hæstv. viðskmrh. hafi verið tregur til að gefa allra mildilegast samþ. sitt til, að till. fengi þinglega meðferð.

Mér er það mest í mun, að afgreiðslu till. verði hraðað sem mest, og mun því ekki lengja umr. hér með langri ræðu, enda er það óþarft. Till. er það ljós, að frekari skýringa þarf ekki við en þegar hafa komið fram í ræðu hv. 8. landsk. En það voru aðeins fáar aths., sem mig langaði til að gera við hina sérkennilegu ræðu hæstv. viðskmrh., sem vakti undrun mína á margan hátt, ekki vegna þess, að ég hefði við því búizt, að hæstv. ráðh. viðurkenndi hreinskilnislega þau mistök, sem orðið hafa á skömmtuninni, bæði velvirðingar og héti yfirbót. Það þarf sérstaka skaphöfn til að sjá og kannast við fyrri ávirðingar fyrir sjálfum sér, hvað þá fyrir öðrum. En höfðingsskapur andans er ekki eiginleiki, sem hæstv. stj. hefur, og sjálfsgagnrýni væntir enginn af henni, ekki frekar í þessu máli en öðrum, nema síður sé. En ég hafði samt búizt við meiri lipurð í málflutningi en hæstv. ráðh. hefur sýnt.

Hæstv. viðskmrh. fullyrðir, að þáltill. sé eingöngu fram komin til að sýnast. Hv. 8. landsk. hefur nú sýnt fram á, að svo er ekki, enda ber till. sjálf með sér, að þar er umbótavilji á bak við. Hún hefur að geyma mörg holl ráð og nákvæmar leiðbeiningar, á hvern hátt mætti breyta skömmtuninni þannig, að til bóta yrði.

Þá fullyrti hæstv. ráðh., að í framsöguræðu minni og allri minni gagnrýni á skömmtunarkerfið hefði aðeins verið um að ræða dylgjur og órökstuddar fullyrðingar. Ég býst við, að fáir verði til að trúa, að þau orð hæstv. ráðh. séu af heilindum töluð. Ég held, að fleiri verði til að telja líklegt, að þeim orðum hafi valdið óskadraumur eða undirvitund hæstv. ráðh., óskadraumur, sem getur ekki rætzt, því að það er staðreynd, að allt skömmtunarfyrirkomulagið og framkvæmd þess hefur verið eitt reginhneyksli. Vörueyðslan, áður en skömmtunin hófst, er staðreynd. Ólagið á innflutningsverzluninni er staðreynd. Misskiptingin á vörunum er staðreynd. Amböguhátturinn er staðreynd. Svarti markaðurinn er staðreynd. Smyglið á Keflavíkurflugvellinum er staðreynd. Vöruskorturinn á frjálsum markaði er staðreynd. Innkaupaheimildir, sem ekkert fæst út á, eru staðreynd. Bakdyraverzlunin er staðreynd. Biðraðirnar, sem fólkið byrjar að raða sér í um lágnættið, eru staðreynd. Hæstv. ráðh. og skömmtunaryfirvöldin þyrftu að ferðast um bæinn og kynna sér hug fólksins. Þá væri ekki úr vegi fyrir hæstv. ráðh. að aka hér um bæinn einhvern daginn og sjá biðraðirnar. Sjálfsagt fengi hann benzín til slíkrar eftirlitsferðar. Hann gæti líka fylgt dæmi Harún al-Rasjid, hins fræga þjóðhöfðingja, sem fór dulbúinn um ríki sitt með ráðgjafa sínum. Eins gæti hæstv. ráðh. tekið með sér sinn æðsta vezír, formann fjárhagsráðs, og svo sem 40 heildsala. Það munaði ekki um þann hóp í biðraðirnar. Ég held, að hæstv. ráðh. mundi þá sannfærast um sannleiksgildi fullyrðinga minna og ekki aðeins það, heldur mundi hann líka komast að raun um, að klæðlítið fólk, sem skortir ýmsar sínar lífsnauðsynjar, er enn kjarnyrtara og hispurslausara en ég var í minni framsöguræðu, þó að honum fyndist svo mikið til um hana, að hann varð að lýsa henni með allskörpum orðum.

Þau orð, sem mest æstu taugar hæstv. ráðh., tók ég upp úr blaðaskrifum og fundasamþ. Sérstaklega fór það í hans fínu taugar, að fólkið væri farið að líta á skömmtunina sem beinan fjandskap, sem væri stefnt gegn því af skömmtunaryfirvöldunum. Þessi orð tók ég úr ágætri ræðu, sem nýlega var flutt í ríkisútvarpið um skömmtunina. Hitt skal ég játa, að þegar ég kallaði framkvæmd skömmtunarinnar hringavitleysu, þá lagði ég læknisfræðilegan skilning í það orð, því að „mania depressio“ hefur verið kölluð hringavitleysa. Það er sjúkdómsfyrirbrigði, sem lýsir sér með andlegu þyngslafargi og deyfðardrunga, galsafengnum ofsa og athugalausum athöfnum. Satt að segja finnst mér framkvæmd skömmtunarinnar einna áþekkust þessu sjúkdómsfyrirbrigði. Fyrst er rokið í að selja

vörur eftirlitslaust í tvo mánuði. Síðan er dreift út skömmtunarseðlum, svo að allir fái sinn skammt. Síðan er drungi afskiptaleysisins í heilt ár. Þá er rokið í að skipa tvær n. í einu, ekki einu sinni beðið eftir, að þær skili áliti, heldur eru till. þeirra rifnar af þeim hálfgerðar og lýst yfir á Alþingi, að þetta nál. sé undirskrifað á 30 ára fullveldisafmæli Íslands. Mér finnst þessu mest svipa til „maniae depressionis".

Ég sagði áðan, að nál. hefði verið hálfklárað. Það er fullyrt um bæinn og haft eftir nm. sjálfum, að þeir hefðu ekki verið byrjaðir á skömmtunarkerfinu sjálfu, þetta hefði aðeins átt við dreifinguna. Ef til vill er þessi fregn aðeins óskadraumur langþreytts almennings, draumur, sem er þrá eftir raunhæfum endurbótum og þungur áfellisdómur á sjálfar till., svo framarlega, sem þeim er ætlað að vera lokasvar n.

Um einstaka liði till. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, það gerði hv. 8. landsk. mjög rækilega áðan. En ég get ekki orða bundizt um það, að mikil er trú þeirra kvenna, sem láta sér nægja áréttingu eitthvað á þessa leið: Í trausti þess, að veitt verði næg innflutningsleyfi o. s. frv. Slíkt traust virðist mér vera allmikið oftraust, eftir að hæstv. viðskmrh. hefur upplýst, að í sambandi við eina eða tvær vörutegundir, álnavöru og ég man ekki, hvort það er skótau líka, hafi verið útbýtt skömmtunarseðlum fyrir 15—20 millj. kr. meira en fyrir hendi væri á þessu ári, skildist mér á hæstv. ráðh. Mér skildist, að þessi mismunur stafaði af því, að láðst hefði að gefa fyrirmæli um að láta þetta standast á, skömmtunina og birgðirnar. Þessi vangá getur varla stafað af gleymsku, það oft hefur verið á þetta minnzt í blöðum og á mannfundum, eins og hv. 8. landsk. minntist á.

Ég held, að það sé rétt hjá hæstv. ráðh., að það sé ekki gott að kalla svona skömmtun ambögulega, það hlýtur að vera hægt að finna um það betri orð á íslenzku. Það er sagt, að orð sé á Íslandi til um allt, sem er hugsað á jörðu. Ég get verið hæstv. ráðh. sammála um það og eins hitt, að beina því til n., sem væntanlega fær þessa till. til meðferðar, að hún beri hana saman við till. frá 1. des., ekki aðeins hvað áhrærir orðaval, heldur líka efnishliðina og hafi þá einkum fyrir augum, hvaða till. séu líklegar til að leiða til raunverulegra umbóta. Og ég held, að það væri afar heppilegt og jafnvel nauðsynlegt, að n. sú, er till. fær, og væntanlega verður það fjvn. samkvæmt ósk, kveðji á sinn fund n. frá 1. des., ef svo má kalla hana. Þá væri ekki úr vegi að kalla á form. fjárhagsráðs eða fjárhagsráðið allt og viðskiptan., það væri kannske ekki verra að fá allt ráðið og alla n., það er sagt, að meðlimum þeirra beri ekki allt of vel saman, til að fá úr því skorið, hvort sé að vænta nokkurrar samvinnu milli skömmtunaryfirvaldanna og innflutningsyfirvaldanna.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég get verið mjög stuttorður í þetta sinn, því að um efnishlið málsins er áður búið að ræða. En ég vil ekki láta ósvarað fáum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. 8. landsk. og hv. 2. landsk. nú síðast.

Hv. 8. landsk. sagði, að það væri ærið langt síðan þetta mál kom á dagskrá hér fyrst, það væru ekki dagar, heldur vikur. Þetta vildi hv. þm. kenna mér. Ég vil aðeins bera það undir hæstv. forseta, hvort ég hafi farið þess á leit við hann, að málinu væri frestað. Nei, hæstv. forseti hefur getað haft þetta mál eins og honum hefur sýnzt fyrir mér, ég hef engar óskir komið með um drátt á þessu máli, það er eins tilbúningur í dag og fyrir mánuði síðan. Að vísu hefur það skeð á þessu tímabili, að fram hefur komið nál. n., sem fékk málið til athugunar. En þó að þetta álit hefði ekki verið komið, þá hefði ég getað fengið frá n. svipaða umsögn og hér kom fram við umr., þegar málið var til umr. síðast, eins og n. lét frá sér fara. Ég vil því algerlega vísa frá sem ósannindum, að ég hafi haft nokkur áhrif á það, að þessu máli hefur verið frestað, og er það ekki ósvipað ýmsu öðru, sem fram hefur komið í umr. um þetta, að gera mér upp sakir algerlega að ástæðulausu.

Hv. 8. landsk. (ÁS) bar saman vöruinnflutninginn í stríðslok og vöruinnflutninginn nú og gjaldeyrisöflunina og vildi þar af draga þá ályktun, að innflutningsmöguleikarnir væru nú það miklir, að engin þörf væri á skömmtun. Ég get alls ekki tekið undir þetta með hv. þm. Það er ekki hægt að segja, að það sé hlutverk skömmtunarinnar út af fyrir sig að spara gjaldeyri, heldur er það hlutverk skömmtunarinnar að sjá um, að sú vara, sem kemur inn, skiptist réttlátlega milli landsins barna. Takmörkunin á gjaldeyrinum er gerð af öðrum aðilum, þ. e. af innflutningsyfirvöldunum, af viðskiptanefnd og fjárhagsráði, sem ákveða skammtinn, sem inn er fluttur, og síðan er það hlutverk skömmtunaryfirvaldanna að sjá um, að þessi skammtur, sem inn er fluttur, skiptist réttlátlega. Það er eftirspurnin, sem skapar þörf eða ekki þörf á skömmtun. Það er ekki um deilt, að eftirspurnin eftir þessum vörutegundum er meiri en hægt hefur verið að fullnægja með þeim innflutningi, sem veittur hefur verið. Á því er þess vegna enginn vafi, að ef skömmtun hefði verið afnumin á þessum vörutegundum, hefði mönnum orðið enn meir mismunað við úthlutun þessara vara en þessi þm. vill vera láta, að hafi verið. Það má vera, að ekki verði hægt að dreifa þessum vörum réttlátlega niður með þessu kerfi. Það er ekkert kerfi óskeikult, og ég efast um, þótt hv. 8. landsk. og hv. 2. landsk. settust saman á rökstóla, að þau mundu finna út það kerfi, sem ekki mætti finna eitthvað að. Þörfin á skömmtun er ekki byggð á því, hvort meira eða minna er flutt inn eitt ár eða annað, heldur byggist hún á því, hvort eftirspurnin eftir vörunni er meiri eða minni en inn er flutt.

Hv. þm. fór svo að athuga, hvað hefði sparazt í gjaldeyri við þessa skömmtun, og komst að þeirri niðurstöðu, að það hefði nokkuð sparazt, en út af fyrir sig ekki á skömmtuninni sjálfri, heldur þeirri ákvörðun innflutningsyfirvaldanna, sem er orsök skömmtunarinnar, þ. e., að vegna gjaldeyrisskorts er ekki hægt að flytja inn nóg til þess að fullnægja allri eftirspurn. Og það held ég, að þessi hv. þm. geri sér ljóst, að það er ekki með þeim gjaldeyristekjum, sem við ráðum nú yfir, hægt að flytja inn allt, sem fólkið í landinu óskar eftir að kaupa. Og sé það ekki hægt, er eina leiðin til þess, að nokkur

sanngirni fáist í þessi mál, sú, að reynt sé að miðla vörunum út. Nú held ég t. d., að það verði ekki um deilt, að kaffiskammtinum, sykurskammtinum, kornvöruskammtinum og hreinlætisvöruskammtinum hafi verið skipt nokkurn veginn eins og kerfið gerir ráð fyrir, þannig að menn hafi yfirleitt fengið þann skammt, sem gert hefur verið ráð fyrir. Hins vegar hefur það komið á daginn að því er snertir tvo vöruflokka, þ. e. vefnaðarvöru og skófatnað, að ekki hefur verið hægt að fullnægja skömmtuninni með þeim innflutningi, sem gert hefur verið ráð fyrir. Þetta eru mistök, ég játa það, en þau eiga sína eðlilegu skýringu, sem er á þá leið, að þegar kom fram á þetta ár, varð tvívegis aflabrestur, sem setti það mikinn óhug í skömmtunaryfirvöldin, að þau töldu nauðsynlegt að draga úr þeirri skömmtun, sem ákveðin hafði verið. — Í öðru lagi kemur þetta líka í þessum vöruflokkum til af því, að þeir eru mjög sundurleitir, því að það sem fæst út á þessa miða, vefnaðarvörumiðana, eru mjög ólíkar tegundir af þessum vörum, sem verða að vera til upp í skammtinn. Ef nú margir menn, fleiri en gert er ráð fyrir, kaupa sömu tegund, — ef t. d. allt kvenfólk keypti sér sokka og karlmenn skyrtur, gæti orðið hörgull á þessum vörutegundum, þó að til væri önnur vara, sem væri eins þörf, en eftirspurnin eftir henni ekki eins mikil í bili. Þess vegna er mjög erfitt að koma upp það miklum birgðum af skömmtunarvörum almennt, að til sé á öllum tímum nóg af þessum vörum. Ég geri ráð fyrir, að þetta verði reynt að laga eins og hægt er á næsta ári og reynt verði að safna svolitlum birgðum og reynt að sjá til þess, að menn geti að minnsta kosti fengið út á skammtinn sinn, eins og í öðrum vöruflokkum. Og ég held, að ef menn hefðu getað fengið út á skammta sína, hver og einn, í þessum tveimur vöruflokkum, sem ég nefndi, hefði ekki verið slík óánægja með skömmtunarkerfið eins og þessi hv. þm. hefur réttilega bent á, að verið hefur, sem stafar af því, að vörumagnið hefur ekki staðizt áætlun.

Hv. þm. hneykslaðist á því, að ég hefði sagt, að þessi till. væri flutt í áróðursskyni. Ég hef nú mínar meiningar um það, hvað sem þm. segir, og held, að það sé í því sambandi rétt, að ég svari um leið hv. 2. landsk. (KTh), sem kvartaði undan því, að ég hefði talið hana illyrta í þessu sambandi og að hún hefði notað heldur óvenjuleg orð. Ég skal ekki þreyta þm. með að lesa mikið upp eftir hana, en tek aðeins nokkrar setningar, sem sýna, af hvaða hvötum þetta er flutt. Þm. orðar þetta svo, að kerfið sé ósanngjarnt, ambögulegt og fálmkennd hringavitleysa. Yfirvöldin séu gegnsýrð af siðspillingu og haldi yfir henni verndarhendi og öll mistökin, t. d. hamstrið og svartimarkaðurinn, séu sjálfskaparviti, því að útilokað sé með öllu, að ekki hafi verið vitandi vits til verks gengið. *(SigfS:* Þetta er hárrétt.) Getur verið, að þetta sé rétt, en ég vil ekki viðurkenna, að menn geri þetta viljandi. Það er hugsun, sem hvergi á heima, nema þá í kommúnistaflokknum. Eftir að þm. er búinn að útmála kerfið, þykist hún ganga út frá því, að þetta sé gert vitandi vits til þess að gera almenningi bölvun. Það er þetta, sem ég leyfði mér að kalla, að þm. hefði „velt sér upp úr illyrðunum eins og krakkar veltu sér upp úr skít". — Þá segir hv. þm.: „Þess var til getið, er umr. fóru fram um skömmtunarmálin í fyrra hér á þingi, að verzlunarstéttin hefði heimtað þessi fríðindi af stjórninni sinni til þess að fást til að fallast á vöruskömmtun. Ekki er ósennilegt, að svo hafi verið og ríkisstj. þá tekið þeim kröfum vel, litið á þær sem veigamikinn þátt í þeim viðreisnaráformum sínum að gera íslenzku þjóðina móttækilegri fyrir bandarísk a aðstoð". Og á öðrum stað segir: .... „en ef til vill á að líta á þessa óhófseyðslu sem lið í viðreisnaráformum ríkisstj., sem á að gera þjóðina móttækilega fyrir bandarísku hjálpina ....". Og svo segir hún að lokum: „En það er ekki hægt að muna eftir öllu saman, og ef til vill hefur ekki verið um gleymsku að ræða hjá stjórnarvöldunum. Hugsanlegt er — og margt, er síðar hefur komið fram, virðist benda í þá átt —, að ríkisvaldið hafi einmitt minnzt þessa lýðs og verið ósárt um, þótt þess sæjust einhver merki, hverjir eru finir menn og hverjir ekki".

Þetta kalla ég, að mál sé flutt á mjög áróðursfullan hátt, svo að vægt sé að orði komizt. Þetta er það, sem þm. talaði áðan um höfðingsskap andans. Þetta er áreiðanlega ekki höfðingsskapur andans, það skal ég fullyrða.

Í sambandi við þá n., sem hér hefur setið á rökstólum til þess að endurskoða skömmtunarkerfið, vil ég aðeins segja það, að ég hef ekki skipað neina n. í því skyni, eins og hv. þm. vildi vera láta. Ég skrifaði fjárhagsráði og óskaði till. þess um breytingar á skömmtunarkerfinu og óskaði um leið, að það léti í ljós álit sitt um það, hvaða reynsla hefur fengizt á því ári, sem liðið er síðan kerfið var tekið í notkun. Fjárhagsráð skipaði í n. verðlagsstjóra, skömmtunarstjóra, einn fulltrúa frá fjárhagsráði og einn frá viðskiptanefnd til þess að rannsaka þetta mál og gera till. til breyt. Ég skipaði síðan þær 4 konur, sem í þetta voru tilnefndar, eingöngu eftir till. stjórnar Kvenfélagasambands Íslands. Óskaði ég eftir, að hún tilnefndi konurnar, og voru þær síðan tilnefndar nákvæmlega eftir útnefningu hennar. — Ég vil taka fram, að ekki hefur komið frá mér nein ósk um, að n. skilaði til mín þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir frá henni. Málið var sent mér á mína skrifstofu, án þess að nokkur ósk kæmi frá mér um það. Ef n. er ekki fullbúin að vinna störf sín og á eitthvað ógert, gat hún vel látið ógert að skila nál. sínu eða hluta af því. En úr því að hún gerði það, taldi ég sjálfsagt, að það yrði tekið fram, til þess að þm. fengju að vita um það og n., sem fær það til athugunar, hafi það til samanburðar við þær kröfur, sem hér hafa komið fram frá þm.

Hv. 2. landsk. talaði um 15—20 millj., sem úthlutað hefði verið meira á seðlum en flutt hefði verið inn, eða það þyrfti að veita það á næsta ári. Ég skildi ekki vel, hvað þm. fór í þessu, en skildist þó helzt, að þetta væri mismunurinn á því, sem innflutt hefði verið og skammtað. En það, sem ég las upp úr nál. n., var á þá leið, að það mundi þurfa 17—20 millj. kr. innflutning í byrjun næsta árs, til þess að birgðir gætu safnazt í búðir.

Og svo hneykslaði það hv. 2. landsk., að nefndarmenn og sérstaklega nefndarkonur hefðu afgr.

tvær till. í trausti þess, að eitthvað yrði lagfært. *Ég skal viðurkenna, að það er mikill munur á* þessum hugsanagangi n. og 2. landsk. Hv. 2. landsk. ætlar öllum alltaf það versta. Hún ímyndar sér, að þeir geri allt af bölvun sinni og öðrum til ills, en þessar nefndarkonur trúa því, að ef þær koma fram með gagnlegar tillögur, muni verða farið eftir því. Á þessu tvennu er höfuðmunur, og sé ég ekki, að sá munur sé í hag hv. 2. landsk. Ég ber meira traust til þeirra, sem geta ætlað öðrum mönnum eitthvað gott, en hinna, sem ætla öllum allt illt.

Ég held ég hafi svo ekki meira um málið að segja. Ég hef ekki ætlað að tefja það, hef ekki gert það hingað til, eins og hv. flm. vilja vera láta, og skal ekki heldur gera það hér eftir. Ég tel sjálfsagt, að það fari í n., en tel óeðlilegt, að það fari til fjvn. (*Menntmrh.:* Hún hefur víst nóg á sinni könnu.) Já, fjvn. hefur áreiðanlega nóg á sinni könnu. Ég tel eðlilegast, að málið fari til allshn., ekki vegna þess að ég vantreysti fjvn., heldur vegna þess, að ég tel samkv. þingsköpum eðlilegast, að málið fari þangað.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða margorður, en vil aðeins segja örfá orð út af seinni ræðu hæstv. ráðh. Hann minntist á það, að ég hefði eiginlega misskilið þetta, þar sem ég teldi, að það væri skömmtunin sjálf, sem hefði verið tekin til þess að spara gjaldeyri. Hún ætti ekki að vera til annars en að dreifa vörunum réttlátlega, en ég hefði ekki kunnað að greina þarna á milli. Ég vil þá geta þess í sambandi við þetta, að ég veit ekki betur en að þetta skömmtunarkerfi sé undir yfirstjórn fjárhagsráðs og allt þetta kerfi undir yfirstjórn hæstv. viðskmrh. Það er að vísu rétt hjá hæstv. ráðh., að hlutverk skömmtunarinnar er eingöngu það að dreifa vörunum réttlátlega, en það liggur fyrir sú staðreynd, að þetta hefur bara alls ekki tekizt. Það er m. a. viðurkennt og það af þeirri n., sem um þetta fjallar, að bakdyraverzlun eigi sér stað í sambandi við þessi *mál, og sýnir* það eitt, þótt ekki væri annað, að þetta hefur ekki tekizt. Ráðh. vildi halda því fram, að þessi mismunur mundi verða enn meiri, ef skömmtunin væri lögð niður, og má það vera rétt, ef ekki væri neitt bætt úr þeim göllum, sem eru á innflutningnum, en tilgangurinn með þessari till. er fyrst og fremst sá, að úr þessu skuli bæta og séð verði um, að nógur innflutningur sé fyrir hendi til þess að mæta því skömmtunarmagni, sem gert er ráð fyrir, að allir einstaklingar fái.

Þá vildi ráðh. mótmæla því, að hann hefði skipað þessa n., heldur hefði fjárhagsráð skipað hana sjálft. Það getur verið rétt, en haggar ekki því, að þótt ráðh. hafi aðeins skrifað fjárhagsráði, en ekki tilnefnt sjálfur menn í n., þá hefur hann sjálfur falið fjárhagsráði að annast endurskoðun þessara mála, endurskoðun á sínum eigin gerðum. Með öðrum orðum, hér stendur óhögguð sú staðreynd, sem ég minntist á, að þeir, sem hefur verið falið að rannsaka þetta, eru þeir sömu menn, sem hafa stjórnað þessu hingað til með þeim árangri, sem þegar er kunnur orðinn. Þetta er hliðstætt því, ef forstjóra einhverrar stofnunar væri falið að hafa endurskoðun á hendi í þeirri stofnun, sem hann réði sjálfur, en venjan er sú að skipa hlutlausa menn til þeirra hluta.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, því að ég vil ekki tefja, að málið fái afgreiðslu.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 25:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Landhelgisgæzla og stækkun landhelginnar.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um landhelgisgæzlu og stækkun landhelginnar [43. mál] (A. 55).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þessi till. um landhelgisgæzlu og stækkun landhelginnar, sem flutt er af mér ásamt hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Snæf., er í raun og veru tvíþætt, þar sem hún annars vegar veit að sjálfri landhelgisgæzlunni, en hins vegar að stækkun landhelginnar. Bæði þessi efni hefur borið á góma hér í þinginu fyrr og síðar, en þó full þörf á því að hafa vakandi auga á að vinna að því að gera allt, sem mögulegt er á hverjum tíma, til þess að styrkja aðstöðu okkar, bæði að því er veit að landhelgisgæzlunni sjálfri og eins hinu, að fá viðurkenningu annarra þjóða á stækkun landhelginnar frá því, sem hún nú er. Um landhelgisgæzluna er það að segja, að mörg undanfarin ár hefur hún verið í mikilli niðurlægingu, og hefur það valdið vonbrigðum og óánægju meðal manna, hvað þessi þáttur hefur dregizt aftur úr öðrum þáttum á undanförnum árum, og þá sérstaklega um nýsköpun tækja til landhelgisgæzlu, bæði að því er snertir ný strandvarnaskip og flugvélar og önnur tæki, er þar mundu henta. Hafa undanfarin ár verið fluttar hér þáltill., sem hnigið hafa að því að hvetja til sterkari landhelgisgæzlu, og 1944 var þetta mál mjög á dagskrá og samþ. þáltill., þar sem skorað var á ríkisstj. að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvernig landhelgisgæzlunni yrði betur og haganlegar fyrir komið, og var tilætlunin, að niðurstöður af þessari áætlun yrðu lagðar fram eins fljótt og unnt væri. Það hefur einhvern veginn ekki orðið úr, að slíkar niðurstöður yrðu lagðar fyrir þingið. Síðan var þetta mál aftur ítrekað á þinginu 1946, en dagaði þá uppi. Af þessu verður séð, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið af þinginu, hafa ekki borið þann árangur, sem æskilegt hefði verið. Það, sem ég sagði nú, er ekki sagt í ádeiluskyni á einstaka

aðila, því að menn bera nokkuð sameiginlega ábyrgð á þessu.

Í þessari þáltill. hér er farið fram á, að sett verði heildarlöggjöf um fyrirkomulag, verksvið, starfshætti og stjórn landhelgisgæzlunnar. Það er skoðun okkar flm., að nokkuð mundi vinnast með því, að sett væri heildarlöggjöf um landhelgisgæzluna, þannig að þessi starfsemi fengi fastara form en áður hefur verið. Ég vil leyfa mér að víkja nokkrum orðum að þeim einstöku atriðum, sem við leyfum okkur að benda á, að til athugunar kæmu.

Fyrsta atriðið er það, að með stjórn landhelgisgæzlunnar fari sérstök deild í dómsmrn. undir yfirstjórn dómsmrh. Við teljum mjög mikilvægt að hafa einhverja yfirstjórn yfir þessum málum, sem verði með öðrum hætti en nú er, og að það verði ekki skilið frá dómsmálastjórninni. Væri æskilegt, að betur væri búið um hnútana í sambandi við sjálfa útgerðarstjórn Ríkisskips en nú er, því að það er þannig nú, að landhelgisgæzlan er slitin úr annarri dómgæzlu, með því að menntmrh. er fengin þessi sérstaka grein landhelgisgæzlunnar til meðferðar. Þetta er ekki sagt til þess að áfellast þennan hæstv. menntmrh., við berum sameiginlega ábyrgð á þessari löggjöf. Það er áreiðanlega vanmat á þýðingu þessa málaflokks, landhelgisgæzlunnar, að láta sér koma til hugar að slíta hann sérstaklega úr öðrum dómsmálum og dómgæzlu og yfirstjórn þeirra, því að dómgæzla á hafinu er ekki þýðingarminni en dómgæzla í landi.

Þá er einnig ýmislegt annað en beinlínis fiskveiðagæzla, sem kæmi til með að heyra undir þessa sérstöku stjórn landhelginnar, svo sem eftirlit með tollgæzlu og heilbrigðisgæzlu og eftirlit með útbúnaði og athöfnum erlendra skipa.

Þá vil ég sérstaklega víkja að því, að ástæða er til þess að búa svo um hnútana í löggjöfinni, að strangar kröfur séu gerðar um mannaval og menntun þeirra manna, sem starfa að löggæzlunni í landhelgi, og sé vandað til aðstöðu þeirra og aðbúnaðar sem allra bezt. Það er að vísu til eitthvað, sem heitir varðskipapróf, en að áliti almennings er ekki á þann hátt vandað til menntunar þeirra manna, að viðhlítandi sé, og þar við bætist þá einnig, að aðbúnaðurinn hefur verið þannig, að til smánar hefur verið, sérstaklega þegar gerðir hafa verið út sem varðskip við strendur landsins gamlir, fúnir fiskibátar til þess að gæta þessara mikilvægu umráðasvæði Íslendinga. — Það er ánægjulegt til þess að vita, að komið hefur fram nýlega í opinberri tilkynningu frá ríkisstj., að í sambandi við hin nýju varðskip, sem stendur til að byggja, sé gert ráð fyrir að setja þessa menn til náms sérstaklega, til þess að búa þá betur undir störf þeirra við landhelgisgæzluna. Þetta yrði til þess að styrkja aðstöðu okkar við dómgæzlu á hafinu.

Þá er einnig á það bent, sem komið hefur fram, að leitazt verði við í löggjöfinni að samræma landhelgisgæzluna björgunarstarfsemi og bátaeftirliti, hafrannsóknum og sjómælingum, eftir því sem við yrði komið.

Ég efast ekki um, að ef hafizt yrði handa um heildarlöggjöf um landhelgisgæzluna, mundu menn komast að raun um, að fleira þyrfti að laga og vanda en nú er, og ég geri mér vonir um, að það mætti upplýsa margt í þessu máli, áður en frv. á sínum tíma kæmi fyrir þingið.

Síðasti þáttur þessarar þáltill. er um stækkun landhelginnar. Það er skorað á ríkisstj. að fylgja fast fram löggjöf síðasta Alþingis, er heimilar stj. að ákveða verndarsvæði hvar sem er við strendur landsins innan takmarka landgrunnsins og setja reglur um hagnýtingu þeirra. Þessi löggjöf hér að lútandi var sett á síðasta þingi, og mun vera svo, að ríkisstj. sé að vinna að þeim málum nú í sambandi við þær ráðagerðir, sem uppi voru, þegar frv. var samþ. Það er mjög athyglisverð stefna, sem þing og stjórn eru að fara inn á með því að krefjast réttar okkar Íslendinga yfir landgrunninu. Það er ekki hægt að áfellast ríkisstj. og þm., þó að þeir vilji fara með gát í þeim málum. En hins vegar ber þó hverjum að vera vakandi og láta ekkert undir höfuð leggjast, sem mætti styrkja okkur í þessu máli.

Fyrir tilstuðlan utanrrn. hafa þm. átt kost á að kynna sér greinargerð um landhelgismálin. Um þetta mál liggur fyrir greinargerð, tekin saman af sérfræðingi utanrrn. í alþjóðarétti, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér þessa greinargerð og annað, sem fram hefur komið varðandi landhelgismálin og sýnir fram á aukinn rétt okkar frá því, sem verið hefur. Ég vil þó vekja athygli á nokkrum atriðum þessarar greinargerðar í sambandi við óskir okkar um að hagnýta betur en verið hefur rétt okkar til landgrunnsins. Það er nú svo, að ég býst við, að það sé efst í hugum flestra að krefjast stækkunar á landhelginni úr 3 mílufjórðungum upp í 4 mílufjórðunga, og sú krafa var nýlega samþykkt á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins, og er þá krafizt þess réttar, sem við áttum áður og var viðurkenndur bæði með orðum og í framkvæmd, því að í fyrstu áttu Íslendingar óskoraðan rétt yfir landi sínu og hafinu í kring, en eftir að við komumst í nánara samneyti við aðrar þjóðir, hefur að okkur þrengt og landhelgin minnkað. Á 19. öld er viðurkenndur í framkvæmd réttur okkar til fjögurra mílufjórðunga landhelgi, og ef farið er enn lengra aftur í tímann, þá var það þannig á 17. öld, að landhelgin var sextán mílufjórðungar og framkvæmdar landhelgisvarnir samkvæmt því. En síðan hefur smám saman þrengt að okkur, allt til þess er samningurinn milli Danmerkur og Stóra-Bretlands um þriggja mílufjórðunga landhelgi var gerður. Menn halda því fast fram rétti okkar til 4 mílufjórðunga landhelgi, en til viðbótar hefur skotið upp þeirri hugsun, að við ættum að tilskilja okkur vaxandi yfirráð yfir landgrunninu, og er það í samræmi við nýja þróun þessara mála hjá öðrum þjóðum, eins og fram kemur í greinargerð þjóðréttarfræðings utanrrn. Það er athyglisvert, að alveg nú síðustu árin hafa ýmsar þjóðir Ameríku lýst yfir rétti sínum til landgrunnsins, en þar er um að ræða nýja stefnu í landhelgismálunum. Bandaríkin riðu á vaðið 1945, þegar forsetinn gaf út tvær yfirlýsingar um þessi mál, hina fyrri þess efnis, að yfirráð Bandaríkjanna næðu til allra auðlinda í land-

grunninu, en sú síðari snerti verndun fiskimiða innan landhelginnar. Í kjölfar Bandaríkjanna sigldu svo Suður- og Mið-Ameríkuríkin: Mexico, Argentína, Chile og Peru, að vísu með mismunandi aðgerðum, en öll gerðu þau kröfur langt út fyrir það, sem almennt gerist, sérstaklega með því að krefjast yfirráða yfir landgrunninu. Og getur þetta orðið okkur Íslendingum, sem eigum svo mikið í húfi, þar sem eru fiskimiðin okkar, hinn mesti styrkur, ef aðrar þjóðir fá viðurkenndar kröfur sínar til réttar á yfirráðum landgrunnsins.

Það er vikið að því í þessari þáltill., að ríkisstj. athugi að leita viðurkenningar á rétti okkar til rýmkunar landhelginnar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Gert er ráð fyrir, að hjá Sameinuðu þjóðunum starfi þjóðréttarnefnd, sem *færi með slík mál, og einnig má sækja málið á* öðrum vettvangi. Það er fullkomlega tímabært að athuga, hvort þetta sé ekki hinn rétti vettvangur, því að hjá Sameinuðu þjóðunum eiga hinar smærri þjóðir, a. m. k. í orði, jafnan rétt og hinar stærri. Og ef sú stofnun á eftir að þróast, *eins og vonir standa til, og styrkjast til þess* að verða sameiginleg yfirstofnun þjóðanna, þá getur það orðið okkur mikils virði að sækja mál okkar þar. Það má vera, að benda megi á atriði, sem mæla gegn því, að málið sé flutt fyrir Sameinuðu þjóðunum, og auðvitað verður að athuga þetta allt rækilega og velja svo þá leið, sem vænlegust þykir til árangurs.

Ég mun svo ekki fylgja þessari till. úr hlaði með fleiri orðum. Ég vil aðeins undirstrika, að ég tel ekki vera við neinn sérstakan aðila að sakast um það, hvað við erum á eftir því, sem vera bæri í þessum málum, en með samþykkt þessarar till. og framkvæmdum samkvæmt henni mætti e. t. v. fá allmiklar úrbætur, og þá er þegar nokkrum árangri náð.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég dreg ekki í efa, að sú till. til þál., sem hér um ræðir, á að sýna áhuga hv. flm. fyrir því mikilvæga máli, sem till. fjallar um. Ég geri einnig ráð fyrir, að sú löggjöf, sem nú gildir um þessi mál, sé ekki svo ýtarleg, að ekki sé ástæða til að endurskoða hana, og get ég mælt með því, að þingið álykti að fela ríkisstj. að láta endurskoða lögin. Hins vegar vildi ég nota *þetta tækifæri til þess að gera grein fyrir fram*lagi mínu til landhelgismálanna eftir að mér var falin forsjá þeirra, og ég verð einnig að láta í ljós, að mér *finnst miður farið, ef sum* atriði þessarar þáltill. verða samþ. Áður en ég kem að þeim atriðum, vil ég enn fremur láta í ljós, að mér *hefur fundizt bera nokkuð á því*, að hv. flm. hafi viljað læða því inn hjá mönnum, að landhelgismálin hafi beðið hnekki af því, að mér var falið að veita þeim forstöðu. Þetta *finnst* mér, að hafi komið fram á óviðeigandi hátt og án þess, að það væri rökstutt. Að öðru leyti hef ég ekki við málflutning hv. frsm. að athuga. Hv. frsm. sagði, að það lægi við, að mönnum dytti í hug, að landhelgismálin hefðu orðið út undan, af því að þau voru tekin út úr dómsmrn. og falin ráðh., sem veitir öðru ráðuneyti forstöðu. En nú er það svo, að við myndun samsteypustjórna, eins og t. d. núv. hæstv. ríkisstj., er það algengt, að ráðuneytin séu þannig bútuð sundur, og ekkert einsdæmi, að málaflokkar séu faldir einhverjum ráðh., sem þó aðallega fer með önnur mál. Dæmi um þetta eru mörg. Atvmrn. er t. d. skipt og einnig dómsmrn. og samgmrn., og þannig mætti lengi telja og engin ástæða til að ætla, að einstakir málaflokkar verði út undan, þótt þeir séu undir umsjá ráðherra, sem aðallega veitir öðrum málum forstöðu.

Ég kem þá að atriðum þáltill. og tek í einu 1. og 2. lið, en þar er lagt til, að sérstök deild í dómsmrn. undir yfirstjórn dómsmrh. fari eftirleiðis með yfirstjórn landhelgisgæzlunnar. Ég segi það þá fyrst, að vitanlega heyrir landhelgisgæzlan dómsmrn. til, þótt landhelgismálin hafi í svipinn verið falin öðrum ráðh. en dómsmrh., alveg eins og sjávarútvegsmál heyra undir atvmrn., þótt fjmrh. fari með þau núna. Þá er lagt til í till., að þessi deild, sem stofna á í dómsmrn., skuli fara með eftirlit með löggæzlu á hafinu kringum landið, fiskveiðaeftirlit, eftirlit með tollgæzlu og heilbrigðisgæzlu o. s. frv. Með þessu yrði yfirstjórn allra þessara mál sett beint undir rn. *Hins vegar hefur reyndin orðið sú*, að heppilegt hefur þótt, að yfirstjórn einstakra mála væri skipt. Það er t. d. augljóst mál, að það er ekki heppilegt, að *vegamálastjórnin sé í atvmrn., hafnar*málastjórn í sjútvmrn. eða yfirstjórn flugmálanna í samgmrn. Þvert á móti hefur þetta þróazt eðlilega á þann hátt, að hinar stærri starfsdeildir hafa starfað nokkuð sjálfstætt undir yfirstjórn ráðuneytanna. Sá háttur hefur verið hafður á, að Skipaútgerð ríkisins hefur verið falin útgerð varðskipanna, og er þetta hagkvæmt, því að Skipaútgerðin er betur fær um að stjórna útgerð skipanna en dómsmrn. sjálft. Enn fremur er fólginn í því sparnaður að fela Skipaútgerðinni reksturinn, því að annars þyrfti að skipa sérstaka stofnun til að veita útgerð skipanna forstöðu. Hins vegar getur dómsmrn. komið vilja sínum á framfæri við þá, sem veita Skipaútgerðinni forstöðu, og markað þannig meginstefnuna. Ef farið væri nú inn á þá braut, sem þáltill. gerir ráð fyrir, að lögskipa sérstaka deild í dómsmrn., þá er það ekki til neins góðs fyrir landhelgisgæzluna, en mundi leiða til stóraukins kostnaðar frá því, sem nú er. Það mundi vaxa upp nýtt stjórnarbákn með ærnum kostnaði. — Viðvíkjandi því, að mér er ekki alveg ljóst, *hvort það er meining hv. flm.* að færa alla tollgæzluna undir þessa fyrirhuguðu deild, þá fer ég ekki nánar út í það, en vil segja, að það *er ástæða til að hugleiða það atriði*, hvort kveða eigi nánar á í lögum um afskipti landhelgisflotans af öðrum málum.

Ég læt þá þetta nægja um 1. og 2. lið og kem þá að 3. lið, sem fjallar um, að alltaf skuli vera fyrir hendi nægilegur skipastóll til landhelgisgæzlunnar. Það *hefur mikið verið rætt um það*, hvernig heppilegast væri að hafa gæzluflotann, bæði með tilliti til starfa hans og kostnaðarins við hann. Sumir virðast álíta það *nóg að hafa* eingöngu stór skip, en aðrir álíta það nægilegt að hafa nokkur smá skip. Mín skoðun er sú, byggð á kynnum mínum á málinu, að hvorugt sé rétt. Flotinn á ekki eingöngu að gæta miðanna, heldur á hann einnig að gegna björgunarstarfi á miðunum og gæta veiðarfæra og sinna

öðrum aukaverkefnum. Ef eingöngu væri um að ræða fá stór skip, þá gætu þau ekki dreift sér nóg til gæzlu veiðarfæra og við björgunarstörf. Ef hins vegar væri aðeins um að ræða smábáta, þá mundu þeir reynast ónógir og ekki treystandi, þegar til meiri háttar björgunarafreka kemur. Ég tel það því rétta stefnu, sem nú hefur verið upp tekin, að hafa nokkra ekki stóra báta til gæzlu og björgunar og hafa síðan tvö væn og góð landhelgisgæzlu- og björgunarskip, og kem ég síðar að þætti flugsins í þessu sambandi.

Það er rétt hjá hv. frsm., að endurnýjun varðskipaflotans hefur dregizt aftur úr miðað við báta- og togaraflotann. En þegar ég tók við þessum málum, þá áttum við Ægi, tiltölulega stórt og gott skip, að vísu nokkuð gamalt, og Óðin, sem er smár, en allgóður bátur. Samningur hafði og verið gerður um, að ríkið tæki að sér rekstur Sæbjargar og ræki það sem björgunar- og gæzluskip. Enn fremur var fyrir hendi samningur við Björgunarfélag Vestfjarða um að láta gera nýjan bát til björgunar- og gæzlustarfs þar vestra. Enn fremur lá fyrir álitsgerð manna, sem rannsakað höfðu, hvað gera skyldi, og lögðu þeir til, að byggt yrði eitt vænt og gott varðskip. Ég byrjaði strax að vinna að framgangi þessara mála, því að mér var ljóst, að hér var úrbóta þörf, en það kom brátt í ljós, að hér var við ramman reip að draga, því að allur gjaldeyrir var þrotinn og erfitt að fá nauðsynleg leyfi. Ég get gert hér langa sögu að stuttri með því að greina frá því, að eftir að athugaður hafði verið kostnaður við bátabyggingar innanlands og utan, var samið við danskt verkstæði um byggingu bátsins, og er ráðgert að afhenda hann í ágúst í sumar, og eru fengin fyrir því nauðsynleg leyfi. Fljótlega eftir að núverandi ríkisstj. tók við völdum var á ráðherrafundi tekið fyrir, að mínu frumkvæði, að ræða um stærra varðskipið. Óskað var eftir því að láta rannsaka, hvort hægt mundi að fá það greitt í vöruskiptum, t. d. við Ítalíu. Komu tilmæli um þetta, bæði frá fjmrh. og viðskmrh., og var þetta síðan rannsakað, og stóð sú athugun þar til í haust, og komst varðskipið því ekki inn á innflutningsáætlun ársins 1947. En það kom í ljós, að vöruskiptaleiðin þótti ekki aðgengileg, og byrjaði ég þá í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, hr. Pálma Loftsson, að vinna að því, að útboð ætti sér stað utan clearing-landanna, og kom því jafnframt til leiðar, að skipið væri tekið inn á innflutningsáætlun ársins 1948, eftir því sem samningar tækjust. Eftir þetta var útboðið gert, og eftir samninga við fjárhagsráð og aðra var gerður samningur um 650 smálesta skip með 17 mílna ganghraða á klst., og skyldi það afhent vorið 1951. Ég ásaka mig ekki fyrir neinn drátt á þessu máli. Ég gerði allt, sem hugsanlegt var, eftir að mér var falin forsjá þessara mála, og hygg ég, að ekki sé hægt að ásaka yfirvöld landsins, þó að dregizt hafi að fá varðskipið, þar sem allur gjaldeyrir var þrotinn og langvinn rannsókn bar engan árangur. Með þessu, að gera þennan samning um byggingu skips fyrir Vestfirði og samning um byggingu nýja skipsins, sem á að nota til landhelgisgæzlu, björgunarstarfa og fiskirannsókna, hygg ég, að stórfellt framfaraspor sé stigið og allvel séð fyrir skipakosti til þessara starfa, er þessi skip eru komin á vettvang.

En þá kem ég að þeim stóra vanda í þessu sambandi, og þar kem ég í liðsbón til þingmanna og þá sérstaklega til þeirra, sem virðast hafa svo mikinn áhuga á þessum málum. Það er fjárhagshliðin. Ég vil vekja athygli allra hv. þm. á hinum mikla kostnaði, sem er við úthald varðskipa og eykst með auknum skipastól. Það fé, sem veitt hefur verið til landhelgisgæzlunnar, hefur ekki hrokkið til. Landhelgisgæzlan var mjög öflug í sumar, — það hygg ég að sé flestra dómur, — enda fór kostnaðurinn fram úr áætlun. Og ég vil benda á tvennt í þessu sambandi. Annað er það, að samkvæmt framansögðu má áætla, að kostnaðurinn við úthald þeirra varðskipa, sem fyrir eru, og þeirra, sem samið hefur verið um smíði á, verði rúmar 6 millj. kr. á ári. Þar á móti koma svo tekjur af sektarfé, sem enginn veit, hvað verður mikið, en aldrei er hægt að reikna með, að kostnaðurinn verði minni en 5 milljónir. Þetta verða menn að horfast í augu við. Það fylgir því ærinn kostnaður að hafa þessi mál í fullkomnu lagi. Hitt atriðið er, að Skipaútgerð ríkisins gerir ráð fyrir, að á næsta ári fari kostnaðurinn upp í tæpar 5 milljónir, en í fjárlagafrv. hefur hæstv. fjmrh. ekki treyst sér til að áætla meira en 4 millj. kr. til þessara mála og lætur meira að segja fylgja þau ummæli, að fram úr þeirri upphæð megi kostnaðurinn ekki fara á næsta ári. Ef þetta ætti að standast, yrði að hætta við að gera út a. m. k. tvo af þeim varðbátum, sem nú eru gerðir út, en það mundi aftur leiða af sér gerbreytingu á varðþjónustunni, og yrði þá að hætta við þau björgunarstörf, sem varðskipin hafa annazt. Ég tel þetta með öllu ófært og hef því snúið mér til hv. fjvn. í liðsbón út af þessu, og þyrfti að taka ákvörðun um það sem fyrst, að stefnu fjárlagafrv. skyldi ekki framfylgt á næsta ári. Ég vil því mjög eindregið ganga í liðsbón til hv. flm. þessarar till., sem sýna áhuga á þessum málum með flutningi hennar, og alveg sérstaklega benda á það, eftir að ég hef nú gefið mínar upplýsingar, að okkur vantar ekki löggjafarákvæði í þessu sambandi, heldur vantar okkur fyrst og fremst fjárveitingu til að fylgja fram stefnu þings og stjórnar. Hinu skal ég ekki kvarta undan, þó að finna megi að því, að greinargerð þessarar till. er þannig samin, að ætla mætti af því, að flutningsmönnum væri ókunnugt um þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru til aukinnar landhelgisgæzlu og áður var kunnugt um.

Þá ætla ég að minnast á flugið. Þar vantar einnig fyrst og fremst fjárstuðning við framkvæmdir, en ekki lagaákvæði. Í því sambandi vil ég rifja upp, að reynt hefur verið að nota flugvélar til landhelgisgæzlunnar. Flugvélar hafa verið teknar á leigu hjá flugfélögunum í því skyni, og þannig hafa menn prófað sig áfram með notagildi flugs við landhelgisgæzlu að frumkvæði og fyrir framkvæmdasemi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, herra Pálma Loftssonar, sem annast daglegan rekstur í sambandi við þessa gæzlu. Og þessar tilraunir hafa sýnt, að nokkurn

stuðning má hafa af flugvélum í þessu skyni, þó að ekki sé aðgengilegt að afla venjulegra flugvéla til þeirra nota, þar eð starfsmenn landhelgisgæzlunnar þurfa að gera athuganir sínar úr lofti á meðan flugvélarnar eru á mikilli ferð. Í þessu sambandi hafa líka verið athugaðir möguleikar á að nota flugvélar, sem geta numið staðar í lofti og athafnað sig þar í næði, og vil ég geta þess hér, að hæstv. fyrrv. dómsmrh. fól, í samráði við forstjóra Skipaútgerðarinnar, hr. Lárusi Eggertssyni að athuga þetta. Það var hans álit, að helicopter-flugvélar væru líklegar til að annast landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi. Um þetta tókust svo samræður við Skipaútgerðina, flugmálastjórnina og Slysavarnafélagið, og erlendir sérfræðingar voru til ráðuneytis, og niðurstaðan varð sú, að við lögðum til við fjmrn. í fyrra, að á fjárlögum þessa árs yrði veitt fé til þess að kaupa eina helicopter-flugvél, og var þá reiknað með því, að Slysavarnafélagið fengi aðra. Ráðuneytið og fjvn. töldu sér ekki fært að verða við þessari tillögu á því stigi, sem málið var á þá. Við endurnýjuðum þó tillöguna í ár, en hæstv. fjmrh. hefur ekki séð sér fært að setja hana á fjárlagafrv. næsta árs. Þó eru horfur á því, að Slysavarnafélagið fái sína flugvél áður en langt um líður, og er líklegt, að ríkisstj. standi að einhverju leyti að því að gera tilraunir með hana til björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu.

Þetta segi ég til þess, að menn sjái, að við höfum ekki verið sofandi á verðinum varðandi þau not, sem kynni að mega hafa af fluginu til þessara hluta, og til að undirstrika það, að okkur vantar ekki lagaákvæði um þetta, heldur fjármagn til framkvæmda.

Þá kem ég að 4. lið till., þar sem talað er um kröfur þær, er gera þurfi til skipstjórnarmanna og annarra, er starfi að landhelgisgæzlu, menntun þeirra og aðstöðu til starfa. Það er auðvitað rétt, að slíkar kröfur þarf að gera. Það er þó spursmál, hve miklar lagakröfur á að gera í því efni, en það, sem mest á ríður, er það, að vaskir sjómenn veljist á varðskipin, því að þeirra hlutverk er þannig vaxið, að þeir þurfa oft að vera með bátaflotanum og aðstoða og bjarga, þegar út af ber, og að þessum störfum þurfa því að vinna úrvals sjómenn, þótt ekki væri af öðru. Til þessa hefur verið látið nægja að krefjast venjulegrar sjómannsmenntunar, en nú er gert ráð fyrir sérstökum skóla á nýja varðskipinu eða aðstöðu til náms fyrir nokkra nemendur.

Að lokum vil ég víkja nokkrum orðum að 5. tölulið till. Ég vil taka það fram, að ég hygg, að ekki vanti lagafyrirmæli um efni þessa liðar, og ýmislegt hefur verið gert á undanförnum árum af því, sem þar er minnzt á og talið. Ég vil t. d. aðeins með örfáum orðum minna á það, að á undanförnum árum hafa varðskipin auk varðgæzlunnar annazt margs konar björgunarstörf í sambandi við fiskiskipaflotann, og komst fyrst verulegur skriður á það, er Skipaútgerð ríkisins tók þetta að sér. Síðan hafa varðskipin aðstoðað ýmis skip um 600 sinnum og bjargað af strandi 15 skipum. Samvinna er nú mjög náin við Slysavarnafélagið, ekki sízt á vertíðum, og gerður hefur verið samningur við það til 15 ára. Nýja varðskipið verður með hinum fullkomnustu björgunartækjum, og þarf ekki nein lagaákvæði hér að lútandi. Samvinnan hefur verið að eflast og þroskast á undanförnum árum, landhelgisgæzlunni og björgunarstarfseminni til mikilla heilla. Ég veit með sanni, að samvinna forstjóra Skipaútgerðarinnar, eða yfirmanns landhelgisgæzlunnar, og Slysavarnafélags Íslands hefur verið með ágætum.

Um hafrannsóknir er rétt að taka það fram, að í 18 ár hefur landhelgisgæzlan verið fiskifræðingum hjálpleg um starfsaðstöðu um borð í skipum sínum, eftir því sem hægt hefur verið að koma við, og nýja varðskipið er einmitt útbúið með tilliti til haf- og fiskirannsókna. Hitt er svo annað mál, að við þyrftum í raun og veru að geta aðskilið þessi störf og geta látið fiskifræðingana hafa sérstaka fleytu til umráða, því að það er dálítið erfitt að samrýma þetta, en meðan það er ekki hægt, verður einnig að notast við varðskipin til þessara rannsókna.

Ég hef minnzt á menntun yfirmanna á varðskipunum áður og skal nú ekki þreyta hæstv. forseta né þingmenn yfirleitt með lengri ræðu, þar eð komið er fram yfir venjulegan fundartíma. En ég vil að lokum segja það, að ég tel það mestu varða, að þeir, sem áhuga hafa á þessum málum, sameinist nú um að styðja fingri á, þar sem þörfin er mest, og sameinist um þá stefnu, sem mörkuð hefur verið.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í umræður um þetta mál að því leyti, sem það heyrir undir hæstv. menntmrh. sérstaklega samkvæmt þeirri skipun, sem nú er á stjórnarstörfum. Það er rétt að hafa í huga, að hann fer með þessi mál, ekki sem menntmrh., heldur sem dómsmrh., en þessi mál eru eftir sem áður í dómsmálaráðuneytinu — og verður aldrei komið í veg fyrir það með þál. eða löggjöf, að svo skipist, þar sem ákveðið er í stjórnarskránni, að forseti skipti störfum milli ráðherra.

Um þessa þáltill. vil ég annars segja, að mér finnast ýmsir liðir hennar mjög eðlilegir. Eftir þeirri reynslu, sem ég hef fengið við dómsstörf, tel ég, að vel færi á því, að löggæzla á hafinu og tollgæzla yrði betur samræmd en verið hefur. Ég er að vísu ekki nógu kunnugur tollgæzlunni, og hún kemur landhelgisgæzlunni ekki við nema að litlu leyti, en mér sýnist, að nauðsynlegt sé, að fram fari athugun á því, hvort ekki verði betur séð fyrir skipan þessara mála með því að sameina tollgæzlu og löggæzlu á sjó og landi. Að öðru leyti vil ég ekki blanda mér inn í þetta. En út af því, sem hæstv. menntmrh. sagði að lægi í augum uppi, að eðlilegt væri að láta daglega stjórn landhelgisgæzlunnar vera í höndum Skipaútgerðar ríkisins, þá get ég fallizt á það varðandi útgerðarhlið málsins, en það á ekkert skylt við það, hvernig æðstu stjórn sjálfrar landhelgisgæzlunnar er fyrir komið. Alveg eins væri t. d. hugsanlegt, að allar ríkisstofnanir hefðu sameiginlegan bílakost. En engum mundi þar fyrir detta í hug að gera forstjóra Bílastöðv-

ar ríkisins að lögreglustjóra. Og mér finnst óeðlilegt, að útgerðarmaður Skipaútgerðar ríkisins sé yfirlögreglustjóri í landhelgi Íslands. Með því felli ég engan dóm um menntun og hæfileika þess manns, er nú gegnir því embætti. En vegna ummæla hæstv. menntmrh. get ég ekki varizt því að benda á, að mér finnst hann hafa haldið fram augljósri firru, og firra hans er sú, að hann telur eðlilegt, að sú skipan verði áfram á þessum málum, sem verið hefur. Ég er ekki með þessu að gagnrýna gerðir míns starfsbróður, enda sá háttur gamall, sem á þessu er, og að mig minnir alla tíð síðan hv. þm. S-Þ. gegndi ráðherraembætti, svo að ef um ávítur er að ræða, þá lenda þær á honum. Hæstv. menntmrh. hefur aðeins sýnt sig sem dyggan lærisvein síns lærifeðgur, og það met ég raunar mikils.

Annars var það nú einkum annað, sem ég ætlaði hér að tala um. Hér er vikið nokkuð að stækkun landhelginnar og því beint til ríkisstj. að halda með festu á þeim málum. Varðandi þetta vil ég benda á, að í lögum frá síðasta Alþingi er gert ráð fyrir því, að sjútvmrn. setji reglugerð um vernd fiskimiðanna, og heyrir það ekki undir utanrrn., þótt það dæmi um það, hvenær það sé tímabært.

Það kom fram í grg. á síðasta Alþ., sem var útbýtt meðal þm., en ekki gefin út opinberlega, að heppilegt mundi vera og jafnvel nauðsynlegt að fá upplýsingar um afstöðu annarra ríkja til hinna fyrirhuguðu ráðstafana, án þess að farið væri fram á samþykki þeirra, enda litið svo á af okkar hálfu, að slíkt samþykki væri ekki nauðsynlegt. Þar sem flest eða öll ríki, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu máli, höfðu undirritað samning um möskvastærð frá 5. apríl 1946 og Bretar lagt fast að ríkisstj. að samþykkja hann, þótti eðlilegast að bera fram fyrirspurn til samningsaðilanna um það, hvort þeir teldu framkvæmdir í framhaldi af þessum lögum samrímanlegir aðild að möskvastærðarsamningnum. Voru orðsendingar þess efnis sendar til Belgíu, Danmerkur, Íslands, Frakklands, Hollands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Eretlands. Svör hafa enn ekki borizt nema frá sumum ríkjunum, en þegar þau eru fengin, verður hægt að taka endanlega afstöðu til efnis reglugerðarinnar.

Hinu verð ég að skýra frá, að svör nokkurra landa, sem borizt hafa, eru nokkuð óhagstæð og sýnt er, að það muni verða þungt fyrir fæti. Því er haldið fram, að við höfum ekki heimild til að setja slíka reglugerð einhliða og enn síður að stækka landhelgina beinlínis, svo sem að miða hana við 4 sjómílur. Þetta var vitað fyrir fram, og hefur ekki annað gerzt með þessum svörum en það, að sú skoðun hefur staðfestst. En við höfum litið svo á, að þótt ráðgert væri að leita eftir skoðun viðkomandi ríkja, þá væri það Íslendinga einna að ákveða skipun þessara mála.

Nú er það auðvitað vandi og verður ákveðið að fengnum svörum, á hvern veg þessu máli skuli fram haldið. Mikilsvert er að misstíga sig ekki, þótt of mikil varfærni á hinn bóginn megi ekki verða til þess, að ekkert verði aðhafzt. Ég er sammála hv. flm. um það, að það er íhugunarvert fyrir okkur, hvort ekki sé rétt að bera þetta mál fram á þingi Sameinuðu þjóðanna. Hér er sem sagt ekki eingöngu um lagaleg atriði að ræða — og e. t. v. er afstaða okkar veikari varðandi lagahlið málsins heldur en efnishliðina, því að nauðsyn okkar er óumdeilanleg; og ef við óttuðumst ekki lagahliðina, mundi þegar hafa verið skorið úr í þessu með endanlegum aðgerðum af okkar hálfu. Ég tel því nauðsynlegt, að samhliða því, að við höldum áfram að vinna að því að koma málinu fram innan lagarammans, þá sé einnig á alþjóðlegum vettvangi unnið að því, — og ég tel, að það sé heppilegt innan Sameinuðu þjóðanna, ekki síst þar sem þær hafa skipað nefnd til endurskoðunar reglum í alþjóðarétti og nefnd til að setja reglur um skyldur þátttökuríkjanna, og væri þá eðlilegt, að þetta mál yrði tekið fyrir í öðru hvoru því sambandi, eða sem sérstakt mál, sem tekið væri upp af okkur á þingi SÞ. Þetta krefst mikils undirbúnings, og þarf málið að vera vel reifað af okkar hálfu, en ég er þó sannfærður um, að þetta er ein af þeim leiðum, sem líklegastar eru til skjóts árangurs, og er því mjög hlynntur því, að hún verði farin.

Jafnframt því sem framangreindar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að fá vitneskju um undirtektir annarra ríkja, þá hefur verið unnið að framgangi Faxaflóamálsins, enda þótti rétt, að það mál yrði leyst á þann hátt, sem gert hefur verið undanfarin ár, þ. e. í samræmi við tillögur alþjóðahafrannsóknarráðsins. Enda þótt búizt væri við, að niðurstaðan yrði sú, að íslenzka ríkisstj. þyrfti að kalla saman fund hér í Rvík, til þess að gengið væri frá samningi um friðun flóans, var þó talið rétt að fara þess á leit við hafrannsóknarráðið, að það kallaði saman fund í Khöfn, þannig að gengið væri frá samningum undir umsjón þess. Tilmæli þess efnis voru borin fram af fulltrúum Íslands á ársfundi ráðsins, sem haldinn var í Khöfn dagana 4.—11. okt. s. l., en ráðið taldi, að samningsgerðin væri fjárhagslegs og stjórnmálalegs eðlis og gæti það því ekki beitt sér fyrir henni. Virðist því ekki vera um annað að ræða en að kveðja til fundar hér, og telja íslenzku fulltrúarnir, sem fundinn sátu, að hæfilegur fyrirvari á fundarboði mundi vera þrír mánuðir. Telja þeir jafnframt heppilegt, að fundurinn yrði hér í Rvík í apríl n. k. Það hefur verið talað um að senda slíkt fundarboð út um áramót.

Að öðru leyti vil ég segja það, að nokkurrar aðgæzlu er þörf við upptöku Faxaflóamálsins, þannig að við viðurkenndum ekki á neinn hátt, að við gætum ekki, ef til kæmi, gert einhliða ráðstafanir. Vegna þess að við leituðum samþykkis annarra, kynni því e. t. v. að verða haldið fram, að við gætum ekki friðað Faxaflóa án samþykkis annarra ríkja. En að athuguðu máli höfum við þó komizt að þeirri niðurstöðu, að hér þyrftu ekki að verða árekstrar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í umræðunum um þetta mál í gær beindi hæstv. ráðh. fyrirspurn til fjvn., sem mér þykir rétt að svara, og í annan stað vildi ég fara nokkrum orðum um till. á þskj. 55.

Þegar litið er á þetta mál, þá er sjáanlegt, að það skiptist í fjóra meginkafla. Það er þá fyrst,

að það verður að skilja það frá Skipaútgerð ríkisins; í öðru lagi þarf að auka skipakostinn og loftfarakostinn; í þriðja lagi þarf að gera meiri kröfur til starfsmanna á þessum vettvangi, og í fjórða lagi þarf að stækka landhelgina. Fyrstu þrjú atriðin eru innanríkismál, hið síðasta er utanríkismál. Ég mun ekki ræða fjórða atriðið, enda hefur það verið gert ýtarlega af ráðherra, en mun heldur snúa mér að hinum atriðunum.

Mér þykir rétt að geta þess, að ég tel miður farið, að fjórða atriðið var tekið með í þessa till. Það hefði átt að fara til utanrmn., en að því er mér hefur skilizt, munu tillögumenn vilja, að málinu sé vísað til allshn. að lokinni fyrri umr. En mér skilst, að heppilegra hefði verið að fara með það sem sérmál.

Ég kem þá að því, sem ég vildi benda á, að það er deilt um, hvort halda skuli þeirri stefnu, sem tekin hefur verið upp, að hafa sem smæst skip við landhelgisgæzluna, en það tel ég meginorsök til þeirrar niðurníðslu, sem landhelgisgæzlan er nú í, og til þess, hve sáralítils trausts hún nýtur. Ég bendi á, að það er ekki langt síðan íslenzkur togari var tekinn í landhelgi af einum þessara litlu báta, eftir að sami bátur hafði leyft honum að fiska þar í sólarhring, — þá fyrst komst báturinn að því, að togarinn var innan landhelgislínunnar. Slík mistök hafa komið fyrir í fleiri skipti — t. d. með togarann Júpíter — og þau hafa orðið vegna þess, að hinir litlu bátar gátu ekki innt af hendi nauðsynlegt starf, ekki tekið mið, svo að byggt yrði á, né annast gæzluna svo, að landinu væri sómi að en ekki vansæmd. — Ég skal seinna koma að því, hvort okkur er þetta nokkur hagnaður fjárhagslega. En nefndin þarf að gera sér þetta ljóst, hvort það á að fá stór skip og setja þannig upp sterka landhelgisgæzlu eða fjölda báta, sem ekki fá við neitt ráðið.

Í þessu sambandi vildi ég leyfa mér að benda á eitt atriði. Þegar við vorum úti í Englandi um daginn í sambandi við togarakaupin, þá urðum við undrandi á því, að við vorum spurðir sérstaklega, hvort ríkisstj. væri að láta byggja strandvarnaskip hér. Það hafði verið send útboðslýsing til skipamiðlara í Englandi og honum falið að leita tilboða. Okkur þótti þetta undarlega að farið, að á sama tíma sem ríkisstj. sendi menn til Englands til þess að semja um kaup á 10 nýjum togurum er hún einnig að senda gögn til skipamiðlara í Englandi. Ég hef alveg nýlega fengið fyrirspurn um það frá skipabyggingastöð í Englandi, hvort henni beri að taka þessi tilboð alvarlega, vegna þess að þeir hafa einnig heyrt, að búið sé að semja um byggingu skips fyrir landhelgisgæzlu á Íslandi, og hvort hugsunin sé að byggja eitt skip til eða fleiri til viðbótar. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að upplýsa í þessu það mál, hvort hugsað sé að halda áfram að smíða þessi skip eða hvers vegna er verið að þessum leik í öðrum löndum, hvort það sé til þess að fá samanburð á þessu og því, sem fengist annars staðar. Ég vildi einnig fá upplýst hjá hæstv. ráðh., hvað er kaupverð þessa nýja skips, því að ég minnist ekki að hafa séð neitt um það í blöðum eða tilkynningum hæstv. ríkisstj. og ekki að hafa heyrt því yfir lýst á Alþ., hvað sé kaupverð þessa skips, í hvaða gjaldeyri á að greiða það og hvaða samningar eru um það og hvaða fulltrúa ríkisstj. hafi haft sér til aðstoðar í þessum kaupum. Þetta er mikilsvert fyrir okkur að vita, sem eigum að greiða atkv. með fjárframlögum til þessa, og einnig fyrir skattþegnana.

Ég vil einnig benda á, að aukning flotans til strandgæzlu hefur farið fram á tvennan hátt. Annars vegar hefur verið aukning á honum samkv. ákvörðun Alþ. — og það hafa verið í raun og veru beztu skipin, þó að þar hafi flotið innan um of lítil og of léleg skip. Hins vegar hefur einnig farið fram aukning flotans samkv. ákvörðun annarra aðila. Ég vil í því sambandi benda á Sæbjörgu, sem hefur raunverulega verið þvingað upp á ríkissjóð til þess að taka á sig árleg rekstrarútgjöld af því skipi. Sæbjörg er keypt fyrir gjafafé. Kaup þess skips eru mjög vanhugsuð frá byrjun. Það fyrsta, sem gerist í sambandi við þetta skip, er mislukkað, en ríkissjóður hefur í raun og veru tekið á sig að greiða öll áföllin. Ég man, að ég benti á þetta, þegar samningur var gerður af fyrrv. hæstv. dómsmrh. í sambandi við Sæbjörgu, og að hann þá fullyrti, að ekki kæmi til mála, að ríkissjóður greiddi nema ákveðna upphæð vegna rekstrar þessa skips, sem þá var styrkur. Það hefur reynzt rétt, sem ég þá benti á, að þessi upphæð hefur síðan verið þreföldu ð. Fyrst var talið sjálfsagt að ganga að þessu glæsilega tilboði. Næst var talið sjálfsagt að tvöfalda framlagið til rekstrar þessa skips, af því að búið var að ganga inn á að greiða eitthvað til þess. Og í þriðja sinn þótti sjálfsagt að taka á sig byrðar enn vegna þessa skips, af því að búið var að taka tvisvar á herðar ríkissjóðs þessa vitleysu áður. Og fjölgunin á skipunum til strandgæzlu fyrir Vesturlandi er komin til af þessu, að ákveðið félag á Vestfjörðum hefur aflað fjár fyrir björgunarskútu, sem á að vera strandvarnaskip á Vestfjörðum líka, þannig að hvorki er hugsað um, hversu óheppilegt það er að taka einmitt svona far til þess að hafa til svona gæzlu, né heldur, hvað kostar fyrir ríkissjóð að reka þetta. Ef slysavarnafélögin í landinu vildu leggja þessum málum fé og lið, væri ekkert eðlilegra en að taka upp samkomulag við þau, annaðhvort um að standa undir ákveðnum rekstrarkostnaði eða leggja þetta fé alveg kvaðalaust inn til þessarar starfsemi, án þess að þau ráði svo um það í meginatriðum, hvernig þetta er byggt upp, eins og gert hefur verið og sýnt hefur sig í öllum tilfellum, að er rangt. Og sama leikinn virðist vera stefnt að að leika í sambandi við helicopter-flugvél, en hæstv. menntmrh. óskaði eftir því á síðasta ári að fá ákveðið fé til þess að kaupa fyrir helicopterflugvél. Við þessu gat fjárveitingavaldið ekki orðið — þó að því fé hefði verið betur varið en kaupa blaðaruslið, sem keypt var fyrir helmingi hærri upphæð. *(Menntmrh.:* Af hverju var ekki fremur veitt heimild fyrir því en fyrir blaðakaupunum?) Hæstv. ráðh. getur sjálfsagt fengið upplýsingar um það frá sínum andlega skyldu fulltrúum í n. En nú hefur komið erindi til n. frá hæstv. ráðh. á ný, þar sem hann óskar eftir að fá nægilegt fé til þess að reka helicopterflugvél, sem Slysavarna-

félaginu býðst hingað til lands til reynslu í eitt ár með því skilyrði, að það kaupi hana frá Ameríku og greiði amerískan gjaldeyri fyrir hana, ef hún reynist vel, en annars sé henni skilað aftur. Mér skilst, að hæstv. ráðh. hafi ekki hugsað þessa hugsun til botns. Útgjöld eru mikil við rekstur slíkrar flugvélar, jafnvel upp á 300 þús. kr. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur athugað það. En n. hefur aflað sér þessara upplýsinga sjálf. En þetta, sem ég hef hér sagt, er sönnun þess, að það er engan veginn nóg, þó að hægt sé að fá einhvern aðila til þess að byrja á svona verkefni eins og vissum þáttum strandgæzlunnar einhvern veginn, ef þessu á svo að kasta yfir á ríkið á eftir. Og hæstv. ráðh. verður að sjálfsögðu að gera sér ljóst frá upphafi, að ef um aukningu strandgæzlunnar á að vera að ræða, þá verður að gera eitthvað, sem getur orðið traustur liður í starfinu, en ekki einhver lélegur hlekkur, þannig að keypt sé inn eitthvert vanhugsað far til varðgæzlunnar í dag og annað slíkt á morgun, sem síðan geta ekki verið traustir hlekkir í þeirri keðju, sem landhelgisgæzluflotinn er. Ég vil í sambandi við þetta benda á, hvað forstjóri Skipaútgerðar ríkisins segir um flugvélanotkun í sambandi við strandgæzlu. Hann segir hér í bréfi til ríkisstj. frá 23. ágúst á þessa leið:

„Sú reynsla hefur þegar fengizt af notkun flugvéla við landhelgisgæzlu, að fyrirsjáanlegt er, að mikla þýðingu mun hafa að halda áfram á þeirri braut. Er þess skemmst að minnast, að í apríl f. á. voru með notkun flugvélar teknir 9 togbátar að ólöglegum veiðum á Húnaflóa, og 6 bátar voru á sama hátt teknir í einu við Vestmannaeyjar í marz s. l. og allir dæmdir í sekt fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Í júlí/ágúst í sumar gerði Skipaútgerðin í samráði við ráðuneytið samning við eitt af flugfélögunum hér (Loftleiðir h.f.) um leigu á flugvél til landhelgisgæzlu. Var fenginn Grummanflugbátur til þessa, og svo um samið, að hann skyldi vera til reiðu, þegar Skipaútgerðin óskaði, en leiga reiknast kr. 1000.00 á klukkustund, þegar flogið væri, en ekkert þess á milli. Þegar þetta er skrifað, hefur nefnd flugvél flogið til landhelgisgæzlu í ca. 50 klst., og hafa gæzlumennirnir í vélinni á þessum tíma nokkrum sinnum séð skip, öll erlend, að ólöglegum veiðum í landhelgi við suðurströndina, en því miður hefur ekki verið aðstaða til þess að taka lögbrjótana og sekta þá, þar eð flugbáturinn hefur ekki getað lent, en lögbrjótarnir hafa alltaf hraðað sér burt, þegar þeir hafa orðið þess varir, hvað var að gerast."

Það er þá upplýst hér frá þessum forstjóra, að það hafi ekki verið hægt með þessu móti að taka neina lögbrjóta að veiðum í landhelgi nema smátogbáta, en hins vegar hafi flugvélin vel getað rekið úr landhelginni. Og ég viðurkenni, að það er hreint ekki lítið atriði. Forstjóri Skipaútgerðarinnar segir enn fremur:

„Þess má geta, að varðskip voru hvað eftir annað, bæði fyrir og eftir, á sömu stöðum og nefnd skip sáust úr flugvélinni að veiðum í landhelgi, en aldrei hittu varðskipin á þessum tíma skip að ólöglegum veiðum á þessum stöðum."

Það er þá einnig viðurkenning á því, að nákvæmlega þetta sama hlutverk geti einnig varðskipin innt af höndum. Það eru ekki lögbrjótar fyrir innan landhelgislínuna, þegar varðskip eru þar á ferð né heldur þegar flugvélar eru þar á ferðinni. *(Menntmrh.:* Þá skilst mér, að þurfi hvort tveggja að hafa.) Þá þarf að gera það upp, hvort af þessu tvennu er ódýrara og með hvoru af þessu tvennu meira er unnið, miðað við kostnaðinn. — Það var spurt um það, hvort þetta væri dómur um helicopterflugvélarnar. Ég ætla að lesa ofur lítið meira úr bréfi forstjóra Skipaútgerðarinnar, þar stendur:

„Ofangreind reynsla af notkun flugvélar við landhelgisgæzlu sýnir, að það er mjög mikils virði og nauðsynlegt að hafa slíka gæzlu, enda þótt hún hafi af greindum ástæðum ekki komið að fullum notum. En rækilega þarf að athuga, hvort ekki muni hægt að yfirvinna frekar þá erfiðleika, sem eru á þessu, t. d. með því að nota helicopterflugvélar."

M. ö. o., það er reynsla fengin fyrir því, að flugvélar almennt geta ekki komið að fullum notum og kannske ekki nema að sáralitlum notum fyrir landhelgisgæzlu. En það er beðið um fé til þess að reyna þær, án þess að geta sagt um það nokkuð fyrir fram.

Síðast í þessu bréfi frá forstjóra Skipaútgerðarinnar er eitt ákaflega merkilegt atriði, sem ég gjarna vildi biðja hæstv. ráðh. að athuga, hvort sé rétt. Þar segir: „Sektartekjur varðskipanna fyrir landhelgisbrot eru mjög stopular, t. d. innheimtust engar slíkar tekjur á árinu 1947." Og í fjárlagafrv. nú er felldur niður aftur sá liður, sem áður hefur verið í frv., tekjur fyrir landhelgisbrot. Og mér er sagt, að reynslan sé sú um einmitt þessa tegund skipa, sem bæði smábátarnir taka hér við veiðar — togbátarnir íslenzku — og flugvélarnar geta náð í, að enn sem komið er hafi þeir ekki greitt eina einustu krónu í landhelgissjóð, vegna þess að þeir hafi ekki getað gert það. Og þá fer málið að verða nokkuð skrýtið, finnst mér, að velja einmitt slík tæki til landhelgisgæzlu og fjölga þeim, sem vitað er, að ekki geta tekið önnur skip en þá báta, sem minnstan skaða gera annars vegar og hins vegar ekkert geta borgað af sektum, eins og upplýst er hér, en verða að sleppa hinum skipunum, sem gera mestan uslann og geta borgað sektir, ef þær á annað borð yrðu lagðar á. En svona hefur verið reynslan af þessum málum undir þessari ágætu stjórn, sem hæstv. menntmrh. vill enn halda dauðahaldi í.

Þriðja atriðið, að krefjast meiri menntunar af starfsmönnum við landhelgisgæzluna, ætla ég ekki að ræða sérstaklega um. Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins, en skal snúa mér að fjórða atriðinu, aðskilnaðinum á stjórn landhelgisgæzlunnar frá stjórn Skipaútgerðar ríkisins. Mér heyrðist, að eitt af meginrökunum hjá hæstv. ráðh. gegn því að skilja þetta tvennt að væri það, að ef komið væri hér upp sérstakri stofnun til þess að annast landhelgisgæzluna, mundi það kosta ríkissjóð mjög mikið fé og sá kostnaður mundi aukast ár frá ári. Mér fannst þetta vera aðalástæðan fyrir því hjá hæstv. ráðh., að hann vildi ekki láta aðskilja útgerðarstjórn á skipum til þessara

tveggja verkefna, strandferðanna og strandvarnanna. Nú hefur hæstv. ráðh. talað um, að ekki sé nauðsynlegt að skilja þetta tvennt að. Ég er honum ekki sammála um það. Ég held, að sá aðskilnaður mundi verða heppilegur. Og ég vil leyfa mér að benda á, að í gögnum frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins leggur hann fyrir ríkisstj. áætlun um það, að það þurfi að kosta til landhelgisgæzlunnar árið 1949 kr. 4979000,00 á næstu fjárlögum. Og þar gerir hann ráð fyrir, að af þessari upphæð sé sameiginlegur kostnaður til þess að stjórna þessum bátum 280 þús. kr. — til þess að stjórna Ægi, Óðni litla, 70 smálesta, Sæbjörgu og tveimur litlum bátum, sem eru í smíðum. En á meðan þeir eru ekki tilbúnir, eru tveir bátar við landhelgisgæzlu í staðinn, annar við Austfirði og Faxaflóa og hinn við Vestfirði, m. ö. o., að til þess að stjórna þessum fjórum bátum sem varðskipum þarf 280 þús. kr. í sameiginlegan kostnað, skrifstofukostnað og framkvæmdastjórnarkostnað við Skipaútgerðina. Og þetta skulum við svo bera saman við aðrar upphæðir. Hér liggur hjá mér skýrsla frá n., sem skipuð var af ríkisstj. og Framsfl. átti í ágætan hagfræðing. Þar er greint frá kostnaði við 60 smálesta bát, sem stundaði þorskveiðar í 5 mánuði. Skrifstofukostnaður og framkvæmdastjórnarkostnaður við hann var kr. 4225,06. Nú má gera ráð fyrir, að þessi útgerðarkostnaður verði eitthvað lengri hjá varðbátunum. En þó að þessi upphæð sé tvöfölduð og jafnvel þótt farið sé með hana upp í 10 þús. kr., þá er það ekki nema aðeins einn fimmti hluti af því, sem að meðaltali það kostar að stjórna þessum bátum hverjum fyrir sig, sem til landhelgisgæzlunnar eru notaðir, hjá Skipaútgerð ríkisins, því að það kostar 50—60 þús. kr. Og benda má einnig á, að hér er gert ráð fyrir, að við togara af sömu stærð og m/s Ægir verði útgerðarstjórnar- og skrifstofukostnaður 6500 kr. í ferð. Og ef um 10 ferðir er að ræða, verður það 65 þús. kr. En þetta er svo miklu meira skrifstofuhald og miklu meiri útreikningur, utanlands og innan, heldur en er við að reka varðskipið Ægi. Ég held, með tilliti til þessara raka, að hægt sé að benda á, að það megi vænta þess, að það yrði miklu minni kostnaður við að setja yfir landhelgisgæzluna sérstaka stofnun en með því að hafa hana annars vegar og stjórn Ríkisskips hins vegar undir sömu stjórn eins og nú er. Ég er alveg viss um það og að það sé hreinn klaufaskapur að geta ekki fengið þennan kostnað niður með því að aðskilja þetta tvennt.

Nú er þetta ekki nema ein hlið málsins. Hitt er önnur hlið þess, hvað hafa verið gerð mörg glappaskot í sambandi við þessi mál. Ég skal viðurkenna, að það er líka hægt að gera þau, þó að þessu sé skipt í sundur og landhelgisgæzlan sett undir aðra menn. Og það væri kannske líka hægt að fá kostnaðinn lengra niður við stjórn Skipaútgerðar ríkisins, frá því, sem nú er, ef skipt væri um menn þar. En við skulum ekki loka augunum fyrir því, hvaða mistök hafa orðið í þessum efnum á undanförnum árum og hvert gífurlegt fé það hefur kostað ríkið og hvað það hefur haldið niðri landhelgisgæzlunni. T. d. var það svo með gamla Óðin, að það skip gat ekki staðið á kjölnum, og það varð að sigla skipinu niður aftur, til þess að skera það í sundur og lengja það um þrettán fet. Og hvernig gekk það með hraðbátana? Þeir reyndust óhæfir og voru sendir út aftur, og þau kaup og það, sem í sambandi við þau var, kostaði ríkið nærri 700 þús. kr. eftir gögnum, sem fyrir hafa legið, — sá skemmtilegi leikur. — Ég skal ekki blanda saman við þetta þeim mistökum, sem hafa orðið í stjórn Skipaútgerðar ríkisins. En það er ekki hægt að neita því, að þessi mistök hafa orðið, annars vegar það, að þegar Óðinn var byggður, varð að senda hann út aftur til þess að lengja hann, því að hann var ekki sjófær, og hins vegar var svo það, að þegar hraðbátarnir voru keyptir, þá voru þeir ekki sjófærir. *(JJ:* Hvaða stjórn byggði gamla Óðin?) Ég veit það ekki. Útgerðarstjórnin hafði með þetta að gera. *(JJ:* Það var lögfræðingurinn Jón Magnússon, sem byggði Óðin). Lögfræðingurinn Jón Magnússon, sem byggði Óðin? *(JJ:* Já, veit hv. þm. það ekki?) — Ég held því, að það sé mjög mikil ástæða til að taka þessi mál öll til rækilegrar athugunar, til þess að vita, hvort ekki sé hægt að reka þetta með ódýrari hætti með því að skilja þetta að og athuga, hvers konar stjórn þarf að setja þessi mál undir. — Ég sé, að hæstv. menntmrh. brosir, það er vanalega það eina, sem hann á að grípa til, þegar hann er kominn í vanda. *(Menntmrh.:* Ég var ekkert að hlæja að þingmanninum.) Nei, en að málinu sjálfu. En óstjórn er ekki í þessu sérstaka tilfelli, þar sem hann ræður. Í útvarpinu er ástandið ekkert betra. Stjórnleysið þar er sannarlega ekkert betra, síðan hann tók við. *(SkG:* Bezt að skipta stjórninni á því í marga parta til þess að spara.)

Hér er um stórkostlegt fjárhagsatriði að ræða. Ég vil því beina því til hv. flm., hvort hann vill ekki taka aftur till. sína um allshn. Ég legg til, að þessu máli verði visað til fjvn. Hún hefur í fyrsta lagi öll gögn í sambandi við þetta mál. Og þó að þetta sé út af fyrir sig ekkert meginatriði, er rétt, að fjvn. athugi þetta mál. Eins og till. er, þá er þetta allmikið fjárhagsatriði, hvernig koma að notum þau fjárframlög, sem til þessara mála fara. Og það þarf að koma betra skipulagi á stjórn þessara mála, kannske til að spara eða kannske til aukningar á landhelgisgæzlunni, eftir því, hvaða leið er farin.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 8. des., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það er nú orðið alllangt síðan þetta mál var hér síðast til umr., en hv. þm. minnast þess, að till. þessi til þál. fer fram á gerbreytingu á skipun landhelgisgæzlunnar. Till. er flutt af þrem ungum lögfræðingum, sem allir eru komnir út af frægum mönnum. Einn er náfrændi Hannesar Hafsteins fyrrv. ráðherra, sem lét mál þessi mjög til sín taka, annar er afkomandi sr. Sigurðar Stefánssonar í Vigur, sem barðist fyrir stofnun landhelgissjóðsins, og sá þriðji er kominn út af þjóðfrægu skáldi. Það er því mjög vel vandað til hv. flm.,

bæði að ætterni og lögfræðilegum undirbúningi. Það er aftur annað mál, að þessir ungu menn hafa ekki haft nein hagnýt skipti af landhelgismálum. Þeir hafa ekki önnur kynni af sjómennsku en að hafa e. t. v. einhvern tíma ferðazt með skipum, og ekki hefur áhugi þeirra á landhelgismálum komið fram í verki, nema í þessari till. og svipuðum till. áður. Og ég get fullyrt, að þessar till. eru óraunhæfar í augum þeirra manna, sem kynnt hafa sér þessi mál á þann hátt, að verði þeim til skilningsauka. Þeir, sem mest kynni hafa af þessum málum, eru sjómenn, og þeir réðu fyrr því, sem bezt var gert. En þessir ungu menn koma úr stofum kaupstaðanna — það mætti kalla þá salherra — og gera till. utan við veruleikann. Till. byrjar á því, að þeir krefjast þess, að landhelgismálin verði í sérstakri deild í dómsmrn. Þetta er furðulegt, því að þar hafa landhelgismálin alltaf verið, þótt framkvæmdavald þessara mála hafi að nokkru leyti verið í öðru ráðuneyti, enda kom í ljós hjá hæstv. utanrrh., að hann teldi eðlilegt, að slík tilfærsla ætti sér stað. Gagnrýni hv. flm. á þessu atriði er því ekki studd af hæstv. utanrrh. Réttarfarshlið þessara mála er og hjá dómsmrh., þannig að þegar varðskip hafa tekið bát fyrir að veiða í landhelgi, þá heyrir sú málsmeðferð eingöngu undir dómsmrh. Ég býst ekki við, að hv. flm. hafi verið þetta ljóst, en dæmi, sem þeir hefðu átt að þekkja, er það, að þegar bátar hafa verið teknir í landhelgi, þá hafa sektir af þeim ekki verið innheimtar undanfarið, af því að þær hafa verið svo geysiháar, eða allt upp í 30 þús. kr., þannig að það virðast ekki skynsamleg lög, sem um þetta gilda. Því hafa dómsmrh., bæði núv. og einn eða fleiri fyrrv., ekki innheimt sektirnar, svo að milljónir króna í ógreiddum sektum voru útistandandi þangað til núv. hæstv. dómsmrh. fór að vinna að því að bjarga þessu máli með því að náða þá menn, er í hlut áttu, og láta þá greiða hlut sektar. Þessi hlið landhelgismálanna hefur algerlega verið hjá dómsmrn., og er þetta gott dæmi um það, að þar hefur æðsta yfirstjórn þeirra mála alltaf verið og er enn. Þar sem nú hv. flm. telja það höfuðatriði, að öll yfirstjórnin fari fram í dómsmrn., þá vil ég benda á, að hér virðist nokkuð hafa hallað á dómsmrn. um dugnað, því að hæstv. utanrrh. hefði fyrir löngu átt að vera búinn að undirbúa breyt. á l. um sektirnar. Hins vegar hefur hæstv. menntmrh. staðið fyrir framkvæmdum í þessum málum, m. a. gengizt fyrir að fá nýtt gæzluskip, og fyrir það ættu hv. flm. að vera þakklátir, því að það er í samræmi við þeirra stefnu að kaupa stór skip og dýr. Ég bendi enn fremur á, að dómsmrh. hefur ekki veitt landhelgisgæzlunni þann stuðning og þá vernd, sem hún á skilið. Fyrir skömmu voru teknir í landhelgi 9 togbátar, og var það gert að mestu fyrir tilstyrk flugvéla, en að nokkru leyti með varðbátum. Þessir bátar, eða eigendur þeirra, voru svo dæmdir, en þá brá svo við, að einn af eigendunum og kannske fleiri fóru í blöðin með ádeilur fullar af meiðyrðum um starfsmenn landhelgisgæzlunnar. Þeim var jafnvel borið meinsæri á brýn. Mér finnst, þegar svona er farið að, að þá eigi ríkisstj. og þá dómsmrn. að taka málið upp og sækja til sektar þá, sem þannig koma fram við starfsmenn landhelgisgæzlunnar. En það var ekki gert, og fleiri dæmi mætti nefna um vanrækslu dómsmrn. við landhelgisgæzluna, og kem ég að því síðar. Því finnst mér það koma úr hörðustu átt, þegar þessir þrír áhugasömu ungu lögfræðingar krefjast þess, að dómsmrn. fái meiri afskipti af þessu máli en eðli þess leyfir. Úr flokki hv. flm. hafa nafnkenndir lögfræðingar farið með þessi mál, svo sem Einar Arnórsson, Pétur heitinn Magnússon og nú síðast Bjarni Benediktsson. Samt sem áður hefur ekki betur til tekizt en svo, að nauðsyn er breytinga á l. um þessi mál. Bendir þetta til þess, að þessir skörungar hafi ekki haft nægilegan áhuga á málinu, og veit ég, að hv. flm. átta sig á því, að með till. sinni eru þeir raunverulega að lýsa vantrausti á hæstv. utanrrh.

Ég vil nú, af því að málið er sótt með mikilli atorku, leyfa mér að gefa yfirlit yfir þann tíma, sem landhelgisgæzlan hefur staðið, með tilliti til þess, hvort rétt sé, að lögfræðingum verði fengin í hendur öll stjórn þessara mála.

Þá er að byrja á byrjuninni, þegar Jón Magnússon var ráðh. og þegar kom að því að framkvæma vilja séra Sigurðar í Vigur, þá var það hann, Jón Magnússon, sem hafði aðalforustuna um byggingu Óðins og rekstur hans. Mér er ekki kunnugt um, til hvaða kunnáttumanna hann hefur leitað, en þegar skipið kom frá Danmörku, þar sem það var smíðað, þá kom í ljós, að það var mjög illa fallið til starfans, sem því var ætlaður. Tilfinnanlegir smíðagallar voru á því, svo að við lá, að því hvolfdi í góðu veðri í mynni Siglufjarðar. Þetta leiddi svo til þess, að Jón Magnússon sendi skipið aftur út til þeirrar smiðju, er byggði það, og hafði hann nú með í ráðum mesta kunnáttumann hér á þessu sviði, Emil Nielsen. Var nú skipið lengt um 13 fet og gert svo úr garði, að það varð sæmilega sjófært. Veit ég, að upphaflega var Emil Nielsen ekki kvaddur til ráða, heldur hafa það sennilega verið einhverjir útlendingar, sem voru ráðgjafar Jóns Magnússonar, eða þá einhverjir sjómenn, sem ekki höfðu næga þekkingu til að bera, því að fyrir utan þennan ótrúlega galla á skipinu, að það var varla eða ekki sjófært — þá var það eftirlíking af litlu herskipi og t. d. mjög eyðslusamt á kol. Það verður því að segja, að framkvæmdin um útvegun Óðins var ákaflega misheppnuð, og átti þó hér hlut að máli einhver slyngasti lögfræðingur, sem hér hefur verið. Hann var t. d. sakir vitsmuna sá af mínum andstæðingum, sem mér hefur þótt erfiðast að fást við. En honum yfirsást í því, að hann mun hafa kvatt sér til ráða útlenda salherra í stað íslenzkra kunnáttumanna. Jón Magnússon dó, þegar skipið var nýsmíðað, og var rekstrarstjórn þess fyrst í stjórnarráðinu, þar sem voru ágætir lögfræðingar, sérstaklega skrifstofustjórinn, en engir, sem æfingu höfðu á sjó, og var rekstur varðskipsins hafður þar í hjáverkum. Til dæmis þótti mér, þegar ég kom í ríkisstj., að ekki væri vel séð fyrir bókhaldinu, og fékk ég málið í hendur kunnáttumönnum.

Hv. þm. Barð. kvaðst fylgjandi till. þrímenninganna, og þótti honum vera mikill kostnaður við landhelgisgæzlustörfin, en það færi á móti

allri reynslu, ef hin nýja deild yrði ekki til að auka kostnaðinn, og það er sannarlega ekki mikið, þótt kostnaðurinn í landi sé þriðjungur af kostnaði eins varðbáts. Hv. þm. Barð. hlýtur því að sjá, að hér er ekki óhæfilega í sakirnar farið, og ekki hefur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Pálmi Loftsson, mikið kaup. Hann hefur ekki nema 10 eða 11 þús. kr. í grunn á ári og er þannig ekki hálfdrættingur á við loftskeytamenn, og laun hans eru einnig aðeins brot af launum skipstjóranna á togurunum.

Kem ég þá að því, sem virðist vera tilgangur hv. flm., en hann er sá að losna við forstöðu Pálma Loftssonar í landhelgismálunum, enda hafa þeir áður flutt till., sem ekki var viðurkennandi um hann. Pálmi Loftsson kom í þjónustu Skipaútgerðarinnar árið 1930 sem yfirmaður landhelgisgæzlunnar og strandsiglinganna. Auk þess hefur hann verið ráðunautur ríkisstj. Aðkoma hans var ekki skemmtileg. Skipaútgerðin átti Óðin til landhelgisgæzlunnar og ekki annað skip en gömlu Esju til strandsiglinga. Það voru því þessi tvö skip, sem Pálmi Loftsson tók við og átti bæði að nota til strandsiglinga og gæzlu. Aðkoman var og óskemmtileg að öðru leyti. Bókhaldið var ófullkomið um Óðin og tekjuhalli á rekstri Esju. Óánægja var meðal fólks út af litlum strandsiglingum og lélegri gæzlu. Hlutverk Pálma Loftssonar var því að byggja þetta hvort tveggja upp og hjálpa auk þess flóabátaútgerðinni. Eitt hans fyrsta verk var að kaupa Súðina, og þótti sumum gott kaup á 110 þús. kr. Hún var að vísu gömul, en hvergi nærri eins gömul og Hæringur nú, og var mikið deilt á Pálma fyrir kaupin, en Súðin er enn við lýði og er nú boðin fyrir um 800 þús. kr., svo að þau kaup hafa blessazt vel, þegar litið er á það, hve lítið hún kostaði, hve mikið hún hefur gert og hvers virði hún er nú. Enn fremur var það fyrir frumkvæði Pálma Loftssonar, að gamla Esja var seld fyrir 400 þús. kr., og mátti kalla það þrekvirki. Fékk hann í staðinn nýju Esju, sem er fyrsta skipið, sem sniðið er eftir þörfum íslenzkra strandsiglinga. Eftir tekjuhallanum á gömlu Esju mætti gera ráð fyrir einnar milljón króna taprekstri á Esju á ári nú. Það var af því, að þetta var kolaskip. En síðan nýja Esja kom, sem Pálmi Loftsson hefur ráðið um kaup á, þá hefur hún yfirleitt unnið fyrir sér sjálf. Það er ákaflega skemmtilegt fyrir þingið að vita það, að á þess vegum hafa verið einstöku sinnum gerðar framkvæmdir, sem hafa orðið til þjóðþrifa, sem ótrúlegt má þykja. Fram að þessu hafði verið tekjuhalli á strandferðaskipunum. En Pálmi Loftsson sýndi fram á, að ef þau væru nógu vel smíðuð og nógu heppileg, þá væri hægt að gera kostnaðinn af rekstri þeirra lítinn eða jafnvel engan umfram tekjurnar. Síðan vita menn, að Pálmi Loftsson hefur staðið fyrir því að kaupa fyrir Alþ. og ríkisstj. og láta byggja þrjú ný skip, Heklu, Skjaldbreið og Herðubreið. Og það er vitað a. m. k., að fólkið er ánægt með þau skip. Og óhætt mun að segja, að aldrei í sögu landsins hafi verið eins miklir möguleikar fyrir góðar strandferðir og einmitt nú, bæði fjárhagslega og að öðru leyti. Ég held, að það sé ekkert á móti því að minnast á það, hvað það þýðir, ef virkilegir kunnáttumenn eru valdir til þess að annast slík mál sem þessi. Og ég vil líka minna á það hins vegar, að þegar verið var að byggja gömlu Esju í ráðherratíð Klemensar Jónssonar, þá var um það deilt, hvort ætti að hafa nokkurt farþegarými á því skipi. Sumir vildu útbúa lestir þannig í skipinu, að það mætti setja í þær kojur, til þess a. m. k. að flytja fólk að sumrinu, en senda hana til Spánar með fisk að vetrinum. En það eru verðleikar Pálma Loftssonar, að hann braut á móti þessari stefnu. Það eru sjálfsagt sumir menn, sem koma á Heklu og Esju, sem segja, að þar sé óþarflega mikið í borið og að þar eigi ekki að vera svo fint fyrir almenning. En það er víst, að þessi skip borga sig betur. — Það má segja, að það sé nokkuð skylt með Emil Nielsen, sem byggði upp allan hinn gamla flota Eimskipafélags Íslands, og Pálma Loftssyni, sem hefur staðið fyrir byggingu strandferðaflotans og að nokkru leyti varðskipanna, að þessir tveir sjómenn, sem voru búnir að læra í skóla lífsins hér á hafinu við Ísland, hafa skilið eftir sig mikið starf og eiga miklar þakkir og viðurkenningu og munu hljóta þær af öllum þeim, sem dómhæfir eru.

Ég kem þá að gæzlumálunum. Þegar ég kom í stjórnarráðið á eftir Jóni Magnússyni og Magnúsi Guðmundssyni, gat ég ekki annað en viðurkennt, að ég var alveg fáfróður um sjómennsku, ekki síður en þeir ágætu lögfræðingar, sem í stjórninni voru. En ég dró af því þá ályktun, að úr því að ég og aðrir í stjórnarráðinu væru ókunnugir sjávarútvegsmálum, væri um að gera að velja til þessa starfa þann mann, sem kunnugur væri sjómennsku og gæti vel staðið fyrir landhelgisgæzlunni. Var þá Pálma Loftssyni fengið að sjá um framkvæmd landhelgisgæzlunnar ásamt útgerðarstjórn ríkisskipanna. En lögfræðilega hlið málsins var hjá skrifstofustjóranum í stjórnarráðinu, Guðmundi Sveinbjörnssyni, eins og mun vera hjá núverandi dómsmrh. Það, sem hafði svo gerzt skömmu áður en Pálmi Loftsson tók við þessum gæzlumálum, var það, að Alþ. hafði samþ. að kaupa annað skip til varðgæzlunnar. Menn voru svo stórhuga, að þeir vildu gera landhelgisgæzluna íslenzka. Mitt hlutverk varð því að fá kunnáttumann til þess að sjá um að byggja nýtt skip. Og árið 1928 var ég ekki í vafa um, að sá eini maður, sem ég gæti snúið mér til um þetta, væri Emil Nielsen. Honum var svo falið að sjá um byggingu Ægis, sem hann gerði án endurgjalds. Ég held, að honum hafi þótt gaman að því að gera þetta fyrir landið. Honum stóð til boða borgun fyrir þetta sitt góða verk, en hann óskaði ekki eftir borgun. Þegar svo þetta skip var komið, var Pálmi Loftsson ráðinn framkvæmdastjóri þessara mála, og eftir það hefur hann að mestöllu leyti haft framkvæmdir í þessum málum.

Árið 1930 kom það til mála, hvort ætti að kaupa þriðja varðskipið. Gamli Þór Vestmanneyinga, sem var nú hafður að nokkru leyti í strandgæzlu, hafði strandað á Húnaflóa. Og þá var spursmálið, hvort það átti að kaupa nýtt skip fyrir hann eða láta annað hvort gæzluskipið taka upp störf við Vestmannaeyjar með annarri gæzlu. Menn voru stórhuga, og meiri

hluti Alþ. samþ. að kaupa nýtt skip. Ég sá fram á, að landið mundi ekki rísa undir þessu, sem og varð. En Alþ. varð að ráða, og Þór var keyptur á rúmlega 100 þús. kr. Það kaup var mikið gagnrýnt, en hann mun hafa verið seldur fyrir þrefalt það verð, sem hann var keyptur fyrir, svo að ekki var skaði á honum að því leyti. En eftir að ég fór úr stjórnarráðinu 1932, kom tveggja ára tímabil, þegar Magnús Guðmundsson, sá ágæti lögfræðingur, hafði alveg með strandgæzluna að gera, og af því er skemmst að segja það, að á því tveggja ára tímabili gerðist ekkert í þeim málum, hvorki illt né gott, og ekkert til vansa. En það kom ekkert fram hjá þessum annars mjög athafnasama lögfræðingi, sem bætti um frá því, sem hafði áður verið hjá Pálma Loftssyni, við daglega stjórn skipanna. En það gerðist að vísu einn hlutur þessi 2 ár og næstu ár á eftir, sem er eftirtektarverður. Þá var komin kreppa í landinu, og fjmrh. hafði engin ráð til þess að hagnýta þrjú skip við strandgæzluna. Og það var ekki af áhugaleysi, heldur getuleysi ríkisins, að Magnús Guðmundsson og eftir hann Hermann Jónasson, sem tók við af honum árið 1934, höfðu ekki önnur ráð en að láta helming flotans liggja í höfn til þess að spara. Á þessum árum var slík kreppa, að dilkarnir seldust á fimm kr. að hausti til. — Með því gátu þeir a. m. k. sparað kol, þó að starfsmenn á skipunum væru á kaupi. Þarna hafði því komið fram ómótmælanlega, að það eru takmörk fyrir því, hvað ríkið getur og vill eyða í landhelgisgæzlu. Það kom í ljós í nokkur ár, að það varð að láta eitt eða fleiri af þessum skipum liggja í höfnum fyrir getuleysi ríkisins. Og þá sá hæstv. Alþingi — sem var ekki flokksmál, heldur allra flokka samþykkt — að það varð að gera á þessu breytingu. Og þáverandi forsrh., núverandi hv. þm. Str., setti nefnd til þess að gera till. um, hvernig fara skyldi að. Og nefndarmenn settust á rökstóla og komust að þeirri niðurstöðu, að það yrði að færa landhelgisgæzluna á alveg nýjan grundvöll og þjóðin hefði ekki efni á því að kosta mikinn skipaflota af stórum skipum til þessarar gæzlu, en að það yrði farsælast að hafa aðallega báta og eitt stórt skip til þessara starfa. Þessar till. þessarar þriggja manna nefndar fengu þær viðtökur hjá þinginu, að það samþ. að selja Óðin úr landi, fyrir því að hann var talsvert dýrari í rekstri en Ægir, og reynsla var fyrir því, að hentara var að hafa vélskip til gæzlunnar heldur en gufuskip. Þetta var ekki sársaukalaust. Ég man eftir því, að íslenzkar konur horfðu með trega upp á það, að Óðinn sigldi með sænsku flaggi hér út úr höfninni. Það var sorg fyrir Íslendinga að verða að selja íslenzkt skip, sem hafði starfað fyrir landið. En vegna fjármálahliðar málsins var þetta gert. Samkv. áliti þremenninganna var ákveðið að byggja nýjan varðbát í staðinn fyrir stóra Óðin, sem er núverandi vélbáturinn Óðinn, sem er búinn að starfa fyrir landið. Pálmi Loftsson lét byggja hann hér á landi. Hann mun vera 70 smálestir að stærð og mun hafa kostað um 100 þús. kr. Þó að það væri einlægur vilji þingsins, að fleiri bátar væru byggðir til gæzlunnar, varð það ekki. Það stóð á peningum. Skipaútgerðin leigði því vélbáta frá einstökum mönnum og hafði venjulega fjóra báta í gangi, og svo Ægi til strandvarnanna, og vopnaði þá. Nú vil ég segja hæstv. Alþ. frá einni hlið þessara mála, þó að hún skipti litlu eftir á, en var þó nokkurs virði á sínum tíma. Þegar byggingarreikningur kom fyrir Óðin, var 60 þús. kr. liður á reikningnum fyrir fallbyssu á skipið og fyrir að setja niður þessa fallbyssu. Þetta þótti nokkuð dýrt. Og þegar farið var að hafa varðbáta til gæzlunnar, þá fannst útgerðarstjóranum ómögulegt fyrir þá að starfa, ef þeir hefðu ekki vopn. Hann skrifaði svo dómsmrn. danska og óskaði eftir að fá keyptar hjá þeim litlar fallbyssur af hæfilegri stærð fyrir bátana. Hann fékk aftur snúðugt bréf frá þeim þar ytra, þar sem sagt var, að tormerki væru á því, að Íslendingar gætu fengið þessa hluti þar. Pálmi Loftsson skrifaði þá aftur og sagði, að ef Danir vildu ekki selja byssurnar, þá gæti hann keypt þær annars staðar. Þá kom skeyti frá þeim dönsku um það, að þeir skyldu selja byssurnar. Þær voru svo settar í bátana, og voru tveir eða þrír menn við það í tvo eða þrjá daga, og það kostaði sama og ekkert. — Þetta sýndi það, hvernig landhelgismálin gátu verið rekin, þegar þau voru orðin íslenzk og Íslendingar tóku að gera sjálfir meira af þessum störfum í sambandi við gæzluna en áður hafði verið. — Það liðu svo nokkur ár, að landhelgisgæzlan var í þessu formi. Ægir varð að liggja á vertíð við Vestmannaeyjar til þess að bjarga bátaflotanum. Varðbátarnir voru víðs vegar kringum landið, a. m. k. á Faxaflóa og Vestfjörðum á þeim tíma og sinntu björgunarmálum um leið og þeir önnuðust strandgæzluna, eins og ég mun sérstaklega koma að.

Ég hef nú hlaupið yfir það, sem var mikið og erfitt mál hér á fyrstu árunum, þegar við vorum að reyna að koma landhelgismálunum í fastar skorður. Spursmálið var þá, hvort togaraflotinn íslenzki að meira eða minna leyti misnotaði dulskeytasendingar frá útgerðarstjórunum, þannig að togurunum væri leiðbeint með þeim skeytum til þess að geta brotið landhelgislögin, án þess að verða teknir. Ágúst Flygenring, mikill maður og duglegur þingmaður og sæmdarmaður, hafði sagt það, kannske í nokkrum hita, en sagt það samt, að það vissu allir, að útgerðarstjórar sumir hverjir stýrðu togurunum með loftskeytum inn í landhelgina. Þetta var þar að auki mál almannarómsins í landinu, svo sem kunnugt er, að svona mundi það vera. Mér fannst það skylda mín, meðan ég hafði umsjón með gæzlunni, að reyna að hindra misnotkun í þessum efnum, þar sem mörg hundruð þús. kr. hafði verið varið til landhelgisgæzlunnar með kostnaði við skipin. Ég bar svo fram frv. um þetta mál, um það að setja dulskeytin undir eftirlit. Um það urðu harðar deilur í þinginu í nokkur ár. Ég var kominn nokkuð nærri því að koma því í gegn. En ævinlega, þegar ég hélt, að ég væri að vinna sigur í þessu máli, bilaði einhver lítill hlekkur einhvers staðar, og málið dagaði uppi. Þarna var auðsjáanlega við ramman reip að draga. Menn sögðu: Þetta er ekki rétt, togurunum er ekki stýrt inn í landhelgina. Og ég fór svo úr stjórnarráðinu, að ég hafði ekki komið fram

þessu máli. Og við Ágúst Flygenring lágum undir því ámæli, að við hefðum í þessu efni á röngu að standa og aðrir, sem höfðu tekið þessa skoðun.

Eftir að Hermann Jónasson hafði tekið við dómsmrh.-störfum, var Pálma Loftssyni falið að nýju að annast framkvæmd landhelgisgæzlumálanna. Og hann taldi líka sína skyldu sem framkvæmdastjóra að reyna, ef hægt væri, að hindra það, ef satt væri, að togurunum væri stýrt með loftskeytum inn í landhelgina til veiða þar. Og bæði gerði hann nokkrar ráðstafanir til þess og svo bárust þar að auki sannanir upp í hendurnar á útgerðarstjórninni. Sumpart fannst lykill að dulmáli í einum útlendum togara, sem Ægir bjargaði, sem sýndi, hverjir það voru hér í landi, sem voru með í þessu. Þar að auki fannst hjá öðrum manni, sem stundaði útgerð, dulmálslykill, sem sýnilega var notaður til þess að stýra togurum inn í landhelgina. Það fengust því alveg fram sannanir fyrir því, að Ágúst Flygenring hafði haft á réttu að standa. Það var svo hafin rannsókn í þessu. Og íslenzkir menn, og það dugandi menn margir, urðu sannir að sök um að reka þessar njósnir, sumpart fyrir íslenzk skip og sumpart fyrir útlend. Eftir það var ekki erfitt að koma málinu um eftirlit með dulmálsskeytum fram á Alþ. Og þetta eftirlit var sett upp í loftskeytastöðinni til þess að hindra það, að þessi misnotkun skeytasendinganna héldi áfram.

Ég hygg, að þegar löggjöf um það var sett, að landið hefði fjóra báta til landhelgisgæzlunnar, þá hafi verið búið að ná því hámarki, sem hægt var að leggja á fólkið í þessum efnum. Þá held ég, að landhelgisgæzlan hafi verið orðin svo fullkomin sem ríkið gæti borið hana og sem þá var hægt að búast við að hægt væri að framkvæma.

Nú vil ég spyrja hv. 1. flm. þessarar þáltill., sem hefur í ræðu og riti mjög vikið köldu að útgerðarstjóranum, Pálma Loftssyni: Er hann viss um það, að það eimi ekki eftir af einhverri beiskju í garð Pálma Loftssonar fyrir það, að hann í embættisnafni og óhjákvæmilega sem starfsmaður landsins varð að gera það, sem hann gerði, er hann var að hindra, að veiðiskipum væri stýrt inn í landhelgina, þannig að Pálmi Loftsson varð sem slíkur embættismaður að leggja fyrir dómstólana þau gögn, sem komu upp í hendurnar á honum, sem varð til þess, að þeir menn voru dæmdir sekir, sem sekir voru? Mig grunar, að enn þá sé nokkur beiskja í mönnum út af því, að það skyldi verða framkvæmd á þessu. Og þetta er hlutur, sem ekki er hægt að þegja um. Og við megum biðja Guð að hjálpa okkur, ef á að fara að ofsækja menn fyrir það að framfylgja réttum landslögum í málefnum, sem hafa stórkostlega alþjóðlega þýðingu. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 31. og 32. fundi í Sþ., 25. og 26. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Jónas Jónsson [Frh.]: Herra forseti. Það er nú nokkuð langt um liðið síðan umr. fóru hér fram um þetta mál, en ég hafði þá ekki lokið grg. minni um það. Þess vegna vil ég minna fyrst á það, að 3 þm., þeir Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason og Gunnar Thoroddsen, fluttu hér till. um stækkun landhelginnar. Í till. þeirra er lagt til, að landhelgisgæzlan verði sett undir dómsmálaráðherra. Og í öðru lagi strandgæzlan, tolleftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Og í þriðja lagi er lagt til, að nægur og fullkominn varðskipastóll verði tryggður við gæzluna. Í fjórða lagi, að strangari kröfur séu settar um starfsmenn við eftirlitið, og loks óska tillögumenn, að fylgt verði fyrri l. um verndarsvæði. Nú hafði ég áður vikið nokkrum orðum að þessum flm. og bent þeim á, hversu lítið erindi þeir ættu til afskipta af þessum málum sökum vanmats á staðreyndum að fenginni reynslu varðandi landhelgisgæzlu hér við land. Ég benti á, að það væri þeim ofraun að ætla sér þá dul að vanvirða þá menn, sem fást við landhelgisgæzluna. Nú ætla ég að ræða þetta mál nokkru frekar, þótt fátt þm. sé í þessari hv. þd., og ég ætla að gleðja till.-menn með því, að þau fáu orð, sem ég segi hér um málið í kvöld, mun ég láta prenta og birta til að kynna fólkinu í landinu meðferð landhelgisgæzlunnar á undanförnum árum. Er slíkt eðlileg ráðstöfun, sökum þess, hve málið er mikilvægt.

Ég hafði áður bent flm. á, að þeim væri ókunnugt um það, að á árunum 1926—30 var búið að koma landhelgisgæzlunni í það horf, sem þeir nú kjósa. Þá voru við gæzlu 2 gufuskip og 1 mótorskip, Ægir frá 1929. En þetta fyrirkomulag reyndist ekki vera nógu sterkt, þannig að þeir Magnús heitinn Guðmundsson og Hermann Jónasson, sem voru yfirmenn þessara mála, Magnús 1932—34, Hermann 1934—42, þeir höfðu ekki nægilegt fjármagn til þess að halda þessum dýru skipum úti og neyddust oft til þess að láta skipin liggja, þannig að stundum var ekki nema eitt skipanna úti á miðunum við gæzlu. Var svo komið, að mjög óvænlega horfði, og leiddi þetta ástand síðar til vandræða, þegar þessu hafði fram undið um nokkur missiri. Kom svo, að mál þetta var tekið til sérstakrar yfirvegunar og rannsóknar. Var skipuð nefnd í málið, og voru nefndarmenn þessir: Pálmi Loftsson forstjóri Skipaútgerðarinnar, Þorsteinn Þorsteinsson í Þórshamri og Kristján Bergsson frá Fiskifélaginu. Þessir þrír menn lögðu mikla vinnu í að leita hinnar réttu lausnar. Niðurstaða rannsókna þeirra var sú, að hið fyrra „plan" væri óframkvæmanlegt. Töldu þeir, að með þessum hætti væri landhelgisgæzlan svo ótrygg, en málið hins vegar svo þýðingarmikið, að taka yrði upp nýja stefnu. Þetta leiddi til þess, að annað varðskipið, Óðinn, var selt til Svíþjóðar með samþykki Alþingis. Í stað gamla Óðins kom svo vélbáturinn Óðinn. Var sú ráðsmennska upphaf þeirrar nýju stefnu að fá ódýrari og hentugri skip til gæzlu en áður hafði verið. Annað atriði er það, að á þessum árum var það staðfest með dómi, að hér á landi starfaði fjölmenn njósnarklíka, sem sendi innlendum og erlendum fiskiskipum dulmálsskeyti og til-

kynnti, hvar varðskipin héldu sig á hverjum tíma. Annar þeirra manna, sem færðu sönnur á þetta og uppgötvuðu dulmálslykilinn, var Pálmi Loftsson. Þessir ungu menn höfðu haft glögga réttlætiskennd og eiga miklar þakkir skilið fyrir að koma upp um glæp, sem var hættulegur afkomu þjóðarinnar. Báðir þessir menn hafa orðið forstöðumenn fyrir landhelgisgæzlunni og hafa óskert helgað sig því ábyrgðarmikla og vandasama starfi. Og nú er meiningin að taka gæzluna úr höndum Pálma, þessa þrautreynda manns, og setja hana undir lögfræðing.

Eftir að búið var að koma í veg fyrir það, að skipin gætu sent dulmálsskeyti sín á milli, þá komu enn ný vandamál til sögunnar. Nýjar veiðiaðferðir voru teknar upp við strendur landsins, og botnvarpan og dragnótin fóru að verða hættuleg veiðarfæri. Nú munu um 150 bátar nota þessa veiðiaðferð. Bátarnir hafa allir talstöðvar og geta því talað hver við annan, eftir því sem þeim sýnist við horfa. Þessi nýtízku tæki í skipunum gerðu það að verkum, að hægðarleikur varð því við komið, að bátarnir tilkynntu sín á milli, hvar varðskipið væri á hverjum tíma, og gátu tilkynnt stefnu þess. Reynslan sýndi brátt, eins og á dögum Magnúsar Guðmundssonar, að stóru varðskipin voru bæði of dýr til þess að halda þeim úti við gæzlu, og þó var annað sízt betra; skipin voru of stór og áberandi. Ef togbátur verður var við varðskipið, þá getur hann sagt frá ferð þess á dulmáli í talstöð sinni, og allur flotinn veit samstundis, hvað er á seyði. Nú hafa þessir 3 flm. farið lítilsvirðingarorðum um gæzluna og talið hana vera lítilfjörlega og til minnkunar fyrir ríkisvaldið. En þessir 3 hv. þm. minnast ekki orði á það, sem reynslan hefur kennt, að það er ekki hægt að halda úti svo stórum og dýrum skipum, sem eru auk þess svo auðþekkjanleg. Að vísu er það fjarskylt að verja mál, sem þeim er ókunnugt hvað snertir veigamestu og þýðingarmestu atriði málsins og leiðir til þess, að vísu óafvitandi, að hjálpa skipum, sem vilja gerast lögbrjótar og toga innan landhelgislínunnar. Nú hefði mátt ætla, að þessir menn hefðu eitthvert hugboð um, hvernig varðskipinu Ægi hefur farnazt við gæzluna samanborið við varðbátinn Óðin. Á sama tíma og Óðinn tekur 29 skip í landhelgi, tekur Ægir 8. Slíkt er ekki að rekja til ódugnaðar Ægis-manna, heldur til þeirra raka, sem ég hef bent á. Hins vegar kemur svo kostnaðarhliðin. Láta mun nærri, að það mætti reka 3 varðbáta af svipaðri stærð og Óðin fyrir þá fjárfúlgu, sem útgerð Ægis kostar. Það er því ekki svo lítið, sem í hefur verið ráðizt, að nú er í smíðum nýtt strandgæzluskip, sem kosta mun 5 millj. kr. Það hlýtur því að skjóta skökku við að fara nú út á þá braut, sem hefur sannazt af fyrri reynslu að sé alófær. Ég býst við, að þessir 3 þm. hafi kynnt sér skýrslu þá, sem gerð var í nýbyggingarráði um hagnýtingu fiskimiðanna við landið. Skýrsla þessi var gerð vegna aukningar togara- og bátaflotans, og niðurstöðutölur þessarar skýrslu eru þær, að ef allur flotinn togi gegndarlaust með vörpu og dragnót, þá sé hætta á því, að fiskimiðin verði nær eyðilögð eftir 5 ár. Þetta álit er rétt nýframkomið, áður en fluttar eru hér till. um að leyfa trollbátunum að athafna sig í landhelginni. Þeim á engin hætta að vera búin, að von sé úr landi þess valds, sem ávallt væri von lögbrjótum þeim, sem seilast mundu til að eyðileggja fiskimið landsins fyrir stundargróða.

Eitt af því, sem flm. segja, er, að það megi nota flugvélar til gæzlunnar. Nú hefur forstjóri Skipaútgerðarinnar haldið sig við smábátaplanið, og auk þess hefur hann herjað fast að fjárveitingarvaldinu til þess að fá því framgengt, að landhelgisgæzlan fengi hentuga flugvél keypta til gæzlunnar. En flm. hafa ekki vitað þetta, að það hefur aðeins staðið á peningunum, en ekki víðsýni og dugnaði Pálma Loftssonar. Það þarf því ekki að sækja neitt nýtt í því efni til þessara hv. þm. Nokkur skip hafa verið tekin úr flugvél, mál höfðað gegn eigendum þeirra, dómur upp kveðinn og þau sektuð. En svo skeður það undraverða. Mál skipanna stöðvast á hærri stöðum. Menn koma til Reykjavíkur og ganga fyrir dómsmrh. með harmakvein sín og biðjast vægðar. Er svo komið fyrir útgerðinni, að dómsmrn. hefur ekki séð sér fært að innheimta landhelgissektirnar, og mun landhelgissjóður nú eiga útistandandi um 1 millj. kr. í vangoldnum sektum. Ástæðan er sú, að sektirnar hafa verið of þungar, of háar. Það hefði því legið nær að flytja frv. um að breyta sektunum og lækka þær en að koma með þetta.

Er líða fór á síðustu styrjöld, fór Pálmi Loftsson að hreyfa því við yfirmenn sína, að fleiri báta þyrfti við gæzluna sökum hinna mörgu nýju troll- og togbáta. Var ágengni skipa orðin mjög mikil í landhelginni. Vestfirðingar kvörtuðu sáran og sögðu, að ef trollbátur væri í landhelgi eina nótt að veiðum, þá væri fiskurinn farinn. Fólk þar vestra hefur sterkar tilfinningar fyrir þessu og vill hafa trygga gæzlu. Nú hafði Pálmi fyrirmæli um það frá Alþingi að hafa einn bát til gæzlu við Vestfirði, en sá bátur, sem gat verið aflögu til þessa, var í lamasessi. Verið var að breyta Sæbjörgu, og átti hún að sinna gæzlu og vörzlu við Faxaflóa, er landhelgisgæzlan tók hana á leigu. Vestfirðingar brugðu nú skjótt við og lögðu fram 300 þús. kr. til smíða á varðbát, sem starfa skyldi undan Vestfjörðum. Ekkert sýnir betur stórhug og einurð þessa fátæka fólks en þessi ráðsmennska. Nú taldi Pálmi Loftsson æskilegt, að bætt yrði við 3 bátum, auk Vestfjarðabátsins, þannig að 5 bátar yrðu ávallt við gæzlu, en 6. báturinn yrði til vara til björgunarstarfa, eða ef eitthvert hinna varðskipanna yrði óvirkt um stundarsakir. Þá var dómsmrh. núverandi þm. Ísaf., sem nú situr hér í forsetastóli. Á þeim rökum, sem Pálmi hafði borið fram, samþykkti hann, að keyptir skyldu 3 bátar. Það tókst, og voru keyptir 3 hraðbátar, sem gátu gengið helmingi hraðar en venjuleg skip, höfðu vandaða vél og allan frágang. Ég get eins sagt frá því, að sams konar varðbáta nota Englendingar, Danir og Norðmenn. En hvergi munu þeir þó nauðsynlegri en hjá okkur vegna togbátaflotans, sem mjög oft freistast til að toga í landhelgi og miklu frekar en stærri skip.

Á milli heimsstríðanna voru oft teknir hér þýzkir togarar í landhelgi. Þeir sögðust freistast til þess að toga í landhelgi vegna þess, að þeir væru svo litlir og ættu þar af leiðandi erfitt með að sækja út, en úr því að það er svo mikil freisting fyrir litla togara, þá er augljóst, að enn meiri freisting er það fyrir litla togbáta. Það má líka benda á, að eitt sinn voru 10 bátar og í annað skipti 6 bátar teknir í landhelgi af flugvél, og má af því ráða, hvernig vinnubrögðin eru. Það vita allir, að þessir hröðu bátar kostuðu lítið, og mun verð þeirra allra hafa verið ¼ minna en síðasta viðgerð á Sæbjörgu, og þó reiknað Sæbjörgu í vil.

Þegar forstjóri Skipaútgerðarinnar hafði valið gæzlubátana og komið var með þá heim, sagði duglegur og gáfaður formaður, sem ég þekki vel, að þegar þessir bátar væru við landhelgisgæzlu hér á flóanum, mundi enginn þora að veiða í landhelgi. Þeir voru líka fljótlega gerðir landrækir. Menn mynduðu samtök til að lýsa því, hversu illa þeir væru byggðir, og hrópuðu um, að þetta væru manndrápstæki, og svo langt gekk, að Skipaútgerðin ætlaði varla að fá leyfi til að prófa þá. En loks þegar leyfið fékkst, voru menn með litla kunnáttu í strandgæzlu látnir reyna skipin, og þeir dæmdu þau léleg. Það hafði nefnilega verið hafin rógsherferð gegn þessum bátum, og þessir kunnáttumenn, sem áttu að vera, en voru það auðvitað ekki, prófuðu skipin og héldu, að þeir gætu sett brezka aðmíralitetið í skammarkrókinn. Þessir menn þóttust geta dæmt varðbáta, sem Bretar hafa notað til gæzlu, ónothæfa. Afleiðingin af þessu varð svo sú, að bátunum var siglt til Englands aftur, og voru þeir ekki nema 36 st. á leiðinni, en Bretarnir, sem eru kurteisir, tóku við skipunum aftur og gáfu kost á að við fengjum önnur skip. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að þeir hafi brosað á bak við að þeim dómi, sem íslenzku fagmennirnir kváðu upp yfir varðbátunum. Áður en ég hætti að tala um þessa hlið málsins, vil ég minna á smáatvik, sem sýnir hina raunhæfu reynslu á hvítu bátunum. Einu sinni skrapp einn bátanna til Öndverðaness og kom þar að einum duglegasta togaraskipstjóra landsins, þar sem hann var í rólegheitum að toga í landhelgi, og má telja víst, að hann hefði ekki verið þar, nema af því að eftir venju var hann fullkomlega öruggur fyrir landhelgisgæzlunni, en vitanlega batnaði ekki tilfinning útgerðarmannanna gagnvart hvítu bátunum við þetta.

Ég ætla nú að fara ofurlítinn krók til baka í þessu máli og byrja í því sambandi á ummælum þm. Barð., þar sem hann heldur því fram, að úthaldið á þessum varðbátum hafi verið dýrt, en það mun hafa verið um 700 þús. kr. Þetta er misskilningur hjá hv. þm., því að þessir bátar höfðu verið hér á flakki um það bil hálft ár og með sýnilega góðum árangri, og má af því sjá, að þessi litla tilraun hefur verið miklu frekar gróði fyrir landið. En hinu mun ég nú koma betur að, hvort mikill gróði hefur verið að störfum þeirra kunnáttumanna, sem ég þykist vita að þessi hv. þm. og flm. beri traust til. Ég gat um það áðan, að Sæbjörg annaðist gæzlu á flóanum, þegar hún væri í lagi, en það er nú því miður allt of sjaldan. En það er einmitt saga þessa skips, sem gefur dálítið sýnishorn af störfum þeirra miklu kunnáttumanna okkar, sem töldu sig hafa betri hæfileika til að dæma um varðbátana en sérfræðingar elztu og æfðustu siglingaþjóðar veraldarinnar. Konur við Faxaflóa hófu fyrir alllöngu söfnun á fé í þeim tilgangi að fá björgunarskip við flóann. Konurnar færðu þarna miklar fórnir fyrir gott málefni og tókst því á tiltölulega skömmum tíma að afla álitlegs sjóðs. Þegar því var lokið, leituðu þær til kunnáttumannanna, og þeir brugðu við og gerðu teikningu af björgunarskipi, sem svo var byggt eftir erlendis. Þegar skipið svo kom til landsins, var efnt til mikils fagnaðar á Hótel Borg, og voru fluttar þar margar og heitar skálaræður, og meðal annars sagði þar einn vinur útvegsins, að þessi skúta ætti alltaf að vera sjálfstæð, en ekki hvíla á ríkissjóði. Þegar nú farið var að reyna þessa skútu, var ýmislegt að henni. Hún hafði verið byggð með 5 tonna blýkjöl, því að það átti að sigla henni, en hins vegar hafði vélin verið höfð fremur afllítil. Þá var stýrishúsið svo lágt, að þeir, sem stýra áttu, sáu illa fram fyrir sig. Þegar nú átti að fara að bjarga á skútunni, þá var of hvasst til þess að sigla henni og vélin of afllítil til að knýja hana áfram. Skipið var því strax dauðadæmt, nema því væri breytt. Og nú var hafin viðgerð. Fyrst var blýkjölurinn tekinn og ný aflmeiri vél sett í skipið og eitthvað fleira klastrað við það, en eftir þetta rak hver viðgerðin aðra, og mun sú síðasta hafa kostað um 1200 þús. En nú áttu konurnar ekki nema 400 þús., og var því skútan komin á ríkið, bæði hvað viðgerðir og rekstur snerti.

En sagan er ekki búin enn, því að nú töldu þessir ágætu fagmenn, sem telja sig færari en sérfræðinga brezka aðmíralitetsins, að yfirbygging Sæbjargar væri of þung, og afréðu, að nú skyldi sett á skipið yfirbygging úr léttum málmi, og meðal annarra sérfræðinga, sem voru við þetta verk, var einn sendur út til þess að taka við skipinu eftir þessa aðgerð, og það gerði hann í góðri trú, en svo illa tókst til, að þessi nýja yfirbygging lak, og nú fengust engir menn á skipið, svo að enn varð að taka skipið úr umferð. Er áætlað, að aðgerðin kosti um 200 þús., og þar sem búið var að taka yfirbygginguna út eftir aðgerðina, er alveg óvíst, að nokkur endurgreiðsla fáist á þessum kostnaði.

Ég vil ekki aðeins láta þessa þrjá ungu flm. þessa frv. vita um þetta, heldur alla Íslendinga, svo að þeir geti borið saman þessa yfirlætisfullu sjóþekkingu mannanna, sem stóðu að byggingu og breytingum á Sæbjörgu, og fordæminguna á hraðbátunum, sem ég hef áður talað um. Það er líka rétt að gleðja flm. með því, að það tókst ekki öllu betur til með fyrsta gufuskipið, Óðin gamla. Jón heitinn Magnússon hefur án efa fengið kunnáttumenn til að sjá um byggingu þessa skips, en þannig tókst samt til, að skipað var næstum ósjófært, þegar það kom, og munaði mjóu, að því hvolfdi í mynni Siglufjarðar í einni af fyrstu ferðunum þar inn. Síðan mátti senda skipið til viðgerðar, og var það þá meðal annars lengt, en þetta var auðvitað nokkurt áfall fyrir hina yfirlætisfullu sér-

kunnáttumenn, sem höfðu umsjón með byggingu skipsins. Já, svona tókst nú til þá, og þó býst ég ekki við að oft verði í dómsmrh.-sæti öllu gleggri maður en Jón heitinn Magnússon var, þó að hann væri andstæðingur minn. — Þetta vildi ég benda flm. á.

Það er eitt atvik í sambandi við Óðin gamla, sem er fróðlegt að bera saman við hvítu bátana. Það var nefnilega sett mikil fallbyssa á skipið, en það kostaði hvorki meira né minna en 60 þús. kr. að koma henni fyrir á skipinu.

Eftir að varðbátarnir komu til landsins, kom fljótt í ljós, að þeir þurftu að vera vopnaðir, og var því farið fram á við Dani, að þeir útveguðu byssur á skipin, en það gekk illa þangað til að þeim var sagt, að það væri auðvelt að fá þær annars staðar. Þá kom svar um hæl, að þeir hefðu mikla ánægju af að geta aðstoðað í þessu. Síðan voru þessar byssur settar á bátana og það kostaði 2—3 dagsverk íslenzkra vélvirkja. Mér hefur þótt rétt að láta þetta koma fram svo að þessir 3 ungu lögfræðingar, sem standa að þessu frv., viti það, og sömuleiðis vil ég láta þá vita, að enda þótt hvítu bátarnir hafi verið hraktir úr landi, þá mun dómur landsmanna síðar verða þeim hliðhollur, enda sýndi reynslan, að þeir áttu það skilið. Hitt var ofur skiljanlegt, að bátaeigendurnir, sem vanizt höfðu á að láta fiska í landhelgi, gerðu sitt til að gera þá útlæga.

Ég vil nú snúa mér að því síðasta, sem gerzt hefur í þessu máli, og byrja þá þar, sem frá var horfið, þegar ríkisstj. skilaði varðbátunum aftur. Stjórnin vildi ekki gefast upp við svo búið, en Pálmi Loftsson vildi ekki fara aftur, og voru þá fengnir aðrir menn til fararinnar, en þeir fundu enga heppilega varðbáta fyrir okkur í öllum brezka flotanum, svo sennilegt sem það var nú. Það sat því við sama og áður en varðbátarnir komu; Ægir annaðist strandgæzluna ásamt hægfara íslenzkum bátum, eins og bátaeigendur og togaraeigendur höfðu óskað. En nú er hér komið fram frv. um að láta nú byggja stórskip til landhelgisgæzlu, þar sem áhöfnin séu aðallega borðalagðir yfirmenn og miklir veizlumenn. Við höfðum ekki ólíkt fyrirkomulag, þegar dönsku varðskipin voru hér við gæzlu, því að þar voru yfirmenn allir í skrautklæðum og þóttu veizlumenn góðir. En hafi flm. þessa frv. þetta fyrirkomulag til fyrirmyndar, þá vil ég benda þeim á, að þessi dönsku varðskip tóku ekkert skip í landhelgi síðustu 4 árin, og má af því ráða, hvernig gæzlan hefur verið, en hins vegar héldu þeir margar og dýrar veizlur. Sannleikurinn í þessum málum er sá, að vanþekkingin er svo mikil, að lélegustu varðskipunum er hrósað, en ef einhver skip koma, sem gagn er í, þá hefja útgerðarmenn herferð gegn þeim og þau eru gerð útlæg.

Það hefur líka komið fram í þessum umr., að hinum ungu áhugamönnum, sem að frv. standa, þættu bátarnir ekki nógu fínir. Þeir hafa gert gys að því, að ekki skuli vera eins mikil þægindi í þeim og stórum herskipum. Hins vegar virðast þeir ekki hafa gert sér ljóst, hvað slíkt kostar. Það er enginn vafi á því, ef taka á till. þessara ungu áhugamanna bókstaflega og hafa hér sex stórskip við landhelgisgæzlu, þá mun það ekki kosta minna en 14 millj. kr. á ári. Ég gæti nú trúað, að flokksbróðir þeirra félaga, sem till. flytja, form. fjvn., mundi segja nokkur orð áður en hann samþ. slíkt framlag á fjárlögum.

Það væri ef til vill rétt að taka í þessu sambandi smákrók varðandi fjárhag ríkisins, þó að form. fjvn. geti auðvitað gefið betri upplýsingar um hann heldur en ég. Dæmið, sem ég ætlaði að taka, er í sambandi við fjárhagsafkomu ríkisins undanfarin 3—4 ár. Hér situr í forsæti þessarar samkomu hv. þm. A-Húnv. Hann hefur, eins og margir þm., ýmis áhugamál. Nokkur undanfarin ár hefur hann sótt á að fá brúaða á eina í sínu kjördæmi, sem slítur Norðurlandsþjóðveginn. Þetta fljót er ekki nema 50 metra breitt. En fjárhagur ríkisins — þess ríkis, sem á að geta varið 14 millj. kr. til strandgæzlu, er ekki betri en það, að forseti Sþ., einn af helztu áhrifamönnum í stærsta flokknum, getur ekki fengið þessa 50 metra löngu brú, nema sé aurað saman í hana á 4—5 þingum, svona sem svarar 10 metrum á ári. Hins vegar sjáum við svo hinn dæmalausa stórhug þessara ungu áhugamanna um landhelgisgæzluna, og óska ég þeim til hamingju, þegar þeir fara að kosta sitt stóra skip. En til þess þarf að koma einhver eyðslusamari maður til að stýra fjvn., því að mig grunar, að erfitt sé að herja út úr núverandi formanni 14 milljónir til þessa hlutar. En ég hef tekið þetta dæmi um brúna til að sýna hina dæmalausu fáfræði þeirra, sem standa að þessu máli, á öllum sviðum og hvar sem litið er á. Það er eins og mennirnir viti ekkert um ástand þess ríkissjóðs, sem þeir eiga að varðveita og ráða fyrir. Og sigur þessara gæzlumanna landhelginnar verður þá sá, að þeir hafa fengið það fram, að í stað margra varðbáta, sem gæzluna stunda, verður stórt skip smíðað fyrir 5 milljónir úti í Danmörk, og kostar síðan, eftir því sem mannahald er á slíkum skipum, 2 millj. og 200 þús. kr. í árlegum rekstri. Og það er alveg sama, hvað vel þessu skipi verður stjórnað; það vita um það allir bátar gegnum sínar ágætu talvélar. En þetta skip útrýmir í rekstrinum þremur bátum. Það er þannig kastað teningnum með byggingu hins nýja skips, að það verða tvö skip með 4 milljóna rekstrarkostnað ofan á þetta nýja skip. En svo kemur að því, að menn heimta báta allt í kringum landið. Sjómennirnir segja: Það er gott fyrir ykkur fínu mennina að hafa fín skip, menn í fallegum einkennisbúningum, en við viljum báta, sem gæta landhelginnar. Mér verður hugsað til sjómannsins á Eyjafirði, sem hafði einn á báti í sumar um 85 þús. kr. í sinn hlut. Og þó að ekki séu margir slíkir, þá hefur bátafiskurinn verið það mikill kringum landið, að fiskimönnunum er ekki sama, þó að togbátarnir sópi landhelgina. Þá munu sjómennirnir gera þessa fínu eyðslumenn í landhelgismálunum ábyrga, þegar óláníð hefur skeð, þegar stórskipin hvíla þungt á ríkissjóði og anna verr gæzlunni en bátarnir.

Ég ætla þá að víkja fáeinum orðum að vissum hlutum í till. þeirra þremenninganna, sem ég hef ekki talað um áður. Fyrst er það, að stofnuð sé sérstök deild í dómsmrn. undir yfirstjórn dómsmrh. Nú er að vísu ekki þannig skipað fyrir, að dómsmrh. hafi yfirstj. gæzlunnar. En oftast hefur dómsmrh. haft þetta með höndum,

og núverandi dómsmrh. tók það fram, að hann teldi ekkert til fyrirstöðu að haga þessu eins og það er. En að öðru leyti er öll æðsta yfirstjórn réttarfarslega í dómsmrn., eins og sést á málinu um bátasektirnar.

Þá segja flm. í 2. lið, að þeir vilji, að landhelgisgæzlan hafi líka á hendi tollgæzlu og heilbrigðisgæzlu. Það verður mjög fróðlegt að sjá, hvernig því verður fyrir komið, þegar þessu stóra nýja skipi verður stýrt inn á Akranes eða Sand eða Ólafsvík til þess að hjálpa til að opna pakkapóstinn frá útlöndum og líta í hann! Það sem minnzt er á eftirlit með útbúnaði og athöfnum erlendra skipa, þá hefur það alltaf verið framkvæmt, en stundum ekki fengið nægan stuðning í dómsmrn.

Viðvíkjandi 3. lið, um fullkominn nýtízku varðskipastól, mætti e. t. v. veita flm. ofurlitla viðbótarfræðslu um fjárhag ríkisins í dag. Þrátt fyrir bezta vilja ríkisstj. hefur ekki verið hægt að standa við fyrstu afborgun þessa skips erlendis fyrir peningaleysi landsins. Mér finnst, að fátæktin hafi alveg nægilega snemma komið til skjalanna til að sýna þessum áhugamönnum, hvar við stöndum nú.

Þá kemur merkilegasti kaflinn í þessari till., með leyfi hæstv. forseta: „Að strangar kröfur séu gerðar um mannaval, menntun og hæfileika þeirra skipstjórnarmanna, áhafna og annarra aðila, sem starfa að löggæzlunni í landhelgi og á öðrum löggæzlusvæðum um landið, enda sé vandað til aðstöðu þeirra og aðbúnaðar í samræmi við þau þýðingarmiklu störf, er þeir gegna.“ Auðséð er, að úr því að þetta er tekið fram, þykir því nú áfátt. En ætli það vaki ekki fyrir, að þessi störf fái einhverjir drengir, sem hafa orðið lautinantar annaðhvort í Danmörku eða öðru góðu landi, sem séu einkennisbúnir og hafi verið með einkennisbúnum mönnum, þó að þeir hafi aldrei verið á sjó, það gerir miklu minna. Þá eru fínu íbúðirnar. Það hefur verið gert allt, sem hægt er, til þess að skapa óánægju hjá þeim mönnum, sem eru á skipunum. Það hefur jafnvel í blaðagreinum verið reynt að sýna fram á, hvað illa færi um þá í þessum litlu bátum, en þeir búa við svipuð kjör og sjómenn á okkar eigin fiskibátum. Maður getur nokkurn veginn sagt sér sjálfur, eftir þessari röksemdafærslu, að það sé meiningin með þessu að fá yfir skipin sérstaka deild í dómsmrn., að yfir henni sé lögfræðingur eða lautinant. Lögfræðingar geta verið ágætir til sinna hluta, en þeir kunna kannske lítið til sjómennsku. Og reynsla er fyrir því, að menn geta komizt gegnum lautinantaskóla og komizt í einkennisbúning, en verið lítt færir um að fást við sjóinn kringum Ísland. En þetta heyrir saman: Yfirlætið, grunnfærnin og þekkingarleysið hjá þeim þremenningunum og þeim öðrum, sem eru með þessu máli. Það er stefnt að því að fá sjómannakunnáttuna burt.

Þá kemur 5. liður um að samræma landhelgisgæzluna björgunarstarfsemi og bátaeftirliti við strendur landsins, hafrannsóknum og sjómælingum. Ég minnist ummæla hv. þm. Borgf. í ræðu á móti till., sem Sveinn í Firði bar fram árið 1923. Hann benti á það sem áhugasamur sjómaður, að ef varðskip er að björgunarstarfi, mundu allir vita um það og gætu farið í landhelgi. Þess vegna þarf að hafa eitthvað af varðbátum til að skjóta á flot, þegar varðskip væru önnum kafin við annað og geta ekki framkvæmt gæzluna. Þessi liður þremenninganna er þess vegna hrein fjarstæða. Það er ekki hægt að láta þessi fáu skip, sem landið kann að eignast, vera nógu víða til að gæta bátanna. Og ef þau eiga að gera enn þá meira, leiðir af sjálfu sér, að þau geta iðulega lítið sinnt gæzlunni.

Þá er talað um að skora á ríkisstj. að fylgja fast fram löggjöf síðasta Alþ., sem heimilar stj. að ákveða verndarsvæði hvar sem er við strendur landsins innan takmarka landgrunnsins. Samt er réttilega tekið fram í grg., að það verði að fara varlega í sakirnar, því að það verði að virða gerða samninga. Þessi löggjöf, sem vitnað er til, er nákvæmlega í samræmi við þann hluta till., sem snýr að einkennisbúningunum og lautinöntunum. Ég hygg, að ekki hafi verið gerð öllu þýðingarminni 1. og broslegri en þessi löggjöf í fyrra. Íslendingar eiga sjálfir að segja til um, hvað landgrunn og landhelgi nær langt út, eiga eins og þau stóru veldi að slá vernd sinni yfir. Samt taka þessir menn það fram til öryggis, að þetta verði þó að vera samkv. alþjóðalögum. Nú vita allir, að þessu er þannig háttað, að þjóð eins og Englendingar viðurkenna hjá sér 3 mílna takmörkin og heimta það alls staðar annars staðar. Það eru tvö lönd, sem eru svo stór og sterk, að þau fara sinna ferða í þessu efni, og hafa Rússar nú sett 12 mílna landhelgi í Eystrasalti, til lítillar ánægju fyrir Dani og Svía. En hvað geta þeir sagt? Það dettur engum sænskum eða dönskum fiskiduggum í hug að fara inn fyrir landhelgislínuna. Og mér skilst Bandaríkjamenn hafi slegið á stórri landhelgi. En Englendingar, sem mestan flota hafa, þeir segja: Við bindum okkur við 3 mílna landhelgi og viðurkennum hana hjá öðrum. Norðmenn hafa viljað stækka sína landhelgi lítið eitt, en hafa ekki fengið aðra til að viðurkenna það. Og það, sem er helzta ráð þeirra Norðmanna, er mér sagt af sjófróðum mönnum, er að setja eins konar steinsteypt ígulker á botninn við takmörkin á 4 mílna svæðinu, svo að menn þori þess vegna ekki að veiða þar. Með þessu hefur þeim tekizt að fæla eitthvað frá sér ágang. En Englendingar hafa verið svo varasamir í þessu, að þegar þeir töldu nauðsynlegt að friða, eftir því sem þeir gátu, firði í Skotlandi, friðuðu þeir fyrir sjálfum sér. En af því að Englendingar eru stórveldi, hafa þeir getað haldið útlendum skipum frá með öðrum ráðum. Ef t. d. okkar togarar færu að veiða þar, mundu Englendingar ekkert segja. En þegar togararnir kæmu til Englands, yrði kannske kominn hár tollur á íslenzkan fisk úr Morayfirði. Við erum ófærir til að hræða aðra frá landhelginni og ófærir til þess að koma málinu fyrir á sama hátt og Englendingar. Og við getum verið alveg vissir um það, að það hefur mikið vatn runnið úr mörgum ám í haf út áður en við höfum fengið landhelgi okkar stækkaða, — og sérstaklega ekki á þann viðvaningslega hátt, sem fyrir mönnum vakir. En það er samt rétt að segja frá því, hvað Pálma Loftssyni hefur tekizt án lögfræðinga og lautinanta. Pálmi hefur beitt sér fyrir því, — og

Slysavarnafélagið hefur auðvitað gert sitt til, — að okkar skip séu vel á verði að hjálpa útlendum skipum, og hér er margt af enskum togurum. Þannig hafa Englendingar játað, að landhelgisgæzla okkar er ekki aðeins til að elta skipin, heldur líka til að bjarga. Það var heppilegt fátækra manna ráð, sem var framkvæmt með Ægi og við Sveinn í Firði lögðum til árið 1923. Það hafa tekizt mikil kynni milli Íslendinga í landhelgisgæzlunni og Breta. Og þeir hafa treyst okkar gæzlu eins og okkar hæstarétti. Og það hefur svo hafzt upp úr þessari kynningu, að Pálma Loftssyni tókst að fá allan enska togaraflotann til þess að fara ekki — í vetur sem leið að minnsta kosti — inn á mjög stórt svæði vestanvert við Vestmannaeyjar. Hann lét búa til kort af þessu svæði, sem Englendingar tóku við. Jafnvel fóru þau til Hollendinga. Þetta er eins og stendur sá rétti máti til að fá verndað landhelgina. Þetta er byggt á þekkingu. En hins vegar verður öllum mönnum brosað að löggjöfinni um landgrunnið.

Af því að nokkuð er áliðið kvöldsins, vil ég aðeins að síðustu ræða eitt atriði enn þá við þessa þrjá flm. Það er það, sem mætti kannske kalla höfðingsskapinn í gæzlunni. Þeir bera mikið fyrir brjósti, að nóg sé af lögfræðingum og lautinöntum, og þykir skipin ekki nógu stór, o. s. frv. Þeir vilja láta bera meira á okkur, finnst við vera of kotungslegir. Ég hef áður ýtarlega skýrt frá, hvers vegna við höfðum Óðin og Sæbjörgu og fleiri skip, og þarf þess ekki frekar. En um þessa flm. stendur svo á, að einn er borgarstjóri í Reykjavík, annar er einn af áhrifamönnum í bæjarstjórn Reykjavíkur og þriðji maðurinn er, að ég hygg, æðsti maðurinn í bæjarstj. Ísafjarðar og mikill vinur hinna tveggja. Nú skyldi maður halda, að borgarstjóranum og hans ágætu samherjum, sem hafa áhyggjur af því, að Íslendingar skuli láta það viðgangast að hafa 80 tonna báta til landhelgisgæzlunnar, — maður skyldi halda, að borgarstjóranum væri það ljóst, að það þarf víðar að sýna rausn en á þessu sviði. Meðal annars er það, að eitt af því, sem hver höfuðborg telur að máli skipti, eru virðuleg húsakynni fyrir borgarstjórn, og það svo, að af beri. Við vitum flestir, sem hér erum, að nábúaþjóðir okkar hafa lagt í þetta mikla vinnu og tilkostnað. Það má segja, að sú mest áberandi höll í Kaupmannahöfn sé ráðhúsið, skrifstofur borgarstjórnar og borgarstjóra og veizlusalir, þar sem borgin tekur á móti gestum, sem hún vill sýna sóma. Hjá frændum vorum Svíum er svo mikilfengleg höll og stórmannleg, að frægt er um allan hnöttinn og þykir bera vott um hámenningu Svía. Svo er rausnin mikil í fundarsölum og veizlusölum. Eitthvað svipað í stórum dráttum vakir fyrir þremenningunum um það, sem þeir vilja láta gerast á varðskipunum. Höfuðborg Norðmanna er ekki eftirbátur. Þeir, sem koma til Osló, sjá eitt hús, sem ber mjög mikið af öllum öðrum að stærð og tign. Það er ráðhúsið. En hvernig stendur á því, að þessir tveir menntuðu menn í bæjarstjórn eru svo bundnir háttum fyrirrennara sinna, að algerlega fer fram hjá þeim, hver er skylda Reykjavíkur í þessu efni? Það er skemmst af að segja, að bæjarstjórn Reykjavíkur á ekkert hús, ekki heldur neinn stað til að bjóða gestum. Bæjarstj. leigir fyrir sínar skrifstofur og borgarstjóra í einu apóteki. Og hún hefur margar deildir út um allt í bænum. En fundarsal handa sér velur bæjarstjórnin uppi á sjötta lofti í húsi einu, og er þar enginn gluggi á vegg, en mjög álappalegir þakgluggar. Í þessum líka sal kemur hin virðulega bæjarstjórn höfuðstaðarins saman. Engin nefndaherbergi eru þar til. Þetta er aumasti fundastaður í öllum bænum að öllum aðbúnaði og útliti. Það er líkast því í raun og veru — án þess að maður vilji fornerma hina ágætu bæjarstjórn — að þennan stað mundi klókur þjófur helzt nota til þess að fela þýfi þar, sem sízt væri manna von. Ef borin eru saman þessi húsakynni, ráðhúsið í Stokkhólmi og fundarsalurinn í Eimskipafélagshúsinu, þá eru þar ýtrustu andstæðurnar. Annars vegar það fínasta, hins vegar það aumasta og lélegasta, það sem mest sjálfsfyrirlitning liggur í.

Það væri vonandi, að þessir ungu flm. sæju frumhlaup sitt viðvíkjandi þessu frv., sem heimta stór og fín skip í stað 80 tonna báta. Þeir ættu að athuga sinn fundastað og hugleiða, hvar þar er þeirra tign gagnvart sjálfum sér.

Ég vil þakka þeim tilheyrendum, sem hafa sýnt þá þolinmæði að vera við í kvöld. En jafnframt fullyrði ég, að þetta mál verðskuldar þeirra þolinmæði, því að hér er að ræða um eitthvert okkar stærsta mál. Meira en helmingur þjóðarinnar lifir á sjávarútvegi. Reykjavík með sinn öra vöxt verður að lifa á sjávarútvegi. Bæði stærri og minni staðir verða að lifa á sjávarútvegi. En það er víst, að ekki verða mörg ár þangað til álíka lítið verður af fiski hér eins og við Færeyjar, ef ekki verður að gert eða rétt stefnt í landhelgismálunum. Ef sú leið verður tekin að níða niður dugandi menn við gæzluna, fá stór skip, sem hin seku veiðiskip geta vitað vel um, svo að þau geta lifað og leikið sér, þá mun koma að því fyrr en varir, að Reykjavík hefur lítið til að lifa af. Þá hafa íslenzkir ráðamenn með ótrúlegri skammsýni og heimsku kippt fótum undan öðrum aðalatvinnuvegi landsins. Þetta er stefna þeirra, sem hafa staðið að því að flæma hraðbátana burt. Þetta er stefna þeirra, sem standa að þeirri till., sem ég nú hef mótmælt.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

5. Réttindi Íslendinga á Grœnlandi.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um réttindi Íslendinga á Grœnlandi [48. mál] (A. 62).

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Með tilliti til þess, að ég reifaði þetta mál allrækilega á síðasta Alþ., þykir mér ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um þessa þáltill. nú. Ég vil aðeins benda á það, að í þeirri grg., sem fylgdi þáltill. af minni hálfu þá, og í þeirri allýtarlegu ræðu, sem ég flutti þá með málinu, voru færð sterk rök að því, að Íslendingar ættu kröfu til þess réttar, sem farið er fram á, að gengið sé eftir á Grænlandi. Í því sambandi voru færð fram álit ýmissa merkra manna, sem þar um hafa fjallað bæði fyrr og síðar. En sem sagt, eins og ég tók fram í upphafi, skal ég ekki ræða á þessu stigi frekar um þá hlið málsins.

Það hefur nú komið fram hér hjá okkur Íslendingum, sem höfum nú komið upp hjá okkur myndarlegum og góðum skipastól, að við höfum hvergi nærri getað haft þau not af þessum skipastól sem efni stóðu til. Þetta stafar af því, að undanfarin fjögur ár hefur verið allmikill aflabrestur á síldveiðum, en meginhluti bátaflotans hefur verið bundinn við þær veiðar yfir sumartímann. Auk þess hefur allmikill aflabrestur verið á þorskveiðum á þessu tímabili. Hefur því ekki verið hægt að nota bátaflotann eins og æskilegt og nauðsynlegt hefði verið. Og nú er svo komið fyrir útveginum, að hann er ákaflega aðþrengdur fjárhagslega og engin líkindi til þess, að þeir, sem að honum standa, geti þolað að taka á móti áframhaldandi aflaleysi. Þess vegna verður, ef svo bæri að höndum, — sem maður náttúrlega veit ekki um, — að við yrðum að búa við það ástand hér við land, að svo og svo mikill hluti bátaflotans stöðvaðist eða yrði óvirkur eða lítið virkur í því starfi, sem honum er ætlað að hafa með höndum, að gera einhverjar ráðstafanir til þess að afla flotanum viðara starfssviðs. Við uppbyggingu flotans hafa Íslendingar verið það fyrirhyggjusamir, að þeir geta nú sótt um langan veg til fiskveiða. En á þeim sama tíma, þegar svo tregur afli hefur verið hjá okkur sem raun ber vitni, og um leið og fiskveiðaflotinn er stóraukinn, þá berast fréttir frá Grænlandi um uppgripaafla þar. Veiðar við Grænland á s. l. sumri hafa verið miklu meiri og fljótteknari en þekkzt hefur í mestu aflaárum hér, og hafa þó Íslandsmið lengi fram eftir verið talin þau fiskauðugustu, enda höfum við fyrr á árum búið við mikil afköst og uppgrip í þessum efnum.

Það verður sjálfsagt miklum erfiðleikum bundið að hagnýta þessi auðugu fiskimið við Grænland án þess, að skipunum sé tryggð nokkur aðstaða í landi. En eins og kunnugt er, hafa verið og eru í dag stjórnarhættir Dana í Grænlandi þannig, að þar er öllum bannað að koma við slíkri aðstöðu í landi sem nauðsynleg væri fyrir íslenzka bátaflotann. Og þar sem sakir standa nú svo, að Íslendingar telja sig eiga rétt til atvinnurekstrar og yfirráða á Grænlandi og þörfin virðist vera mjög brýn meðal annars fyrir bátaflotann, þá virðist alveg sjálfsagt, að ekki sé lengur látið bíða að fá úr því skorið, hvort réttur Íslendinga til atvinnurekstrar og yfirráða á Grænlandi fái staðizt eða ekki, og til þess er ákaflega einföld leið, með því að leggja slíkt mál undir alþjóðadómstól, sem gerir þá út um þá hluti. Íslendingar hafa í sambandi við skilnaðinn við Dani geymt sér allan rétt í þessu efni. Þeir gerðu t. d. fyrirvara þegar deila stóð milli Norðmanna og Dana um landsvæði á Austur-Grænlandi, og þá gerðu Íslendingar fyrirvara, og stóð sá vitri maður, Jón Þorláksson, fyrir því hér á Alþ., að svo væri gert, og Íslendingar geymdu allan sinn rétt í sambandi við Grænland til þess að tryggja rétt Íslendinga þar í framtíðinni. Nú er verið að gera upp skuldaskil milli Íslendinga og Dana, og einn þáttur í þeim skuldaskilum er vitanlega það, sem hér er um að ræða. Það fer þess vegna allt saman í þessu efni. Og það er ekki rétt að fresta því lengur, að frá því verði gengið, enda rekur knýjandi þörf Íslendinga þar á eftir, að íslenzka skipaflotanum sé opnuð ný og nauðsynleg aðstaða við strendur Grænlands vegna fiskveiða þar.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en ég vil aðeins geta þess, að á síðasta Alþ. varð þetta mál fyrir þeirri óvenjulegu meðferð, að sú n., sem málinu hafði verið vísað til, hv. utanrmn., sem fékk þó rúman tíma til þess að athuga málið, skilaði ekki áliti um málið. Þegar ég svo seint á þingi krafði n. um það, hvernig á þessu stæði, kom fram hjá varaformanni n., hv. þm. Str., sá leiði misskilningur, að eiginlega væri ekki kallaður saman fundur í n. nema eftir till. ríkisstj. og auk þess hefði aðalformaður n., hv. þm. G-K., verið veikur um langt skeið og ekki tekið þátt í nefndarstörfum. Ég eyddi að sjálfsögðu þessum misskilningi hjá hv. varaformanni n., því að starf utanrmn. er tvíþætt. Það er n., sem starfar utan þings og vinnur að málum með ríkisstj., nm. þar eru nokkurs konar fulltrúar Alþ. um ýmis vandamál, sem koma fyrir á milli þinga, en auk þess er ráð fyrir því gert, að þessi n. starfi, þegar þing situr, og þá eins og aðrar n. þingsins, þannig að til hennar er vísað málum, sem fram eru borin í þinginu og eiga að fá þar alveg hliðstæða meðferð og önnur mál, sem vísað er til annarra n. þingsins.

Af því að ég geri að sjálfsögðu till. um, að þessu máli verði vísað til hv. utanrmn., því að samkvæmt eðli málsins á það þar heima, þá vænti ég þess, að afgreiðsla þess í n. þurfi ekki að stranda á þessum misskilningi aftur og n. afgr. málið frá sér sem allra fyrst. — Ég vil svo mjög mælast til þess að þessi till. verði samþ. og reynt verði að fá úr þessu máli skorið sem allra fyrst.

Það er ekki nema eðlilegt, að opnazt hafi augu þeirra manna, sem fyrst og fremst bera hita og

þunga dagsins af útvegsmálunum hér á landi, fyrir þeirri nauðsyn, að Íslendingar geti stundað fiskveiðar við Grænland. Ýmsar þær stofnanir, sem fara með málefni þeirrar stéttar, hafa gert margar samþ., sem hníga að því að hrinda þessu máli áfram. Get ég í því sambandi nefnt fiskiþingið, þing Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem oftar en einu sinni hefur gert slíkar yfirlýsingar, og landsfundur útvegsmanna hefur nýlega einróma samþ. till. með mjög svipuðu orðalagi og þá till., sem hér liggur nú fyrir til umr.

Ég geri svo að minni till., að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. utanrmn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við umr. um þetta mál í fyrra gerði ég grein fyrir því, að því miður væri réttarstaða í þessu efni ekki eins augljós okkur í hag eins og hv. þm. Borgf. og sumir aðrir hefðu viljað vera láta. Ég rakti það nokkuð, að fræðilegur grundvöllur undir ýmsum þeim fullyrðingum, sem fram hafa komið um þetta efni, mundi ekki vera fyrir hendi. Og í ræðum þeirra manna, sem mest hafa um þetta mál talað, eru svo fjarstæðukenndar fullyrðingar, að því fer fjarri, að þær séu á borð berandi fyrir nokkurn dómstól. Með þessu er ég engan veginn að segja, að Íslendingar eigi þarna engan rétt, þótt hann þá hljóti að verða rökstuddur með öðrum hætti en fram hefur komið af hendi þeirra manna, sem mest hafa um þetta rætt og ritað. Ég gat þess í orðum mínum í fyrra, að ég væri ekki að kveða upp neinn dóm í þessum efnum, heldur aðeins vekja athygli á því, sem ég taldi skyldu mína að minna hv. þm. á, að því færi mjög fjarri, að við gætum fyrir fram fullyrt, að við ættum þarna þennan rétt, sem ekki væri annað en að ganga eftir, og að það sé bara af aumingjaskap okkar, að þessi réttur hafi ekki verið heimtaður í okkar hendur, vegna þess að yfirvöldin hafi verið svo tómlát í þessu efni nú um langa hríð sem raun ber vitni, vegna þess að þau hafi skort sannfæringu um þann rétt, sem hv. þm. Borgf. telur okkur eiga.

Ég hélt fram í fyrra, að áður en frekar væri aðhafzt í þessu máli yrði fræðileg rannsókn, rækilegri en enn hefur átt sér stað, að fara fram. Ég ætlaði mér að reyna að hafa þau áhrif á meðferð utanrmn., ef málið hefði þar verið fyrir tekið, að því yrði beint inn á slíka rannsóknarbraut. Eins og hv. þm. Borgf. drap á, þá tók utanrmn. málið annaðhvort alls ekki fyrir eða þá mjög lauslega, þannig að ekki varð gagn að meðferð málsins þar. En þó að utanrmn. léti málið ekki til sín taka, þá efndi ég til þess í utanrmn., að hafin væri fræðileg rannsókn á þeim gögnum, sem fyrir hendi eru um þetta mál, og hefur sérfræðingur utanrrn. í alþjóðarétti unnið að þeirri rannsókn í sumar, að vísu samfara mörgum öðrum störfum, svo að hann hefur ekki haft til þess þann tíma, sem æskilegt væri. En eftir því sem verki hans miðaði áfram, urðum við sammála um, að það væri ekki rétt, að einn maður ætti að taka á sig að kveða upp fræðilegan dóm í þessu efni, dóm, sem ætla mætti, að yrði notaður sem undirstaða í meðferð málsins í framtíðinni, annaðhvort undirstaða þess, að réttarkröfur yrðu gerðar á þann veg, sem hv. þm. Borgf. hefur svo skeleggalega mælt fyrir nú á þessu þingi og áður fyrr, eða að þær leiddu til þess, að þær margorðu kröfur, sem komið hafa um, að gengið yrði eftir þessum rétti okkar, frá ýmsum félagasamtökum undanfarið, yrðu látnar niður falla, þegar rannsókn hefði leitt í ljós, að þessi réttur væri ekki fyrir hendi. Hvor niðurstaðan, sem yrði á rannsókninni, sem ég segi ekkert um fyrir fram og vil ekki hafa nein áhrif á, þá töldum við það of mikinn ábyrgðarhluta, að einn maður, þó að mjög fær sé, taki að sér rannsókn, sem efnt er til í svo þýðingarmiklum tilgangi sem þessum. Af þessum orsökum hef ég fyrir nokkru skrifað lagadeild Háskóla Íslands svo hljóðandi bréf með leyfi hæstv. forseta:

„Í utanríkisráðuneytinu hefur undanfarið farið fram rannsókn á því, hvort Ísland muni eiga réttarkröfur til Grænlands.

Áður en afstaða er tekin til málsins, virðist rétt, að fyrir liggi sameiginlegt álit þriggja manna, er tilnefndir séu af utanríkisráðuneytinu, hæstarétti og lagadeild Háskóla Íslands í því skyni, enda hafi enginn þeirra látið í ljós álit sitt á málinu opinberlega. Ég vil því hér með fara þess á leit, að lagadeild Háskóla Íslands tilnefni einn af prófessorum lagadeildarinnar til að taka sæti í nefnd þessari.

Hæstarétti hefur í dag verið ritað bréf um tilnefning af hans hálfu í nefnd þessa."

Samhljóða bréf þessu, að breyttu breytanda, var einnig sent hæstarétti. Ætlunin var af minni hálfu, að í n. væri skipaður sérfræðingur utanrrn. í þjóðarétti, einn af prófessorum háskólans og einn af dómurum hæstaréttar. En þess vegna tók ég fram, að ég óskaði eftir, að þeir, sem tilnefndir yrðu í n., hefðu ekki áður látið uppi opinberlega álit sitt um þetta efni, að tveir hinir fremstu lögfræðingar okkar, Ólafur Lárusson og Einar Arnórsson, hafa látið uppi álit sitt og hlotið fyrir það litlar þakkir, heldur miklar ádeilur og í sumum tilfellum hvatvísleg brigzlyrði, og ég taldi ekki rétt, að þessir menn, sem þannig hafa að ástæðulausu verið dregnir inn í deilur manna, ættu að dæma um þessi mál, sem þeir þegar hafa samið álitsgerð um. Ég vildi fá álit frá fræðilega hæfum mönnum, sem ekki hefðu áður blandað sér í mál þetta. Ég hef fyrir nokkru fengið bréf frá lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hún segist hafa orðið við þessum tilmælum mínum og skipað Ólaf Jóhannesson í þessa n., en hann er sem kunnugt er prófessor í ríkisrétti, sem er ein af þeim fræðigreinum, sem hér kemur mjög til álita, og er þess vegna gott, að sérfræðingur í þeim efnum skipi þessa n. Hins vegar hefur hæstiréttur ekki enn svarað málaleitun minni, og hef ég hugboð um, að dómararnir telji, að hér sé um svo mikið starf að ræða, að þeir kinoki sér við að taka það að sér, en ég vona engu að síður, að einhver þeirra fáist til þessa starfs, því að vissulega er það mikilsvert, að einhver úr æðsta dómstóli Íslands leggi hönd á plóginn í þessu efni. Ég vona því, að hæstiréttur skipi einn af dómurum sínum til þessa verks. Í versta tilfelli yrði að veita þeim dómara frí frá störfum um sinn, vegna þess, að ég veit, að þingheimur muni vera mér

sammála um, að hér sé svo mikilsvert mál að ganga úr skugga um, að ekki beri að horfa í nokkurn kostnað, til þess að undirstaða undir þann dóm, sem við verðum sjálfir fyrst að kveða upp í huga okkar, áður en lengra er farið, verði eins örugg og frekast má verða.

Ég legg áherzlu á það, að með aðgerðum mínum hef ég ekki tekið nokkra afstöðu til efnishliðar málsins, heldur hef ég reynt með rannsókn þeirri, er ég lét fara fram á málinu í ráðuneytinu á s. l. sumri, og síðan með þessari nefndarskipun að stuðla að því, að rannsókn á þessu máli gæti átt sér stað í ljósi þeirrar þekkingar, sem bezt yrði fengin, og að það yrði sem vandlegast undirbyggt af okkar hálfu, þannig að ég vonast til, að hv. þm. Borgf., þó að hann sæki þetta mál af miklu kappi, skilji, að ég hef ekki gert þetta til að leggja stein í götu málsins, heldur til þess, að það fái þá fræðilegu athugun, sem okkur er óhjákvæmileg, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um, hvað frekar skuli gert í málinu, vegna þess að ég mundi beinlínis bregðast minni skyldu, ef ég segði ekki þingheimi frá því, að grundvöllurinn í þeim svokölluðu fræðiritum, sem enn hafa verið samin um þetta efni til styrktar því, að við ættum að gera þessar kröfur, er ekki frambærilegur að fara með í málinu fyrir alþjóðadómstól. Ég vonast til þess, að sú fræðilega athugun, sem nú hefur verið efnt til, verði til þess, að málstaðurinn verði sterkari, en það haggar ekki því, að eins og nú standa sakir, stöndum við á of veikum ísi til þess, að við getum farið út í málaferli, eða a. m. k. vil ég ekki bera ábyrgð á því.

Flm. (Pétur Ottesen): Þegar við ræddum um þetta mál á síðasta þingi, hæstv. utanrrh. og ég, þá tók hann það fram, að hann vildi ekki gera upp á milli þeirra skoðana, sem hér hafa komið fram um rétt Íslendinga eða réttleysi í þessu efni. Ég gat þó ekki varizt því, að mér fannst hæstv. dómsmrh. þá ekki halda til fulls þessa yfirlýsingu sína, þar sem hann vildi þá, að því er virtist, leggja meira upp úr áliti annars aðilans en hins, og þess verður heldur ekki vart, að slíkt komi enn fram hjá hæstv. ráðh., þó að hann hafi máske nú ekki talað eins berlega í þá átt og hann gerði á síðasta þingi.

Ég vil gersamlega mótmæla því, að allt tal þeirra manna, sem hafa viljað rökstyðja rétt Íslendinga í þessu efni, hafi verið fjarstæðukennt, því að ég veit, ef hæstv. dómsmrh. vildi kynna sér þau rök, sem Jón Þorláksson flutti fyrir þessu máli hér á þingi 1931, þá mundi hann sjá, að Jón Þorláksson hefur ekki verið þar með fjarstæðukenndar fullyrðingar frekar en í málflutningi sínum yfirleitt, því að af þeim mönnum, sem ég hef heyrt rökræða mál, var Jón Þorláksson einhver allra málefnalegasti maður í öllum sínum ræðum og sérstaklega laus við fullyrðingar út í loftið eða það, sem hæstv. dómsmrh. vill innibinda í orðinu fjarstæðukenndar fullyrðingar. Hér hafa líka átt hlut að máli miklir erlendir fræðimenn á þessu sviði, svo sem Ragnar Lundborg, og það væri sannarlega ekki vel til fallið að bera það á hann, að hann væri með slíkar fullyrðingar, og litlar þakkir væru það honum til handa fyrir það lið, sem hann veitti okkur, þegar við stóðum sem harðast í okkar sjálfstæðisbaráttu, því að hann var góður liðsmaður Íslendinga þar, og hans liðsemd var okkur engan veginn einskis virði í þeirri baráttu. Það má vera, að hæstv. ráðh. hafi sérstaklega beint þessum orðum sínum gegn öðrum manni, Jóni Dúasyni, sem hefur gert það að lífsstarfi sínu, sem er eingöngu byggt á áhuga, trú og sannfæringu á þeim rétti, sem við höfum í þessu máli, að eitthvað í hans löngu ritgerðum sé þannig, að nota megi þessi orð um það, því að það er vitað, að ýmis hugtök í fornu máli, sem fólu í sér rétt og réttarviðurkenningu, þykja alleinkennileg nú. Ég man eftir því, að það barst inn í umr. í fyrra, að dr. Jón Dúason hefði notað orðið „sjónhelgi", en hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr því og jafnvel draga dár að því með því að heimfæra það upp á ýmis fyrirbæri nú. En þrátt fyrir þetta var með þessum hætti helgaður eignarréttur í fornöld, þó að það samþýðist illa núverandi hugmyndum manna á því sama sviði. Og ef það er eitthvað af þessu, sem hæstv. ráðh. finnur sem ástæðu fyrir því að kalla það fjarstæðukenndan rökstuðning Jóns Dúasonar, þá er ekki mikið upp úr því leggjandi. Ég efast ekki um, að ef það verður notað réttilega, eins og vænta má, að gert verði, þá hefur dr. Jón Dúason með sínu mikla starfi lagt upp í hendur þeirra manna, sem flytja þetta mál af hálfu Íslendinga, merkileg gögn, sem handhægara er að eiga í ritum Jóns Dúasonar en að eiga að leita þau uppi í söfnum víðs vegar á Norðurlöndum og víðar, eins og Jón hefur gert. Þess vegna ber engan veginn að vanmeta hans starf, og það er ómaklegt vanþakklæti fyrir hans mikilsverða starf, ef Íslendingar kynnu að hagnýta sér það, að vera með slíkar hnútur í hans garð. Hitt er svo annað mál, að menn geta lagt misjafnlega mikið upp úr þessu og hinu, og það er hverjum manni frjálst að hafa sína skoðun á því.

Hæstv. dómsmrh. segir, að tveir lagaprófessorar, sem hafa ritað um þetta mál, hafi orðið fyrir ómaklegum árásum fyrir sína skoðun á málinu. Í þeim málflutningi, sem ég hef haft, hef ég ekki vikið einu öfugu orði að þessum mönnum fyrir þeirra skoðun, en ég verð að segja það, að ef þessir menn hefðu athugað þær aðvaranir, sem Jón Þorláksson beindi að tveimur þm. hér á þingi 1931, að þeir skyldu ekki setja hér fram ummæli, sem andstæðingar okkar gætu kannske lagt meira upp úr en þeir sjálfir ætluðust til, að það hefði verið vel þess vert af þessum lagaprófessorum, að þeir hefðu athugað það, þegar þeir, án þess að nokkurt tilefni gæfist til, voru þannig að kveða upp úr um skoðun sína í þessu þýðingarmikla máli íslenzku þjóðarinnar, þó að vitað væri, að á þeim tíma stóð það engan veginn eins ljóst, hvað okkur er þýðingarmikið að eiga þennan rétt á Grænlandi, eins og nú er.

Hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, að hann hafi gert till. um skipun n. til að rannsaka þessi mál. En ég verð að segja það, að nokkuð seint virðist mér hann hafa verið á ferðinni með þetta, þar sem þetta mál lá fyrir síðasta þingi og hefur áður komið til kasta Alþingis, að hann skyldi ekki bregða fyrr við, úr því að hann taldi, að nauðsynlegt væri að skipa slíka n., og

verður hann að hafa um það sína skoðun, eins og eðlilegt er, að það nefndarstarf skuli ekki vera komið lengra en þetta, að n. er þó ekki fullskipuð enn, því að annar aðilinn, sem hæstv. dómsmrh. hefur snúið sér til, hefur ekki enn, eftir því sem hann segir, gefið um það fyrirheit eða tilkynningu, að hann taki að sér þetta starf. Ég fyrir mitt leyti tel engan veginn nauðsynlegt að skipa slíka n. Það hefði leitt af sjálfu sér, að þeir menn, sem falið hefði verið að fara með þetta mál fyrir alþjóðadómstól, hefðu fengið þann tíma, sem þeir hefðu talið sér nauðsynlegan til að gagnprófa þetta mál og undirbúa sókn þess af hálfu Íslendinga. Það hefði ég talið vera þá eðlilegu lausn þessa máls. Ég efast ekki um, að niðurstöður þessarar n. verða jákvæðar, en þó að það kynni að snúast á hinn veginn, þá er málið þar með engan veginn niður kveðið fyrir því, því að ég veit það, að uppi verða meðal Íslendinga raddir og kröfur um að fá úr þessu máli skorið með eðlilegum hætti fyrir alþjóðadómstóli, og með öðrum hætti verða þessar raddir aldrei þaggaðar niður, þó að fram komi til viðbótar gagnstætt álit tveggja eða þriggja einstakra manna og að með þeim hætti einum eigi að ráða örlögum þessa máls. En sem sagt, ég tel ekki, að þessi nefndarskipun hafi verið að neinu leyti nauðsynleg, heldur hefði verið eðlilegast, ef þingið hefði samþ. þessa till., að fela ríkisstj. sókn þessa máls, þá hefðu verið ráðnir til þess hinir færustu menn, sem við eigum völ á, og þeim gefinn nægur tími til að búa sig undir sókn þessa máls.

Það er óþarft að ræða þetta mál, eins og það liggur fyrir nú. Ég vænti þess, að n. afgr. málið í tæka tíð og Alþingi gefist kostur á að segja álit sitt um það, og lengra kemst ég vitanlega ekki í sókn þessa máls á þessu stigi..

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. Borgf. vildi láta svo vera, sem ég hefði verið að kasta hnútum að ákveðnum manni í þessu efni. Því fer fjarri, að ég hafi gert það. Ég viðurkenni fúslega, að hann hafi unnið þar mikið og óeigingjarnt starf og öðlazt þar bjargfasta sannfæringu. Hitt er annað mál, eins og hv. þm. Borgf. tók fram, að það verður hver að leggja sjálfstæðan dóm á það, sem þar kemur fram, og ég hygg, að það verði aldrei ofmælt, þó að auðvitað beri að meta að verðleikum þá fádæma elju, sem lýsir sér í öllum þeim ritstörfum og þá einnig hefur fengið verðlaun af hálfu Alþingis með fleira en einu móti, þá held ég, að sá maður verði vandfundinn, sem vildi leggja þau gögn ómelt fram sem sóknarskjöl af hálfu Íslands fyrir alþjóðadómstól í þessu efni. Ég trúi því a. m. k. vart, að nokkur alþm. mundi fást til að greiða atkv. með því, en það kom opinberlega fram í ræðu hv. þm. Borgf., að hann taldi eðlilegt, að einhverjir færir menn yrðu kvaddir til að semja um þetta sóknarskjal, ef hans till. yrði samþ. Munurinn á okkar afstöðu er því í rauninni eingöngu sá, að báðir eru sammála um, að kveðja þurfi til færa menn í þessu efni til þess að semja um þetta álitsgerð, en hv. þm. Borgf. vill því aðeins fara eftir þeirra áliti, að þeir verði honum sammála, ella vill hann hafa álit þeirra að engu. Ég tel aftur á móti, að það sé eðlilegt fyrir þingheim að fá að sjá álitsgerð þessara hæfu manna, áður en tekin er ákvörðun um, hvort málinu skuli skotið til alþjóðadómstóls eða ekki, og að því hefur verið reynt að vinna með mínum afskiptum af málinu.

Það má vel til sanns vegar færast, að ég hefði getað skipað þessa n. fyrr, ég skal ekki mæla mig undan þeim ásökunum. Ég hefði getað gert þessa till. undir eins, þegar ég tók við núverandi stöðu minni. Hitt veit hv. þm. Borgf. vel, að ég lagði fyrir sérfræðing utanrrn. í alþjóðarétti strax á síðasta vetri að hefja rannsókn í þessu efni. Hann veit líka, að sá maður er mjög störfum hlaðinn, og ég held, að hann hljóti líka að viðurkenna, að það hafi verið eðlileg ráðstöfun að kveðja fleiri menn til, svo að það lenti ekki á einum manni að kveða upp fræðilegan dóm af hálfu Íslendinga um þetta efni, dóm, sem við vonum, að geti orðið undirstaða til frekari aðgerða í þessu máli. En þó að það hafi nú dregizt að kveðja þessa n. til starfa, fer því fjarri, að tíminn frá því í fyrra hafi farið til ónýtis, þar sem sérfræðingar hafa á þessum tíma reynt að kynna sér þau gögn, sem fyrir liggja. Ef ég er ámælisverður fyrir að hafa stofnað til þessarar rannsóknar, held ég, að aðrir hljóti að vera ásökunarverðir, þar sem þetta er fyrsta tilraunin, sem gerð hefur verið til þess að reyna að fá einhverja hlutlausa álitsgerð af okkar hálfu, af hálfu fleiri en eins manns, þannig að sérfræðingarnar geti borið ráð sín saman og reynt að bæta hver annan upp.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég heyri, að dómsmrh. ætlast ekki til, að neitt sé gert í þessu máli fyrr en fyrir liggur álit þessarar nefndar, og vildi ég spyrja ráðh., þó að hann eigi máske erfitt með að svara: Eru líkur til þess, að það álit geti legið það snemma fyrir, að Alþ. geti afgr. málið frá sér? Dómsmrh. segir Alþ. náttúrlega ekkert fyrir um þetta, en eðlilegt væri, að samstarf tækist milli ráðh. og Alþ. um þetta mál. Ég vil því spyrja hann: Eru líkur til þess, að þetta álit geti legið það snemma fyrir, að Alþ. geti á grundvelli þess tekið ákvarðanir um málið, áður en setu þess er lokið nú á þessum vetri?

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Þessu get ég alls ekki svarað þegar af þeirri ástæðu, að mér hefur ekki tekizt að fá n. skipaða, vegna þess að hæstiréttur hefur talið, að hér sé um svo mikið starf að ræða, að dómarar vilji hliðra sér hjá að taka sæti í n. af þeim sökum. Hv. þm. Borgf. óttast, að slík athugun mundi tefja málið. En verði þessi till. samþ., yrðu menn svipaðir þessum fengnir til þess að undirbúa sókn í málinu, eða að minnsta kosti skildi ég hann svo áðan. Ég vildi þess vegna spyrja hv. þm., hvað ætti að gera, ef þessir fróðu menn, eftir að vera búnir að rannsaka sóknargrundvöll í þessu máli, legðu til við stj. að falla frá sókn, vegna þess að ekki væri fræðilegur grundvöllur undir henni. Ég á bágt með að trúa því, að jafnvel hv. þm. Borgf., þó að hann héldi því fram, að stj. væri stætt á því að fara í mál, mundi hvetja til þess eins og áður, eftir að slíkar ráðleggingar væru komnar fram frá hinum fróðu mönnum. Vitanlega mundi stj. þá aftur bera þetta undir Al-

þingi og spyrja það, hvort ætti að fara í málið þrátt fyrir þetta, svo að ég get ekki séð annað en hvernig sem á málið verður litið, verði endanlegar ákvarðanir um það — hvort sem farið verður eftir óskum hv. þm. Borgf. eða ekki — að bíða þar til sú fræðilega umsögn liggur hér fyrir. Og ég verð að segja, að ef fræðileg umsögn yrði á þá leið, að við hefðum nokkrar líkur til þess að vinna slíkt mál, jafnvel þó að einhver vafi léki á, mundi ég leggja til, að í slíkt mál væri farið, og stuðla að því með atbeina mínum, ef ég ætti sæti í ríkisstj., á sama hátt og ég mundi telja það úr, ef t. d. fræðimenn teldu einróma öruggt, að við ættum ekki neinn rétt. Ég held þess vegna, að það sé óhjákvæmilegt, að Alþ. bíði eftir því, að sú fræðilega athugun eigi sér stað, sem ég er búinn að hrinda á stað, vegna þess að það liggur ljóst fyrir, að sú athugun mun ekki seinka framkvæmd málsins nokkurn skapaðan hlut.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég bjóst nú raunar við því, að ráðh. ætti ekki erfitt með að svara, þó að ég varpaði fram þessari spurningu. Gerði ég það raunar frekar til þess að skyggnast inn í málið en ég gæti búizt við því, að hann gæti birt nokkurn árangur, þar sem hann er ekki fyrr á ferðinni með þessa nefndarskipun en það, að hann er ekki einu sinni búinn að fá svar frá einum aðilanum, sem hann óskaði, að tæki þátt í þessu starfi. Eftir gangi þessa máls má búast við því, að orðið geti nokkuð langur aðdragandi að því, að slíkt álit liggi fyrir, og þá sérstaklega þar sem ráðh. hefur valið til þess að taka þátt í þessu starfi einn aðila, sem þegar hefur látið í ljós, að þeim mönnum, sem hann hefur yfir að ráða, muni ekki vinnast tími til þátttöku í starfinu, þannig að það er ekki einu sinni víst, að álit liggi fyrir frá þessari n., þegar þing kemur saman næst. Nú liggur fyrir að gera upp sakir við Dani, bæði í sambandi við fjárskipti og annað, og þarf þá líka að hafa hliðsjón af því í sambandi við gang þessa máls, að þar sé ekki stefnt í óefni eða tvísýnu í sambandi við þá uppgerð eða framgang þeirra mála, svo að það er margt, sem kallar hér að, þar sem ekkert hefur verið að gert í þessu máli þrátt fyrir allar aðvaranir um, að þetta geti orðið dálítið varhugavert fyrir Íslendinga, að ég ekki ræði um þá nauðsyn, sem vafalaust getur orðið fyrir Íslendinga á næsta sumri, að bátaflotinn geti fengið aðstöðu til veiða við Grænland. Vildi ég á það benda, að ef fyrir lægi álit frá þessum mönnum, segjum á næsta sumri eða næsta vori, og niðurstöður þeirra yrðu jákvæðar, þannig að þeir teldu, að byggja mætti á þeim málssókn, finnst mér mjög varhugavert að bíða eftir því, að þing komi saman á næsta hausti eða næsta vetri, og það síður ástæða til þess, þar sem Alþ. hefur kjörið menn í nefnd með ríkisstj. til þess að ráða gerðum sínum um þau mál, sem er utanrmn. Þess vegna finnst mér, að vel hefði verið hægt að ganga frá þessari þáltill. á þessu þingi á þeim grundvelli að vísa þá til þess, að ríkisstj. og utanrmn. tækju ákvarðanir í málinu, til þess að hraða framgangi þess, ef það lægi fyrir á þeim grundvelli. Og ef nauðsynlegt er, mætti umorða till. þannig, að Alþ. feli þá utanrmn. og ríkisstj. framhald málsins. — Ég vildi aðeins skjóta þessu fram hér með tilliti til þess, að ég er sannfærður um, að það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að komast sem allra fyrst til botns í þessu máli, því að eftir því sem nú horfir, verður svo og svo mikill hluti af bátaflotanum að komast á Grænlandsmið, ef hann á ekki að stöðvast algerlega, enda mikils að vænta, ef aflabrögð verða eins mikil þar og að undanförnu. Þetta er þá vitanlega til athugunar, ef till. fer í utanrmn., að breyta orðalagi hennar í samræmi við það, sem ég hef tekið hér fram.

ATKVGR.
Umr. frestað og till. vísað til utanrmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Vinnufataefni o. fl.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um að fela ríkisstj. að hlutast til um, að nægilegt efni í vinnuföt, vinnuvettlinga og hlífðarföt verði flutt til landsins [50. mál] (A. 66).

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20., 21., 23., 25. og 34. fundi í Sþ., 23. og 24. nóv., 2. og 8. des., 31. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Alllangur tími er nú liðinn síðan þessari till. var útbýtt, en það var 3. nóv. 1948. Ég sé ekki ástæðu til að sakast um, að málið er svo seint tekið fyrir. Till. hefur gildi fyrir það, en engu að síður missir hún að nokkru leyti marks, sem ég mun síðar koma að.

Það er upphaf þessa máls, að þegar skömmtunarkerfið var upp tekið, láðist að taka upp sérstaka úthlutun til vinnandi manna, sem sjáanlegt var, að þyrftu frekar en aðrir að halda á vinnufötum og skjólfötum í sínu starfi. Af þessari ástæðu og fleirum var flutt þáltill. um sérstaka skömmtun á vinnufötum og vinnuskóm. Sú till. náði ekki fram að ganga, en hafði þá raunhæfu þýðingu, að skömmu á eftir var tekin upp sérstök skömmtun á þessum vörutegundum. Og skömmtun sú, sem gert var ráð fyrir, má segja, að hefði verið að mestu fullnægjandi, ef nægilegt af vinnufötum og vinnuskóm hefði verið fyrir hendi. En á s. l. hausti var ástandið orðið á þann veg, að verkamenn í Reykjavík og

Hafnarfirði og öðrum nálægum stöðum gátu ekki fengið nauðsynleg vinnuföt til síns starfs. Menn urðu að vinna jafnvel í venjulegum jakkafötum. Ég veit ekki vel, hvernig ástandið úti á landinu var. En fyrir liggja nokkrar góðar upplýsingar, sem gefnar voru í umr. í Ed. Einn þm. úr sveitakjördæmi, hv. þm. Barð., lét svo um mælt, að hrúgazt hefðu hjá sér bréf utan af landi, sem full væru af kveinstöfum yfir því, að fólk geti ekki fengið nægan skófatnað og vinnuföt. Á einum stað verða bræður að skiptast á verkamannafatnaði til þess að geta gengið til verka, og bóndinn verður að liggja í rúminu, til þess að hinir karlmennirnir geti farið út til vinnu. Sumum fannst þessi hv. þm. hafa tekið of fast til orða, en hann svaraði á þessa leið: Ég get staðfest, að ég hef fengið bréf, sem skýrir frá því, að bóndinn verði að liggja í rúminu meðan bræðurnir vinna við útistörf. — Ef svona er ástandið í sveitum landsins, þá er það verra en hér í kaupstöðunum, það skal ég viðurkenna, þó að slæmt sé. Við flm. höfum óskað upplýsinga frá þeim mönnum, sem sjá notendum fyrir þessum vörum, og fengum svo hljóðandi skýrslu, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðusamband Íslands og Verkamannafélagið Dagsbrún, Reykjavík.

Vegna fyrirspurnar yðar til félags vors um, hvernig á því muni standa, að mikil þurrð er um þessar mundir á vinnuvettlingum, vinnufötum og skjólfatnaði fyrir verkamenn, þá höfum vér reynt að afla upplýsinga um þetta mál, að því er varðar innlenda framleiðslu. Hins vegar getum vér ekki sagt um það, hve mikið kann að hafa verið flutt inn af tilbúnum vinnufötum nú og á undanförnum árum, enda slíkur innflutningur með öllu óþarfur, þar eð innlendu verksmiðjurnar geta framleitt vinnufatnað á hagstæðu verði og afkastageta þeirra samanlagt mun vera nokkru meiri en markaðurinn þarfnast, miðað við, að næg efnivara sé fyrir hendi.

Til þess að fá yfirlit yfir framleiðslu þessa árs, til samanburðar við framleiðslu undanfarinna ára, höfum vér snúið oss til viðskiptanefndar með beiðni um upplýsingar varðandi veitt leyfi fyrir efnum til vinnufatnaðar árin 1944—1948, að báðum meðtöldum. Jafnhliða höfum vér fengið upplýsingar frá fulltrúa iðnrekenda í stjórn Sambands vefnaðarvöruinnflytjenda um innflutning til vinnufataverksmiðja fyrir milligöngu þeirrar stofnunar, á meðan Ameríkuviðskiptin stóðu yfir. Síðar nefndu tölurnar eru þó ekki hárnákvæmar, en láta mjög nærri sanni. Samanlagt hefur innflutningurinn til þeirra fyrirtækja, sem innflutningsyfirvöldin telja, að noti efni til vinnufatnaðar, verið þessi, samkvæmt upplýsingum viðskiptanefndar og fulltrúa iðnrekenda í S. V. Í.

Árið 1944 kr. 2907556,00
— 1945 — 1952861,00
— 1946 — 2616967,00
— 1947 — 1886494,00 og
— 1948 — 1947963,00

Þess ber að geta, að í innflutningsmagni þessu eru taldar leyfisveitingar til nokkurra fyrirtækja, sem framleiða auk vinnufata og vinnuvettlinga sjóklæði, regnkápur, rykfrakka, sportfatnað, manchettskyrtur o. fl. þess háttar, þó að verulegur hluti séu leyfisveitingar fyrir eiginlegum vinnufatnaði. Verksmiðjurnar, sem hér koma til greina, eru: Vinnufatagerð Íslands h.f., Vinnufataverksmiðjan h.f., Sjóklæðagerð Íslands h.f., Skjólfatagerðin h.f., Fatagerðin, Verksmiðjan Skírnir h.f., Toledo, Verksmiðjan Magni h.f., Verksmiðjan Sunna, Skyrtugerðin h. f., Sjófataverksmiðjan h.f., Elgur h.f. (öll í Reykjavík) og Fatagerðin, Seyðisfirði.

Þó að svo virðist sem leyfisveiting yfirstandandi árs sé hlutfallslega svipuð og sum undanfarinna ára, er hún raunverulega allmiklu lægri, þegar tillit er tekið til þess, að vegna hækkandi vöruverðs erlendis fæst langtum minna vörumagn nú en áður fyrir sömu krónuupphæð. Nefnum vér sem dæmi, að verð á nankini (algengustu tegund vinnufataefnis) var 1938 9¾ pr. yard, 1940 12 cent, 1942 20 cent, 1946 28 cent og 1947 42 cent. Hér er nefnt vinnufataverð í Bandaríkjunum, en síður en svo verður samanburður síðustu tveggja áranna hagstæðari, ef miðað er við Evrópuverð þau árin, á móti áðurnefndu verði hin árin, en þá var vinnufataefnið keypt frá Ameríku. Má því með réttu segja, að ein ástæðan til þess, að minna hefur komið á markaðinn af vinnufatnaði nú en endranær, sé sú, að veitt hafa verið leyfi fyrir töluvert minna efnismagni 2 síðast liðin ár en áður.

En hér kemur fleira til greina. Skal til glöggvunar tekin hver tegund fyrir sig, algengur vinnufatnaður, vinnuvettlingar og skjólfatnaður.

1. Samkv. upplýsingum frá þeirri verksmiðju, sem framleitt hefur mestan hlutann af algengum verkamannafötum (buxum, jökkum og samfestingum úr nankini), þá var verulegur hluti af leyfisveitingunni, sem talin er hafa verið 1947 um 800000 kr., veitt seint á árinu 1946, en vörurnar komu á neyzlumarkaðinn 1947. Hins vegar hafi fyrirtæki þetta næstum engin ný leyfi fengið árið 1947, eða um 30000 kr. Fyrrnefnd 800000 kr. leyfisveiting hrökk til þess að fullnægja að nokkru markaðsþörfinni árið 1947, en vegna þess að ný leyfi voru ekki veitt á því ári, gengu efnisbirgðir verksmiðjunnar upp, svo að um síðustu áramót átti verksmiðjan engin vinnuföt til til þess að fullnægja eftirspurn fyrri hluta árs 1948. Það var því ekki fyrr en verksmiðjan fer að vinna úr efni því, sem veitt var leyfi fyrir eftir áramótin, sem vinnuföt komu á markaðinn. Verksmiðjan fékk nokkur leyfi í jan. og marz og álíka mikið í júlí. Afgreiðslufrestur á vinnufataefnum frá erlendu verksmiðjunni er venjulega frá 3 til 6 mán., eftir að pöntun er gerð, en pöntun er ekki hægt að senda fyrr en leyfið er veitt."

Þessi skýrsla er mun lengri, en það er komið fram, sem mestu máli skiptir. Og þegar þessi skýrsla var fengin, var þessi þáltill. flutt. Hún gerir ráð fyrir tvennu. Í fyrsta lagi, að flutt verði til landsins nægilegt vinnufataefni, og í öðru lagi, að leyfin verði veitt með nægilegum fyrirvara. Það hafa nú legið fyrir þinginu áskoranir um innflutning. Margir þm. hafa gagnrýnt þessar áskoranir og sagt, að um áróðursmál væri að ræða. Ég skal ekki segja um aðra, en mér þykir sjálfum gott að fá sem flest atkv. En ástand það, sem nú ríkir, er til óþurftar og

skaða. Það er ekki heppilegt, að menn fari í dýrum fötum til vinnu sinnar eða geti ekki staðið í stöðu sinni sökum skorts á vinnufötum. Þessi þáltill. er borin fram í fullri alvöru. — Ég vil svo mælast til að umr. verði nú frestað og málinu verði vísað til allshn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend nú í annað sinn á fætur á þessum fundi til þess að ræða um fundarsköp. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hversu lengi hann ætli að halda áfram þessum skrípaleik. Ég er eini maðurinn hér í deildinni auk flm., forseta og skrifara. Þetta er því fullkominn skrípaleikur. — Viðvíkjandi ummælum hv. 2. þm. Rang., að ég hefði þagað yfir því, er annar flokkur en Sjálfstfl. hefði haldið fund, er fundur stóð yfir í deildinni, þá er það ekki rétt. Enginn flokkur hefur haldið þingflokksfund meðan fundir stóðu yfir. En Framsfl. hélt miðstjórnarfund, en margir þm. þess flokks voru hér á fundi. — Ég vil svo endurtaka tilmæli mín um það, að þessum skrípaleik verði hætt.

Forseti (FJ): Forseti hefur áður svarað hv. þm., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Consol-radioviti.

Á 14. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um byggingu Consol-radiovita [53. mál] (A. 71).

Á 20., 21., 23., 25. og 37. fundi í Sþ., 23. og 24. nóv., 2. og 8. des., 8. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan þessi þáltill. var lögð fram hér í Alþ. Hún hefur oft verið á dagskrá, en aldrei tekin til umr. Tilgangurinn með henni er sá að óska eftir, að athugað verði, hvort ekki væri hægt að bæta nokkuð það ástand, sem nú ríkir í vitamálum hér á landi, og byggja fleiri vita með skjótara móti við langa og vogskorna strönd landsins. Mikið hefur þegar verið gert í þessum málum og mikið fé lagt fram til að greiða fyrir samgöngum. En enn vantar mikið á og miklar eyður í vitakerfi landsins. Árlega er varið miklum fjárhæðum til vitabygginga. En vitarnir kosta mikið og langur tími mun líða, unz siglingar eru öruggar. — Ég rakst nú fyrir nokkru á blaðaskrif um þessa uppfinningu. Sjálfur hef ég enga sérþekkingu á þessu sviði, en styðst aðeins við það, sem ég hef lesið um málið. Þessi gerð vita var fundin upp af Þjóðverjum nú á stríðsárunum. Það er talið, að með byggingu slíkra vita megi bæta allverulega úr vöntun vita og fylla upp í vitakerfið tiltölulega ódýrt, eða eins og kostar að byggja 1 vita. Þessu er nánar lýst í greinargerð, og þar geta þeir, sem áhuga hafa á þessu, lesið um þetta. Það, sem vakti fyrir mér, og það, sem ég vildi, að Alþ. beitti sér fyrir, er það, að þeir menn, sem um þessi mál fjalla, athuguðu, hvort ekki væri ástæða til fyrir okkur að hagnýta okkur þessa uppfinningu. Ég hefði því viljað, að einn viti yrði byggður til reynslu. Ég hef ekki þekkingu á, hvort það mundi fullnægja þörf okkar. Um það verður að leita til sérfræðinga, svo sem vitamálastjóra, flugmálastjóra og verkfræðinga landssímans. — Ég vil benda á það, að verði málinu frestað við þessa umr. og sent til n., að hún leiti til sérfræðinga um það, að hve miklu gagni þetta mundi geta orðið. Ýmsar fleiri uppfinningar koma til greina, og ætti einnig að athuga þær. En eftir því sem mér skilst, útheimta þær dýrari tæki, ekki aðeins til að koma upp stöðvunum í landi, heldur einnig í skipum og flugvélum, heldur en þessi Consol-tæki, þar sem hægt er að notast við venjuleg útvarpsviðtæki. Og sé öryggið nægilegt, er það mikill kostur, að tækin séu ódýr. — Ég ætla nú ekki að fjölyrða um þetta. Tilgangurinn er aðeins sá, að þetta verði rannsakað, og leiði rannsóknir í ljós, að þeir séu heppilegir, þá verði gerðar ráðstafanir til þess að reisa 1 vita, annaðhvort með sérstöku framlagi úr ríkissjóði eða þá af fé því, sem varið er til vitamála. Ég tel þó hið fyrra heppilegra. En það, sem fyrst og fremst vakir fyrir mér, er, að þetta verði rannsakað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fram haldið fyrri umr. um till..

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Þjóðaratkvæði um áfengisbann.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um þjóðaratkvæði um innflutnings-, framleiðslu- og sölubann á áfengum drykkjum [55. mál] (A. 74).

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 20., 21., 23. og 25. fundi í Sþ., 23. og 24. nóv., 2. og 8. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Á síðastliðnu ári var útbýtt hér í Sþ. till. til þál. á þskj. 74, og var það 55. mál þingsins. Þetta mál er enn ekki komið á dagskrá, nema að ég bezt veit einu sinni til þess að ákveða, hvernig ræða skyldi. Nú hafa þó verið tekin á dagskrá allmörg mál síðar fram borin og miklum tíma verið varið í ýmis lítt merk mál, svo að ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hví málið hafi ekki verið tekið fyrir, og jafnframt óska þess, að ekki dragist nú lengur, að það verði tekið til þinglegrar meðferðar.

Forseti (JPálm): Þetta mál hefur nú verið tekið nokkrum sinnum á dagskrá, þótt það hafi ekki komið til umræðu, og það mun verða tekið aftur á dagskrá við fyrsta tækifæri.

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Þessari þáltill. fylgir venjuleg greinargerð, og hef ég þar engu við að bæta. Ég vil leggja til, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Umr. frestað og till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 69. og 70. fundi í Sþ., 27. apríl og 4. maí, var till. tekin til frh. fyrri umr. (A. 74, n. 503 og 522).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

9. Innflutningur raftækja til heimilisnota (till. JörB og HelgJ).

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um innflutning raftækja til heimilisnota o. fl. [58. mál] (A. 82).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er nú fremur þunnskipað í hv. d., svo að ekki er ástæða til að flytja hér langa ræðu, þó að þetta mál eigi það vissulega skilið, að því sé gaumur gefinn. Þessi þáltill. er, eins og menn sjá, um það að skora á ríkisstj. að greiða fyrir innflutningi raftækja til heimilisnota, og þá jafnframt skorað á ríkisstj. að sjá um, að nægilega mikið af raforkuvörum til orkuveitna og rafleiðslna til heimila verði fluttar til landsins.
Það er máske þannig háttað í okkar fjármálum, að ekki sé unnt að sinna slíkum málum eins og menn hefðu gjarna vilja til og þörf fyrir, en ég vil mega vona, að hæstv. ríkisstj. geri sér far um að greiða fyrir því eftir því, sem getan frekast leyfir. Þar sem raforkan er komin, er vitanlega nauðsynlegt, að fólk geti fengið þau allra nauðsynlegustu tæki, eins og t. d. eldavélar og annað þess konar. Þá er og mikil nauðsyn á því, að greitt sé fyrir því, að raforka geti dreifzt út um byggðirnar, og vil ég telja það mjög nauðsynlegt, að aflað sé þeirra hluta, sem til þess þarf, svo sem efnis til orkuveitna og rafveitna út um byggðir landsins. En þó að þau algengustu tæki komi ekki til þeirra staða, þar sem orkuveita er í smíðum, þá sakar það minna, þá ætti röðin þar fyrst að koma að, þegar orkuveitan er komin, en þá er líka sjálfsagt, að slíkar veitur komi að gagni.
Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessa þáltill. Ég geri það að till. minni, að umr. um þetta mál verði frestað og málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

10. Framleiðsla rafmagnstækja innanlands.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um framleiðslu rafmagnstækja innanlands [62. mál] (A. 92).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 92 till. til þál. um framleiðslu rafmagnstækja innanlands. Við vitum allir um hina miklu þörf rafmagnstækja í landinu vegna þess, að á undanförnum árum hefur rafmagni verið meir og meir dreift út um byggðir landsins, og verður svo vonandi í náinni framtíð. En rafmagnstæki vantar tilfinnanlega. Það hefur verið talað um gjaldeyrisskort og að erfitt sé að fullnægja um innflutning. En þá virðist beinasta leiðin að framleiða þau tæki í landinu sjálfu, þar sem reynsla er fengin fyrir, að framleiðsla rafmagnstækja er samkeppnisfær við erlenda, bæði að verði og gæðum, og á ég við það, að í Hafnarfirði, í Rafha, hefur reynsla fengizt með framleiðslu eldavéla, sem hafa reynzt eins góðar og erlendar og alls ekki dýrari, heldur ódýrari en erlendar. En svo einkennilega hefur það atvikazt, að þessi eina raftækjasmiðja í landinu hefur ekki afkastað með fullum krafti, af því að það vantar efni til að vinna úr. Samkvæmt upplýsingum frá forstjóra þessa fyrirtækis er erlendur gjaldeyrir til efniskaupa ekki nema ¼ miðað við að flytja inn tækin tilbúin. Það virðist þess vegna vera sjálfsagt að reyna að efla þennan iðnað í landinu, bæði vegna þess, að við eigum nú við erfiðleika að stríða í gjaldeyrismálum og megum búast við, að þannig verði einnig í framtíðinni, og þá alveg sérstaklega ef ekki verður horfið að því ráði að spara þar, sem möguleikar eru fyrir hendi, t. d. með því að efla iðnaðinn. Till., sem hér er flutt, fer fram á að stuðla að aukinni framleiðslu rafmagnstækja innanlands með því að tryggja þeim verksmiðjum í landinu, sem framleiða rafmagnstæki, nægilegt hráefni, svo að þær geti unnið allt árið með fullum afköstum, þannig að það verði ekki látið henda, að þær verði að stöðva rekstur sinn vegna þess, að þær vanti efni, um leið og veitt eru innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir tilbúnum tækjum, sem verksmiðjurnar geta framleitt alveg eins vel. Mér virðist ástæða til að veita því alveg sérstaka athygli.

Þá segir enn fremur í till., að stuðlað skuli einnig að stofnun nýrra fyrirtækja til framleiðslu ýmissa rafmagnstækja, sem enn hafa ekki verið framleidd hérlendis. Eru það t. d. kæliskápar, þvottavélar, rafmagnsofnar og fleiri tæki, sem fróðir menn á þessu sviði hafa tjáð mér, að vel megi framleiða hér á landi með sama árangri og eldavélarnar.

Það, sem ég á við með að skora á ríkisstj. að stuðla að því, að stofnuð verði slík fyrirtæki, er ekki það, að ríkisstj. endilega fari að setja á stofn slíkar verksmiðjur, heldur greiði fyrir því, ef einstaklingar eða félög vildu ryðja braut í því efni. Eins og kunnugt er, er öllum málum þannig háttað, að það er ekkert hægt að hreyfa sig nema með aðstoð hins opinbera. Þó að einstaklingar eða félög vildu ráðast í að koma upp verksmiðju á þessu sviði, þá er það ekki hægt nema með beinum eða óbeinum stuðningi þess opinbera. Það er þess vegna nauðsyn, að ríkisstj. stuðli að því, að sú verksmiðja, sem nú er til í landinu, hafi efni til þess að framleiða rafmagnstæki, og hjálpi til að koma upp nýjum slíkum fyrirtækjum.

Ég býst við, að hægt verði að efla skilning hinna háu yfirvalda á þessum málum með því að vekja athygli á hinni miklu nauðsyn þessara tækja. Ég vona, að þessi till. mín geti orðið til þess, enda þótt hér í kvöld séu fáir til að hlusta á það, sem ég hef að segja í þessu sambandi. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, vegna þess að ég óska, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Það er mjög slæmt, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera hér. Þetta er mjög eftirtektarverð till., sem ég álít, að heppilegt væri, að ríkisstj. gæfi okkur upplýsingar um við þessa umr., hvernig skilyrði eru fyrir hendi að framkvæma hana. Eftir því sem upplýst hefur verið af flm. till. og ég hef fengið staðfest annars staðar frá, er það alveg rétt, að Rafha í Hafnarfirði, sem að nokkru leyti er ríkisfyrirtæki og stendur þannig mjög vel að vígi að geta framleitt rafmagnstæki innanlands, getur nú ekki unnið með fullum afköstum vegna efnisskorts. Það hefði þess vegna verið æskilegt, að við hefðum nú þegar við fyrri umr. málsins fengið það upplýst frá hæstv. viðskmrh., hvernig fyrirhugað er að haga innflutningi á eldavélum og öðrum rafmagnstækjum, sem Rafha getur framleitt, í þeirri áætlun, sem liggur fyrir viðvíkjandi þessu frá fjárhagsráði og ríkisstj. Það er vitanlegt, eins og segir í grg. fyrir þessari till., að það er hægt að fullnægja þessari þörf hér á landi. En ég hef heyrt, að í innflutningsáætluninni, sem liggur fyrir, — ég veit ekki, hvort hv. þm. Barð. hefur þá áætlun undir höndum, en ég heyrði á umr., sem fram fóru í dag, að hann mun hafa nokkrar upplýsingar, sem fjvn. hefur fengið viðvíkjandi þessari áætlun, — en það væri mjög æskilegt að fá upplýsingar um þetta, áður en málið fer til n., hvort það er rétt, að í áætluninni sé reiknað með of litlu hráefni handa Rafha, svo að aðeins ¾ hlutar þess vinnukrafts, sem fyrir er, geti starfað, en í stað þess eigi að úthluta gjaldeyri til heildsölufyrirtækja, sem flytja inn erlendis frá fyrir upphæð, sem mundi, eins og hér er réttilega sagt frá, verða ferföld hvað hlutfallsmagn snertir, ef Rafha fengi að nota hana. Sem sagt, það er gert samkomulag með fjárhagsráði og ríkisstj. um það, að vissir aðilar, sem ríkisstj. er annt um, fái þennan innflutning á kostnað

Rafha, svo að möguleikar Rafha séu ekki hagnýttir til fulls.

Það er eins með þessa till. og aðra, sem verið var að ræða hér, að Alþ. vill gjarna geta tekið ákvörðun um þessi mál og ákveðið sjálft, hvernig innflutningi er hagað, og tekið sjálft á sig ábyrgðina. Nú er verið að afgreiða þessa áætlun, — við höfum heyrt, að ekki sé samkomulag innan ríkisstj. um hana og jafnvel ekki innan fjárhagsráðs, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að Alþ. segi sitt orð um þá afgreiðslu. Ef á að taka tillit til sérhagsmuna nokkurra heildsala í Reykjavík og eyða gjaldeyri til kaupa á eldavélum, sem Rafha getur framleitt, þá nær það náttúrlega ekki nokkurri átt. Þess vegna þykir mér leitt, að svona mál skuli vera tekin fyrir á kvöldfundi, svo framarlega sem ríkisstj. sér sér ekki fært að sitja kvöldfund. Svona mál er tekið fyrir til þess, að ríkisstj. geti tekið tillit til þess, og ríkisstj. þarf að geta flutt fyrir þingið sínar athugasemdir og upplýsingar viðvíkjandi þessu máli, og við þurfum að sýna og geta lagt dóm á þær upplýsingar og þá stefnu. En þetta er vitaskuld ekki hægt, ef ríkisstj. er hvergi nærri. En hins vegar sé ég ekkert á móti því að hafa kvöldfund.

Nú vill svo til, að hæstv. viðskmrh. er formaður fyrir Rafha og fulltrúi ríkisstj. þar. Þar er því um að ræða fyrirtæki, sem ríkið sem eigandi hefur hagsmuna að gæta, að sé rekið með skynsemi, og enn fremur fyrirtæki með stórauknum vélakosti á síðustu árum með gjaldeyrisleyfum frá nýbyggingarsjóði, og ætti þess vegna alveg sérstaklega að miða að því að gera þetta fyrirtæki fært um að framleiða sem allra mest. Við rekum okkur á það viðvíkjandi svo að segja hverju einasta stórfyrirtæki innanlands, að það eru hagsmunir nokkurra heildsala í Reykjavík, sem standa svo á móti þjóðarhagsmunum, að menn fá ekki að kaupa hráefni til þeirra fyrirtækja, svo að þau fá ekki að starfa af fullum krafti fyrir ofríki þessara manna, sem heimta að fá að græða á því að flytja viðkomandi tæki fullunnin erlendis frá, jafnvel þótt þau séu miklu dýrari. Þess vegna endurtek ég það, að það er mjög slæmt, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera við og geta gefið okkur upplýsingar um þessa verksmiðju, sem ég veit, að hann er nákunnugur. Þetta mál fer til allshn., og vonandi, að verði tækifæri fyrir þingið, annaðhvort af hálfu þeirrar n. eða við framhaldsumr. um málið, að fá þær upplýsingar, sem liggja fyrir.

Hvað snertir 2. lið þessarar þáltill., þá tel ég varhugavert, sem þar er farið fram á, að stofna ný fyrirtæki til framleiðslu á ýmsum raftækjum. Það er svo í okkar iðnaði, að of mörg fyrirtæki eru rekin. Hvað snertir framleiðslu fyrir innanlandsmarkað, þá ætti ekki að hafa nema eina verksmiðju í hverri grein, til þess að verða tæknilega praktísk. Ein verksmiðja í hverri grein getur framleitt allt, sem landið þarf, og einungis með því fyrirkomulagi er hægt að framleiða ódýrt og hafa tæknilega fullkomnastar vélar, afkasta til hins ýtrasta, og vinnukrafturinn sparast þar mest. Það er vitanlegt, að ein smjörlíkisgerð getur framleitt allt smjörlíki, sem landið þarf. Þannig er það í mörgum greinum okkar iðnaðar. Nú þori ég ekki að segja, hvernig það mundi verða hvað snertir rafmagnstæki, en mér er nær að halda, að framleiðsla eldavéla sé það skyld hvað ýmislegt annað snertir í rafmagnsiðnaði, að mætti hafa alla þá framleiðslu í sömu verksmiðjunni. Allur úrgangur notaðist betur, allar pantanir gætu farið saman, allt, sem í þessa hluti á að fara, hagnýting véla, hagnýting mannafla verður betri með því, að þetta sé í einu og sömu verksmiðjunni. Ef við Íslendingar ætlum að framleiða með sem fullkomnustum tækjum, verðum við að skipuleggja okkar framleiðslu þannig að framleiða í eins stórum stíl og hægt er. Ég veit, að þetta rekst á hagsmuni einstakra einstaklinga. Ef þessi plön yrðu framkvæmd, að hafa eina verksmiðju í hverri grein, þá mundi með góðu skipulagi og samvizkusömu eftirliti hægt að pína út lægsta verð á vörum framleiddum innanlands. Hins vegar ef á að nota þann kost að hafa frjálsa samkeppni og menn undirbjóði hver annan, þá eru verksmiðjurnar íslenzku síður en svo of smáar. Ef allar verksmiðjur hafa of lítið hráefni, verður reksturinn dýr, og þá verður afleiðingin sú, að varan verður of dýr, og þegar slíkar verksmiðjur hafa verið reknar með tapi nokkurn tíma, endar það með því, að framleiðendurnir slá sér saman í hring og einn heldur svo áfram, en álagningin á vörurnar er látin vera sú sama og áður, og neytendurnir fá að borga. Þess vegna held ég, að það væri mjög varhugavert að stuðla að því, að stofnuð verði slík ný fyrirtæki. Ef það reyndist svo, að Rafha gæti framleitt miklu fleiri tæki, þá er eðlilegra að gera slíkt fyrirtæki stærra og sterkara, svo framarlega sem við ætlum að framleiða sem ódýrast. Hitt spursmálið kemur svo á eftir, hvort við stjórnum okkar þjóðfélagi þannig, að við hagnýtum orkuna í verksmiðjunum. Ég held, að það sé ákaflega ópraktiskt að fara að eyða peningum í kapitalvörur, ef við höfum fyrirtæki fyrir, sem geta framleitt meira en þau hafa gert hingað til. Og að tvísetja eða margsetja vélar í sömu grein til að framleiða hér, þegar svo að segja ein vélasamstæða getur framleitt það magn, sem þarf, er tæplega æskilegt. Þessu vil ég fyrst og fremst skjóta fram til athugunar, áður en málið fer í n., til þess að hún geti athugað þennan síðari hluta gr. vel.

Forseti (JPálm): Út af aðfinnslum hv. 2. þm. Reykv. vil ég vekja athygli á því, að þetta er aðeins fyrri hluti umr., og er ætlazt til, að þessari till. sé vísað til n. og þar fari fram athugun á því, hvort nokkurt samkomulag er um að afgr. slíka till., en vegna þess, hve mikið er borið fram af þáltill. og fyrirspurnum í Sþ., þá sé ég ekki ráð til að koma þeim áleiðis án þess að halda kvöldfund, án tillits til, hvort hv. þm. eru almennt viðstaddir.

Eiríkur Einarsson: Ég ætla lítið að blanda mér í umr. um þetta merkilega málefni. En þrátt fyrir þá þörf, sem hæstv. forseti telur á því að halda kvöldfundi, og þótt vafamál sé, hvort till. sem þessi, sem nú er rædd, fær notið sín vegna mannfæðar á fundi, þá vil ég

segja það, að þessi till. og sú næsta á undan á dagskránni um þetta mikilsverða málefni eru þess virði að vekja eftirtekt hv. þm. á, svo að þeir gætu átt þess kost að athuga málið. Hitt er ekki á valdi forseta, hve vel eða illa eru sóttir fundir. En það eru önnur mál, sem hafa verið rædd í þinginu, sem eru mál kjaftæðisins eins, og þau mætti gjarna ræða á kvöldfundi með tveimur, þremur eða fjórum áheyrendum úr hópi þm., en þetta mál er ekki þess eðlis.

En það, sem ég vildi sérstaklega hreyfa við viðvíkjandi þessari till. og þeirri, sem rædd var hér næst á undan, sem er nokkuð svipaðs eðlis — og er gott og blessað, að komnar eru fram, — er það, að talað er um, að flutt verði til landsins, eins og frekast er unnt, algengustu raftæki til heimilisnota, eins og þar greinir.

Ég geri ráð fyrir, að fjöldi þm. vilji stuðla að því, að aflað sé nauðsynlegra tækja, eins og jeppanna og þeirra, sem hér ræðir um. En aðferðirnar við að afla þessara tækja hafa verið vefengdar, og það er hin mesta nauðsyn, að svo sé um hnútana búið, að þau tæki, sem aflað er, komi að sem mestum notum. Þess vegna vildi ég, að í stað almennra og hvetjandi orðatiltækja væri heldur reynt að hafa einhverja vegsögn um það, hve mikið ætti að útvega. Til dæmis held ég, að það lægi nærri, og vildi skjóta því til n., ef nokkrir nm. væru hér viðstaddir, hvort ekki væri réttmætt, að rafveitustjórnin, sem á að gera fræðilegar tillögur um rafveitur, léti í té nákvæmar skýrslur um það, að í þessu og hinu byggðarlagi og kauptúni yrðu gerðar svo og svo miklar framkvæmdir á komandi sumri og til þeirra þyrfti svo og svo mikið efni. Ef þetta lægi skipulega fyrir, væri það ákaflega mikilsverður leiðarvísir fyrir stjórnarvöldin. Þá þyrfti síðar að segja setningar eins og þessa t. d.: „Maður gat ekki séð fyrir, að rafveitan þróaðist svona mikið og ört, og þess vegna er nú ekkert efni fyrirliggjandi.“ Það þyrfti einmitt að ganga svo frá málunum, að þetta þyrfti aldrei að koma fyrir. Og það er unnt að gera með skorðuðum áætlunum, sem mundu verða til ómetanlegrar leiðbeiningar fyrir stjórnarvöldin. Ég segi þetta að gefnu tilefni. Reynslan hefur sýnt, að sá háttur er beztur, að þekkingin sé sem mest spurð ráða og reynt að hnitmiða framkvæmdirnar og innflutninginn þannig, að allt sé samræmt.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Er hv. 2. þm. Reykv. við? Ég vildi leiðrétta dálitinn misskilning, sem mér þótti gæta hjá honum. Hann fór yfirleitt vinsamlegum orðum um till., en seinni hluta hennar taldi hann þó varasaman, og ég vil benda honum á, að það er misskilningur, ef hann heldur, að þetta fyrirtæki í Hafnarfirði geti framleitt þau rafmagnstæki, sem við þurfum. Verksmiðjan í Hafnarfirði hefur svo að segja eingöngu framleitt eldavélar, og vélar hennar passa ekki til framleiðslu á öðrum rafmagnstækjum, og með þeim húsakosti, sem verksmiðjan hefur yfir að ráða, getur hún engan veginn fullnægt eftirspurninni. Meining mín er heldur ekki sú, að öðrum verksmiðjum verði komið upp til þess að keppa við hana, heldur til þess að framleiða annars konar tæki en hún er fær um. Það er svo ekkert aðalatriði fyrir mér, hvort þau fyrirtæki yrðu í Hafnarfirði eða annars staðar. En ef við ætlum að verða sjálfum okkur nógir hvað framleiðslu þessara tækja snertir, þá verðum við að fá fleiri verksmiðjur, hvort sem þær verða reistar við hliðina á Hafnarfjarðarverksmiðjunni eða á einhverjum öðrum stöðum. Við verðum sem sagt að kaupa nýjar vélar og reisa ný hús.

Það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan, að erlendis væri hver verksmiðja með aðeins eina tegund tækja, er vitaskuld rétt. Ein verksmiðja framleiðir t. d. eldavélar, önnur þvottavélar o. s. frv. En vegna þess, hve okkar þjóð er fámenn, getum við ekki farið að öllu að hætti stórþjóða við okkar iðnað. Verksmiðjan í Hafnarfirði er ekki stærri en svo, að hún getur ekki gert meira en fullnægja okkar litla markaði á eldavélum. Það er því engin fjarstæða, þótt reist væri önnur verksmiðja fyrir t. d. þvottavélar og kæliskápa, en til þess þarf að flytja inn nýjar vélar.

Þótt það megi til sanns vegar færa, að jafnaðarlega verði framleiðslan ódýrari, ef hún er rekin í stórum stíl, þá er margt, sem kemur til greina, er það skal meta. Lítil verksmiðja, sem aldrei hefur fleira fólk en svo, að vinnuaflið nýtist til fulls, og rekin er að öðru leyti á hagnýtan hátt, — slík verksmiðja getur staðið sig eins og þær, sem stærri eru.

Á þessu vildi ég vekja athygli. Ég gat ekki skilið hv. 2. þm. Reykv. öðruvísi en svo, að það væri jafnvel nægilegur vélakostur hjá þessu eina fyrirtæki. En því er ekki að heilsa, og sé ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Finnur Jónsson: Fyrst hæstv. forseti hefur óskað kvöldfundar, þá verður bezt að hafa hér dálitið kvöldrabb um þessa till. frá hv. 2. þm. Rang.

Ég vildi nú óska þess, að hv. þm. hefði haft fyrir því að kynna sér athuganir fjárhagsráðs um iðnaðinn og möguleika hans, áður en hann samdi till. sína. Tel ég ekki ólíklegt, að hún hefði þá orðið nokkuð á annan veg og þá einnig upplýsingar hans um raftækjaverksmiðjuna í Hafnarfirði. Mér er það kunnugt af starfi mínu í fjárhagsráði, að það hefur einkum bagað verksmiðjurnar og staðið framleiðslunni fyrir þrifum undanfarin ár, hve vont hefur verið að fá efni frá útlöndum, og miklu fremur en hitt, að staðið hafi á leyfisveitingum. Flestir vita, að rafmagnsáhöld eru einkum gerð úr járni og stáli, en á slíkum hlutum er innflutnings- og afgreiðslutími svo langur, að það dregst oft á annað ár, að varan fáist, enda þótt leyfi séu fyrir hendi. Mér er kunnugt um, að einmitt verksmiðjan í Hafnarfirði hefur átt við slíka erfiðleika að stríða.

Nú er það svo með okkar iðnfyrirtæki, að það er takmarkað, hve mikið þau mega taka af fólki frá útflutningsframleiðslunni. Hefðu iðnfyrirtækin nægilegt hráefni til framleiðslu sinnar, mundu þau taka verulegan hluta af því vinnuafli, sem útflutningsframleiðslan þarfnast, — en ef hún biði verulegan hnekki af slík-

um sökum, hvar ætti þá að taka þann gjaldeyri, sem iðnaðurinn þarfnaðist? Staðreynd er það, að í höfuðiðngreinunum eru komin upp fyrirtæki, sem geta tekið miklu fleira fólk en þar er fyrir, og þar eru enn fremur vélar til að vinna hluti, sem enginn markaður er fyrir í landinu. Það á þó ekki við um raftækjaverksmiðjuna í Hafnarfirði. En með því móti, að þar væri unnið í vöktum, gæti hún framleitt upp undir 4000 eldavélar á ári í stað 1700 nú. En það, sem flm. segir, að verksmiðjan þurfi nýjar vélar til þess að geta framleitt önnur tæki en eldavélarnar, eins og t. d. kæliskápa, er ekki rétt. Hún getur það og áætlar að smíða á næsta ári um 500 kæliskápa og hefur fengið leyfi fyrir efni í þá. Verksmiðjan framleiðir líka ýmislegt fleira, eins og t. d. stóra bökunarofna og þvottapotta, og mér er nær að halda, að þar mætti framleiða flestar heimilisvélar, án þess að bætt væri við vélum.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á, að það er varhugavert að flytja inn athugunarlítið nýjar verksmiðjuvélar ofan á þær, sem fyrir eru, og æskilegt hefði verið, að þess hefði verið gætt, áður en gefin voru leyfi fyrir ýmsum þeim vélum, sem nýbyggingarráð lét flytja inn á sínum tíma.

Nú er það ekki svo, að ég sé beinlínis að amast við þessari till. Hins vegar er vandinn sá, að við höfum ekki ótakmarkaðan gjaldeyri handa öllum iðnfyrirtækjum, auk þess sem verzlunarsamböndum okkar er oft svo háttað, að við verðum að kaupa tilbúnar ýmsar vörur, sem við gætum þó framleitt meira af innanlands. — Ég tel réttast að till. verði vísað til hæstv. ríkisstj., svo að hún verði tekin til frekari athugunar. Ég get upplýst það, að í innflutningsáætlun fjárhagsráðs hefur verið tekið meira tillit til þarfa iðnaðarins en áður og gert ráð fyrir aukningu hans í landinu, fyrst og fremst þeirra greina, sem samkeppnisfærar eru við erlendan iðnað, eins og t. d. raftækjaiðnaðarins, svo að þessi till. er þannig í rauninni óþörf. Það er sama um hana að segja og aðrar till. hér á Alþ. um sama efni, að á meðan Alþ. semur ekki innflutningsáætlun sjálft, þá er þetta óhyggilega að farið.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, var nú úr ýmsum áttum komið. Hann lét af kunnleika sínum á raftækjaverksmiðjunni í Hafnarfirði. Ég get nú upplýst hv. þm. um það, að ég er þar dálítið kunnugur líka og átti t. d. tal við forstjórann, áður en ég skrifaði till., enda segi ég í grg. minni fyrir till., að verksmiðjan sé mjög myndarlegt fyrirtæki. Það var forstjórinn sjálfur, sem gaf mér þær upplýsingar, að undanfarin 3 ár hefði verksmiðjan aldrei fengið nóg efni. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að afgreiðslutíminn er langur, en einmitt þess vegna er ekki rétt að láta forstöðumenn fyrirtækisins vera á bónbjörgum mánuð eftir mánuð eftir leyfisveitingum. Afleiðingin verður sú, að efni verksmiðjunnar er þrotið löngu áður en næsta sending kemur.

Þessi till. er þannig ekki á neinn hátt óþörf. Hún væri þörf, þótt ekki væri nema vegna þess, að með henni er fjárhagsráði gefin áminning um, að þegar svona stendur á, er ekki heppilegt að láta fyrirtækið bíða mánuðum saman eftir innflutningsleyfum.

Það er vitaskuld rétt hjá hv. þm., að það þarf að takmarka það, hve margt fólk fer frá útflutningsframleiðslunni til iðnaðarins, og það er enda fjarri því, að augljóst sé, að ýmiss konar iðnaður, sem hér er rekinn, borgi sig gjaldeyrislega. En þessi iðnaður borgar sig augljóslega.

Ein röksemd hv. þm. gegn því að flytja inn vélar var sú, að raftækjaverksmiðjan hefði nægar vélar. En staðreynd er hins vegar hitt, að ef verksmiðjan ætti að fullnægja eldavélaþörfinni, með þeim húsa- og vélakosti, sem hún hefur, þá gæti hún ekki fullnægt öðru. Það eru takmörk fyrir afköstum hennar. Það er rétt, að það verður að vinna í vöktum, ef það á að fullnægja eftirspurninni eftir eldavélunum, og það er vegna þess, hve vélarnar eru takmarkaðar.

Ég held, að þetta sé nokkuð augljóst mál. Og ég geri fastlega ráð fyrir því, að þm. líti rétt á þá þörf, sem við höfum fyrir þessar vélar í landinu, og till. verði því samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Fjallabaksvegur.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um athugun á sumarvegi um Fjallabaksleið [64. mál] (A. 95).

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Ég flyt hér þáltill. á þskj. 95 um athugun á sumarvegi um Fjallabaksleið. Því er nú þannig háttað með samgöngumál okkar Skaftfellinga, að þjóðleiðin yfir Mýrdalssand getur lokazt af hamförum náttúrunnar svo missirum skiptir. Ef svo færi, þá eru allir hreppar milli sanda, en þeir eru 5 af 7 hreppum í sýslunni, alveg útilokaðir frá öllum samgöngum. Væri Fjallabaksleið hins vegar fær, þótt ekki væri nema að sumarlagi, þá væri það nokkur bót. Af þessum ástæðum hafa menn þar eystra fengið allmikinn áhuga á að vita, hversu kostnaðarsamt væri að gera bílfært þessa leið. Að vísu hefur fengizt nokkur hugmynd um leiðina, því að hún hefur tvisvar verið farin með bifreiðum. Í annað

skiptið var farið á jeppum, en í hitt skiptið á herbílum með drifi á öllum hjólum. Þessar ferðir gengu sæmilega, en þó ekki vel, en þess bera að geta, að það hefur engin athugun verið gerð á því, hvar bezt er að fara, og má því vel vera, að betri leið finnist en sú, sem þessir bílar hafa valið.

Í fyrra ræddi ég þetta mál við vegamálastjóra, og var þá gert riss af þessari leið á korti, en við athugun kom í ljós, að ekki var hægt að ákveða neitt um bezta vegastæðið nema fara leiðina og athuga allar aðstæður. Á síðasta sumri var ætlun að setja upp sauðfjárvarnargirðingu á þessum slóðum, og var þessi leið þá nokkuð farin í sambandi við athugun á því, og gekk bifreiðum þar allgreiðlega. Ég hef rætt þetta aftur við vegamálastjóra og fengið hjá honum allgóðar undirtektir í þessu máli, enda er hér ekki farið fram á mikil fjárframlög, heldur aðeins, að gerð verði athugun á þessari leið og rannsakað, hvort mjög kostnaðarsamt væri að gera þar akfæran sumarveg.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vænti, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Innflutningur raftækja til heimilisnota (till. JJ).

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um innflutning raftækja til heimilisnota [67. mál] (A. 99).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Síðan þessi till. var samin og útbýtt, hefur orðið sú breyting á, að ríkisstj. hefur gripið til ráðstafana á því sviði, sem hér um ræðir, sem ekki eru í samræmi við þessa till. mína, heldur þvert á móti. En á það verður að líta sem neyðarráðstöfun, og mæli ég því fyrir mínu máli hér miðað við venjulegar kringumstæður.

Þessi till. mín er í rauninni bundin við þá næstu á dagskránni, um aukna notkun rafmagns í sveitum í sambandi við Marshall-málið. Ég þarf ekki að ganga langt í því að útskýra þessa till., hún er í samræmi við þá þróun, sem einkum hefur orðið hér á landi á þessari öld, að taka vélaaflið í þjónustu þjóðarinnar og láta vélarnar vinna sem mest. Vélunum hefur verið beitt við alls konar framleiðslu, og nú er orðið jafnnauðsynlegt að beita þeim við heimilisstörfin. Það þóttu mikil tíðindi, þegar mótorbátarnir og togararnir komu til sögunnar í staðinn fyrir skúturnar og árabátana. Nokkru síðar kom svipuð vélaalda yfir landbúnaðinn, þá yfir vegagerð og flestöll önnur störf, þannig að sá þótti ekki lengur maður með mönnum, sem ekki hafði hraðvirk vélknúin tæki í sinni þjónustu. En því er ekki hægt að neita, að Alþ. hefur ekki verið nógu vel á verði um það, að þessi tækni kæmist inn á heimilin, og er þess þó mikil þörf vegna fólksleysisins þar. Það þarf ekki að lýsa því, sem allir vita, að húsfreyjur eru flestar einyrkjar eða einar kvenna á heimilunum, bæði í sveit og við sjó. Og þó að þær séu jafnvel efnaðar og hafi ráð á að hafa vinnukonur, þá fæst þetta vinnuafl ekki á heimilin. Öllum húsfreyjum er því yfirleitt nauðugur einn kostur að reyna að bæta sér fólksleysið upp með vélknúnum tækjum til heimilisnota.

Þessi till. gengur í stuttu máli út á það að hugsa til þess að láta vélaöldina ná til heimilanna, húsfreyjur þurfa ekki síður á vélunum að halda en aðrir, sem starfa í landinu. Ég býst nú ekki við, að till. verði samþykkt óbreytt, enda er hún í raun og veru óskatillaga, bending til ríkisstj. og þeirra nefnda, sem hafa með innflutning að gera, og eins og til að vekja athygli á og árétta, að vélaöldin þarf nauðsynlega að ná inn á heimilin.

Ég hygg, að réttast sé að vísa þessu máli til fjvn. að lokinni umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Rafmagnsnotkun í sveitum.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aukna notkun rafmagns í sveitum í sambandi við Marshall-málið [68. mál] (A. 100).

Á 20. fundi í Sþ., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 38. og 42. fundi í Sþ., 8., 10. og 23. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og ég gat um í sambandi við þá till., sem hér var til umræðu næst á undan, um innflutning raftækja, þá eru þessar till. nátengdar, og röðin er sú, að þessi kemur eiginlega á undan. Ég vil þá með nokkrum orðum víkja að upphafi þessa máls.

Á sumarþinginu 1942 komst sá skriður á rafmagnsmálin, að flokkarnir kepptust allir um að slá því föstu, að rafmagninu yrði komið um allt landið og það kæmi að almannagagni líkt og vegirnir. Nú hefur talsvert áunnizt síðan. Gerðar hafa verið nokkrar virkjanir, og aðrar hafa verið stækkaðar, og nú síðast hefur verið komið upp stórvirkjun í Borgarfirði, og meira stendur til: stækkun Sogs- og Laxárvirkjananna. Línur hafa verið lagðar út frá Soginu um Reykjanes og Suðurland, og bendir þetta allt í þá átt, sem stefnt var 1942, þó að meira þurfi að gera. Að vísu hefur sú breyting á orðið, að það jafnrétti hefur ekki náðst, sem sveif fyrir augum manna 1942 og mikið var talað um, jafnrétti sveita og kaupstaða í þessu efni, og átti að leggja verðið á Sogsrafmagninu í Reykjavík til grundvallar við alla raforkusölu í landinu. Rafmagnið er nú um þriðjungi dýrara í sveitunum en í Reykjavík, og þessi verðmunur gerir það að verkum, að ekki er beint hægt að sjá fyrir, að sveitafólkið geti hagnýtt sér þetta nauðsynlega afl með slíkum kjörum eða taxta. En það er ekki aðeins þessi verðmunur, sem kemur til greina sveitunum í óhag, heldur og tæknilegir og fjárhagslegir örðugleikar á því að koma vatnsrafmagninu um allar byggðir landsins í náinni framtíð, en hins vegar verður að fullnægja rafmagnsþörfinni með einhverjum ráðum þegar í stað, lausn þeirra mála þolir enga bið. Og nú hefur það komið æ skýrar í ljós, að hlynna þyrfti að því að koma upp dieselvélum í sveitunum, og þá í fyrsta lagi þar, sem engar líkur eru til þess, að hægt sé að koma upp smávatnsaflsstöðvum né heldur fá rafmagn frá stórvirkjunum í framtíðinni. Þessi till. mín, frv. hv. þm Dal. í Ed., og till., sem afgr. hefur verið frá búnaðarþingi því, er nú situr, benda allar í sömu átt. Formælendur sveitanna benda á að leysa fyrst um sinn rafmagnsþörfina að nokkru leyti með dieselvélum, og allar líkur benda til þess, að með þeim hætti fengist ódýrara rafmagn á mörgum bæjum en frá stórum rafmagnsstöðvum. Samt munu menn yfirleitt kjósa fremur vatnsrafmagn, og þá fyrst og fremst vegna þess, að það er íslenzk framleiðsla.

Nú mun ríkisstj. hafa leitað eftir því við fjárhagsráð í vetur, að það beitti sér fyrir innflutningi slíkra véla sem ég hef nefnt. En skortur er á gjaldeyri, ekkert mun hafa áunnizt í þessu efni, og bændur hafa enga von sem stendur. En með till. minni hef ég viljað benda á leið til úrbóta. Það er alveg óhætt að slá því föstu, að annaðhvort verða fjöldamörg heimili úti um byggðir landsins að fá rafmagn eftir þeirri leið, sem hér er bent á, eða þau fá ekkert rafmagn um ófyrirsjáanlega framtíð, og það rafmagn, sem framleitt er með litlum dieselrafstöðvum, yrði jafnvel ódýrara en vatnsrafmagn. En það skortir gjaldeyri. Og þar sem Bandaríki Norður-Ameríku hafa nú boðið ýmsum þjóðum lán og fjárhagslega aðstoð til skynsamlegra framkvæmda, þá sýnist mér koma til greina að tengja lausn rafmagnsmálanna Marshallaðstoðinni að þessu leyti. Íslendingar mundu ráða því að nokkru leyti sjálfir, hvort þeir vildu nota eitthvað af sínu framlagi í þessu skyni.

Ég þarf ekki að fara mjög langt út í það, að það, sem notað hefur verið fram að þessu af Marshalllánum, hefur eingöngu farið til sjávarútvegsins og atvinnulífs í bæjunum, sbr. Örfiriseyjarverksmiðjuna og síldarbræðsluskipið Hæring. Hvoruga þessa framkvæmd hefði verið hægt að ráðast í án Marshallaðstoðarinnar. Ég skal heldur ekki fara út í það, hversu heppilegar þessar framkvæmdir hafa reynzt, þó að til þeirra væri stofnað með gagn fyrir augum. En hitt vil ég segja, að ef hugsað er um nokkurt jafnrétti milli sveita og kaupstaða í sambandi við hagnýtingu Marshalllánsins, þá er sjávarsíðan búin að fá sinn skerf í bili. Nú stendur enn fremur til að stækka Sogsvirkjunina fyrir Reykjavík og nokkurn hluta Suðurlands og stækka Laxárvirkjunina, og mér skilst, að ekki verði í það ráðizt, nema heppileg lán fáist erlendis, og er þá lítill vafi á því, að hugsað er til Marshalllánsins í því sambandi. En ég vil benda á, að þótt Reykvíkingar hafi þörf fyrir meira rafmagn, þá höfum við þegar nokkurt rafmagn, og ef velja þarf um að auka Sogsrafmagnið og bæta við hjá þeim, sem þegar hafa rafmagn, eða láta þau sveitaheimili fá rafmagn, sem ekkert rafmagn hafa og ekkert fossrafmagn geta fengið, þá virðist auðvelt að dæma um, hvorn kostinn sé sanngjarnara og sjálfsagðara að taka. Till. mín gengur líka út á að vega salt af sveitanna hálfu á móti því, sem búið er að ráðstafa af Marshallaðstoðinni til sjávarútvegs og sjávarsíðu hér á landi.

Ég býst ekki við miklum umræðum um till. mína hér á þessu fámenna þingi og læt ráðast um það, hvort henni verður vísað til allshn. eða fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

14. Brúargerð á Múlakvísl.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um brúargerð á Múlakvísl á Mýrdalssandi [72. mál] (A. 115).

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Þessi þáltill., sem ég flyt hér á þskj. 115 um brúargerð á Múlakvísl, er til orðin eftir miklar umræður þar eystra þess efnis að fá nýja brú á Múlakvísl. Sú brú, sem nú er yfir þetta vatnsfall hjá Selfjalli, er í yfirvofandi hættu, því að það hefur borizt svo mikið af sandi og leir að brúarstæðinu, að eins má búast við, að vatnið flæði yfir brúna í leysingum og jafnvel taki hana þá með sér. Þetta veldur því, að við teljum heppilegra að fá brú á öðrum stað. Öllum, sem ferðazt hafa austur, er kunnugt um, hversu krókóttur og brattur vegurinn er á Höfðabrekkuheiði, enda er þarna af 20 km leið að minnsta kosti 15 km erfiðar brekkur upp og niður og varla hægt að finna 200 m vegarkafla, sem ekki er annaðhvort bugða eða brekka á. Hins vegar er leiðin beint yfir sandinn jafnlend, en eftir þeirri kostnaðaráætlun, sem gerð hefur verið í sambandi við að leggja veginn þessa leið, hefur það litið út fyrir að verða nokkuð dýrt. En þó að svo kunni að virðast í fljótu bragði, þá sjá menn við athugun, að vegur eftir þessari leið hefði allmikinn sparnað í för með sér og það á þeim hlutum, sem við verðum að kaupa fyrir erlendan gjaldeyri. Það sagði mér bílstjóri, sem mikið hefur ekið þessa leið milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs, að beinn kostnaðarauki vegna vegarins um Höfðabrekkuheiði væri að minnsta kosti 50 kr. í hverri ferð, en þann kostnað væri hægt að spara, ef vegurinn væri lagður neðan við heiðina og brú sett á kvíslina á þeirri leið. Þessi eyðsla er mest fólgin í benzíni og gúmmíum, sem hvort tveggja kostar erlendan gjaldeyri. Hins vegar er vegagerðin aðallega fólgin í vinnu við varnargarð og kostar því ekki mikla gjaldeyriseyðslu. Vegna þess að ég hafði góða aðstöðu til að fylgjast með umferðinni um þessa leið, þá lét ég telja alla þá bíla, sem um veginn fóru frá því í byrjun maí og til októberloka, og voru það samtals 2114 bílar, og má af því sjá, að það eru ekki neinar smáupphæðir, sem spara mætti með þessari breytingu á veginum, auk þess sem viðhald vegarins eftir sandinum væri miklu ódýrara. Í viðbót við þá erfiðleika, sem ég hef getið um á veginum um Höfðabrekkuheiði, er hann oft ekki fær nema yfir sumarið, og t. d. nú í vetur hefur hann verið ófær frá því fyrir áramót, og það má verða góð tíð, ef hann verður aftur fær í maí í vor. Aftur á móti ætti vegur eftir sandinum að geta verið fær allan veturinn, nema því verr viðri. Ég er þeirrar skoðunar, að mönnum hefði aldrei dottið í hug að leggja veginn um Höfðabrekkuheiði, ef þá hefðu verið fyrir hendi þau tæki við vegagerð, sem nú eru notuð. Það er *til gamalt máltæki* um óhagsýnan sparnað, þar sem segir, „að eyrirnn sé sparaður, en krónunni kastað," og þetta er raunverulega gert þarna austur frá, meðan ekki er byggð brú á Múlakvísl.

Ég hef þessa framsögu ekki lengri, en vil óska eftir, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

15. Kaldaðarnes í Flóa.

Á 19. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um að skora á ríkisstj. að leita eftir samkomulagi um að skila aftur Kaldaðarnesi [73. mál] (A. 119).

Á 34. og 35. fundi í Sþ., 31. jan. og 2. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 4. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram þáltill. um að skora á ríkisstj. að leita eftir samkomulagi við hr. Jörund Brynjólfsson að skila aftur Kaldaðarnesi, og liggja til þess tvær meginástæður. Önnur sú, að ég tel, að ríkissjóður þurfi nauðsynlega á þessari eign að halda og að honum sé mjög mikið fjárhagslegt tjón að því að láta eignina af hendi fyrir þá upphæð og þau verðmæti, sem fyrir hana hefur verið greitt. Hin, að ég tel ríkisstj. hafa brostið að fullu og öllu heimild til að selja eignina. Alþingi ber því skylda til að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að úr þessum mistökum verði bætt. — Skal ég þá fyrst færa rök fyrir því, að ríkissjóði sé nauðsyn á því að eiga Kaldaðarnes áfram.

Þótt nokkuð deildar skoðanir hafi verið um það, hvort ríkissjóður ætti að vera eigandi að jörðum í landinu almennt og byggja þær ábúendum með vægum kjörum um lengri eða skemmri tíma, eða hvort einstaklingar ættu að eiga þær, líkt og aðrar fasteignir, og ráða sjálfir að fullu yfir þeim, þá hefur hitt aldrei valdið neinum ágreiningi, að ríkissjóði bæri brýn nauðsyn til þess að eignast og halda í sinni eigu ýmsum ákveðnum jörðum og lendum, svo sem

þeim, sem ákveðnar hafa verið sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, enda er beinlínis mælt svo fyrir í l. nr. 8 frá 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, að slíkar jarðir megi ekki selja í erfðaábúð. Þessu ákvæði er haldið óbreyttu í sömu lögum, er þau eru endursamin á Alþingi 1943.

Þegar l. nr. 4 frá 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, voru samþykkt, voru þessar jarðir einnig undanskildar þar og mega því ekki seljast samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Það verður því ekki um það deilt, að Alþingi hefur jafnan litið svo á, að ríkissjóði bæri nauðsyn til að eiga jafnan allar jarðir, sem svo stendur á um sem að framan greinir, enda væri það óeðlilegt, að ríkið léti byggja slík mannvirki í löndum annarra. Þá er einnig ljóst, að ýmsar aðrar ástæður geta einnig legið til þess, að ríkissjóði sé nauðsynlegt að eignast lönd og jarðir, svo sem ýmsa mannvirkjagerð í sambandi við atvinnurekstur ríkisins. Enn fremur kann það að vera nauðsynlegt, að ríkissjóður eignist lönd og jarðir til að koma fram verndun gróðurs, eins og átt hefur sér stað um skóglendi, og verndun fornra staða, svo sem hið forna biskupssetur Skálholt, er síðar skal vikið að. Stundum hefur það eitt þótt næg ástæða, að ríkissjóður keypti jarðir, sem um langan aldur hafa verið höfuðból, ef sýnt var, að þær grotnuðu niður, eða eigendur hefðu af einhverjum ástæðum ekki möguleika til að sitja þær sem skyldi. Átti þetta sér stað m. a. um Reykhóla, og eitthvað svipað hefur sjálfsagt vakað fyrir þeim, sem beittu sér fyrir því á Alþingi 1935, að ríkissjóður keypti jörðina Kaldaðarnes, en í fjárlögum þess árs er ríkisstj. heimilað á 22. gr. að kaupa Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir samningar takist um verð og greiðsluskilmála. Af Alþt. frá því ári sést, að það eru einmitt þáverandi hv. þm. Árn., sem eru flm. að till. Og hv. 1. þm. Árn., Jörundur Brynjólfsson, hefur framsögu í málinu sem fyrri flm. Mælir hann þar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef leyft mér að bera hér fram brtt. við 22. gr. fjárl. ásamt hv. samþm. mínum, um að heimila ríkisstj. að kaupa Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir skilmálar fást um verð og greiðslu. Þetta er eitt af höfuðbólum sýslunnar, liggur vel í héraði, og ríkið á þarna lönd við, sem það hefur tekið á móti upp í áveitukostnaðinn og tilætlunin mun vera að reisa þar nýbýli. Land jarðarinnar er mjög stórt og frjótt og liggur vel, svo að þarna væri hægt að koma fyrir fjölda nýbýla, ef það væri keypt til viðbótar við það land, sem ríkinu hefur þegar verið afhent á þessum slóðum. Tel ég því vel til fallið, að ríkið kaupi þessa jarðeign, ef aðgengilegir skilmálar fást, einmitt með tilliti til býlafjölgunar. Ég skal geta þess hér sem aukaatriðis, þó að það kunni að hafa nokkra þýðingu á sínum tíma, að í landi jarðarinnar er hinn bezti sjálfgerði flugvöllur, sem til er á landinu, og mætti með litlum tilkostnaði gera hann vel úr garði. Þegar frá líður, er ekki gott að segja, hvaða þýðingu það kann að hafa."

Mér kemur ekki til hugar að halda, að jafnmerkur þm. og hv. 1. þm. Árn. hafi hér verið að flytja mál þetta gegn sannfæringu sinni, heldur hafi hann þá beinlínis verið þeirrar skoðunar, að ríkinu bæri raunverulega nauðsyn til að eignast þessa jörð. Afstaða hans til þessa máls verður því enn óskiljanlegri, er þetta er vitað.

Þessi heimild er ekki notuð árið 1935. En hún er veitt á ný árið 1939 fyrir tilmæli hv. þm. Str., sem þá var fors.- og landbrh., og notuð á næsta ári, eins og kunnugt er. Færir hv. þm. Str. nokkurn veginn sömu rök fyrir máli sínu og hv. 1. þm. Árn. hafði gert, en hann leggur þó aðaláherzlu á kaupin vegna ræktunarframkvæmda ríkissjóðs á nærliggjandi löndum og telur það ómetanlegt gagn fyrir ríkissjóð að eignast jörðina af þeim ástæðum, þótt ekkert annað kæmi til. Það verður því ekki villzt á því, að þessi hv. þm. var þá í engum vafa um það, að nauðsyn bæri til, að ríkissjóður eignaðist Kaldaðarnes.

Skömmu eftir að ríkissjóður eignast Kaldaðarnes, en það gerist í apríl 1940, tekur brezki herinn eignina til afnota, byggir á henni ýmis mannvirki, þ. á m. flugvöll, og heldur henni í hernámi til ófriðarloka. Það voru því engir möguleikar fyrir ríkisstj. að ráðstafa jörðinni á þessu tímabili eða gera nokkrar áætlanir um afnot af henni.

Með lögum nr. 108 30. des. 1943 er ákveðið, að ríkissjóður skuli taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, sem rekið hafði verið þar fyrir drykkjumenn undir stjórn Stórstúku Íslands. Skal stofnun þessi nú starfrækt á kostnað ríkissjóðs sem heilsuhæli fyrir ofdrykkjumenn, undir yfirstjórn þess ráðh., sem fer með heilbrigðismál, en hann skipar þriggja manna stjórnarnefnd til að annast allan rekstur, svo og lækni og annað starfsfólk. Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta. Samkvæmt þessum lögum er jörðin Kaldaðarnes valin til þessa rekstrar árið 1945, ágreiningslaust af eftirfarandi aðilum: landb.- og fjmrh., Pétri Magnússyni, dóms.- og heilbrmrh., Finni Jónssyni, landlækni, búnaðarmálastjóra og lækni hælisins, Alfreð Gíslasyni, auk Sigfúsar Sigurhjartarsonar, Kristins Stefánssonar stórtemplars og Friðriks Á. Brekkans áfengisvarnaráðunauts, sem allir voru í framkvæmdanefnd. Er þá þegar hafizt handa um að koma þar upp hælinu og varið til þess úr ríkissjóði á því ári um 552 þús. kr. Á næsta ári er þessu verki haldið áfram og varið til bygginga þar á því ári um 316 þús. kr. Er hælið síðan starfrækt þar til fardaga 1948. — Hæstv. landbrh. hafði þau ummæli hér í Sþ. þann 17. nóv. s. l., er hann gaf ýtarlega skýrslu um þetta mál í sambandi við fyrirspurn um framkvæmdir í Skálholti, að „að vísu hafði landbrh. lánað jörðina Kaldaðarnes" um skeið til tilrauna í að koma upp drykkjumannahæli. En þessi ummæli hæstv. ráðh. eru sögð gegn betri vitund. Honum var það vel ljóst þá og er það vel ljóst enn, að jörðin var löglega og formlega afhent til þess og til þess eins að koma þar upp og starfrækja þar hæli fyrir ofdrykkjumenn, ekki til bráðabirgða, heldur til frambúðar, og að þetta var gert í samráði við alla þá aðila, sem ég minntist á hér áðan. Þegar það er vitað, að ríkissjóður kostaði nærri 900 þús. kr. til bygginga í Kaldaðarnesi til þess að koma

þar upp drykkjumannahæli og að allir þeir, sem bera áttu siðferðilega ábyrgð á þessu máli, álitu, að hér hefði verið valinn hinn bezti staður, sem fáanlegur var, og hælið svo fullkomið sem þörf var á um langan tíma, og þegar svo hins er jafnframt minnzt, að hæstv. menntmrh. ber nú fram frv. á þskj. 23, sem fyrirskipar, ef að lögum verður, að reisa skuli, ekki eitt, heldur mörg slík hæli, og hv. Nd. hefur fallizt á þetta og samþ. frv., þá er ljóst, að ríkissjóði er nú enn meiri nauðsyn en áður að eignast Kaldaðarnes aftur með þeim byggingum, sem þar eru nú, og að það er stórkostlegt fjárhagslegt tjón fyrir ríkissjóð að ráðast í nýja hælisbyggingu í stað þess að nota þær byggingar, sem reistar voru í þessu augnamiði í Kaldaðarnesi, auk þess sem öll önnur aðstaða, sem var til staðar í Kaldaðarnesi, svo sem landrými o. fl., mundi kosta ríkissjóð stórfé, ef kaupa ætti hana í sambandi við nýtt hæli.

Ég skal þá ræða hér nokkuð hið síðara atriðið, — það, að ríkisstj. hafi brostið heimild til þess að selja Kaldaðarnes.

Í fyrrnefndri skýrslu hæstv. landbrh. færir hann fram eftirfarandi rök fyrir heimild sinni til þess, samkvæmt gildandi lögum, að selja þessa eign hv. alþm. Jörundi Brynjólfssyni:

I. Að Jörundur Brynjólfsson hafði, er salan fór fram, fengið erfðaábúð á Kaldaðarnesi frá fardögum 1947 að telja og átti því rétt á því að fá jörðina keypta samkvæmt lögum um sölu þjóðjarða eftir að hafa búið á henni í 3 ár. Taldi ráðherra það orðhengilsháttt að halda sér að skýlausum fyrirmælum laganna um þetta atriði, enda hefði hann áður leitað umsagnar landbn. Alþ., áður en salan var ákveðin, og hefðu 6 nm. af 10 litið á málið á sama hátt og hann. Hann hefði einnig spurt Búnaðarfélag Íslands og sérfræðinga þess um það, hvort jörðin væri heppileg til byggðahverfa eða annarra opinberra starfa, en þeir talið, að slíkt kæmi ekki til mála.

Þessi rök fá þó ekki staðizt, með því að vitað er, að þessi sami hæstv. ráðh. byggir Jörundi Kaldaðarnesið í erfðaábúð í október 1947 í algerðri andstöðu við fyrirmæli erfðaábúðarlaganna frá 1943, sem ákveða, að slíkar jarðir megi ekki selja í erfðaábúð, eins og ég hef þegar bent á. Samkv. gerðabók landbn. Nd. var haldinn sameiginlegur fundur í landbn. beggja deilda þann 9. des. 1947. Er hæstv. landbrh. mættur á þeim fundi og ræðir þar við nefndirnar um sölu á Kaldaðarnesi til Jörundar Brynjólfssonar. Upplýsir hann á þeim fundi, að Jörundur hafi fengið byggingu fyrir jörðinni og biður nefndirnar að láta í té skilning sinn á ákvæði gildandi laga um 3 ára búsetu, sem sett er að skilyrði fyrir sölu ríkisjarða. Spurzt var fyrir um það á þessum fundi, með hvaða kostum salan eigi að fara fram, en því er ekki svarað á annan hátt en þann, að matsgerð hafi farið fram, hælið sé lagt niður og óafgert um hreinsun á landinu. Að fengnum þessum upplýsingum er málinu frestað án frekari aðgerða og síðan aldrei tekið fyrir aftur í nefndunum. Á þessum fundi voru 4 nm. fjarstaddir og þar af 3 Ed.-menn, eða meiri hluti hennar. Hitt er og vitað, að 2 af nm., sem mættir voru á fundinum, voru andvígir sölunni. Það er því ljóst, að málið fékk enga afgreiðslu í landbn., enda átti það þangað ekkert erindi, með því að ekkert frv. lá fyrir þinginu um sölu jarðarinnar, eins og eðlilegt og sjálfsagt hefði verið, ef ráðh. vildi afla sér heimildar til að selja jörðina. Afstaða Búnaðarfélagsins og sérfræðinga þess er sannarlega torskilin. Þessir aðilar voru allir sammála um það, að ríkinu væri nauðsynlegt að eignast Kaldaðarnes, er heimild var veitt til að kaupa jörðina, en þegar búið er að setja yfir 1 millj. kr. í eignina, þá eru þeir alveg sammála um, að ríkissjóður þurfi nú ekkert lengur á henni að halda og geti ekkert betur gert við hana en að láta hana af hendi fyrir lítið verð. Mætti segja, að slík framkoma yrði ekki til þess að auka hróður og traust þessarar ágætu stofnunar, sem hvaða ríkisstj. sem er verður að leita til í ýmsum vandamálum.

Rökin, sem hæstv. ráðh. ber fram fyrir því að hafa byggt Jörundi Brynjólfssyni Kaldaðarnesið í erfðaábúð, áður en salan fór fram, eru þessi.

1. Losa þurfti Skálholt úr ábúð vegna væntanlegs bændaskóla þar. Og með því að Jörundur Brynjólfsson hafði þar lífstíðarábúð, þurfti að semja við hann um að fara af jörðinni eða taka ábúðarréttinn eignarnámi, þar sem ekki var hægt að stinga þar niður skóflu nema með hans leyfi.

Þessi rök ráðh. fá ekki heldur staðizt. Samkvæmt þáltill., sem samþ. er 2. apríl 1935, er ríkisstj. heimilt að kaupa jörðina Skálholt. Það kemur beinlínis fram í umræðum, að þetta er gert til þess, að ríkið fái óbundnar hendur um viðreisn hins forna biskupsstaðar, „enda sé þetta stórvægilegt menningarmál fyrir þjóðina", eins og flm. orðar það. Það er því ljóst, að þessi jörð fellur undir þær eignir ríkissjóðs, sem hvorki má byggja til lífstíðarábúðar samkvæmt erfðaábúðarlögunum né selja án sérstakrar heimildar Alþingis. Samningur sá, sem gerður er af Hermanni Jónassyni í maí 1940, en hann er þá landbrh., þar sem Jörundi Brynjólfssyni er leigt Skálholt til lífstíðarábúðar og það látið gilda frá fardögum 1936, er því gerður í algerðu heimildarleysi. Lagalega átti því Jörundur Brynjólfsson ekki lífstíðarábúðarrétt á Skálholti og því síður kauparétt, eins og hæstv. landbrh. hefur haldið fram. Hitt mun svo vera algert einsdæmi, að íslenzkur bóndi hafi á einu og sama ári setið í erfðaábúð á tveimur höfuðbólum, sem ríkið er eigandi að, en eiga þó hvorugan ábúðarréttinn samkvæmt fyrirmælum laga um erfðaábúð.

Ég get búizt við því, að hæstv. landbrh. svari því til, að það komi harla lítið málinu við, hvort Jörundur Brynjólfsson hafi fengið erfðaábúðina á Skálholti með réttu eða röngu. Það sé mál fyrir þáverandi ráðherra, Hermann Jónasson, að svara til um það og bera á því ábyrgð, enda geti ábúandinn ekki borið ábyrgð á slíku. Og ég get enn fremur hugsað mér, að einmitt þannig ályktí ráðh., og því telji hann ábúðarréttinn svo öruggan. En þótt þessi rök hefðu fengið staðizt, ef almennur borgari átti í hlut, þá geta þau á engan hátt staðizt hér undir þessum kringumstæðum, því að hér var um að ræða ábúanda, sem sjálfur vissi allt um þessi mál og hafði

verið með að samþykkja fyrirmæli á Alþingi um kaup á jörðinni í allt öðrum tilgangi en að fá hana síðar sjálfur á erfðaleigu. Og þetta voru mikilvæg rök, þegar semja átti við hann um brottflutning af jörðinni. Það er því fjarri því, að hann gæti sett fram neitt af þeim skilyrðum, sem hæstv. ráðh. telur í skýrslu sinni, að sett hafi verið fram af Jörundi Brynjólfssyni, ef hann ætti að standa upp af jörðinni vegna skólabyggingarinnar. Annars var engin ástæða til að flýta svo brottför Jörundar frá Skálholti, að kaupa þyrfti hana svo dýru verði sem hér hefur verið gert. Það var þá og er enn ekkert farið að gera af þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar voru í sambandi við skólann, annað en það að leggja veg að fyrirhuguðu skólastæði, og slíkt gat enginn bannað, enda er sumpart gerð þurrkun á landi jarðarinnar samtímis vegagerðinni og vegurinn þess utan til hagræðis fyrir ábúanda, en ekki hið gagnstæða. Það hlutu því að líða enn nokkur ár, þar til skólinn þurfti á jörðinni að halda. Og ég dreg það ekki í efa, að það hafi verið vel framkvæmanlegt að komast að þeim kjörum við ábúanda, sem báðir hefðu haft hag af og báðir hefðu haft meiri sæmd af en því, sem hér var illu heilli gripið til.

2. Önnur ástæðan, sem ráðh. færir fyrir því, að hann hafi byggt Jörundi Brynjólfssyni Kaldaðarnesið, er sú, að hv. 1. þm. Árn. óskaði þess að geta um aldur og ævi tryggt sér og sínum erfingum þetta höfuðból. Ráðh. bætir því svo við, að hann hafi ekki viljað trúa sínum eigin eyrum, er hann heyrði þessa frómu ósk fram borna af flokksbróður sínum, og að hann hafi gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að fá hann ofan af þessari heimsku, ekki vegna þess, að honum hafi þótt þetta á nokkurn hátt stríða gegn velsæmi fyrir vel þekktan margra ára þingmann og forseta Nd., heldur af hinu, að honum þótti þessi eign, sem hafði kostað ríkissjóðinn eina milljón króna, allt of lítilfjörleg viðurkenning til manns, sem fyrir 30 árum var búinn að fá góða stöðu í Reykjavík og orðinn þar þingmaður fyrir Alþýðuflokkinn, en kvaddi þetta allt saman og lagði leið sína austur í Árnessýslu, þar sem hann gerðist forvígismaður í stjórnmálum alla tíð síðan, eins og hæstv. ráðh. hefur orðað það í skýrslunni. Ég verð að biðja hæstv. ráðh. afsökunar á því, að ég vissi ekki, að svona verðlagsuppbætur væru heimilaðar á þingfararkaupið. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þessi rök.

3. Þriðja ástæðan, sem hæstv. ráðh. færir fram sér til afsökunar, er sú, að „tilraunin um hæli fyrir ofdrykkjumenn hafi mislukkazt", eins og hann orðar það, ævintýrið hafi endað með þeim ósköpum, að hundruðum þúsunda hafi verið kastað á glæ í þetta dauðvona fyrirtæki og að allir forvígismenn þessa máls, sem hann hafi talað við, hafi verið á einu máli um það, að hælið yrði að vera annars staðar og öðruvísi rekið. „Og endalokin verða þau," segir ráðherra, „að ég fæ samþykki menntmrn. fyrir því, að landbrn. er aftur afhent þessi jörð, og ég ákvað að því loknu að byggja Jörundi Brynjólfssyni jörðina." Svo mörg eru þau orð, svo sterk eru þau rök, sem hér eru borin fram til málsbóta fyrir einstæðri ráðstöfun á eignum ríkissjóðs. Af öllu því ljóta, sem gert hefur verið í þessu máli, er þessi þáttur hæstv. menntmrh., Eysteins Jónssonar, ljótastur.

Í tugi ára hefur ríkissjóður haft einkasölu á áfengi. Allan þann tíma var það á valdi sérhverrar ríkjandi stjórnar að takmarka innflutninginn eða hætta honum alveg. Engin ríkisstj. hefur viljað taka á sig þann vanda, beinlínis vegna þess, að ríkissjóður hefur ekki þótt þess megnugur að uppfylla þær óskir og kröfur almennings um bætt lífskjör til lands og sjávar, ef hann átti að missa tekjurnar af áfengissölunni. Jafnvel menntamál þjóðarinnar eiga líf sitt undir þessum tekjustofni, sbr. frv. hæstv. menntmrh. á þskj. 3, um menntamálaráð. Svo örlagarík er það fyrir ríkissjóð og þjóðina, að vindrykkja minnki ekki í landinu og lögbrotum, sem standa í sambandi við vínnautn, fækki ekki. Almenningi er vel ljóst það böl, sem þessi tekjuöflun ríkissjóðs leiðir yfir marga einstaklinga, unga og gamla, og fjöldi hv. þm. viðurkennir hina knýjandi þörf, sem er á því að bæta úr þessu böli. Fjvn. átti einu sinni þess kost að kynna sér þær vistarverur, sem þeim vesalingum eru valdar hér í höfuðborginni, sem eru of veikgeðja til þess að neita að greiða þennan skatt til ríkissjóðs, sem honum er þó annars svo dýrmætur. Ég hygg, að sú heimsókn gleymist þeim seint. Af upplýsingum frá lögreglustjóra mátti ætla, að hér væru að jafnaði 30 fastagestir. Það var fyrst og fremst fyrir þessa vesalinga og aðra, sem líkt var ástatt með, að fórnfúsir menn tóku að berjast fyrir því, að þeim yrði búin betri vist. Það var fyrir áhrif þessara fórnfúsu manna, að byrjað var á hælinu í Kumbaravogi, það er fyrir skilning annarra en núverandi hæstv. menntmrh., að búið var að koma upp ágætu hæli í Kaldaðarnesi fyrir ofdrykkjumenn, þar sem allar vonir stóðu til þess að ná ágætum árangri. Það var öllum ljóst, að það hlutu að verða fjölmargir erfiðleikar á þessum málum, að það hlaut að verða hörð og löng barátta, engu síður en baráttan gegn hvíta dauða eða öðrum banvænum sýklum. En þessi leikur mátti ekki tapast og þurfti sannarlega ekki heldur að tapast, svo vel sem hér var búið í haginn. Þessa smælingja þjóðarinnar, sem voru öllum öðrum smælingjum aumkunarverðari, sveik hæstv. menntmrh., er hann gaf sitt leyfi til þess, að jörðin yrði seld flokksbróður sínum fyrir lítinn pening, og lagði jafnframt vistheimilið niður, sem svo margvíslegar vonir voru bundnar við. Og allt er þetta gert gegn vilja og mótmælum þeirra aðila, sem mestan þátt áttu í því að koma hælinu upp og mestu höfðu fórnað til þess að sjá þær hugsjónir sínar rætast, að draga mætti allverulega úr þessu böli, sem þessi einstæði tekjustofn ríkisins leiddi yfir einstaklingana. Það er gersamlega þýðingarlaust að bera það fram sér til afsökunar, að vistmennirnar hafi verið flúnir, svo að hælið hafi staðið autt, eins og hæstv. landbrh. skýrir frá í skýrslu sinni. Öll hæli veraldarinnar stæðu á sama hátt auð um lengri eða skemmri tíma, ef sjúklingarnir væru sjálfir látnir ráða því, hvort þeir dveldu þar eða ekki, hversu sem dómgreind þeirra væri farið og hvort sem slíkt ástand stafaði af hitaflogum, heilasjúkdómum eða of-

drykkju. Og engum öðrum ábyrgum menntamálaráðherra kæmi til hugar að fara að gefa hæli, þótt svo kynni að vilja til, að það stæði autt um stundarsakir, hver svo sem ástæðan væri.

Því skal ekki neitað, að ástandið í hælinu í Kaldaðarnesi hafi verið svo sem hæstv. ráðh. hefur lýst því í skýrslu sinni, er hann árið 1947 ákvað að byggja jörðina Jörundi Brynjólfssyni. En hitt skal fullyrt, að sjúklingarnir, hvorki þeir, sem á hælinu voru, höfðu verið eða kynnu að verða vistaðir þangað síðar, áttu á því nokkra sök. Sök, ef um sök er að ræða, liggur þá fyrst og fremst hjá þeim, sem stjórnuðu hælinu. Ráðh. bar því fyrst og fremst skylda til að tryggja hælinu örugga stjórn. Mest aðkallandi nauðsynin var að sjálfsögðu sú að skipa þangað lækni, eins og til er ætlazt í lögunum, ekki mann, sem hefði þetta að aukastarfi, eins og gert var, heldur fastan lækni, sem gerði það að lífsstarfi sínu að bjarga þessum sjúklingum og hefði á því fullan áhuga, mann, sem gat fengið þá til þess aftur að trúa á sjálfa sig og lífið. Við höfum séð þau kraftaverk, sem hafa verið unnin af sárþjáðum og þróttlitlum sjúklingum að Reykjalundi, fólki, sem ekki á því láni að fagna, að allar dyr standi því opnar, vegna hræðslu við smitun. Þetta fólk hefur undir leiðsögu ágæts læknis og foringja, sem helgar því alla sína krafta, skapað sér nýtt líf, ný verkefni, nýjan sérstæðan heim, sem menn utan lands og innan dást að og virða. Þótt um ólíka sjúklinga hafi verið að ræða í Kaldaðarnesi og sjúkdómar þeirra allt annars eðlis, þá er hitt þó víst, að hér hefði verið gefið svo fagurt og stórmannlegt fordæmi, að sjálfsagt var að gera tilraunina í Kaldaðarnesi á líkan hátt. Og ég fullyrði, að enginn annar staður á landinu var eins vel til þess fallinn og einmitt Kaldaðarnes. Það er engin bót fyrir þetta frámunalega brot hæstv. menntmrh., þótt hann nú beri fram frv. hér á Alþingi um byggingu margra hæla fyrir drykkjumenn. Slíkt er aðeins gert til þess að draga athygli frá þessu máli, en er þó jafnframt fyllsta sönnun fyrir því, að Kaldaðarnes átti aldrei og mátti aldrei selja.

Áður en ég skil að fullu við þennan þátt málsins, vildi ég spyrja hæstv. landbrh.: Hvaða forgöngumenn þessa máls voru það, sem hann talaði við og voru einróma sammála um, að hælið yrði að vera annars staðar? Hin stjórnskipaða framkvæmdanefnd var því mótfallin, Stórstúka Íslands var því mótfallin. Hvaða aðilar voru það þá, sem hæstv. ráðh. leitaði til og meira máttu sín en þessir menn? Væri mjög fróðlegt að fá það upplýst.

II. Hæstv. landbrh. lagði á það megináherzlu í skýrslu sinni 17. nóv., að 3 ára búsetuskilyrði laganna hefðu verið uppfyllt, með því þó að skýra anda laganna á þveröfugan veg við orðin. Ég hef þegar skýrt nægilega þetta atriði og skal ekki ræða það frekar. Hinu kom hæstv. ráðh. aldrei nálægt, að skýra hv. þm. frá því, á hvern hátt hann ætlaði sér að verja það að selja opinbera stofnun ríkisins sem venjulega bújörð. Honum er það þó vel ljóst, að þótt annað rn. óski af einhverjum ástæðum að leggja rekstur stofnunarinnar niður um stund, þá hættir stofnunin sem slík ekki að vera til. Byggingarnar, sem gerðar voru í þessu sérstaka augnamiði, voru enn á jörðinni, og hælið var enn starfrækt, enda gerir hæstv. ráðh. það að skilyrði í afsalinu, að rekstri þess megi halda áfram án sérstaks gjalds til kaupanda til fardaga 1948. Hvað sem líður skilningi hæstv. ráðh. á búsetuákvæði laganna, þá er þetta ákvæði svo skýlaust, að um það verður ekki villzt, að engin heimild er til að selja jörðina, nema sérstök lög væru samþ. um það á Alþingi. Og hæstv. ráðh. var þetta fullkunnugt. Hann hefur sjálfur viðurkennt að vera aðalhöfundur þessara laga og ætti því að þekkja bæði orð þeirra og anda. Eða var það kannske ekki hugsun hans, að lögin skyldu túlkuð þannig, að þetta ákvæði skyldi þó aldrei ná til framsóknarmanna, sem kynnu að girnast eignir ríkissjóðs? Þá er og það upplýst, að hv. þm. Dal. benti hæstv. ráðh. á það, áður en salan fór fram, að lögum samkvæmt yrði hann að afla sér heimildar þingsins til þess að selja þessa eign. Efar víst enginn, sem þekkir þann hv. þm., að hann hafi ekki mælt þetta út í bláinn. Er sök hæstv. ráðh. því enn meiri að hafa að engu slíkar ráðleggingar hins heiðvirðasta manns.

Þá þykir mér rétt að skýra hér nokkuð frá mati eignanna á hvorri jörðinni fyrir sig og þeim makaskiptum, sem hér hafa átt sér stað, ekki sízt vegna þess, að hæstv. landbrh. fannst ekkert athugavert við þá hlið málsins og varaði menn beinlínis við að vera með nokkrar getsakir í garð manna í sambandi við þessi táhreinu viðskipti.

Eins og skýrt var frá í grg. fyrir þáltill. á þskj. 119, biður landbrh. sýslumanninn í Árnessýslu með bréfi, dags. 18. sept. 1947, að útnefna 3 menn til þess að meta allar fasteignir, sem þáverandi ábúandi, Jörundur Brynjólfsson, eigi í Skálholti, og enn fremur allar eignir ríkisins í Kaldaðarnesi. Er tekið fram í þessu bréfi, að eignirnar í Skálholti skuli metnar í því ástandi, sem þær þá eru í. Hins vegar skuli lönd og hús, sem voru í Kaldaðarnesi í apríl 1940, er ríkissjóður eignaðist jörðina, og enn eru þar, metin í því ástandi, sem þessar eignir voru í þá, þ. e. í apríl 1940, en einnig skuli auk þess meta þessi sömu hús í því ástandi, sem þau nú eru í. Ekki er beðið um að meta sérstaklega hin nýju hús, er ríkissjóður hafði látið byggja þar. Ráðh. tilnefnir sjálfur einn af matsmönnunum. Í fyrrnefndri skýrslu sinni upplýsir hæstv. ráðh., að hann hafi að vísu sniðgengið fyrirmæli laga um úttekt og mat á jörðinni, en þetta hafi verið nauðsynlegt til þess að ná fullu samræmi í mati eignanna.

Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert sér það fyllilega ljóst, hve óviðeigandi það var, að einmitt hann hefði bein afskipti af útnefningu þess mannsins, sem matið að langmestu leyti hvíldi á, sakir þekkingar á málunum, eftir því sem hann sjálfur skýrir frá, og hversu miklu hallari hann stóð gegn fram kominni gagnrýni heldur en verið hefði, ef hann hefði látið þetta afskiptalaust, eins og embættisskylda hans bauð. Auk þess sem þeirri hugsun verður ekki varizt, að hér kemur fram þó nokkurt vantraust á yfirvaldi Árnesinga um

val hæfustu matsmanna án aðstoðar ráðh. En hér hefur sjálfsagt verið um að ræða alveg hrekklausa yfirsjón og að meira hafi mátt sín góður vilji til þess að gera það, sem honum fannst rétt, en hið stranga form. Hins vegar verða hin önnur fyrirmæli í sambandi við matið ekki skýrð á þennan hátt. Ef ná skyldi sem fyllstu samræmi á matinu í heild, — og til þess var ætlazt með því að láta sömu menn meta allar eignirnar, — þá var ekki hægt að fyrirskipa að meta eignirnar í Skálholti í því ástandi, sem þær voru í nú, en eignir í Kaldaðarnesi í því ástandi, sem þær voru í 1940, eða fyrir 7 árum. Með þessu er beinlínis verið að stefna að fyrir fram ákveðnu takmarki, sem svo berlega sést á allri meðferð málsins. Það dettur sjálfsagt engum manni í hug að ætla, að rúmlega 173 þús. kr. mat á eignum í Skálholti hafi verið ákveðið með tilliti til þess, að þær voru þess virði fyrir hinn fyrirhugaða skóla eða þann búrekstur, sem ætlazt væri til, að komið yrði þar upp, eftir að skólinn væri tekinn til starfa, né heldur að kofarnir þar væru þess virði sem liður í hinum listrænu byggingum í sambandi við endurreisn hins forna biskupsstóls, sem margir vona, að verði einhvern tíma að veruleik, heldur hefur það sennilega verið ákveðið með tilliti til þess, hvers virði slíkar eignir gætu talizt nú í sambandi við sams konar búrekstur og rekinn var á jörðinni. Á engan annan hátt verður upphæðin réttlætt, enda var þetta sjónarmið kannske ekkert óeðlilegt, en þá átti einnig sama sjónarmið að gilda um eignirnar í Kaldaðarnesi og þær eignir að metast í því ástandi, sem þær voru í, þegar matið er framkvæmt, alveg án tillits til þess, hvað kaupandi hugsaði sér að gera við þær síðar, nema fylgt hefði verið fyrirmælum laga um sölu þjóðjarða, en þá bar ríkissjóði að afhenda eignina með fasteignamati. Svo langt hefur þó hæstv. ráðh. ekki treyst sér til að ganga, því að þá hefði ríkissjóður líklegast orðið að gefa þó nokkra fúlgu á milli til Jörundar Brynjólfssonar. Ég hygg, að það verði fleirum en mér torskilið, hvernig hægt er að meta 2 hús í Kaldaðarnesi á 257 þús. kr., sem nýlega er búið að byggja og endurbæta fyrir um 900 þús., og öllum aðilum var kunnugt um þetta, eða þá hitt, hvernig unnt er að meta land jarðarinnar á kr. 127300,00, draga síðan frá þeirri upphæð kr. 74180,00 vegna skemmda á landinu, svo að raunverulegt mat landsins er þá aðeins kr. 53120,00, en gefa síðan kaupanda kr. 225000,00, til þess að landið geti talizt kr. 53120,00 virði, miðað við það ástand, sem það þá yrði komið í. Á venjulegu viðskiptamáli mundi það heita, að kaupandi hefði fengið allt land jarðarinnar í því ástandi, sem það var í, fyrir ekki neitt og 225 þús. kr. í ofanálag, svona rétt fyrir það að vilja þiggja landið í því ástandi, sem það þá var, fyrir minna en ¼ af kostnaðarverði. Virðist eftir þessu, að kaupandi hafi hagnazt um svona eina milljón króna, þegar öll kurl koma til grafar. Hitt er svo enn torskildara, að hæstv. ráðh. skuli ekki treysta sér til þess að gera neitt annað en lúta þessu mati, eins og hann tekur fram í fyrrnefndri skýrslu sinni til Alþingis. Var honum þá alveg ókunnugt um, að það var eitthvað til, sem hét yfirmat og að hver aðili fyrir sig hafði rétt til þess að krefjast þess, ef hann vildi ekki una undirmatinu? Og slíku undirmati átti ekki og mátti ekki una, svo fráleitt sem það var allri sanngirni. Það er alveg rangt hjá hæstv. ráðh., að hér sé verið að drótta nokkru óheiðarlegu að sjálfum matsmönnunum. Hér virðist svo sem ráðh. hafi sjálfur markað hinar krókóttu leiðir til þess á þann hátt að komast að fyrir fram hugsuðu takmarki, og ef svo er, er skiljanlegt, að málinu er ekki áfrýjað, en þá verður líka ábyrgð ráðh. enn þyngri, einkum þegar það er vitað, að umboðsmaður sá, sem hann skipaði sjálfur til þess að gæta hagsmuna menntmrn., gerir þá kröfu, að því rn. verði greitt fullt kostnaðarverð fyrir eignirnar, að viðbættri þeirri verðhækkun, sem kynni að verða á byggingarkostnaði, þar til engu lakara hæli hefði verið komið upp. En við þessari kröfu er skellt skolleyrum, eins og hæstv. ráðh. er kunnugt um.

Í stjórnmálablaði Framsfl., Tímanum, er þann 28. des. s. l. rætt í leiðaranum um þetta mál á þann veg einan að mótmæla því, að það sé nokkurt sérmál Framsfl., og jafnframt fullyrt, að ef hér sé um nokkra sök að ræða, þá beri Framsfl. ekki einn ábyrgð á henni, heldur öll ríkisstj. og þess utan ýmsir þm. Sjálfstfl., sem allir hafi samþ. þessar aðgerðir hæstv. ráðh. í málinu. Út af þessu þykir mér rétt að taka fram, að mér er alveg aukaatriði, hvaða flokkur það er og hvaða hv. þm. það eru, sem standa að þessu máli og bera á því ábyrgð. Hitt er mér aðalatriði, að sá réttur, sem þm. er falið að vernda, sé ekki fótum troðinn, eins og hér hefur átt sér stað. Þetta þing hefur samþ. þyngri skatta á þegnana en nokkurt annað þing. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur snúið sér þess utan til almennings og óskað eftir því, að hann tryði henni fyrir að minnsta kosti 30 millj. kr. og kæmi til hennar með þetta fé af fúsum vilja. Getur hæstv. ríkisstj. búizt við því, að almenningur sýni henni þetta traust, að trúa henni af frjálsum vilja fyrir milljónum, nema á móti komi full vissa fyrir því, að vel og heiðarlega sé farið með eignir ríkissjóðs, hvort sem þær eru í lausum aurum eða fasteignum? Getur nokkur maður búizt við því, að tekið sé á móti nýjum þungum álögum möglunarlaust, nema full trygging sé fyrir því, að fénu sé varið vel og heiðarlega í þágu þjóðarinnar, en ekki á þann hátt, sem hér hefur verið gert? Hv. alþm. er vel kunnugt um það litla álit, sem allt of margir menn hafa á þessari merkustu stofnun þjóðarinnar, Alþingi, og þann orðróm, sem gengur um alls konar hrossakaup, sem hér eigi að eiga sér stað milli manna og flokka, orðróm, sem er margýktur, á sér oft enga stoð í raunveruleikanum og öllum hv. þm. ber að afsanna með störfum sínum og athöfnum. Er líklegt, að örugga leiðin til þess sé að leggja blessun sína yfir þessar gerðir? Það er alveg víst, að verði það gert, þá eru hv. þm. að hjálpa til þess að viðhalda slíkum orðrómi og því áliti, sem hann skapar á þessari stofnun. Þetta er meginkjarni þessa máls, en ekki hitt, hverjir eru við það

riðnir eða hvers flokks málið er sérstaklega. Hitt er svo staðreynd, að gangur þessa máls hefur verið sem hér segir:

1. Fyrrverandi formaður Framsfl. fær samþ. á Alþingi heimild til, að ríkissjóður kaupi höfuðbólið Skálholt til þess að reisa þar við á ný hið forna biskupssetur, svo að það sé ekki lengur smán að sýna það erlendum og innlendum gestum.

2. Núverandi formaður Framsfl. byggir þetta höfuðból nokkru síðar í lífstíðarábúð til flokksbróður síns, Jörundar Brynjólfssonar.

3. Þingmaður Framsfl. ber fram till. um það á Alþingi, að ríkissjóði sé heimilað að kaupa höfuðbólið Kaldaðarnes, vegna þess m. a., hversu landið sé vel fallið til nýbýlastofnunar og byggðahverfis, og búnaðarmálastjóri, sem einnig er þm. Framsfl., er þessu þá alveg sammála.

4. Sami þm. Framsfl. sækir síðar mjög fast að fá jörðina keypta, þótt þá sé búið að koma þar upp hæli, sem kostaði ríkissjóð um eina milljón króna. Og nú er sami búnaðarmálastjóri alveg sannfærður um, að ríkissjóður hafi ekkert með eignina að gera og að bezta ráðið sé að láta hana af hendi til einstaklings fyrir lítinn pening.

5. Landbrh. Framsfl. byggir þessum flokksbróður sínum höfuðbólið Kaldaðarnes í erfðaábúð, að fengnum þessum einstæðu upplýsingum frá framsóknarmanni, sem sat í ábyrgðarstöðu.

6. Sami ráðh. selur þessa eign nærri samstundis til þessa sama flokksbróður síns og tilnefnir sjálfur fallinn frambjóðanda flokksins til þess að hafa forustu um mat eignanna, en niðurstöður verða þær, að ríkissjóður fær sáralítil verðmæti fyrir eign, sem kostar hann á aðra milljón króna.

7. Menntmrh., sem einnig er formaður þingflokks Framsfl., fyrirskipar að leggja niður hælið á jörðinni, svo að unnt sé að koma fram þessum aðgerðum, þrátt fyrir mótmæli þeirra, sem mest höfðu barizt fyrir því, að hælinu yrði komið upp, auk margra annarra manna.

8. Hópur framsóknarþingmanna ver þessar aðgerðir utan þings og innan og blað flokksins hneykslist mjög yfir því, að nokkur maður skuli láta sér detta í hug að hafa nokkuð við það að athuga. Og sjálfsagt verða allir hv. þm. Framsfl. hér á Alþingi til þess að greiða því atkvæði, að málið verði ekki leiðrétt. Ég þarf ekkert að kveða hér upp neinn dóm um það, hvaða flokkur hefur merkt sér þetta mál. Ég læt mér nægja að draga hér fram óhrekjandi staðreyndir. Hvernig svo sem dómur hv. alþm. kann að falla í máli þessu, þá er það víst, að þjóðin mun taka þann dóm til athugunar og fella sinn dóm um alla meðferð þess.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. hefur nú eftir alllangan meðgöngutíma haft orð fyrir þessari till., og er ekki um það að sakast, þótt hann beri hana fram og rökstyðji. Og það er sannfæring hans, að hér sé um að ræða vonda ráðsmennsku með opinberar eignir, sem þurfi leiðréttingar. En ef honum hefði gengið það eitt til að leiðrétta ranga meðferð á fjármunum hins opinbera, hefði hann tæplega vikið máli jafnoft að ráðherrum Framsfl. og hann gerði. Og svo hughaldið var honum það að koma flokkspólitíkinni við, að hann hikar ekki við að reyna að gera einn málsaðilann tortryggilegan með því að segja, að hann sé fallinn frambjóðandi Framsfl. Svona er blærinn á ræðu hv. þm. Og ef honum hefði verið hughaldið að rökstyðja mál sitt með réttu, hefði hann ekki farið eins skakkt með staðreyndir og sýnt jafnmikla hlutdrægni og hann gerði. Það hefði verið auðvelt fyrir hann að afla sér meiri upplýsinga áður en hann felldi dóma sína. Ég ætla til dæmis, að hv. þm. sé þess ekki umkominn að geta dæmt um, hvort í þessu tilfelli hafi verið farið að lögum eða ekki. Til þess hefði hann þurft að afla sér upplýsinga hjá hæfari aðilum. A. m. k. er ég ekki trúaður á, að hann hafi þann skilning á lögum, sem grípa hér inn í, að hann geti á augabragði kveðið upp ákveðinn dóm. Ég skal benda á þá staðhæfingu, að með því að velja drykkjumannahælinu stað á jörðinni, hafi verið ákveðið, að jörðin væri nokkurs konar embættismannabústaður. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér í stjórnarráðinu, og samkvæmt bréfi, sem heilbrmrn. skrifaði landbrn., eftir að hælið var lagt niður, er það ljóst, að heilbrmrn. taldi sig ekki hafa vald á jörðinni. Engir samningar voru um það, að húsin, sem fyrir voru á jörðinni, væru afhent þessu hæli, a. m. k. hef ég ekki getað fengið neinar slíkar upplýsingar í stjórnarráðinu, og bréfaskipti milli ráðuneytanna benda til hins gagnstæða.

Þá tók hv. þm. sér dómsvald um það, að í Kaldaðarnesi hefði verið bezti staðurinn fyrir drykkjumannhæli. Það kemur nú heldur hastarlega í bága við reynsluna. Og mér er sem ég sjái hv. þm., ef ekkert hefði verið gert til að binda endi á það ófremdarástand, sem var í því máli, hann hefði þá ábyggilega — og með réttu — álasað málsaðilum fyrir tilgangslitla sóun á ríkisfé. Ég ætla, að það hafi verið Stórstúka Íslands, sem hafði hönd með í bagga um það að flytja hælið frá Kumbaravogi til Kaldaðarness, og ég veit, að landlæknir átti ekki hlut að því. Það var þá fyrst, er þangað kom, að farið var að bera þetta undir hann. Hvað læknaráð áhrærir um þennan flutning, veit ég ekki, en síðan hælið var afhent ríkisspítulunum, veit ég, að sá læknir taldi hælið á fráleitum stað og of langt í burtu til þess, að af því mætti vænta verulegs árangurs. En sá læknir, sem hefur stjórnað þessu hæli, er dr. Helgi Tómasson, og hann var valinn vegna þess, að hann er manna fróðastur um þessa hluti og bezt fallinn til að gegna slíku starfi. Og hvað reynsluna í þessu efni áhrærir, þá hefur komið í ljós, að hann hafði rétt fyrir sér. Vistmönnum á hælinu fækkaði stöðugt og urðu alllengi síðast aðeins fjórir, en rekstur hælisins kostaði um 573 þús. kr., svo að það varð á milli 10 og 20 þús. kr. kostnaður á hvern sjúkling í fyrstu, en síðan hygg ég hann hafi numið talsverðu á þriðja tuginn, og þá stund, sem hælið hefur staðið, hefur það sem sagt kostað um 573 þús. kr.

Nú mundi einhver segja, að það væri nú fyrir sig, þótt kostnaður yrði mikill, ef mikill

árangur hefði náðst á hinn bóginn. En nú er það svo, að hann er nær eða jafnvel enginn. Og mér er sem ég sjái röksemdir hv. þm. Barð., eftir að þetta lá allt saman fyrir, og útmálun hans á því, hvernig ráðh. hefði rækt sínar skyldur, ef haldið hefði verið áfram á þessari sömu braut. Og þar hefði hann haft rétt fyrir sér. Slíkt hefði verið ill meðferð á fjármunum. Og það er enda svo að sjá, að hlutaðeigendur hafi áttað sig mjög fljótlega á því, að ekki væri mikils árangurs að vænta á þessum stað, og lagt til að flytja hælið á nálægari stað, þar sem auðveldara væri að hafa daglegt eftirlit. Hv. þm. Barð. þarf því ekki að berja sér á brjóst og hefja upp harmagrát vegna sjúklinga, sem af þessum sökum yrðu ofdrykkjunni að bráð. En mér finnst það hálfgerð kaldhæðni, af því að hann virtist tala af hlýjum hug um þessa starfsemi, að hann skyldi vilja halda henni á þeim stað, þar sem skilyrðin að dómi þeirra, sem bezt þekkja, eru þannig, að ekki er að vænta mikils árangurs, nema launa dýran lækni, sem ætti þar heima eða í námunda.

Ég ætla þá næst að víkja að því atriði, hvers vegna ég fór frá Skálholti, en í sambandi við það er rétt að taka það atriði úr ræðu hv. þm. Barð., sem fjallaði um kaupin á Skálholti. Menn hafa í seinni tíð gert mjög að umtali, að það þyrfti að fegra og bæta Skálholt. En þó að menn beri það mjög fyrir brjósti, hefur lent við málæðið eitt enn þá, nema ákveðið hefur verið að koma þar upp skóla. En svo vill svo einkennilega til, að sumir þeirra, sem mest hafa talað um að fegra staðinn, eiga nú jafnvel ekki aðra ósk heitari en ef hægt væri að drepa þessa stofnun. Það hefur verið þvælzt fyrir málinu árum saman af einum embættismanni ríkisins, og varð ráðh. að heimta af honum skil. Allt fram að því að ríkið keypti jörðina, hafði hún verið í einkaeign allt frá dögum Hannesar Finnssonar biskups. Hafa niðjar hans erft þessa jörð og byggt hana ábúendum þar frá ári til árs. Á haustnóttum fengu ábúendur fyrst að vita, hvort þeir fengju að vera kyrrir eða ekki næsta vor eða yrðu að flytja burt. Meira en á aðra öld gengur þetta fyrir sig, og ekki varð vart við neinar raddir um það, að hugsa þyrfti eitthvað um þennan stað og fegra hann. Hirðusemin um staðinn var ekki meiri hjá valdamönnum þessarar þjóðar en það, að ábúendur voru látnir sífellt búa við svo lamandi ábúðarskilyrði. Þegar ég flutti till. um það á Alþingi, að Skálholt sé keypt, stóð svo á, að eigandi Skálholts var þá fallinn frá. Þá var leitað eftir því að fá erlenda menn til að kaupa staðinn. Mér fannst það óbærilegt og þjóðarsmán, að slíkt ætti sér stað. Fyrir þá sök var till. flutt á þingi. Var hún samþ., en ekkert ákveðið um embættisbústað.

Að því leyti sem hv. þm. talaði um, að framið væri lögbrot, þá eru það allt saman staðlausir stafir. — Nú sé ég, að fundartíminn er liðinn í bili, og sé á hæstv. forseta, að hann muni óska að fresta fundi. Skal ég því fresta minni ræðu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vil fyrst beina því til hæstv. forseta, að ég er ekki fús til að tala hér yfir tómum stólum. Þegar hv. flm. flutti sína ræðu, var hér margt manna, og vil ég því að einhverjir hlýði á mig. — Ég endaði mál mitt síðast með kaupunum á Skálholti, og þá hafði ekki verið ákveðið, að þar yrði embættisbústaður eða aðrar ráðstafanir gerðar á jörðinni, og liggur ekkert fyrir um slíkar ákvarðanir. Það var misminni hjá mér, að ég hefði flutt till. um kaupin, og þakka ég hv. þm. Barð., að hann skyldi leiðrétta það. En ég mun hafa dregið mig í hlé. Ég var ábúandi í Skálholti, og ég þekki það mikið til íslenzkrar pólitíkur og þóttist vita, að hlaupið yrði til og sagt, að ég hefði gert þetta af eigingirni. Málið var flutt í Ed. af fjvn. og var samþ. þar. En ekkert var framkvæmt í þessu máli af hæstv. þáv. ríkisstj. En það var svo 1935 í sambandi við annað, að hv. þm. S-Þ. flutti till. um að kaupa Skálholt og hv. þm. Str., sem þá var landbrh., framkvæmdi kaupin. Og var mér byggð jörðin, og það var engin heimild til fyrir því, að ekki mætti byggja mér jörðina til lífstíðar, eins og hv. þm. Barð. sagði. Hann gat sagt sína skoðun, en hans orð eru ekki l. Brottför mín stafar ekki af ágirnd. En þeir, sem hér hafa talað undir rós, meina það. En við skiljum fyrr en skellur í tönnunum, og þeir ættu að vera þær kempur að segja það, sem þeir meina. Ég er sjálfsagt ekkert betri í þessum efnum en aðrir, en ég er heldur ekkert verri. Eftir því, sem hv. þm. Barð. segir, ætti þó ekki að vera neinn vafi á innræti mínu. En ég mun ekki biðjast neinnar vægðar. En ég taldi mig frjálsan að gerðum mínum. Og ég get sagt hv. þm. Barð., að ég var við því búinn, að þetta yrði lagt út á þennan veg. En hv. þm. Barð. hefur lagt sig fram um að láta sínar gerðir líta vel út, en mér finnst það hálfbroslegt, að það skuli vera skoðun ýmissa, að þetta sé eitthvert hneyksli, en ég get sagt hv. þm., að ég hef gefið ýmsu gætur, og ef þetta er hneyksli, þá má taka ýmislegt fleira. En ef þetta mál er rætt, á að segja hlutina með berum orðum, en ekki að vera með dylgjur. Fyrir ókunnuga, sem heyrt hafa ræðu hv. þm. Barð., þá hafa þeir fengið rammskakkar hugmyndir um málið, en ég mun koma að því síðar.

Ég varð var við það, að seta mín í Skálholti væri til fyrirstöðu fyrir búnaðarskólanum, en ætlaði mér ekki að standa í vegi þeirrar stofnunar. Ég ræddi málið við hæstv. þáv. landbrh., og tók hann vel í mál mitt, en sagði, að við yrðum að ræða málið nánar síðar. En ekki varð þó af framkvæmdum, því að hann hætti ráðherradómi skömmu síðar. Það var nú byrjað að grafa skurði í Skálholti og leggja veg að hinum fyrirhugaða skóla. En ég hafði ekki hugsað mér að hætta búskap, og þegar ég vissi, að leggja átti niður drykkjumannahælið í Kaldaðarnesi, spurðist ég fyrir um, hvort ég gæti fengið jörðina. Ég hafði hugsað mér að flytja frá Skálholti vorið 1947, en ríkið var þá enn með búrekstur í Kaldaðarnesi og notaði hús þar. Ég gat því ekki flutt þá, en varð áfram í Skálholti, sem ég hefði ekki gert, ef ég hefði komizt að jörðinni. En ríkið hafði búrekstur í sambandi við hælið og þurfti því húsin. Áður en til kaupa kom á Kaldaðarnesi og þegar ráðið var, að ég flytti frá Skálholti, óskaði ég eftir, að mannvirki mín í Skálholti yrðu keypt, og

jafnframt óskaði ég eftir kaupum á Kaldaðarnesi. Eftir l. á að leita eftir hjá vissum aðilum, hvort heimilt sé að kaupa jörðina, fyrst, hvort ákveðið hafi verið að nota jörðina til annars. Þau afnot, sem heilbrigðisstjórnin hafði haft þar, var ákveðið að flytja í burt að tillögu lækna hælisins, að flytja það nær Reykjavík. Þá hafði hæstv. ráðh. ekki séð sér fært að halda uppi sama og engu starfi, sem þó hafði mikinn kostnað í för með sér. Þetta mál heyrði því undir hæstv. landbrh. og hæstv. heilbrmrh. að því leyti, sem byggingarnar varðaði, og var vilji fyrir því, að landbrh. tæki landið til ráðstöfunar. Ég taldi, að mætti skipta landinu niður í býli, en hæstv. landbrh. var allt annarrar skoðunar og taldi, að aðalkjarni landsins væri eyðilagður. Og ef hv. þm. Barð. hefur athugað, hvað jörðin var metin fyrir stríð og svo nú, sér hann, að lækkunin liggur aðallega í þessu. Jörðin var athuguð með tilliti til að skipta henni í fleiri býli, en slíkt var ekki álitið mögulegt, nema með því móti að rækta nýtt tún og ræsa fram, og talið er mjög hæpið, hvort hægt verður að þurrka nema lítið. Þá var leitað til Búnaðarfélagsins, en þeir sögðu, að landið mundi ekki breytast svo við þurrkun, að hægt væri að nota það til ræktunar, og sögðust ekki leggja til, að jörðinni yrði skipt í fleiri býli. Spilda sú, sem tekin var til þurrkunar, liggur enn í plógstrengjum, og óttast menn, að ekki verði hægt að rækta landið, svo að það nægi einu býli hvað þá fleiri. Þá var leitað til sýslunefndarinnar, hvort sýslan mundi nota jörðina til opinberra þarfa, en hún sagði, að slíkt kæmi ekki til greina. Hreppsnefndin lagði einnig til, að jörðin yrði seld, og hefur sennilega ekki viljað, að hún yrði áfram í sama ástandi og eftir herinn. Þar hefur ekkert verið gert síðan, nema Búnaðarfélagið hafði þar námskeið, og er það eina túnið þar nú, sem þá var ræktað, um 100 hesta tún. Gamla túnið er eyðilagt og einnig tún nokkurra annarra jarða, sem notuð voru undir flugvöll.

Ég vil þá víkja að því, að þegar ríkið keypti alla torfuna á 115 þús. kr., þá fylgdi henni gamla sýslumannshúsið, sem var byggt 1892, hús fyrir 200 fjár, 20 hestar, og 36 kúa fjós, 2 hlöður heima, svo og jarðahús í Kálfhaga I og II, sem voru að fasteignamati nærri 10 þús. kr. virði. Ég kom ekki þangað fyrr en ég hafði keypt, en get gert mér í hugarlund, hve miklar breytingar hafi orðið þarna. Sýslumannshúsið hið sama er innréttað og forskallað að utan, járn hefur verið tekið af því og þakið eyðilagt. Húsið er því stórskemmt nú, liggur undir meiri skemmdum. Þá hefur verið byggt hús í Kálfhaga handa ráðsmanninum, og er það handa einni fjölskyldu. Þá er þar innréttaður braggi, sem notaður var sem matskáli handa dvalarmönnum á hælinu og stendur á moldargólfi á steyptum stólpum. Þá er haughús fyrir 6—7 nautgripi, sem sett hefur verið ofan í grunn, þar sem fjárhúsið var. Húsgrunnurinn hefur sennilega verið nothæfur sem slíkur, en er eyðilagður með þessu. Þegar metið var, var matsmönnunum upp á lagt að meta húsin eins og þau væru eins og í Skálholti, en einnig hvernig ástandið hefði verið, þegar ríkið keypti. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Barð. skilur, hvers vegna það var gert, en það er vegna þess, að landbrn. átti þetta. Það, sem heilbrmrn. hefur gert, tilheyrir því. Nú er svo ástatt, þegar metið er, að öll hús í Kálfhaga eru horfin. Önnur hlaðan fallin, gömul og léleg, en hin er sæmileg og stæðileg og svo þetta nýja hús. Matsmennirnir höfðu fyrirmæli um að meta þetta allt. Ég vil biðja menn að athuga, þegar talað er um mat, hvernig jörðin er og var. Það var talað um að hreinsa hana, en var ekki gert, og ætlaði n., að það mundi kosta um 300 þús., en ég held, að það muni kosta mun meira. Þess er að geta, að Hreiðurborg er ekki með í þessu mati og sölu og utan við það. Hún var metin á 16—17 þús. fyrir stríð með þeim byggingum, sem fylgja henni, en land er þar óskert. Viðvíkjandi matinu á þessum eignum að öðru leyti, þá vil ég nefna íbúðarhús ráðsmannsins, þ. e. aðalhúsið í Kaldaðarnesi. Það var metið á 125 þús. kr., en úti um byggðir landsins veit ég um ein 20 hús, sem kostuðu ekki nema 60—80 þús. kr., og hefur það sennilega verið fyrir aðra tilhögun á vinnu.

Sú eina búbót, sem jörðin hefur fengið eftir spjöllin á henni, voru þessir 6 ha., sem ég hef talað um áður, er Búnaðarfélag Íslands hélt þar verkfæranámskeið. Ef Búnaðarfélagið hefði ekki gert þetta, hefði sennilega ella ekki verið hreyfð ein þúfa eða steinn á jörðinni.

Ég ætla ekki að fara langt út í umtal um virðingu á mínum eigum í Skálholti. Ég ætla að lofa mönnum að dæma um það efni og gera sínar ályktanir í samræmi við drengskap sinn og manndóm. En eitthvað mundi það nú kosta hið opinbera að byggja yfir 700 fjár, 50 hross og 40 nautgripi. Ég hef að vísu heyrt menn segja, að ekkert af þessum byggingum væri nokkurs virði, og hefur mér þá auðvitað verið ætlað að ganga frá jörðinni án þess að fá eyri fyrir þessar eignir mínar. Það er náttúrlega leiðinlegt og sjálfsagt líka skaðlegt fyrir ríkið, að menn með slíkan hugsunarhátt skyldu ekki ráða og meta eignir mínar. Ég játa, að í þessu máli réðu ekki menn með slíkum hugsunarhætti, enda væri það aumt fyrir þegna þessa þjóðfélags, ef þeir hefðu þá valdsmenn yfir sér, sem beittu þá órétti. En þannig staðhæfi ég, að farið væri að, ef ekkert væri gefið fyrir byggingar á jörðinni, og mundu flestir viti bornir menn telja það ósæmilegt.

Minna má á í þessu sambandi, hvað byggingar yfir fénað hafa stundum kostað hið opinbera. Fyrir tveimur árum var byggt á einni jörð hins opinbera 11 gripa fjós og hlaða. Með fjósinu var byggð for og haughús. Þessi bygging mun hafa kostað nær 250 þús. kr. Hvað mundi þá kosta hjá því opinbera að byggja yfir sem svarar þann fénað, sem húsin í Skálholti rúma?

Það kom fram í einu blaði hér nýlega, að mér hefði verið greidd nokkur þóknun fyrir að flytja frá Skálholti að Kaldaðarnesi. Grein þessi var nú heldur lágkúrulega skrifuð, því að greinarhöfundur sá ekki, að önnur óþægindi hefðu orðið að þessum flutningum fyrir mig en að beljur mínar hefðu orðið að ganga frá Skálholti niður að Kaldaðarnesi. Það er nú svo. Ég fer frá 30 kúa töðuvelli í Skálholti og kem með 30—40 kýr á jörð, þar sem enginn töðuvöllur er til og þurrlendisslægjur jarðarinnar ekki telj-

andi. Ríkið hefur rekið búskap á þessari jörð og hefur haft 10—12 stórgripi. Það hefur orðið að kaupa hey úti í Ölfusi og frá Eyrarbakka og Stokkseyri. Nú þýðir að vísu ekki að fjölyrða um slíkt sem þetta gagnvart þeim, sem hafa lítinn skilning á því, hvað þetta þýðir. En sú upphæð, sem mér var greidd fyrir sjáanlegt afurðatap, sýndi að vísu vinarhug og sanngirni í minn garð, þó að hv. þm. Barð. hefði önnur orð um þetta, en hræddur er ég um, að sú upphæð éti sig meira en upp í afurðatapi hjá mér strax á fyrsta ári. Yfir þessu er ég þó ekki að kvarta, en ég dreg það fram til þess, að þeir, sem eru að reyna að gera sér mat úr þessu, geti tekið það með í reikninginn, ef þeir vilja sýna sanngirni og hafa nokkurt vit á búskap.

Þá vík ég máli mínu að verki virðingarmannanna. Nær undantekningarlaust er það þeirra verk, sem lagt var til grundvallar við þessi eignaskipti. Það er þá fyrst Pálmi Einarsson landnámsstjóri, sem hefur meiri æfingu á þessu sviði en nokkur annar Íslendingur, og hefur fáum verið sýndur jafnmikill trúnaður af hálfu landbúnaðarins og samtaka bænda, og mun enginn efa, að tryggt sé, að niðurstöður hans byggist á þekkingu og sanngirni. Annar virðingarmannanna er smíðameistari á Selfossi, Kristinn Vigfússon, sem ég þekki ekki nema rétt í sjón, en ég veit, að hann er alvanur virðingamaður, sem gerir ekki annað en hann álítur rétt og er álitinn af þeim, er þekkja hann, hæfileika- og sæmdarmaður. Þriðji matsmaðurinn er bóndi í Grímsnesi, Guðmundur Guðmundsson, Efri-Brú, og þeir, sem hann þekkja, vita, að hann leysir allt, sem honum er trúað til að gera, af hendi með mikilli samvizkusemi.

Eftir ræðu hv. þm. Barð. að dæma hefur hann ekki ætlað þessum mönnum að meta eins og þeir teldu rétt, eða hvert verðmæti þess metna væri, a. m. k. ekki það, sem ríkið átti, heldur leggja þar til grundvallar reikninga yfir kostnað við endurbætur eða viðgerðir á húsunum í Kaldaðarnesi og kostnað við byggingu ráðsmannshússins. En þá er þetta ekkert mat. Ég veit dæmi þess, að það opinbera varð að byggja á einni jörð sinni íbúðarhús, fjós, sem rúmar 11 gripi, og hlöðu, og kostaði það samtals yfir hálfa milljón króna. Þetta er ekki sérlega stór jörð, en þó sæmileg bújörð, og hægt er að gera hana betri, eins og er með flest býli í landinu. Ef hv. þm. Barð. ætti að meta þessa eign, dytti honum þá í hug, að það væri verðmæti eignarinnar, sem búið er að kosta til hennar? Engum dettur í hug, að nokkur búskapur gæti borið nema brot af því verði, svo langt erum við komnir af réttri leið. Ég lét matið með öllu íhlutunarlaust, og það veit ég, að hæstv. ráðherrar gerðu líka. Við höfðum enga íhlutun um niðurstöðu matsmannanna, og ef hv. þm. Barð. eða einhver annar dregur það í efa, þá skora ég á hann að leita sér upplýsinga um það. Það væri nær að spyrja matsmennina sjálfa og leiða þá sem vitni en vera hér með svigurmæli og sleggjudóma. Það hefur mikið verið talað um hælið í Kaldaðarnesi. Hvað var þetta hæli? Það var gamla sýslumannshúsið, sem var embættisbústaður um skeið og heimilishús, byggt 1892. Það var gert við húsið. Þá var innréttaður einn braggi og komið fyrir í honum borðstofu og eldhúsi. Braggi þessi er eins og svo margir hermannabraggarnir voru, stendur á steinstöplum, á moldargólfi og klæddur járni að utan. Þá var byggt hús yfir ráðsmanninn. Matsverð mun nú vera talið fullkomlega nógu hátt. Það er 125 þús. kr., tvöfalt hærra verð en sams konar hús hafa verið byggð fyrir sums staðar í sveitum. Yfir þessu er ég samt ekki að kvarta, því að ég vildi gjarna, að ekki væri hægt að segja, að metið væri mér í vil.

Þá hefur verið minnzt á hreinsunargjaldið, sem mér var greitt. Ef ég framkvæmi hreinsunina, á ég að endurgreiða gjaldið. Ég held, að enginn, sem til þekkir, geri ráð fyrir, að ég græði á þessu. Ég veit dæmi þess, að það opinbera lét hreinsa nokkuð stóra lóð og hafði til þess eigin tæki og þau fullkomin. Það kostaði 75 þús. kr. „Dýr mundi Hafliði allur", dýrt mundi hafa reynzt því opinbera að hreinsa allt Kaldaðarnesland, ef það hefði átt að annast það, eftir þessu.

Ef ég hefði sérstaklega sett mér það mark að hagnast á þessum kaupum, þá sá ég ósköp vel aðra leið til þess en þá, sem ég fór, og er ég þó enginn kaupsýslumaður. En ef ég hefði sett mér það mark, þá hefði ég farið allt öðruvísi að. Ég vissi um álit þeirra manna, sem dæmdu Kaldaðarneseignina úr leik til skiptingar í mörg býli, og um álit sýslufélagsins, Búnaðarfélagsins og hreppsnefndarinnar. — Hreppsnefndin vildi, að hún kæmist fyrst og fremst í örugga ábúð. Ef ég hefði endilega viljað komast að góðum kjörum, þá hefði ég eftir að búið var að byggja mér jörðina, beðið með að kaupa hana í þrjú ár, og þá átti ég heimtingu á eigninni og hefði fengið hana með fasteignamatsverði. Nú segja spekingarnir, að salan hafi ekki farið löglega fram. Hvað mundi nú hæft í því? Nú keypti ég jörðina áður en ég hafði búið þar í þrjú ár. En ég hafði búið í Skálholti frá því að ríkið eignaðist þá jörð og reyndar miklu lengur, og ákvæði laganna um þriggja ára búsetu sem skilyrði fyrir því, að hægt sé að selja ríkisjarðir, er náttúrlega sett til þess að tryggja, að ríkið hafi áður kynni af viðkomandi bónda, hve líklegur hann sé til að búa og annast jörðina. Menn geta svo talað um, að ég sé enginn bóndi, ef einhver heldur, að hann verði feitur á að japla á því. Það er ég ekki að fást um. En ef ég er svo fordæmanlegur sem bóndi að einhverra dómi, að mér bæru ekki þessi réttindi, þá gæti sú staðhæfing hitt því miður fleiri bændur og verið nokkur ásökun í garð bænda yfirleitt, og fer vel á því hjá þeim, sem fyrst og fremst vilja láta telja sig sem hina einu sönnu bændavini, að halda því fram.

Hæstv. landbrh. leitaði til landbn. Alþ. til frekara öryggis út af þriggja ára búsetuákvæðinu, og mun meiri hluti nefndanna hafa skilið það svo, að aðalatriðið og andi laganna væri, að viðkomandi hefði búið á jörð í eigu ríkisins þetta tímabil, svo að ríkið hefði haft af honum kynni, en ekki endilega á þeirri ríkisjörð, sem hann falaði til kaups. Og áður en meiri hluti landbn. hafði fellt þennan úrskurð, hafði ég leitað álits eins færasta lögfræðings í þessu landi á þessu atriði, hvort hann teldi, að minn

réttur væri nokkuð rýrður með því að flytja á milli jarðanna og kaupa Kaldaðarnes strax, og sagði hann hiklaust, að hann teldi, að ég hefði þegar fullnægt þessu ákvæði eða skilyrði um búsetuna. Nú hefur hins vegar komið fram hjá hv. þm. Barð., ef ég hef skilið hann rétt, að hér væri um lagabrot að ræða, en ég er sannfærður um, að þessi gerningur mun standast fyrir hvaða dómi sem er. Það er vafalítið að dómi fjölda lögfræðinga, sem ég hef talað við. Þeir segja, að þetta sé ekki umtalsvert.

Nú kom það fyrir hér fyrr í umr. um þetta mál, að hv. þm. Dal., Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður, kvaddi sér hljóðs, að því er hann sagði til að bera af sér sakir í sambandi við það, er hæstv. ráðh. leitaði álits landbn., en hv. þm. Dal. var víst í minni hluta nefndanna og andvígur sölu Kaldaðarness á grundvelli búsetuákvæðisins. Og mikils þótti honum nú við þurfa að túlka skilning sinn. Hann lét þess þó getið, að samkvæmt anda laganna væri nú allt í lagi með fullnægingu búsetuskilyrðisins. *(ÞÞ:* En bókstafurinn blífur.) En hvað það var líkt hv. þm. Dal., að það væri ekki andi laganna, heldur bókstafurinn einn, sem gilda ætti. Það hefði verið út af fyrir sig, ef ég hefði sagt þetta, þar sem enginn á neitt undir dómfellingu minni í þessu landi, svo að segja mætti með nokkrum rétti, að slík yfirlýsing af minni hálfu segði ekki svo mikið, hvorki til né frá. En öðru máli gegnir með hv. þm. Dal., sem ég hef ekkert nema gott eitt um að segja. Það horfir öðruvísi við, er hann, dómarinn, lýsir því yfir, að andi laganna eigi engu að ráða, undir dómsorði hans geta menn átt mikið. Þetta hefði e. t. v. getað hljómað vel á þeim tíma, er allt var bundið og heft og reyrt í andlega fjötra, og þar sem valdið var látið ráða, hvað sem réttinum leið, en það hljómar illa nú og er hæpið, að ekki sé meira sagt, á þeim tímum frjálsræðis og lýðræðis, sem vér lifum nú á.

Hv. flm. þessa máls sagði, að það hefði ekki verið leyfilegt að selja jörðina, sennilega af einhverri annarri ástæðu en þeirri, sem ég var nú að minnast á.

Það rn., sem jörðin heyrði undir, samþ. söluna, og öll skilyrði voru uppfyllt. Og þá er ekki eftir nema eitt, og það er það, að ríkið hefði ekki átt að selja jörðina. Og þá liggur næst að spyrja: Hvers vegna hefði ríkið ekki átt að selja jörðina? Þá er að svara því. Ekki var álitið, að hægt væri að nota hana til býlafjölgunar, það þykir ekki hentugt að koma þar upp byggðahverfi sakir þess, hvað landið er blautt og hallalaust. Ekki hentaði stjórnarvöldunum hún til notkunar fyrir sig. Ekki var hægt að byggja hana, nema þá frá ári til árs, þ. e. a. s. með ársuppsagnarfresti, og engum dettur í hug, að nokkur hefði tekið jörðina upp á þau kjör. Það hefði enginn verið svo vitlaus, sem veit hvað er að búa. Þá er eitt orðið eftir, að ríkið byggi sjálft á jörðinni. Ég hygg, að sá maður, sem átti að sjá um vinnubrögðin þar, hafi gert sitt bezta til að hafa það í lagi. En útkoman er þessi á búskapnum hjá því opinbera, sem hefur 10—12 stórgripi, að þar verður að kaupa heyið og langt frá því, að það borgi sig. Og það gefur auga leið, þegar vitað er, hvernig ástatt er um búskapinn, ekki eingöngu hjá því opinbera, heldur jafnvel þeim mönnum, sem eiga allt sitt undir, að vel fari, hvernig útkoman hefði orðið á þessum stað, þegar ríkisbúin, sem byggja sinn búskap eingöngu á ræktuðu landi með öllum beztu tækjum, sem við eigum völ á, og reikna sér hærra verð fyrir sínar afurðir en nokkur bóndi, berjast í bökkum, sumpart með nokkurt tap og stundum með aðeins lítinn gróða, en sum þessi bú með allmikið tap, — hvernig mundi þá útkoman hafa orðið á þessum stað með þeim skilyrðum, sem þar eru fyrir hendi? En það er það eina, sem hægt er að halda fram í sambandi við jörðina, að ríkið hefði átt að búa, og það er hægt að halda því fram, en málið hefur ekki verið sótt á þeim grundvelli.

Það eru nokkur atriði í grg. þessarar till., sem eru mjög hæpin og að mestu leyti sennilega þó á misskilningi byggð. En það yrði sennilega nokkuð langt mál, ef ég færi að rekja þau. Ég hef nú drepið á þau atriði, sem skipta máli, og í höfuðatriðum skýrt hvernig því er varið, og ég hygg, að menn geti gert sér í hugarlund að mestu leyti, hvað hér er um að ræða.

Svo er bezt, að ég snúi mér að Kaldaðarnesi, en ætla að sleppa því, sem viðkemur Skálholti, vegna þess að ég veit, að hv. þm. Barð. hefur engan kunnugleika þar, og sennilega heldur ekki á hinum staðnum. Ég veit ekki til, að hv. þm. Barð. hafi komið í Kaldaðarnes til að kynna sér, hvað þar er að sjá, en það skyldi maður ætla, ef menn hyggjast kveða upp þunga dóma, að þá hafi þeir mikið í bakhöndinni til að verja slík orð. Ég vil þá gefa honum lýsingu á því, hvað þarna er um að vera. Gamla húsið hefur verið innréttað og forskallað að utan, lítið haughús byggt og ráðsmannsbústaður. Það hefur verið innréttaður braggi og honum skipt í sundur í borðstofu og eldhús, og þetta eru mannvirkin. Hvað áttu nú matsmennirnir að gera? Áttu þeir ekki að líta á þessar eignir og reyna að komast að niðurstöðu um, hvert verðmæti væri í þeim fólgið? Og að þeir fóru ekki eftir reikningum, heldur hvert verðmæti er í þessu fólgið, það þori ég að fullyrða, á hvorum staðnum sem var. Hitt er svo annað mál, að það getur eitthvað verið frá eða til, þegar um smáupphæðir er að ræða. Ef hv. þm. Barð. hefur minnsta inngrip inn í, hvað byggingar kosta, þá getur hann gert sér í hugarlund, hvaða þýðingu það hefði fyrir þennan aðila nú að reka búskap á þessum stað, þegar hann er búinn að koma upp peningshúsum, ef það væri nokkur búfénaður að ráði, en þá er það í viðbót við það, sem er, og kemur því ekki þessu máli við. En það er aftur það, sem ég hef látið af höndum þar, sem ég fór frá. Ég er ekki viss um, að hv. þm. Barð. — nema hann sé alveg litblindur á þessi mál — þegar hann er búinn að koma í Kaldaðarnes og athuga, hvað þar er að sjá, að hann komi með þungar ákúrur á matsmennina, og þess eins sakna ég um hv. þm. Barð., — því að ég vil ekki, að hann sé með sleggjudóma á hendur mönnum, ekki einu sinni mér, — að hann skuli ekki hafa komið þar, og vil ég bjóða honum að koma austur að Kaldaðarnesi og sjá hvað þar er að sjá, því að ég er ekki svo mikið búinn að færa úr lagi enn þá. Hv. þm. segir, að

allar vonir hafi staðið til þess, að það hefði orðið góður árangur af hælisvistinni í Kaldaðarnesi. Hví segir nú hv. þm. þetta? Það getur vel verið, að það hafi verið upphaflega góðar vonir, og ég efast ekki um, að þeir, sem stóðu fyrir því, hafi gert sér í hugarlund, að þetta yrði glæsilegt. En hamingjan góða, en reynslan? Reynslan er þó ólygnust. Þegar hælisvistin kostaði um árið 14—15 þús. kr. fyrir hvern mann og svo þegar það er komið upp í 20 þús. kr. á mann og þar yfir fyrir hvern mann og þegar þeir, sem umsjón höfðu með þessu máli, segja, að árangur hafi orðið lítill eða nær enginn, og þegar búið er á þessum stutta tíma að verja 570 þús. kr. bara til rekstrar hælisins, burtséð frá öllum byggingum, því segja menn þá þetta? Einhvern tíma stóðu góðar vonir til, að árangur yrði að þessu, en þær vonir hafa orðið sér til minnkunar, án þess að ég sé að gefa þeim það að sök, sem byggðu vonir sínar á þessu. Hv. þm. Barð. minntist á Reykjalund í þessu sambandi, en ég veit, að hann fer ekki að jafna þeim saman, þessum sjúklingum og sjúklingunum á Reykjalundi, því að það er allt annars eðlis.

Hv. þm. taldi upp, hvaða jarðir mætti ekki selja. Ekkert af þeim skilyrðum hefur verið brotið. Hann getur haldið því fram, að það hefði átt að halda þessum rekstri áfram, hvað sem það kostaði og hvernig sem gekk, en úr því að búið var að fara með það, þá var ekkert til fyrirstöðu, að það mætti fara með þessa jörð eins og aðrar jarðir. Hv. þm. sagði, að það mætti ekki selja höfuðból. Hvar er það í l.? *(GJ:* Ég sagði aldrei, að það mætti ekki selja höfuðból.) Ég vil ekki halda því fram, ef hv. þm. hefur ekki sagt það, en mér heyrðist hann segja það. En þó að svo hefði verið, þá vil ég benda honum á það, sem verulegu máli skiptir, að mikið af bújörðinni er þannig eyðilagt, að ekki verður bót á ráðin. Það kann reyndar að vera, að það lagfærist eitthvað af því eftir 100 ár, en þá held ég, að hún sé orðin nokkuð mikið annað en það, sem hún var einu sinni.

Ég hef svarað því áður, sem hann drap á viðvíkjandi því, þegar ég flutti það mál, að ríkið keypti og hefði jörðina til sölu, og ég hefði gert mér í hugarlund, að það væri hægt að skipta jörðinni í fleiri býli, hún væri þeim kostum búin, að það væri mögulegt. Nú hefur gerzt tvennt: að kjarni jarðarinnar er eyðilagður, og svo kom það í ljós, þegar farið var að nota hana, að hún er svo blautlend og láglend, að ekki er talið fært að þurrka hana, svo að hún geti orðið ræktuð. Það var því horfið frá þessu. Þetta gat ég ekki vitað, þegar ég flutti málið.

Hv. þm. taldi, að það hefði ekki þurft að greiða fyrir för minni frá Skálholti, það hefði verið hægt að koma upp skólanum og taka jörðina, hvað sem minni búsetu leið þar. Ég hef áður að því vikið í sambandi við það, sem ég minntist á hjá fyrrv. landbrh., Pétri Magnússyni, hvernig hann leit á það mál, og seint mundi ég hafa gripið til þess réttar, en vel hefði getað verið sá maður í þessu embætti og hagað sér þannig, að ég hefði sýnt honum fram á, að ég væri ekki óviðkomandi aðili. Það getur verið, að hv. þm. Barð. finnist, að þannig hefði verið hægt að búa að mér þarna, en ég er hræddur um, að það hefði orðið haldlaust. Hv. frsm. nefndi nokkrar tölur viðvíkjandi byggingarkostnaði, sem ég hef ekki séð, og getur verið, að sé rétt með farið, en það skiptir ekki miklu máli. Mínar eignir, sem metnar voru, voru metnar hátt á annað hundrað þúsund krónur. Það hefði þó orðið að borga það. Hv. þm. brosir að því. Hann telur kannske, að það hefði ekki átt að borga það, en ég er ekki viss um, að hann hefði viljað láta búa þannig að sér, og ég býst við, að hv. þm. kunni að meta fjármuni, ekki síður en ég, og segi ég honum það ekki til lasts, sé hóflega að því farið. Það er frekar kostur heldur en ljóður á ráði manna.

Hv. þm. sagði, að ég hefði tekið að mér verk, sem ríkið ætlaði eitt sinn að gera. Ef ég stend ekki við þær kvaðir, sem heyra til svona jörð, þá getur ríkið tekið fyrir það fasteignamatsverð. Yfir þessu er því ekkert að kvarta, því að þeim, sem að þessari lagasetningu stóðu, gekk annað til en að sá, sem kemur á jörðina, hefði hagnað af þessu, það er fyrir framtíðina gert, og var ég vissulega fylgjandi að samþykkja það, þegar slík löggjöf var sett. Hv. þm. fannst, að það væri eitthvað skrýtið hjá matsmönnum, að þegar þeir eru búnir að meta landverð jarðarinnar, þá draga þeir frá eyðileggingu á landinu sjálfu. Nú verður hv. þm. að hafa í huga, að nokkur hluti jarðarinnar er ekki með í sölunni til mín, og áður var allt söluverðið með öllum húsum 115 þús. kr. Nú gengur þessi jörð, sem er nokkur hluti úr jörðinni, undan, og það, sem var áður verðmætt í landi jarðarinnar, það er eyðilagt, og hv. þm. ætti að kynna sér, hvað það var mikill hluti úr verðmæti jarðarinnar á þeim tíma, þegar ríkið keypti. En ef þessi sala hvað verðmæti áhrærir er svona fjarri því að vera há og ríkið átti að hafa meira upp úr henni með öðrum hætti, hvað mátti þá segja um söluna hjá fyrri eiganda, þegar ríkið kaupir? Jörðin með öllum þeim byggingum, sem þá voru á jörðinni, þó að þá væri annar mælikvarði á peningum, var seld fyrir 115 þús. kr. Nú kaupir ríkið ekki fyrr en 1940, og þá var komin veruleg verðhækkun á jörðum, en þegar ég kaupi, þá er að vísu hátt verð á jörðum, en þó farið að ganga til baka, en þetta fór allt eftir mati. Einhvern veginn finnst mér, — og er ég ekkert að kvarta í sjálfu sér yfir því, sem hv. þm. Barð. ber fram, — ef öðruvísi hefði staðið á, ef það hefði ekki verið framsóknarráðherra, sem seldi, og framsóknarmaður sem keypti, að þá hefði hv. þm. ekki látið sér svona tíðrætt um þetta mál. Röksemdafærsla hans, úr því að hann ekki hélt því eina fram, sem eftir var, að ríkið ætti að stunda búskap á jörðinni, er því alveg fallin um sjálfa sig. En hefði hann haldið þessu fram, þá hefði það verið afstaða til málsins, sem var þó hægt að fóta sig svolítið á. Hann vék svo að því seinast í ræðu sinni, að það hefði þarna verið meira verðmæti, fríðindi, sem hefði verið greitt til mín sem þingmanns, og tileinkaði það hæstv. landbrh. sem flokksbróður mínum og mér sem flokksmanni hans. Nú veit hv. þm., hvernig þetta er til orðið. Sé þetta á þeim grundvelli, sem hann vill vera láta, hann meini, að þetta sé rétt, þá verður hann að saka matsmennina. Þá er hann að gefa í skyn, að þeir hafi rofið

þann trúnað, sem þeim er sýndur, þegar þeir eru dómkvaddir til að gera þetta verk og gera það rétt. Allt hans tal um þetta, og fleiri manna, — þegar t. d. hv. þm. A-Húnv. segir, að öll meðferð ráðh. á þessu máli hafi verið eins og hann hafi ætlað að gefa mér eignina, — allt þeirra tal, fullyrðingar og sleggjudómar byggist á því, að matsmennirnir hafi brotið sína skyldu, því að allt, sem máli skiptir, er þeirra verk viðvíkjandi þessum kaupum, svo framarlega sem kaupin fóru fram. Ef hv. þm. vill komast frá þessu, og þeir, sem eru með þennan són, þá á hann ekki að vera að tala um það á þessum grundvelli, heldur halda sér við það eitt, að það hefði ekki átt að selja jörðina. Svo er það þeirra, hvernig þeir ætla að renta hana og gera hana svo úr garði, að hún yrði ekki til vansæmdar ríkinu, — þeir, sem vildu halda því uppi, en hvort það hefði ekki komið við ríkissjóðinn og orðið að vera meðgjöf, það er annað mál. Ég á kost á því oftar, ef ég vil, að reyna réttlætiskennd þeirra herra, sem gera þetta að umtalsefni, að þarna hafi ég hlotið sérstök fríðindi. Ég er ekki svo sérlega orðsjúkur maður, en hitt dettur mér ekki í hug, að taka við því þegjandi, þó að einhverjir sletti halanum og geri allt forugt í kringum sig eins og þeir eru sjálfir, en sízt af öllu vildi ég láta því ómótmælt, að saklausir menn, sem tekið hafa að sér þetta verk og enginn efast um, að hafi vandað sitt verk, að það sé verið með svívirðingar og sleggjudóma á hendur þeim hér á Alþ. En það er ekki hægt að tala um þetta mál á þessum grundvelli öðruvísi en að það falli skuggi á þá, ef einhver leggur trúnað á það. Ég á kost á því sjálfsagt síðar að reyna réttarmeðvitund þessara manna, hvernig hún er til staðar, í því starfi, sem ég hef. Það skiptir að sjálfsögðu engu máli upp á þetta atriði, sem hér er talað um, bara ef það er rétt mál. Ég óska ekki eftir neinni vægð eða miskunn, hvorki í þessu máli né öðru, en á heimtingu á því, að það sé sagt hreint út með rökum, en ekki staðhæfingum og dylgjum um það, sem ekki er.

Það eru nokkur atriði í grg. fyrir till., sem ég get ekki verið að eltast frekar við, ég hef beint og óbeint komið að þeim atriðum, sem máli skipta, en gef ekki um að fara nánar út í það í þetta sinn. En það er ekki öll nótt úti enn. Ég mun reyna við önnur tækifæri, þegar mér þykir það eiga við, að sjá, hvort réttlætisgyðjan er ávallt í hásæti hjá þeim þm., sem sérstaklega hafa lagt sig fram um þetta mál og reynt að telja mönnum, innan þings og utan, trú um, að hér hafi verið framið réttlætisbrot og farið illa fjármunalega með það opinbera.

Ég mun svo láta lokið mínu máli að þessu sinni. Ég ætla að bíða átekta og sjá, hvað meira kann að koma fram, og gæti þá viljað til, að ég bæði um orðið til þess að koma að einhverjum aths. eða leiðréttingum, ef það yrði ekki alveg hárnákvæmt, sem farið er með.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Mér datt í hug, er hv. þm. Barð. flutti mál sitt hér í dag, er hann kom með sína langsóttu lagabókstafi, þá datt mér í hug dómari, sem er að verja mjög hæpið mál. Það vantaði ekkert annað en að dómarakápan væri komin á hans breiðu herðar, og ég hugsaði sem svo: Ætlar hann sér að eyða öllu þessu púðri á mig? En svo sá ég, þegar hann tók að vega að hóp framsóknarmanna, að þá var hann ekki ólíkur þeim mönnum, sem hafa talið það gæfu lífs síns að raða andstæðingum sínum í kringum sig og skjóta síðan á þá af hríðskotabyssu sinni. En mig verkjar hvergi undan þessum pappírskúlum hv. þm.

Ég skal ekki tala hér langt mál nú. Allt hefur áður komið fram í þessu máli, þó að búningur formsins sé nýr. Og þrátt fyrir ýtarlega framsögu hv. þm. Barð., þá hefur hann ekki sannfært mig um eitt einasta atriði með máli sínu né komið fram með neitt, sem áður hafði ekki verið leitt inn í umr. þær, er fóru fram hér á dögunum. Ég hef þess vegna kosið að gera langt mál stutt, en mun drepa á þá þætti málsins, sem snerta ásakanir hv. þm. á ríkisstj. varðandi þetta mál.

Ég skal þá byrja á því að gera grein fyrir afskiptum mínum varðandi Skálholt. Hv. þm. taldi brottflutning ábúandans hafa verið óþarfan og sagði, að hann hefði getað búið þar áfram, þó að ríkið hefði ákveðið að setja þar upp búnaðarskóla. Vegna þessara ummæla vil ég endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að er ég tók við embætti mínu, þá var mér falið að hrinda þessu máli áleiðis, sem allt Suðurland hafði áhuga fyrir að kæmist í framkvæmd. Nú var það vitanlegt, að Jörundur Brynjólfsson hafði lífstíðarábúð á jörðinni. Ég bauð honum að sitja áfram, en hann færðist undan því, en vildi búa áfram í því héraði, sem hann hafði búið alla ævina, og vildi fá að búa sér og sínum í haginn, það sem eftir væri ævinnar. Hann gerði kröfu til þess að fá aðra jörð og að verk sín yrðu metin, en aðrar kröfur gerði hann ekki. Þetta fannst mér mjög eðlilegt. Hins vegar var vitanlega sá möguleiki að beita valdboði og láta hart mæta hörðu og taka jörðina af bóndanum með þeim hætti, en til þess þurfti að meta jörðina af dómkvöddum aðilum. Enginn þarf að halda, að það mat hefði orðið lægra en mat þeirra manna, sem framkvæmdu og gerðu matsgerðina, er skiptin á jörðunum fóru fram, en þeir voru skipaðir af sýslumanninum á Selfossi. Það var því ekkert annað ráð vænna, svo framarlega sem hægt væri að vera trúr því málefni að hrinda í framkvæmd skólastofnuninni, að ábúandi Skálholts fengi greiðslur fyrir eignir sínar þar á staðnum samkvæmt mati. Því varð það að ráði, að reynt var að útvega honum annað jarðnæði innan héraðs þess, sem hann hafði í búið um áratugi. Og það var gert. Ég leitaði víða að býli, sem ábúandi Skálholts gerði sig ánægðan með og væri eign ríkisins, en sú viðleitni varð árangurslaus, þar til minnzt var á Kaldaðarnes. Nú hefur hv. þm. Barð. ásakað mig um það, að ég hefði ekki mátt selja Kaldaðarnes, og skírskotaði hv. þm. til þess, að það séu fyrirmæli í l. um það, að ekki megi selja jarðir, sem eru eign ríkisins, en mega teljast heppilegar til þess að reka þar opinberan rekstur á einn eða annan hátt. Þetta er rétt, og athugaði ég þá hlið málsins mjög ýtarlega. Í Kaldaðarnesi hafði verið gerð tilraun með

rekstur á drykkjumannahæli, og var sú tilraun, þegar hér var komið sögu, að enda sitt skeið; hafði hún misheppnazt. Jörðin var þannig í sveit sett og þótti vera í því ásigkomulagi, að ekki var talið mögulegt að halda þeirri starfsemi áfram á þeim stað. Þennan vitnisburð hef ég fengið frá landlækni og öðrum trúnaðarmönnum, sem höfðu þekkingu til að dæma um þetta. Þetta býli, sem í eina tíð var höfuðból, var nú orðið þannig sett, að illmögulegt var að heyja þar til nytja. Tún voru í mikilli niðurníðslu og útengi hafði verið eyðilagt, er flugvöllur var gerður þar á stríðsárunum. Var því svo komið málum, að það hefur orðið að kaupa hey til að fóðra búpeninginn, eins og hv. 1. þm. Árn. benti réttilega á í ræðu sinni hér áðan. Er svo var komið málum, að heilbrmrn. vildi losa jörðina til ráðstöfunar fyrir landbrn. og vildi ekki halda jörðinni lengur fastri, var augastaður fenginn á jörðinni fyrir ábúandann í Skálholti. Rekstur ríkisins þar fór lengra og lengra niður, og er hælið var flutt af jörðinni, tók atvmrn. við henni. Ein ástæðan, sem hv. þm. hélt fram fyrir því, að þetta hafi verið rangt, að leggja hælið niður í Kaldaðarnesi, var sú, að ríkið hefði getað stofnsett þar nýbýli. Það er að vísu rétt, en það Kaldaðarnes, sem við þekktum 1937, 1938 og árið 1939, er annað en það Kaldaðarnes, sem við þekkjum árin 1946, 1947, 1948 og 1949. Það er búið að eyðileggja allt hið mikla tún, sem þar var, og bezta hluta jarðarinnar með því að byggja á honum flugvöll. Það er búið að eyðileggja jörðina, en annað land, sem óskemmt er, eru blautar engjar, sem erfitt mun vera að nytja til nokkurs gagns, nema ráðizt sé í stórkostlega framræslu, sem mundi kosta tugþúsundir, ef ekki hundruð þúsunda króna. Mátti því líta svo á, að tilgangur ríkisins að halda í jörðina væri lítill og úr sögunni. Ég taldi því rétt að reyna að ná samkomulagi við bóndann í Skálholti um það, hvort hann teldi sig geta tekið því boði að flytjast að Kaldaðarnesi, ef samningar tækjust að öðru leyti. Um þetta var leitað álits nokkurra aðila og þar á meðal Búnaðarfélags Íslands, og töldu þeir það gleðilegt, að jörðin kæmist í tölu bújarða.

Nú er það eitt atriði, sem hv. þm. kom að, að það væri óheimilt að selja þjóðjarðir, nema kaupandi hafi búið á jörðinni í 3 ár. Þegar þetta ákvæði var sett í l., var leitazt við að tryggja með því, að kunnugleiki fengist á því, hvernig búmaður ábúandi jarðar væri, og átti slíkt að vera nokkur trygging fyrir því, að óhætt væri að fá ábúanda jörðina í hendur. En þessi maður, sem við erum að ræða hér um, hafði búið í áratugi í sama héraði. Ef ríkið hefði viljað selja Skálholt, átti þessi maður skýlausan rétt til jarðarinnar fram yfir aðra, en hann gekk inn á fyrir atbeina ríkisvaldsins að flytjast á aðra jörð. Var því mjög eðlilegt, að tekið væri tillit til þessa. Það má kannske segja, að lagabókstafurinn hafi verið brotinn, en þessi ráðstöfun er fullkomlega í anda laganna. Það var mjög ánægjulegt, er hið nýja dómhús hæstaréttar var vígt, æðsta dómstóls landsins, er einn hinna merku lögfræðinga sagði í ræðu sinni, að rétturinn mundi leitast við að láta anda laganna ráða dómsniðurstöðum, en ekki binda sig við lagabókstafinn sjálfan. Landbn. Alþ. hafði á sínum tíma samið þessi l., en hér hefur tvo lögfræðinga í n. greint allmjög á, hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. Árn. En lögfræðinga greinir nú oft á, og skal ég ekki öðrum gera hærra undir höfði en hinum. Ég tel því, að eins lagalega hafa verið að jarðaskiptunum farið og efni stóðu til.

Þá kem ég að síðasta atriðinu í ásökunum þeim, sem fram hafa verið bornar í sambandi við söluna á þessari jörð. Hún er sú, að jörðin hafi verið seld vægu verði og 1. þm. Árn. verið gefnar á aðra milljón króna í þessum skiptum. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að sé þessi ásökun rétt, ber ekki fyrst og fremst að ásaka mig, heldur er verið að gefa til kynna, að eitthvað hafi óhreint verið við matsgerðina af hálfu hinna dómkvöddu matsmanna. Er hv. þm. Barð. flutti ræðu sína, var að heyra, að meðferð mín á þessu máli hafi verið þannig vaxin, að það liti út fyrir, að ég hefði viljað gefa þessum manni stórfé og ég hafi gert það fyrst og fremst sökum þess, að flokksbróðir minn átti hlut að máli. En til þess að fyrirbyggja, að nokkur misskilningur kæmi fram um söluna, óskað ég eftir því, að jörðin yrði metin, og bað ég sýslumanninn í Árnessýslu að skipa matsmennina. Ég óskaði einnig þess, að sýslumaður kveddi Pálma Einarsson landnámsstjóra til matsins, en það vakti fyrir ráðuneytinu að fá sem nákvæmast og sem réttast mat á jörðinni. En Pálmi Einarsson hafði um mörg ár verið trúnaðarmaður við matsgerðir ríkisstj. þeirra, sem setið hafa, og hefur hann víðtæka þekkingu í öllu því, sem við kemur búskap. Og svo er gefið í skyn, að ég hafi óskað eftir að fá hann í dóminn til þess að hafa hagstæð áhrif á matið fyrir kaupanda jarðarinnar. Þetta er hörð ásökun, en þeir, sem trúa þessu, verða að fá að lifa í trú sinni. Nú, þegar þessu mati var lokið, var samið við hinn nýja ábúanda jarðarinnar, Jörund Brynjólfsson, um þær kvaðir, sem hvíldu á jörðinni, og var metið að greiða skyldi 300 þús. kr. í hreinsunargjald af setuliðsnefnd. Ríkið tók ⅓ af þessum launum í byggingum og efni til ýmiss konar bygginga, sem þar voru. Ég hafði dálitla reynslu af því, að matsmenn sömdu um of lágar bætur fyrir spjöll, en bættu það upp með því að meta bragga og aðrar byggingar lágt. En hvað skeður hér? Ríkið tekur við byggingunum og selur þær, en Jörundur Brynjólfsson verður að taka við öllum spjöllunum og fær ekki nema ⅔, eða 200 þús. kr., og þar að auki fær ríkið að ráðstafa öllum eignunum, sem það síðan selur, en hinn nýi ábúandi fær ekki nema helminginn af því, sem byggingarefnið var metið á. Ég er því sannfærður um, að ríkið hefur losnað við miklar fjárhagslegar skuldbindingar og byrðar og að sá pistill í söknarskjalinu, sem á að vera áminning til mín um að fara vel með fé ríkisins, missir marks, því að ég hef í þessu máli einmitt farið eftir eða samkv. áminningu hv. þm. Ég er sannfærður um það, að ef ríkið ætti að standa við loforð um að bæta þessi spjöll, þá mundi það kosta miklu meira. Og ég bar það undir menn með mikla reynslu í þessum efnum, og þeir svöruðu: „Í guðanna bænum slepptu því, því að ef ríkið á að fara að kosta hreinsun, þá verður það miklu

dýrara.“ Ég hef líka reynslu héðan úr bænum, þar sem hreinsun á röskum hektara af landi með jarðýtum og öðrum nýtízku vinnuvélum kostaði 70 þús. kr., en þarna var um tugi hektara að ræða. Og ég er sannfærður um það, að bæði fjárhagslega og frá öðrum sjónarmiðum séð var það, sem gert var, það réttasta, sem hægt var að gera í þessu máli. Og ég er sannfærður um það, að ef ég ætti að framkvæma slíkt aftur, þá mundi ég gera það, svo framarlega sem ég hefði hagsmuni ríkisins fyrir augum.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því, að hv. þm. Barð. komst þannig að orði, að ljótasti þátturinn í þessu máli væri sá, sem ég hefði staðið að, að afhenda atvmrh. hælið í Kaldaðarnesi til meðferðar og til þess að leggja það niður — út af þessu vil ég segja nokkur orð. Þótt það verði að mestu leyti endurtekning á því, sem ég hef áður sagt, þá verð ég að svara þessum sakargiftum hv. þm. með því að draga fram nokkur atriði.

Ég vil þá í fyrsta lagi benda á, að ástandið var þannig á hælinu í Kaldaðarnesi, að síðustu árin voru þar ekki nema 4—5 vistmenn — fór jafnvel niður í einn, en kostnaður var mjög mikill. Hv. þm. vildi halda því fram, að það hefði verið vanrækslu minni að kenna, að hælið var ekki meira notað. Vitaskuld gat þó heilbrmrn. engu ráðið um það, hverjir fóru á hælið. Og ég get því bent hv. þm. á það, að þetta er alger misskilningur. — Þá taldi hv. þm., að í stað þess að leggja niður hælið, hefði verið nær að endurbæta reksturinn, setja því sérstakan forstöðumann og lækni o. s. frv. Það var auðvitað hugsanleg leið að gera það að lækningahæli með slíku móti, en ef hún hefði verið farin, hefði það sýnt sig, að hún hefði orðið gífurlega kostnaðarsöm og rekstrarhallinn orðið óskaplegur. Enn fremur var sýnt, að Kaldaðarnes var ekki heppilegur staður fyrir lækningahæli og allt of langt frá höfuðstöðvunum. Rekstur hælisins árlegur hafði kostað 100 þús. kr. síðustu árin, en aðeins verið þar 4—5 vistmenn að meðaltali. Við þetta bættist svo, að jörðin var í þannig ástandi, að ríkið hefði orðið að leggja þar í stórfelldan kostnað, og þarf ég ekki að eyða mörgum orðum að því, svo ýtarlega sem það hefur verið gert af hæstv. landbrh. og hv. 1. þm. Árn. En það var sýnilegt, að stórfelldar fjárupphæðir þurfti til endurbóta og aukins rekstrarkostnaðar. Af þessum ástæðum varð ég við þeirri ósk landbrn. að láta hælishúsin sem jarðarhús, en áskildi heilbrmrn. gjald fyrir þau, er ég skal síðar skýra frá. Það er þannig ekki með sanngirni hægt að liggja mér á hálsi fyrir að leggja hælið niður í því skyni að velja því hentugri stað og láta húsin sem jarðarhús. Ég vil halda því fram, að það hafi ekki orðið til að glata fjármunum, heldur þvert á móti til að forða ríkinu frá miklum fjárútlátum vegna vaxandi halla á rekstri hælisins.

Þær eignir, sem afhentar voru atvmrn., voru gamla húsið, sem gert hafði verið við, tveir innréttaðir hermannabraggar, sem notaðir voru fyrir matstofur, og hús, sem innréttað var sem ráðsmannsíbúð. Það hefur nú margt verið talað um það, hvað þessar eignir hafi kostað heilbrmrn., og nefndar ýmsar tölur, margar byggðar á misskilningi eða öðru verra. Einhver nefndi milljón í þessu sambandi — líklega hv. þm. Barð. Hann kastar frá sér tölum í allar áttir og hirðir minna um, hvernig hann er að þeim kominn. Í sambandi við fsp. frá hv. þm. S-Þ. í vetur gaf ég þær upplýsingar um þetta, að eignirnar muni hafa kostað hælið um 792 þús. kr. Ég hef nú athugað þetta nokkuð, og sýnist mér, eins og þetta liggur fyrir, að kostnaður við þessar eignir hafi numið um 600 þús. kr., og eru þá fyrir viðgerð á útihúsi reiknaðar 43 þús. kr. og til innréttingar gömlum bragga 86600 kr., en aðalupphæðin liggur í viðgerð á gamla íbúðarhúsinu. Nú er þess að gæta, að þetta er að mestu leyti viðgerð á gömlum húsum og því í *rauninni ekki annað en viðhald, sem vanrækt* hafði verið. Og þegar upp er gert, þá fær heilbrmrn. tæpar 400 þús. fyrir þessar byggingar. Ég hefði aldrei getað gert mér vonir um meira, ef hælið á annað borð var lagt niður, eins og okkur fannst skynsamlegast eins og allt var í pottinn búið með rekstur þess. Hér er því svo fjarri því, að heilbrmrn. hafi orðið fyrir stórtjóni, að þetta var því stór hagur hjá því, sem búast hefði mátt við, ef rekstri hælisins hefði verið haldið áfram.

Þess má nú geta, að það er alltaf mikil spurning, hve mikið verðmæti er í viðgerðum á gömlum húsum. Í gamla húsinu í Kaldaðarnesi er innréttingin ný, og það var forskallað, en gömlu viðirnir eru hinir sömu, og þeim er vitaskuld vandi á höndum, sem þetta eiga að meta. En frá okkar sjónarmiði var sízt undan því að kvarta að fá 400 þús. kr. fyrir þessar eignir, sem aðallega voru gömul, uppgerð hús. Sú aðferð var viðhöfð að skipa hina hæfustu menn til að meta eignirnar, bæði þær, sem komu upp í eignirnar í Kaldaðarnesi, og þær, sem við var tekið þar, og get ég ekki séð, hvaða aðferð átti að hafa aðra. Fyrir þessu hefur hæstv. atvmrh. gert ýtarlega grein, og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég vildi aðeins segja nokkur orð vegna þess sleggjudóms, sem hv. þm. Barð. viðhafði í minn garð.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Því er oft þannig farið, að maður getur ekki ráðið við, hvað manni dettur í hug. Undir umræðum hinn 10 fyrri daginn, er líða tók á hina rökþrungnu og gögnum studdu ræðu hv. þm. Barð., sá ég, að ókyrrð nokkur tók að færast yfir hv. 1. þm. Árn. Hann stóð upp í sætinu og hvimaði í kringum sig í salnum, svo sem til að vita, hvort nokkur af flokksbræðrum hans væri tilbúinn að halda uppi merki hans í orrustunni. En þeir voru sýnilega ekki viðlátnir, og hvarflaði mér þá í hug, að þeir mundu hugsa nokkuð það sama hans félagar og Hrafn rauði sagði í Brjánsbardaga, er Sigurður jarl bað hann ganga undir merkið: „Ber þú sjálfur fjanda þinn.“ Þetta lét hv. þm. ekki heldur segja sér tvisvar, hann sló í borðið og geystist fram með orðgnótt mikilli og málrófi, sló hann víða og breitt og kenndu ýmsir á. Ég er einn af

þeim, sem varð fyrir öxarblaði hans; ekki veit ég, hvort orðið hefur af holundarsár, en skeina vildi hann mig. Hann réðst aðallega á mig vegna þess, að ég hafði mælt hér nokkur orð í vetur í umræðum um þetta mál. Taldi hann, að ég hefði kveðið svo að um ákveðinn lagabókstaf, að hann ætti að standa, hvað sem liði anda laganna. Ég er nú tekinn að eldast og gerast gleyminn, en ef til vill er ég þó ekki eins gamall og gleyminn orðinn og hv. 1. þm. Árn. Og það var nú svo, að þegar ég fór að athuga það í skjölum hér frammi í lestrarsalnum, hvort ég hefði svo til orða tekið, þá sá ég, að það hafði a. m. k. ekki komið fram hjá skrifaranum, heldur hafði hann tilfært orð mín á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta: „Ég ætla ekki að fara að ræða verð á jörðinni í þetta skipti. En ég hef haldið fram og held fram enn, að þetta, sem gerðist um sölu þessarar jarðar, hafi verið á móti bókstaf laganna og þess vegna undir öllum kringumstæðum rétt af ráðherra að láta það mál ganga eins og hvert annað frv. gegnum afgreiðslu Alþingis.“ Það er ekki góður málflutningur að gera upp orð andstæðingi til að ráðast á hann á þeim grundvelli. Það hafa auðvitað aðrir sína skoðun á þessu máli. Ég sagði hins vegar, að það væri á móti lögum, að ábúandi þjóðjarðar væri ekki búinn að vera 3 ár á jörðinni, áður en hann fengi hana keypta. Það getur vel verið, að þetta sé ekki rétt skoðað, og má vera, að ýmsir lögfræðingar séu um þetta á annarri skoðun, enda hef ég aldrei hælt mér af lögfræðikunnáttu minni. En mjög þykir mér þó hæpin sú frásögn hv. þm., að hann hafi talað við einn hinn ágætasta lögfræðing og sá hafi kveðið svo að orði, að mál um þetta atriði skyldi vinnast fyrir hvaða dómstóli sem væri. Ég held, að lögfræðingastéttin sé yfirleitt orðvarari en svo, að ábyrgir lögfræðingar kasti slíkum fullyrðingum fram. Ég vil því skora á hv. þm. að upplýsa það, hver það sé, sem svo hefur tekið til orða. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að það geti verið maður, sem mark er á takandi. En eftir að þessi yfirlýsing kom frá mér, hefur margt komið fram í málinu, sem gerir það nauðsynlegt og að mínu áliti enn sjálfsagðara, að málið gengi þann veg, sem ég frá upphafi óskaði eftir, heldur en þá leiðindakróka, sem það hefur nú farið. Ef það hefði verið gert, þá hefði verið skorið úr því í upphafi, hvort ætti að selja eða ekki selja, og þar með hefði verið búin öll sú óánægja, sem þetta mál hefur haft í för með sér. Hv. 1. þm. Árn. fór mörgum orðum um Kaldaðarnes og ásigkomulag þeirrar jarðar, og það var ekki álitlegt. Þá kom mér í hug, — ekki kannske fallegt frá sjónarmiði hv. þm., — þegar hrossakaupmenn voru að verjast því að þurfa að skila aftur góðhesti, sem þeir hafa keypt, því að þá munu þeir fáa kosti finna hjá þeim hesti. Ég tók eftir því, að hv. þm. minntist ekki á í sambandi við Kaldaðarnes þann kost jarðarinnar, sem hlunnindi heita. Ég minnist þess ekki. Ég sé nú í jarðaskránum, að Kaldaðarnes hefur nú allmiklar tekjur eða ætti að hafa tekjur af laxveiðiréttindum, hvernig sem það nú er með selveiðina, sem var áður nokkuð arðbær. Á þetta er ekki minnzt. En aftur á móti gleymdust ekki gæðin í Skálholti.

Hv. 1. þm. Árn. gat þess í einni ræðu sinni, að hann sé valinn í trúnaðarstöðu og þar viti hann margt um þm., að mér skilst, sem ekki væri betra en Kaldaðarnesmálið. Mér finnst það mjög svo óeðlilegt, þótt mér sé það ekki frekar viðkomandi en öðrum þm., að sá þm., sem valinn er í trúnaðarstöðu, — og geri ég þá ráð fyrir, að hann eigi við það, að hann er kosinn endurskoðandi landsreikninganna, — ef hann sér þar eitthvað varhugavert um þm. eða aðra, að hann geri ekki sínar athugasemdir, eins og honum ber skylda til. Hitt er miður viðkunnanlegt, að vera með dylgjur um slíka hluti hér á Alþ., þegar hann sjálfur á í vök að verjast, til þess ef til vill að gera menn meira hikandi við það að segja sína skoðun á hans máli. Þetta vildi ég aðeins benda á. Það getur verið hér um misskilning að ræða frá annarri hvorri hlið, og er þá rétt að gefist tækifæri til frekari skýringa.

Ég veit ekki, hvernig nú er fyrirkomulagið í Skálholti. Hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur, en það hefði verið gaman að fá upplýsingar um það. Ég heyri sagt, að þar sé einhver búskapur, en hvort ríkið græðir á þeim búskap frekar en öðrum, er eftir að vita. Yfirleitt mun engin ástæða hafa verið til þess, að mér skilst, að hv. 1. þm. Árn. færi svo fljótt frá Skálholti. Skólinn var ekki kominn upp, og getur liðið langur tími þangað til Jörundur Brynjólfsson hefði þurft að hrökklast frá staðnum. Og jafnvel þótt bygging hefði verið byrjuð, var ekki óhjákvæmilegt fyrir hann að fara, því að þar eru landkostir góðir, og þar hefði hann getað fengið markað fyrir sínar afurðir handa því fólki, sem þar væri að vinnu.

Að lokum vildi ég fá frekari upplýsingar um það, eftir því sem fyrir liggur í málinu, en ég kem ekki auga á það, hvað hv. 1. þm. Árn. hefur gefið fyrir Kaldaðarnes og látið til ríkissjóðs. Er það annað en hússkriflið í Skálholti, sem sennilega verður ríkissjóði lítils eða einskis virði og svo þessar margnefndu 1200 kr.? Annað hef ég ekki heyrt, að hv. þm. hafi gefið fyrir Kaldaðarnesið til ríkissjóðs.

Jónas Jónsson: Það er nokkuð áþekkt með þeim tveim málum, sem nú eru oft nefnd saman og stundum eru kölluð tvíburarnir frá Siam, þ. e. Kaldaðarnes og Silfurtún. Ég geri ráð fyrir, að þessir tveir staðir muni vera nokkuð umtalaðir saman og það meira en í umr. á Alþ. Það er ekki af því, að hér sé um svo merkileg og stór mál að ræða, heldur af því, að hvort tveggja er mál, sem er táknandi fyrir samtímann og þau ná miklu lengra og víðara en til þeirra manna, sem talið er, að hafi sérstakan hagnað af þeim aðgerðum, sem þau eru tengd við. Það er mjög einkennandi fyrir ástandið í þessu landi, að bæði þessi mál hafa verið almennt umræðuefni manna utan þings og kannske meira fordæmd af þeim en ástæða er til, en það er aldrei minnzt á þessi mál í stjórnarblöðunum. Andófsblaðið Þjóðviljinn, sem þykist berjast fyrir hinni hreinu og háleitu hugsjón, og hefur sá flokkur m. a. hér eina lærða guðsmanninn, sem er á Alþ., sá heldur ekki ástæðu til að hreyfa þessu máli. Það hefur yfirleitt enginn haft kjark til þess fyrr en hv. þm. Barð. að kasta sprengjunni,

og hann valdi sér af þessum tveim bitum þann stærri, Kaldaðarnesið. Þar sem ég er eldri maður en hv. þm. Barð., fannst mér viðeigandi, að ég tæki þann bitann, sem eftir var á fatinu, þ. e. Silfurtún. Þótt Silfurtún sé ekki til umr., þá mun það væntanlega koma það innan skamms, en þessi tvö mál eru að mörgu leyti svipuð. Þar koma við sögu tveir mikilsvirtir og athafnamiklir stuðningsmenn núverandi ríkisstj., sem gera þarna verzlun við landið, sem menn álíta, að hafi verið þeim hagstæð. Þessi fyrirtæki eru rekin upp á sína milljónina hvort, og það eru talsverðir peningar, jafnvel nú. Af þessu tvennu er Silfurtún dýrara fyrir landið, því að þar hefur verið farið með meiri útborgunareyri.

Þótt mikið hafi verið talað um þessi mál og furðað sig á þessum kaupsamningum ríkisstj., þá þarf, þegar betur er litið í kringum sig og athugað, hvernig hugsunarháttur er nú, sem einkennir okkar samtíð, engan að furða á þessu. Hvað gerði Alþ. snemma vetrar 1946? Það samþykkti á einu kvöldi að ganga í ábyrgð fyrir meginhluta af útflutningi okkar til annarra landa. Ég vil leyfa mér að halda fram, að þá hafi hið gamla Ísland skilið við og þingið og þjóðin hafi siglt inn á alveg nýtt fjármálahaf, sem var alveg óþekkt hér og eftir því, sem ég bezt veit, óþekkt alls staðar.

Enski verkamannafl. hafði ástæðu til að halda, að sumir af trúnaðarmönnum hans, ráðh. og þm., hefðu haft einhvern persónulegan hagnað af kynnum við aðra menn, pólitískum kynnum. Enska stjórnin tók þetta mál svo alvarlega, að hún fékk einhvern harðvítugasta mann, sem hún þekkti, frægan úr þjóðabandalaginu, sér til aðstoðar til að rannsaka þetta mál. Hér mun ekki um stórvægilegt brot hafa verið að ræða, nokkrar flöskur af víni, það hefði ekki þótt mikið hér, og talið alveg hættulaust. En þar verður þetta til þess, að ráðh. segir af sér, og í Bretlandi er það jafnt með Alþýðufl. og Íhaldsfl., að þeir vilja ekki, að komi sú skoðun á í landinu, að ráðamenn þess noti ríkisaðstöðu til að greiða fyrir veitingar sínar. Ég hygg, að það sé annar hugsunarháttur nú kominn í okkar landi. Og satt að segja, þó að mér finnist þetta mál ekki þannig, að ég hefði ráðlagt hv. 1. þm. Árn. að fara fram á að fá Kaldaðarnes, þá finnst mér það þó ekki eins mikið og það, sem á bak við það liggur. Hvers vegna eiga þm. ekki að taka til fyrirmyndar þá, sem hærra eru settir? Ef við athugum þann stóra hóp forréttindamanna í okkar þjóðfélagi, þá kemur margt til greina. Það mun hafa verið á síðasta stjórnarári hv. þm. Str., — það var kannske ekki hans sök, — að ráðh. fengu leyfi til að flytja inn bíla og nota sjálfir. Um svipað leyti mun sú regla hafa orðið til, að ráðh. fengu áfengi úr verzlun ríkisins án opinberra gjalda, þannig að flaska, sem kostaði 60 kr. í útsölu, kostaði þá ekki nema 5 kr. Svo breiddist þessi heimild út til forseta Alþ. Þá kom röðin til valdamanna í stjórnarráðinu, það virtist vera, sem sennilegt var, að eftir höfðinu dansa limirnir. Og það kveður svo rammt að, hversu vel þessi forréttindi eru varðveitt, að till. um að aftaka þessi fráleitu hlunnindi, nefnilega áfengishlunnindi, hafa hvorki fengið afgreiðslu frá þinginu í fyrra né heldur ekki núna. Það virðast allir ánægðir, enda þótt stundum sé nefndur manna á meðal einn reikningur, sem einn ráðh. fékk, er hann fór úr ríkisstj., það var reikningur áfengisverzlunarinnar fyrir þúsund svartadauðaflöskum. Hvernig stendur á því, að við þm. skulum ekki fá þessi hlunnindi, úr því að okkar æðstu yfirmenn hafa þau?

Áður en ég kem að sölunni á Kaldaðarnesi, vil ég aðeins rifja upp, hvernig framkvæmdirnar hafa verið þar áður. Það er ekki hægt að segja annað en að þær eru býsna fávíslegar. Í staðinn fyrir að byggja nýtt hús, þá er tekið mjög gamalt og slitið hús og reynt að gera við það, þar til það er orðið mjög dýrt. Núverandi hv. þm. Ísaf., sem þá var dómsmrh., virtist í fullri alvöru vilja gera þennan stað að heimili fyrir ofdrykkjumenn og til þess fékk hann fulltingi fjmrh., Péturs Magnússonar. Þetta virtist vera algerlega lögleg og skipuleg framkvæmd af ráðh. hálfu. Nú er það nokkurn veginn víst, hver hefur svo ráðið framkvæmdum í Kaldaðarnesi eða öllu heldur rekstri hælisins, sem hefði átt að geta tekið á móti 30 áfengissjúklingum héðan úr höfuðstaðnum, ef rétt hefði verið að farið. Við sjáum það á því, hver ræður nú mestu í heilbrigðismálum okkar. Núverandi heilbrmrh. getur ekkert aðhafzt nema landlæknir sé því samþykkur, og þess vegna er það alveg útilokað, að landlæknir hafi ekki ráðið því, að yfirlækninum á Kleppi var falin yfirstjórn þessa hælis, sem hafði þær afleiðingar, að sjúklingarnir gengu úr vistinni. Það er heldur ekki hægt að hugsa sér meiri heimsku en að láta þessa menn, sem ekki var hægt að segja um, að væru geðveikir, í umsjá geðveikralæknis, og sýnist það hafa verið nægilega þungur kross fyrir þá að verða Bakkusi að bráð, þótt þeir fengju ekki þann stimpil á sig líka, að það væri enginn fær um að gæta þeirra nema geðveikralæknir.

Ég kom þarna af tilviljun, meðan þetta hæli var starfandi. Það sýndist vera þarna, hvert sem litið var, nægilegt verkefni fyrir menn, sem á annað borð væru færir um að vinna, ef einhver væri til að stjórna þeim. Þar sá ég snoturlega búinn mann, sem labbaði þar fram og aftur og ég kannaðist við af götunum hér í Reykjavík, og úti í einum bragganum var maður í vinnufötum. Báðir munu þeir hafa verið þarna vistmenn. Annað varð ég ekki var við af mönnum, og þar var sýnilega ekkert eftirlit og engin stjórn. Og ekkert benti á, að þarna væri um neina vinnu eða aðhald að ræða. Meðan við bíðum á hlaðinu og litum yfir þennan stað, sem minnti á þá bæi erlendis, sem orðið hafa fyrir loftárás og allt er í rúst, svo að enginn þarf að öfunda eigandann af fegurð og yndisleik staðarins, kemur bíll frá Eyrarbakka með argvítugan heyrudda, sem ríkisbúið í Kaldaðarnesi var að kaupa. Ég hygg, að engin kýr hafi mjólkað af líku, en hefði ef til vill mátt gefa það hrossum í harðindum, en þó með fóðurbæti. En þetta var verið að kaupa handa kúm ríkisbúsins í Kaldaðarnesi. Mér hefur heyrzt á hv. þm. Árn., að tapið á þessum búrekstri hafi numið um ½ millj., og furðar mig ekkert á því, en ég furða mig á því, að læknarnir og heilbrmrh. skyldu ekki láta setja lög um hælið og fá þangað röskan mann til að stjórna búinu, sem hefði látið dval-

argesti vinna í þágu búsins í stað þess að láta allt lognast út af og slá því svo föstu, að þarna sé ekki hægt að hafa hæli. Og heilbrigðisyfirvöldin gangast inn á, að bezt sé að hætta alveg við hælisrekstur þarna, og í stað þess að veita læknunum ofanigjöf, kemur heilbrigðisstjórnin fram með frv. upp á fleiri millj. til að byggja 2— 3 hæli, sem eiga að vera undir stjórn þessara sömu manna. Og það er haft eftir dr. Helga Tómassyni á Kleppi, að óhugsanlegt sé annað en að hælið verði að vera undir nánu eftirliti þessara lækna. Af öllu þessu má sjá, að hæstv. heilbrmrh. hefur haft lélega ráðunauta. Í tæknilegum málum er sjálfsagt að hafa tæknilega ráðunauta, en þetta er ekki tæknilegt atriði, og þessir læknar hafa ekki úrræði fram yfir meðallækna í þessu máli. Í viðbót við þetta er sú ráðstöfun að sameina Kaldaðarnes Kleppi undur fávísleg. Þegar góðtemplarar voru hér með till. varðandi þetta efni, þá benti ég 6. þm. Reykv. (SigfS) á, að alls ekki mætti blanda því saman og ekki mætti hafa sjúklingana í stofnun, þar sem nafnið væri blettur á þeim. Það verður að hafa þá á almennum spítala. Það er engin skömm að því að vera á geðveikrahæli, en það er samt sem áður alltaf eins og stimpill á þeim mönnum, sem þar hafa verið. Nýlega var kunnur maður, sem hafði verið litla stund á Kleppi, að sækja um stöðu, og var þessu þá dengt á hann. Það er ótrúlegt, að slíkt sé stimpill, og sýndi bara, að þeir menn, sem hér um ræðir, höfðu ekkert vit á því, hvað þeir voru að segja. En það er ekki það sama að vera áfengissjúklingur og að hafa dóm á sér. Það er ótrúlegt, að þegar ríkið er búið að leggja milljónir í Kaldaðarnes, þá skuli hælið vera lagt þar niður að ráði ófærra manna. Ég fékkst nokkuð við svona mál fyrir nokkrum árum og tókst að ráða fram úr því með góðum árangri. Ég fékk röskan mann, sem er rithöfundur, til að kynna sér þessi mál. Hann tók síðan við Litla-Hrauni og byggði stofnunina upp, en því miður hefur síðan lítið verið unnið fyrir hana og hún ekkert stækkuð, og nú er fjöldi unglinga, sem ekkert pláss er fyrir. Það, sem ríkisstj. átti að gera, var að fela duglegum leikmanni eða lækni stjórn á Kaldaðarnesi og safna þangað áfengissjúklingum og reka hælið síðan eins og menn. En þetta er ekki gert. Og einhver dapurlegasti þátturinn í stjórn málefna ríkisins á undanförnum árum er niðurlagning Kaldaðarneshælisins. Ég mun því leggja á móti og greiða atkv. gegn því, að nokkurt hæli verði stofnað, sem á að vera undir stjórn sömu manna og stjórnuðu Kaldaðarnesi. En hæstv. ráðh. getur ef til vill knúið það í gegn, en ég öfunda hann ekkert af að framkvæma þetta, og því meira sem hann gerir af axarsköftum eins og Kaldaðarnesmálinu, því lengri verður ásakanalistinn á hendur honum fyrir skort á hæfileikum til að fara með málefni almennings.

Það er furðulegt, að jafngreindur maður og duglegur bóndi og Jörundur Brynjólfsson skuli líta við að gera þennan samning. Og ég vil taka undir með hv. þm. Dal., þegar hann spurði, hvaða nauður hefði rekið hann frá Skálholti. Það er ekki sýnilegt, en ef menn vilja skilja flutninginn frá Skálholti í Kaldaðarnes, verða menn að athuga leikinn með búnaðarskóla Suðurlands, sem hv. 2. þm. Árn. stendur fyrir. Og ég sé ekki betur en allt séu tóm slys fyrir þetta mál. Hann beitti sér fyrir búnaðarskóla á Suðurlandi sem Sunnlendingur og duglegur þm. En nú var það sýnilegt, að slíks var ekki þörf, þar sem þeir búnaðarskólar, sem fyrir eru, eru ekki nema hálfir af nemendum, og ástæðan er sú, að hér á landi hefur aðeins verið einn góður búnaðarskóli, í Ólafsdal, og hann var drepinn úr hor. Dalamaðurinn Torfi Bjarnason kom heim sem þroskaður Íslendingur, sem fengið hafði menntun erlendis, einkum í Englandi. Hann setti síðan upp skóla, sem var eins og fyrirmyndarheimili og mjög vinsæll, og kom þar upp alhliða skóla, en staðurinn var ekki heppilegur. Og það hafa aldrei verið bornar brigður á það, að fyrir utan skólann gerði hann það þrekvirki að innleiða hér hestaverkfæri. En það er dálítið leiðinlegt að segja frá því, að hann fékk engan stuðning og skólinn lagðist niður. Flestir aðrir kennarar við íslenzku búnaðarskólana hafa lært í búnaðarháskólum í Danmörku og Noregi, þar sem kennslan er miðuð við tilvonandi embættismenn landbúnaðarins í þessum löndum, og niðurstaðan er sú, að íslenzku bændaskólarnir eru sem smækkuð mynd af þessum erlendu embættismannaskólum. Á Hvanneyri hefur t. d. í 60 ár þar til nú ekki verið neitt smíðahús. Bændaskólarnir hafa því aðallega verið bóknámsskólar og lítið annað, og námsefnið þá ekki alltaf verið miðað við íslenzka staðhætti, t. d. hefur verið kennd húsdýrafræði, sem er um 300 bls., en þar af eru aðeins 4 um íslenzk húsdýr. En það, sem hélt þessum skólum uppi í fyrstu, var það, að skólastjórarnir Halldór Vilhjálmsson og Sigurður Sigurðsson voru eflingsmenn, en þeir gátu ekki séð við því, að ekki var verkleg kennsla. En þetta finnur fólkið. Allir yfirmenn landbúnaðarins flaska á því að kenna íslenzkan búskap af bókum. En kvenfólkið hélt ráðstefnu um húsmæðraskólana og hefur farið alveg öfugt að og tekið upp kennslu í hinum almennu húsmóðurstörfum, og þar er nú 3—4-föld röð umsækjenda. En aðfenginn lærdómur og þó falskur hefur staðið bændaskólunum fyrir þrifum. Þess vegna þarf að gerbreyta íslenzku búnaðarskólunum. Væri sennilega rétt að kenna í 9 mánuði og ljúka náminu á einu ári og væri þá hægt að hafa um 100 nemendur í einu. En hv. 2. þm. Árn., sem er áhugamaður, kom í gegn l. um skóla á Suðurlandi og átti landbrh. að ákveða staðinn fyrir skólann í samráði við n. Vilhjálmur Þór var þá landbrh., og niðurstaðan var sú, að hann ákvað, að skólinn skyldi vera á Sámsstöðum og að Klemenz Kristjánsson yrði skólastjóri. Sámsstaðir eru prýðilegur staður fyrir skóla, og þar er margt að sjá. Þar hefði mátt gera námið frjálslegra og halda þar stutt námskeið. En þá skeði það, að stjórnarskipti urðu og 5 bændaþm. í Sjálfstfl. vildu ekki styðja kommúnista og urðu utanveltu í ríkisstj. Ef þetta hefði ekki skeð, þá er hér um bil víst, að skólinn væri fyrir löngu kominn upp á Sámsstöðum og hefði kostað mun minna en nú er orðið. Tveir hv. þm., 2. þm. Rang. og 2. þm. Árn., kepptust báðir um að fá skólann í sitt kjördæmi, og það, sem mælti m. a. með Sámsstöðum, var, að Árnesingar höfðu þegar

fengið 2 skóla, Laugarvatnsskóla og kvennaskóla í Ölfusinu, en Rangæingar höfðu engan skóla. En hv. 2. þm. Árn. hafði betri aðstöðu, hann var góða barnið og hafði stutt ríkisstj., og hann fékk því sitt fram, en uppreisnarmaðurinn, hv. 2. þm. Rang., tapaði, svo að hætt var við að setja skólann á Sámsstöðum, en ákveðið, að hann skyldi vera í Skálholti. Nú má segja, að báðar sýslurnar hafi verðskuldað að fá skólann. En það mun koma gleggra fram, að heppilegra hefði verið og ódýrara að hafa skólann hjá Klemenz. Hann var búinn að koma upp vinnumannabústöðum, ódýrum og góðum, og hefði því verið hægt að byrja þegar með 25 nemendur á Sámsstöðum. En þegar búið var að ákveða, að skólinn skyldi vera í Skálholti, þá var alls staðar þverbrandur fyrir, þó að hv. 2. þm. Rang. skorti ekki áhuga. Ríkisstj. varði 7 millj. kr. til fiskihúss á Grandagarði, en aldrei var varið neinu til Skálholts. Hv. 2. þm. Árn. hafði fundið, að engin trú eða áhugi var fyrir þessu, því að ef vilji hefði verið fyrir hendi, hefði Sjálfstfl., sem var stærsti flokkurinn, getað komið þessu í gegn. En það eina, sem var gert, var að ákveða, að skólinn skyldi vera í Skálholti, en þó úti í úthaga, þar sem enginn vegur var, og varð að leggja stórfé í vegargerð. Það var ákveðinn staður fyrir skólann á fallegu holti, sem ber hátt, en þar er ekkert, sem þarf, ekkert hús, ekkert vatn, heitt vatn 2 km. frá, ekkert rafmagn og ekkert ræktað land. Samhliða þessu ræður ríkisstj. ungan mann sem skólastjóra, og hefur hann nú hálf skólastjóralaun, en ekkert að gera, og er undarlegt að gera ekkert annað en ráða skólastjóra. Allt er þetta Skálholti til niðurdreps og til að spilla sögulegum minjum, að reisa þessa stóru byggingu þarna á holtinu, og útkoman yrði sú, að Skálholt yrði eins og hjáleiga og félli í enn þá meiri eymd. Ég gat verið með því að hressa við Skálholt og hefði getað greitt því atkv., þó að ég sé á móti skólanum, ef ég hefði haldið, að það yrði staðnum til uppbyggingar. En ef leggja á 5 millj. til bygginga skólans, hvað á þá að gera við gamla Skálholt? Hús í Skálholti eru ekki mikils virði, en ekki verri en annars staðar. Það hefur ekkert verið gert nema til niðurrifs í Skálholti, nema það, sem Jörundur Brynjólfsson hefur gert síðan hann kom þangað. Allt þetta væri því til að spotta hina gömlu minningu. Kirkjan gæti ekki verið í Skálholti, það væri heimskulegt að hafa hana svo langt frá skólanum. Staðurinn mundi því leggjast í enn meiri auðn en verið hefur. Ég vil svo segja, hvað ég álít, að gera þurfi. Ég tel, að jöfnum höndum verði að hressa við kirkjugarðinn, reisa minnismerki eftir Jón Arason og gera við kirkjuna, koma þar upp fyrirmyndarbúskap, svo að hægt sé að halda smánámskeið, þannig að staðurinn, sem öldum saman hefur verið stórbýli, verði það áfram. En þetta var ekki gert, heldur farið út í úthagann. Og enginn hefur trúað á þetta nema Jörundur Brynjólfsson sjálfur. Það er eins og með forseta Bandaríkjanna, enginn trúði á kosningu hans, nema hann sjálfur, og hann vann raunar kosninguna. En þó að Jörundur Brynjólfsson komi fram þessum áhugamálum sínum, þá er búnaðarskóli í Skálholti fyrirfram dæmdur til að standa hálftómur. Við öll Skálholtsmál er tengt hið undarlegasta samsafn af yfirsjónum, og þegar verið er að kenna hv. 1. þm. Árn. (JörB) um þær allar, þá er það óþarflega mikið. En hinu er ekki hægt að neita, að hann hefur verið óþarflega fíkinn í að fara inn á þetta.

Nú kem ég að því, sem ég hefði ekki trúað að óreyndu, af því að Jörundur Brynjólfsson er góður reikningsmaður. Hv. þm. Dal. sagði hér í dag, að hann sæi ekki, að ríkið hefði fengið neitt nema húsin í Skálholti, en það er ekki alveg rétt. Það fær 200—250 þús. kr. til að laga rústirnar í Kaldaðarnesi. Bóndinn, Jörundur Brynjólfsson, eignast ekki jörðina fyrr en hann er búinn að leggja fram þessa fjárupphæð eða það, sem henni svarar í vinnu við að hreinsa burt rústir og rusl. Við skulum athuga þennan samning dálítið. Það er engu líkara en að ríkisstj. hafi viljað tryfta þennan stuðningsmann sinn með slíkum ókjarasamningi, því að hvaða bóndi fengist til að taka að sér svo miklar og algerlega ópródúktívar jarðabætur, þótt hann eignaðist síðar jörðina við það? Það væri fyllilega eyðileggjandi fyrir hvaða bónda sem væri að leggja 200 þús. kr. í að ryðja burt húsgrunnum og tóftarbrotum og hreinsa það, sem ekkert gefur af sér. Ef hér væri ekki um auðmann að ræða, þá yrði hann að fá þetta fé að láni, og ef hann gerði það ekki eða gæti ekki, þá skilst mér, að hann væri orðinn brotlegur fyrir að standa ekki við samning, sem ekki er raunar hægt að standa við, og rækur af jörðinni.

En langsamlega leiðinlegast af þessu er, að hælið skuli vera tekið undan ríkinu og lagt af. Það var ógætilegt af Jörundi Brynjólfssyni að fara inn í það mál. Það var engin ástæða fyrir hann að fara frá Skálholti, hann var ekki rekinn í burt þaðan, það er miklu fremur að stj. lendi nú í vandræðum með þá jörð. En það ólíklega skeði, að hann sóttist eftir Kaldaðarnesi með þessum ókjörum. Ef hann hefði aðeins tekið matspeningana fyrir húsin í Skálholti, þá hefði verið lafhægt að kaupa fyrir það fé ágæta jörð, sem ekkert var til fyrirstöðu að kaupa. Mér var t. d. kunnugt um ágæta jörð austur í sveitum, sem átti að selja fyrir 160 þús. kr., ef hún er ekki til sölu enn, og þetta var góð jörð og vel hýst. En það, sem Jörundur Brynjólfsson fær í Kaldaðarnesi, er eitt gott hús, ráðsmannshúsið, það mundi vera talið þokkalegt fyrir eina fjölskyldu nú á tímum og ekkert fram yfir það. Mitt í rústunum er svo gamla sýslumannshúsið, stórt og kalt að búa í því, og síðan er heyhlaða og kofar og rústir af alls konar húsum. Það er einkamál Jörundar Brynjólfssonar, hvað hann hefur séð sér í þessu, en fæstir skilja, hví hann hefur sótzt eftir þessu, en það mun hann hafa gert, því miður.

Það er undarleg samfelld keðja af axarsköptum í sambandi við Skálholt og Kaldaðarnes. Eiginlega bera þær ríkisstjórnir, sem hér hafa verið við völd, aðalábyrgðina á öllum þeim raunalegu mistökum, bæði í sambandi við fyrirhugaðan skóla í Skálholti og hælið í Kaldaðarnesi, svo að eitthvað sé nefnt. Þessir staðir hafa verið hafðir að pólitískum leiksoppum. Út af fyrir sig er ég ekki að ásaka Jörund Brynjólfsson, hv. 1. þm. Árn., sökin í þessum málum er

fyrst og fremst hjá ráðherrum, sem með þau hafa farið og á þeim borið ábyrgð. En viðvíkjandi þessum jarðakaupum er og verður sú mikla hætta fyrir hendi, að fólkið líti svo á, að hv. þm. Árn. hafi aðeins komizt að þessum kaupum af því, að hann var náinn flokksbróðir viðkomandi ráðherra og stuðningsmaður ríkisstj. Þessu trúir þjóðin, og hún hefur ástæðu til að trúa ýmsu viðkomandi opinberri spillingu, á meðan forsetar og ýmsir fyrirmenn fá að hafa sérréttindi um kaup á áfengi og tóbaki, þurfa ekki að greiða toll af þessum vörum. Og er þá nokkur furða, þótt fólkið í landinu segi: Hvers konar menn eru þetta eiginlega? Hvaða venjur eru það, sem gilda orðið í þessu landi? Annars vegar er Silfurtún og Sjálfstfl., hins vegar Kaldaðarnes og Framsfl.

Ég vil svo að lokum segja það, að þótt svo fari, að hv. þm. vilji ekki beint samþ. þessa till. hv. þm. Barð., sem ég mun þó greiða atkvæði, þá gæti þetta og ætti að koma þannig út og verða til þess, að ríkið fái Kaldaðarnes aftur með samningi og hælið verði rekið þar áfram, og gæti þá verið heppilegt að fá hinn mjög svo duglega mann, Jörund Brynjólfsson, til að stýra því.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það er nú mikill áhugi vakinn hér á Alþ. fyrir jarðeignamálum í Árnessýslu, og hefur margt verið dregið inn í þær umræður. Það er því ekki úr vegi, að fulltrúar bænda úr Árnessýslu, sem ekki er sama um sína byggð og jarðirnar þar, láti einnig til sín heyra hér, þar sem svo kappsamlega er rætt um þessi mál. Hv. 1. þm. Árn. hefur þegar rætt málið frá sínu sjónarmiði, sem er sérstakt, þar sem hann er hér áveðurs, ef svo mætti segja. Ég tel nú rétt að skýra frá minu viðhorfi.

Íhlutun mín um Kaldaðarnessöluna er fljótsögð saga. Hún lýtur eingöngu að svari mínu sem eins nefndarmanns í landbrn. við þeim tilmælum hæstv. landbrh., að n. segði álit sitt um eða féllist á, að Jörundur Brynjólfsson fengi jörðina keypta. Nm. tóku kurteislega í að svara þessu eins og sjálfsagt var, og meiri hluti þeirra, 6 nm. af 10, mæltu með þessum kaupum, en 4 á móti. Ég var einn þeirra 6, sem mæltu með því, að Jörundur Brynjólfsson fengi jörðina keypta. Þar með er allri íhlutun minni lýst um þetta mál. Um annað þar að lútandi, kaupverð, kaupskilmála og annað þess háttar var ég ekki til kvaddur, og mér kom það þá ekkert við. Ég er ekki sá koppaþefur, að ég sé að snuðra niðri í því, sem mér kemur ekkert við. Sem einstaklingi kom mér þetta ekkert við. En í n. var ég einn af 6, sem mæltu með sölunni.

Á ýmislegt hefur verið drepið, en yfir öðru þagað í þessum umræðum. Þegar sett voru hér lög um þriggja ára búsetu, áður en sala mætti fara fram, var hv. 1. þm. Skagf. annar flm. þess frv., en svo einkennilega vildi til, að hann var einn af þeim sex, sem sagði já við því, að Jörundur Brynjólfsson fengi Kaldaðarnes keypt. Sá, sem á hugsjónina og fær hana skráða á pappírinn sem lög, á að vera manna kunnugastur því, hvað fyrir honum vakti.

Það hefur verið talað um lögfræðinga í þessu sambandi. Hv. þm. Dal. var að tala um lögfræðinga, og hann hefur skýrt sína afstöðu. Það voru þrír lögfræðingar í n., það er rétt, hann sjálfur, hv. 8. landsk., sem er sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og svo er ég lögfræðingur að nafninu til. En ég legg hvorki af né á upp úr því, hvort lögfræðingar hafa fjallað um málið í n. eða ekki, og ekki heldur legg ég neitt upp úr því, þótt einhver snjallasti lögfræðingur landsins, eins og það var orðað hér, hafi sagt varðandi búsetuákvæðið, að Jörundur Brynjólfsson ynni það mál áreiðanlega fyrir dómi. Ég veit, að þegar frv. um þetta var flutt og gert að lögum, var það með tilliti til sífelldra beiðna um kaup á kirkju- og þjóðareignum, og var þetta ákvæði viss mælir á, hvenær mætti selja, svo að ekki þyrfti að leggja hvað eina af þessu tagi fyrir Alþ. Eins er að líta á það, að þetta ákvæði á að tryggja að landhlauparar, óreiðumenn og braskarar geti ekki fyrirvaralaust keypt jarðir eða setzt að í rólegum byggðarlögum og valdið þar óþarfa raski, og mætti ætla, að stjórn viðkomandi sveitarfélags væri fyrsti vökumaðurinn í því efni. Og nú er ég kominn að því, að í sambandi við þetta mál óskaði hinn fámenni Sandvíkurhreppur eftir því, að þau kaup færu fram á Kaldaðarnesi, sem gerð voru. Það eru að vísu ekki margir bændur í þessum hreppi, en þeir standa vel í ístaðinu, og án tillits til allra flokka óskuðu þeir eftir þessu. Og með ósk frá þeim öllum var ég hiklausari í því að mæla með kaupunum en ella. Þeim kom þetta meira við en flestum öðrum, þetta sneri að þeim. Ég áleit þessar óskir miklu meira virði en hvað lögfræðingar segja, hvort mál vinnist fyrir rétti eða ekki. Jörundur Brynjólfsson var búinn að búa í héraðinu í tugi ára, og allir bera þar kennsl á hann, svo að hið óþekkta og aðvífandi kom ekki til greina í þessu sambandi. Auk þess hafði hann meðmæli frá því sveitarfélagi, sem hann hafði búið lengst í, svo að hér var ekkert, sem villti um. Ég fjölyrði ekki meira um þetta. Ég veit, að bændur í Sandvíkurhreppi — þeir eru eitthvað 16 eða 17 að tölu — eru gildir og hyggnir bændur, og þeir vildu gjarna fá bónda að Kaldaðarnesi, en vildu ekki hafa hælið þar, eins og málum var komið, töldu það óþolandi lengur. Ég vildi styðja að þessum hugsunarhætti. Bændur í Árnessýslu vilja, að jarðir þar byggist og tryggist, en leggist ekki í eyði. Þeir hafa orðið fyrir því, að jarðir legðust í eyði, einnig vegna aðgerða hins opinbera, t. d. í Þingvallasveit, og það má nefna, þó að þar sé talinn þjóðgarður og ættjarðarsöngvar séu með í broddi fylkingar. Engu að síður fylgir því nokkur sársauki, er bóndinn þarf að yfirgefa jörð sína. Fleiri jarðir má nefna, sem nýlega hafa eyðzt, t. d. stórjarðir í Grafningnum. Í Kaldaðarnesi eru miklir framtíðarmöguleikar, og því sárara er það frá bóndans sjónarmiði að sjá jörðina yfirgefna og fara í eyði. Þeir skilja vel og meta vel hýstar og ræktaðar jarðir og þykir jafnframt sárt, er hitt skeður.

Þessi meðmæli mín í nefndinni var alls eina íhlutun mín í þessu sölumáli. Og þegar hér er rætt á víð og dreif og deilt um söluskilmála, kaupverð, mat og þess háttar, þá verð

ég að segja, að það er hægara um að tala en í að komast og ganga svo frá þessum skiptum, að öruggt sé, að öllum líki. Þar hafa fæst orð minnsta ábyrgð. Ég segi það eitt, að úr því að hv. þm. Barð. þótti þetta vítavert og að það mætti ekki svo til ganga, þá er það honum fremur til lofs en hitt að flytja þessa till. fyrir opnum tjöldum, eins og gert er hér, en ekki að vera með neitt baktjaldamakk, sem grefur sundur ræturnar án þess að opna dyrnar og er helmingi verra. Ég leiði minn hest hjá því að dæma um, hvort kaupverðið er réttmætt eða óréttmætt, og yfirleitt að dæma í þessu máli. En hinar margþættu deilur hér um þetta mál sýna einmitt, að margt getur verið hér álitamál, og sýnist sitt hverjum. Ég játa, að Kaldaðarnes er víðlent og mikið landsvæði og þar eru miklir möguleikar, þegar allt kemur til alls. En hitt er jafnvíst, að hið forna höfuðból er mjög grátt leikið. Hinir fögru og víðu töðuvellir eru drepnir í þann dróma, að enginn sólargeisli getur unnið á sköflunum. Nú á verð jarðarinnar að greiðast með því að leysa túnið úr herfjötrum. Það er fallegt markmið, og það skilja bændur. Hinu, hvort verðið er réttmætt peningalega eða hvort þetta verk tekst, verður reynslan að skera úr. En það veit ég, að sá maður, sem keypti jörðina, Jörundur Brynjólfsson, hefur búið í héraðinu í tugi ára og honum hefur verið falið þar hið mesta trúnaðarstarf sem fyrsta þingmanni sýslunnar í fjöldamörg ár. Vitanlega getur svo flokksvaldið verið sterkt í héraðinu og haft sín áhrif, en persónan komizt í skuggann, en ég tel það eigi ekki við um Jörund Brynjólfsson, því að hann er einkar vinsæll maður. Þó að við höfum oft elt saman grátt silfur, hvor fyrir sinn flokk, þá vil ég engu að síður segja þetta eins og það er. Og þegar verið er að gefa í skyn og halda fram, að hér sé um fríðindi að ræða honum til handa í sambandi við þingsetu hans og þá aðstöðu, sem henni fylgir, þá segi ég nú bara, þegar rætt er um hlunnindi í skjóli þingsetu: Þeir, sem heilagir og lýtalausir eru í því efni, standi upp og mótmæli. En sé hér um nokkurt vítavert athæfi að ræða, þá er það að vísu ekkert betra fyrir það, þótt fleiri dæmi fyndust slík eða lík. En dæmin eru mörg, þetta er ekkert einsdæmi.

En það, sem ég hef nú nefnt, áhugi bænda eystra á því, að jörðin byggðist og þetta ómyndar vesalings hæli hyrfi og jörðin kæmist í vörzlu bónda, á áreiðanlega ríkan þátt í að fá hug almennings þar með sölu jarðarinnar. Bændurnir hafa þá ræktarlund gagnvart jörðinni, sem segir sjálf til vegar, og þeir hafa sýnt það í verkinu, að þeir eru gæddir þeirri ræktarlund.

Þá er annar þáttur málsins, er ég get þó vísað frá mér, því að ég get ekki dæmt um, hvort það er sanngjarnt eða ósanngjarnt. En ég vil geta þess varðandi sögu fráfarandi ábúanda í Skálholti, meðan hann sat þar, að hver getur ætlazt til þess, þar sem staðurinn er ákvarðaður til bændaskóla og byggja á hann upp að nýju og á að verða merkisberi bændamenningarinnar í landinu, að húsin, sem miðuð voru við nauðsynjar ábúandans, séu þá nothæf fyrir væntanlegan skóla þar? Ég veit ekki betur en frá því er fyrst var rætt um bændaskóla í Skálholti, þá hafi verið vakandi kröfur frá kirkjustjórn landsins, forustumönnum kirkjunnar o. fl., að helgiblettunum í Skálholti verði hlíft, en ekki öðruvísi en þeir geti verið vitnisburðir um fortíðina sjálfir. Ég veit, að fleiri vilja taka þetta til greina. Þetta er ein af ástæðunum til þess, að þrátt fyrir það að skólinn skyldi reistur þarna, yrði það eigi á hlöðunum í Skálholti. Nú er það svo samkv. því, hvernig háttar til um húsin, að eigi er hægt að bera saman kostnaðinn við þau, er nú standa, við það, sem krafizt er varðandi hin nýju mannvirki. En tíðara er, þá er um einstakling er að ræða, að hann hafi ábatann en að ríkið snuði hann. Hitt er annað mál, hvort hér hafi sanngjarn mælikvarði verið lagður á hlutina. Ég vil þó taka fram þessi sjónarmið, hvort sem kalla má, að um sleggjudóma hafi verið að ræða eða ekki. En verði niðurstaðan sú, að fyrrv. ábúandi í Skálholti hafi auðgazt á þessum kaupum, — ja, þá er í sögunni frá því að segja, að einu sinni hefur getið bónda á Íslandi, sem auðgazt hafi á viðskiptum sínum við ríkið. Hin dæmin yrðu mörgum sinnum fleiri, sem vitnuðu um hið gagnstæða, þ. e. undir þessum kringumstæðum. Ég segi, að vítavert athæfi hafi verið framið varðandi bæði Kaldaðarnes og Silfurtún, en ég segi ekki, hvort hafi verið réttmætara. Hins vegar úir og grúir af hinu sama. Það mundi verða stór bók, sem segja ætti alla þá sögu um viðskipti ríkisvaldsins annars vegar og einstaklinga, félaga og ýmissa stofnana hins vegar. Hún ætti að vera með svört spjöld. Það er allt of oft, að duttlungar ráði og tilviljun, hvað af því, sem varhugavert er, komi fram í umr. á Alþ. og hvað ekki. Mér datt dálítið í hug varðandi verðgildi húsanna í Skálholti. Gerum ráð fyrir því, að of hátt hafi verið keypt og of lágt selt og ríkið þar með snuðað. En hvað er að gerast á Laugarvatni? Það er þagað yfir því, að þar á að rífa niður stórbyggingar, hlöður stórar, gripahús, svínahús o. fl., til þess að hið fyrirhugaða skólahverfi geti þar fengið stað. Ég segi það aftur, að þessu er þagað yfir. Væri það þó einnig íhugunarefni fyrir mann með jafnmikla réttlætiskennd og hér hefur orðið vart. Þannig er það, þegar réttlætiskenndin er að verki og grípur á kýlunum hjá sumum, en sleppir öðrum eftir atvikum, þá vilja verða litlar niðurstöður. Mér kemur það þá í hug, sem hinn kæni og vitri maður segir um vélabrögð heimsins, en hann, Einar Benediktsson, kveður á þessa leið í kvæðinu Djöfladans:

Þá heilagrauturinn hrærist,
er öll hugsun sem kökkur í súpunni.

Hér er verið að hræra heilagrautinn, og hugsunin er sem kökkur í súpunni. Þetta á líka við hér og er e. t. v. eitt af meginatriðunum. Kom það fram hjá hv. síðasta ræðumanni, sem talaði mikið um bændaskólann í Skálholti. Biðum nú við! En þegar átti að fara að gera eitthvað, var ætlunin að slá slagbrandi fyrir dyrnar. Ætli hv. þm. hafi ekki verið kunnugt um þetta? Reyndar er hver um sínar skoðanir, en rétt er að segja hið sanna í hverju máli.

Allir hv. þm. munu vita, að skv. l. 1944 var bændaskóli ákveðinn í Skálholti eftir till. n., sem var skipuð á vissan hátt. Í henni voru þeir Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, Jón Sigurðsson á Reynistað og Guðmundur Þorbjarnarson á Stóra-Hofi, hinn nýlátni bændahöfðingi.

En þeir klofnuðu í afstöðu sinni til skólastaðarins. Jón og búnaðarmálastjórinn héldu fram Skálholti. Því er hlaupið yfir aðalatriði málsins? Það er eigi nóg að vera pennafær í bezta lagi, heldur á að segja rétt frá. Guðmundur á Hofi benti á annan stað: Kálfholt í Holtum. Eru báðir staðirnir að vísu fyrirtaks góðir. En Skálholt varð ofan á og staðurinn lögfestur. Hér átti fyrst að koma bændaskólanum niður í Rangárvallasýslu, en þó var skólinn ákveðinn með l. í Skálholti. Ég held einmitt, hvort sem rétt hefur verið farið með um verðlag og skilmála eða ekki, að þá hafi ætíð loðað við, að málið hafi verið notað í „Djöfladans". Það hefur hvorki verið blásið út af Framsfl. né Sjálfstfl. sérstaklega, heldur er það verk dálítillar klíku manna, þeirrar, sem er mótfallin bændaskóla í Skálholti. Stuðningsmenn hennar hafa komizt með málið inn á Alþ., og það eru þeir, sem eru slagbrandamennirnir í þessum efnum. Á fjárlögum þ. hafa verið veitt ný og ný framlög til skólans. Veit ég ekki til, að nokkru sinni hafi gætt verulegrar andúðar gegn þessu. En lítið hefur enn orðið úr framkvæmdum. Húsameistarinn hefur t. d. aldrei lokið heildarteikningunum. Ég gleðst yfir því, að till. er komin fram, úr því að dylgjur hafa verið hafðar í frammi um málið. Er gott, að skorið sé úr um þetta, þó að einn þátturinn hafi verið að gera það að hneykslismáli. Fyrr má nú vera! En hvorugt þarf að vera. Duglegur maður er nú í Kaldaðarnesi, og Sunnlendingar vilja skólann. Geta má þess og, að aukafundur var haldinn í stj. Búnaðarsambands Suðurlands. Þá var samþ. að flýta þessu verki eins og frekast væri unnt, með því orðalagi, er á till. var. Ég er ekki of mikils metinn og vil því ekki telja mig aðalhvatamanninn að þessu. En við viljum fylgja þessu máli eftir. Það er sanngjörn krafa, að þeir góðu menn, sem talað hafa um málið, leiti sér fræðslu um það, en liggi ekki flatir fyrir einhliða missögnum manna. Í því er fólgin trygging, hvernig svo sem málið fer.

Þá er ég mótfallinn niðurlagsgr. till.: „Jafnframt sé honum gefinn kostur á því að fá aftur ábúð á jörðinni Skálholti í Biskupstungum." Í stjórnartíð fyrrv. fjmrh., Péturs heitins Magnússonar, var farið að athuga, hvernig bændaskólamálinu varðandi Skálholt yrði bezt ráðið til lykta, þannig að eigi yrðu árekstrar. Til þess að ljúka þessu verki entist ekki ráðherratíð hans, og brátt hafði hann og runnið æviskeið sitt á enda. Síðan hefur þessu verið fram haldið, og verður Skálholt sjálft að svara því, hvort rétt hafi verið farið að. Því heilli sem trúin er á bændaskólann, þeim mun minni mun trúin á það, að bóndi, sem rekur stórt bú, eigi að sitja í Skálholti. En vilji hann búa áfram, þá er það gott, og ber að meta það. Það í till., er ég sagðist vera á móti, tel ég alls vegna óviðeigandi. Þess vegna vil ég spyrja hv. flm. till., hvort hann vilji eigi breyta þessu og gera þær ráðstafanir, að hv. 1. þm. Árn., þegar hann er allur, en þess vona ég að verði langt að bíða, fái leg í Skálholti. Krossinn helgi frá Kaldaðarnesi er horfinn og fátt um aðrar minjar horfinnar dýrðar í Skálholti. En þar kusu sér margir leg, bæði biskupar og aðrir, og er það engin fordild, að ég segi þetta, — þó að hálfvegis sé það nú í gamni gert, sbr. þó grafreitinn á Þingvöllum. Er allsendis ókleift að sjá fyrir fram, hverju menn kunna úr þessu að taka upp á. — Ég læt þetta nægja.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég þykist vita, að ég geti ekki lokið ræðu minni á þessum stutta tíma, sem mun vera eftir af fundi.

Nú hafa þrír hv. þm. Framsfl., hinir styrkustu ræðumenn hans, varið mál þetta í tvo daga hér í þingsölunum. Auk þess hefur einn af snjöllustu málfræðingum Sjálfstfl. mælt bæði með og móti till. Ætla mætti, ef fara ættu fram þrjár atkvgr. um hana, að þá mundi hann verða með till. við hina fyrstu, móti henni við aðra atkvgr. málsins, en sitja hjá við hina þriðju og síðustu. Ég bjóst nú satt að segja við, að hæstv. landbrh. tæki til máls og verði málið af meira kappi en hann hefur gert. Hann kom ekki með neitt nýtt fram í því, frá því hann lét síðast skoðun sína í ljós. Ég bjóst einnig við sterkari rökum af hendi hæstv. menntmrh. gegn þeim ásökunum og sleggjudómum, er hann kvaðst hafa orðið fyrir. Jafnfrábærlega góður ræðumaður sem hæstv. menntmrh. er að mínu áliti, þá hef ég aldrei — bara aldrei — heyrt aðra eins ræðu af hans vörum sem í þetta skipti, þá er sýnir jafngreinilega lélegan málstað. Ég bjóst þó ekki við, að hv. 1. þm. Árn. tæki að sér vörnina. Ég tel hann sterkan ræðumann, jafnvel að verja lélegt mál, — engan mundi ég fremur kjósa til þess. En þetta merkilega, að einnig hann kiknar í knjáliðunum undir því hlutverki, sýnir hvað berlegast, að málið er gersamlega óverjandi. Ég vorkenni hv. 1. þm. Árn., og fleiri munu gera slíkt hið sama. Hv. þm. S-Þ. minntist á það, að fjárhagslega væri málið ekki svo stórt, en hitt væri, að það hefði vakið athygli um allt land og menn töluðu mikið um það. Af hverju? Það er orsökin, hvernig farið hefur verið með málið. Hún er ekki not viðtakandans af þessari milljón króna, hvort hann geti notfært sér hana. Það er ekki þetta, heldur siðferðilega hliðin, sem hefur vakið athygli þjóðarinnar. Hún krefst þess, að þm. fari heiðarlega með fé landsins, en hitt skiptir ekki máli, hvort kofarnir í Skálholti eru betri eða verri, heldur lætur þjóðin sig skipta, hvort þm. þeim, er hún kýs á þ. til að fara með umboð sitt, sé kleift að fara heiðarlega með fé hennar. Hún treystir þeim að halda l., og bregðist fulltrúar hennar þessari tiltrú, þá trúir hún ekki þm. til að leysa aðsteðjandi vandamál. Hér hefur hið merkilega gerzt, að blöðin í landinu hafa látið málið afskiptalaust, þ. e. sá hluti þeirra, sem styður hæstv. ríkisstj. Það laust þjóðina, að hún getur eigi heldur treyst útvörðunum og varð þar vonsvikin. Þessum fulltrúum sínum á þjóðin að trúa. Ég sé, að hæstv. ráðh. eru aldrei viðstaddir. Mér þykir því rétt að snúa eigi að hlut þeirra í málunum að sinni, en ég vildi ræða dálítið við hv. 1. þm. Árn. í sambandi við þetta mál, úr því að hann tók að sér að halda uppi aðalvörninni. Aðalkaflarnir í ræðu hans voru þessir tveir: Í fyrsta lagi, að ranghermi væri hjá mér, að hann hefði fengið lífstíðarábúð á tveim jörðum, heldur fyrst í Skálholti og síðan í Kaldaðarnesi. Hinn kaflinn var þó enn sterkari meginþáttur í vörn hans, að ég væri að ófrægja matsmennina með málflutningi mínum á Alþ. —

Nú vil ég spyrja hv. 1. þm. Árn.: Lá það á bak við hugsun hans, þegar hann greiddi atkv. um Skálholtstill. árið 1935, að hann ætlaði sér að komast yfir Skálholt fyrir ekkert með lífstíðarábúð, þó að það yrði keypt af sér? Flm. þessarar till. til þál. var, að mig minnir, hv. þm. S-Þ., og vakti hann máls á því, að ríkið festi kaup á hinu forna menningarsetri. Það hefur vitaskuld vakað fyrir hv. þm. S-Þ., að ríkið hefði ávallt aðgang að Skálholti, hvernig svo sem það ákvæði að nota staðinn og færi með jörðina, og var það þess vegna ríkisins að ákveða, hvernig jörðinni væri ráðstafað, en ekki landssetans. Ef annað hefur vakað fyrir hv. 1. þm. Árn., er hann greiddi þessari þáltill. atkv., hefur hann brugðizt þeim eiði, sem hann sór stjórnarskránni, þegar hann undirritaði þingmannsheit sitt. En ég er ekki að halda því fram, að svo hafi verið, að slíkt hafi vakað fyrir hv. þm., því að jörðin heyrir undir þann flokk jarða, sem ætlaðar eru undir opinberar framkvæmdir, fyrir skólasetur eða jafnvel biskupsstól, en raddir hafa komið frá ýmsum, að biskupsstóll yrði endurreistur í Skálholti. Þess vegna mátti ekki byggja neinum né selja jörðina. Slíkt var ekki hægt með þessa jörð, sökum þess að hún er í opinberri eign. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Flm. (Gísli Jónsson) [Frh.]: Þegar ég frestaði ræðu minni hér um daginn, þá minntist ég á, að Framsfl. hefði sent þrjá af sínum sterkustu ræðumönnum til að reyna að hrekja þau rök, sem ég kom með í framsöguræðu minni, svo mikils þótti við þurfa. Ég vil nú fara nokkrum orðum um mótrök þeirra, eða það, sem þeir kalla svo, svo að hv. þm. gefist frekari kostur að dæma á milli gagna og raka þeirra og minna.

Ég vil þá fyrst og fremst snúa máli mínu til hæstv. atvmrh., Bjarna Ásgeirssonar. Hann lagði afar mikinn þunga á það í ræðu sinni og færði fram sem meginatriði fyrir því, að ég hefði flutt hér rangt mál, að ég hefði flutt skrifaða ræðu í þetta sinn. En ég fullvissa hann um, að sjálfur tel ég mál þetta svo merkilegt, að ég vildi ekki, að framsöguræða mín í því birtist í þingtíðindunum á nokkurn annan hátt en ég flutti hana, en eins og honum er ljóst, geta ræður skolazt til hjá þingriturunum, en ég vildi ekki, að neitt skolaðist til í ræðu minni.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, að Jörundur Brynjólfsson hefði þurft að hverfa burt frá Skálholti, til þess að vera hans þar yrði ekki til að hindra framkvæmd skólans þar, sem honum, þ. e. ráðherranum, hefði sérstaklega verið falið sem ráðherra að koma í framkvæmd. Einnig hélt hæstv. ráðh. því fram, að Jörundur Brynjólfsson hefði haft fullan rétt á að kaupa Kaldaðarnes, ef ríkið vildi selja þá jörð. En í fyrsta lagi vildi ríkið ekki selja þessa jörð, og af þeirri ástæðu þegar gat hann ekki fengið jörðina keypta. Í öðru lagi var réttur hans til að kaupa jörðina ekki fyrir hendi samkv. gildandi lögum, þótt ríkið hefði viljað selja. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég tel, að ekki hefðu verið vandkvæði á að gera fullvel við Jörund Brynjólfsson, þótt honum hefði ekki verið selt Kaldaðarnes, og ekki hefði hann þurft að vera í vegi fyrir skóla í Skálholti, þótt ekki hefði verið farin þessi óhappaleið, sem farin var. Í fyrsta lagi segir svo í lögum um búnaðarskóla, að reisa megi nýbýli og kennarabústaði á jörðum skólanna, að mestu fyrir ríkisfé, svo að ef Jörundur hefði viljað dveljast áfram sem bóndi í Skálholti, þá hefði t. d. mátt fara þá leið að gera þann ágæta mann að kennara þar við skólann og láta hann njóta alls góðs, bæði honum og ráðherra til sóma. En ég sé ekki, að skólamálið hafi nokkurn tíma verið eins fast sótt og það mál, sem hér er til umræðu. Því til áréttingar bendi ég á, að á undanförnum árum er ríkið búið að veita samtals eina milljón króna til skóla í Skálholti á 20. gr. og samkv. till. fjvn., og er það geymslufé. Hæstv. ráðh. gat krafizt þessa fjár til skólaframkvæmdanna, ef hann hefði brennandi áhuga á því máli, og þau orð, sem hv. 1. þm. Árn. lét hér falla um skólamál þetta, eiga a. m. k. ekki við fjvn. Það eiga þá aðrir að fá þá sneið.

Ég vil sérstaklega taka fram, að þetta mál er af minni hálfu engan veginn rekið sem persónulegt mál á Jörund Brynjólfsson, hv. 1. þm. Árn., né persónulega á hæstv. atvmrh., heldur er ég aðeins að deila hér á stjórnarathöfn, sem ber í sér óskaplega rotnun. Það er mergurinn málsins hjá mér, en ekki neitt persónulegt af minni hálfu, engar persónulegar ýfingar.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að hann hefði látið uppfylla búsetuskilyrðið á þann hátt, sem unnt var að gera samkvæmt gildandi lögum, og áleit hann þetta allt hafa verið löglegt. Nú vil ég í sambandi við þetta benda á það, sem honum er kunnugt, að áður en nokkuð er gert í þessu máli, þá byggir hann Jörundi Brynjólfssyni Kaldaðarnes til lífstíðarábúðar, á meðan hann sat enn í lífstíðarábúð í Skálholti, svo að hann hafði á sama tíma lífstíðarábúð á báðum þessum höfuðbólum. Í framsöguræðu minni skýrði ég frá þessu ólöglega athæfi. Mér er kunnugt um, að ýmsir, sem hafa viljað fara á bak við lögin með krókaleiðum, hafa byggt á pappírnum til að uppfylla búsetuskilyrðið, en selt á bak við tjöldin, en það, sem hér gerist í þessu sambandi, er að mínu viti dæmalaust, af því að það er stjórnarathöfn, og eins og allt var þar nú í pottinn búið. Það, sem skilur á milli mín og hæstv. ráðh., er það, að hann vísar til hinna almennu ákvæða laga um sölu þjóðjarða og kirkjujarða og vill ekki viðurkenna annað en að hér sé um venjulegar þjóðjarðir að ræða. En hann veit þó, að um báðar þessar jarðir gilda ákveðin lög. Hann veit, að þær voru ekki keyptar fyrir fé úr jarðakaupasjóði, heldur fyrir fé úr ríkissj. með alveg sérstakri heimild. Og hvert hefur söluandvirði Kaldaðarness runnið? Það skiptir öllu máli í þessu sambandi. Ef Kaldaðarnes heyrir til þeim flokki jarða, sem hann heldur fram, þá rennur söluandvirðið í Ræktunarsjóð samkvæmt 3. gr. laga nr. 66 frá 1947. Ég veit, að hæstv. ráðh. er þetta kunnugt. En hefur andvirðið runnið í þann sjóð? Hafi það ekki verið, er það enn ein sönnunin fyrir mínu máli.

Hæstv. ráðh. gat þess, að Kaldaðarnes hefði verið óheppilegur staður sem hæli að dómi landlæknis. Ég mun nú svara því, er ég svara hæstv.

heilbr.- og menntmrh., sem ekki er hér viðstaddur, því að um þann þátt vil ég gjarna ræða við hann. Það er ljótasti þátturinn í þessum leik. Svo bætti hæstv. landb.- og atvmrh. því við, að ekki væri hægt að heyja nema fyrir fáum gripum í Kaldaðarnesi og hefði þurft að kaupa hey handa þeim fáu skepnum, er þar voru, og loks sagði hann, að landið væri of blautt til þess að stofna þar nýbýli. En nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er þetta það, sem koma skal í Skálholti, að þar verði ómögulegt að heyja og reka búskap? Ef hægt er að reka búskap í Skálholti, er það alveg eins hægt í Kaldaðarnesi, einkum og sér í lagi ef hælið er þar, þar sem vitað er, að auk venjulegs vinnukrafts var hægt að grípa þar til vistmanna til alls konar aukasnúninga, og vistmenn voru ekki svo fáir. Ég lít á þessi ummæli hæstv. ráðh. líkt og loforð til Alþ. eða fyrirheit um, hvernig ríkisbúskapurinn muni ganga í Skálholti, þar sem hann hefur látið setja upp bú í óleyfi. Og í sambandi við það, að landið í Kaldaðarnesi sé of blautt til þess, að hægt sé að búa þar, vil ég benda á, að ríkið hefur lagt fram stórkostlegt fé til þess að ræsa fram lönd ríkisins á Stokkseyri og Eyrarbakka. Í þetta hefur verið eytt stórfé, og vill ráðh. þá segja, að það sé til ónýtis, vegna þess að landið hafi verið blautt? Og ég veit ekki betur en hér liggi krafa eða ósk fyrir Alþ. frá þeim þarna austur í Árnessýslu um fjárframlög til að halda framræslu áfram. Voru meiri vandkvæði á að þurrka upp mýrarnar í Kaldaðarnesi, vegna þess að einhverjir drykkjuvesalingar höfðu verið þar í nokkra mánuði? Eru þetta frambærileg rök? Nei, sannarlega ekki.

Hæstv. ráðh. segist hafa gert þetta í samráði ið sýslumanninn í Árnessýslu. Mér þykir einkennilegt, að sýslumaður í embætti skuli leyfa sér að taka til greina að gefa umsögn um þetta mál og hóa sýslunefndinni saman á fund í því skyni. Samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar er svo fyrir mælt, að enga fasteign ríkisins megi selja án lagaheimildar. Þetta veit a. m. k. hver lögfróður maður, hver héraðsdómari og sýslumaður, og hefði hver slíkur embættismaður sem var átt að vísa þessari beiðni frá og segja viðkomandi ráðh., að hér væri um hreint brot á stjórnarskránni að ræða. Þetta hefði líka hver ábyrgur dómari gert, ef ráðh. hefði útnefnt matsmann undir slíkum kringumstæðum, hann hefði mótmælt því, því að með því er freklega verið að misbjóða honum sem embættismanni. Það mætti segja, að ekki væri sanngjarnt að gera þá kröfu til bænda í sýslunefnd, að þeir væru svo lögfróðir, að þeir vissu, hvað þetta gilti, en þá kröfu verður að gera til sýslumannsins. En þetta minnir mig á það, sem skeði fyrir nokkrum árum, að þetta sýslumannsembætti var veitt mjög ungum, en duglegum og ágætum lögfræðingi. Á þessa embættisveitingu var gerð hörð árás, og þóttu eldri menn hafa verið sniðgengnir, er hefðu haft frekari rétt til embættisins. Og ég vil nú spyrja, eru þetta launin? Er þetta yfirvald svo háð sínum flokksmönnum, að það sé ekki sjálfstætt í störfum sínum? Og ef svo er, er rotnunin þá ekki komin nokkuð langt inn í tréð hér á Alþ.?

Og ég skal nefna annað dæmi. Annar ágætur embættismaður, séra Jakob Jónsson, fékk veitingu fyrir embætti hér í Reykjavík eftir að hafa fengið — ég held langfæst atkvæði við kosningu. En það var sama um kosninguna, þáverandi kirkjumrh. notaði sér valdið til að veita honum embættið. Og þetta minnir enn á, að þessi sami prestur gengur hér nýlega í kirkju, prédikar í útvarp og brýtur allar hlutleysisreglur þess og flytur einn hinn mesta ósóma, sem nokkru sinni hefur verið fluttur hér í stól, án þess að hafa til þess nokkurt leyfi. Og svo er stóllinn ekki einu sinni vígður fyrir þennan óþverra. Það hefur verið klagað til biskups yfir þessu — ég vil segja ódæði, en það hefur engan árangur borið, að ég veit. Og presturinn veit, að honum er óhætt, því að yfirmaður útvarpsins er bróðir hans, og kirkjumrh. er bróðir hans. En það er ekki alveg eins víst, að íslenzku þjóðfélagi sé óhætt, þegar þannig er að farið.

Hæstv. ráðh. gat þess, að hreppsnefnd Sandvíkurhrepps hefði verið sammála um að mæla með sölu Kaldaðarness. Mér þykir ekki ótrúlegt, að þeir hafi viljað reyna að ýta frá sér þeim vesalingum, sem voru þarna á hælinu. Það sýnir að vísu ekki neinn mannkærleika, þó að það sýni reyndar minni andúð en hæstv. menntmrh. hefur sýnt þessum flokki manna. En þessi meðmæli hreppsnefndarinnar voru ekkert leiðarljós til að ganga eftir á móti fullum ákvæðum laganna.

Ráðh. sagði að meiri hl. landbn. hefði verið meðmæltur sölunni. Þetta er ekki rétt. Ráðh. hafði minni hluta nefndanna með sér þann dag, sem málið var tekið til afgreiðslu. En hann hefur síðar upplýst, að hann hafi gengið á milli nm. til þess að hafa áhrif á skoðanir þeirra. En er það sæmandi ráðherra? Er það þinglegt að vera með slíkan áróður á Alþ.? Mér er að vísu ljóst, að bæði þingmenn og aðrir hafa leyfi til að túlka skoðanir sínar við aðra innan vissra takmarka, bæði á þingi og utan þess, en var þessi áróður hæstv. ráðh. sæmilegur og þinglegur? Og ég spyr: Hví fór hæstv. ráðh. ekki eftir bendingum hv. þm. Dal.? Hann benti á, að þessi fyrirhugaða sala væri á móti lögum. Það vita allir, að hv. þm. Dal. er traustur og heiðarlegur maður, og enginn trúir því, að hann hefði farið að ráðleggja þeim ráðh., er hann styður, og styður vel, að gera annað en hann áleit rétt og löglegt. Hv. þm. Dal. er reyndur dómari, hann hefur átt lengi sæti hér á Alþ. og í landbn. og þekkir þau mál eins vel og hæstv. ráðh. En hæstv. ráðh. hefur till. hans að engu. En hví spurði ráðh. Alþ. ekki um þetta mál á sínum tíma? Alþ. sat þá að störfum. Þorði hann það ekki, treysti hann því ekki, að Alþ. samþ. þetta? Þótti honum vissara að gera þetta á bak við tjöldin? Hann vissi sjálfur, að hann var að fara með rangt mál. Hann vissi, að hann gat ekki fengið samþykki Alþingis fyrir þessum gerningi, og þess vegna fór hann ekki með þetta mál inn í þingið. Ég held nú, að hæstv. ráðh. verði að viðurkenna, að ekki hafi verið farið að eins og lög stóðu til. Ég held, að hann fái ekki nokkurn mann til að trúa öðru. En það er út af fyrir sig að gera yfirsjón, mönnum getur yfirsézt. En það er tvöföld yfirsjón að staðhæfa, þegar menn vita sig hafa gert rangt, að þeir hafi gert rétt.

Þá ætla ég aðeins að fara nokkrum orðum um

þá staðhæfingu hæstv. ráðh., að Kaldaðarnessalan hafi verið búhnykkur fyrir ríkið, en ekki Jörund Brynjólfsson, er keypti. Ég veit nú ekki, hvernig hann treystir sér til að sanna, að þetta hafi verið búhnykkur fyrir ríkið. Á pappírnum var Kaldaðarnes selt fyrir 419820 kr., en upp í það kom raunverulega það, sem Jörundur Brynjólfsson fékk fyrir sínar eignir í Skálholti, 173700 kr. fyrir hús hans þar og eignir, og skal ég koma inn á það síðar. En þess utan koma svo 20 þús. kr. alveg ólöglega, sem koma fyrir það, að bóndinn í Skálholti fór þaðan, var hrakinn þaðan eða fór að eigin ósk, hvað sem menn vilja nú kalla það, því að hvergi er heimild í ábúðarl. né heldur nein þingheimild til þess, og þess utan er greitt 225 þús. kr., sem kaupandanum að Kaldaðarnesi er gefið fyrir að þiggja þessa jörð, og svo er að síðustu 1120 kr. í peningum. Þetta er greiðslan. Ég vil nú leyfa mér að benda á það, að ég held, að það sé erfitt að fá nokkurn mann til þess að trúa því, að á móti þeim húsum, sem eru í Skálholti, og þeim öðrum eignum, sem fráfarandi bóndi átti þar, megi ekki jafna a. m. k. gamla húsinu í Kaldaðarnesi, og að peningshús, sem eru í Kaldaðarnesi, hafi að einhverju leyti getað, ásamt tveim skálum, girðingum og ýmsu fleira, sem fylgdi jörðinni, jafnazt á við eignirnar í Skálholti, og þó er öll jörðin eftir enn. Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, er ekki tekið með í þetta mat eitt mikið mannvirki, sem er varnargarður, sem ver landið fyrir Ölfusá og mun hafa kostað landið mikið fé. Ég sé ekki annað en þessar byggingar hljóti að vera það verðmætar, að hægt sé að jafna þeim við þau hús, sem eru í Skálholti, en þessi verðmæti hafa ekki verið greidd. Sannleikurinn er sá, að mér sýnist, að sjálft verðið á jörðinni sé týnt. Ég sé því ekki, að það hafi verið ákaflega mikill búhnykkur fyrir ríkið að losa sig við þessa jörð. Ég get upplýst, að þessi jörð mun hafa haft um 2000 ha. lands, og mun vera búið að láta um 300 ha. til ríkissjóðs áður í sambandi við „Síberíu". Þar undan er svo skilin hjáleiga, og skilst mér, að þá séu eftir 1400—1500 ha. Af öllu þessu landi er ekki nema 65 ha. eyðilagt, eftir því sem þm. upplýsa. Einnig er upplýst, að þegar jörðin var keypt, þá var lögð á það megináherzla, að þetta væri gert vegna þess, hversu hún hefði mikið land og hversu það væri heppilegt til ræktunar. Nú hefur hæstv. ráðh. sagt, að þetta hafi reynzt misskilningur, allt, sem framsóknarmenn sögðu á þeim tíma, hafi verið slúður, sem eigi ekki stoð í veruleikanum, það sé varla hægt að græða þarna nokkurt strá, þetta sé allt ónýtt. Og þegar litið er á það, að í þessu landi er einnig flugvöllur — það segir að vísu í afsalsbréfinu, að afnot af flugvellinum megi ríkið hafa án endurgjalds, en það er ekkert sagt um, að það megi stækka hann, svo að það þarf kannske að kaupa landið til þess — þegar á allt þetta er litið, þá held ég, að það sé alveg rangt hjá hæstv. ráðh., að þessi sala hafi verið mikill búhnykkur. Ég skal viðurkenna, að það eru mjög miklar líkur til þess, að það megi gera þessa jörð þannig, að það megi koma þar upp mörgum býlum. En ég vil spyrja: Eru meiri líkindi til þess, að hv. 1. þm. Árn., á þeim aldri, sem hann er, jafnvel hversu ágætur bóndi sem hann er, hafi afl til þess að gera þetta land að verðmætu landi, þar sem síðar megi hafa mörg býli, frekar en ríkissjóður með því vinnuafli, sem hann hefur yfir að ráða? Það er ekki hægt að telja mér trú um það.

Hv. ráðh. minntist á hreinsunina, sem viðtakandi á að gera. Ég hef nú aldrei skilið sambandið þarna á milli, að kaupanda er seld jörðin og hann veit, í hvaða ástandi, og svo er farið að meta sérstaklega þær skemmdir, sem eru á landinu, og þær eru metnar á 74 þús. kr., en ofan á það þarf að fara að gefa með landinu 225 þús. kr. til hreinsunar á því. Annaðhvort hefur eigandinn fengið jörðina í því ástandi, sem hún var, eða í því ástandi, sem hún var, áður en stríðið kom, eins og ráðh. ætlaðist til. Það er búið að meta þessar skemmdir á 74 þús. kr. Hvaðan kemur þá þessi hugmynd um að greiða enn 225 þús. kr. með jörðinni fyrir hreinsun? Svo hefur hæstv. ráðh. sagt, að þessu yrði skilað aftur, ef landið yrði ekki hreinsað innan ákveðins tíma. Hv. 1. þm. Árn. má vera vel fjáður, ef hann getur skilað aftur 225 þús. kr. eða látið vinna fyrir þá fjárhæð á tilteknum tíma, og ég veit ekki, hvernig hann fer út úr þeim skatti, ef hann á 5 árum getur lagt vinnu í hreinsun á þessu landi fyrir 225 þús. kr. Þessar krókaleiðir eru allar farnar til þess að geta gefið þessa eign. Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði mörg dæmi um það, að þetta mundi kosta miklu meira fé, og það hefði verið vanmetið af þeim mönnum, sem mátu þetta. Að hverjum er hæstv. ráðh. að sneiða? Er hann að sneiða að þessum sömu matsmönnum, því ég held það hafi verið sömu menn, sem mátu þessa hreinsun? Annars get ég upplýst hæstv. ráðh. um það, að einn af þessum mönnum hefur upplýst hæstv. ráðh. um það, að þessi hreinsun er allt of dýr með tilliti til þeirra verkfæra, sem nú eru notuð, því að öll hreinsun á landinu, þar sem spítalarnir stóðu, skammt fyrir ofan Lágafell í Mosfellssveit, hún kostaði ekki nema 60 þús. kr. Hæstv. ráðh. veit, að þetta er rétt, og veit það svo vel, að hann fékk nærri hjartaslag, þegar hann frétti, hvað sú hreinsun kostaði litla peninga. Hann þarf því ekki að reyna að telja okkur trú um, að hér sé verið með sérstakan ágang á kaupandann.

Þá sagði hæstv. ráðh. síðast, að öll mín framsöguræða og allur minn málflutningur sé ósliti in ásökun á matsmennina, og lagði mikið upp úr því, og það gerði hv. 1. þm. Árn. einnig, hér væri verið að gera beina árás á saklausa menn. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu. Í fyrsta lagi hef ég ekki sagt eitt einasta orð um þessa menn, hvort þeir hafi gert sitt verk vel eða illa. Meira að segja hef ég haldið því fram, að mér hafi ekki þótt óeðlilegt, þó að þeir mætu eignirnar í Skálholti á þann mælikvarða, að þarna ætti að taka aftur við af bónda, en hins vegar sagði ég, að það hefði átt að meta eignirnar í Kaldaðarnesi á sama mælikvarða og með tilliti til þess, að þar átti að taka við sams konar rekstri eins og rekinn var í Skálholti. En matsmennirnir eru bundnir af ráðh., þegar þeir gera matið, og það, sem verra er, hæstv. ráðh. bregzt skyldu sinni að áfrýja þessu mati, ekki einasta til yfirmats, heldur, ef hann var ekki ánægður með það, þá til þingsins. Þar brást hann skyldu sinni, og það

er af því, að það var fyrir fram ákveðið, að jörðin skyldi seld — skyldi gefin ákveðnum manni. Þess vegna er farið svona í kringum öll þessi atriði. Ég get sagt hæstv. ráðh. það, að ég tel þetta mjög mikilsvert mál, ekki aðeins vegna þess, hvort ríkissjóður græðir eina milljón eða eina og hálfa milljón, heldur fyrir það, að það er spegilmynd af þeirri rotnun, sem er í stjórnmálalífi Íslendinga og Framsfl. á langmest af. Það er þessi rotnun, sem verður að uppræta, ef við eigum að fá traust þjóðarinnar til þess að geta mætt erfiðleikunum og losnað úr þeim. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að þessari stofnun séu falin á hverjum tíma hin vandasömustu mál til úrlausnar, ef það er komið inn hjá fólkinu, að það sé ekki hægt að trúa fulltrúunum fyrir því að vernda betur rétt ríkisins en hér hefur verið gert, og kemur ekkert málinu við, hvort það er gert af 10 kr. atriði eða milljóna atriði. Það er aðferðin, sem hefur verið byggð utan um þetta, sem ég er að fordæma, en ekki hitt, hvort ríkissjóður tapar nokkrum krónum eða ekki. Þess vegna er þetta merkilegt mál, og þess vegna er hlustað eftir því um allt land.

Ég skal þá svara nokkrum atriðum því, sem hæstv. menntmrh. færði fram sem rök fyrir sínu máli, og vænti ég þess, að hæstv. landbrh. flytji honum það, þar sem menntmrh. er hér ekki viðstaddur. Hæstv. menntmrh. sagði, að ástandið í Kaldaðarnesi hefði verið þannig, að aðeins hefðu verið eftir fáir vistmenn, 1—4, allir aðrir hefðu verið flúnir. Þeir flúðu af hælinu, eins og hæstv. ráðh. flúði undan ábyrgðinni og umr. hér. En það var ekki sök vistmannanna, að þeir flúðu, það var fyrst og fremst stjórn hælisins, sem átti sök á því, ef ekki var hægt að halda mönnunum. En mig brestur alveg skilning til þess að geta fengið það inn í mitt höfuð, hvernig hugsað er að byggja upp nýtt hæli samkvæmt því frv., sem nú er borið fram af hæstv. menntmrh., með sömu starfsreglum eins og þetta hæli var, sem allir vistmennirnir flúðu frá. Ég hef rætt þetta mál sem einn meðlimur heilbr.- og félmn. Ed. á fundi, þar sem voru mættir hæstv. menntmrh., landlæknir og dr. Helgi Tómasson, og þar átti að telja mér trú um, að nauðsynlegt væri að setja hælið nálægt Reykjavík, svo að menn gætu ekki flúið þaðan. Ég lét í ljós, að mér væri óskiljanlegt, að það væri óhægara fyrir vistmenn að flýja frá Úlfarsá, sem komið hefur til mála, heldur en frá Kaldaðarnesi, en þá kom upp sú speki, að það væri til nokkuð, sem héti Engey, og þeir gætu ekki synt í land. Dr. Helgi Tómasson færði fram mörg vísindaleg rök fyrir því, hvernig ætti að reka hælið, en vísindi duga ekki til að sannfæra mig um, að ekki sé hægt að komast úr Engey öðruvísi en með því að synda. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir það, að menn, sem ganga þarna lausir, komist til lands með alls konar fleytum, þeir komast þaðan engu síður en frá Kaldaðarnesi. En það er ágæt uppástunga, sem kom frá hv. 3. landsk., að flytja þetta allt til Grímseyjar, en það fer ekki saman við þau rök, sem hæstv. ráðh. bar hér fram, að hælið væri of langt frá Reykjavík, ef það væri í Kaldaðarnesi.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði skort alla heimild til að fyrirskipa mönnum vist á hælinu. Ég fór að blaða í frv., sem hann leggur sjálfur fram nú, og svo í gildandi l., og það eru sömu ákvæðin í frv. eins og í l., svo hann hefur ekki meiri heimild til að vista menn á hinu nýja hæli, sem á að kosta 9 millj. kr., heldur en hann hafði til þess að halda þeim í Kaldaðarnesi. Ég verð að segja, að það er hreinn vesaldómur af hæstv. menntmrh. að láta sér detta í hug að bera fram svona rök, að hann skorti heimild til þess að reka hælið, svo að viðunandi sé, og til að fá þangað sjúklinga, sem þar þurfa að vera. Þeirrar heimildar gæti hann aflað sér, ef þingið situr, á einni nóttu, og það var miklu meiri ástæða til að samþ. slík l. en l., sem samþ. voru á einni nóttu um að veita tveim þýzkum fjölskyldum borgararétt. Ég veit, að þm. hefðu ekki séð eftir því að vaka hér eina nótt til að bjarga slíkum vesalingum, ef það vantaði heimild, það hefði líka verið hægt að gera slíkt með brbl. Mig undrar því, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að bera það fram sem rök, að hann skorti heimild til að flytja sjúklinga á hæli, sem sérstaklega er gert handa slíkum sjúklingum. Sannleikurinn er sá, að stjórn hælisins er ekki ráðin samkv. l. Það er ákveðin í l. frá 1943 sérstök stjórnskipuð n. til að stjórna hælinu, en þeirri n. var vikið til hliðar og í staðinn fyrir þá n. tekinn maður, sem nú er kominn á þá skoðun, að það þurfi að setja einhvern vitfirringastimpil á þessa vesalinga og þess vegna eigi að flytja þetta eins nálægt Kleppi og hægt er, en uppistaðan í hinu nýja frv. er sú, að þetta eigi að vera 40 manna vistheimili fyrir hálfgerða vitfirringa. En ég er ekki alveg á sama máli og hæstv. menntmrh., að það sé heppileg lausn á þessu máli.

Hæstv. ráðh. sagði, að rekstrarhalli hælisins hefði verið 100 þús. kr. á tveim árum. Mig óar ekkert, þó að það sé 50 þús. kr. halli á svona hæli á ári, og ég verð að segja það, að þegar ríkið þénar um 40 millj. kr. á vínsölu á ári, þá sé ég ekkert eftir því, þó að það eyði 50 þús. kr. í að borga þessum vesalingum, svo að þessi röksemd er ekki heldur nægilega sterk. Í sambandi við þetta mál vil ég undirstrika, að fyrsta árið var 90 þús. kr. halli á Reykjalundi, en á hverju ári síðan 100 þús. kr. ágóði. Af hverju? Vegna þess að læknirinn, sem skipaður var á því hæli, vildi fórna sér fyrir þessa menn og gerði ekkert annað en að hugsa um að stjórna þessu fyrirtæki og gera allt sem hagkvæmast og fá þessa menn til þess að vinna eftir því, sem þróttur var til. Ég skil ekki, hvers vegna þeir menn, sem ætla að bera ábyrgð á þessu í framtíðinni, vilja loka augunum fyrir því kraftaverki, sem þarna hefur gerzt, og ég er alveg viss um, að það er hægt að nota sömu aðferðina við þessa menn, sem hér um ræðir. Það var smásálarskapur að sjá í það að setja sérstakan lækni við hælið, það kostaði aðeins 30 þús. kr., en það var eitt af mótrökunum hjá hæstv. ráðh., að það hefði verið ofviða að setja þarna lækni, en það var það, sem þurfti að gera, og einnig þurfti að setja duglega stjórn við hælið.

Hæstv. ráðh. sagði, eins og hæstv. landbrh., að það væri ríkinu til skammar, hvernig jörðin var, og það var það, sem eiginlega var þyngst á vogarskálinni hjá honum. En er það frambærilegt

frá hæstv. menntmrh. að láta það hafa áhrif á sig um að leggja hælið niður, hvernig búskapurinn var. Ég sé ekki, að það komi honum neitt við. Búskapurinn í Kaldaðarnesi gat aldrei verið annað en vitnisburður um ríkisbúskap yfirleitt. Hann gat verð slæmur í eitt ár, en til langframa varð hann auðvitað ekkert annað en spegilmynd af ríkisbúskap á Íslandi yfirleitt. Þess vegna var ekki ástæða til að flytja hælið þaðan, þó að jörðin væri í niðurníðslu. Ég ætla að fara dálítið inn á eigur menntmrn., eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Hann sundurliðaði það þannig, að það hefði verið gamla íbúðarhúsið, braggi og nýtt ráðsmannshús. Hann sagði enn fremur, að kostnaðurinn við þetta hefði verið 630 þús. kr., og mest af þessu hefði verið viðgerð á gömlum húsum og menntmrn. hefði verið endurgreitt 400 þús. kr. Sannleikurinn er sá, að ekkert af þessum tölum er rétt. Annars kemur mér það ekkert á óvart, þó að manni, sem alltaf fer rangt með tölur í sínu pólítíska blaði, skeiki eitthvað í tölum hér á Alþ. Skal ég nú færa nokkrar sönnur á mitt mál. Í fyrsta lagi er þessi kostnaður, byggingarkostnaður við hælið í Kaldaðarnesi, samkvæmt landsreikningnum, 1946 kr. 315888,73 og 1945 kr. 551551,12. Þetta eru sömu tölur, sem gefnar eru upp í grg. fyrir till., og þessar tölur passa ekki við þær tölur, sem hæstv. ráðh. hefur gefið upp, og þó að hæstv. ráðh. hafi ekki haft tíma til að gá í landsreikninginn, þá hefði hann a. m. k. getað spurt flokksbróður sinn, hv. 1. þm. Árn., sem mun vera kunnugur þessu máli, hvort þetta væri ekki rétt. Sannleikurinn er sá, að byggingarkostnaðurinn í Kaldaðarnesi er um 900 þús. kr. Hvað fær svo menntmrn.? 400 þús. kr., segir hann, en það er ekki rétt. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá mjög ábyggilegum manni í stjórnarráðinu, sem veit líklega meira um þetta atriði en ráðh., þá hefur rn. fengið 419820,00 kr. fyrir Kaldaðarnes, m. ö. o. alla þá upphæð, sem kaupandinn á pappírnum er látinn greiða fyrir eignina. Hvaðan fær svo rn. þessa peninga? Það fær kr. 173700.00 og kr. 197300,00 af því fé, sem veitt hafði verið í Skálholtsskóla og er tekið ólöglega til þess að borga þetta með. Hvað kom inn? Hann fékk 225 þús. kr. frá setuliðinu. Ríkið var búið að fá þá peninga áður fyrir að sitja í landinu, áður en það var afhent menntmrn., svo að ekki var hægt að taka þetta fé og greiða það til menntmrn., það var tekið beint úr ríkissjóði. Hvað svo meira? Hann fékk 1120 kr. frá Jörundi Brynjólfssyni. Hæstv. ráðh. sagði, að allt þetta væri gert með samkomulagi við alla þá aðila, sem hefðu haft með þetta að gera. Það er ekki rétt, því að stjórn ríkisspítalanna er líka nokkuð viðriðin þetta mál, og ég hef hér bréf hennar til hæstv. menntmrh. 3. nóv. 1947, þegar þessi verk fóru fram. Og ég vil taka það fram, að á þeim tíma sat Alþingi á rökstólum. Ég vil leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að lesa hér upp úr þessu bréfi. Í því segir svo:

„Ég leyfi mér fyrir hönd heilbrmrn. að taka fram eftirfarandi varðandi mat á eignum heilsuhælis fyrir drykkjumenn í Kaldaðarnesi.

Þann 28. ágúst s. l. hafði heilbrmrn. skrifað landbrn. m. a. á þessa leið: (Takið eftir, að það er heilbrmrn., sem skrifar landbrn.) „Ráðuneytið áskilur, að landbrn. sjái svo um, að greiðsla komi til þessa ráðuneytis fyrir eignir hælisins, þær sem jörðinni fylgja.

Þar sem upplýst er, að meta eigi eignir ríkisins í Kaldaðarnesi til sölu í því skyni, að þar verði rekinn búskapur, má gera ráð fyrir, að matið verði miðað við slík afnot. Aftur á móti hlýtur krafa heilbrmrn. að vera sú, að allur kostnaður, sem það ráðuneyti hefur lagt í stofnkostnað hælis í Kaldaðarnesi, verði endurgreiddur, og sé auk þess tekið tillit til verðhækkunar, sem orðið hefur á efni og vinnu síðan framkvæmdir voru gerðar.

Samkvæmt lögum ber ríkinu skylda til að reka drykkjumannahæli. Eins og nú er komið um verðlag á efni og vinnu, er fullvíst, að slíku hæli verður ekki komið á fót fyrir minna fé en lagt hefur verið í Kaldaðarneshælið. Auk þess hlýtur flutningur hælisins að hafa mikinn kostnað í för með sér.

Með tilvísun til ofanritaðs tel ég, að uppgjör milli heilbrm.- og landbrn. geti á engan hátt komið þessu mati við."

Stjórn ríkisspítalanna gerir hér kröfu um að fá endurgreiddar 900 þús. kr. auk þess kostnaðar, sem kann að verða af flutningi hælisins á annan stað, og auk þess þann mismun, sem orðið hefur á efni og allri vinnu, frá því að hælið var byggt. Mismunurinn er 600 þús. kr. En hver á að bera þennan kostnað? Á landbrn. að bera þennan kostnað, t. d. með því að greiða hann úr ræktunarsjóði, eða á ráðh. að bera hann sjálfur, eða á ríkissjóður að borga brúsann? Það er augljóst, að menntmrn. hefur ekki fengið það fé, sem það átti að fá, það fé, sem því bar. Og auk þess hefur ekkert fengizt fyrir sjálfa jörðina. Ég býst við, að ríkissjóður verði að greiða stórar fjárhæðir og margar, þar til þessum málum verður komið í það horf, sem þau voru komin, þegar hælið starfaði í Kaldaðarnesi, er hæstv. menntmrh. tók við hælinu. Lögin frá 1943 um drykkjumannahæli eru svo skýrt orðuð, að þar segir, að ríkið eigi að reka hæli fyrir drykkjusjúka menn og þar eigi hælið að vera. Það er því algerlega út í hött og er rangt, að jörðin hafi verið lánuð fyrir þá starfsemi ríkisins. Það varð samkomulag, að ríkið afhenti jörðina undir þetta. Þess vegna var hér svo til stofnað, að landbrn. gat ekki farið eins að með jörðina og það hefur gert.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða mikið við hv. 1. þm. Árn. Það var flest í ræðu hans, sem ég hef flutt svar við í ræðu minni til hæstv. landbrh. Svör mín til ráðh. geta því gilt til hans.

Ég tek enn fram að lokum, að ég hef ekki hreyft þessu máli af neinum persónulegum áróðri á framsóknarmenn. Hér er um að ræða veilu í meðferð á fé ríkisins. Slíkt mál sem þetta er ekki hægt að láta afskiptalaust. Meginástæðan fyrir því, að þessu máli hefur verið hreyft, er, að hér hefur illa verið farið með ríkisfé. Ég vænti þess, hvernig svo sem þetta mál fer, þá muni þau blaðaskrif og umr. þær, sem fram hafa hér farið á Alþ. um það, marka nýja stefnu á Íslandi í meðferð opinberra eigna og opinbers fjár. Ef ekki, þá á þjóðin að taka í taumana og neita að senda slíka menn á þing.

Þjóðin á að gera sömu kröfur til þm. sinna eins og t. d. Bretar gera til sinna þm. Þar mundi ráðh. verða að segja af sér fyrir minni sakir en hér hafa verið ræddar. Ég er ekki að bera fram slíkar kröfur, en hv. þm. ættu að gera annað en standa upp og státa, þegar jafnalvarlegt mál er rætt og þetta mál er. Ég geri ráð fyrir, að þjóðin sé enn svo mild, að hún fyrirgefi, en það er ekki hægt að bjóða Alþ. né þjóðinni upp á annað eins og hér hefur gerzt við söluna á Kaldaðarnesi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Einn þáttur þessa máls er þátturinn um drykkjumannahæli í Kaldaðarnesi. Ég ætla, að sá þáttur sé mér kunnugri en flestum öðrum þm., sem sæti eiga hér á Alþ. nú, og vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þá hlið málsins nú, þó að ég hafi nú áður haft tækifæri til þess í þessum umr. En nú ber á svo mikilli vanþekkingu á þeim málum, að mér finnst ástæða vera til að gera þessari hlið málsins nokkur skil.

Það er nú nokkuð langt um liðið síðan nokkrir menn vildu hefja aðgerðir til þess, að komið yrði upp drykkjumannahæli. Þegar eftir 1930 var hafizt handa í málinu, en Alþingi drap þær till. Er ég kom á Alþingi árið 1942, var flutt frv. til l. um drykkjumannahæli, en það var drepið. Þá var það sýnilegt, að ef úr slíku ætti að verða, þá yrði að koma því til vegar, að einhver aðili hefðist handa með hæli og sýndi fjárveitingavaldinu, að alvara væri á ferðum. Stórstúka Íslands færðist því í fang að stofna til rekstrar hælis fyrir drykkjusjúka menn, en í smáum stíl. Að þessu unnu mest þrír menn, þeir Friðrik Ásmundsson Brekkan, Kristinn Stefánsson stórtemplar, og ég var sá þriðji. Við hófum þessa starfsemi á litlu býli við Stokkseyri, sem heitir Kumbaravogur. Við fengum hr. Alfreð Gíslason lækni til þess að veita hælinu forstöðu. Sjálfir höfðum við veg og vanda af rekstrinum að því leyti, sem það heyrði ekki undir forstöðumanninn þar eystra, Jón Sigtryggsson fyrrv. fangavörð, en það var fyrir tilstuðlan landlæknis og sakadómarans í Reykjavík, að sá maður fékkst. Alfreð Gíslason sá um forstöðuna séð frá hinni læknislegu hlið. Ég vil geta þess, að í upphafi var okkur það ljóst, að til þess að vænta mætti góðs árangurs af starfinu, þurfti að skapa þeim mönnum, sem þarna dveldust í lengri eða skemmri tíma, góða og skynsamlega aðstöðu til að vinna. Kumbaravogur er lítið kot, en við reyndum að láta vistmenn vinna, t. d. við heyskap, garðrækt, og aðra heilsusamlega líkamlega vinnu. Sú stefna var mörkuð að leitast við að skírskota til manndóms þessara manna og reyna að vekja starfsþrá þeirra til nytsamra verka. Á sumartímanum fengu vistmenn eigin kartöflugarð, og máttu þeir rækta í garðlöndum sínum eins og þá lysti og eiga uppskeruna. Með þessu vorum við að skírskota til manndómsins, en það var síður en svo lítill vandi að halda þessum mönnum að verki. Það verður að gera sér fulla grein fyrir því, að þessir menn voru sjúkir, og þetta kom mjög alvarlega fram. Það er ekki hægt að neita því, að þeir voru fáir mennirnir, sem fengu nokkra verulega bót á sjúkleika sínum. En þessi árangur er síður en svo nokkurt sérstakt íslenzkt fyrirbæri. Ofdrykkjan er einn þeirra sjúkdóma, sem nútíma vísindi hafa ekki fundið neitt ráð við. Á hælum fyrir ofdrykkjumenn ná ekki nema 3—4% sjúklinganna fullum bata. Hinn hlutann þarf að hafa á hæli árum saman og í einstaka tilfellum ævilangt. Af þessu, sem ég hef drepið á, er hægt að draga, hvert hugur okkar þremenninganna stefndi. En á fyrsta árinu, sem hæli þetta starfaði, var frv. flutt á Alþ. um drykkjumannahæli, og samkv. því átti hið opinbera að starfrækja drykkjumannahæli. Er svo var komið, fórum við í hælisnefndinni að athuga um stað fyrir nýjan samastað fyrir hælið, því að við urðum að flytja í burtu af jörðinni með starfsemina. Við, sem sæti áttum í stjórn hælisins, óskuðum þess helzt, að byggt yrði eða útvegað húsnæði á jarðhitasvæði, svo að hægt yrði að reka stórbúskap og smáiðju í sambandi við hælið. Fjölbreytni í starfi gefur sterkastar vonir um, að kraftar þessara drykkjusjúku manna nýtist. Heilbrigðir menn yrðu að bera allan veg og þunga við vinnuna, en vinnuframlag þeirra sjúku yrði þá eins konar uppbótarvinnuafl. Nú skal ég ekki reka frekar þá sýn, hvernig við hugsuðum okkur starfið við heita vatnið eða hvernig leitin gekk að landi, sem þeim kostum væri búið. En nú víkur sögu til Kaldaðarness. Ég skal ekki fullyrða, hver átti frumkvæðið, að bent var á Kaldaðarnes sem ákjósanlegan stað undir hæli fyrir drykkjusjúka. Nú stend ég ekki eins vel að vígi að segja frá, þ. e. frá árabilinu 1945—47, því að skjöl þau og gögn, sem varða málið á þessum tíma, eyðilögðust í húsbruna hér í Reykjavík. En ég held mér sé óhætt að fullyrða, að Vilmundur Jónsson landlæknir hafi fyrstur bent fjvn. á þennan stað. Í fyrstu ferð okkar þangað austur voru með þeir Vilmundur landlæknir, sakadómarinn í Reykjavík, Alfreð Gíslason læknir og ég. Er við litum á eignina, urðu allir á eitt sáttir, að hér væri fundinn framtíðarstaður fyrir hælið. Við höfðum einnig bent á, að heppilegt væri að koma byggingarframkvæmdum svo fyrir, að vistmenn gætu unnið að því sjálfir að byggja yfir sig. Fyrst var gert ráð fyrir, að vistmenn og starfslið hælisins dveldust í herskálum, sem þarna voru, en síðan yrði strax hafizt handa um byggingarframkvæmdir. Fyrsta verkið skyldi vera að byggja upp, hreinsa síðan jörðina, sem var orðin illa útlítandi eftir að herliðið dvaldist þar, og síðan skyldi nytja gæði jarðarinnar. Þá var Finnur Jónsson heilbrmrh. Lýsti hann stuðningi sínum við málið. Þá var og leitað umsagnar Guðmundar Gestssonar ráðsmanns ríkisspítalanna. Hann lagði til, að þetta mál yrði fellt inn í annan búrekstur ríkisspítalanna, og enn var leitað álits jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands. (*JJ:* Hvers?) Það var Pálmi Einarsson. Árið 1945 var svo hafizt handa, og vistmenn voru fluttir austur að Kaldaðarnesi. Þar unnu þeir til að byrja með við að rífa í sundur bragga, losa þá í sundur og hirða það, sem nýtilegt var úr þeim. Það byggingarefni, sem reyndist unnt að nota, var svo hagnýtt. Við byggingarframkvæmdirnar var Björn Rögnvaldsson byggingarmeistari trúnaðarmaður. Hann lagði til, að skinnað væri upp á gamla húsið, en

fjvn. taldi slíkt óhyggilegt, en vildi reisa af grunni. En sérfróðir menn héldu sig fast við það, að velja skyldi hina leiðina. Frá þeim tíma, er þessu vatt fram með málið, eru aðeins tvö skjöl fyrir hendi, en þau hafa verið í mínum vörzlum. Fyrra bréfið er frá því í janúarmánuði 1946 og var skrifað í samráði við þáverandi heilbrmrh., Finn Jónsson. Það var til Búnaðarfélags Íslands. Þar er sagt frá því, að það standi til að koma upp búrekstri á jörðinni, og er leitað til Búnaðarfélagsins um álit í því efni. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þetta bréf hér upp. Þar segir svo:

„Eins og Búnaðarfélagi Íslands er kunnugt, var drykkjumannahælið flutt að Kaldaðarnesi á s. l. sumri. Var gert við gamla íbúðarhúsið á jörðinni, og eru þar nú góð húsakynni fyrir 16—18 vistmenn, auk starfsfólks. Aðkoma að Kaldaðarnesi var verri en lýst verður með orðum, enda var þar mikil hernaðarbækistöð um skeið. Túnið er eyðilagt, svo og mikið svæði af árbökkunum, sem var gæðaland og notað sem tún.

Gert er ráð fyrir því, að hælið reki búskap á jörðinni. Verður væntanlega byrjað á næsta vori í smáum stíl, en þó þannig, að búið framleiði helzt nægar búsafurðir fyrir hið fjölmenna heimili.

Heimilisstjórnin telur sjálfsagt að hafa með í ráðum kunnáttumenn á sviði landbúnaðar nú, þegar að því kemur að hefja skal búskap í Kaldaðarnesi. Hefur viðkomandi ráðherra, Finnur Jónsson, falið mér að snúa mér til Búnaðarfélags Íslands með tilmæli um, að það sendi mann austur þangað, og leggi hann ráð á, hvernig taka skuli því verkefni, sem þar er fram undan, hvað gera skuli fyrst og hvernig, t. d. hvort rækta skuli tún að nýju eða koma gamla túninu aftur í rækt. Í Kaldaðarnesi þarf smátt og smátt að rísa upp mikill og fyrirmyndarbúskapur, og varðar miklu að rétt og skynsamlega sé af stað farið.

Með skírskotun til framanritaðs leyfi ég mér hér með og í nafni heilbrmrh. að óska þess, að Búnaðarfélag Íslands geri ráðstafanir til þess að senda við tækifæri kunnáttumann í landbúnaði austur að Kaldaðarnesi í áðurnefndum tilgangi. Jafnframt óska ég þess, að Búnaðarfélagið láti mig vita, hvenær af förinni getur orðið."

Samkvæmt þessu er Búnaðarfélagið beðið að láta í té búfræðilega aðstoð í sambandi við fyrirhugaðan búskap. Síðan var ætlunin að fá duganda mann til að veita búinu forstöðu, en hann réði svo til sín heilbrigða menn til þess að vinna verk þau, sem til falla við búskap, en vinnuafl þeirra sjúku manna, sem á hælinu dveldust á hverjum tíma, yrði hagnýtt til aðstoðar, eftir því, sem unnt reyndist. Þetta bréf er skrifað 21. jan. 1946 og sýnir glöggt, hvað vakað hefur fyrir stjórn hælisins, landlækni og ráðsmanni ríkisspítalanna.

Um þetta leyti varð það að ráði, að stjórn ríkisspítalanna tæki við rekstrinum, þó að stjórnarnefndin hefði staðið fyrir þessu máli til þessa. Starf nefndarinnar hafði alla tíð verið ólaunað, og var svo þangað til hún hætti afskiptum af málinu. Nú leit n. svo á, að málið væri komið í örugga höfn, nú væri tryggður búrekstur í sambandi við hælið. Hinn 6. maí 1946 skrifar hælisstjórnin heilbrmrh. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og yður, hæstvirti ráðherra, er kunnugt, hefur stjórn Kaldaðarneshælisins litið svo á, að eðlilegt og hagkvæmt væri, að allur rekstur hælisins, þar með talinn búrekstur, yrði fenginn í hendur stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Starf hælisstjórnarinnar yrði þá fólgið í því að ráða lækni og forstöðumann stofnunarinnar með samþykki ráðherra og stjórnarnefndar ríkisspítalanna, að hafa umsjón með öllu því, er varðar vistmenn, og gæta þess, að kappkostað sé, að vistin beri þeim tilætlaðan árangur. Enn fremur bæri hælisstjórninni að greiða fyrir vistmönnum eftir föngum að vist lokinni og fylgjast með, hversu þeim vegnar.

Leyfir hælisstjórnin sér hér með að óska þess, að ráðherrann fallist á að fela stjórnarnefnd ríkisspítalanna að taka við rekstri hælisins nú þegar.

Það skal tekið fram, að tillaga þessi er gerð í samráði við og samkvæmt óskum landlæknis og dr. Helga Tómassonar yfirlæknis."

Á þetta var fallizt, og eins og þessi skrif benda til, var þessa óskað í samráði við landlækni og dr. Helga Tómasson yfirlækni. En áður en ég fer lengra, vil ég geta þess, að nokkurrar gagnrýni varð vart á stjórn hælisins, þar eð það hafði komið í ljós, að vistmenn vildu hlaupast á burtu úr vistinni og heimtuðu að fá greitt kaup að öðrum kosti. Það er sú saga, sem er alveg rétt. En nú er svo kveðið á í íslenzkum l., að það sé heimilt að flytja menn aftur til dvalarstaðar síns til hælisins með lögregluvaldi. Sami sem áður hefur því verið blandað í þetta, að ekki mætti flytja mennina með valdi á hælið aftur. En þessi ákvæði í l. eru nýmæli, aðeins ársgömul, og eru sett inn í l. í samráði við mig og fleiri þm. Það er og rétt, að vistmenn voru með kröfur um að fá kaup greitt fyrir vinnu sína á hælinu. Þeir vildu fá taxtakaup, en þegar slíkt ber að, verður að reyna að skírskota til sjálfsbjargarviðleitni þeirra og gefa þeim tækifæri til að sýna, að þeir séu færir til og geti unnið eins og menn að störfum þeim, sem þeim kunna að vera falin. Ég hygg, að það sé rétt, að þeim hafi ekki fundizt sér vera gert nógu hátt undir höfði. Þeir lögðu niður vinnu og fóru fram á betri kjör, en þeir urðu að hverfa aftur til vinnu við sömu kjör og áður.

Það kom í ljós af reynslunni, að nauðsynlegt var, að hælið stæði í sambandi við sjúkrahús í Rvík. Í fyrsta lagi af því, að það kom í ljós, að þegar leitað hafði verið um hælisvist fyrir menn, þá var heilsu þeirra svo háttað, að nauðsynlegt var að leggja þá á sjúkrahús, áður en þeir vistuðust á hælinu. Hitt kom einnig alloft fyrir, þegar menn voru komnir á hælið, að nauðsynlegt var að kippa þeim þaðan um stundarsakir og senda þá á sjúkrahús. Loks var það, að þeir menn, sem komu inn á hælið, voru margir hverjir sökum ofneyzlu áfengis meira eða minna geðbilaðir. Þessi reynsla leiddi til þess, að upp var tekið samstarf við sjúkrahúsið að Kleppi.

Ég vil í þessu sambandi mótmæla þeim niðrunarorðum, sem tveir hv. þm. létu falla um

þetta samband við sjúkrahúsið Klepp. Ég veit ekki til þess, að menn hafi nokkurn tíma með nokkrum rétti getað talað um það með vanvirðu, þó að þeir sýkist af sjúkdómi, þegar þeir eiga enga sök á honum, og það er ekki hægt heldur í þessu sambandi, þó að sjúkdómurinn komi fram á geðsmunum. Það er orðið landlægt að líta á geðveiki með vanvirðu, og er lítill sómi að því. Ættu þm. að reyna að eyða þessum misskilningi og stuðla heldur að réttu mati *stofnunarinnar og skipa henni á sama bekk og* öðrum sjúkrahúsum.

En, sem sagt, eftir margar og miklar umr. komumst við að þeirri niðurstöðu, að rætt skyldi við dr. Helga Tómasson um að taka við læknisstörfum fyrir hælið og taka að sér þá menn, sem þyrftu á sérstakri læknismeðferð að halda. Þetta var svo gert, og það var að allra ráði, að dr. Helgi tók við starfinu á hælinu snemma á árinu, eða í ársbyrjun 1946.

Það fyrsta, sem gerðist, eftir að dr. Helgi tekur við hælinu, er svo það, að hann ber fram ósk um það, að stjórnarnefndin hætti alveg að skipta sér af vistmönnum hælisins. Hún átti aðeins að ráða starfsliði hælisins.. Hennar starfssviði var í raun og veru lokið. Ég viðurkenni það fúslega, að mér þótti þetta nokkuð hart aðgöngu og var á móti því persónulega, því að þó að starfið sé umfangsmikið og snúningasamt, en ólaunað peningalega, þá ber það þó sín laun með sjálfu sér. En þegar kom fram ósk um það frá ráðh., þá var þó á það fallizt að láta niður falla afskipti nefndarinnar af sjúklingum, svo að dr. Helgi gæti sýnt það, hvernig hann ætlaði að halda á málunum. En fyrsta verk dr. Helga, þegar hann kom að hælinu fullskipuðu, eða með 17 mönnum, var að segja við þá: „Ef þið eruð með einhverja óþægð, og ef þið strjúkið héðan, þá getið þið verið vissir um, að þið verðið ekki sóttir aftur."

Það ræður af líkum, hvernig þessu var tekið af vistmönnum. Þeir fóru allir burt með tölu. En til þess að þjóna réttlætinu, þá verð ég að segja það um dr. Helga, að með þessu var hann að framfylgja yfirlýstri stefnu, sem hann áleit þá einu réttu. Hann vildi ekki taka nema fáa menn, helzt ekki meira en 8 menn, sem hann mundi geta læknað alveg. Hann var kominn á þá skoðun, að þetta ætti að vera lækningahæli, en ekki visthæli fyrir menn, sem hafa lent illa út úr því í baráttunni við vínguðinn árum saman eða jafnvel ævilangt. Hann vildi helzt fá alla, 6 eða 8, inn sama daginn og láta þá fara þaðan sama daginn og færði fyrir því rök, að ef alltaf væri verið að skipta um menn, þá mundi það valda miklum óróa og þeir, sem síðar kæmu, mundu spilla fyrir lækningu hjá hinum, sem fyrir eru, með því að segja þeim sögur frá lífinu í Hafnarstrætinu, sem þeir könnuðust vel við og mundi vekja með þeim óróa.

En nú veit ég, að það þýðir ekki að segja við drykkjumann, að hann skuli koma aftur eftir 2—3 daga eða 3 mánuði, — það verður að grípa tækifærið, þegar það gefst. En nú var þessari stefnu fylgt. Þegar við sífellt reyndum að koma mönnum þangað austur, þá var af dr. Helga Tómassyni sagt nei. Niðurstaðan af þessu varð svo sú, að vistmönnum fór fækkandi og voru stundum ekki nema 3—4—5 og stundum tómt. Þetta er nú saga málsins, og öðruvísi er ekki rétt frá sagt.

Í þessu máli höfðu landlæknir, ráðh. og ráðsmaður ríkisspítalanna reynt að koma þessu aftur á réttan kjöl, en það var dr. Helgi einn, sem tók nýja stefnu, sem leiddi til þess, að hælið tæmdist. Hver er þá villan? Villan er sú að ætla að fara að breyta hælinu í Kaldaðarnesi eingöngu í lækningahæli. Það hafði verið lagður grundvöllur að visthæli, og það er ekki rétt, sem látið hefur verið í ljós, að það væri illa í sveit komið þarna austurfrá, því að hælið er þvert á móti mjög ákjósanlega í sveit sett þar, eins og engum getur dulizt, sem átt hefur leið um hlaðið, verkefni eru þar ótæmandi, tækifæri til að reka þar stóran búskap. Það varð að stækka visthælið, því að þar var ekki plass fyrir nema 17 vistmenn, en það er allt of lág tala. Það varð að stækka það, þannig að það gæti tekið við, ekki 30, heldur tvöfalt eða þrefalt fleiri, og frá mínu sjónarmiði er það einsætt mál, að það hefði verið hægt að byggja þetta upp með kröftum heilbrigðra manna og aðstoð vistmanna. Öll þau rök, sem landlæknir bar fram um, að rétt hafi verið að starfrækja Kaldaðarnes, standa óhögguð enn. Það var aðeins eitt, sem ég saknaði, og það var jarðhitinn. Nú er mér það óskiljanlegt, hvernig hæstv. menntmrh. getur sagt það, að hælið hafi verið lagt niður í samráði við alla nefndarmennina. Það var ekki gert í samráði við neinn okkar þriggja. Hver okkar þriggja, hver okkar sem var, hefði sagt, að halda bæri áfram að starfrækja það og stækka fyrir fórnarlömb áfengisverzlunar ríkisins. Ég er sannfærður um, að hann hefði fengið sama svar, hvern okkar sem hann hefði spurt. Ég vildi ekki láta leggja hælið niður. Sama svar hefði hann fengið hjá Alfreð Gíslasyni, og ég skil það varla, að landlæknir hafi skipt um skoðun. En ég skil það vel, að dr. Helgi Tómasson hafi sagt, að þetta væri ekki staður til þess að hafa hönd í bagga með 8 drykkjumönnum, hann hafi þurft að vera nær. En ég verð að segja það, þegar minnzt er á það, að núverandi hæstv. heilbrmrh. hafi einlægan áhuga að vinna fyrir þessa drykkjusjúku menn, að það er harmsaga, að hann skuli hafa framkvæmt þetta hneyksli.

Það er óumflýjanlegt, að næstu ár er nauðsynlegt að byggja sams konar hæli og var í Kaldaðarnesi, en það verður ekki gert nema með enn þá meiri tilkostnaði. Þegar talað er um, að staðurinn sé of fjarri Reykjavík, þá vil ég benda á, að það er alls ekki rétt, enda var það, að þegar stjórnin var að svipast um eftir stað fyrir hælið, þá var ekki leitað um minna en alla Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Borgarfjörð, sömuleiðis Ólafsdal, og nú síðast var um það rætt í alvöru að koma upp hæli í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi. Allir eru þessir staðir fjarlægari en Kaldaðarnes. Engey er fáránlegur staður, því að það er öldungis rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að sundin eru engin vörn gegn stroki. Það er engin vörn nema lögin, sem heimila að senda þá aftur til baka, sem strokið hafa, en samt eru það alltaf einhverjir, sem strjúka.

Það er sama, hvort við ræðum þetta mál lengur eða skemur. Það er herfilegt glapræði, að þetta hæli skuli vera látið úr hendi heilbrigðisstj., einmitt þetta, sem þurfti að stækka og endurbæta á allan hátt. Vissulega mun allt það fé, sem lagt hefur verið til hælisins, enn í fullu gildi, þó að það sé ekki sama virði bóndanum, en jörðin og mannvirkin eru þó vissulega í fullu gildi fyrir bóndann í Kaldaðarnesi.

Hv. 1. þm. Árn. talaði með lítilsvirðingu um þetta hæli. Hvaða hæli er það? Það var gamla húsið sýslumannsins, sem byggt var 1892. Það er alveg rétt, en í þessu gamla húsi sýslumannsins var pláss fyrir 17 vistmenn, það var pláss fyrir 2 setustofur, pláss fyrir bókasafn, pláss fyrir lækningastofu og tvö herbergi fyrir ráðsmann, enda var líka dýrt að koma því í stand. Svo voru herskálar. Það var horfið að því ráði að setja upp eldhús í herskála, og það var borðstofa í herskála. Þá var stefnt að því að setja upp svolítinn iðnað í öðrum herskála, og loks var svo nýtt steinhús fyrir forstöðumann hælisins. Þetta eru ekki nein lifandis ósköp, það er alveg satt, en þetta var grunnurinn, sem byggja átti á. Svo tekur hv. þm. það fram, að ráðh. hafi að ráði sérfræðinga ekki talið fært að reka hælið áfram. Ráðunautirnn er þá dr. Helgi Tómasson einn, varla landlæknir, því að honum hefur þá snúizt hugur. Dr. Helgi var að hugsa um að reka lítið hæli, en ekki visthæli, sem einmitt var vissulega það, sem við þurftum að koma upp, hæli fyrir þá menn, sem áfengisverzlun ríkisins hafði gert að aumingjum. Ég held, að það sé ekki þörf að rekja þetta mál lengur. Það hafa gerzt þau undur, að ríkisstofnun, sem var ætlað að bæta úr brýnni þörf drykkjusjúkra manna, er afhent bónda næstum sem gjöf.

Það er sagt, að heilbrigðisstj. hafi fengið 400 þús. kr. fyrir, — væntanlega eru þessir peningar til í sjóði, — en hins vegar er það upplýst, að hún hefur lagt fram 900 þús. kr. til hælisins. Annars er ýmislegt í þessu máli, sem ekki er vel upplýst. Hælið átti nokkrar eignir, og væri gott að fá upplýsingar um það, hvar þær eru niður komnar. Það var eitt, sem mér var persónulega mjög annt um, það var bókasafn, sem, þó að það væri ekki nema upp á nokkur þúsund krónur, var þó alltaf vísir að öðru meira. Það var gömul kona hér í bænum, sem hafði gefið fyrsta vísinn að þessu, og svo höfðu ýmsir einstaklingar lagt nokkuð af mörkum. Það var búið að kaupa þessar bækur fyrir nokkur þúsund krónur og búið að gefa hælinu þessar bækur. Mér er sérstaklega sárt um þessar bækur og vildi fá upplýsingar um það, hvar þær eru niður komnar. Hælið átti einnig nokkra innanstokksmuni. Það er rétt að geta þess, hvernig þeir eru til orðnir. Þegar templarar stofnuðu hælið í Kumbaravogi, þá var stofnaður sjóður til þess að kaupa fyrir innbú, og fyrir þennan sjóð var þetta innbú keypt. Mér er ekki kunnugt um, hvar þessir munir eru. Ég hef ekki séð matsgerðirnar, en þarna austur frá var búið að raflýsa með dieselstöð, vafalaust hefur þetta verið metið til verðs.

En niðurstaðan af þessari sorgarsögu er sú, að það vantar hæli, en þetta hefur kostað ríkið margfalt meira fé, að eiga nú eftir að byggja upp að nýju. En meðan þetta gerist, þá ganga þessir 17 menn, þessar hryggðarmyndir, um Hafnarstræti, þangað til þeim er kastað til gistingar í kjallara lögreglustöðvarinnar, sem er Íslendingum hin mesta smán, mesta smán og ósómi. Ég held, að ráðh. og þingmenn hefðu gott af því að ganga fram hjá kjallaranum einhvern tíma þegar verið er að hleypa út og finna andrúmsloftið þar og sjá þá meðferð, sem þessi olnbogabörn verða að sæta. En svo er eina hælið, sem til var, gefið. En sagan endurtekur sig, og þegar þessir menn eru sloppnir út, reika þeir um og kúra þess á milli í afkimum, þangað til þeir eru settir aftur í hinn vansæmandi kjallara, og svo aftur sami hringgangurinn. Ríkisvaldið gerir ekki neitt nema að rífa það niður, sem reist hefur verið. — Jú, eitt hefur það gert, það verð ég að viðurkenna: Hæstv. heilbrmrh. hefur lagt frv. fyrir þingið, sem á að leysa þetta vandamál, en hins vegar er það til vansæmdar, að ríkið skuli hafa svipt þessa menn því hæli, sem þeir höfðu í Kaldaðarnesi.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Þar sem nafn mitt hefur nokkrum sinnum verið nefnt í umræðum þessum vegna þeirra afskipta, sem ég hafði átt af þessum málum sem heilbrmrh., hafði ég kvatt mér hljóðs til þess að rekja sögu hælisins nokkuð, en nú hefur hv. 6. þm. Reykv. tekið af mér ómakið, og hef ég því litlu við að bæta. Það er öllum kunnugt, að Stórstúkan hafði reist hælið að Kumbaravogi, en síðan var ákveðið með lögum, að ríkið skyldi taka við rekstri hælisins, hvort heldur það var áfram í Kumbaravogi eða ekki, en ef það yrði flutt, þá átti ríkið að greiða kostnað, sem af flutningunum leiddi.

Ég fór snemma að skoða þetta hæli, ásamt sakadómara og landlækni. Þeim 14 vistmönnum, sem á hælinu voru, virtist líða vel. Þrifnaður og snyrtimennska var þar í bezta lagi og öll umgengni hin bezta og miklu betri en maður hefði getað hugsað sér. Hins vegar virtust mér vera þarna heldur lítil verkefni til úrlausnar fyrir vistmenn, jafnvel þó að ríkisstj. legði sig mjög fram til þess að finna eitthvað. Enn fremur stóð svo á, að þáverandi ráðsmaður, sem var ekki Jón Sigtryggsson, heldur annar, var að flytja til Keflavíkur, og var eftirsjá að honum, vegna þess að hann hafði komið sér mjög vel við vistmenn hælisins, og ekki víst, hver kæmi í staðinn. Og þá var ætlun þingstúku Reykjavíkur, sem átti hælið, að leigja það, en hún setti upp 30 þús. kr. í leigu á ári, sem þótti dýrt. Þá var litazt um eftir stað fyrir hælið, og þá þar, sem væru meiri möguleikar fyrir hendi til þess, að vistmenn gætu haft atvinnu. Mér er ekki kunnugt um allar þær ferðir, sem farnar voru til þess að leita að stað í þessu skyni. En ég man eftir ég held tveimur ferðum, sem ég fór austur yfir fjall ásamt þeim mönnum, sem hv. 6. þm. Reykv. nefndi áðan, og varð fullt samkomulag um það milli þeirra aðila, sem áttu að athuga þetta, að Kaldaðarnes væri tilvalinn staður í þessu efni. Nú man ég eftir því um afstöðu landlæknis, að hann hafði oft minnzt á, að hann teldi, að þetta hæli mætti gjarna vera það nærri Reykjavík, að hægt væri að gefa þeim mönnum, sem á því

dveldu, tækifæri til að sýna sinn styrkleika við og við, hvort þeir væru búnir að öðlast þrótt til að standa í gegn drykkjuskapnum. En landlæknir var þess samt sem áður fýsandi, að hælið væri í Kaldaðarnesi, þó að hann teldi jafnvel betra, ef staður væri til nær Reykjavík, að hafa hælið þar. Ég man eftir, að í a. m. k. annarri þessari ferð var sakadómari og stjórn drykkjumannahælisins í Kumbaravogi, og að ég hygg Helgi Tómasson geðveikralæknir á Kleppi. (*SigfS:* Það er rétt.) Í einni förinni var einnig með Pétur Magnússon fjmrh. Og það var sameiginlegt álit allra þessara manna, að Kaldaðarnes væri tilvalinn staður fyrir slíkt hæli, með tilliti til þess, að Kaldaðarnes væri ekki beinlínis í þjóðbraut, en lægi þó ekki mjög langt frá Reykjavík, og með tilliti til þeirra miklu verkefna, sem þarna virtust vera fyrir hendi, þar sem hægt væri að henda vistmönnum á, að þeir hefðu tækifæri til þess að byggja upp eitthvert fegursta höfuðból á Íslandi, og það menn, sem annars væru álitnir ófærir til alls. Slíkt mundi e. t. v. geta sett í þá einhvern metnað. — Samkomulag varð þá um það við fjmrh., Pétur Magnússon, sem þá var einnig landbrh., að afhenda heilbrigðisstjórninni Kaldaðarnes til þess að reka þarna drykkjumannahæli og enn fremur, að hælið fengi þá greiðslu, sem um semdist, að kæmi frá setuliðinu sem skaðabætur fyrir þær skemmdir, sem orðið hefðu á jörðinni, sem, að mig minnir, voru þá ekki ákveðnar, en seinna voru ákveðnar 305 þús. kr. — Nú sé ég, að til bygginga og annarra framkvæmda þarna hefur verið varið á níunda hundrað þús. kr. eða rúml. 800 þús. kr. Og mér skilst, að eftir þeim samningum, sem á sínum tíma fóru fram milli heilbrigðisstjórnarinnar og fjmrn., þá hefði heilbrigðisstjórnin átt að fá þetta fé að öllu leyti. Það er tæplega hægt að borga þetta fé tvisvar, bæði borga það til heilbrigðisstjórnarinnar fyrir framkvæmdir á jörðinni og enn fremur borga það til væntanlegs nýs eiganda.

Hv. þm. Barð. komst svo að orði, að stjórnarnefnd hælisins hefði verið ýtt til hliðar og stjórnin á hælinu afhent stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Hv. 6. þm. Reykv. upplýsti, hvernig í þessari stjórnarbreyt. lá. Hún var gerð í fullu samræmi við fyrrv. stjórn hælisins. Og a. m. k. var mín ætlun sú, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna undir forustu Guðmundar Gestssonar, sem er alkunnur dugnaðarmaður, hefði með höndum rekstur jarðarinnar, en aftur á móti léti hún stjórnskipaðri nefnd eftir að greiða fyrir sjúklingum, þegar þeir kæmu út af hælinu. Nú mun þetta hafa breytzt þannig í framkvæmd, eins og hv. 6. þm. Reykv. hefur skýrt frá.

Nú kom það mjög fljótt í ljós, sem haldið hafði verið fram af ýmsum, að nokkru strangari heimildir þyrftu að vera í lögum til þess að halda mönnum til hælisvistar heldur en þá giltu. Og út af því hafði mér sem dómsmrh. verið afhent uppástunga um endurskoðun á lögum um lögræði. Eftir að hafa athugað þá till. varð það að ráði, að ég fól þeim færasta lögfræðingi, sem talið er, að við eigum hér í þessu efni, dr. juris Þórði Eyjólfssyni, að endurskoða lög um lögræði. Frv., sem hann samdi um þetta, var svo lagt fyrir Alþingi og afgreitt á þinginu 1947. Lögin eru nr. 95 frá 5. júní 1947. Eftir samþykkt þeirra laga var talið af færustu lögfræðingum, að nægar heimildir væru þá komnar inn, bæði í lög um drykkjumannahæli og lög um lögræði, til þess að geta haldið mönnum til hælisvistar á drykkjumannahæli, án þess að frekari úrbóta þyrfti við um löggjöfina.

Ég vil svo aðeins segja það út af þessu máli að öðru leyti, að þegar ráðizt var í það að taka gamla sýslumannshúsið og gera það upp að nýju, þá var það eftir ráði þeirra, sem venja er til, að kvaddir séu til ráða í þeim efnum. Og það var á það sérstaklega bent, að þó að húsið væri mjög illa farið, þá væru allir innviðir þess alveg ófúnir.

Nú má það vel vera, að einhver óheppni hafi orðið í því efni að breyta til um lækni við hælið og að halda ekki hælinu beinlínis í því horfi, sem það var í, að vera hreint vistmannahæli. Og eins og hv. 6. þm. Reykv. tók fram, var árangurinn þarna til lækninga mjög lítill. Hins vegar vita menn, að litlar líkur eru fyrir lækningu í þessum efnum, sérstaklega ef menn eru langt leiddir. Og eins var það auðséð, að á því hæli, sem var í Kumbaravogi, leið mönnunum, sem voru þar, mjög vel. Um sumarið, þegar mennirnir voru fluttir að Kaldaðarnesi, var ekki búið að koma húsinu í Kaldaðarnesi í lag. Það voru fengnir smiðir til þess úr Reykjavík og enn fremur ætlazt til þess, að vistmenn, sem til þess væru færir, hjálpuðu til þess. Vistmönnum var ætlað að búa í bröggum um sumarið, sem hefði tekizt vel, ef ekki hefði viljað svo til, að sumarið var sérstakt óþurrkasumar, og vistmönnunum hefur sérstaklega þess vegna brugðið við að koma úr góðri íbúð til Kaldaðarness. Þetta mun talsvert hafa spillt fyrir stjórn hælisins þetta sumar. Enn fremur höfðum við enga menn hér á landi, sem vanir væru því að reka slíkt hæli. Og ef svo kynni að vera, að þarna hefðu ekki valizt þegar í stað forstjórar, sem höfðu lag á að reka hælið, þá þurfti að skipta um og fá menn, sem gætu haft lag á að láta vistmönnunum líða vel og fá þá til að vinna og reyna að komast aftur til manns. Ég held, að þessu hefði átt að halda áfram með hælið, því að sú reynsla, sem fengin var af hælinu í Kumbaravogi, sýndi, að unnt var að halda þessu hæli í því lagi, að mönnum gæti liðið þar sæmilega. Mér finnst þess vegna, að það hafi verið mjög misráðið að leggja hælið niður, a. m. k. áður en búið var að byggja annað hæli upp, og það sé ákaflega stórt spor aftur á bak fyrir Alþ. og ríkisstjórn, sem vissulega hefur allverulegar skyldur við þessa menn, sem þarna áttu að dvelja og höfðu möguleika til að dvelja.

Um hitt atriðið, fjármálahlið þessa máls, vil ég ekkert segja að svo stöddu. Þetta mál fer efalaust til n. og verður athugað þar. Það er vitanlegt, að þarna var búið að koma upp tveimur mjög sæmilega góðum húsum, öðru fyrir vistmenn og hinu fyrir ráðsmann. Enn fremur var þar mjög sæmilegt fjós. En önnur hús voru ekki þarna á jörðinni. Enn fremur var vitað, að Kaldaðarnes var í ákaflega mikilli niðurníðslu eftir hersetuna, og það er ákaflega mikið verk að rýma burt þeim bröggum, sem þarna eru á Kaldaðarnesjörðinni. En það var ætlazt til þess, að væntanlegir vistmenn gerðu þetta, svona eftir

því sem þeirra kraftar og vinnuþrek entist til, og ekki hefði það þá neinn kostnað þurft að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

Ég get svo látið útrætt um þetta frá minni hálfu. Ég tel, að það hefði verið vel ráðið að láta það fara saman, annars vegar að láta hátt á annan tug manna, sem ekki hafa neins staðar annars staðar hæli, vera þarna, og hins vegar gefa þessum mönnum kost á því að byggja upp eitthvert virðulegasta höfuðból Suðurlands, en tel, að það hafi verið misráðið að gera þá breyt., sem gerð hefur verið í þessu efni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa farið á víð og dreif, enda er búið að verja nokkru á þriðja dag í þessar umr. Ég ætla ekki að draga drykkjumannahælið í Kaldaðarnesi inn í þessar umr. og heldur ekki byggingu væntanlegs búnaðarskóla í Skálholti. Mér sýnist á því, hvernig þáltill., sem er til umr., er orðuð, að þá liggi þær greinir ekki fyrir til umr. hér með neinum eðlilegum hætti, þó að þær hafi lengstum við þessar umr. verið meginuppistaða máls manna hér. Mér virðist þessi þáltill. vera borin fram sem ádeila og sem umvöndun vegna meints stórkostlegs hneykslismáls, sem átt hafi sér stað í sambandi við sölu ríkisjarðarinnar Kaldaðarness. Og ég held því, að það sé rétt að ræða í raun og veru eingöngu það efni till.

Ég hef hlustað með mestu gaumgæfni á þessar umr., sem fram hafa farið hér um þáltill., og sérstaklega lagði ég við hlustirnar, þegar hv. þm. Barð., frsm. og flm. þessarar þáltill., flutti sinn langa og ýtarlega fyrirlestur, sem hann las hér í sameinuðu þingi.

Á aflíðandi vetri í fyrravetur heyrði ég fyrst um þetta mál, rétt áður en þingi sleit þá. Og þá heyrði ég ekki fyrirlestur, heldur, að það var byrjað á að hvísla í gluggakistum og hornum alþingishússins og á göngum þess, að efni til á þessa leið: Hefur þú heyrt hneykslið, að landbrh. hefur gefið vildarflokksbróður sínum eina stærstu og dýrustu jörð á landinu, eða sama sem gefið, látið hana fyrir ellefu hundruð kr.? — Ég skal játa, að mér datt þá ekki í hug, að þetta ætti eftir að verða á næsta þingi eitt stórmálið, sem tæki 3—4 daga af dýrmætum tíma þingsins. En nú hefur þetta þó komið á daginn, að þetta er, miðað við umr. um það, eitt af stóru málunum á þinginu 1948—49.

Það hefði mátt ætla, eftir byrjuninni á málflutningnum, að þetta mál væri ekki hreint. Og ég skal játa, að ég hélt, að það væri einhver fótur fyrir þessu. Annað eins hefur heyrzt og þekkzt á Íslandi, að einn ráðherra hafi ívilnað flokksbróður sínum meira eða minna, og hefur ekki verið talið, að slík brjóstgæði gagnvart flokksbróður væru hneyksli. En sjálfsagt er það það í eðli sínu, þegar það á sér stað. Ég stóð í þeirri meiningu, þegar þessar umr. hófust, að meira eða minna óhreint væri við þetta mál og þetta væri e. t. v. hneykslismál. Og einmitt þess vegna lagði ég við hlustir, þegar hv. flm. þáltill. flutti sína vandlega skrifuðu ræðu fyrir þinginu. En þó að hann flytti sitt mál af miklum krafti og sannfæringarhita, fór nú svo, að einmitt þegar ég hafði hlustað á fyrirlestur hans um málið, var ég sannfærður um, að þetta væri mest gervihneykslismál og sennilegast alls ekkert hneykslismál. Svona var verkunin af fyrirlestri hv. þm. Barð. á mig. Og ég gæti vel trúað því, að þannig hafi ræða hans verkað á fleiri. A. m. k. hefur hv. 2. þm. Árn. talað hér í málinu, eftir að þessi mikli fyrirlestur var fluttur, og þá talað mjög af sannfæringu gegn frsm. og flm. þessarar þáltill. Skal ég þó ekki fullyrða um, hvort hann hefur snúizt í málinu við að heyra fyrirlesturinn, eins og ég, eða hann af kunnugleika sínum á málinu hefur haft þá sannfæringu áður, að hér sé ekki um hneykslismál að ræða.

Eins og hv. þm. Barð. lagði málið fyrir, virðist mér það vera tvíþætt, þ. e. a. s. ásakanir, sem stefnt sé að tveimur mönnum. Í fyrsta lagi er till. af hans hendi ádeila á hæstv. landbrh., Bjarna Ásgeirsson, og í öðru lagi hörð ádeila á kaupanda Kaldaðarness, Jörund Brynjólfsson, hv. 1. þm. Árn. — Nú vil ég athuga, hvort þetta er ekki á rökum reist, að þessi hæstv. ráðh. standi þarna berskjaldaður fyrir og liggi af tilefni undir þeim þungu ásökunum, sem hv. þm. Barð. hefur nú fram flutt í tveimur löngum ræðum. Ég hef því dregið upp fyrir mér mynd af því, sem hæstv. ráðh. hefur aðhafzt í málinu, og ég sé ekki, að það sé annað en þetta: Ráðh. snýr sér til sýslumanns Árnesinga, þegar málið ber að, og biður hann að dómkveðja menn til þess að meta eignir Jörundar í Skálholti og hins vegar eignir ríkisins í Kaldaðarnesi, með það fyrir augum, að þarna fari makaskipti fram. Síðan er það sýslumaður Árnesinga, sem dómkveður menn til þessarar matsgerðar. Og þessir matsmenn starfa. Jörundur virðist vera genginn undir það möglunarlaust að hlíta matsgerð þessara dómkvöddu manna að því er snertir hans eignir og jafnframt undir það að hlíta þeirra úrskurði um verðmæti þeirra eigna, sem hann var í þann veginn að kaupa. — Ég held, að í þeim löngu ræðum, sem fram hafa farið um málið, hafi ekki komið fram, að annað hafi gerzt en einmitt þetta. Ef flytja á svo rökstuðning fyrir því, að í þessum sölum eða makaskiptum hafi gerzt eitthvað ljótt, eitthvert hneykslí, eitthvað svívirðilegt, eitthvað, sem sé tilvalið dæmi um þá rotnun, sem eigi sér stað í íslenzkri pólitík eða hafi gerzt, þá verður að ráðast á þá eiðsvörnu matsmenn, sem yfirvöld viðkomandi sýslu dómkvöddu. Mér virðist, að þegar komið er að þessum punkti, sem einn hefði getað gefið orðum hv. þm. Barð. kraft, þá hafi hann, hv. þm. Barð., hörfað aftur. Því hann sagði í kvöld, að það væri fjarri sér að víkja neinum grunsemdum að þeim ágætu mönnum. Mér virðist hann ekki vilja vefengja heiðarleik þessara manna. En ef hv. þm. Barð. vill vera ákærandi þessa máls, svo að gagn sé að og tillit verði tekið til þess, þá verður hann að ákæra þessa menn. — Nú er niðurstaða þessara matsmanna, sem ekki hafa orðið fyrir árás, þannig, að þeir hafa metið til verðs eignir Jörundar í Skálholti á 173 þús. kr. Og eftir anda málflutnings og ræðum hv. þm. Barð., sem hann hefur flutt hér, þá er álit hans, að þetta mat hafi verið Jörundi Brynjólfssyni stórkostlega í vil, þar hafi verðið fyrir eignirnar verið ákveðið miklu hærra en eigur Jörundar, sem í Skálholti voru, hafi gefið

tilefni til. Nú hef ég að vísu ekki komið í Skálholt. En mér þykir það furðu gegna, ef Jörundur, eftir 20—30 ára búskap á staðnum, hefur ekki átt verðmæti, sem svaraði meiru en einnar lítillar íbúðar, a. m. k. eftir Reykjavíkurverði. 173 þús. kr. eru peningar, sem varla hrökkva til þess að kaupa fyrir meðalíbúð í Reykjavík. Mér virðist ekki þurfa að búa nein 20—30 ár til þess að byggja upp hús, svo sem gripahús, hlöðu og haughús og enn fremur bæjarhús, svo að allt þetta geti verið 173 þús. kr. virði. Mér finnst því út frá þessari tölu það ekki liggja fyrir, að vegna hennar sé ástæða til að drótta neinni sviksemi að matsmönnunum. — Þá er hin hliðin, hvort eignir ríkisins hafi verið metnar svívirðilega lágt. Og mér virðist þar vera niðurstaðan, að Kaldaðarnes með verðmætum, sem því fylgja, hafi verið virt á 419820,00 kr., þ. e. brúttó 494 þús. og frá dregnar kr. 74180,00 vegna skemmda á jörðinni, sem voru landspjöll. Og þannig varð verðið alls um 419 þús. kr. Ég hef komið að Kaldaðarnesi, og ég sá þennan mikla búgarð sundurflakandi eftir herliðið, sem hafði verið þar. Þar gat að sjá marga tugi af bröggum og braggarústum og tóftarbrotum. Stingandi strá sá ég hvergi, en malarburð mikinn yfir engjarnar. Þar er og flugvöllur mikill, sem ekki er endurbót á bújörð. — Ég held, að Jörundur Brynjólfsson verði langt kominn með að eyða þessum 225 þúsundum, sem mjög hefur verið hér um rætt, ef hann ætlaði að koma jörðinni í lag eftir þau hervirki, sem hafa verið á henni unnin, og að hann græði ekki milljónina, sem hann er sagður græða á þessum kaupum, á þeim pósti. En einmitt þessar 225 þús. kr. hafa honum verið ætlaðar til þess að hreinsa burtu menjar eftir hersetuna af Kaldaðarnesi og gera þennan stað að búgarði. Og þegar það væri búið, þá er Kaldaðarnes reiknað á 419 þús. kr. Þegar svo þessar 225 þús. kr. ásamt andvirði fyrrv. eigna Jörundar í Skálholti og 20 þús. kr. uppbót vegna burtflutnings frá Skálholti — þegar þetta er dregið frá 419 þús. kr., þá kemur út þessi 1100 kr. mismunur, sem byrjað var með róginn um, að Jörundi hefði verið gefin jörðin fyrir.

Þetta er sú niðurstaða, sem ég hef komizt að, eftir að hafa hlustað á hið langa mál hv. þm. Barð. Ég fékk ónotalegan grun um, að hér hefði verið farið á stað með mál, sem væri í raun og veru óvildarmál og pólitískt rógsmál. Það kann að vera satt, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að almenningur stæði í þeirri meiningu, að hér væri um svívirðilegt hneykslismál að ræða, og má því vera, að það verði óvinsælt af almenningi, að þm. taki þá afstöðu að mæla eins og ég hef gert. En ég vildi ekki á móti betri vitund taka í þann streng, að hér væri um svívirðilegt hneykslismál að ræða, en vildi láta það koma fram, að þeir, sem byrjuðu að hvísla um málið fyrir ári síðan, vonuðu, að þetta mundi endast til þess að naga mannorðið af hv. 1. þm. Árn. og hæstv. atvmrh., en ég held, að hv. þm. Barð. hafi gert út af við þær vonir, sem þeir menn höfðu. Ég held, að þetta mál muni ekki endast til þess að ganga af þessum alþm. okkar dauðum. Ég er sannfærður um, að sá tilgangur, sem byrjaði með hvíslingunum, hefur ekki tekizt, sem betur fer. Þeir menn, sem spila sig siðameistara á Alþ. og tala um hneykslismál í íslenzkri pólitík, ættu að velja sér betra verkefni og stærra og beita sér fyrir því t. d., að því svikakerfi verði ekki lengur haldið hér uppi, sem nú viðgengst á ýmsum sviðum, t. d. hjá verzluninni, þar sem menn með svikum einum og okurálagningu geta velt margföldum gróða. Sá verktaki í þessu landi, sem getur látið verk í höndum sínum verða sem dýrast, með lélegum verkstjórum, aðeins ef hann getur látið verkið velta á sem mestum upphæðum, fær hann sínar prósentur margfaldar og græðir sem mest. Það er svona ástand í íslenzku þjóðlífi, sem þessir siðameistarar ættu að rífa niður heldur en að hætta mannorði sínu til þess að naga æruna af öðrum á Alþingi.

Mér virðist þessi till. hafa verið hugsuð sem leiðrétting á fjármálalegu hneyksli, sem hafi verið framið af tveimur trúnaðarmönnum ríkisins, ráðh. og þm. Ég finn ekkert hneykslanlegt í þessu. Ég held því, að till. sé óþörf, og held, að hv. flm. ætti að taka hana aftur á þessu stigi málsins eða þá að henni verði vísað frá.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hef tekið fremur lítinn þátt í umr. hér að undanförnu um þetta mál, þar sem ég taldi mig hafa öðru þarfara að sinna en málþófi um þingmál eins og það, sem nú að undanförnu hefur farið hér fram í Sþ. Þegar í upphafi umr. lagði ég fram grg. um málið, og taldi ég það nægilegt. En vegna ummæla, sem hér hafa verið viðhöfð, þótti mér rétt að draga fram nokkur aðalrök, til þess að það gæti komið fram í þingtíðindum. En þm. Barð. hefur talið það vera veikleikamerki og hert róðurinn með auknum blekkingum og ósannindum í minn garð í þeirri von, að þessi mannskemmandi iðja hans gæti borið frekari árangur. En það er nauðsynlegt vegna alþingistíðinda, en ekki hans vegna, að ég færi hér fram nokkur rök. Það eru einkum tvær ræður eða tveir ræðumenn sérstaklega, sem þessu valda. Annar er þm. Barð., en hinn er hv. 6. þm. Reykv., sem ræddi ýtarlega um þetta mál. Þó að ég nefni þessa tvo menn saman, þá voru ræður þeirra ekki líkar eða þeirra málflutningur nema nafnið eitt.

Hv. 6. þm. Reykv. ræddi þetta af málefnalegum og þinglegum áhuga, og var það auðheyrt, hvern áhuga hann hafði á því, hvernig bezt væri og mögulegt að koma þeim mönnum til hjálpar, sem lent hefðu á glapstigum vegna ofdrykkju sinnar. Þessi þm. hefur haft mikinn áhuga á þessum málum, enda vita það allir. Þessi þm. miðar því við stofnunina Kaldaðarneshæli, sem hann hafði gert sér miklar vonir um. Hann sagði, að tilgangurinn hafi verið sá að koma upp þarna myndarlegu hæli fyrir allt að 30 vistmenn, þar væri gott að reka mikinn búskap og væri það verkefni fyrir sjúklingana eða fangana til að leysa. Og ég skal fullyrða, að

ef nokkur vottur hefði verið sýnilegur þess, að þessi staður væri heppilegur til þessa rekstrar, þá hefði mér ekki dottið í hug að hreyfa því, að staðurinn yrði seldur. En reyndin varð bara sú, að vistmennirnir voru ekki 30, og ekki 17 eins og pláss var fyrir. Það voru þarna 4—5 vistmenn undanfarið, og þegar ég kom þangað austur vorið 1947, þá var þar einn vistmaður, en hann ætlaði að fara næsta dag, því að þá var krossmessa, og eftir það var hælið algerlega vistmannalaust. Auk þess vissi ég, að rekstur búsins var þannig, að án þess að reiknuð væri leiga eða vextir, þá var rekstrarhallinn á annað hundrað þúsund. Búskapurinn var þannig, að upphaflega voru keyptir þangað nokkrir gripir. En ekki var heyjað handa þeim þar heima, heldur var heyið keypt að. Ástandið þar var, eins og áður er sagt, þannig, að ekki stóð steinn yfir steini. Ríkið hafði þegar lagt fram mikið fé — hælið hafði tekið við um 300 þúsundum — til þess að laga til, en ekkert hafði verið gert. Braggajárn og hvers konar óþrif var um öll tún og engi, svo að það var satt að segja hreinasti háski að ganga þar um vegna járnhríðar. Hver einstaklingur, sem hefði hagað sér þannig, hefði verið búinn að vinna sér útbyggingarsök með því. Auk þess hafði forráðamaðurinn látið í ljós það álit, að þessi staður væri engan veginn heppilegur fyrir þetta né heldur að byggja þarna framtíðarhæli, og gefizt upp við þessa hugmynd. Þegar svo var komið, þótti bæði rétt og skylt að leggja það niður, en atvmrn. var þá að fara fram á að nota það til annarra hluta, eins og ég mun koma að síðar.

Ég hef ekki sérstakt vit á því, hvernig heppilegast er að koma fyrir þessum málum, drykkjumannahæli, en ég þykist sjá, að það hefði verið unnt að koma upp myndarlegu hæli með því að ausa í það ekki hundruðum þúsunda, heldur milljónum, eins og það er hugsað nú. En ef ég tel mig ekki hafa tök á að mynda mér skoðun um eitthvert sérstakt málefni, þá reyni ég að fara eftir till. þeirra, sem hafa sérþekkingu á málunum og hafa kynnt sér þau sérstaklega. Ég býst við því, að það hefði verið hæpið að halda áfram að kasta milljónum í þetta fyrirtæki á þeim grundvelli, sem þar var. Ég hef oft rekið mig á, að það er ekki alltaf ávinningur að halda áfram starfi, sem hefur verið vanhugsað í byrjun, þegar á að gera stórt átak í málinu. Það er oft hyggilegra að rífa til grunna hluti, sem hafa verið vanhugsaðir í upphafi, og byrja að nýju og byggja þannig frá upphafi, að menn séu ánægðir með það fyrir fram og hafi gert sér grein fyrir endinum. Ég skal ekki neita því, að það er leitt, ef ríkissjóður hefur tapað þarna 200—300 þús. kr., sem mun láta nærri samkvæmt upplýsingum, sem hæstv. menntmrh. hefur gefið hér. En það er huggun, ef það er eina féð, sem tapast á þeim framkvæmdum ríkisins, sem þarna hafa verið gerðar undanfarin ár og eiga eftir að sýna sig í þessum framkvæmdum, en því miður er ég hræddur um, að þær upphæðir verði heldur hærri.

Þá skal ég svara hv. þm. Hann spurði, hvað hefði orðið um eigur hælisins og bókasafn þess. Ég get sagt honum, að ekkert af því hefur runnið til Jörundar Brynjólfssonar. Hann mun hafa keypt eitthvað af bekkjum og borðum og greitt það, sem um var samið. Aðrir munir eru hjá fyrrverandi hælisstjórn og bíða þess að verða teknir af þessari starfsemi, eins og hún á að verða í framtíðinni.

Það eina, sem mér þótti ódrengilegt í málflutningi hv. þm., var það, þegar hann reyndi að gefa vængi eða auka á flugfjaðrir þeirra ósanninda, sem er verið að gera að þjóðlygi í þessu máli, að Kaldaðarnes og eignirnar þar hafi verið gefnar Jörundi Brynjólfssyni. Hv. þm. veit, að þær voru látnar af hendi gegn matsverði óvilhallra manna og Jörundur hefur borgað fyrir þær með þeim eignum, sem af honum voru teknar, og með því að vinna þau verk, sem ríkið átti að gera og var búið að taka fé fyrir. Hv. þm. veit, að hann greiddi fyrir þessar eignir allar 419 þús. kr. Þessum verkum, sem þarna á að vinna, er að vísu ekki lokið, en þau hvíla sem fyrsta veð á jörðinni, og ef þeim er ekki lokið innan fimm ára, má taka af honum jörðina með fasteignamatsverði.

Þá skal ég víkja að hv. þm. Barð. Ég verð yfirleitt að segja um þá ræðu frá upphafi til enda, að hún bar vott um óforsvaranlega framkomu í opinberum umr. Hv. þm. beitti rangfærslum, blekkingum og ósannindum, sem ég vil ekki láta ómótmælt í þingtíðindunum.

Ég skal þá snúa mér að aðalkjarna þessa máls, eins og hann liggur fyrir, umbúðalaust. Ég mun þrátt fyrir málfærslu hv. þm. Barð. reyna að haga máli mínu eins og ég talaði við skyni borinn mann, en ekki skynskipting.

Kjarni þessa máls er sá, að Alþingi hefur ákveðið framkvæmd af hálfu þess opinbera, sem hefur það í för með sér, að það verður að taka ábúð af manni, sem hefur fengið löglega lífstíðarábúð á þessari jörð. Alþingi ákvað að stofna bændaskóla Suðurlands og síðar, að hann skyldi vera í Skálholti. Svo mikil alvara virtist fylgja þessu, að síðar meir var veitt fé á aðra milljón til að hefja framkvæmdir á jörðinni, og það var byrjað, áður en ég kom í rn., á ýmsum minni háttar framkvæmdum til undirbúnings framkvæmdunum. Þó að það væri ekki tekið fram í löggjöfinni, þá segir það sig sjálft, að það gat ekki orðið nema pappírslög, nema því aðeins að ábúandinn væri fluttur af jörðinni, jörðin fengist úr ábúð. Nú hefur hv. þm. að vísu látið uppi, að ég hefði vel getað byggt Jörundi Brynjólfssyni skika af jörðinni eða gert hann að kennara við bændaskólann. Mér er sem ég heyri syngja í tálknunum á hv. þm., ef ég hefði skipað kennarastól við bændaskólann, áður en farið var að reisa hann, og skipað Jörund Brynjólfsson í þá stöðu. Þá kom það fram hjá hv. þm. óbeint, að ég hefði getað vísað Jörundi Brynjólfssyni burt án þess að tryggja honum nokkra ábúð og látið hann sleppa eignum sínum fyrir lítið eða ekkert. Ég veit ekki, hvers vegna hv. þm. álítur, að hægt væri að koma þannig fram við Jörund Brynjólfsson, nema það væri það, að hann er framsóknarþm. Það vill svo vel til, að við lifum í réttarþjóðfélagi. Jörundur Brynjólfsson hafði því vernd samkvæmt stjórnarskránni. Það var hægt að taka af honum eignir hans og ábúðarrétt leigu- eða eignarnámi, það er rétt. En stjórnarskráin segir, að

ekki sé hægt að taka eigur nokkurs manns af honum, nema hann fái jafnvirði þess, sem tekið er. Ég býst við, að öllum komi saman um, að þrennt hafi komið þarna til greina: kaupa eignirnar með matsverði óvilhallra manna, útvega aðra jörð með samkomulagi, ekki ósambærilega þessari, og í þriðja lagi, að hann væri ekki skaðlaus, nema hann væri að einhverju leyti styrktur til að flytja búferlum milli jarða. Þetta er það, sem hefur gerzt í málinu og ekkert annað. Það voru skipaðir opinberir matsmenn til að meta eignir þessa manns. Það var reynt að útvega honum annað býli, og síðan fékk hann fyrir að flytja um 20 þús. kr. Hv. þm. hefur miklað mjög fyrir sér og öðrum, að honum skyldu hafa verið borgaðar 20 þús. kr. fyrir að flytja að Kaldaðarnesi, en allir, sem til þekkja, vita, hversu mikill kostnaður, beinn og óbeinn, er í sambandi við að flytja búferlum með allstórt bú. Það var gamalla manna mál, að það að skipta þrisvar um bústað væri á við húsbruna á jörðinni. Þegar maður athugar þann beina kostnað, sem við það er að flytja búferlum, og það óhagræði, sem af því er að flytja búfé þaðan, sem það er hagvant, og þangað, sem það er óhagvant, og hve mikið tjón það er fyrir bóndann í Skálholti að þurfa, þegar hann flytur, að selja allt sauðfé sitt, af því að hann gat ekki flutt það með sér, því að það liggur fyrir, að á þeirri sölu hefur hann tapað upp undir helming af því, sem honum var goldið fyrir að flytja, og þegar þar ofan á bætist, að hann fer frá jörð, þar sem hann hafði vel ræktuð tún, og kemur að annarri, þar sem hann verður að bíða árum saman, þar til hann fær uppskeru af nýrækt þar, þá sjá allir skyni bornir menn, að það er ekki stór upphæð, sem hann græðir á búferlaflutningnum, að færa byggð sína á aðra jörð og sleppa þeirri, sem hann hefur.

Hv. þm. sagði, að Jörundur Brynjófsson hefði verið svo vel settur um skeið, að hann hefði haft lífstíðarábúð á tveimur jörðum. Vitanlega er þetta ekkert nema endileysa, því að um leið og hann fékk byggingu fyrir Kaldaðarnesinu, lét hann af hendi bygginguna á Skálholti, þó að samkomulag yrði um, að hann sæti í Skálholti, því að það þótti ekki rétt að láta flutningana fara fram á miðju ári.

Þá kem ég að aðalþætti þessa máls. Jörundur Brynjólfsson fór fram á að fá Kaldaðarnesið keypt. Eftir að ég var búinn að afla mér upplýsinga og vottorða um, að það var enginn, sem áleit ástæðu til að varna sölu á þessari jörð, þá taldi ég sjálfsagt að selja Jörundi Brynjólfssyni jörðina. Í þeirri löggjöf, sem um þetta fjallar, l. um erfðaábúð og óðalsrétt, er lagt að líku fyrir ríkið að veita mönnum lífstíðarábúð eða selja ábúendum jarðirnar með óðalsréttarfyrirkomulagi, enda mun það hafa verið hér um bil undantekningarlaust, síðan l. voru samþ., að menn hafa fengið ábýlisjarðir sínar keyptar aðeins með óðalsréttindum. En þá kemur sú ásökun, að við kaupin hafi þannig verið á málum haldið fyrir hönd ríkisins, að Jörundur Brynjólfsson hafi fengið jörðina fyrir það verð, sem jafngildi því, að honum hafi verið gefið á aðra milljón króna. Nú er það svo, að í þeim tvennum l., sem heimila að selja jarðir til óðalseignar, eru ákvæði um það, hvaða verð skuli setja á eignirnar. Í öðrum l. er ákveðið, að þær skuli seldar með fasteignamatsverði, en í hinum l. er tekið fram, að það skuli vera verð, sem samsvari 3% eftirgjaldi, og er útkoman mjög svipuð, við hvort sem er miðað. Sú regla, sem alltaf hefur verið farið eftir undanfarin ár, hefur verið sú, að farið hefur verið eftir fasteignamati. Fasteignamatsverð jarðarinnar var rösk 80 þús., og hefði þá með sama móti átt að selja jörðina fyrir 80 þús. kr., það var ekki nema samkvæmt venjunni. Það hefði kannske mátt kalla það hneyksli á þeim árum, þegar engar hömlur voru settar á þær jarðir, sem bændur fengu keyptar af hinu opinbera, og það var það, sem gerði gömlu þjóðjarðasölul. óvinsæl, að þau settu engar hömlur við því, að menn gætu undir ýmsu skyni notað aðstöðu sína til að selja jarðirnar aftur jafnvel margföldu verði og koma þeim þannig út í þá braskhringiðu, sem allir kannast við, sem fylgzt hafa með þessum málum undanfarin ár. Mest fyrir það voru þessi l. numin úr gildi, því að það var litið svo á af þeim, sem stóðu að l. um ættaróðul, að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir, að jarðirnar hækkuðu upp úr öllu valdi í verði, vegna þess fyrst og fremst, að það var talið mjög óhagkvæmt að þurfa að binda allt það fé, sem menn höfðu yfir að ráða, í dýrum jörðum, sem þeir yrðu að standa undir árum saman, í staðinn fyrir að geta lagt það í umbætur á jörðinni. Önnur ástæða er líka fyrir því, að nauðsynlegt er, að jarðrentan sé lág. Því lægri sem hún er, því minni er kostnaðurinn við búrekstrinn og því lægra verði er hægt að selja landbúnaðarafurðirnar, en sá mælikvarði hefur nú um skeið verið settur á verðlag landbúnaðarins, að bændur verði að bera kostnað af jarðrentunni, og því lægri sem hún er, því betri verður útkoma bænda og þjóðarheildarinnar af búrekstrinum. Þess vegna voru sett l. um erfðaábúð, sem tryggja bændum örugga ábúð og fullkominn eignarrétt yfir öllum þeim mannvirkjum og jarðabótum, sem þeir láta gera á jörðinni. Þetta var útúrdúr, en mér þótti rétt að skýra þetta atriði, vegna þess að þessi stefna hefur verið upp tekin og það hefur þótt rétt að haga þessum jarðasölumálum þannig að gera jarðirnar sem ódýrastar í rekstri. Samkvæmt þessu hefði ég getað l. samkvæmt selt jörðina með fasteignamatsverði, og Jörundur Brynjólfsson átti heimtingu á því. Þetta gerði ég ekki, af því að ég vildi, að þegar það fé, sem drykkjumannahælið átti þarna bundið, væri leyst úr læðingi, þá yrði það svo drjúgt sem kostur væri og því bjargað, sem bjargað yrði. Þess vegna lét ég fram fara sérstakt mat, sams konar og það, sem fram fór í Skálholti á eignum Jörundar Brynjólfssonar. Það var ekki fasteignamatsverð á hvoru fyrir sig, því að með því þótti mér gengið um of á hlut ríkisins, og auk þess voru báðir staðirnir þannig, að hægt var að setja nákvæmlega sama mælikvarða á það, sem Jörundur Brynjólfsson seldi og keypti. Hver varð niðurstaðan? Hún varð sú, að þær eignir, sem ríkið átti í Kaldaðarnesi, áður en drykkjumannahælið kom þangað, voru seldar 3—4-földu verði, og þær eignir, sem hælið átti þar og Jör-

undur Brynjólfsson tók við, voru seldar 8—9-földu verði. Ég verð því að segja það, þó með samþykki Jörundar, að það voru brotin l. á honum í sambandi við þessi kaup, því að í staðinn fyrir að fá eignirnar með fasteignamatsverði, varð hann að kaupa þær 3—9-földu fasteignamatsverði. Það er hægt að slá föstu, að húsin, sem hann keypti þarna, voru fullt eins dýr eða dýrari en sams konar hús, sem bændur byggðu á jörðum sínum um svipað leyti. Hitt er ekki nýtt, að framkvæmd hjá ríkinu verði dýrari en sams konar framkvæmdir hjá einstaklingum. En það er ekki hægt að ætlast til, að nokkur maður kaupi hús hærra en venjulegu söluverði, þó að óheppilega hafi tekizt til um að koma þeim upp.

Þá kemur þriðji þátturinn, sem líka þurfti að taka til athugunar, en það er hreinsunarkostnaðurinn. Það lá fyrir mat opinberrar n. um það, og var það lagt til grundvallar í samningunum við Jörund Brynjólfsson. Hreinsunarkostnaðurinn og spjöll var metið 300 þús. kr., og hafði ríkið fengið þá upphæð greidda, en þriðji parturinn af þessu var í verðmætum eignum, skálum, sem ríkið fékk. Ég hef talsverða reynslu af svona málum, því að ég hef fengið bætur fyrir svona spjöll, og það er mín reynsla, að n. meti spjöllin ekki hátt, en bæti það þannig upp, að verðmæti, sem látin eru upp í spjöllin, eru látin með góðu verði, svo að það jafnar sig upp í framkvæmdinni, þegar samið er um hvort tveggja við sama aðila. Nú var þannig komið í Kaldaðarnesi, að ríkið var búið að taka öll verðmæti þaðan burt og gera sér mat úr þeim, en Jörundur Brynjólfsson varð að gera svo vel að taka við hreinsuninni og bótunum fyrir hana eftir þessu opinbera mati, sem þarna var lagt til grundvallar.

Þá kom hv. þm. að hinum mikla og merkilega flugvelli, sem þarna væri, og vildi gefa í skyn, að þar hefði miklu fé verið glatað frá ríkinu, en Jörundi Brynjólfssyni hefði verið gefið ódæma fé. Hann minntist í því sambandi á flugvöllinn á Egilsstöðum og hvað hann hefði kostað. Hann kemur ekki þessu við, en einnig þetta var athugað. Ég sneri mér til flugvallastjóra ríkisins og spurði hann, hvaða kröfur hann óskaði að gera í sambandi við Kaldaðarnesflugvöllinn. Hann sagði, að hann hefði mjög lítið framtíðargildi, en rétt væri að halda honum við sem nauðlendingarflugvelli. Hann sagði, hvaða skilyrði þyrfti að setja til að tryggja, að honum yrði haldið við. Þetta var líka gert. Það er ein kvöðin, sem hvílir á Kaldaðarnesi, að flugvellinum sé haldið þar við í miðjum engjum, svo að þar má ekkert hreyfa, þó að það sýndi sig, að eitthvað mætti endurrækta einhvern tíma þetta ágæta land. Nei, Kaldaðarnesbóndinn verður að sitja með hann bótalaust.

Ég vildi frá öndverðu framkvæma þetta mál þannig, að ekki væri með réttu hægt að segja, að ég hefði látið þarna af hendi óeðlileg verðmæti til kaupanda eða hann hefði tekið þarna óeðlileg verðmæti af ríkinu. Og ég verð að segja það eftir allar þessar umr., að ef ég ætti að framkvæma einhverja svipaða gerð aftur, sæi ég enga aðra leið og vil lýsa eftir því, í hverju það geti legið, að Jörundur Brynjólfsson hafi hagnazt um eina milljón króna á þessum skiptum. Hann má ekki selja eina einustu þúfu af landinu, hann verður að búa þar sjálfur og hefur þarna engan rétt annan en að búa á þessari jörð, eins og hann hafði í Skálholti. Og ég þori að fullyrða, að ef ég ætti að velja á milli þessara tveggja staða, mundi ég ekki hugsa mig um eina mínútu, því að ég mundi miklu fremur vilja Skálholt. Þar var eitt stærsta bú á Suðurlandi, áður en fjárpestin kom til sögunnar: 500—700 sauðfjár, 50 hestar og 20—30 kýr, rekið með tiltölulega litlum mannafla. Og eitt höfuðatriðið er ótalið enn, en það er, að í Skálholti er svo að segja óþrjótandi jarðhiti. Það hefur ekki komið fram í mati, en fyrir mann, sem býr þarna, er það ómetanlegt að hafa aðstöðu til að nytja þann mikla kost, þó að það hafi ekki verið gert hingað til, og má nærri geta, hvers virði það væri fyrir mann, sem hefði þarna lífstíðarábúð. Þannig að þegar allt er tekið með, er ég sannfærður um, að kaupandi hefur farið halloka í þessum viðskiptum, og undarlegt, eins og hv. þm. S-Þ. sagði, að hv. 1. þm. Árn. skyldi vilja taka á sig þær kvaðir, sem af þessum skiptum urðu, í stað þess að fá Skálholt. En ég vil segja, að það er einstök hugulsemi af þingbróður hans að vilja bæta honum þetta upp með því að svipta hann ærunni í ofanálag.

Þá kom þm. að ýmsum atriðum. Hann hélt áfram að vefengja allt, sem ég ræddi hér í sambandi við meiri hl. landbn., og taldi, að ég færi þar með ósatt mál. Til þess að taka af öll tvímæli, þykir mér rétt að lesa þetta skjal, en það hljóðar svo:

„Við undirritaðir landbúnaðarnefndarmenn í báðum deildum Alþingis erum því samþykkir, að búseta hr. Jörundar Brynjólfssonar á Skálholti verði tekin til greina vegna kaupa hans á jörðinni Kaldaðarnes, þar sem hann flytur á milli þessara tveggja jarðeigna ríkisins vegna aðgerða þess.“

Undir þetta álit skrifa þessir menn: Ásgeir Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Eiríkur Einarsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Páll Zóphóníasson.

Það er rétt, að 4 nm. af 10 litu öðruvísi á málið. Menn geta vitanlega litið misjöfnum augum á þetta mál, eins og önnur. Hv. þm. Barð. benti á, hverjir hefðu verið þarna á móti. Benti hann m. a. á hv. þm. Dal. og sagði: Hvers vegna gat ekki n. farið eftir ráðum hv. þm. Dal., því að hann er vel metinn, traustur og heiðarlegur“. Þetta er rétt. Hann er vel metinn, traustur og heiðarlegur, og álasa ég honum ekki, þó að hann líti öðrum augum en meiri hl. á þetta mál. Það er þá víst vafasamt um hina nm., að þeir séu vel metnir, traustir og heiðarlegir! Maður er ekki óvanur að fá svona dóma frá mönnum í andstæðum flokkum, en hér er um hans eigin flokksbræður að ræða. Hv. 2. þm. Skagf., Jón Sigurðsson, er því víst ekki traustur, vel metinn og heiðarlegur og ekki heldur hv. 2. þm. Árn., Eiríkur Einarsson, og ekki heldur hæstv. dómsmrh., sem áður hefur lýst afstöðu sinni í þessu máli og er því víst ekki vel heiðarlegur maður, og verð ég þá víst að telja það til auðnuleysis mér í þessu máli, að ég skyldi velja mér samstöðu við þessa menn. Nú

vil ég segja hv. þm. það, að þótt ég vitni til þessara manna, er það ekki vegna þess, að ég þurfi með því að sækja siðferðilegan styrk, því að ég mundi taka á mig alla meðferð þessa máls, en það kom af sjálfu sér, að ég átti samstöðu með þessum mönnum og öðrum sjálfstæðismönnum, því að það voru jafnt sjálfstæðismenn og framsóknarmenn í héraðinu, sem var þetta áhugamál. — Þm. álasaði mér fyrir þrátt fyrir þetta, að ég hefði lítið aðhafzt í þá átt að hrinda málinu í framkvæmd. En ég hef gert allt, sem ég hef getað, til þess að koma því í framkvæmd, og er búið fyrir atbeina hv. þm. að skamma mig fyrir það í marga daga. Það þurfti að losa þessa jörð úr ábúð og einnig að fá teikningu af húsinu, og til þess hjálpaði hæstv. dómsmrh. mjög röggsamlega. Það hefur verið sótt um fjárfestingu, og verður hafizt handa strax og hún verður veitt og hefur loforð fengizt fyrir henni á þessu ári. Enn fremur hef ég staðið að því, að komið verði þarna upp vísi að skólabúi, sem ég hef líka verið skammaður fyrir. Allt, sem hefur staðið í mínu valdi að gera, hef ég gert og fengið skammir fyrir, eins og ég hef líka verið skammaður fyrir að gera ekkert.

Ég get ekki skilið svo við þetta mál, að ég minnist ekki ofur lítið á málflutning þessa þm., sem er með eindæmum. Hann óð þarna eins og naut í flagi, sletti úr klaufunum í allar áttir og lagði í einelti alla þá menn, sem hann hafði hugmund um, að hefðu komið að Skálholti, — ekki aðeins þm. Árn., heldur líka hv. þm. Str. og þurfti að ná til búnaðarmálastjóra. En honum nægði ekki að veitast að þeim, sem gátu svarað fyrir sig, heldur fór hann út fyrir þinghelgina og veittist með áróðri og dylgjum að saklausum mönnum, sem ekkert höfðu annað gert í þessu máli en það, sem embættisskylda þeirra bauð. Hv. þm. réðst á landnámsstjóra og varð að minna á það um leið, að hann hefði einu sinni verið frambjóðandi fyrir Framsfl. Þá réðst hann einnig á sýslumann Árnessýslu og varð auðvitað að minnast á það um leið, að honum hefði verið veitt þarna embætti af framsóknarráðherra. Og hann réðst einnig á kirkjuna, einn þjóðkirkjuprest, vildi helzt láta slíta af honum hempuna og sagði, að hann væri bróðir eins framsóknarráðh. og til skammar, ekki aðeins sjálfum sér, heldur fyrir þingið allt. — Þegar svo hv. þm. er búinn að ausa úr sér öllu þessu góðgæti, fer hann að kjökra um það, að ekki væri það nú meining sín að gera þetta mál að árásarmáli á mig, þm. Árn. eða framsóknarmenn yfirleitt. Honum þætti bara svo hart að vita um þá rotnun og spillingu, sem búið hefði um sig í opinberu lífi — og hann fer ekki út af línunni —, sem framsóknarmenn ættu mestan þátt í, og endaði með því að segja, að hann vonaði, að afskipti mín af þessu máli mörkuðu nýja stefnu í siðferði í opinberu lífi á Íslandi.

Við höfum nú orðið að sætta okkur við það undanfarin ár, að þessi þm. talar í hverju máli, þykist einn hafa vit á öllu, veður úr einu í annað, hvort sem hann ber nokkurt skyn á það eða ekki. En ef ofan á það á að bætast, að hann haldi um það margar ræður, að hann sé hinn eini rétti siðameistari og beri einn utan á sér heiðarleikann, þá er mælirinn orðinn fullur. Í þessu sambandi get ég ekki komizt hjá því að minnast á, hvernig þessi hv. þm. hagar sér, þegar hann er að skipta við ríkið og vinna fyrir þjóð sína í einstökum málum. Það rifjast upp fyrir manni, að maður hefur heyrt talað um, að hann hafi tekið að sér verk fyrir ríkisstj. ekki alls fyrir löngu, sem sé að vera eins konar eftirlitsmaður með smíði hinna 30 togara, sem nýsköpunarstjórnin svo kallaða samþykkti byggingu á í Englandi. Í þessu sambandi hefur hann gert við Ólaf Thors svofelldan samning:

„1. að téður Gísli Jónsson skuli, ásamt þar til kjörnum meðnefndarmönnum, semja fyrir hönd ríkisstj. um kaup á 30 togurum í Bretlandi, gera verklýsingar af skipunum og breytingar á öllu fyrirkomulagi, eftir því sem hentast þykir, með tilliti til óska vorra og F.Í.B.;

2. að hann taki að sér fyrir hönd ríkisstj. alla umsjón með smíði skipanna í Bretlandi, svo að tryggt sé, að byggingarsamningarnir séu að fullu uppfylltir;

3. að honum beri að fá greitt fyrir þetta verk kr. 10000.00 fyrir hvert skip og auk þess allan ferðakostnað og uppihald í Bretlandi fyrir sig og sína aðstoðarmenn, sem að verkinu vinna, skeytakostnað og önnur útgjöld í sambandi við verkið;

4. að eftirlitsgjaldið verði greitt honum sem hér segir:

1. greiðsla í júlí 1946	kr.	50000,00
2. greiðsla í des. 1946	—	50000,00
3. greiðsla í júlí 1947	—	50000,00
4. greiðsla í des. 1947	—	50000,00
5. greiðsla í júlí 1948	—	100000,00
Alls	kr.	300000,00

enda sé þá smíði allra skipanna lokið;

6. að útlagður kostnaður samkvæmt ofanrituðu sé endurgreiddur jafnóðum, þegar reikningar eru lagðir fram.“

Svo mörg eru þau orð. Þetta fær manni margt að hugsa. Maður getur skilið, að það hafi þurft að hafa eftirlit með skipunum, og ég trúi, að hv. þm. hafi gert eitthvert gagn í þessu. Og ég get líka skilið, að ef hér hefði aðeins verið um eitt skip að ræða, hefði þetta ekki verið svo mikill kostnaður. En þegar samið er um 30 skip á einu bretti, þar sem smíðin fer fram á tiltölulega skömmum tíma og aðalstarfið hlýtur að fara fram á einu ári, — að taka 300000,00 kr. fyrir slíkt, það kalla ég að taka hraustlega til matar síns. Það verður að viðurkenna, að það hlýtur að fylgja þessu mikill kostnaður, t. d. ferðakostnaður, símskeytakostnaður o. fl., og gætu því ókunnugir látið sér detta í hug, að nokkuð færi af þessari upphæð, þegar allt er tekið til greina. En eins og ofanritaður samningur ber með sér, er ekki því að heilsa, því að allur slíkur kostnaður er greiddur aukreitis og er af kunnugum talinn vera farinn að nálgast 200 þús. kr. Já, það er margt skrýtið í þessu sambandi, en það einkennilegasta við þetta er þó það, að þessi þm. skuli telja það alveg sérstaklega sitt verk að verja hinum dýrmæta tíma þingsins og hinni dýrt metnu orku sinni til þess að reyna að

hafa æruna af einum þingbróður sínum fyrir viðskipti, sem hann var knúður til þess að hafa við ríkið. Og það má furðulegt heita, að hann skuli telja sig til þess fallinn að gerast siðameistari í þinginu og áminna það um grandvarleik og heiðarleg viðskipti við ríkið og að marka tímamót í þessum málum. Ég kalla það bara blygðunarleysi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Eins og hv. þm. er kunnugt, hef ég rætt aðeins einn þátt þessa máls og mun halda mig við það.

Ég vil endurtaka það, sem áður hefur komið fram, m. a. hjá hæstv. ráðh., að það, sem fyrir mér vakti, var það, að þarna hefur verið hafður stórbúskapur og nokkur iðja í smærri stíl, sem fyrst og fremst var rekinn af heilbrigðum mönnum, en hinum drykkjusjúku mönnum jafnframt sköpuð aðstaða til að vinna að þessu að sinni getu og þeim sköpuð aðstaða til að lifa mannsæmandi lífi í þessari stofnun og gefin einhver von til að geta komizt aftur út í lífið til starfandi manna. Þetta vakti fyrir mér og öllum þeim, sem að stofnuninni stóðu, fyrst í Kumbaravogi og síðan í Kaldaðarnesi. Og svo segir hæstv. ráðh., að ef einhver viðleitni hefði verið sýnd í þá átt að koma þessu í framkvæmd, þá hefði málið litið öðruvísi út. Er ekki fullmikið sagt, að engin viðleitni hafi verið sýnd í þessa átt? Er ekki ástæða til að rifja upp, hvað hefur raunverulega gerzt í málinu? Það er þá þetta: Árið 1945 er hafizt handa um endurbætur og byggingar í Kaldaðarnesi með hæli fyrir augum. Vorið 1945 eru vistmenn frá Kumbaravogi fluttir í Kaldaðarnes og vistaðir í hermannaskálum með það fyrir augum, að þeir gætu tekið þátt í frekara húsbyggingastarfi, og var unnið að því fram á vetur. Síðan gerist það, að rekstur stofnunarinnar er fenginn í hendur ríkisspítölunum, og skal ég viðurkenna, að ég er ekki hnútum svo kunnugur, hvað síðar verður, eins og um alla forsögu, en veit þó, að með tilstyrk ráðsmanns ríkisspítalanna, sem hafði mikinn áhuga á þessu, var búið að leggja drög að því að reisa þarna myndarlega stofnun. Ég vildi nú spyrja hæstv. ráðh., hvort honum hafi í sannleika nokkurn tíma flogið í hug, að þetta yrði gert í einu vetfangi eða á örskömmum tíma. Honum ætti að vera það ljóst eins og mér, að þarna var fyrir hendi margra ára uppbyggingarstarf, þótt hinir völdustu menn tækju þátt í starfinu. Ég held, að ráðh. sé þetta í raun og veru ljóst.

Næst kemur hann svo að því, að þegar hann hafi komið að hælinu, hafi verið þar einn vistmaður, sem daginn eftir hefði átt að fara, sem mun vera rétt, en hvers vegna? Það var vegna þess, að hælinu var lokað, af því að mér og öðrum, sem höfðu hug á að koma þangað sjúkum mönnum, var neitað um pláss þar, sökum þess að læknir hælisins hafði tekið þá stefnu að loka því. Hvers vegna, veit ég ekki, og engin frambærileg rök hafa verið færð fyrir því. Ég veit, að doktorinn hafði áhuga fyrir því að hafa ekki nema 6—8 menn á sínu hæli og gera þar sérstakar tilraunir, en fyrir málefnum hinna mannanna, sem þurftu að vera lengi á hælinu, hafði hann ekki áhuga, og endaði þetta svo með því, að hælinu var lokað. Ég vil nú segja hæstv. ráðh., að ef hann vill í dag opna pláss, t. d. í Kaldaðarnesi, fyrir þá 17 menn, sem þar voru, skal ég á hálfum mánuði vistráða menn í öll plássin, og þótt þau væru fleiri. Því miður er ástandið þannig, að auðvelt væri að gera það á örfáum dögum, og væri þó ekki fullnægt nema litlu af þeim beiðnum, sem berast nú um fangageymslu vegna drykkjusjúkra manna.

Jú, ráðh. gat þess, að ægilegur rekstrarhalli hefði verið orðinn þarna á hælinu. Engan gæti furðað á því. Með því að loka deildinni fyrir mönnum, sem áttu að vera þarna, en halda starfsliðinu að öðru leyti, hlaut að koma mikill halli. Þó er ég ekki sannfærður um, að dæmið sé nákvæmlega rétt upp gert, þegar ráðh. talar um þennan halla, eða við hvaða tíma hann miðar, þegar hann gefur þessar tölur. En engan furðar, þó að fram komi mikill halli, þegar á er haldið málinu eins og þarna er gert.

Næst getur ráðh. þess, að ástandið í Kaldaðarnesi sé þannig, að ekki standi steinn yfir steini, og hann sagði, að hvaða einstaklingur sem hefði setið jörðina með þessum hætti, hefði bakað sér útbyggingarsök. Hverra skuld var það, að Kaldaðarnes var svo illa leikið, að þar stóð ekki steinn yfir steini? Ekki voru það þeir, sem ráku drykkjumannahælið þar, sem léku það svo. En ég kom þar áður en hafizt var handa um endurbætur á staðnum, og þá stóð ekki steinn yfir steini. Engin hurð var á hjörum og allir gluggar brotnir og yfirleitt allt svo ömurlega útleikið sem hugsazt gat. Síðan gerist það, að byrjað er að byggja Kaldaðarnes upp. Gamla húsið er endurbætt, sem ég tel þó, að hafi verið fremur hæpið, og hefði heldur átt að byggja frá grunni, annað hús var byggt og ýmsar endurbætur aðrar gerðar. Sem sagt, endurreisn Kaldaðarness var hafin, og svo segir hæstv. atvmrh., að þeir, sem að þessu stóðu, hafi unnið til útbyggingarsakar. Þetta er alveg út í bláinn, hæstv. ráðh. En var um byggingu að ræða í þessu sambandi? Var jörðin byggð hælinu? Eftir því, sem fyrrv. hæstv. dómsmrh., hv. þm. Ísaf., sagði, þá hef ég skilið það svo, að jörðin hafi verið afhent hælinu og þarna hafi verið komin upp ríkisstofnun, sem hafði sömu stöðu og t. d. Vífilsstaðir og Kleppur. Ef þetta er rangur skilningur hjá mér, þá vil ég gjarna heyra rökin fyrir því. Næst gat hæstv. ráðh. þess, að hann hefði heyrt, að forráðamennirnir væru orðnir afhuga því að reka hælið. Ég spyr: Hvaða forráðamenn? Áreiðanlega engir úr nefndinni, sem átti að stjórna hælinu fram til 1947, en fór frá að beiðni frá hærri stöðum 1946. Áreiðanlega ekki ráðsmaður ríkisspítalanna, og ef landlæknir hefur hvatt til þess að leggja hælið niður, þá skil ég ekki þá breytingu, sem orðið hefur á hans skoðun. Og það er áreiðanlega ekki núverandi hæstaréttardómari, Jónatan Hallvarðsson, sem mjög kom við þetta mál, og þá er aðeins einn eftir, maðurinn, sem lokaði hælinu, dr. Helgi Tómasson. Það má vera, að hann hafi ráðið til þess að leggja hælið niður, en mér þykir sem ítök hans hjá hæstv. ríkisstj. séu orðin óþarflega mikil, ef hann hefur einn fengið að ráða því. Nær hefði verið fyrir hæstv. ríkisstj. að skipa honum að opna hælið

fyrir þeim mönnum, sem þangað þurftu og vildu fara, en fengu ekki.

Mér þótti vænt um að fá þær upplýsingar hjá hæstv. ráðh., að munirnir, sem ég spurði um, séu geymdir hjá hælisstjórn. Síðan ég í minni fyrri ræðu spurði að þessu, hef ég raunar fengið upplýsingar um það frá öruggum heimildum, hvar þessir munir væru niður komnir, og sé ég nú, hverja hæstv. ráðh. telur hælisstjórn, því að mér var sagt, að munirnir væru geymdir í hlöðu á Kleppi. En nokkuð mun það hæpin geymsla fyrir bókasafn og annað slíkt.

Þá hafði hæstv. ráðh. það að athuga við mína ræðu, að ég hefði tekið undir þá þjóðlygi, að Kaldaðarnes hefði verið gefið. Ég var að tala um hælið í Kaldaðarnesi, og hvað er orðið um það hæli? Það voru sendir matsmenn austur, og á hvaða grundvelli áttu þeir að meta? Þeir áttu að gera grein fyrir, hvers virði mannvirkin væru til búrekstrar. Á þeim grundvelli var byggt, og ég geri ráð fyrir, að með tilliti til búrekstrar hafi matið verið nógu hátt. En sú staðreynd stendur, að þarna var búið að leggja fram meira fé en hægt var að renta í búskap. Þarna var búið að stofna hæli, sem var svo mikilvægt, að hæstv. ríkisstj. leggur til að verja 9 milljónum á næstu árum til byggingar sams konar hælis. *(Atvmrh.:* Sams konar hælis?) Já, hæstv. ráðh., sams konar hælis. En þegar búið er að leggja hælið niður og mannvirki þess metin með tilliti til búrekstrar, þá er fé, sem lagt var til hælisins, glatað. Hvort sem menn vilja segja, að það hafi verið gefið eða á glæ kastað, þá er það horfið, og mennirnir, sem óskuðu að dvelja á hælinu, eru nú á daginn í Hafnarstræti, en á nóttunni oftast í kjallara lögreglustöðvarinnar. — En út af því, hvort ríkisstjórnin hugsi sér að reisa sams konar hæli og var í Kaldaðarnesi, þá veit ég ekki betur en hún hafi í hyggju í fyrsta lagi að reisa lítið hæli eins og dr. Helgi Tómasson vildi, en svo einnig stórt vinnu- og gæzluhæli — jafnvel mörg slík —, og hver er munurinn á þeim og hælinu í Kaldaðarnesi? Hann er enginn. Ég get fullyrt, að þegar byrjað verður með þessi hæli, þá eiga þeir, sem um þau sjá, eftir að reka sig á sömu erfiðleikana og þeir, sem sáu um hælið í Kaldaðarnesi. En það er óþörf sóun á fjármunum og orku að stofna til þess að taka á sig sömu erfiðleikana aftur. Skynsamlegast var auðvitað að halda áfram þar, sem byrjað var, og ég er sannfærður um, að á skömmum tíma hefði verið hægt að byggja upp myndarlegt hæli í Kaldaðarnesi, ef dr. Helgi Tómasson hefði ekki lokað því og ef ríkisstj. hefði haldið áfram að sýna málinu þann skilning og áhuga, sem hæstv. fyrrv. dómsmrh. gerði í byrjun. — Ég tek það ekki aftur, að hælið hafi verið gefið. Ég get þó til samkomulags við hæstv. ráðh. fallizt á að breyta orðalaginu og segja, að því hafi verið kastað á glæ. Það er óhrekjandi staðreynd, að eignir þess voru metnar með tilliti til búrekstrar og fyrir miklu minna fé en þær raunverulega kostuðu og fyrir minna fé en eðlilegt var, að stæði í þeim, ef hælið hefði verið rekið áfram. Í þessu máli hafa því orðið alvarleg mistök, og mér þykir leitt, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur umr. um þessi mál, en ég skil hann þó, því að ég veit, að hann hefur áhuga á því, að ríkið reki drykkjumannahæli, og ég veit enn fremur, að hann finnur, að honum hefur mistekizt, og það væri skynsamlegast fyrir þá báða, hæstv. menntmrh. og hæstv. atvmrh., að játa mistök sín, skynsamlegra en að reyna að finna fyrir þeim afsakanir, sem ekki eru til og aldrei verða til.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hæstv. atvmrh. hefur nú flutt aðalræðu sína í þessu máli og hefur nú eitthvað jafnað sig af þeim taugaóstyrk, sem þjáði hann svo síðast er málið var til umr., að hann treystist ekki til að svara. Ég skil vel þennan taugaóstyrk hæstv. ráðh., því að ég veit — og það veit hæstv. ráðh. líka —, hvernig þjóðin tekur þessu máli og hversu erfitt er að verja það bæði innan þings og utan. Hæstv. ráðh. hefur líka í mörg horn að líta, því að bæði andstæðingar hans sem og hans flokksmenn hafa sótt að honum fyrir fjögur hneykslí, sem hann hefur framið í sinni ráðherratíð. *(Atvmrh.:* Hver eru þau?) Það er Kaldaðarnes, Silfurtún, Norðtunga, en það fjórða mun ég ekki nefna að svo stöddu. Skil ég því vel, að hæstv. ráðh. kunni að vera óstyrkur. Hitt skil ég líka, að hann skuli vilja halda áfram þeirri iðju, sem flokksbræður hans hafa stundað undanfarin ár, þeirri iðju að svívirða mig persónulega, en ég skil ekki, að jafngóður drengur og jafnvel gefinn maður sem hann er skuli kasta virðingunni fyrir ráðherrastól sínum til þess að ausa mig auri og reyna þar með að draga athyglina frá því máli, sem um er að ræða. Svívirðingar í minn garð koma honum ekki undan ábyrgðinni af sölu Kaldaðarness. Hann hefur dregið mín verk hér inn í umr., því að hann telur, að upplýsingar hans um þau geti dregið athygli frá sínum gerðum í þessu máli. Sér ekki hæstv. ráðh., hve veikt þetta er, óskynsamlegt og ósæmilegt? En ég skal ekkert skorast undan að ræða það, sem hann hafði snuðrað upp og taldi mér ávirðingar. Hann hefur haft úti þreifiklær alls staðar til þess að reyna að finna eitthvað það í starfsferli mínum, sem hann gæti klekkt á mér með, og þetta var það eina, sem hann fann, og við skulum nú athuga málið, og þá sést, hvílíkar blekkingar hæstv. ráðh. hefur haft í frammi.

Árið 1944 var ég skipaður í nefnd til að undirbúa þetta mál og vann tvo mánuði af því ári við undirbúninginn og síðan þar til í september 1945. Hæstv. ráðh. heldur kannske, að þetta mál hafi ekki þurft mikinn undirbúning, en þetta voru þó kaup upp á 100 milljónir króna og stórfelldustu samningar, sem Íslendingar hafa gert. Mörgum nefndarmönnum var greitt kaup, en mér aldrei. Í september 1945 var mér svo falið ásamt fleiri mönnum að semja við brezkar skipasmíðastöðvar, því að þeir, sem höfðu farið, höfðu ekki komizt að aðgengilegum kjörum. Ég náði svo samningum, og skal ég ekki ræða dóm þjóðarinnar á þeim verkum. Flokkur hæstv. ráðh. hefur alltaf reynt að níða þau niður, en aldrei komizt upp með neitt af sínu níði, hversu mjög sem reynt hefur verið. Starfaði ég svo enn við eftirlit með byggingu togaranna. Vegna þessara starfa minna þurfti ég að kaupa 8 manna ársvinnu til annarra, og ef við deilum 8 í 300

þúsund, verður útkoman 37500 kr., sem væri meðalárslaun eins manns. Hvað hef ég þá fengið? Á sama tíma voru menn, sem siglt höfðu sem vélstjórar hjá Skipaútgerð ríkisins fyrir 80 þús. kr. árstekjur og ekki gátu þetta. Og ef forstjóri Skipaútgerðar ríkisins væri spurður, hvað umsjónin með byggingu skipa fyrir hans fyrirtæki kostaði, þá mundi það sýna sig, að sú umsjón yrði nokkru dýrari en umsjónin með byggingu togaranna. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur einmitt undrazt, að hægt væri að vinna þetta verk fyrir 300 þús. kr. Ég skal svo ljúka máli mínu um þetta atriði með því að benda á, að fyrir nokkru reis ágreiningur milli verksala annars vegar og íslenzku samninganefndarinnar hins vegar um það, hvort Íslendingar ættu rétt á 700 þús. kr. skaðabótaupphæð. Lagði ég þá fyrir ríkisstj. að leggja málið fyrir lögfræðinga, bæði innlenda og í Englandi, til þess að fá álit þeirra um það, hvort Íslendingar ættu að fara í mál til þess að ná þessu fé. En báðir lögfræðingarnir í hæstv. ríkisstj., hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., þótt báðir séu greindir menn og vafalaust góðir lögfræðingar, töldu þetta ekki ómaksins vert, þar sem vonlaust væri, að við næðum þessu fé. Allt um þetta fór ég utan í þessum erindum, og upphæðin fékkst öll, 700 þús. kr. í erlendum gjaldeyri. *(Dómsmrh.:* Ummæli hv. þm., hvað mig snertir í þessu máli, eru tilhæfulaus ósannindi.) Er hæstv. dómsmrh. svo bergnuminn af Framsfl., að hann þoli ekki að heyra sannleikann? *(Dómsmrh.:* Ég kannast alls ekki við þau ummæli, sem hv. þm. hermir hér á mig. Ég veit ekki, í hvaða heimi hv. þm. lifir — *Forseti:* Ekki samtal.) Er hæstv. dómsmrh. alveg ókunnugt um þetta mál? *(Dómsmrh.:* Hv. þm. getur reynt að slá sig til riddara á kostnað einhverra annarra en mín. — *Forseti:* Ég verð alvarlega að biðja hv. þm. um að halda þingsköp.) Ég hafði sannast að segja haldið, að það væri heppilegast fyrir hæstv. dómsmrh. að halda sig fyrir utan þessar umr., því að hann hefur engan sóma af málinu, en fyrst hann hefur kosið að taka til máls, þá er ekkert á móti því að athuga hans þátt nánar síðar meir. En sem sagt, 700 þúsundirnar fengust, og svo getur hæstv. atvmrh. dregið 300 þúsundir þar frá, því að fyrri upphæðin hefði aldrei fengizt, ef enginn hefði verið til þess að fylgjast með málinu.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri blygðunarleysi af mér að bera þetta mál fram. Ég held nú, að það sé meira blygðunarleysi að viðhafa þann málflutning, sem hann hefur leyft sér. Og *ég fullvissa hæstv. ráðh.* um, að *hann má mín* vegna hvenær sem er leggja öll gögn varðandi togarakaupin á borðið, hann getur aldrei varið sölu Kaldaðarness með því. Ég skal og óhræddur, *hvenær sem er, leggja fram mína ferðareikninga* á móti ferðareikningum hans sonar og hvaða sendimanna hæstv. ríkisstj. sem vera skal.

Ég skal svo ekki ræða meira um þetta atriði, *en snúa mér að yfirlýsingu hinna 6 landbnm.* Er það þingleg meðferð, þegar þing situr, að ganga á milli nm. og fá þeirra álit um visst mál án þess að flytja málið formlega inn í þingið? *Og hvers vegna kom hæstv. ráðh. ekki með* málið inn í þingið? Það var vegna þess, að hæstv. ráðh. vissi, að það yrðu aldrei samþ. l. um að leggja niður hælið í Kaldaðarnesi og gefa það, hvorki þm. Framsfl. né neinum öðrum, og þess vegna valdi hæstv. ráðh. myrkraleiðina og gaf Kaldaðarnes í heimildarleysi.

Þá er enn eitt dæmi um málflutning hæstv. ráðh. Hann hélt því sem sagt fram, að það að segja satt um einn mann jafngilti illyrðum um aðra. Af því að ég sagði, að hv. þm. Dal. væri heiðarlegur maður, þá vildi hæstv. ráðh. meina, að ég teldi alla hina landbnm., sem samþykktu sölu Kaldaðarnesss, glæpamenn. En þetta sýnir bara ásamt öðru, í hver rökþrot hæstv. ráðh. er kominn. Ég held því, að honum væri sæmst að hætta að reyna að verja þetta hneyksli. Hæstv. ráðh. hefur ekkert til að segja annað en það, að segi ég sannleikann um einn hv. þm., þá sé það rógur og svívirðingar um aðra þingbræður.

Þá skal ég koma að meginatriðunum í þessu máli, en meginatriðin eru þau, að hér er ekki verið að ræða um jörð, sem ríkið á, sem átti að selja eftir þeim l., sem hæstv. ráðh. hefur viljað vera láta. Hér er verið að ræða um hæli, sem ríkið átti og hæstv. ráðh. hafði enga heimild til þess að selja. Öll rök hans í sambandi við söluna eru því alveg út í bláinn, vegna þess að grundvöllurinn undir þeim er hruninn, þar sem hér var um hæli að ræða, en ekki jörð. Hann gat ekki selt Kaldaðarnes, fremur en hann gæti selt Bessastaði, Vífilsstaði, Klepp eða Kristneshæli eða aðrar stofnanir landsins, og með því að gera það hefur hann skapað sér ábyrgð annars vegar og enn fremur hefur hann sem ráðh. sett á sig blett fyrir að gera slíka hluti. Hæstv. ráðh. hefur reynt að halda því fram hér, að ég hafi verið að ráðast á matsmennina. Þetta er sagt af sömu hvötum eins og þegar sagt er, að ég hafi verið að ráðast á þingmennina. Hann álítur það svívirðingu um matsmennina, að ég hef haldið því fram hér, að hann hefði getað áfrýjað matinu til yfirmatsmanna. Hvað eru svona rök? Hvernig er hægt að halda því fram, að það séu ásakanir á sjálfa matsmennina, þó að ég hafi talið rétt að áfrýja matinu til yfirmats? Hvað var það, þegar hann áfrýjaði matinu um jarðhúsin? Lá á bak við það sú hugsun að bregða undirmatsmönnunum um ódrenglyndi og svívirðingar, að hann tók þann kost að áfrýja því mati? Ég held, að hæstv. ráðh. komist ekki frá þessu máli með *slíkri rökfærslu sem þessari.* Það er alveg útilokað. Hæstv. ráðh. hefur haldið því fram hér hvað eftir annað, að hv. 1. þm. Árn. hafi haft lífstíðarábúðarréttindi á Skálholti *og ekki hafi verið hægt að framkvæma* nauðsynlegar fyrirskipanir í sambandi við Skálholtsskóla nema koma honum burtu af jörðinni. Ég hef rætt það áður hér og fært sannanir fyrir því, hve vafasamt það er, að hv. 1. þm. Árn. hafi nokkurn tíma haft lífstíðarábúðarréttindi á Skálholti. Það geta verið um það skiptar skoðanir, en úr því mátti fá skorið. Það var síður en svo árás á hv. 1. þm. Árn., þó að úr því væri skorið með dómi, hvort hann hefði fengið löglegan ábúðarrétt á Skálholti. Ég hef haldið því fram, að það hafi ekki verið, og hæstv. ráðh. hefur ekki gert tilraun til þess að hrekja þær staðreyndir, sem ég hef fært fram

fyrir því máli. Það er vitað, að þessi lífstíðarábúðarréttindi voru veitt 1940, eða löngu eftir að ákveðið var, að jörðin skyldi keypt til opinberra þarfa. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að spyrja um það, hvort gerð hafi verið tilraun til að fá samkomulag við hv. 1. þm. Árn. án þess að framkvæma það, sem hér var gert, og án þess að beygja sig undir þær þungu kvaðir, sem hér var um að ræða, svo sem gert var. Það hefur aldrei komið fram í umr., að nein slík tilraun til samkomulags hafi verið gerð við hv. 1. þm. Árn., að hann stæði upp af jörðinni, svo að hægt yrði að gera þar nauðsynlegar framkvæmdir. Ég vildi gjarna vita, hvort hv. 1. þm. Árn. hefur í raun og veru sett svo þunga kosti fyrir því, að hægt yrði að koma upp skólanum, að það yrði að gera þetta hneyksli, sem hér var gert. Ég trúi því ekki, að hann — hvorki vegna Alþingis, þjóðar sinnar né vegna sinna kjósenda — hafi sett þá afarkosti, að til þess að hægt yrði að reisa skóla í Skálholti, skyldi þurfa að leggja niður hælið í Kaldaðarnesi. Það yrði aldrei talinn sómi fyrir mig að bera slíkt á hv. 1. þm. Árn., þó að hæstv. ráðh. láti skína í, að svona hafi þetta verið. Ég held, að hér hefði vel mátt komast að samkomulagi, sem báðum aðilum hefði verið meiri sómi og hagnaður að en hefur orðið af því samkomulagi, sem hér var gert, fyrir utan svo það að vera með slíkt leynimakk í skúmaskotum, á meðan Alþ. sat að störfum.

Ég verð að segja það, að sé þetta eins og hæstv. ráðh. talar um, að þetta sé allt til óþurftar og tjóns fyrir hv. 1. þm. Árn., þá er sannarlega ekki ástæða til þess að vera að rífast um þetta hér dag eftir dag. Hvers vegna sýnir þá hv. 1. þm. Árn. ekki þá stórbrotnu skapgerð að standa hér upp og segja sem svo: „Hvers vegna er verið að rífast um þetta? Ég er tilbúinn til að skila Kaldaðarnesi aftur, svo að hægt sé að láta vesalingana inn á hælið aftur.“ Slíkt hefði verið jafnágætum manni sæmandi, og ég hefði getað búizt við, að hans fyrsta ræða hefði verið á þessa leið: „Úr því að málið er komið á þetta stig og ástæða þykir til að hreyfa þessu, þá vil ég ekki standa í vegi fyrir því, að réttlætið nái fram að ganga. Ég skal skila jörðinni strax aftur.“ En þetta gerðist ekki, heldur alveg öfugt við þetta.

Hæstv. ráðh. spurði um það, á hverju sú fullyrðing byggðist, að afhent hefði verið rúmlega ein millj. kr. til núverandi eiganda Skálholts. Ég vil aðeins vísa hæstv. ráðh. á að lesa þskj. 119, en þar eru teknar upp þær staðreyndir, sem fyrir eru um það, hvernig þessi viðskipti hafa farið fram. Þau sýna, að ekkert er greitt fyrir eignina annað en 1120 kr., til viðbótar þeim eignum hv. 1. þm. Árn., sem hann átti í Skálholti og metnar voru á 170 þús. kr. Ég skal ekkert um það dæma, hvort sú eign er 170 þús. kr. virði. Það er ljóst af þessum tölum, að annað og meira hefur aldrei verið greitt fyrir eignina en þessar tvær upphæðir. Hinu er öllu náð með krókaleiðum, sem hæstv. ráðh. hefur fyrirskipað, að skyldu farnar.

Hæstv. ráðh. hefur haldið því fram hér hvað eftir annað, að hv. 1. þm. Árn. hafi átt heimtingu á að fá keypt Skálholt og að hann hafi átt heimtingu á að fá keypt Kaldaðarnesið. Hann hefur bara aldrei komið með nein rök fyrir þessum fullyrðingum sínum, og hann hefur ekki reynt að hrekja neinar af þeim staðreyndum, sem ég hef hér sett fram til þess að sýna fram á, að þetta er algerlega rangt. Hæstv. ráðh. byggir sí og æ á því, að þessar jarðir heyri undir þann flokk jarða, sem eru ábúðarjarðir — ekki stofnanir. Hann hefur heldur ekki svarað því, sem ég spurði hann um um daginn, hvað jarðræktarsjóðurinn hefði fengið mikið fyrir Kaldaðarnesið, því að ef jörðin tilheyrir þeim flokki jarða, sem hann vill vera láta, þá átti jarðræktarsjóður að fá allt andvirði hennar. En hann hefur ekki fengið neitt. Af hverju? Af því að það söluverð, sem talið var af seljendum, að hv. 1. þm. Árn. hefði greitt, heimtaði menntmrn. í nýtt hæli. Þetta er fyllsta sönnun fyrir því, að hér var um hæli að ræða, en ekki jörð í þeim flokki, sem hæstv. ráðh. hefur talið hana vera í. Ég las hér upp bréf frá ráðsmanni ríkisspítalanna, þar sem hann krafðist þess, að við þetta ætti að bætast sú upphæð, sem þetta kostaði, og þess utan sú upphæð, sem það kostar nú meira að byggja þetta allt upp en það hefur kostað á þeim tíma, sem það var gert. Þetta veit hæstv. ráðh. ósköp vel um, og hvernig getur hann þá haldið því fram, að þessi jörð sé í flokki þeirra jarða, sem má leigja eða selja til lífstíðarábúðar?

Ég ætla ekki að svara öllum þeim fúkyrðum, sem hæstv. ráðh. mælti til mín um ódrenglyndi, persónulegar árásir á mig og annað slíkt. Ég tek það sem nokkurs konar flogaveikiskast hjá hæstv. ráðh., sem stafi af þeim erfiðleikum, sem hann hefur átt í undanfarið við að verja þetta ódæði, sumpart í sínum flokki og fyrir þjóðinni sjálfri. Ég mun ekki eyða tíma þingsins í að ræða það atriði frekar. En ég vil í sambandi við þetta benda á það, sem fram hefur komið frá öðrum aðilum, m. a. hv. þm. Ísaf., þar sem hann í sinni ræðu undirstrikaði bókstaflega allt, er ég hafði um þetta mælt, í sambandi við stofnunina í Kaldaðarnesi og þær fyrirætlanir, sem þar voru fyrirhugaðar. Hann upplýsti annað, að auk þess, að jörðin skyldi afhent og húsin, skyldu 305 þús. kr. afhentar hælinu. Hvor hefur nú réttara fyrir sér, fyrrverandi heilbrmrh. eða núverandi atvmrh.? Kannske atvmrh. telji sér heimilt að taka 225 þús. kr. úr eign, sem búið er að afhenda með ákveðnu bréfi til ákveðinnar stofnunar, og gefa þær þm., bara ef það er framsóknarmaður. Það er þetta, sem hann hefur gert hér. Ég held, að eftir þær upplýsingar, sem hv. þm. Ísaf. gaf hér, sé það bezt sæmandi fyrir hæstv. ráðh. að þegja og segja ekki eitt einasta orð, taka þann sama kostinn og tekinn var þegar Silfurtún var til umr., að þegja og láta málið fara umræðulaust gegnum þingið. Það er honum mestur sómi.

Hv. 3. landsk. þm. fór nokkrum orðum um þetta mál hér við síðustu umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mikið inn á þau orðaskipti. Ég hef heyrt ýmislegt, sem hann hefur sagt hér, en af öllu, sem ég hef heyrt hann segja, fannst mér þessi ræða hans sú fáránlegasta, ekki þó að því leyti, hvað mig snerti persónulega, þar sem ég veit, hvaða tilhneigingu hann hefur haft til þess að ræða á þann hátt við mig fyrr, heldur vegna

þess, hvernig hann ræddi þetta mál í sambandi við þá vesalinga, sem hér eiga hlut að máli. Ég hefði ekki búizt við, að hann legði lóð sitt á þær vogarskálar að stuðla að því, að þessir vesalingar séu gerðir heimilislausir, með því að verja slíkar gerðir. Nú veit ég það, að hugur hans stendur meir til að verja rangt mál, slæmt mál og ljótt mál, ef það er framið af mönnum, sem eiga einhvern skyldleika við hans hugsunarhátt, heldur en að verja mál vesalinganna, sem hér áttu hlut að máli. Sé ég því ekki ástæðu til þess að ræða við hann nánar um þetta efni.

Ég vil nú hins vegar spyrja þessa menn alla, sem hafa unnið þetta ljóta verk, að rífa niður hælið í Kaldaðarnesi og eyðileggja möguleikana til að veita þessum mönnum aðstoð til þess að skapa þeim heimili, hvort þeir geti sofið draumlaust öll þessi ár, þangað til hægt er að skapa þessum mönnum þessi skilyrði annars staðar, vitandi þessa menn ráfa hér um götur Reykjavíkur án þess að eiga nokkurt hæli til að hverfa að og einskis annars kost en að snúa sér að „kjallaranum" á kvöldin. Það líf er þessum mönnum stundum svo óbærilegt, að þeir koma ekki út þaðan lifandi að morgni, heldur kjósa að stytta sér aldur. Þeir menn, sem eru að verja þetta mál, eru að leggja blessun sína yfir það ljóta starf að svipta þessa mestu vesalinga þjóðarinnar því hæli, sem þeir áttu. Það eru til þeir menn, sem hafa orðið þessir vesalingar fyrir það, að ríkið þénar tugi milljóna á því að selja þeim og öðrum mönnum eitur. Mig furðar ekki á því, þó að hæstv. atvmrh. verði einstöku sinnum taugaóstyrkur, ef hann gefur sér tíma til að hugsa um, hvaða afleiðingar hljótast af hans verkum í sambandi við þetta mál. Það er alveg ljóst, að þjóðin hefur fylgzt með þessu máli og mun fylgjast með því. Það er alveg áreiðanlegt, að hvernig sem fer með afgreiðslu þess hér á Alþ., þá mun þjóðin dæma í því. Hún mun dæma um það, hvernig þessir menn fara með sín völd, hversu samvizkusamir þeir eru með fé ríkisins og hvernig þeir koma fram gagnvart vesalingunum, sem er hér um að ræða. Það er sannast að segja viðbjóður að hugsa sér þessa menn, sem nú taka á sig helgislepju og flytja annað frv. til að koma upp öðru hæli, til þess að breiða yfir smánina, sem þeir hafa hér framið með gerðum sínum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þessar umr., en umsögn hv. þm. Barð. gerir það óhjákvæmilegt fyrir mig. Ég verð að segja það, að mér þykir þetta mál, hvort sem mönnum þykir það stórt eða lítið í eðli sínu, vera sótt af óskynsamlega miklu kappi og raunar varið á sama veg. Ég vil taka það fram, að ég tel ásakanir þær, sem fram hafa komið á hv. þm. Barð. út af óhóflegri fjárnotkun hans í sambandi við umsjón hans með smíði nýsköpunartogaranna, vera gersamlega ástæðulausar. Ég er sannfærður um, að hann hafi unnið þar mjög mikið gagn fyrir íslenzku þjóðina fyrir hóflega greiðslu, enda er sannast bezt að segja, að þó að ég sé hv. þm. Barð. ekki alltaf sammála og þyki kannske ekki eðlilegt, að hann telji sig hafa betur vit t. d. á lögfræði heldur en ég hef, þá játa ég það fúslega, að hann með afskiptum sínum af togarasmíðinni hefur sýnt afburða árvekni. Þar hefur þekking hans fengið að njóta sín og orðið öllum landslýð að miklu gagni, og ég tel hann ekki eiga skilið hnútur og ásakanir fyrir afskipti sín af því máli, heldur miklar þakkir. Þau verk hans verða lengi munuð og verða metin honum til lofs. Þó að sjálfsagt megi að því, eins og reyndar öllu, eitthvað finna í einstökum atriðum, þá verður að líta á heildina, og hún er slík, að hann hefur þar unnið til þakklætis, ekki aðeins af hálfu Alþ., heldur einnig af hálfu alþjóðar, og er þess vegna ómaklegt að bera honum á brýn eiginhagsmuni eða fjárdrátt í þeim sökum. Það er rétt hjá hv. þm., að eitt af því, sem hann hefur staðið sig prýðilega við í sambandi við þessi mál, var það, að hann heimtaði bætur af hálfu Breta, eins og hann drap á hér áðan, en hitt er algert misminni hans, og mig furðar það sannast að segja, að hann skyldi ekki þegar í stað að gefnu tilefni frá mér taka aftur það mishermi eða þau ósannindi, sem hann sagði, að ég hefði verið að letja hann þess, að hann reyndi að afla þess fjár, og að ég hefði talið það vonlaust. Ég lýsi því yfir, að þetta er gersamlega tilhæfulaust, og mig undrar það, ef hv. þm. notar ekki fyrsta tækifæri til þess að taka þessi orð sín aftur. Þó að mér þyki það stundum óeðlilegt, að þessi hv. þm. hafi betra vit á öllum hlutum en allir aðrir menn, og betra vit á lögfræði en við, sem höfum lagt þá grein fyrir okkur, þá kann það vel að vera, að hann hafi strax séð, að þetta væri auðfengið fé, en þau ummæli, að ég hafi latt hann utanfarar, eru gersamlega tilhæfulaus, og ég tel, að hv. þm. geti ekki annað sóma síns vegna en afturkallað þau ummæli. Hv. þm. getur slegið sig til riddara á annan hátt en að búa til einkasamtöl við mig og ætla að gera sig að miklum manni með því að lýsa því yfir, að hann hafi þar reynzt miklu vitrari en ég. Það kann að vera, að hann sé það, en hann þarf ekki að vitna í samtöl við mig, sem hafa aldrei átt sér stað. Ég var þess hvetjandi, að hann færi til Englands til þess að afla þess fjár, og ég þakkaði honum mjög vel fyrir það, þegar hann skýrði mér frá því, hve góður árangur hefði orðið af því starfi. Við önnur skipti mín af þessu máli kannast ég ekki. Ég ítreka það, að þó að hv. þm. blandi mér mjög ósæmilega inn í frásögn sína af þessu máli, þá tel ég hann eiga skilið miklar þakkir fyrir frammistöðu sína í því, og hefur hann getið sér mjög gott orð fyrir afskipti sín af togarasmíðunum í heild. Hefur ríkisstj. viðurkennt ágætt afrek hv. þm. Barð. varðandi þetta mál með því að skipa hann nú í nýja nefnd til þess að hafa forustu um útvegun hinna 10 togara, sem við eiga að bætast. Ég veit ekki betur en að hann sé formaður í þeirri n. og hafi leyst það verk af hendi með sömu prýði og skipti hans af þessu máli hafa áður verið. Ég ítreka það, að ég tel það hafa verið miður farið, að hv. þm. Barð. var ásakaður fyrir þessar sakir í þessum umr., eins og ég tel það miður farið, að hann, til þess að slá sig til riddara, þurfti að búa til samtöl við mig, sem aldrei hafa átt sér stað. Það er eðlilegt, að menn gangi út í öfgar, þegar jafnhvatskeytlega og með fullkomnum öfgum er haldið fram málstað eins og hv. þm. Barð.

hefur gert í sambandi við sölu Kaldaðarness. Hv. þm. sagði, að ég skyldi fá sérstaka ræðu fyrir mín hneykslanlegu afskipti af þessu máli. Ég þiðst ekki undan þeirri ræðu og mun óhræddur svara öllum skeytum, sem að mér verður stefnt í þeim efnum.

Ég hef þegar skýrt þingheimi frá því, að ég var samþykkur þessari sölu, þegar hún átti sér stað. Ég var samþykkur henni vegna þess, að ég, gagnstætt við skoðun hv. þm. Barð., hef talið og tel enn þá, að fjarri sé því, að hér sé um slíkt hneyksli að ræða sem hann vill vera láta. Það má vel vera, að á sitt hvað megi benda í þessu sambandi, sem hefði átt að vera á einhvern annan veg, þannig er um öll mannanna verk, og þannig er það líka t. d. um þá ágætu nýsköpunartogara, ef farið væri að ræða smíði þeirra í einstökum atriðum, í sama anda og hann ræðir hér um þessar gerningar, þá mætti finna sitt hvað að, gera úr því stórhneykslí og snúa á verri veg. Ég vil ekki vefengja það, að það megi með rökum eitthvað út á þessa ráðstöfun setja, en ég var henni samþykkur vegna þess, að ég eftir minni litlu þekkingu taldi, að hún væri lögleg. Ég taldi, að því færi fjarri, að hv. 1. þm. Árn. væri neitt ívilnað í þeim mæli, sem hér hefur verið talað um, enda er sannast bezt að segja, að ýmsir þeir, sem gagnrýnt hafa söluna, viðurkenna, að þeir fremur undrist, að hann hafi viljað taka við jörðinni með þeim kvöðum, sem á henni liggja, en þeim gæti dottið í hug, að honum væri gefin milljónagjöf með þessari ráðstöfun. Öll mannanna verk eru ekki hafin yfir gagnrýni raunar. En það hefði verið heppilegra, að menn hefðu haldið sér við veruleikann, en ekki skrökvað upp um þessa milljón, er gefin á að hafa verið, en hefur eigi við nein sannindi að styðjast.

Hv. þm. Barð. sagði, að það væri níðzt á drykkjumönnum og hinum voluðu mönnum með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið um Kaldaðarnes, og margt hefur verið talað um hælisreksturinn, sem verið hafi með ágætum, þar til skemmdarstarfsemi var hafin. Ég átti nú mikinn þátt í því, að lögin um drykkjumannahæli voru sett, og Reykjavíkurbær styrkti á þeim árum stofnunina í Kumbaravogi — meðan ég var borgarstjóri. Ég vil og taka það fram, þótt okkur hv. 6. þm. Reykv. komi eigi ævinlega vel saman, að þá játa ég, að hann sýndi frábæran áhuga og mikla óeigingirni í þessu starfi. En rekstur hælisins var þó fjarri því að vera með þeim ágætum, sem hv. 6. þm. Reykv. lét liggja að. Jafnvel þótt við, er kunnugir vorum þessu máli, legðum á okkur mikið starf og menn ynnu ötullega að þessu þrátt fyrir ýmsa örðugleika, þá misheppnaðist fyrirtækið þó að langmestu leyti. Ég veit t. d., að menn munu minnast þess, er einstætt má telja, þegar vistmenn hælisins gerðu verkfall. Sannleikurinn er nefnilega sá, að starfsrekstrinn var með þeim örðugleikum, að eigi þótti fært að reka hælið áfram eins og gert hafði verið. Sá maður hérlendur, sem mest vit hefur í þessu efni, dr. Helgi Tómasson, taldi tilgangslaust að halda áfram rekstrinum í Kaldaðarnesi, og það er sannleikurinn í málinu. Helgi ber þó enga ábyrgð á rekstri Kaldaðarness eftir það. Hefði e. t. v. verið hægt að ráðstafa því á annan veg. En hitt er sú staðreyndin í málinu, sem liggur fyrir, að Helgi taldi hælisreksturinn eigi ná tilgangi sínum og fá þyrfti mönnum annan samastað. Og á hinn bóginn þurfti að ráðstafa Kaldaðarnesi. En hvort sem ráðstöfunin á Kaldaðarnesi er skynsamleg eða ekki að því leyti, hvort fé hafi verið kastað á glæ, þá er hitt rétt, að kostnaðurinn nýttist eigi. Ég játa, að einhver önnur opinber stofnun hefði ef til vill getað komizt á í Kaldaðarnesi. Þetta er hugsanlegt, og má vera, að stj. hefði átt að athuga það betur. En hitt er ekki hægt að ávíta stj. fyrir, að rekstri drykkjumannahælis í Kaldaðarnesi var hætt og jörðinni ráðstafað til búskapar. Um þá ráðstöfun hefur eigi verið deilt, enda er hún ekki óeðlileg, byggð á mati hinna færustu manna og verður því eigi hnekkt með rökum. Hitt má telja athugandi, hvort hægt hefði verið að ráðstafa húsunum til annarra nota. En bjarga varð við því ástandi, er skapaðist, þegar bændaskóla Suðurlands var ákvarðaður staður í Skálholti og hv. 1. þm. Árn. varð að flytja þaðan. Átti hann þá kröfu á bújörð í staðinn, og á hitt er og að líta, að bæði nágrannar og búendur lögðu áherzlu á, að Kaldaðarnes yrði bújörð, en þær tilraunir, sem gerðar hefðu verið í gagnstæða átt, féllu niður. En þrátt fyrir þá óánægju, sem gætt hefur út um land vegna Kaldaðarness, þá hefur mér verið sagt, að bæði nágrannar þar austur frá og almenningsálitið, það er mest er mark á takandi, séu andstæð hinum harða áróðri, er farið hefur fram hér á Alþ.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 25. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Forseti (JPálm): Umr. um þetta mál hafa nú lengzt úr hófi fram, og vil ég þess vegna leyfa mér að ákveða, að hér eftir eigi sér ekki stað um málið við þessa umr. lengri en 10 mínútna ræður.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu leyti. En ég hafði hugsað mér að bera hér fram tvær fyrirspurnir til hæstv. atvmrh. til þess að spara mér það að fara með þær í fyrirspurnatíma, ef hæstv. ráðh. vildi vera svo góður að svara þeim nú. Það er nú eiginlega heilbrmrh., sem þessar fyrirspurnir ættu að beinast til. En kannske hæstv. atvmrh. geti svarað þessu. En ef ég fæ þessum fyrirspurnum ekki svarað nú, mundi ég bera þær fram formlega í fyrirspurnatíma. Fyrri fyrirspurnin er á þessa leið: Hefur niðurlagning vistmannahælisins í Kaldaðarnesi verið borin upp við alla ríkisstj., og ef svo er, hver var afstaða ráðherranna til málsins? Það væri kannske eðlilegt að bera þessa fyrirspurn fram við hæstv. heilbrmrh. En verið getur, að hæstv. atvmrh. geti svarað henni. — Svo er hin fyrirspurnin: Hefur sala Kaldaðarness verið borin upp við alla ríkisstj., og ef svo er, hver var afstaða ráðherranna til málsins? — Ég vildi vita, hvort þessi mál hafa verið borin upp á fundi í ríkisstj. eða hvort þeim hefur verið ráðið til lykta af einstökum ráðherra án þess.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal svara þessum fyrirspurnum hv. þm., sem *ég hélt þó, að hefði komið nokkuð ljóst fram* í umr., að þessar ákvarðanir, sem gerðar voru í sambandi við Kaldaðarnes- og Skálholtsmálið, voru ræddar milli mín og hæstv. dómsmrh., svo og hæstv. menntmrh., en allir komu þessir ráðh. að meira eða minna leyti við þetta mál og voru við það riðnir að leysa vandamál Skálholtsskólans. En það var ekki borið upp á ríkisstjórnarfundi, ég skal viðurkenna það, og það af þeim einföldu ástæðum, að ég og við, sem um þetta fjölluðum, töldum, að hér væri um að ræða framkvæmdaratriði ráðherranna, sem væri á borð við önnur þau vandamál, sem ráðuneytin verða að ráða fram úr hvert á sínu sviði, án þess að það sé borið undir alla ríkisstjórnina.

Að öðru leyti vil ég svara nokkru því, sem hv. þm. Barð. sagði á síðasta fundi, og skal ég fara fljótt yfir sögu, enda er ræðutími minn takmarkaður eins og annarra. Skal ég minnast á fátt eitt. M. a. *hélt hv. þm. því fram einu sinni enn,* að samkv. l. um sölu þjóð- og kirkjujarða hefði ekki verið heimilt að selja þessa jörð, og má hann líta á það hvernig sem vera skal. En eins og áður hefur verið tekið fram, er til heimild í lögum um sölu á jarðeignum einstakra opinberra sjóða og þar með ríkissjóðs. Hún er í lögum, sem til eru um ættaróðul og erfðaábúð. Og samkv. þeim l. hafa margar jarðir verið seldar, sem eru ekki þjóð- og kirkjujarðir, og því er ekki ákveðið með l., að verð þeirra skuli renna í ræktunarsjóð.

Þá var það annað atriðið efnislega í þessu máli, sem hv. þm. Barð. var hér með og flutti fram, að mér hefði borið að bera þessa ráðstöfun undir Alþ., áður en hún hefði verið framkvæmd. Ég hef áður lýst skoðun minni á því, að ég hef álitið þetta stjórnarframkvæmd, sem lægi undir mitt ráðuneyti og ég hefði fulla heimild til. En þrátt fyrir það skal ég geta þess, að ég tel, að mér hafi borizt úr óvæntri átt viðurkenning frá Alþ. í þessu verki. Menn vita það allir, að þegar frsm. fjvn. flytur mál fram á þinginu *fyrir hönd þeirrar n.* í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, þá er það, sem hann segir þar, talið svo þýðingarmikið og mikilsvert, að ef því er ekki mótmælt, annaðhvort af meðnm. hans eða *þinginu, þá er það, sem hann lýsir yfir fyrir* hönd n., talið hafa sama gildi og lög. Og sama gildir, þegar eitthvað er óljóst í fjárl. og vitnað er í, hvað frsm. fjvn. hafi sagt um eitt og annað. Þegar rædd voru fjárl. fyrir 1948, þá hélt hv. frsm. fjvn. þar langa ræðu um ýmis fjárhagsmál þjóðarinnar, þegar hann hélt sína fjárlagaræðu. Og í sambandi við Kaldaðarnes sagði hann þá þessi orð: „Í sambandi við 12. gr. má benda á, að fyrirhugað er að leggja niður heilsuhælið í Kaldaðarnesi og að jörðin verði seld. Ætlað er, að fé það, sem fyrir jörðina fæst, sé látið ganga til stofnunar nýs hælis fyrir ofdrykkjumenn.“ — Ég vil nú segja það, að meðan Alþ. var svo hamingjusamt að hafa mann fyrir frsm. og form. fjvn., sem naut þeirrar virðingar sjálfur, sem það mikilsverða starf á skilið, þá hefðu svona ummæli af hans munni, þegar hann talaði fyrir hönd fjvn., verið talin sem samþ. Alþ. á þessum gerningi, þegar þeim var ekki mótmælt, hvorki af einstökum hv. þm. né samnm. hans, þannig að ég taldi þetta viðurkenningu fyrir þessum gerningi. *Svo ári síðar rís þessi sami hv. þm. upp og tel*ur, að hér hafi gerzt svo mikið hneyksli, að menn þurfi að sitja á Alþ. dögum saman til þess að koma í veg fyrir það. Þetta bendir m. a. til þess, að þessum hv. þm. sé ekki með öllu sjálfrátt.

Þá sagði þessi hv. þm., að ég hefði lagt mig í framkróka undanfarna daga til þess að leita að ýmsum ágöllum á hans starfi, sem ég gæti borið hér fram í þinginu. Ég skal segja þessum hv. þm. það, að þetta er fjarri öllum sanni. Ég skal hvorki telja mér það til lofs né lasts, en ég er ekki þannig skapi farinn, að ég vilji eyða tíma mínum í að leita að syndum annarra og koma þeim í dagsljósið. Það getur verið, að það sé einhver vöntun í mig, að ég vil nota þann tíma, sem ég hef afgangs nauðsynlegum störfum, til annarra hluta. Og ég hef alls ekki leitað að neinum slíkum höggstað á þessum hv. þm. sem *hann vildi vera láta. Og ég skal segja honum* það, að þó að hann haldi, að hann sé lýtalaus og hvítur í öllum sínum aðgerðum, þá hef ég heyrt svo mikilli gagnrýni haldið fram á hann í sambandi við hans ágæta starf í sambandi við togarakaupin, sem hann hafði á hendi fyrir okkar hönd, Íslendinga, að ef ég hefði haldið því til haga og lagt utan á það þær voðir, sem hann hefur lagt utan um það mál, sem hann hefur gert hér að deiluatriði, þá hefði ég getað flutt ekki skemmri gagnrýnisfyrirlestur yfir honum en hann hefur flutt yfir mér. En að ég dró fram hans óheyrilega háu reikninga fyrir starf hans fyrir ríkisstj., var eingöngu af því, að hann særði þetta fram með þeim ásökunum, sem hann hefur borið á mig og mína flokksmenn í sambandi við óráðvandlega meðferð ríkisfjár, — um leið og hann færði sjálfan sig í þennan engilhreina helgiskrúða heiðarleika og grandvarleika í meðferð á opinberu fé, þannig að mér fannst sjálfsagt að draga fram þessa vitneskju, sem ég hafði í höndum og þurfti ekkert að leita að, því að ég tel, að þessi greiðsla, sem hv. þm. Barð. hefur fengið hér í sambandi við þessi störf, sé svo há, að það séu einsdæmi í þingsögunni, þó að íslenzka ríkið hafi oft verið greiðasamt við þá menn, sem fyrir það hafa starfað. Ég tel, að samt hafi þessi greiðsla til *eins manns* — þó að oft hafi hátt verið greitt fyrir störf fyrir ríkið — verið svo há, að hún mun lengi standa sem gnæfandi tindur upp úr þeim fjallgarði. — Máli mínu er lokið nú, *en ég þarf að segja tvö eða þrjú orð síðar.*

Jónas Jónsson: Herra forseti. Þetta mál hefur verið nokkuð lengi á leiðinni hér í þinginu, og má kalla það nokkuð eðlilegt, að það séu um það nokkrar umr., enda má vænta þess, að það verði síðar til umr. einnig, þegar það hefur verið athugað í n.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. ráðh. nú, sem er alveg rétt sjálfslýsing hjá honum, að hann er óáreitinn við menn og leitar ekki uppi að fyrra bragði syndir annarra manna. Aftur á móti má kannske segja, að verkaskipting eigi sér stað í þessum efnum, þannig að sumir leiti uppi syndirnar, en aðrir geri þær. Þessi hæstv. ráðh.

hefur búið til nokkuð af syndum og neytt aðra til þess að leita að þeim.

Ég minntist á það, þegar mál þetta kom til umr., að þetta mál, Kaldaðarnesmálið, og annað mál, sem nefnt hefur verið Silfurtún, væru tvíburar, sem ævinlega ættu að vera saman. Ég óska atvmrh. — eins og hann vill láta kalla sig — til hamingju með það, hvað hann sýndi mikla stjórnkænsku með því að losna við part af umr. um þetta mál, því að hann mun hafa séð til þess, að Silfurtúnsmálið var til umr. kringum kl. 12 að nóttu til. Og þá sagði ég um það fáein orð og kvaðst mundu athuga það meira, þegar hann, hæstv. ráðh., hefði gefið skýringu á málinu. Þá gengur hæstv. ráðh. til forseta og mælir eitthvað í hljóði við hann. Og það kom fram, að hann, hæstv. ráðh., ætlaði ekki að tala meira við þá umr., til þess að umr. yrði slitið þá. Þetta sýnir, að hann óskaði ekki eftir að gefa skýringar í Silfurtúnsmálinu. Og þegar málið kemur svo í nefnd, kemur nokkuð skrýtið fram, sem sé það, að það hefur verið kastað burt einni millj. kr. til verra en einskis fyrir landsins hönd. Þessi eign getur aldrei orðið til hagsældar fyrir landið, heldur aðeins til byrði. En það er búið að setja millj. kr. í þetta, sem fór til eins af helztu mönnum eins stuðningsfl. ríkisstj., Sjálfstfl. Þetta gerist um sama leyti og verzlunin með Skálholt og Kaldaðarnes. Það dettur engum manni í hug annað en að hér sé um að ræða tvo mjög duglega menn úr stjórnarflokkunum, annan úr Framsfl. og hinn úr Sjálfstfl., og báðir hafa sótt á með að koma þessum kaupum á. Og það var sótt svo fast á um verzlunina með Kaldaðarnes, að hæstv. atvmrh. varð að gera þetta sjálfur, en enginn af hans hjálparmönnum vildi hjálpa honum þarna til. Og engum, sem athugar Silfurtúnsmálið, dettur í hug, að þetta hafi verið gert nema með vinmælum. Og það, sem gerzt hefur í sambandi við Silfurtún, er, að ráðh. kaupir verkstæði þarna á ómögulegum stað, þannig að verkamönnum er borgað kaup fyrir að fara þangað í bílum og í bílum þaðan aftur. Svo er tapið tugþúsundir á rekstrinum. (*Forseti:* Þetta Silfurtúnsmál er ekki hér til umr.) Nei, en það er ekki hægt að skýra hitt málið, nema þetta komi líka til umr. nokkuð. Og eins og kastað var burt einni millj. kr. í Silfurtúnsmálinu, eins er það með þetta mál, sem hér liggur fyrir, að það er ómögulegt að komast fram hjá því, að það er eins og það hafi verið bandvitlausir menn allir þeir menn, sem yfirleitt komu nærri því máli, því að eftir að búið er að ákveða að hafa hælið þarna, rekur ríkisstj. góðtemplara frá hælinu, því næst spítalastjórnina, þar næst landlækni, og næst er Alfreð Gíslason spilaður frá því. Síðan er Helgi Tómasson skipaður yfir þetta, og hann skipar svo fyrir, að það eigi að leggja þetta hæli niður. Hann leggur raunverulega hér fyrir ríkisstj., hvað eigi að gera. Hæstv. ráðh. hlýtur að sjá, að þegar Finnur Jónsson og Pétur Magnússon eru búnir að stofna þetta hæli með fullri heimild Alþ. og leggja þá peninga í þetta, sem til þurfti, þá er það fjarri því, sem hefði átt að vera, að ríkisstj. leyfi sér að kasta þessu frá sér fyrir það, að óviðkomandi læknir vill hafa þetta öðruvísi. Og það er ekkert smátt, sem hann vill, þessi læknir, líklega 10 hæli hér í grennd við Reykjavík með líklega átta drykkjusjúkum mönnum á hverju þeirra. Og ríkisstj. leggur í þetta 9 millj. kr. — Ég vil ekki gera ráð fyrir, að læknirinn á Kleppi — af því að hann er yfirmaður þar — sé svona illa að sér, heldur er langlíkast því, að það hafi verið leitað ráða til vitleysingjanna á Kleppi og ríkisstj. hafi fylgt ráðum þeirra. Sökin er fyrst og fremst sú, hér í þessu máli, að hafa lagt niður þetta hæli, sem var í Kaldaðarnesi. Hér eru líklega um hundrað manns, sem liggja undir bátum og skúrum á nóttunni, og það er höfuðskömm fyrir alla, bæjarstjórn og ríkisstjórn, að láta þetta fólk vera svona, sérstaklega þegar samhliða þessu er af valdhöfunum kastað milljónum króna í mjög hæpnar framkvæmdir og í raun og veru gjafir til vina sinna í sambandi við þetta Kaldaðarnesmál og Silfurtúnsmál. Kaldaðarnes var upplagður staður til þess að geyma þessa vesalinga, og það, að ríkisstj. gerði þetta, að leggja niður hælið, — hvort sem það nú voru vitleysingarnir á Kleppi eða læknar, sem voru þar hafðir til ráðuneytis, — hefur skapað þó ófremdarástand, sem er áfellisdómur fyrir hæstv. ráðh. og aðra, sem að þessu hafa staðið. Hver vesalingur, sem liggur á götunum hér fyrir hunda og manna fótum, er þar á ábyrgð þeirra manna og þess ráðh., sem ekki tóku rétt á þessu máli. Eins og Finnur Jónsson og Pétur Magnússon skildu við það, var það einfaldast að setja góðan og duglegan mann yfir þetta með fullt vald, svo að hann hefði ekki síður en fangavörður vald yfir þessum mönnum. En hafi það ekki átt að vera svo, þá var hægt að hafa þar lækni. Það voru líkur til þess, að Alfreð Gíslason hefði fengizt til að annast þetta. En gæfa hæstv. ráðh. var minni en það í málinu, að svo yrði þetta haft.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ryskingar hafa verið harðar um þetta mál nú í fimm daga, og hefur leikurinn borizt út um víðan völl. M. a. hefur komið fram, að hv. flm. þessa máls hafi haft viðskipti við ríkissjóð, þar sem ekki hefur kennt lítillar rausnar í peningagreiðslum til hans. Og það var hæstv. atvmrh., sem upplýsti það í sambandi við umr., að þessum hv. þm. hefðu verið greiddar 300 þús. kr. fyrir að hafa eftirlit með smíði hinna nýju íslenzku togara. Nú hefur að vísu það komið fram frá hæstv. dómsmrh., að þessi greiðsla sé mjög hófleg. Sýnir þetta það eitt, að það mega velta á tugum og hundruðum þús. kr. greiðslurnar í viðskiptum annarra hv. þm. við ríkið, án þess það þyki óhæfilega háar tölur. Ég vil þó minna á, að þessar 300 þús. kr. eru samsvarandi 10 ára launum. Og það er nokkuð nærri því, að þetta verði tuttugfalt þingmannskaup þessa hv. þm. En úr því að það liggja fyrir ummæli eins hæstv. ráðh. um það, að þetta sé ekki neitt óhæfileg greiðsla til eins hv. þm., þá held ég, að það verði erfiðara fyrir þennan sama hv. þm. að gera það að stórkostlegu fjármálahneykslismáli, sem hér er um að ræða í sambandi við sölu Kaldaðarness. — Þegar ég tók til máls hér um daginn í þessu máli út af sölu Kaldaðarness, þá höfðu umr. farið fram dag eftir dag, og hv. frsm. málsins, hv. þm. Barð., hafði flutt mál sitt þann-

ig, að ég, sem í raun og veru hafði haldið, að hér væri um fjármálahneykslismál að ræða, sem hv 1. þm. Árn. væri við riðinn, ég sannfærðist um það, vegna fyrirlesturs hv. þm. Barð., að hér væri ekki um fjármálahneykslismál að ræða, heldur miklu fremur rógsmál á hendur tveimur hv. alþm. okkar. Og þá þóttist ég ekki geta setið hjá og þagað og því síður tekið undir þann són, sem hér var um málið sunginn dag eftir dag á þann veg, að hér væri um mál að ræða, sem bæri vott um fjármálaspillingu. Þess vegna talaði ég og lét í ljós, að ég teldi hér ekki um annað en pólitískt árásarmál að ræða af hendi hv. flm. Ég hef enn betur sannfærzt um, að málið er þessa eðlis, við umr. áðan. Ég er sannfærður um, að málið ber því að metast á þennan mælikvarða. Mér skilst, að það hafi ekki verið dregið í efa, að hæstv. ráðh. hafi gert það eitt, sem honum bar sem ráðh. og embættismanni að gera, þegar þessi eignaskipti áttu að fara fram, að snúa sér *til yfirvaldsins í Árnessýslu og biðja hann að* dómkveðja menn til þess að framkvæma matið. Yfirvaldið dómkvaddi síðan mennina, sem svo framkvæmdu matið á eignunum í Skálholti og í Kaldaðarnesi. Og sá, sem átti að búa við matið, hv. 1. þm. Árn., *undi við matið á eignum sínum* í Skálholti og gerði heldur ekki athugasemdir við matið á eignunum í Kaldaðarnesi. Þegar svona er komið, er ekki hægt að halda fram þessu máli sem hneykslismáli eða áróðursmáli nema með því að ráðast á sýslumann Árnessýslu eða hina eiðsvörnu matsmenn. Ég hygg, að ef hv. þm. Barð. hefði staðið í sporum hv. 1. þm. Árn., þá hefði hann ekki gert annað í málinu en annaðhvort að gera athugasemdir gagnvart matinu sem óhagkvæmu eða una því eins og hv. 1. þm. Árn. gerði. — Mér finnst því, þar sem matinu hefur ekki verið hnekkt og ekki hafa verið færðar sakir á hendur þeim matsmönnum, sem hér koma við, að hér liggi ekki annað fyrir en að þingið telji þetta mál sér óviðkomandi, þar sem það sé ekki fjármálalegt hneykslismál, og þingið vísi því þess vegna bókstaflega frá sem tilefnislausu, eða að öðrum kosti vísi því til ríkisstj., og ég tel það síðar talda í raun og veru réttast.

Að einu atriði, sem hv. þm. Barð. vék að, vildi ég koma, því, er hann sagðist ekki skilja, hvernig ég hefði talað eins og ég gerði í garð þeirra vesalinga, sem dæmdir höfðu verið til hrakhólanna, er hælið var lagt niður í Kaldaðarnesi. Það er ósatt mál, að ég hafi talað nokkur ósæmileg orð um þá menn, sem falla fyrir áfengisnautninni; ég tók það einmitt fram, að ég vildi ekki blanda heilsuhælismálunum inn í þessar umræður, enda mun ég væntanlega síðar í sambandi við slíkt frv. hér á Alþ. fá tækifæri til að sýna hug minn til þeirra mála. Ég vil taka þetta fram til að sýna, að það er gersamlega úr lausu lofti gripið, er hv. þm. telur, að ég hafi viðhaft óviðurkvæmileg ummæli um þessa menn, og ég get bætt því við, að eini vesalingurinn, sem hér á í rauninni hlut að máli, er hv. þm. Barð. sjálfur, sem með tilræði sínu við einstaka menn í þessu máli hefur stofnað eigin æru mjög í hættu, svo að hann er orðinn aumkunarverðari en nokkur sá vesalingur, sem gistir hér nótt og nótt í kjallaranum.

Að síðustu vil ég segja, að ég tel það stjórnarinnar mál að gera það upp, sem er kjarni þessa máls, hvort rétt hafi verið að selja umrædda jörð eða ekki, og beri því að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj. Ég vil því hér með leggja fram till. um það efni. Þegar hafa verið teknir 6 dagar af tíma Alþ. til umræðu um þetta mál, og mætti þeim gjarna vera lokið.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umræðum, en mér var sagt, að hæstv. atvmrh. hefði dregið mig hér inn í umr. í sambandi við þóknun til hv. þm. Barð. vegna umsjónar með smíði nýsköpunartogaranna.

Ég tel rétt að upplýsa það, að við í fyrrv. ríkisstj. samþ. með öllum atkvæðum og að öllum viðstöddum á ráðherrafundi að ráða hv. þm. Barð. til þessa starfs, og var þóknun til hans einnig ákveðin. Og þar komu meira að segja *fram raddir um, að sú þóknun væri ótrúlega lág.* Það kemur því úr hörðustu átt, ef þessi hæstv. ráðh. ætlar að telja, að þetta sé mér að kenna. Það gæti verið, ef í það færi, að ég gæti rakið ýmislegt, sem ekki gætu talizt hyggilegar ráðstafanir *á opinberu fé hjá honum.* Vitaskuld var þetta gert á mína ábyrgð, en líka allra ráðherranna í ríkisstj., og ég er reiðubúinn til að verja það, að hér var mjög hóflega farið í fjárgreiðslur fyrir kostnaðarsamt og vandasamt starf. — Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja mál mitt, þótt mörg orð hafi fallið hér við umr., sem skemmtilegt væri að gera athugasemdir við; og mun ég ekki blanda mér inn í þessar umræður, nema frekara tilefni gefist.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst nota tíma minn til að leiðrétta leiðinlegan misskilning, sem reis hér í umr. á Alþ. í fyrradag um þá kröfu, sem ríkið átti til endurgreiðslu á fé vegna togarakaupanna á hendur verksölum. Ég vil taka það fram, að það var síður en svo, að ummæli mín um þetta bæri að skilja svo, að hæstv. ráðh. hefði latt mig til þess verks, að freista að innheimta þetta fé. Og ég vil leiðrétta það, ef það hefur virzt af ummælum mínum, að svo hafi verið. Bréf um þetta mál, sem ég hef með höndum, vottar hið gagnstæða, enda hef ég ekki með orðum mínum á neinn hátt viljað draga úr lögspeki ráðherranna eða væna þá um, að þeir hafi ekki haft fullan vilja á að sækja þetta mál á hendur umræddra aðila. Ummæli um þetta mál í blöðum eru því algerlega röng.

Þá vil ég aðeins minnast nokkrum orðum á það mál, sem hér er til umræðu. Kjarni þess er sá, að sala Kaldaðarness er lögbrot — og meira en það: Hún er einnig stjórnarskrárbrot. Hæstv. atvmrh. vildi sanna heimild til sölunnar með því, að ég sem form. fjvn. hefði við fjárlagaumræður upplýst, að það stæði til að selja Kaldaðarnes og flytja hælið þaðan. Þetta er nú ekki skammt seilzt til rakanna! Hef ég nokkurn tíma upplýst, að það stæði til að selja Kaldaðarnes án heimildar til þess frá Alþingi? Ekki vissi ég þá, að hæstv. ráðh. væri þá búinn að undirbúa málið á þann hátt, sem nú er komið í ljós. Fyrir þann þátt, sem hæstv. dómsmrh. á í þessu máli, hef

ég ekki ásakað hann, enda er það hans eina yfirsjón að halda, að hann ætti þarna við heiðvirða menn að skipta.

Það hefur verið talað um það, hve laun mín fyrir þetta starf hafi verið há. Þeir góðu menn gleyma því, að langsamlega mestur hluti þeirra gekk til annarra manna en mín, og sú upphæð, sem þeir nefna, er því í raun og veru alls ekki laun, sem ég hef fengið, heldur fé, sem ég hef ráðstafað í sambandi við kaupin á hinum nýju skipum.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Hv. þm. G-K. vil ég aðeins segja það, að ég neita að hafa á hann ráðizt í þessum umræðum. Ég sagði aðeins frá staðreyndum að gefnu tilefni, og það getur ekki kallazt árás á hv. þm.

Hv. þm. S-Þ. ræddi hér mál, sem alls ekki liggur fyrir. Mér þótti engin ástæða til að svara honum um kvöldið. En ég get tekið það fram nú, að kaupin á Silfurtúni voru gerð að samráði allrar ríkisstj. Hún taldi heppilegt að eignast verkstæði til þess að láta smíða þar ýmsa hluti til opinberra bygginga, svo sem skólahúsa, embættismannabústaða o. s. frv. — hluti eins og t. d. glugga, hurðir, fimleikaáhöld og þess háttar, sem ríkið hefur orðið að verja milljónum króna fyrir. Það hafði verið svo undanfarið, að það þurfti að leita eftir að fá þetta gert í ýmsum áttum, og oft varð óhæfilegur dráttur á, að hlutirnir fengjust, en það olli aftur miklum aukakostnaði. Það stóðu því og standa vonir til, að fyrirtæki þetta verði hið arðsamlegasta. Það mun því í þessu efni hafa vakað svipað fyrir ríkisstj. og hv. þm. S-Þ., er hann barðist fyrir því, að Landssmiðjan kæmist á fót.

Mér var núið hér um nasir kaupunum á Norðtunguskógi. Það er rétt, að ég heimilaði skógræktarstjóra að kaupa þennan skóg, sem er einn hinn fegursti, og hann fékk í því skyni lán til nokkurra ára úr landgræðslusjóði. Og það er þá flest, sem orðið er sakarefni á hendur mér, ef hv. þm. Barð. telur þetta reginsök.

Þá sagði hv. þm., að hann skyldi þora að bera ferðareikninga sína saman við ferðareikninga sonar míns. Það var sem sagt auðheyrt, að rógkvörnin mundi vera gangandi og ég hefði átt að kasta þúsundum í son minn fyrir för, sem hann fór á vegum ríkisstj. Ég skal nú af þessu tilefni geta þess, að ég hef fengið hann — en hann er vélaverkfræðingur að menntun — til þess að starfa að undirbúningi sements- og áburðarverksmiðju, og hann ferðaðist til Ameríku og Evrópu til þess að bera fram skýringar okkar og óskir í þessu efni og ná sambandi við þá aðila í Marshalllöndunum, sem færir eru um að gera tilboð í svona verk, svo sem vélar og þess háttar. Ég þekki þennan mann og treysti honum og hef ekki orðið fyrir vonbrigðum í sambandi við störf hans, né heldur aðrir, sem lesið hafa skýrslu hans. Ferðareikningar hans sýna, að hann fékk fargjöldin greidd og 150 kr. í dagpeninga til uppihalds sér, og laun hans voru þau sömu og hann hafði hér heima fyrir þau störf, sem hann varð að greiða öðrum fyrir að vinna, á meðan á ferðum hans stóð. Hann ferðaðist til Ameríku og þaðan til Svíþjóðar, Frakklands, Ítalíu, Sviss, Vestur-Þýzkalands og Englands og talaði við alla aðila á þessum stöðum og leitaði tilboða, og kostnaðurinn af þessari för var 16900,00 kr. En mér hefur nú verið talið, að sögurnar segðu, að hann hefði verið 180 þús. kr. — og má nú segja, að tífalt sé logið eða vel það. En hér liggja reikningarnir svo til sýnis og taka af tvímæli um þetta.

Jónas Jónsson: Hæstv. landbrh. hefur ekki, sem von var, gefið skýringuna á aðalatriðinu í þessu máli. Þeir menn, sem hv. varaþm. N-Ísf. kallar aumingja og sviptir voru því hæli, sem þeir áttu í Kaldaðarnesi, eru á ábyrgð þessara manna og alveg sérstaklega þessa hræsnara frá Ísafirði. Er hann að þakka fyrir atkvæðin frá framsóknarmönnum um árið með þessum málflutningi sínum nú?

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það kom hljóð úr horni hv. þm. S-Þ. Og það fór vel á því, að þetta mál, sem byrjaði sem hvísl fyrir ári síðan, endaði í horninu, þar sem það hófst. Hv. þm. kallaði mig aðstoðarþm. N-Ísf. Ég held nú, að hann ætti að líta sér dálítið nær. Og öllu skuldugri mun þessi hv. afsláttarþm. íhaldsins í landinu vera því fyrir þingsetu sína en ég er Framsfl.

Ólafur Thors: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. atvmrh. þess efnis, að hann hefði ekki veitzt að mér, vil ég spyrja, hvort hann hafi þá ekki deilt á hv. þm. Barð. fyrir óhóflegar greiðslur, sem hann hefði þegið, og hvort það hafi þá ekki fyrst og fremst verið ádeila á mig fyrir óhæfilega meðferð á ríkisfé, ef ég hef veitt hv. þm. Barð. aðstöðu til þess að féfletta ríkissjóð. Ég vænti hann skilji, að ég er ekki flekklaus af því, ef um það hefur verið að ræða að borga um of af fé ríkisins, þó að mér væri í sjálfsvald sett að borga af eigin fé eins mikið og mér sýnist. Ég þóttist nú annars vera því nokkuð kunnugur, hvað venja væri að greiða fyrir svona verk. Og ég segi það alveg satt, að ég varð hissa, er ég heyrði, að hv. þm. Barð. bauðst til að taka að sér alla umsjón með smíði þessara skipa fyrir þessa greiðslu, og það voru fleiri en ég, sem undruðust það. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að hann varð að greiða öðrum þetta fé að miklu leyti og hann hafði afar mikla fyrirhöfn og kostnað við þetta. Ég veit, að andstæðingar hans deila á hann fyrir margt, en jafnvel af þeim er þó viðurkennt, að það er langtum meira gott um hann að segja og hann er t. d. einn hinn mesti afkasta- og dugnaðarmaður. En fyrir ekkert af því marga, sem hann hefur unnið til þjóðnytja, mun framtíðin hæla honum eins og fyrir þann þátt, sem hann átti í togarakaupunum, því að honum er það manna mest að þakka, að Íslendingar eiga nú bezta togaraflota í heimi. Ég tel því illa til fallið, ef það á að fara að álasa honum fyrir að hafa tekið við ósanngjarnri borgun fyrir þetta mikla þjóðnytjastarf. Og fyrir mig persónulega hefði það verið skömm, ef ég hefði viljað lána mig til verks sem þess að ívilna mínum flokksbróður. Það hef ég heldur ekki gert. Mér er kunnugt um, hvaða fyrirhöfn hv. þm. Barð. hefur tekið á sig í þessu efni. Og allir þekkja dugnað hans. Hann er e. t. v. stundum óbilgjarn

í árásum sínum, en hvað sem því líður, þá munu þeir ekki vera margir, sem geta mælt sig við hann, þegar um dugnað er að ræða. Seinasta afrek hans er kunnugt, er hann með frjálsu samkomulagi fékk þá, sem byggðu hin nýju skip, til þess að ganga inn á þann afslátt, sem við töldum okkur eiga kröfu á. Það var auðvitað aldrei meiningin að slá af þessari kröfu lagalega. En það gefur auga leið, að betra var að sækja þennan rétt með góðu heldur en illu.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vildi mega benda hv. þm. S-Þ. á það, að þeir, sem orðið hafa ofdrykkjufýsninni að bráð, sváfu líka undir bátum hér, á meðan hælið var rekið í Kaldaðarnesi. Annars er tilgangslaust að deila við hann um þetta. — Ég vil aðeins taka það fram viðvíkjandi ummælum hv. þm. G-K., að ég skýrði aðeins frá staðreyndum, vegna þess að hv. þm. Barð. hafði ráðizt hatramlega á mig. Ég hef hins vegar aldrei borið brigður á, að hann hafi gert gagn varðandi smíði nýju togaranna, en greiðsluna til hans get ég ekki annað en talið mjög háa, og held ég, að hún hljóti alltaf að verða talin það, enda þótt íslenzka ríkið af fátækt sinni sé oft rausnarlegt í greiðslum til einstakra manna. Það fær enginn mig til að sannfærast um það, að þetta verk hafi ekki verið betur borgað en flest eða öll önnur verk, sem Alþ. og ríkisstj. sjá um, og að það hafi ekki þess vegna setið illa á hv. þm. Barð. að ráðast á mig og aðra út af smærri hlutum en þessum jafndólgslega og hann gerði, því að þessi hv. þm. fær fyrir þetta 300 þús. kr. og auk þess greiddan allan ferðakostnað og uppihald í Englandi fyrir sig og alla sína aðstoðarmenn, sem að verkinu vinna, og skeytakostnað og önnur útgjöld í sambandi við verkið. Og ég hef ekkert hnýstst í það, hvaða upphæðir eru hér á ferð. En ég er dálítið undrandi yfir, að þær sísannleiksleitandi sálir hér á Alþ. skuli aldrei hafa gert fyrirspurn um þennan kostnað.

Jónas Jónsson: Það fór eins og mig grunaði, að hv. varaþm. N-Ísf. kunni því illa, þegar honum var bent á, að hann er að reyna, að vísu af veikri getu, að afsaka það brot, sem hér hefur gerzt, að það er búið að eyðileggja með ráðstöfunum tveggja ráðh. möguleika, sem væru til þess, að vesalingarnir í þjóðfélaginu gætu reist myndarlegan bæ, og þegar honum var bent á, að hann er að reyna að afsaka þetta til þess að borga fyrir sig, því að það, að hv. 3. landsk. þm. ótilkvaddur gengur hér fram til svara í þinginu í þessu máli, útskýrist þann veg, að hann er að borga skuld. Það eru mjög ólíkar okkar ástæður. Við síðustu kosningar barðist ég við alla þrjá stjórnmálaflokkana, sem um var að ræða í Þingeyjarsýslu, og sigraði á mínum framkvæmdum og minni stefnu. Allir þessir flokkar buðu þar fram, en Framsfl. bauð ekki fram við síðustu kosningar á móti hv. 3. landsk. þm. Þess vegna hef ég ekkert fyrir að þakka á borð við hv 3. landsk. þm. Hins vegar voru það ýmsir sjálfstæðismenn og kratar, sem studdu mig í kosningunum í Þingeyjarsýslu, af því að þeir álitu mig bezta þingmannsefnið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta skal ekki verða rædd af minni hálfu. Það var byrjað á því í þessu máli að hvísla úti í hornum. Og mér finnst fara vel á því, að það endi umr. um það hér á þingi með ræðu úr horni hv. þm. S-Þ. Og eins og ég hef áður sagt, þá á hvíslingameistarinn hér á þingi, hv. afsláttarþingmaður S-Þ., fullan rétt á því, að hann verði seinasti ræðumaðurinn í þessu máli.

Ólafur Thors: Ég vil aðeins segja hæstv. atvmrh. það, að ég tel það ekki til lofs honum, þegar hann deilir á hv. þm. Barð. fyrir óhæfilega þóknun, sem hann hafi þegið, en bætir því við, að hann hafi ekki hnýstst neitt í það, hvað hann hafi greitt öðrum af því. (*Atvmrh.:* Í reikningana.) Hann var ekki skyldur til að leggja fram neina reikninga. Hann hefur þrjá menn í þjónustu sinni í tvö ár og þar af einn verkfræðing í sex ár. Og ef sá starfsmaður hefði haft 50 þús. kr. á ári, þá eru allir peningarnir komnir. Ég hefði gaman af að vita, hvort hæstv. atvmrh. gæti t. d. fengið þennan unga verkfræðing, sem hér hefur verið talað um og sjálfsagt er efnilegur maður og ekki verri aðstoðarmaður hjá ríkinu, þó að hann sé sonur hæstv. atvmrh., hvort hann getur ráðið hann til starfa fyrir minna en 50 þús. kr. á ári. Hæstv. ráðh. segir, að af öllu dýru sé þetta dýrast, sem hv. þm. Barð. hafi unnið fyrir ríkið. En ég geri ráð fyrir, að þeir, sem hafa eftirlit með byggingum ríkisins, hafi miklu meira en þetta. Það væri fróðlegt að athuga það.

ATKVGR.

Till. frá 3. landsk. þm. um að vísa till. til ríkisstj. felld með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BK, EE, EystJ, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, JG, JS, PZ, PÞ.

nei: StSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, BÓ, FJ, GJ, HB, IngJ, JJós, JJ, LJóh, ÓTh, PO, SigfS, SB, SG, SEH, JPálm.

JörB greiddi ekki atkv.

11 þm. (SK, BBen, BrB, EOl, EmJ, GÍG, GTh, HermG, JóhH, KTh, LJós) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Ottesen: Það hefur legið hér fyrir þessu þingi önnur till., sem hefur, svona í daglegu tali, fengið nafnið Silfurtún. Þessari till. hefur verið vísað til n. Nú skilst mér, að það mætti telja þessar till. nokkurs konar systurskip hér á Alþ., og teldi ég því ekki illa til fallið að láta þær í meðferð þingsins stinga stafni við báðar í sömu höfninni hér, hvað lengi sem þær kynnu að dveljast þar og hvar sem þeim svo yrði ráðið til hlunns að lokum. Segi ég á þessu stigi málsins nei við þessari till.

Till. um að vísa till. til fjvn. felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HB, IngJ, PO, SigfS, SG, SEH, StSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, ÁS, GJ, JPálm.

nei: GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, JJós, JG, JJ, LJós, ÓTh, PÞ, SÁÓ, StJSt, StgrSt, BSt, BK, BÓ, EE.

JS, JörB, PZ, SB, SkG, ÁÁ, BG, BÁ, EystJ, FJ greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÍG, GTh, HermG, JóhH, KTh, LJós, SK, BBen, BrB, EOl, EmJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Ég hef áður lagt til, að þessu máli væri vísað til stj., en sú till. er fallin með jöfnum atkv. Ég verð, vegna þess að fyrir liggur till. um að vísa till. til fjvn., þar sem saksóknari málsins er form. n., að telja það óviðeigandi, að málið fái afgreiðslu undir forustu ákærandans í málinu, og segi því nei.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég tel það mjög óviðandi, að sá maður, sem hefur hafið áróður hér á þingi í þessu máli, eigi svo að gerast óbeinlínis dómari um endalok þess í nefnd, og segi því nei.

Björn Ólafsson: Ég er því fylgjandi, að málið fari í nefnd. En þar sem hér er komin önnur till. um nefnd, sem ég sætti mig við, þá segi ég nei við þessari till. um nefnd.

Eiríkur Einarsson: Ég greiddi atkv. með því, að málinu væri vísað til ríkisstj. Nú er atkvgr. um það, hvort málið eigi að fara til fjvn., og ef það yrði fellt, þá skuli málið fara til allshn., skilst mér. En þar sem svo vill til, að formenn á þessum skútum eru forustumenn einnig í sókn og vörn um þetta mál, annar form. allshn. og hinn form. fjvn., þá mun ég við hvorri tveggja till. segja nei.

Gísli Jónsson: Út af grg. frá hv. 3. landsk. þm. og hv. 1. landsk. þm. vil ég mótmæla því, að hv. fjvn. beygi sig svo undir stjórn formannsins, að hann ráði þar einn öllu, gegn átta mönnum. Auk þess á þessi till. eftir eðli sínu að fara til fjvn., af því að hér er um fjárútlát að ræða, og segi ég því já.

Till. vísað til allshn. með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GJ, HB, IngJ, JJ, LJóh, ÓTh, PO, SB, SG, SEH, SÁÓ, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BÓ, JPálm.

nei: GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, JG, JS, PZ, PÞ, SigfS, SkG, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BSt, BK, EE.

JörB, BÁ, EystJ greiddu ekki atkv.

12 þm. (GÍG, GTh, HermG, JóhH, JJós, KTh, LJós, SK, BBen, BrB, EOl, EmJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með því að till. um að senda málið til fjvn. hefur verið felld og með því að ég treysti fullkomlega hv. form. allshn. til þess að fara réttilega með þetta mál og vænti þess, að hann skili málinu eins fljótt frá n. og auðið er, segi ég já.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég tel, að málið verði að fá einhverja þinglega meðferð. Og úr því að það var fellt, að það færi til fjvn., þá segi ég já við því að vísa því til allshn.

Bernharð Stefánsson: Ég greiddi atkv. á móti því, að málinu væri vísað til fjvn., sökum þess, að ákærandi í málinu er form. þeirrar n. Nú stendur svo á, að form. allshn. er einmitt sá maðurinn, sem að nokkru leyti er fyrir sökum hafður, og því segi ég líka nei við þessari till.

Eiríkur Einarsson: Með tilvísun til fyrri grg. minnar segi ég nei.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Sþ., 8. apríl, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þann 25. febr. var vísað til allshn. þáltill. um, að Kaldaðarnesi væri skilað aftur. Nú er liðinn einn og hálfur mánuður, án þess að heyrzt hafi frá n. Í fundargerðabók n. sést, að málið hefur verið tekið fyrir 1. marz, og svo hefur það verið tekið fyrir 24. marz, þar sem ákveðið er að form. n., Jörundur Brynjólfsson, víki úr formannssæti vegna aðildar að málinu, en 1. þm. Skagf. (StgrSt) taki sæti hans. Það er að vísu nokkuð óviðfelldið, að 1. þm. Skagf. skuli taka formannssæti í n., þar sem hann er óbeinlínis aðili að málinu, en ég mun ekki ræða það frekar nú, til þess mun gefast tækifæri síðar. Hins vegar vil ég eindregið óska þess, að n. afgreiði málið fljótlega, en fáist ekki afgreiðsla af hálfu n., þá vil ég vænta þess, að forseti taki málið fyrir án afgreiðslu nefndarinnar.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Þetta mál mun tekið fyrir í n. innan skamms og afgreitt. Ég mun láta frekari umræður bíða þess tíma, er málið verður tekið fyrir.

Á deildafundum 9. maí var útbýtt frá Sþ. nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 653, og 16. maí nál. frá 1. minni hl. allshn., á þskj. 752, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. Riftun kaupsamnings um Silfurtún.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um, að ríkisstj. undirbúi riftun kaupsamnings um eignina Silfurtún hjá Hafnarfirði [77. mál] (A. 128).

Á 36. og 37. fundi í Sþ., 4. og 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég skil forseta þannig, að honum þyki tilbreytni að koma með gott, nýtt mál, þar sem hitt hefur verið allrætt, en með þessum málum er nokkur skyldleiki.

Vegna sýnilegra mistaka, sem orðið hafa hjá

ríkisstj. með kaup á verksmiðju, sem heitir Silfurtún, hef ég leyft mér að bera fram till. um, að stj. reyni að láta kaupin ganga til baka. Ég vil þá fyrst skýra nokkuð frá aðdraganda þessa máls, en mun þó gera það betur síðar, því að nú er komið fram á nótt og fáir við, og mun ég því láta þetta nægja að þessu sinni.

Til þess að menn fái hugmynd um, hvað hér er um að ræða, vil ég taka fram, að ríkið hefur keypt þetta verkstæði, þar sem vinna 14 menn, til þess að smíða glugga og hurðir fyrir ríkið. Selt er þarna með sama verði og tíðkast hjá öðrum hliðstæðum stofnunum, ekki ódýrar, og er ríkið líklega búið að leggja 1½ millj. í þetta fyrirtæki og engar líkur til, að landið geti nokkurn tíma rekið verkstæðið þannig, að vextir fáist eða afborganir af þessari upphæð. Kjarni málsins hagfræðilega er því sá, að ríkið hefur lagt til hliðar 1½ millj., sem það vinnur ekkert á. Það fær þar smíðaða nokkra hluti, og ber allt það með sér, að þetta er ekki byggt á neinum heilbrigðum grundvelli. Ofan á þetta bætist svo það, að þetta verkstæði, sem smíðar aðallega fyrir Rvík, verður að borga bílkostnað fyrir smiðina, sem flestir eiga heima í Rvík og verða að ferðast bæði að morgni og kvöldi hálftíma í bíl, sem talinn er með vinnustundum. Er þá auðséð, að Silfurtún getur ekki verið samkeppnisfært við önnur smíðaverkstæði, sem hafa skaplegan stofnkostnað, og næsta ólíklegt, að af þessu geti orðið það gagn, sem óskað hefur verið eftir. Þegar svo þar við bætist, að þetta verkstæði er óhóflega dýrt fyrir landið, þá vantar skýringu á því, hvernig í ósköpunum ríkisstj. hefur getað dottið í hug að fara að kaupa þetta. — Ég mun ekki taka nema stærstu drættina í þetta skipti, því að á þessum tíma sólarhringsins eru flestir þm. sofandi, og vil ég því aðeins stikla á stóru atriðunum, og þau stóru atriði eru þetta, að ríkisstj. kaupir fyrir nokkru öll smíðatól og tæki verkstæðisins fyrir 250 þús. kr., en leigir aftur á móti sjálft húsið, sem var lélegt hús, og þetta verkstæði leigir hún á 130 þús. kr. á ári í 5 ár. Þarna vinna þó ekki nema um 10 smiðir, en það svarar því að vera eitt þúsund krónur á mánuði fyrir hvern smið, sem er náttúrlega þungur baggi. — Þegar svo kemur fram á árið, er orðinn mikill halli á verkstæðinu þá þegar, og þá kaupir ríkisstj. húsið, en ekki grunninn, sem er undarlegt, og kaupir það þannig, að hún bætir við kaupverðið hálfu leiguverðinu, eða 65 þús. kr., sem mun stafa af því, að seljandinn, Eyjólfur Jóhannsson, hefur ekki viljað selja, þegar til kom, og mun stj. þá hafa litið svo á, að ganga yrði að kaupunum, því að annars er ósennilegt, að stj. hefði farið að borga hálfa leiguupphæðina í viðbót.

Þetta eru þeir megindrættir í málinu, sem ég tel rétt að leggja fram að þessu sinni. Ef til þess kemur, að Alþingi telur þetta ekki þess vert að safna fleiri áheyrendum en hér eru, þá reynir á það síðar. En þar sem ekki mun vera ætlazt til að halda þessum umr. áfram, sé ég ekki ástæðu til að hafa þessar umr. lengri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til fjvn. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GJ, HV, HelgJ, IngJ, JJ, KTh, LJóh, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, StJSt, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁS, BÁ, BrB, EE, EmJ, JPálm. HÁ, JóhH, JG, JS, JörB, PZ, PÞ, SÁÓ, SkG, BSt, BK, EystJ greiddu ekki atkv.

17 þm. (GÍG, GTh, GÞG, HB, HermG, HermJ, JJós, ÓTh, PO, SK, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BÓ, EOl) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vil ekki fá þetta mál í fjvn., því að hún hefur alveg nóg að starfa, og greiði því ekki atkv.

Bernharð Stefánsson: Ég hef ekki haft aðstöðu til að fylgjast með umr. um málið og greiði því ekki atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Vopnaðir varðbátar.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt:

Till. til þál. um vopnaða báta til gæzlu landhelginnar [84. mál] (A. 143).

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Kaffiskömmtun.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um afnám kaffiskömmtunar [86. mál] (A. 149).

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Ríkisíhlutun um atvinnurekstur.

Á deildafundum 4. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að dregið sé úr íhlutun ríkisins í atvinnurekstri landsmanna og að afnumin séu höft, skömmtun og nefndavald [121. mál] (A. 310).

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 23. og 25. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þessi tillaga fjallar aðallega um þrennt:

1. Um ríkisrekstur eða beinan atvinnurekstur ríkisins.
2. Um afskipti ríkisvaldsins af atvinnurekstri landsmanna og þær afleiðingar, sem sú íhlutun veldur beint og óbeint.
3. Um fjármálastefnu hins opinbera, sem leitt hefur til geigvænlegrar verðbólgu, taprekstrar, hafta, skömmtunar og athafnaskerðingar.

Ég ætla að leitast við að sýna fram á, hver árangur hefur orðið af framkvæmd ríkisvaldsins undanfarin ár í þessum málum og hver nauðsyn er á, að komið verði á gagngerri breytingu í þessum efnum, eins og í till. greinir. Ég ætla að leitast við að sýna fram á, að ekki sé aðeins hyggilegt að breyta um stefnu í þessum málum frá því, sem nú er, heldur að þjóðinni sé lífsnauðsyn, að það sé gert þegar í stað, og að til þess séu augljósar leiðir, ef samheldni og manndómur er fyrir hendi til þess að brjóta sér braut út úr erfiðleikunum.

Ég ætla þá fyrst að athuga þann þátt, sem ríkisvaldið hefur átt í rekstri nokkurra atvinnugreina, sem það hefur tekið í sínar hendur, og athuga, hvernig rekstur og framkvæmdir hefur blessazt.

Þótt ég sé einn af þeim, sem telja, að ríkisrekstur í hvaða atvinnugrein sem er standi langt að baki einkarekstri í framtaki, hagsýni og allri þjónustu, viðurkenni ég, að rétt sé að hafa sérstakar tegundir rekstrar í almenningsþágu í höndum ríkisins, svo sem póst og síma, útvarp, sjúkrahús, skóla, hressingarhæli o. fl. Þó kemur mér ekki til hugar að efast um, að rekstur þessara stofnana gæti ekki verið betri en hann er. En ég tel, að það sé fyrir ríkið að fara yfir lækinn til að sækja vatn, þegar það seilist til þátttöku í almennum rekstri, sem borgararnir sjálfir geta haft í höndum sér með miklu betri árangri. Reynslan hefur jafnan sýnt, að atvinnurekstur ríkisins í samkeppni við einstaklinga er sjaldan eða aldrei rekinn af jafnmikilli hagsýni og einkafyrirtækin.

Ég ætla nú að leitast við að sýna fram á, að langt sé frá því, að atvinnurekstur sá, sem nú er á vegum ríkisins, hafi gefið góða reynslu og að full ástæða sé nú til að taka ýmsan þann rekstur til alvarlegrar athugunar, sem kastað hefur verið af lítilli forsjálni á arma ríkisvaldsins undanfarin bjartsýnisár.

Ríkið er nú eigandi að sjö síldarverksmiðjum og fjórðungi í síldarbræðsluskipi á vegum síldarverksmiðja ríkisins. Þetta mikla verksmiðjufyrirtæki er raunverulega rekið á ábyrgð ríkisins, þótt lagastafur sé fyrir því, að svo eigi ekki að vera. Auk þess rekur ríkið tunnuverksmiðjur, trésmiðju, vélsmiðju, bátasmíði. Það rekur niðursuðuverksmiðju í Reykjavík, bifreiðaakstur á langleiðum, ferðaskrifstofu og gistihús í sambandi við hana. Þetta eru nokkrar greinar á almennum atvinnurekstri, sem ríkið tekur nú þátt í. Auk þess er, eins og kunnugt er, ráðgert, að ríkið taki í sínar hendur nýjar greinar af stórrekstri, sem er framleiðsla á sementi og tilbúnum áburði, auk lýsisherzlu.

Síldarverksmiðjur ríkisins eru gott dæmi um það, hvaða hætta getur vofað yfir stórrekstri í höndum ríkisins vegna pólitískra hagsmuna flokka og einstaklinga, sem á hverjum tíma hafa áhrif á stjórn landsins. Fyrir áhrif eins manns, sem atvinnumálin hafði undir höndum, var Síldarverksmiðjum ríkisins hrundið út í illa undirbúnar, vanhugsaðar og flaustурslegar framkvæmdir, sem hafa kostað óhemjulegt fé á okkar mælikvarða og bundið verksmiðjunum drápsklyfjar fastra og lausra skulda. Þetta er hætta, sem getur vofað yfir hverjum stórrekstri á vegum ríkisins, að ófróðir menn um verklegan rekstur steypi þeim út í vafasamar framkvæmdir í von um að uppskera pólitískt stundargengi. Fyrirtækin geta lamazt, og þjóðin getur þurft að súpa af því seyðið um langt skeið. Framkvæmd ríkisins á síldarverksmiðjumálunum síðustu árin hefur engin fyrirmynd verið.

Samkvæmt skýrslu, sem fjmrh. gaf hér á þingi fyrir skömmu um afkomu og fjárreiður síldarverksmiðjanna, standa verksmiðjurnar nú í 66 millj. kr. skuld. Af því stendur ríkissjóður formlega í ábyrgð fyrir 50 millj. Reikningslegt tap verksmiðjanna undanfarin tvö ár nemur um 15 millj. kr. Til þess að mæta því tapi áttu verksmiðjurnar í varasjóði í ársbyrjun 1947 um 4,8 millj. kr. Í lok síðasta árs ætti eftir því að vera halli á varasjóðsreikningi, sem nemur um '10 millj. kr. Mest af þessu tapi er að vísu vegna aflabrests undanfarin þrjú ár, en sumt er til komið vegna uppgripaaflans í Hvalfirði 1947—48. Þar að auki má fullyrða, að rekstur ríkisverksmiðjanna sé talsvert dýrari en einkaverksmiðjanna.

Þessu risafyrirtæki á íslenzkan mælikvarða er fengin stjórn, sem valin er pólitískt af þingflokkunum án sérstaks tillits til, hvort menn-irnir eru starfinu vaxnir eða hvort útlit er fyrir, að samkomulag geti náðst milli þeirra um það, á hvern hátt eigi að reka verksmiðjurnar. Allir, sem eru í stjórn verksmiðjanna, hafa það starf í hjáverkum, en samt virðist framkvæmdarstjórnin hvíla aðallega á þessum mönnum. Þetta er táknrænt fyrir íslenzkan ríkisrekstur á fyrirtæki, sem getur stofnað til 66 millj. kr. skuldar, fyrirtæki, sem með rekstri sínum gæti stofnað ríkissjóði í mikla hættu fjárhagslega. Rekstri þessa mikla fyrirtækis, sem líklega gengur næst ríkissjóði í fjárveltu og skuldasöfnun, þarf að breyta í annað horf en nú er, svo að það hafi aðra og betri kjölfestu en pólitíska spákaupmennsku og framkvæmdastjórn þess sé ekki höfð í hjáverkum af mönnum, sem öðrum störfum eru hlaðnir.

Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa ekki treyst sér til að gera áætlun um reksturinn á þessu ári, og engar upplýsingar liggja fyrir opinberlega um þetta fyrirtæki. En samkv. áætlaðri vaxtagreiðslu virðist fyrirtækið skulda um 4 millj. kr.

1945 voru 3 tunnuverksmiðjur að nafninu til í landinu. Á því ári kaupir ríkið tvær gamlar verksmiðjur, sem aldrei höfðu borið sig fjárhagslega, á Siglufirði og Akureyri. Þriðja verksmiðjan, sem var í einkaeign í Vestmannaeyjum og hafði borið sig vel, var líka keypt, en hún var rifin og flutt norður. Síðan hefur engin tunnuverksmiðja borið sig hér fjárhagslega.

Rekstur þessa fyrirtækis hefur gengið á tréfótum frá byrjun. Fyrstu 2 árin voru smíðaðar 74 þús. tunnur. Afköstin voru rúmlega 1 tunna á vinnustund, en í Noregi er lágmarkið talið 2 tunnum.

1946 pöntuðu verksmiðjurnar tvær stálgrindur í birgðaskemmur, en gátu ekki staðið við pöntunina vegna fjárskorts og urðu að fara bónarveg að seljanda um að mega afturkalla pöntun á annarri grindinni. Það fékkst með því að greiða skaðabætur fyrir samningsrof. 1946 voru einnig pantaðar 16 vélar og eitthvað greitt upp í þær. Allar munu þær enn ókomnar.

Ferðakostnaður verksmiðjanna við kaup á tunnuefni, vélum og fleira árið 1946 er gífurlegur. Á vegum verksmiðjanna og síldarútvegsnefndar sameiginlega virðast hafa verið sjö menn á ferðalögum erlendis aðallega fyrri hluta árs 1946, og er ferðakostnaðurinn samanlagður 258 þús. kr., eða 37 þús. kr. á mann.

Eftir tvö síldarleysisár er líklegt, að verksmiðjurnar liggi með miklar birgðir af síldartunnum. Mér er sagt, að þessar tunnur kosti 42 kr. stykkið, og hefur heyrzt, að útvegsmenn neiti að kaupa þær og heimti að fá að flytja inn erlendar tunnur, sem kosta ekki nema 32 kr. cif. En auk þess sem tunnusmíðin verður með þessu beinn skattur á saltsíldarútflutninginn, má búast við að ríkið tapi stórfé á rekstrinum.

Um vélsmíði og bátasmíði ríkisins er öllum kunnugt. Meðan aðrar vélsmiðjur græddu stórfé í stríðinu, barðist Landssmiðjan í bökkum, þótt hún greiddi enga skatta. Hún er gott dæmi um ríkisrekstur í samkeppni við einkaframtakið. Svo þegar þetta ríkisfyrirtæki ætlaði að taka að sér skipasmíðar, þurfti ríkissjóður að greiða yfir 2 millj. fyrir þessa tilraun og leysa síðan þá starfsemi upp. 1947 varð 402 þús. kr. tap á rekstri Landssmiðjunnar.

Bátasmíði á vegum ríkisins hér innanlands hefur ekki gefið góða raun. Enn eru óseldir 2 bátar og 4 eru í smíðum, sem er óráðstafað. Ríkissjóður á enn útistandandi yfir 5 millj. kr. vegna þessarar bátasmíði. Eins og sakir standa eru bátar þessir óseljanlegir nema með miklum afföllum.

Vegna afskipta ríkisins af Svíþjóðarbátunum svonefndu á ríkissjóður útistandandi um 6 millj. kr., sem liggur í óuppgerðum reikningum við kaupendur.

Niðursuðuverksmiðjan eða fiskiðjuver ríkisins er enn eitt gott dæmi um ríkisrekstur. Í þetta fyrirtæki hafa nú verið lagðar um 7 millj. kr. frá ríkinu. Það er samt enn hálfkarað, og er áætlað, að kosti 1½ millj. kr. í viðbót að fullgera það. Stjórn verksmiðjunnar er í molum. Starfrækslan hefur ekki hafizt til fulls, vegna þess að vélar vantar, rekstrarfé og líklega hráefni. Enginn sýnist bera ábyrgð á fyrirtækinu, enda er afkoman óburðug eins og vænta má. 1947 var 289 þús. kr. tap á rekstrinum.

Ferðaskrifstofa ríkisins er orðið mikið fyrirtæki og virðist fara vaxandi. Hefur skrifstofan meðal annars tekið að sér hótelrekstur. Gæti það bent til þess, að henni sé ætlað að annast slíkan rekstur í vaxandi mæli fyrir reikning ríkisins. Tap af ferðaskrifstofunni þetta ár er áætlað 200 þús. kr. Tapið á að greiðast úr „sérleyfissjóði". En í þann sjóð er greitt 5% af fargjöldum langferðabifreiða. Í þann sjóð greiðir ríkissjóður hátt á annað hundrað þúsund af taprekstri sínum á sérleyfisakstri. Lætur þá nærri, að taprekstur ríkisins á akstrinum standi undir tapinu af rekstri ferðaskrifstofu ríkisins.

Sérleyfisakstur ríkisins milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og Akureyrar hefur á síðasta ári verið rekinn með þeim árangri, að gert er ráð fyrir, að raunverulegur rekstrarhalli verði 500—600 þús. kr. Rekstrarhalli árið 1947 á þessum akstri var 240 þús. kr. Hefur þá á tveimur árum orðið tap á þessum ríkisrekstri, er nemur samtals um 750—850 þús. kr. Engin nauðsyn rak ríkisvaldið til þess að seilast inn í þennan atvinnuveg, því að einstaklingarnar, sem áður ráku hann, hefðu haldið því áfram, ef þeim hefði verið veitt sú aðstoð við öflun tækja, sem ríkinu hefur verið veitt. Ef ríkið heldur þessu áfram eða jafnvel seilist til frekari íhlutunar, verður árangurinn annaðhvort sá, að gífurlegt tap verður á rekstrinum, eða að landsfólkið verður að taka á sig óhagsýni rekstrarins með hækkuðum fargjöldum. Áður ráku einkafyrirtæki þennan akstur með hagnaði og tiltölulega mjög lágum fargjöldum.

Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af opinberum rekstri fyrirtækja, getur fáum blandazt hugur um það, að slíkur rekstur hefur farið illa úr hendi hér á landi. Ríkisvaldið verður að sjá allt með annarra augum, ef svo mætti segja, og pólitískir hagsmunir þeirra flokka, sem stjórna á hverjum tíma, hafa áhrif á reksturinn. Sömu örlög hljóta að bíða þeirra miklu fyrirtækja, sem rætt er um að koma á fót á vegum ríkisins, sements-, áburðar- og lýsisherzluverksmiðja. Ef ríkið á að koma upp og reka slíka stóriðju með sama sleifarlaginu og einkennir hér opinberan rekstur, þá er opinberum fjármálum stefnt í beinan voða. Með pólitískar framkvæmdarstjórnir og ríkisábyrgð á þessum stórrekstri mætti flækja þjóðina í slíkt net taprekstrar og ábyrgða, að ekki yrði undir risið.

Svona er nú reynslan af ríkisrekstri atvinnugreina hér á landi. Þessi rekstur leiðir til óheilbrigðrar þróunar, og þarf því að verða breyting þar á.

En þó eru önnur afskipti hins opinbera af atvinnuvegunum langtum hættulegri, er geta leitt til hruns í fjármálum og atvinnulífi landsmanna. Það eru þau afskipti ríkisvaldsins, sem halda við taprekstri bátaútvegsins með beinum styrkjum úr ríkissjóði og ábyrgð á fiskverðinu, er ekki

getur leitt til annars en þjóðnýtingar á útveginum, ef áfram er haldið. Þessi íhlutunarstefna ríkisvaldsins og þær afleiðingar, sem hún hefur, sýrir og sýkir nú allt fjármálakerfi landsins og hefur lamandi áhrif á atvinnuvegina. Að vísu er þessi íhlutunarstefna ein afleiðing efnahagsástands, sem skapazt hefur í landinu á undanförnum árum, og kem ég að því síðar.

Öllum kemur saman um, að ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu sé í raun og veru fjarstæða, sem ekki sé hægt að halda áfram. Enginn getur sagt um það fyrir fram, hvað sú ábyrgð getur kostað ríkissjóð, og því ekki hægt að fullyrða, að ríkissjóður geti staðið undir þeim bagga, sem honum hefur verið bundinn með þessu. Ábyrgðin er að gera þennan aðalatvinnuveg ósjálfbjarga. Hann er að verða eins og fátæklingur, sem farinn er að þiggja af sveit. Sjálfsbjargarhvötin hverfur. Hagsýni og framtakssemi einstaklinganna smádvínar, en í staðinn kemur kröfupólitík á hendur ríkisvaldinu. Fiskábyrgðin er stærsta fjárhættuspil í opinberum fjárreiðum, sem nokkurn tíma hefur verið lagt út í hér á landi. Uppbótargreiðslur ríkissjóðs síðustu tvö árin sýna, hversu áætlanir um slík útgjöld eru gersamlega óraunhæfar. 1947 voru þessar greiðslur áætlaðar 35 millj. kr., en urðu 60 millj., 1948 voru þær áætlaðar 55 millj. kr., en verða að líkindum yfir 70 millj. Hér er um að ræða einn þáttinn í hinni sívaxandi skuldasöfnun ríkisins.

En þess er vert að gæta við umræður þessa máls, að það er ekki útvegurinn, sem hefur óskað eftir þessari skipun málanna. Þessi atvinnuvegur hefur farið þess á leit að fá heilbrigðan grundvöll til að starfa á. En ríkisstjórn og Alþingi hafa svarað því með því að bjóða fram ábyrgð og styrk, en ekkert annað.

Af hverju hefur svo ríkisvaldið farið inn á þá hættulegu braut að taka ábyrgð á rekstri eins aðalatvinnuvegs landsmanna? Á því er engin skýring önnur en sú, að þing og stjórn á undanförnum árum hafa látið undir höfuð leggjast að hverfa frá eyðslustefnu í opinberum fjármálum og gera þær vanþakklátu en lífsnauðsynlegu ráðstafanir, er skapað gátu jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar og heilbrigðan grundvöll fyrir rekstur atvinnuveganna.

Ég hef nú að nokkru rætt um ýmsan atvinnurekstur, sem ríkið hefur með höndum, og leitazt við að sýna fram á, að allur slíkur rekstur gengur að meira eða minna leyti á tréfótum. Ég hef einnig leitazt við að sýna fram á, að ráðstafanir ríkisvaldsins um rekstur bátaflotans stofna fjármálakerfi þjóðarinnar í mikla hættu.

En þá kem ég að þriðja meginatriðinu — fjármálastefnu Alþingis undanfarin ár og þeim margþættu og hættulegu afleiðingum, sem hún hefur haft í för með sér.

Alþingi hefur undanfarin ár veitt stórkostlegu fjármagni út til þjóðarinnar í gegnum fjárlög, með nýrri lagasetningu og með ríkisábyrgðum, sem nú eru orðnar um 300 millj. kr. Þetta hefur svo komið fram í formi íbúðarhúsa, verksmiðja, frystihúsa, skipa, orkuvera, hafnargerða, opinberra bygginga, trygginga, félagsmála og kauphækkana. Í öllu þessu hefur ríkissjóður verið aðalframkvæmandi, þátttakandi, ábyrgðaraðili eða hjálpari á annan hátt. Til alls þessa hefur verið varið gífurlegu fé á okkar mælikvarða. Því hefur verið náð með eyðslu allra erlendra inneigna, með síauknum álögum skatta og tolla og nú síðustu tvö árin einnig með lánum. Þessi sjúklega ofrausn í fjármálastefnu löggjafar- og framkvæmdarvaldsins hefur leitt til ofstjórnar þjóðarbúsins, aukins ríkisrekstrar og opinberrar íhlutunar. Þessi stefna hefur skapað aðalþunga verðþenslunnar, það misræmi og þann jafnvægisskort í þjóðarbúskapnum, sem leitt hefur af sér taprekstur inn, nefndavaldið, höftin og skömmtunina.

Allri gjaldeyriseigninni, sem stóð hæst 1945 í 580 millj. kr., var eytt á 3 árum, 1945, 1946 og 1947. Mest af þessari gjaldeyrissölu hefur kallað á tilsvarandi aukningu bankaútlána.

Frá því í árslok 1944 og til ársloka 1948 hækkuðu útlán bankanna um samtals 554 millj. kr. og standa útlánin um síðustu áramót yfir 800 millj. kr. Á sama tíma er sparifjáreignin í kringum 450 millj. kr. Eru því útlánin miklu hærri en hægt er að forsvara af bankastjórnum og ríkisstjórn, sem bera beint og óbeint ábyrgð á þessum málum.

Á árunum 1945—47 hækkuðu ábyrgðir ríkissjóðs um rúmar 200 millj. kr. Í árslok 1944 voru ábyrgðirnar 95 millj., en í árslok 1948 um 300 millj. kr.

Á þessum sömu árum, 1945—47, hækkuðu fjárlög (miðað við fjárlög 1944) um samtals 179 millj. kr. samkvæmt afgreiðslu Alþingis, en í framkvæmdinni hækkuðu þau um 448 millj. kr., þegar umframgreiðslur þessi ár eru taldar, sem voru 269 millj.

Árið 1939 urðu gjöld ríkissjóðs skv. sjóðsreikningi 22½ millj. kr. Við þetta ár miðum við vísitöluna og segjum, að hún hafi þá staðið í 100. Ef þróun ríkisgjaldanna er athuguð og borin saman við árið 1939, er útkoman þessi:

Skv.	fjárlögum	1944	höfðu	gjöldin	4-faldazt
—	—	1945	—	—	5- —
—	—	1946	—	—	6½- —
—	—	1947	—	—	10- —
—	—	1948	—	—	11- —

Á sama tíma hækkaði vísitalan úr 263 í byrjun árs 1944 upp í 319 í ársbyrjun 1948, eða um aðeins 56 stig á þeim tíma, sem fjárlögin sjöfaldast. Þótt tekin sé með í reikninginn vísitalan eins og hún ætti að vera án niðurgreiðslu, eða nálægt 400, verður niðurstaðan sú, að fjárlögin 11-faldast á meðan framfærslukostnaður í landinu — skv. vísitölu — 4-faldast.

Á þessum fáu árum, sem ég hef áður nefnt, hafa verið settar í umferð yfir 1000 millj. kr. með hækkuðum bankalánum, ríkisábyrgðum og hækkuðum útgjöldum ríkissjóðs. — Og þessu gífurlega fé á okkar mælikvarða er veitt inn í fjárhagskerfið að mestu leyti í viðbót við eðlilega fjárþörf atvinnulífsins.

Það má segja, að setið hefur verið að þessu sumbli meðan sætt var. Nú er svo komið, að ekki verður lengur haldið áfram ofrausnarstefnunni, nema siglt verði í strand þjóðarskútunni.

Ég hef fyrir nokkrum dögum, eins og aðrir þingmenn, fengið greinargerð frá Landsbankanum um lánveitingar bankanna og verðþensluna. Þessi greinargerð er auðkennd sem „trún-

aðarmál". Þrátt fyrir það ætla ég að minnast á hana hér, því að ég tel, að greinargerðin eigi ekki að vera trúnaðarmál fyrir þjóðinni og það sé skylda að birta hana. Þessi greinargerð Landsbankans hygg ég að sé einhver harðasti dómur, sem nokkur þjóðbanki hefur látið frá sér fara um fjármálastefnu þings og stjórnar síns eigin lands. Í greinargerð bankans segir meðal annars á þessa leið: „Fjármálastefnan hér á landi hefur undanfarið gengið í berhögg við það, sem talið er sjálfsagt víðast hvar annars staðar, bæði hvað snertir sjálft markmiðið, að viðhalda jafnvægi í efnahagslífinu, og einnig hvað snertir eina helztu aðferðina til þess að haga fjármálum ríkisins í samræmi við þann tilgang. Hin gegndarlausa fjárfesting undanfarinna ára hefur að mjög verulegu leyti átt sér stað fyrir beinan tilverknað ríkisvaldsins."

Enn segir þar:

„Og þessari stefnu var haldið áfram og henni er enn haldið áfram, þó að hinar geigvænlegu afleiðingar hennar séu fyrir löngu byrjaðar að koma fram og þó að öngþveitið, sem af henni leiðir, aukist með hverjum deginum sem líður".

Og enn segir þar:

„Hin nána aðild ríkisvaldsins að fjárfestingunni hefur leitt til þess, að peningastofnanirnar hafa nauðugar viljugar orðið að leggja fram fé til hennar. Þær hafa orðið að lúta í lægra haldi fyrir yfirlýstri stefnu Alþingis, ríkisstj. og stjórnmálaflokkanna í þessum málum".

Að síðustu skal ég taka þetta:

„Verði haldið áfram sömu stefnu í peningamálum og fylgt hefur verið undanfarið, er öldungis víst, að verðþenslan heldur áfram að aukast, með þeim afleiðingum, að ófremdarástandið, sem nú er á sviði útflutningsframleiðslu, gjaldeyrismála, fjárfestingarmála, verðlagsmála, vörudreifingar og kaupgjaldsmála, fer enn í vöxt, og gæti slíkt ekki endað nema á einn veg, með stórfelldu gengishruni og algerri ringulreið í efnahagslífinu."

Þótt ég hafi tekið hér stutta kafla, hef ég reynt að slíta málið ekki úr samhengi eða brengla meininguna.

Þetta eru alvarleg orð, sem ég hef lesið hér, og getur varla nokkrum dulizt, að stjórn bankans ber nú fram þessa aðvörun fyrir þing og stjórn, svo að á ókomnum árum verði ekki hægt að segja, að bankinn hafi ekki bent á hættuna, ef illa kann að fara.

Eins og ég hef áður sagt, eru afleiðingar þessarar fjármálastefnu meðal annars nefndavaldið, höft og skömmtun, sem fer sífellt vaxandi og versnandi. Með þeim stofnunum, er um þessi mál fjalla, hefur ríkisvaldið reynt að hafa hemil á afleiðingum dýrtíðarinnar og hinnar opinberu fjármálastefnu. En það hefur ekki enn verið reynt að stemma á að ósi eða að skera á þær rætur, sem erfiðleikarnir eru vaxnir upp úr.

Nefndavaldið — fjárhagsráð, viðskiptanefnd og skömmtunarskrifstofan — er nú orðið eitt mesta vald í landinu að tilhlutun ríkisstj. og Alþingis. Alræðisvald þessara nefnda yfir öllu athafnalífi manna í landinu verkar stórkostlega lamandi vegna þunglamalegra vinnubragða og óþolandi skriffinnsku. Kostnaður við þessar nefndir fer sífellt vaxandi, og er hann á þessu ári áætlaður 3.286 þús. kr. En tekjur stofnananna, sem teknar eru með skatti á innflutning og gjaldeyrissölu, má áætla á þessu ári um 4 millj. kr. Húsaleiga er áætluð 203 þús., bifreiðakostnaður 68 þús. og aukavinna 155 þús., svo að nokkrir liðir séu nefndir. Hjá þessum stofnunum vinna nú 94 manns, svo sem hér segir:

Fjárhagsráð	21	manns
Verðlagsstjóri og viðskiptanefnd	47	—
Skömmtunarskrifstofan	26	—
Samtals	94	manns

Það er ekkert smáræðis skrifstofubákn, sem hér hefur verið sett á stofn, á íslenzkan mælikvarða.

Þótt segja megi, að nokkur árangur hafi náðst af starfi fjárhagsráðs til stöðvunar á fjárfestingunni frá því, er mest var, þá er þess að gæta, að stöðvun á slíku kemur smám saman af sjálfu sér, þegar öll gjaldeyriseignin er þrotin og útlán bankanna komin langt upp yfir öll skynsamleg takmörk.

En starfsemi fjárhagsráðs og undirdeilda þess, viðskiptanefndar og skömmtunarskrifstofu, liggur svo þungt á nálega öllum atvinnurekstri í landinu vegna óheppilegra vinnubragða, að til vandræða horfir. Vinnubrögð þessara stofnana eru langt fyrir neðan það, sem gera verður kröfu til, jafnvel í opinberum rekstri. Fjöldi manna í landinu verður að verja miklum tíma frá nytsamlegum störfum til þess að fá afgreiðslu mála sinna í þessum stofnunum. Reynslan virðist benda til þess, að veiting gjaldeyris- og innflutningsleyfa sé ekki framkvæmd eftir neinum ákveðnum reglum, starfið því allt í molum. Margir halda því fram, að þessi mál hafi aldrei verið í meira ófremdarástandi en nú, síðan gjaldeyrishöft hófust hér. Þó grípa þessar framkvæmdir svo að segja inn í allan atvinnurekstur og menn úr öllum stéttum hvaðanæva af landinu verða að verja dýrmætum tíma til þess að ná tali af þessum stofnunum í því skyni að fá einhverja vitneskju um, hverrar úrlausnar þeir megi vænta fyrir atvinnurekstur sinn. Borgararnir virðast alveg réttlausir gagnvart þessum valdamiklu stofnunum, og það má teljast sérstök náð, ef menn fá svör við málaleitunum sínum og kvörtunum. Skömmtunin og skipulagning hennar er orðið flókið skriffinnskukerfi, sem liggur þungt á allri dreifingarstarfseminni í landinu. Óvinsældir skömmtunarinnar fara dagvaxandi, meðal annars vegna þess, hvernig hún er framkvæmd.

Nefndavaldið, höftin og skömmtunin liggur eins og mara á öllu framkvæmdalífi í landinu. Það dregur úr framtaki og framkvæmdarvilja. Það orsakar þverrandi afköst, veldur erfiðleikum í margs konar rekstri og mikilli truflun í allri starfsemi þjóðfélagsins. Þótt margt kunni að vera hjá okkur öðruvísi en æskilegt væri, efast ég um, að nokkuð sé eins aðkallandi og það að leysa þjóðina undan þeirri haftaskipulagningu, sem hún á nú við að búa. Þeir erfiðleikar, sem landsmenn hafa nú við að stríða á öllum sviðum, verða ekki leystir, nema tekin verði ný stefna í opinberum fjármálum og sú auðlegð leyst úr læðingi, sem býr í framtaki, hyggindum

og vinnugleði einstaklinganna, ef þeir fá að njóta sín.

Það misræmi, sem nú er komið í alla efnahagsstarfsemi þjóðarinnar, verður að lagfærast. Misræmið kemur fram í of mikilli fjárfestingu, í fjárhagserfiðleikum ríkisins, í hættulegri útlánaþenslu bankanna, í taprekstri atvinnuveganna og í athafnaskerðingu og höftum. Ef þessu misræmi verður ekki útrýmt fljótlega, getur sú þróun, sem nú fer fram, ekki endað nema á einn veg, — eins og Landsbankinn segir — með algerri ringulreið í efnahagslífinu.

Ég hef áður í þingræðu bent á, að fjárfestingin í landinu er komin út í öfgar og að ekki verði hjá því komizt að draga úr henni og um leið innflutningi kapitalvara, til þess að þjóðin geti fætt sig og klætt og viðhaldð eignum sínum. Hin opinbera fjármálastefna hefur haldið uppi fjárfestingarkapphlaupinu — heldur því enn áfram gegnum haftastofnanirnar, þótt landsmenn hafi ekki lengur nein efni á slíkri fjárfestingu. Þeim er hins vegar lífsnauðsyn að koma á öruggan grundvöll þeirri fjárfestingu, sem þeir hafa færzt í fang undanfarin ár, áður en lengra er farið. Hagfræðingar fjárhagsráðs telja, að fjárfesting þjóðarinnar sé miklu meiri en annarra þjóða, t. d. Norðmanna. Meðan hliðstæð fjárfesting þeirra sé 16%, er okkar fjárfesting 33%. Hins vegar er fjárfesting annarra þjóða miklu minni. Það er fjarstæða að hugsa sér, að þjóðin geti sparað til fjárfestingar 30—40%, fyrir utan skatta, meðan aðrar þjóðir spara til slíks 5—10%.

Því marki verður ekki náð á einum degi, að ná jafnvægi eða samræmi í efnahagslífinu, en með mörgum samhliða ráðstöfunum má að líkindum komast langt áleiðis á skömmum tíma. En um leið og jafnvægið vex, en misræmið minnkar, þá kemur lagfæringin á öllum sviðum, og þörfin minnkar fyrir höft og skömmtun. Við skulum þess vegna athuga, hvernig mætti hugsa sér að ná þessu nauðsynlega jafnvægi í efnahagslífinu.

Ég er ekki einn um þá skoðun, að aðalorsök hins mikla ósamræmis í efnahagsmálum þjóðarinnar (sem við öðru nafni getum kallað verðbólgu og offjárfestingu) er fjármálastefna Alþingis undanfarin ár, sem ég hef nefnt fjármálastefnu hins opinbera. Eins og þessi stefna hefur verið framkvæmd, mætti kalla hana sjúklega ofrausnarstefnu. Öllum þingheimi er nú að verða ljóst, að með þessari stefnu hefur fjárhagsgetu þjóðarinnar verið reistur hurðarás um öxl.

Ef þetta er rétt, þá er það líka augljóst, að ráðstafanir til að öðlast afturbata eigi að byrja hjá ríkisstj. og Alþingi, sem mótar fjármálastefnuna. Greiðsluhalli ríkissjóðs 1947 og 1948 nemur að líkindum um 100 millj. kr. Eins og nú horfir og með óbreyttri stefnu má gera fyrir raunverulegum greiðsluhalla á þessu ári, er nemur mörgum tugum milljóna. Enginn getur í dag sagt, hversu mikið ríkissjóður þarf að greiða fyrir þær skuldbindingar, sem á hann hafa verið lagðar, né áætlað með nokkurri vissu tekjur hans á árinu. Auk hinna gífurlegu útgjalda til hins opinbera skv. fjárlögum er með atvinnurekstrinum sett í umferð stórkostlegt fjármagn, sem tekið er að láni og er umfram heilbrigðan afrakstur atvinnuveganna. Þetta orsakar verðbólgu í stórum stíl, gerir atvinnuvegina óarðbæra, framkallar þurrð á neyzluvörum og ákallar sívaxandi höft til þess að halda í skefjum hrópandi misræmi í þjóðarbúskapnum, sem sífellt er að aukast vegna hinnar opinberu fjármálastefnu. Alþingi á þess vegna sjálft að byrja á því að taka til á sínu eigin heimili og gera þær ráðstafanir, sem lífsnauðsynlegar eru til þess að koma á jafnvægi í efnahagslífinu. Ég skal þá nefna nokkrar ráðstafanir, sem gera mætti til að ná jafnvægi í efnahagslífinu með breyttri fjármálastefnu og einfaldari skipun málanna. Túlka ég hér aðeins mínar eigin skoðanir, en ekki flokks míns. Hér er ekki um að ræða neinar nýjar leiðir, sem aðrir hafa ekki komið auga á áður. En ég læt hér í ljós mína skoðun á því, hvað af þeim leiðum eigi að nota, sem um er að velja í þessum málum.

Eins og ég hef áður tekið fram, álít ég, að breyta verði um stefnu í opinberum fjármálum og gera eftirfarandi ráðstafanir í sambandi við fjármál ríkisins:

1. Afgreiða fjárlög með ríflegum tekjuafgangi á sjóðsreikningi og áætla tekjurnar varlega, svo að ekki aukist skuldir ríkissjóðs af þessum sökum.
2. Stöðva allar greiðslur úr ríkissjóði utan fjárlaga.
3. Veita engar nýjar ábyrgðarheimildir og stöðva fyrst um sinn framkvæmd þeirra ábyrgðarheimilda, sem nú eru í gildi.
4. Setja engin ný lög, er krefjast mikilla fjárútláta, fyrr en ástandið batnar.
5. Draga úr allri fjárfestingu ríkisins og draga úr útgjöldum fjárlaga, hvar sem það er hægt án þess, að ríkisrekstrinn stöðvist.
6. Ríkið taki engin erlend lán til að standa undir rekstri sínum.
7. Sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að greiða að fullu lausaskuldir ríkissjóðs. En jafnframt verði krafizt uppgjörs á vanskilum við ríkissjóð vegna ábyrgða eða viðskipta.

Skynsamleg afgreiðsla fjárlaga er fyrsta sporið í áttina. Og fyrsta krafan er sú, að ríkissjóður hætti að safna skuldum, en hafi í þess stað afgang á sjóðsreikningi. Þetta er sú kjölfesta, sem fjárhagskerfi landsins skortir í dag.

Um það verður vafalaust deilt, hvort draga skuli úr allri fjárfestingu ríkisins og jafnframt úr öllum útgjöldum fjárlaga svo mikið sem hægt er án þess, að ríkisreksturinn stöðvist. En verði þetta ekki gert ásamt öðru, sem þarf til að lagfæra efnahagsástandið, þá kemur stöðvunin af sjálfu sér — og þá verður hægt að spara sér deilurnar og reiptogið.

Ef Alþingi tæki upp þessa stefnu, sem ég nú hef nefnt í fjármálum hins opinbera, mundi það hafa heilsusamleg áhrif á hugsun og störf þjóðarinnar. En slíks er nú mikil þörf.

Eins og málum er nú komið, get ég ekki séð, að nokkur raunhæf leið sé til að aflétta taprekstri útvegsins nema með gengislækkun. Ég hef ætíð verið andvígur gengislækkun og tel hana örþrifaráð. En svo lengi hefur dregizt að reyna aðrar leiðir, að efnahagsþróunin er komin á það stig, að varla þarf að búast við, að hægt

sé að stiga langt skref til baka nema af því leiði hrun í mörgum greinum.

Mér sýnist, að hin svokallaða verðhjöðnunarleið, með nokkurri von um leiðréttingu ástandsins, muni nú kosta meira harðrétti og fórnir en hófleg gengislækkun. Með gengislækkun mætti koma útflutningsframleiðslunni á fæturna með minnstri truflun, en það er undirstaða fyrir afturbata efnahagslífsins. Í því sambandi hef ég hugsað mér þessar ráðstafanir:

1. Lækkun krónunnar um 25%.
2. Í sambandi við breytingar á gjaldeyris- og viðskiptahöftunum fái útflytjendur að ráðstafa frjálst 25% af gjaldeyri sínum.
3. Jafnhliða gengislækkuninni sé afnumin sú tollahækkun, sem samþykkt var í gjaldeyrislögunum frá desember 1947.
4. Vísitalan sé fest í 300, eins og nú er, og ráðstafanir séu gerðar til þess, að kaupgjald hækki ekki, meðan ástandið leitar jafnvægis í efnahagsmálunum.

Við skulum gera okkur grein fyrir, að krónan hefur þegar verið lækkuð í verði með ýmsum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til fjáröflunar. Tollahækkunin 1947 var ekki annað en gengislækkun. Þótt ekki liggi fyrir neinar tölur um, hvað þessi hækkun er mikill hundraðshluti af verðmæti þess innflutnings, sem hækkunin lendir á, má gera ráð fyrir, að það sé um 20—30%. Ef þessi tollahækkun væri afnumin, mundi það líka vega talsvert á móti umræddri gengislækkun.

Með þessari gengislækkun og frjálsri ráðstöfun á 25% af gjaldeyri, sem ég kem að síðar, mundi útflutningsframleiðslan að líkindum geta komizt á réttan kjöl að öllu óbreyttu. Mótorbátur, sem aflar 500 tonn (talið meðalafli), mundi á þennan hátt að líkindum geta fengið 20 aurum hærra útflutningsverð fyrir hvert kíló fisks en hann fær nú. En gengislækkunin mundi kosta hann rúmlega 2 aura á kíló í verðhækkun á olíu og veiðarfærum.

Að því er vísitölubindinguna snertir, munu ýmsir segja, að þar sé verið að leggja byrðarnar á launþegana í landinu. Það er rétt, að þetta kemur tilfinnanlegast við þá í svipinn, þótt það raunar komi við alla. Allir taka kaup í einni eða annarri mynd, sem fer eftir afkomunni yfirleitt. En það er engar ráðstafanir hægt að gera, sem ekki koma niður á þeim, er kaup taka í landinu. Þótt eignir þeirra, sem eitthvað eiga, væru allar teknar til að jafna byrðina, væri það að tjalda til einnar nætur, aðeins eitt viðarknippi á eldstó verðbólgunnar. En binding vísitölunnar á ekki að vera byrði, nema meðan ástandið í efnahagsmálunum leitar jafnvægis.

Ýmsir tala um, að hægt sé að lækna dýrtíðina með því að lækka allt verðlag í landinu. En mér vitanlega hefur enginn lagt fram sundurliðaðar tillögur um, hvernig þetta ætti að gerast — eða gert sér grein fyrir, hvaða afleiðingar það hefði.

Framsfl. hefur nýlega gert samþykkt um þessi mál, en ekki verður séð, að flokkurinn hafi gert sér nokkra ákveðna grein fyrir, hvaða leið eigi að fara eða hvernig framkvæmdin á að vera. Yfirlýsingin er loðin, og flokkurinn ber kápuna á báðum öxlum. Mér vitanlega hefur hvorki hann né nokkur annar flokkur í þinginu lýst enn yfir því, hvaða aðgerðir þeir vilji hafa í þessum vandamálum þjóðarinnar eða hvernig þeir vilja leysa þau.

Framfærsluvísitala Norðmanna er 180, að vísu mikið niðurgreidd; okkar er 329 (líka niðurgreidd), og þyrfti því að lækka hana um nærri helming, til þess að við hefðum svipaðan framleiðslukostnað. Stærsti liður framleiðslukostnaðarins er vinnulaun, og til þess að geta lækkað þann lið, þótt ekki væri nema um þriðjung, þyrfti verðlag nauðsynja að lækka mjög verulega. Við þriðjungslækkun vinnulauna mundu innlendar afurðir lækka í verði sem svarar 32—35 vísitölustigum. Þó að þessi lækkun væri dregin frá lögfestu kaupvísitölunni 300, kæmist hún samt ekki nema niður í 265 stig til að byrja með. Að vísu mundi einhver lækkun koma frá öðrum liðum sem bein afleiðing. Þetta væri allsendis ófullnægjandi til þess að lækna verðbólguna og tryggja rekstur útflutningsframleiðslunnar. Auk þess mundi kauplækkun um þriðjung, án þess að mikil verðlækkun nauðsynja fylgdi, skapa harðrétti meðal almennings, meira en ýmsar aðrar ráðstafanir, frá því, sem nú er. Í því sambandi má benda á, að við ráðum ekki yfir verði á erlendum vörum og getum ekki lækkað það nema með miklum niðurgreiðslum.

Í sambandi við verðhjöðnunarleiðina er talað um að fella nýjar fasteignir í verði, skera niður bankainneignir, verðbréf o. fl. Þetta mundi að sjálfsögðu draga úr verðþenslunni, en mundi vafalaust orsaka hrun og ringulreið um langan tíma. Þess konar ástandi fylgir ætíð atvinnuleysi. Við megum líka vara okkur á því, að þótt sjúklingurinn þarfnist ýmissa læknisaðgerða, þá getur verið hættulegt að gera á honum holskurð áður en annað er reynt.

Menn ættu ekki að blekkja sjálfa sig á því, að verðlækkunarleiðin, eins og komið er, sé auðveld og einföld til afturbata. Sú leið er möguleg, en hún er bæði torfær og erfið, og verður ekki komizt fram úr henni nema landsmenn vilji taka á sig þungar byrðar, meðan ástandið leitar jafnvægis.

Menn verða að gera sér ljóst, að það er sama hvaða leið er farin til þess að lagfæra ástandið, — þær miða allar að einu og sama marki, þær hafa allar sömu afleiðingar að meira eða minna leyti, — að draga úr þeim lífskjörum, sem þjóðin hefur haft um nokkra stund, vegna þess að hún hefur lifað og lifir enn um efni fram. Hún eyðir meir en hún aflar. Nú er svo komið, að hún getur ekki haldið því áfram lengur.

Ég kem þá að fjórða atriðinu: Þær leiðir, sem ég hef þegar nefnt, miða að því að ná jafnvægi í efnahagslífinu. Ég álít, að þessar ráðstafanir séu nógu stórt skref til þess, að hægt sé með vissum skilyrðum að gefa innflutninginn frjálsan og afnema skömmtunina.

Hræðslan við það, að nokkuð sé slakað á höftunum, er orðin svo rík í huga margra manna, að það er eins og þeim finnist, að þjóðfélagið muni falla í rúst, ef nokkuð er fellt niður af þessum ráðstöfunum. Þessi móðursýkiskennda trú á höftin spinnur svo vef sinn fastar og fastar utan um þjóðina, án þess að nokkur gagnrýni eða skynsamleg hugsun komist þar að.

Innflutnings- og gjaldeyrismálin eru komin í slíkt öngþveiti, að ekki verður lengur við unað. Núverandi þunglamaleg skriffinnskuframkvæmd þessara mála liggur svo þungt á mönnum, að það verkar eins og hemill á hjól starfrækslunnar í landinu. Auk þess eru þessi mál að verða eitt aðalþrætuepli lýðræðisflokkanna og geta orðið til þess að sundra samvinnu þeirra, sem þjóðinni er nauðsyn, að geti haldizt, eins og sakir standa.

Ég vil láta gefa innflutninginn frjálsan með eftirfarandi skilyrðum:

1. Enga vöru má tollafgreiða, nema fyrir liggi yfirlýsing frá seljanda eða banka, að varan sé greidd. Háar sektir skulu liggja við, ef vara er flutt til landsins án þess, að hún sé greidd eða greiðsla tryggð.
2. Jafnframt sé ákveðið, að innflutningur á vissum vörutegundum sé alveg bannaður, og enn fremur, að gerð sé skrá yfir miður nauðsynlegar vörur, er háðar séu háum en mismunandi söluskatti, sem lækka má síðar eftir því, sem jafnvægi næst í efnahagsmálunum.
3. Gengi krónunnar sé lækkað, er nemur 25%. Útflytjendur fái umráð yfir og frjálsa ráðstöfun á 25% af gjaldeyri sínum.
4. Bankarnir starfræki sameiginlega „gjaldeyrisdeild", með 3 manna stjórn, eftir nánari fyrirmælum.
5. Verðlagseftirlitið verði gert einfaldara og starfrækt sem deild í viðskiptamálaráðuneytinu. Skömmtunarskrifstofan verði lögð niður. Fjárhagsráð gæti haldið áfram að starfa, en á öðrum grundvelli og með öðru erindisbréfi en nú er.

Þetta eru aðalatriðin í þeirri hugmynd að létta af mestu höftunum og losna við hin seigdrepandi áhrif þeirra. Að sjálfsögðu er margt í sambandi við þetta, sem ekki er hægt að taka fram í stuttri greinargerð og yrði að taka til meðferðar í einstökum atriðum við nánari undirbúning málsins. Þeir, sem eru hræddir við allt nema höft og ófrelsi, munu segja, að með þessu sé farið úr öskunni í eldinn. Ég vil í fyrsta lagi benda þeim á, að með þessu fyrirkomulagi er tryggt, að innflutt verður ekki annað en það, sem landsmenn geta greitt á hverjum tíma. Í öðru lagi, að með lækkuðu gengi krónunnar er dregið úr eftirspurninni um erlendar vörur. Í þriðja lagi er settur mikill hemill á innflutning miður nauðsynlegra vara með háum söluskatti til bráðabirgða, en ríkissjóði jafnframt tryggðar tekjur. Raunverulega má hindra innflutning eftir vild með slíku fyrirkomulagi, en það á aðeins að vera í gildi meðan efnahagsástandið er að ná jafnvægi. Meðan jafnvæginu hefur ekki verið náð og gjaldeyririnn svarar ekki til eftirspurnarinnar, verður að sjálfsögðu einhver aðili að hafa úthlutunina á hendi. Það starf á að vera hjá bönkunum og vera framkvæmt eftir einföldum og skynsamlegum reglum, með tilliti til þess, að nokkuð af gjaldeyrinum sé gefið til frjálsrar ráðstöfunar. Síðan höftin hófust hér 1931, hefur jafnan vofað yfir sú hætta, að gjaldeyrisnefndirnar gefi út miklu meiri gjaldeyrisleyfi en bankarnir geti sinnt. Þess vegna hefur verð skipuð „millibankanefnd" til þess að ráða bót á þeirri meinloku. Með því að láta bankana sjálfa bera ábyrgð á gjaldeyrisúthlutuninni, kemst þetta inn í heilbrigðari farveg.

Menn munu segja, að hér verði gjaldeyrishöft eftir sem áður. Það er rétt, en þau verða í allt öðru formi. Sá reginmunur verður á þessu og því, sem nú er, að nú eru höftin og þrýstingurinn á gjaldeyrinn alltaf að aukast, vegna þess að misræmið í efnahagsmálunum fer nú vaxandi með hverjum mánuði, en með því að breyta um stefnu og taka upp þær aðferðir, sem ég hef nú bent á, þá minnkar þrýstingurinn og misræmið hverfur smátt og smátt og þá um leið sú óhóflega eftirspurn um erlendan gjaldeyri, sem ekki hefur verið hægt að fullnægja. Um leið og ástandið fer að nálgast efnahagslegt jafnvægi, þá fjara gjaldeyrishöftin út raunverulega. Ástandið sjálft losar sig þá við höftin, í stað þess að nú vefur það höftunum fastar og fastar að sér. Það mundi verða eins og snælda, sem rekur ofan af sér bandið.

Ég er í engum vafa um, að hér mundi mikið breytast til batnaðar frá því ófremdar- og ófrelsisástandi, sem nú er, ef þessi háttur væri upp tekinn — og ástandið fengi smátt og smátt sjálft að leita jafnvægis á eðlilegan hátt. Ég geri ráð fyrir því, að komið verði með margs konar rök gegn þessum ráðstöfunum, en engin af þeim munu hagga þeirri staðreynd, að þetta er framkvæmanlegt og hyggilegt til úrlausnar því vandræðaástandi, sem nú er ríkjandi.

Ég ætla ekki að svo stöddu að fara nánar inn á þessa tillögu í einstökum atriðum, því að það yrði of langt mál.

Þá kem ég að síðasta atriðinu í sambandi við þingsályktunartillöguna. Það er ríkisrekstur atvinnufyrirtækja.

Vilji menn hlutdrægnislaust og með sanngirni líta á, hvernig verið hefur rekstur og afkoma þeirra atvinnufyrirtækja, sem rekin eru fyrir reikning ríkisins, getur engum dulizt, að full þörf er á að skoða ofan í kjölinn þá starfsemi hins opinbera. Reksturinn allur gengur meira og minna á tréfótum. Stjórn fyrirtækjanna hefur farið illa úr hendi. Aðhald og eftirlit af hálfu ríkisvaldsins hefur verið og er gersamlega ófullnægjandi. Árangurinn hefur svo orðið sá, að mestu af rekstrinum er haldið gangandi með milljónaframlögum af opinberu fé.

Ef Alþingi og ríkisstjórn telur sig hafa nokkra ábyrgð á opinberum rekstri gagnvart þjóðinni, þá er nú tími kominn til fyrir þessa aðila að endurskoða afstöðu sína til atvinnurekstrar ríkisins og gera þá skipun á þessum málum, sem hagsmunir þjóðarinnar krefjast.

Hvar sem menn standa í flokki, getur engum dulizt, að það er óráð og fásinna að láta ríkið reka með tapi og vansæmd þau atvinnufyrirtæki, sem félög eða einstaklingar geta rekið á eigin ábyrgð með hagnaði og sæmd. Þess vegna á ríkið nú að draga sig út úr þessum rekstri, sem ég hef áður nefnt, hætta beinum afskiptum, hætta að greiða stórfé sem tap vegna lélegrar ráðsmennsku og láta reksturinn í hendur annarra, sem bera ábyrgð á honum og kunna með hann að fara. Fyrirtæki eins og síldarverksmiðjur ríkisins ætti að endurskipuleggja frá grunni með það fyrir augum, að dregið sé úr íhlutun hins opinbera í rekstri þess og því komið á

tryggan grundvöll fjárhagslega og rekstrarlega. Stjórnarfyrirkomulag verksmiðjanna er mjög óheppilegt. Nú virðist svo sem þeir menn, er skipa stjórnina og hafa það starf í hjáverkum, beri aðallega ábyrgð á daglegum framkvæmdum og rekstri verksmiðjanna. Slíkt getur ekki blessazt til lengdar með stærsta atvinnufyrirtækið í landinu. Ég býst við, að nauðsynlegt væri, að sjávarútvegurinn í heild á vegum félaga og einstaklinga hefði meiri beinna hagsmuna að gæta í rekstri verksmiðjanna en nú er, en ríkið minni hagsmuna.

Sú reynsla, sem fengizt hefur hér á landi af opinberum rekstri, bendir til þess, að hættulegt geti verið að láta ríkið taka í sínar hendur nýjan stórrekstur, eins og framleiðslu á sementi og áburði. Ef nauðsynlegt er af fjárhagsástæðum, að ríkið sé þátttakandi í slíkum fyrirtækjum, þá á það að taka einkaframtakið og samvinnuhreyfinguna í félag við sig, þannig að ríkið hefði aldrei meira en helmingsráð í fyrirtækjunum. Þetta mundi tryggja hagkvæmari og ábyrgari framkvæmd en nú er í hreinum ríkisrekstri.

Ég hef nú leitazt við að sýna fram á, að rekstur ríkisins á atvinnufyrirtækjum er á þann veg, að það er ekki í þágu almennings, að slíkum rekstri sé haldið uppi á vegum hins opinbera.

Ég hef leitazt við að vekja athygli á, að íhlutun ríkisins á málefnum bátaútvegsins er gjaldþrotaleið, sem hverfa verður burt frá án mikillar tafar.

Ég hef leitazt við að sanna, að fjármálastefna hins opinbera hefur reist þjóðinni hurðarás um öxl og lagt á hana hlekki taprekstrar, hafta og skömmtunar, þess vegna sé lífsnauðsyn að breyta um stefnu og létta þessum drápsklyfjum af landsmönnum.

Ég hef einnig leitazt við að benda á, að það eru til leiðir út úr þessu vandræðaástandi, ef hugrekki er til að horfast gegn erfiðleikunum og beita þeim meðulum, sem sjúkdómurinn krefst.

Hver einasti þingmaður veit, að ástandið er að nálgast algert öngþveiti í opinberum fjármálum og ringulreið í efnahagslífinu. Þess vegna verður nú að leita inn á nýja leið og taka upp nýja stefnu. Við höfum undanfarið séð af ofrausn og fyrirhyggjuleysi, en uppskorið misræmi og mótsagnir í efnahagslífinu. Við getum ekki til lengdar með ríkisíhlutunarstefnu hlekkjað og mergsogið einstaklingsframtakið, á sama tíma og við byggjum uppistöðurnar í þjóðfélagsrekstrinum á fjármunum og framtaki einstaklinganna.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Tillaga sú, sem hér er til umræðu, er að því leyti sérstæð, að í raun og veru felur hún í sér vantraust á núverandi ríkisstjórn, þar sem hún fjallar um, að ríkisstj. skuli grípa til ráðstafana, sem eru í algerðri mótsögn við yfirlýsta stefnu hennar og þann málefnasamning, sem hún gerði, þegar hún tók við völdum. Verði þessi till. samþ., sé ég ekki betur en að hæstv. ríkisstj. verði að segja af sér, þar sem hún að sjálfsögðu gæti ekki rofið stjórnarsamninginn í mjög verulegum atriðum án þess að segja af sér. Og vissulega er það dálítið undarlegt form fyrir vantraust á hæstv. ríkisstj. að skora á hana að brjóta þann samning, er hún gerði, þegar hún tók við völdum. — En það er mál út af fyrir sig. Ef hv. 1. þm. Reykv. kýs að lýsa vantrausti á hæstv. ríkisstj. á þennan hátt, þá hann um það. Þessa vildi ég láta getið áður en ég tek að ræða þá stefnu, sem till. felur í sér, að upp skuli tekin.

Till. fjallar um það, að ríkið skuli hætta þeim afskiptum, sem það hefur nú af atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar. Liggur þá fyrst fyrir að gera sér grein fyrir, hver þessi ríkisafskipti eru, og skal ég rekja það í stuttu máli. Í fyrsta lagi ákveður ríkisvaldið gengi erlends gjaldeyris. Í öðru lagi annast það gjaldeyrisverzlun þjóðarinnar. Í þriðja lagi stjórnar það innflutningi og útflutningi að talsverðu leyti. Í fjórða lagi hefur það eftirlit með öllu verðlagi, í fimmta lagi annast það skömmtun nauðsynjavöru og í sjötta lagi stjórn á fjárfestingu landsmanna. Í sjöunda lagi rekur ríkið ýmis fyrirtæki, og í áttunda lagi hefur ríkisvaldið tekizt á hendur ábyrgð á útflutningsverði ýmissa afurða og greiðir útflutningsuppbætur á verð þeirra, auk þess sem það greiðir niður verð á ýmsum innlendum afurðum, einkum landbúnaðarvörum. — Það er vissulega rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að hér er um mjög mikil ríkisafskipti að ræða, — svo mikil, að það er eðlilegt, að menn furði sig á því, að þau skuli hafa verið tekin upp, þó að hér hafi sósíalistiskir flokkar aldrei verið í meirihlutaaðstöðu á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hvernig getur staðið á því, að þrátt fyrir þetta hafa svona víðtæk ríkisafskipti verið tekin upp? Sannleikurinn er sá, að aðstæðurnar á sviði atvinnu- og fjármálalífsins á undanförnum árum hafa knúið meiri hluta Alþingis til þess að gera þessar ráðstafanir vegna þess, að einkaframtakið hefur brugðizt eða hefur verið að bregðast, svo að ríkið varð að grípa í taumana. Skýringin á þessu fyrirbæri er sem sé sú, að einkaframtakið hefur með því að bregðast skyldum sínum knúið þá flokka, sem voru ríkisafskiptum andvígir, til þess að taka þau upp, en í þessu er líka fólgin skýringin á því, hvers vegna þessi ríkisafskipti hafa ekki farið einsvel úr hendi og æskilegt hefði verið. Ég skal nú stuttlega rekja, hvenær og hvernig þessi einstöku afskipti voru tekin upp.

Tekið var að ákveða fast gengi á erlendum gjaldeyri haustið 1925, en það var 1939, sem löggjafarsamkoman ákvað fyrst gengi erlends gjaldeyris. Fram að þeim tíma hafði gjaldeyrisgengið verið ákveðið af stjórn Landsbankans, og til 1925 hafði það verið haft breytilegt frá degi til dags. Framboð og eftirspurn var látin ráða genginu. Það var „frjáls" gjaldeyrisverzlun.

Það kom auðvitað í ljós, að þetta var slæmt ástand, sem leiddi til spákaupmennsku og hvers konar ringulreiðar í verðlagi innan lands, svo að Landsbankinn tók upp þá stefnu að festa gjaldeyrisgengið haustið 1925, og síðan hefur ekki verið um frjáls viðskipti í gjaldeyrisverzluninni að ræða. Það var hin frjálsa samkeppni, sem leiddi af sér þetta ástand, og síðan hefur verið talið sjálfsagt, að bankarnir og hið opinbera annaðist gjaldeyrisverzlunina.

Það var á árunum 1931—33, sem ríkisvaldið tók stjórn innflutningsins að verulegu leyti í

sínar hendur, og síðan hefur ríkisvaldið einnig tekið stjórn útflutningsins að talsverðu leyti í sínar hendur. Hvers vegna tók það að stjórna innflutningnum? Ef það hefði ekki verið gert, var fyrirsjáanlegt, að ekki yrði komizt hjá stórkostlegu verðfalli á íslenzku krónunni. Gjaldeyrishöftin eftir 1931 voru til þess að afstýra gengisfalli. Það tókst að koma í veg fyrir, að gengi íslenzku krónunnar lækkaði meira en gengi pundsins á því ári, en ætlunin var að láta íslenzku krónuna fylgja pundinu. Augljóst er, að ef innflutningshöftin hefðu ekki verið sett eftir 1931, hefði komið til skuldasöfnunar erlendis og svo mikillar, að þjóðin hefði verið lengi að losa sig úr þeim skuldaviðjum. Innflutningshöftin voru því tekin upp vegna þess, að einstaklingsframtakið og frjáls samkeppni á sviði innflutningsverzlunarinnar hefði leitt út í ógöngur. Þess vegna var ríkisvaldið knúið inn á þessa braut.

Verðlagseftirlit hefur verið hér síðan 1938, en var stóraukið á árunum 1943—45, í stjórnartíð hv. 1. þm. Reykv. Hvers vegna var verðlagseftirliti komið á 1938? Vegna þess að athugun, sem þáverandi ríkisstj. lét framkvæma, leiddi í ljós, að á undanförnum árum hafði orðið mikil verðhækkun á vörum innanlands, sérstaklega á ýmsum innfluttum nauðsynjavörum, og kom í ljós, að það var að skapast óeðlilegt bil milli verðlags innanlands og verðlags erlendis, sem færði verzlunarstéttinni óeðlilega mikinn hagnað. Hér er enn um það að ræða, að skipulag hinnar frjálsu samkeppni hefur brugðizt og knúið ríkisvaldið til afskipta.

Hvernig er svo með skömmtunina, sem tekin var upp í stríðinu, síðan aflétt að miklu leyti, en tekin upp aftur enn þá strangari fyrir tveimur árum. Skömmtunin var tekin upp í stríðsbyrjun, því að hefði ekki verið til hennar gripið, var fyrirsjáanlegt, að þær takmörkuðu vörubirgðir, sem fyrir voru, mundu dreifast óréttlátlega milli þegnanna. Skipulag hinnar frjálsu verzlunar hefði ekki verið fært um að annast réttláta vörudreifingu, og þegar fór að bera á vöruþurrð vegna gjaldeyrisskorts eftir stríðið, var skömmtun enn tekin upp til þess að koma í veg fyrir, að skipulag frjálsrar samkeppni hefði ranglátar afleiðingar í för með sér.

Ríkið stjórnar fjárfestingu landsmanna, og eru tvö ár síðan það tók í sínar hendur yfirstjórn þessara mála. Ástæðan var sú, að ástandið í fjárfestingarmálunum var þannig, að hin frjálsa samkeppni á vinnumarkaðinum og í fjárfestingarstarfseminni hafði leitt til þvílíkrar ringulreiðar og skipulagsleysis, að beinn voði var fyrir dyrum. Og það var til þess að koma í veg fyrir algeran glundroða í fjárfestingarmálunum, sem haft hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar m. a. fyrir gjaldeyrisaðstöðuna, að óhjákvæmilegt var að grípa til slíkrar stjórnar á fjárfestingarmálum þjóðarinnar. Hér var það enn sem fyrr, að einkaframtakið og hin frjálsa samkeppni var að leiða slíka ringulreið yfir þjóðarbúið, að grípa varð til gagnráðstafana og ríkið að tryggja sér úrslitaáhrif og skilyrði til heildarstjórnar.

Nú rekur ríkið fyrirtæki, svo sem bankana, sem ég hygg, að enginn muni mæla með, að væru reknir af einstaklingum. Einnig má nefna síldarverksmiðjurnar, sem ríkisvaldið rekur, og vita allir, hvernig á því stendur, að ríkið hóf þann rekstur 1928. Það var vegna þess, að hér var um svo fjárfrekan rekstur að ræða, að ekki var talið viðlit, að einstaklingar gætu efnt til hans í nægilega stórum stíl á þeim tíma. Og á því er enginn vafi, að ef ríkisvaldið hefði ekki haft þarna forustuna, væri síldariðnaðurinn ekki jafnþýðingarmikill fyrir okkur og hann er, og það er engum vafa bundið, að íslenzki síldariðnaðurinn væri nú ekki fullkomnasti síldariðnaður í heimi, ef ríkisvaldið hefði ekki haft forustuna á þessu sviði.

Um einkasölurnar er það að segja, að þótt bæði áfengisverzluninni og tóbakseinkasölunni hafi verið komið á í andstöðu við flokk hv. 1. þm. Reykv., held ég, að enginn mundi mæla með því nú, að hagnaður af verzlun með slíkar vörur rynni í vasa einstaklinga.

Að síðustu er svo þess að geta, að ríkisvaldið hefur í tvö ár tekið ábyrgð á útflutningsverði ýmissa afurða, og er alkunna, hvaða ástæður liggja til þess, að ríkissjóður tókst á hendur þessar ábyrgðargreiðslur. Hefði ríkisvaldið ekki gripið til þessara ráðstafana, var fyrirsjáanlegt, að bátaflotinn mundi stöðvast á vetrarvertíðinni 1947, því að hefði ríkissjóður ekki tekið ábyrgð á útflutningsverðinu, vofði yfir bein rekstrarstöðvun í einum þýðingarmesta atvinnurekstri landsmanna. Og hið sama hefur átt við um ýmis önnur einkafyrirtæki. Þau hafa neitað að starfa, af því að þau hafa talið halla á rekstrinum, hafa neitað að gegna skyldu sinni við þjóðfélagið, svo að ríkið hefur orðið að hlaupa undir bagga til þess að koma í veg fyrir, að allt færi í kaldakol. — Sama er að segja um niðurgreiðsluna á landbúnaðarafurðum. Hefði ekki ríkissjóður tekið þessa stefnu, hefði skollið á ógurleg verðbólga, sem hefði stofnað gjaldeyrisgenginu í beinan voða.

Ég hef þá rakið nokkuð, hvenær hin einstöku ríkisafskipti voru tekin upp og hvers vegna. Og það sést alls staðar, að ríkisafskiptin hafa verið tekin upp vegna þess, að skipulag hinnar frjálsu samkeppni hefur brugðizt eða verið að bregðast, og til þess að forða hinu „frjálsa“ atvinnu- og fjármálalífi frá yfirvofandi hruni. Og á því er enginn vafi, að það kæmi nú til hruns, ef horfið væri frá þessum ríkisafskiptum. Eða meinar hv. 1. þm. Reykv. í alvöru, að nú eigi að hverfa algerlega frá öllum þeim afskiptum, sem ríkið hefur nú af atvinnulífi landsmanna? Hann hefur lýst því yfir í ræðu sinni, að hann treysti sér ekki til að láta innflutninginn vera algerlega frjálsan, og mér skildist hann viðurkenna líka, að verðlagseftirlit væri nauðsynlegt. Aftur á móti taldi hann skömmtun ekki nauðsynlega og lét ósagt, hvort hann teldi opinbera stjórn á fjárfestingarmálunum nauðsynlega eða ekki. Á þessu sést, að jafnvel ekki hv. 1. þm. Reykv., sem ég held að sé róttækasti verjandi einstaklingsframtaksins á hv. Alþingi, — að jafnvel hann treystir sér ekki til þess að mæla með því skipulagi algerlega hreinu og ómenguðu.

Ég álít það m. a. sönnun fyrir nytsemi ríkisafskiptanna, að þeim er nú ekki haldið við fyrir atbeina fylgjenda áætlunarbúskapar eða jafn-

aðarstefnu einna, heldur með tilstyrk algerra andstæðinga áætlunarbúskapar og jafnaðarstefnu, enda hafa kringumstæðurnar neytt þessa andstæðinga til þess, þar sem skipulag hinnar frjálsu samkeppni hefur brugðizt og mundi bregðast, ef reynt yrði að treysta á það á ný. Ég vil þó taka fram, að ég tel framkvæmd ríkisafskiptanna hér á ýmsum sviðum engan veginn gallalausa, og get tekið undir það, að henni sé í ýmsum atriðum ábótavant. Víða er ekki nógu góð stjórn á ríkisfyrirtækjum og sums staðar sukk og óreiða. En slíkt er ekkert einkenni á ríkisafskiptum eða ríkisrekstri. Eða þekkir hv. 1. þm. Reykv. ekkert dæmi um sukk eða óreiðu hjá einkafyrirtækjum? Hv. þm. talaði eingöngu um sukk og óreiðu hjá opinberum fyrirtækjum, en hann kannast þó víst við, að t. d. gjaldþrot eru ekki ótíð hjá einkafyrirtækjum og það meira að segja sviksamleg gjaldþrot. Hann hlýtur að kannast við, að alls konar fjársvik eru ekki sjaldgæf hjá einkafyrirtækjum. Hann hlýtur að kannast við, að einkareksturinn hefur á ýmsum sviðum gerzt brotlegur við landslög. Hann hlýtur að kannast við gjaldeyrisbrot og hin stórfelldu verðlagsbrot, sem framin hafa verið innan einkarekstrarins. Ef léleg framkvæmd á rekstri sumra ríkisfyrirtækja sannar fánýti ríkisrekstrar, hversu miklu fremur sanna þá ekki hin stórfelldu gjaldþrot og fjársvik fánýti einkarekstrar? Sannleikurinn er sá, að þetta sannar auðvitað ekkert til eða frá um fánýti einkarekstrar eða ríkisrekstrar. En höfuðröksemd hv. 1. þm. Reykv. gegn ríkisrekstri var sú, að mikil óreiða og óstjórn ætti sér stað innan þeirra stofnana. — Ég held, að ástæðan til þess, að ríkisafskipti hafa ekki farið vel úr hendi hér sé sú, að stjórn þeirra hefur ekki verið í höndum manna, sem trúðu á ríkisafskipti. Ríkisafskiptunum hefur verið neytt upp á stjórnarvöldin, og stjórnarvöldin hafa framkvæmt þau nauðug og venjulega til bráðabirgða og án þess að hafa nokkra trú á þessari lausn þeirra viðfangsefna, sem um hefur verið að ræða. Ég held, að þetta sé skýringin á því, að ríkisafskipti hafa ekki farið hér eins vel úr hendi á öllum sviðum og vera ætti. Aðalskilyrðið fyrir því, að slíkar ráðstafanir beri árangur, er það, að þeir, sem framkvæma þær, trúi á þær. Það er það, sem vantar hér, eins og eðlilegt er, þar sem stærsti flokkurinn, sá, sem á mestan þátt í framkvæmd ríkisafskiptanna, er yfirleitt andstæður öllum áætlunarbúskap.

Svo að ég víki að því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um fjármálastefnu ríkissjóðs á undanförnum árum, þá er ég honum sammála um margt, sem hann sagði um þau mál, þó að ég vilji ekki draga af því sömu ályktanir og hann. Það er rétt, að fjármálastefna stríðsáranna og áranna eftir stríðið hafi verið sannkölluð fjárglæfrastefna, þó að ég muni ekki fjalla nánar um það í þessari ræðu. En hverjir bera ábyrgð á þeirri fjármálastefnu, sem fylgt var á stríðsárunum og eftir stríðið? Það er Sjálfstfl., sem hefur stjórnað fjármálum ríkisins síðan 1939, og þingmaðurinn var sjálfur fjármálaráðherra í tvö ár í stríðinu. Þessi hv. þm. sagði ekki af sér ráðherradómi, þegar hann fékk ekki að móta fjármálastefnu ríkisvaldsins. Hann sat í embætti, þangað til hann var látinn fara úr því af flokki sínum. Ég held, að það sé rétt, að hægt sé að gagnrýna á ýmsan hátt fjármálastefnu ríkisvaldsins undanfarin ár, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði í hinni löngu ræðu sinni. En við verðum að gera okkur ljóst, og hv. þm. líka, að gagnrýni á fjármálastefnu ríkisvaldsins á stríðsárunum og eftir stríðið er fyrst og fremst gagnrýni á Sjálfstfl., hans eigin flokk, og meira að segja líka gagnrýni á hv. þingmann sjálfan, því að vissulega verður hann að bera ábyrgð á þeirri fjármálastefnu, sem fylgt var, meðan hann sat í ráðherrastóli, fyrst hann sagði ekki af sér ráðherradómi vegna ágreinings um þessa fjármálastefnu. *(BÓ: Ég sagði af mér vegna ágreinings við þingið um fjármálastefnuna.)* Hv. þm. eða stjórn hans lagði fram á sínum valdatíma ýmsar tillögur um lausn á dýrtíðarmálunum svo kölluðu, sem sumpart náðu fram að ganga, en þó ekki allar. Hv. þm. getur því ekki sagt, að hann hafi ekki sem fjmrh. átt verulegan þátt í þeim ráðstöfunum, sem gripið var til í dýrtíðarmálunum, meðan hann var fjmrh., og hann hlýtur að teljast meðábyrgur fyrir þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru, meðan hann sat í embætti fjmrh.

Til þess að stytta mál mitt skal ég láta hjá líða að ræða þær till., sem hv. 1. þm. Reykv. bar fram í síðasta hluta ræðu sinnar. Ég sé ekki, að þessi till. gefi tilefni til allsherjarumræðna um dýrtíðarmálin í heild. En ég vil þó vekja athygli á því, að það er í fyrsta skipti nú í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að lagt er til hér á hv. Alþingi, að gengi íslenzku krónunnar sé lækkað, og er það út af fyrir sig mjög athyglisvert, en um tillögur hans yfirleitt er það að segja, að megineinkenni þeirra er, að það er gert ráð fyrir lausn vandamálanna með einhliða fórn launþeganna í landinu. Í till. hv. þm. er hvergi gert ráð fyrir fórnum af hálfu hinna ríku. Ekkert er í þeim um að bæta úr skipulagsleysinu í innflutningsverzluninni og ekki gert ráð fyrir neinum ráðstöfunum gegn braskinu, sem þróast hér innan lands í fjármálum og viðskiptum, og ekki er gert ráð fyrir að draga neitt úr gróðanum, sem stöðugt safnast á hendur fjárplógsmanna. Þetta eru hreinar íhaldstillögur, það, sem stungið er upp á, er hrein íhaldslausn á vandamálum dýrtíðarinnar. Ég álít, að engar till. um lausn dýrtíðarvandamálanna, sem ekki leggja meginbyrðarnar á þau bök, sem breiðust eru, engar till., sem ekki miða að því að bæta ófremdarástandið í viðskiptamálunum, engar till., sem er ekki stefnt gegn braski og fjármálaspillingu, geti talizt réttlátar eða skynsamlegar.

Að síðustu vildi ég segja þetta: Þó að ég sé ósammála og andvígur þeirri meginstefnu og þeim anda, sem fram kemur í till. hv. 1. þm. Reykv., þá álít ég samt gott, að þessi till. skuli hafa komið fram, vegna þess að það er gagnlegt, að þessi mál séu rædd í heild, og það er mjög gott að ræða þessi mál við hv. 1. þm. Reykv. Hann sýnir það í till. sinni, að hann er hreinn íhaldsmaður, og hann játar það hreinskilnislega. Jafnróttæk andstaða við ríkisafskipti og felst í hans till. er hrein íhaldsafstaða, og það, hve eindregið hann játar íhaldsstefnuna, er mjög virðingarvert, því að við höfum nóg af

íhaldsmönnum, sem eru alltaf öðru hverju að klæða sig frjálslyndiskápu, þótt íhaldsbuxurnar standi að vísu jafnan niður undan kápunni; en þessi hv. þm. heldur óhikað fram sinni íhaldsskoðun og umbúðalaust, og það er miklu ánægjulegra að tala við slíka menn en hina með kápuna á öxlunum. Hann hefur einnig grundvallarþekkingu á fjármálum og skilning á núverandi ófremdarástandi þeirra mála, enda studdist hann í ræðu sinni talsvert við hina gagnmerku skýrslu um fjármálaástandið, sem Landsbankinn hefur nýlega sent þingmönnum sem trúnaðarmál. Ég er honum vissulega ekki sammála um skýringarnar á þessu ástandi og dreg af því aðrar ályktanir en hann, en það er skoðanamunur. Ég vil því endurtaka, að þótt ég sé ósammála meginstefnu till., þá tel ég gott, að hún skuli hafa komið fram, að því leyti, að hún gefur tilefni til rökræðna um þau vandamál, sem nú er þjóðarnauðsyn, að séu rædd af viti og fundin lausn á.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið alllangt síðan þetta mál var til umr. hér síðast, en ég hafði þá kvatt mér hljóðs, bæði vegna þess, að í till. sjálfri, sérstaklega greinargerðinni, sem henni fylgdi, og í ræðu hv. flm. hefur komið fram nokkur gagnrýni á tvö fyrirtæki, sem undir mitt rn. heyra, og enn fremur vegna þess, að ég vildi um leið segja nokkur orð um málið almennt.

Hv. þm. skiptir efni till., sem hér um ræðir, í þrennt. Í fyrsta lagi er hún um ríkisrekstur og beinan atvinnurekstur ríkisins. Í öðru lagi um afskipti ríkisvaldsins af atvinnurekstri landsmanna og í þriðja lagi um fjármálastefnu hins opinbera, sem hann taldi, að leitt hefði til geigvænlegrar verðbólgu, taprekstrar, hafta, skömmtunar, athafnaskerðingar o. s. frv., með stórum orðum, sem hv. þm. hafði í ræðu sinni um þetta efni.

Ég skal nú í þeim fáu orðum, sem ég segi hér, reyna að hafa þann hátt á að svara nokkurn veginn í sömu röð eins og hann flutti sitt mál, og byrja þá á þeim ríkisreknu fyrirtækjum, sem hann taldi vera rekin heldur linlega og vera til viðvörunar, að mér skildist, og þar með þau tvö, sem mig snerta og ég skal koma sérstaklega að síðar.

Um hin ríkisreknu fyrirtæki almennt skal ég segja það, að þau eru sjálfsagt öll sett á stofn þannig, að það er ekki gert vegna áhuga þeirra, sem stofnsettu þau, fyrir ríkisrekstri eða þjóðnýtingu almennt, að þessum ríkisrekstri hefur verið komið á, heldur hefur það verið gert vegna þess, að það hafa ekki, þegar þau eru sett á stofn, verið aðrar leiðir taldar heppilegri af þeim mönnum, sem því réðu, en þessi ríkisrekstrarleið. Það gefur auga leið með það, að Alþfl. og Kommúnistafl. samanlagt hafa ekki haft bolmagn eða atkvæðamagn til að koma í gegn ríkisrekstri á Alþ., sem þeir kannske mundu vilja vegna sinna sérstöku stjórnmálaskoðana. Það er annað, sem liggur því til grundvallar, að þessi ríkisrekstur hefur verið tekinn upp. Það er í fyrsta lagi, að mínu viti, að þessi fyrirtæki mörg hafa verið það fjárfrek, að einstaklingar hafa ekki fengizt til þess að leggja í þau fé og beinlínis ekki haft getu til að leggja fram það fé, sem þurft hefur til þess að koma þessum fyrirtækjum upp. Í því sambandi má t. d. nefna síldarverksmiðjur ríkisins, sem að vísu hafa að nokkru leyti verið reknar af einstaklingum, en að tiltölulega litlu leyti nú síðustu árin. Þegar fyrst var stofnað til síldarverksmiðja ríkisins hér á landi af Íslendingum, var það ekki talið öðrum kleift en því opinbera, og þess vegna er þetta yfir á hendur ríkisins komið, en ekki út af fyrir sig af tilhneigingu til þess, að fyrirtækið ætti í sjálfu sér að vera ríkisrekið. Það er m. ö. o. vegna þess, að Alþ. hefur á þeim tíma, þegar fyrirtækið hefur verið stofnað, ekki fundið neitt heppilegra form en þetta til að reka það með. Alveg það sama gildir um tunnuverksmiðju ríkisins og önnur hliðstæð fyrirtæki, það er stofnað til þess vegna þess, að það hafa ekki fengizt einstaklingar til þess að standa fyrir þessum rekstri í nægilega stórum stíl, til þess að reksturinn gæti gefið þá raun, sem ætlazt var til Það hefur verið bent á um hvort tveggja þessara fyrirtækja, að þau hefðu ekki skilað þeim rekstrarhagnaði, sem búizt hefði verið við upphaflega, tunnuverksmiðjan hefði skilað tapi og síldarverksmiðjur ríkisins hefðu safnað skuldum. Ég efast um það og er í raun og veru ekki í nokkrum vafa um það, að einstaklingar, sem hefðu stofnað til þessa rekstrar, hefðu ekki skilað betri útkomu, vel að merkja ef til fyrirtækisins hefði verið stofnað undir svipuðum kringumstæðum og gert var. Að vísu skal ég viðurkenna það, að við stofnsetningu síðustu síldarverksmiðju ríkisins hafa orðið allmikil mistök, sem ekkert frekar hafa orðið fyrir þá sök, að um þjóðnýtt fyrirtæki er að ræða, heldur vegna þess, að þeir menn, sem voru í forsvari þar, virðast ekki hafa verið starfi sínu vaxnir, og slíkt mun vissulega geta komið fyrir, þó að um einkafyrirtæki sé að ræða.

Þá skal ég með örfáum orðum minnast á þau tvö fyrirtæki, sem að mér snúa persónulega, en það er sérleyfisrekstur ríkisins og ferðaskrifstofa ríkisins. Því hefur verið haldið fram hér við fjárlagaumr., og eins vitaskuld af hv. flm. þessarar till., að þessi sérleyfisrekstur væri rekinn á þann hátt, að ríkissjóður hefði óeðlilega mikið tjón af rekstrinum og ætti því að losa sig við hann. Mér er nú kunnugt um það, að þeir sérleyfishafar yfirleitt, sem stundað hafa þennan atvinnuveg á ýmsum leiðum hér á landi, og þeir eru heil legió, liggur mér við að segja, hafa undanfarin ár, 1947—48, átt við að stríða rekstrarörðugleika, vegna þess að fargjöldum þeirra hefur verið haldið niðri af ástæðum, sem öllum hv. þm. eru kunnugar, og sérstaklega þeim ástæðum, að ríkisstj. hefur viljað reyna að halda niðri verðlaginu í landinu. En ég fullyrði það, að þeir sérleyfishafar, sem bezt hafa rekið sínar leiðir, hafa ekki náð neitt verulega betri árangri en sérleyfisrekstur ríkisins hefur náð.

Ég fer ekki út í það að rökstyðja þetta með tölum hér nú, en ég mun ef til vill gera það síðar, þegar ég hef safnað ýtarlegri upplýsingum um þessi mál. Ég læt mér nægja það að þessu sinni að slá því föstu, að þeir sérleyfishafar, sem rekið hafa sína starfsemi hliðstætt við ríkið, hafa ekki fjárhagslega betri afkomu en sá rekstur, sem ríkið hefur haft með höndum. Ég vil líka benda á það, hvernig til þessa atvinnurekstrar upphaflega var stofnað. Það var ekki þessi stj., sem nú situr, sem tók upp þennan rekstur, ekki fyrrverandi stj. heldur. Hver var það, sem tók hann upp? Það var sú stj., sem hv. tillögumaður og flm. átti sæti í, svo að hann sjálfur, hv. 1. þm. Reykv., er upphafsmaður að því, að hér er rekinn sérleyfisrekstur á vegum ríkisins. Hann flutti á Alþ. 1944 frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Það er lagt fram sem stjfrv., ekki af einstökum ráðh., heldur af ríkisstj. allri, og er þess vegna borið fram af sjálfum flm. till., sem þá var viðskmrh., en í þessum l., í 1. gr. þeirra, er því í fyrsta sinn slegið föstu, að ríkið skuli taka að sér sérleyfisrekstur bíla, en þar stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvmrn. er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa."

Og í grg. frv. stendur enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu ári tók hið opinbera að forminu til í sínar hendur rekstur á einni af aðalsérleyfisleiðum landsins, og hefur það gefið góða raun." Nú vil ég biðja hv. 1. þm. Reykv. að taka eftir: „Með tilliti til þessa og þar sem gera má ráð fyrir, að að því verði stefnt í framtíðinni, að ríkið taki í sínar hendur meira af sérleyfisakstrinum, þykir ekki ástæða til, að sérleyfishafar kjósi nema tvo menn í nefndina í stað þriggja eins og nú er." M. ö. o., þessi hv. þm., 1. þm. Reykv., sem nú er að leggja til, að þessi sérleyfisakstur verði lagður niður, hann bar sjálfur fram frv. á Alþ. fyrir 5 árum um það, að þessi rekstur yrði tekinn upp. Hann var þá ekki að leggja til, að slíkur rekstur yrði tekinn upp á einni einstakri leið, nei, hann lagði þá til og segir í grg. fyrir frv., að gera megi ráð fyrir, að þessi sérleyfisakstur muni aukast í framtíðinni. Hv. þm. talaði oft um ofrausn og sjúklega ofrausn í sinni ræðu, en er það nú ekki sjúkleg ofrausn að koma hér með sitt eigið afkvæmi og biðja Alþ. að koma því fyrir kattarnef? Ég er ekki að ásaka hv. 1. þm. Reykv. fyrir það, að hann hefur borið fram þetta frv. á árinu 1944. Það vill nefnilega þannig til, að hann er í allt annarri aðstöðu nú en hann var þá. Þá var hann ráðh. með ábyrgð og gerði sér grein fyrir hlutunum samkvæmt því. Nú er hann venjulegur þm. og finnst hann ekki þurfa að taka eins mikið tillit til hlutanna og hann þurfti að gera þá, og ég geri ráð fyrir því, að afstaða hans mótist samkvæmt þessu. M. ö. o., þegar einstaklingshyggjumaðurinn Björn Ólafsson, hv. 1. þm. Reykv., er kominn út í sinn „business" og hættur að vera ráðh., talar hann um að leggja niður opinberan rekstur fyrirtækja, en þegar hann er í ráðherrastólnum og á að bera ábyrgð samkvæmt því, sér hann ekkert annað betra en að láta þessi fyrirtæki, sem hann nú vill leggja niður, vera rekin af því opinbera. Skyldi yfirleitt finnast nokkur betri sönnun fyrir því, að opinber rekstur er ekki alveg út í loftið, heldur en þetta, að þegar svona harðsvíraður einstaklingshyggjumaður og einkarekstrarmaður kemst í þá aðstöðu að bera ábyrgð á hlutunum, þá sér hann ekki annað ráð betra til þess en að taka þá í opinberan rekstur?

Ég viðurkenni, að það hefur verið illa búið að þessum rekstri frá öndverðu, því að til hans var stofnað í svo miklum fljótheitum af hv. 1. þm. Reykv., að ekki var séð fyrir neinu rekstrarfé eða stofnfé, til þess að þessi rekstur gæti gengið á sæmilegan hátt. Vagnarnir, sem keyptir voru, voru keyptir frá póstsjóði og hann látinn lána fé til þess, en því verður ekki neitað, að reksturinn hefur liðið við það, að hann hefur aldrei fengið stofnfé og ekki heldur greitt hallann, þegar um hann hefur verið að ræða. Þetta hefur orðið til þess, að hv. þm. Barð. hefur komið og borið mig allra handa aðdróttunum út af þessum rekstri, sem fá hvergi staðizt. Ég vil nota þetta tækifæri til að benda á, að þessi síður var innleiddur af hv. 1. þm. Reykv. eða hans stj. og hefur í engu verið breytt síðan. Ég viðurkenni, að það hefði verið æskilegt, að það hefði verið annað form á rekstrinum og hann fengið meira fé til ráðstöfunar. Máske er hægt að breyta því enn og tryggja reksturinn, en það er gaman að bera saman hér hv. 1. þm. Reykv. sem venjulegan þm. og sem ráðh.

Annar flokkur ríkisrekstrarfyrirtækja er sá, sem fyrirsjáanlegt er, að hlýtur að verða rekinn með tapi, m ö. o., það er þjónusta án þess, að nokkurt gjald sé tekið fyrir. Hv. þm. fór í sinni ræðu allmikið út í rekstur ferðaskrifstofu ríkisins og vildi segja, að hennar rekstur væri ekki í góðu lagi, þannig að það hefði mátt sjá betur fyrir þeirri starfsemi, ef einstaklingar hefðu haft hana með höndum. Ég veit ekki, hvað fyrir hv. þm. vakir með þessari aths. sinni, því að hann veit það vel, að ýmis þjónusta, sem ferðaskrifstofan beitir sér fyrir, er veitt og það er kostað til hennar allmiklu fé, án þess að nokkurt gjald sé tekið fyrir, svo sem að auglýsa landið, útgáfa pésa og bæklinga og auglýsingar af ýmsu tagi. Til þessarar starfsemi er kostað miklu fé í því skyni að hæna fólk til landsins og kynna útlendingum landið, og er engin von, að ferðaskrifstofan fái þann kostnað upp borinn beinlínis. Hins vegar get ég upplýst hv. þm. um það, að sá atvinnurekstur, sem ferðaskrifstofan hefur beinlínis tekið að sér, hefur staðið undir sér og vel það. Ferðaskrifstofan hefur rekið ýmsa starfsemi, hefur annazt sölu minjagripa, séð um hópferðir, tekið að sér afgreiðslu sérleyfisbíla og ýmiss konar þess háttar starfsemi, þar sem fé er greitt fyrir, og öll þessi starfsemi skrifstofunnar stendur undir sér. Þá er einn rekstur enn hjá ferðaskrifstofunni, sem er nýr og líka stendur undir sér, og það er nógu gaman að athuga hann. Þegar búið var að loka flugvallarhótelinu, var ferðaskrifstofan neydd til að taka að sér rekstur þessa hótels án þess að óska eftir því. Það var ekki hægt að horfa

upp á, að hótelinu væri lokað, meðan vantaði hótel í bænum. Þess vegna var ferðaskrifstofan fengin til að annast þennan rekstur, meðan enginn annar vildi gera það. Hún tók reksturinn að sér með þeim árangri, að nú í fyrsta sinn síðan Íslendingar tóku við þessum rekstri, þá ber hann sig.

Ég held, að það sé óþarft að fara um þetta fleiri orðum. Þessi tvö fyrirtæki, sem ég hef nefnt, eru engan veginn sönnun fyrir málstað hv. þm., heldur miklu frekar sönnun fyrir því gagnstæða, og þó er þessi rekstur yfirleitt rekstur, sem einstaklingar hafa ekki viljað taka að sér, en ríkið hefur orðið að taka að sér í neyð, af því að aðrir hafa ekki fengizt til þess. Þannig er að vissu leyti stofnað til sérleyfisaksturs ríkisins, rekstrar ríkisins á flugvallarhótelinu og ýmissar annarrar starfsemi, sem ríkið hefur orðið að taka að sér, af því að aðrir hafa ekki viljað gera það, og líklegt er, að ríkið hafi þar ekki lent á arðsamasta atvinnurekstrinum nema síður sé, það hefur yfirleitt lent á þeim rekstri, sem aðrir hafa ekki viljað líta við, en ekki þótti fært að fella niður.

Af því að nokkuð hefur verið talað hér um ríkisrekstur almennt, þá get ég ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi til að bera saman einkarekstur og opinberan rekstur, en það er olíuskipið Þyrill, sem ríkið á og rekur, en sagan af því er alllærdómsrík. Ríkissjóður eignaðist þetta skip með öðru setuliðsgóssi, sem það keypti eftir stríðið. Olíufélögin, sem þá voru starfandi hér, Olíuverzlun Íslands og Shell, höfðu hvort um sig skip til olíuflutninga kringum land, Shell hafði Skeljung og Olíuverzlun Íslands leiguskip. Þau voru spurð, hvort þau vildu eignast þetta skip. Bæði sögðu að athuguðu máli, að þau vildu ekkert hafa með skipið að gera. Þá var farið að leita fyrir sér um sölu á skipinu til útlanda. Sölunefnd setuliðseigna hafði einhverja von um að geta selt það til útlanda fyrir um eina milljón norskar krónur. Þá rétt um sama leyti vildi svo til, að olíuflutningaskip annars olíufélagsins strandaði. Þá gekk ég í það að neita um að veita útflutningsleyfi fyrir þetta skip til útlanda. Varð þá úr, að ríkissjóður tók að sér að reka skipið og hefur annazt það síðan. Og hver hefur útkoman orðið á rekstri þessa skips, sem olíufélögin vildu ekki taka að sér og leit út fyrir um tíma, að væri ekki hægt að halda í landinu, og hefði verið selt til útlanda, ef ekki hefði verið beitt harðræði? Niðurstaðan hefur orðið sú, að það hefur verið hægt að lækka fragtirnar meðfram ströndum landsins um eina milljón króna, og skipið hefur skilað upp undir það sömu upphæð í tekjur. Þetta er dæmi um rekstur ríkisins, sem var þrengt upp á ríkissjóð, af því að olíufélögin höfðu ekki sinnu á að taka við honum, ég veit ekki hvers vegna. Þau hafa sjálfsagt ekki gert sér grein fyrir, um hvað hér var að ræða, en svona er niðurstaðan eftir eins árs rekstur. M. ö. o., ef ekki hefði verið gripið í taumana og ríkissjóður hefði ekki tekið að sér rekstur þessa skips, þá hefði skipið verið látið fara úr landi. Það hefði fengizt í bili ein milljón króna í erlendum gjaldeyri, þó þannig, að olíufélag, sem starfaði hér, hefði orðið að fá nýtt skip. Þar að auki var það svo, að þeir taxtar, sem olíufélögin höfðu fengið samþykkta af verðlagsyfirvöldunum og gert grein fyrir, að þau þyrftu að fá, voru svo ríflegir, að þegar það opinbera tók að sér þennan rekstur, var hægt að lækka taxtana um eina milljón og hagnaður samt upp undir það sama upphæð á einu ári. Þetta sýnir, að það er ekki alltaf til hins verra, að það opinbera hafi afskipti af atvinnurekstri.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta, en ég tel, að bæði þau dæmi, sem hv. flm. þessarar till. hefur dregið fram til að sanna, að rekstur hins opinbera eigi ekki rétt á sér, séu að meiri hlutanum til gripin úr lausu lofti og sanni ekki það, sem hann ætlar þeim að sanna. Hins vegar vil ég segja, að ég tel, að mér hafi tekizt að nefna dæmi sem sýna, að ríkisrekstur getur stundum orðið til að spara almenningi fé og veita ríkissjóði tekjur.

Ég skal nefna eitt dæmi enn um opinberan rekstur, sem bendir ekki í þá átt, sem hv. þm. vill vera láta. Það er bæjarrekstur togara. Fyrir nærri því tuttugu árum byrjuðu bæjarfélög að gera út togara. Bæjarfélögin byrjuðu út úr neyð, af því að einstaklingarnir höfðu dregið sig í hlé, þegar þeir græddu ekki nóg. Það var ekki talað um, að þeir þyrftu að sjá fyrir fólkinu, sem var atvinnulaust. Út frá því sjónarmiði var hafizt handa um bæjarútgerð árið 1931. Ég skal viðurkenna, að á þeim erfiðu árum gaf hún nokkurt tap, sem var ekki óeðlilegt, því að þá var ekki hægt, eins og afurðasölu og rekstri var háttað, að gera út, svo að nokkrar líkur væru fyrir fjárhagslegum ávinningi af rekstrinum, en þeir, sem stofnuðu til þessa rekstrar, töldu samt ávinning fyrir bæjarfélagið í heild að halda uppi þessum rekstri, þó að hann sýndi lítils háttar reikningslegt tap, því að með honum skapaðist atvinna í bænum og þjóðarbúinu tekjur, sem annars hefði ekki verið aflað. Síðar sýndi sig, þegar önnur útgerðarfélög komust af, þá græddi þessi starfsemi ekki síður en einkafyrirtækin og hefur síðan orðið bæjarfélögunum stoð og stytta um langan tíma. Og hér þarf ekki að taka minn vitnisburð einan, því að móti. Fjölda margir aðrir geta þar borið vitni. Það vitnið, sem þar ber hæst, er íhaldsbæjarstjórnarmeirihluti Reykjavíkur. Hann hefur fundið sig til knúðan að taka upp slíkan rekstur og ekki getað komizt hjá því, og fjöldi bæjarfélaga hefur komið upp hjá sér slíkum bæjarrekstri og gert það með sæmilega góðum árangri, sum með gróða. Það er jafnvel svo, að meiri hluti bæjarstjórnar Reykjavíkur, einstaklingshyggjumenn, hafa ekki séð sér fært að spyrna móti broddunum og láta einstaklingana eina um þennan rekstur. Ég held, að það sýni kannske ljósar en nokkuð annað yfirburði opinbers rekstrar á stundum, að þegar þessi hv. þm. komst í þá ábyrgð, sem hann eitt sinn var í, þá sá hann ekki aðra leið færa á sumum sviðum en að fara út í opinberan rekstur, og þegar bæjarfélög, sem er stjórnað af sjálfstæðismönnum, hafa aðstöðu til að taka upp bæjarútgerð, þá gera þau það, af því að þau telja, að það sé heppilegasta rekstrarfyrirkomulagið fyrir þessi

skip. Hvað sannar betur ágæti opinbers rekstrar en það, þegar þeir, sem ekki trúa á hann, neyðast til að taka hann upp?

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að geta þess, að opinber rekstur, sem stofnað er til á þennan hátt, hlýtur að verða allmikið öðruvísi en sá opinberi rekstur, sem við Alþýðuflokksmenn leggjum til, að stofnaður verði eða þjóðnýttur. Sá opinberi rekstur, sem rekinn er af mönnum, sem hafa ekki trú á honum og vilja hann kannske feigan, eins og hér hefur komið fram, og nota hvert tækifæri til að bregða fyrir hann fæti, — það er ekki von, að sá opinberi rekstur verði tryggur.

Hv. þm. minntist nokkuð á fiskiðjuver ríkisins. Mér er ekki örgrannt um að halda, að það hefði mátt búa betur að því fyrirtæki. Það hefði mátt láta það fá nauðsynlegt rekstrarfé til sinna þarfa, svo að það hefði getað komið upp sinni starfsemi, sem hugsuð var, og efla meira en nú er gert þann rekstur, sem því var ætlað að inna af höndum. En hvers vegna er þetta ekki gert? Það er vegna þess, að meiri hluti Alþingis hefur ekki viljað ljá því það fjármagn, sem það þarf til að sinna sínu hlutverki. Þannig eru ýmsir örðugleikar, sem opinber fyrirtæki hafa við að stríða, meira og minna tilbúnir, kannske til þess að gera þeim örðugra fyrir og til þess að láta líta svo út, að þau séu óhæfari til að sinna því hlutverki, sem þeim er ætlað að vinna, heldur en ella mundi. Ég gæti nefnt fleiri dæmi, og getur verið, að ég geri það síðar.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessi opinberu fyrirtæki, en koma að öðrum þætti í ræðu hv. þm., þar sem hann talaði um skerðingu athafnafrelsisins. Skerðing á athafnafrelsi manna hér á landi er eiginlega í því fólgin nú, að menn þurfa að fá fjárfestingarleyfi til ýmiss konar framkvæmda, sem þeir þurftu ekki áður, og þeir mega ekki flytja til landsins vörur nema með leyfi viðskiptanefndar. Höft á athafnafrelsi manna eru, að ég ætla, ekki veruleg önnur en þessi. En hvernig var það með hv. 1. þm. Reykv., þegar hann var í ríkisstjórn? Var hann ekki með neina skerðingu á athafnafrelsi manna? Ég held það. Hann bar fram frv. um stofnun viðskiptaráðs. Í því frv. var svo fyrir mælt, að ákveða mætti af hinu opinbera, hvaða vörur mætti flytja til landsins. Voru það ekki hömlur á athafnafrelsi manna? Fjárhagsráð gat einnig ráðstafað farmi í skipum. *(LJóh:* Var ekki stríð, þegar þetta var gert?) Jú, að vísu, en ég held, að „mótíveringin" fyrir þessum ráðstöfunum hafi ekki verið, að það var stríð, heldur vöruskortur, eins og hafði verið fyrir stríð og eftir stríð. Það var ekki hægt að fullnægja eftirspurninni. *(BÓ:* Það var enginn vöruskortur.) Að þessu frv. var hann meðflm. Það átti að ráðstafa gjaldeyri og farmi í skipum. Þetta eru alveg sömu ráðstafanir og nú eru í gildi. *(LJóh:* Á stríðstímum.) Við skulum segja það. — Ég skal þá koma að öðrum ráðstöfunum þessa hv. þm., sem ekki helguðust af stríðinu. Það voru dýrtíðarráðstafanir, sem hann gerði og er nú að atyrða ríkisstj. fyrir. Hann flutti frv. um að leggja á nýjan tekjuskatt. Hann kom með frv. um nýjan eignarskatt. Hvað átti að gera við þessa peninga? Sama og núverandi stj. gerir við þá skatta, sem hún innheimtir. Hún borgar niður vöruverð, það gerði hann líka. Hún heldur upp framleiðsluvörum landsmanna. Það gerði hann líka. M. ö. o., það, sem hann ætlar stj. fyrir, stóð hann að að gera sjálfur, þegar hann var í ábyrgri stöðu sem ráðh. Það er furðulegt, að þessi hv. þm. skuli tala um ofrausn og sjúklega ofrausn, þegar hann ber fram till. um að leggja niður allar þær ráðstafanir, sem hann beitti sér fyrir að koma á, þegar hann var ráðh. Ég gæti talið upp ýmis fleiri frv. og l., sem hann stóð að og setti á þessum tíma í sama tilgangi og núverandi ríkisstjórn hefur sett lög og reglur um til þess að ná sama tilgangi 1948 og 49 og hann vildi ná 1944 og 45. Nú leggur hann að vísu til, að farið verði inn á nýja leið og aðra leið en hann vildi 1943 og 44. Nú er úrræðið hjá honum að lækka gjaldeyrinn um 25% og afhenda annan fjórðung gjaldeyrisins til frjálsrar ráðstöfunar til framleiðenda. Þetta eru, að mér skilst, höfuðtillögurnar, sem hann vill gera til þess að bæta úr dýrtíðarvandamálinu. Árið 1943 vildi hann hafa annan hátt á. Þá vildi hann leggja 2% gjald á cif-verð allra innfluttra vara og 15% álag á tekju- og eignarskattinn. M. ö. o., þegar hann var í stj., vildi hann fara sömu leið og núverandi ríkisstj. hefur farið nú. En hvaða leið hafa þessar ráðstafanir farið? Þá leið að reyna að afla tekna í dýrtíðarsjóð með hækkuðum sköttum, með söluskatti og með hækkuðum tollum til þess að geta á þann hátt borgað niður vöruverð innanlands og séð til þess, að íslenzkir framleiðendur fengju fullt ábyrgðarverð fyrir sína vöru. Nákvæmlega það sama vildi þessi hv. þm. gera, þegar hann var ráðh., þó að hann vilji fara allt aðra leið nú.

Ég skal ekki, af því að ég sé, að fundartíminn er bráðum á enda, fara út í að „diskútera" við þennan hv. þm. um gengislækkun og afhendingu gjaldeyrisins til frjálsrar ráðstöfunar. Ég held, að það megi finna á þeirri leið ýmsa agnúa, ekki síður en þeim leiðum, sem hann er að átelja. Ég fyrir mitt leyti get sagt það hispurslaust sem mína skoðun, að ég vil ekki leggja til, að sú leið verði farin, fyrr en öll önnur sund væru lokuð. Því að án þess að ég vilji ræða það sérstaklega, þá tel ég, að þessari leið fylgi svo margir annmarkar, að mjög sé undir hælinn lagt, hvort sá ávinningur, sem af því fæst, svari tilkostnaði. Og hitt er víst, að sá almenni kostnaður, sem af þeirri leið leiðir, leggst með fullum þunga á allan almenning í landinu. Hann kemur fram í hækkuðu vöruverði og verður þess vegna til þess að draga úr þeim lífskjörum, sem almenningur á nú við að búa. Þá er tvennt til: Annaðhvort að almenningur sætti sig við þetta, sem ég býst ekki við, að hann geri, en ef hann gerir það, þýðir þetta skert lífskjör og verri lífsafkomu. En ef hann sættir sig ekki við þetta, þýðir það vinnudeilur og algert öngþveiti. *(BÓ:* Höfum við ekki vinnudeilur?) Jú, en það eru smámunir samanborið við það, sem þá mundi hefjast, ef leið hv. þm. yrði farin. Mér skildist á honum, að hann mundi vilja binda kaupgjald, en það hefur verið reynt áður.

Ég held þess vegna, að það sé ekki ráðlegt að

fara þá leið, sem hv. þm. bendir þarna á, að lækka gengið um 25% eða gefa önnur 25% af gjaldeyrinum frjáls til þeirra, sem að framleiðsluatvinnuvegunum standa. Ég hygg, að það yrði miklu frekar til þess að koma öllu í enn þá meira öngþveiti en það nú er, þó að þm. telji það mikið. En öngþveitið er þó ekki meira en það, að okkur hefur tekizt á árinu sem leið í fyrsta sinn í mörg ár að ná gjaldeyrisjöfnuði í viðskiptajöfnuði okkar við útlönd, og um það er ég sammála hv. þm., að það verður að vera grundvallaratriðið í öllum okkar viðskiptamálum, að við höfum jöfnuð við útlönd. Einnig er ég honum sammála um það, að við verðum að hafa greiðsluhallalaus fjárl. og eftirlit með fjárfestingu. Þetta eru þrjú mjög stór atriði til viðreisnar fjárhags- og atvinnulífi landsins, og ef okkur tekst að koma þeim öllum vel í höfn, tel ég, að miklu sé náð. Eftirliti með fjárfestingu hefur verið komið á, og með allgóðum árangri það eina ár, sem það hefur starfað. Komizt hefur verið hjá greiðsluhalla við útlönd árið sem leið í fyrsta skipti um mörg ár, og nú er það Alþingis að gera það upp við sig, hvort það vill greiðsluhallalaus fjárl. eða ekki, en ég álít, að af mörgum ástæðum sé nauðsynlegt, að stefnt sé að því, að fjárl. verði greiðsluhallalaus, og er ég tilögumanni um það sammála, að nauðsynlegt sé, að að því verði unnið. Hins vegar tel ég mjög orka tvímælis, hvort það yrði til góðs að lækka gengi frjáls gjaldeyris eða það næði þeim tilgangi, sem hv. þm. vill ná. Ég er ekki í vafa um, að það yrði til ills fyrir allan meginþorra landsmanna og að kjör þeirra yrðu skert meir á þann hátt en hingað til hefur nokkurn tíma verið gert. Það hefur verið stefna ríkisstj. hingað til að reyna að mæta dýrtíðinni á þann hátt að reyna að halda vöruverðinu í skefjum og greiða niður með fé ríkissjóðs, þar sem ekki hefur tekizt að koma verðlaginu nógu lágt. Til þess verður að afla tekna, og það eru takmörk fyrir því, hvað afla má mikilla tekna í þessu skyni. En enn þá að minnsta kosti held ég að komizt verði hjá því að grípa til þeirra ráðstafana, sem ég vil kalla örþrifaráð, og fylgja till. hv. þm.

Ég get svo gjarna látið máli mínu lokið í bili. Ég hefði getað farið út í og ætla mér raunar að fara út í ýmis fleiri atriði og geri það kannske seinna, en mun hætta að sinni, þar sem fundartíma er fyrir nokkru lokið.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Sþ., 22. apríl, utan dagskrár, mælti

flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Í sambandi við till. á þskj. 310 vildi ég spyrja, hvort ekki sé ráðgerður fundur í Sþ. fyrr en á venjulegum tíma í næstu viku. Till. hefur nú legið fyrir í sjö vikur og langt liðið milli umr. Að vísu hafa verið ástæður til þessa upp á síðkastið, en mér finnst erfiðlega horfa, er bornar eru á mig sakir af hæstv. viðskmrh. og ekki er hægt að svara fyrr en eftir viku.

Forseti: (JPálm): Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. vil ég geta þess, að ég ætlaði að ljúka umr. í fyrrakvöld, en hæstv. stj. var ekki mætt, og ekki það margir þm. við, að þeim yrði lokið. Ég get upplýst það, að ég mun taka málið fyrir á morgun eða á mánudag.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er ekki sérstaklega í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Reykv. né andsvörum hæstv. forseta, að ég vildi minna á, að Alþ. er fyrst og fremst löggjafarsamkoma. Löggjöfin fer fram í d., nema fjárl. og náskyld mál í Sþ. Þau mál, sem rædd eru í Sþ., eru því flest viljayfirlýsingar, er hafa vafasamt gildi. Í dag er 67. fundur Sþ., 86. fundur Ed. og 90. fundur Nd. Ég vil benda á, að það virðist sem Sþ. hafi tekið sér sæmilegan tíma til sinna mála á þessu þingi, og vekja athygli á því, að ýmis þýðingarmikil mál liggja fyrir d., er þarfnast afgreiðslu, og löggjöf er þýðingarmeiri en viljayfirlýsingar. Ég vænti þess, að d. verði gefinn venjulegur tími til fundarhalda, og ekki breytt frá því, sem verið hefur um fundardag Sþ.

Forseti (JPálm): Út af aths. hæstv. forseta Ed., sem er réttmæt, skal ég taka það fram, að ég hef ekki hugsað mér að tefja fyrir d. meira en nauðsyn krefur. Af fundum Sþ. hafa 17 aðeins verið til þess að leyfa fsp., og því ekki tekið tíma. Hitt er rétt, starf þingsins er fyrst og fremst löggjafarstarf.

Á 68. fundi í Sþ., 25. apríl, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta er mál, sem í raun og veru gæfi tilefni til mjög ýtarlegra umr., ef ætti að taka þetta nákvæmlega fyrir. Mér virðist nú, að það sé a. m. k. rétt að byrja með því, ef menn vilja athuga þetta mál vel, að gera sér nokkra grein fyrir, hvaða þættir það eru í hinu opinbera lífi og ríkisafskiptum, sem sérstaklega er lagt til í þessari þáltill. að nema burt. Hér hafa hv. 1. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. rætt hvor frá sínu sjónarmiðinu um það, hvernig þessi þátttaka í ríkisrekstri sé til komin og hvort opinberu afskiptin eða einstaklingsreksturinn hafa sýnt sig sem betra fyrirkomulag hér á landi. Ég held, að nauðsynlegt sé að bæta nokkru við þær hugleiðingar um það, til hvers hin opinberu afskipti hafa verið stofnuð, í hverra þágu þeim hafi verið komið á, og alveg sérstaklega þá opinberu afskiptin af verzluninni og að nokkru leyti af samvinnurekstrinum. Þegar menn athuga það, þá fara menn e. t. v. að skilja dálítið betur, hvernig á því standi, að það eru aðeins vissar tegundir af ríkisihlutun og ríkiseftirliti, sem hv. 1. þm. Reykv. leggur til, að burt verði numdar, en aðrir þættir ríkiseftirlits og ríkisrekstrar eru í þáltill. hans látnir standa óhreyfðir.

Þegar ríkið byrjaði hér á landi afskipti af rekstri einstaklinga, og sérstaklega af verzluninni, þá er nokkurn veginn ljóst, hvers vegna ríkið gerir það. Það hefur verið rakið hér áður af hv. 4. þm. Reykv. viðkomandi genginu og

síðan viðkomandi gjaldeyrinum og þar með, hvernig gefið hefur verið tilefni til þessa heildareftirlits, sem nú á sér stað viðvíkjandi viðskiptum, innflutningi og útflutningi. — En í hverra þágu hafa þessi afskipti orðið? Ég held, að við þurfum að athuga það fyrst, hvernig hefði verið haldið áfram, ef þessi afskipti hefðu ekki orðið, hvernig sú kapítalistiska þróun hefði haldið áfram og gengið fyrir sig hér, að sá sterkasti í viðskiptalífinu hefði sigrað. Það er sú eðlilega þróun í kapítalistisku þjóðfélagi. Allstórir hringar hefðu risið upp um innflutninginn og útflutninginn. Samvinnufélög landsmanna hefðu fengið að njóta þess styrkleika, sem þau höfðu. En það sem gerzt hefur, er, að þjóðin hefur verið stöðvuð, og í stað þessarar þróunar hefur verið haldið nokkuð aftur á bak hvað snertir tækniþróun. Það hefur verið komið upp svo og svo mörgum fyrirtækjum, sem leyft hefur verið að halda áfram vegna þess, að valdhafarnir hafa viljað leyfa það, en ekki af því, að það hafi sýnt sig, að þau hafi getað staðizt í baráttunni. Þannig hefur ríkið verið notað meira og minna til spillandi afskipta og til þess að skapa ýmsum fyrirtækjum sérstöðu í viðskiptalífinu. Og í heildsalastéttinni hefur fjölgað stórkostlega á Íslandi á þessum tíma. Verzlunarstéttin, kaupmanna- og heildsalastéttin, er miklu fjölmennari en hún var og tekur til sín miklu meira starfslið í þjóðfélaginu en þegar þetta kerfi var sett upp. En á hvern hátt hefur þessu verið haldið við? Það hefur verið fjölgað í verzlunarstéttinni þannig, að gefin hafa verið út innflutningsleyfi til þess að halda einstaklingum og fyrirtækjum uppi, og þessi leyfi fyrir innflutningi hafa þýtt alveg ákveðinn gróða til handa þessum fyrirtækjum. Mér hefur oft dottið í hug í sambandi við þessa þróun það, sem átti sér stað í aðalsstéttarfyrirkomulaginu í gamla daga. Það var þannig á fyrri hluta aðalstímabilsins, að þessir höfðingjar börðust sín á milli um réttinn yfir bændunum til þess að arðræna þá. Og konungsvaldið og ríkisvaldið létu það afskiptalaust. Og þessi hlunnindi lágu að miklu leyti í höndum þeirra höfðingja, sem sterkastir voru. Hins vegar, eftir að konungsvaldið fór að styrkjast, tók það upp þá aðferð að gera þessa höfðingja að lénsmönnum. Það voru mynduð lén, þar sem höfðingjarnir fengu vissa landshluta til þess að drottna yfir og arðræna bændur á því svæði og til þess að nota jarðirnar á því svæði til þess að safna auði. Það hefur raunverulega gerzt hið sama hér á verzlunarsviðinu. Þeirri baráttu, sem átti sér stað milli heildsalanna og stórkaupmannanna áður, sem knúði þá til þess að sýna þann dugnað, sem í þeim bjó, — og sú keppni gat orðið þjóðfélaginu til framfara á vissu sviði — þessari samkeppni var hætt. En í staðinn var skapaður eins konar lénsaðall, stórkaupmannastétt, sem fær aftur af hálfu ríkisvaldsins ávísun á að græða svo og svo mikið á viðskiptum við landsmenn. Þau innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi, sem þessum mönnum eru veitt, eru beinar ávísanir eins og afhentir peningar, ávísanir á gróða, sem hefst fyrir þessar ávísanir, enda ganga þau oft kaupum og sölum. Það er búið með afskiptum ríkisvaldsins á viðskiptasviðinu að skapa þá þróun, að kaupmannastéttin, sem einu sinni barðist í frjálsri samkeppni — eins og höfðingjarnir á aðalsmannatímabilinu —, er orðin að eins konar lénsmannastétt, sem fær af hálfu ríkisvaldsins úthlutað svo og svo miklu af leyfum til þess að græða á fólkinu. Þetta fyrirkomulag hefur alla ókosti einokunar í verzlunarmálum, en enga af hennar kostum. Þá ókosti, að það eru stundum kannske yfir 200 fyrirtæki, sem fengin eru þessi einokunarleyfi í hendur, án þess að hafa þann kost, sem leiðir af því, að einn eða fáir hafa innflutninginn á hendi, eða það er ríkið, sem tekur þetta í sínar hendur, því að í síðara tilfellinu sparar þetta fyrirkomulag í öllum rekstrinum. Og það fyrirkomulag, sem er, verður til þess, að það er haldið niðri þeim möguleika, sem fólkið annars hefði til þess að gera verzlunarsamtök sín sterk og voldug. Og það er eftirtektarvert í þeim till., sem hv. 1. þm. Reykv. er með hér, að það er ekki lagt þar til, að breytt verði þessum afskiptum ríkisins.

Ríkið einokar líka undir sig allan útflutninginn og leyfir ekki einstaklingum eða þeirra frjálsu samtökum að reyna, hver duglegastur er að selja vörur erlendis. En ríkið gefur aftur á móti þetta vald í hendur einstökum mönnum eftir á. Það er því haldið niðri öllum þeim kostum, sem einstaklingsframtakið í verzlunarmálum kynni að hafa, en ekki notaðir neinir af þeim kostum til þess að halda verzlunarmálunum í góðu horfi í höndum ríkisins. Hér í till. er ekki snert við því að afnema þetta ríkiseftirlit, sem ég hef hér gert að umtalsefni, né heldur eftirlit ríkisins með útflutningi á íslenzkum afurðum og með innflutningnum. Þetta einokunarvald á að halda áfram, og landsmönnum á almennt að vera það bannað að skapa sér frjáls samtök á þessum sviðum og beita þeim samtökum til þess að selja sínar vörur sem bezt erlendis og til þess að kaupa sínar vörur við sem hagfelldustum kjörum frá útlöndum. En þetta verzlunarófrelsi, sem þarna á sér stað, er undirstaða undir þeim dýrleika varanna, sem verzlunarfyrirkomulagið á Íslandi skapar. En aftur á móti, samtímis því sem ríkið á að viðhalda því valdi, sem þessi nýi lénsaðall hefur, þá á — eftir till. hv. 1. þm. Reykv. — að fara að draga úr ríkisrekstri og ríkiseftirliti á öðrum sviðum. Og á hvaða sviðum? — Nú skulum við athuga, hvernig ríkisrekstur er til kominn hér á Íslandi, eins og sá, sem á sér stað, þar sem eru síldarverksmiðjur ríkisins og þess háttar.

Er stofnun síldarverksmiðja ríkisins sósialistiskt fyrirbrigði og fyrirbrigði, sem stafar af því, að sósialisminn sé svo sterkur á Íslandi, að hann hafi knúið fram ríkisrekstur á þessu sviði? Það var í raun og veru ekki horfið að því að stofna þetta fyrirtæki af því, að sósialismahreyfingin hafi átt sinn þátt í því. Það er annar hlutur, sem hér kemur til. Ef okkar þjóð ætlar að lifa við sambærileg lífskjör og aðrar þjóðir, verður hún að nota tækni nútímans á þann skynsamlegasta hátt sem unnt er. Og skynsamlegasti hátturinn á þessu sviði, sem ég nefndi nú síðast, er stórrekstur með sem allra fullkomnustum vélum, sem gefur, miðað við mannaflið, sem allra mest afköst. Og svo er á mörgum sviðum fleirum en þessu. Slíkur stórrekstur í okkar

þjóðfélagi getur oft ekki átt sér stað nema með því móti, að það sé ein einasta verksmiðja, sem hefur með reksturinn að gera, eða ef um fleiri verksmiðjur er að ræða, þá sé það einn einasti aðili, sem slíkt rekur. Það er smæð okkar þjóðfélags, sem knúð hefur fram ríkisrekstur á ýmsum sviðum, þar sem aðrar þjóðir, þar sem öðruvísi stendur á, þurfa þess ekki. Það eru því þjóðfélagslegar ástæður, sem gert hafa það að verkum, að ríkisrekstur á ýmsum sviðum hefur verið óhjákvæmilegur hjá okkur, hvernig sem menn líta á ríkisrekstur almennt. En deilan í þessum efnum hlýtur að verða um það, í hverra þágu hann er hagnýttur. Það, að ríkisrekstur sé tekinn upp, án þess að verkalýðurinn hafi völd í þjóðfélaginu, skapar þann möguleika, að slíkur ríkisrekstur geti orðið verkfæri í hendi auðmannastéttarinnar í viðkomandi landi, enda tek ég eftir því í þeim till., sem hér liggja fyrir í þáltill., að það gengur eins og rauður þráður þar í gegnum till., að þar, sem fyrst og fremst er lagt til, að athugaðir verði möguleikar á að leggja niður ríkisrekstur, þá eru það þau fyrirtæki, þar sem einstaklingsreksturinn getur sópað rekstrinum til sín í stað þess, að þjóðfélagið haldi honum áfram. Nú skal ég ekki neita því, að oft sé mjög mikið til í þeirri gagnrýni á þeim ríkisrekstri, sem á sér stað hjá okkur. Það er á vissan hátt eðlilegt. Það sést strax, að það er eðlilegt, þegar við athugum, hvernig þessi ríkisrekstur er til kominn. Við lifum í þjóðfélagi, þar sem gengið er út frá því, að aðalaflið, sem knýr menn til að vinna, séu eiginhagsmunir. Það er möguleiki eigendanna til þess að græða fé, sem er hreyfiaflið í kapítalistisku atvinnulífi. Aftur á móti í þjóðfélagi, þar sem umhyggja fyrir velferð fjöldans er hreyfiaflið í atvinnulífinu, þar verða þær vinnandi stéttir það fjölmennar í þjóðfélaginu, að þær geta haft slíkt eftirlit með slíkum rekstri, að þeim, sem hafa stjórn á þessum rekstri, haldist ekki uppi annað en að miða hann við hag fjöldans. Nú hefur ákaflega mikið af þessum rekstri hjá okkur lent í skriffinnskustjórn. Það er embættismannastjórn á þessum rekstri hjá okkur, þar sem hlutirnir eru látnir ganga ár eftir ár þannig, að reynt er að koma þessari pólitísku samábyrgð á milli flokkanna, til þess að þeir standi alltaf hver með öðrum, þegar um stjórnmálafl. er að ræða, til þess að hindra gagnrýni á slíkum rekstri, þegar um hana væri að ræða. Og slíkur ríkisrekstur er því ákaflega erfiður vegna þeirrar skriffinnsku, sem þar er um að ræða, og vegna vöntunar á gagnrýni. En ríkisrekstur þarf að vera háður gagnrýni, til þess að hægt sé að reka hann í þágu fólksins eins og mögulegt er.

Svo er annar ríkisrekstur, sem er voldugastur í okkar þjóðfélagi, en er ekki komið inn á í þessum till., sem hér er um að ræða, sem þó mætti gagnrýna. Og það er rekstur seðlabankanna í landinu, ríkisrekstur þeirra þjóðnýttu banka — öll bankastarfsemin, sem er ríkisrekstur og er helzta og sterkasta valdið í öllu fjármálalífi þjóðarinnar, vald, sem beinlínis er beitt og rekið fyrir auðmannastéttina í landinu, fyrir þá, sem eiga peninga í landinu sem heild, en samt með þeim skriffinnskuaðferðum, að hvað eftir annað verður til skaða fyrir þjóðfélagið. Það er ekki minnzt á þennan ríkisrekstur í till., sem hér liggur fyrir. Hvers vegna? E. t. v. vegna þess, að menn viðurkenna, að það sé ekki haganlegt að láta það vald, sem felst í stjórn bankanna, vera í höndum annarra en ríkisins. En ef slíkar stofnanir ættu að verða reknar með hag fjöldans fyrir augum, þá þyrfti að gerbreyta um stefnu í þessum efnum. Nú hefur það verið stefna seðlabankans að hækka vexti í landinu og gera ráðstafanir til þess að þeir fái sem hæsta vexti, sem lána fé sitt á svörtum markaði utan bankanna. Þetta hefur verið gert, þó að það hafi verið til stórtjóns fyrir atvinnulífið. Það hefur kostað harða baráttu hér á Alþ., að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn fengi stofnlán með 2% vöxtum. Hins vegar hefur bankapólitíkin verið rekin þannig, að það er eins og það sé samsæri bankanna og peningamannanna í Reykjavík um að stöðva atvinnulífið. — En það er ekki komið inn á þessa íhlutun ríkisins í þessari þáltill. — [Fundarhlé.]

Ég var kominn þar, sem ég ræddi um ríkisreksturinn og hvaða ástæður væru til þess, að hann væri hér í svo ríkum mæli, og taldi, að orsakanna væri ekki fyrst og fremst að leita til þess, að áhrifa sósíalista hefði gætt svo mjög, heldur hins, að af því að þjóðin er smá, þá þurfti hún, til þess að nýta tæknina og taka upp stórrekstur, að hafa oft og tíðum aðeins eitt fyrirtæki í hverri grein. Annað er það, að þjóðinni hefur þótt hættulegt að láta einstaklinga eða fyrirtæki þeirra ráða stórum fyrirtækjum. Dæmi um það eru síldarverksmiðjur ríkisins, ef fyrirtæki einstaklinga ætti að stjórna þeim. Það eru því almennar þjóðfélagslegar ástæður, sem gert hafa ríkisbúskap óhjákvæmilegan hér á mörgum sviðum þjóðlífsins. Leiðir þetta aftur af sér mikla skriffinnsku, og kannske er það oft undir tilviljun komið, hvernig rekstur þessi gengur, en út af ádeilu hv. 1. þm. Reykv. á ríkisrekstur almennt, þá vil ég benda honum á, að á sviðum, þar sem einstaklingsframtakið gat notið sín, þá varð hið opinbera að koma til og bjarga þjóðinni, og á ég við það, þegar rætt var um kaupin á nýsköpunartogurunum, því að þá kom fram hjá togaraeigendum, að þeir voru á móti því að leggja í kaupin á þeim tíma, og þá var það fyrir frumkvæði hins opinbera, að keyptir voru 30 togarar, og þá fyrst áttaði einstaklingsframtakið sig á því, að þarna var stigið gott og þýðingarmikið spor. En þótt þarna tækist vel til, þá skal ég viðurkenna, að afskipti hins opinbera takast ekki nærri alltaf jafnvel, eins og t. d. í stjórnartíð hv. 1. þm. Reykv., þegar þáv. atvmrh., Vilhjálmur Þór, samdi um kaupin á Svíþjóðarbátunum, sem var að ýmsu leyti mjög óheppilega gert, og sýnir þetta, að hinu opinbera geta verið mislagðar hendur eins og einstaklingunum, en stærstu skrefin fram á við í atvinnulífi Íslendinga síðustu 5 árin hafa verið stigin vegna þess, að framtak hins opinbera hefur verið nógu sterkt, en nú er svo komið, því miður, að í stað framtaks hjá hinu opinbera er komið afturhald.

Þá ætla ég að minnast nokkrum orðum á afstöðu bankanna, en á hana var ekki minnzt í

framsöguræðu hv. 1. þm. Reykv., en þeir eru þó mjög stór ríkisfyrirtæki, og vald seðlabankans er svo mikið, að stjórn hans getur mótað allt okkar atvinnulíf, og því miður hefur stjórn Landsbankans sýnt það, að hún hefur stjórnað með hag peningamannanna fyrir augum, en hagsmunir atvinnuveganna eru fyrir borð bornir. Landsbankinn hefur alltaf sótzt eftir því að hafa vexti af útlánsfé sem allra hæsta, en fyrir heilbrigt atvinnulíf er það lífsskilyrði, að vextir séu lágir og að hægt sé að fá lán til langs tíma. Fyrir stríð var verið að drepa útgerðina með þeirri vaxtapólitík, sem Landsbankinn rak, og með því var dregið úr atvinnulífinu og þjóðin gerð fátækari en þurfti. Það kostaði líka gífurlega baráttu að fá vextina lækkaða, t. d. þegar lögin um stofnlánadeildina voru sett, en í baráttunni við bankavaldið hefur núv. ríkisstj. alveg gefizt upp, og Landsbankinn hefur aftur fengið að hækka sína vexti. Sækir nú mjög í sama horfið og fyrir stríð, þar sem bankinn, auk þess að hækka vextina, knífar lánin svo mjög til atvinnuveganna, að þeir stöðvast meira og minna. Það getur verið, að stjórn bankans reki hann eins og einstaklingur rekur gróðafyrirtæki, en það er engan veginn heilbrigt sjónarmið að reka þjóðbankann svo, að hann gefi gífurlegan gróða, heldur á að reka hann með tilliti til þess, að til sé nóg fé í atvinnulífinu, og allir vita, hvað vextirnir eru þýðingarmikið atriði fyrir atvinnulífið. Ég hygg, að Landsbankinn hafi rekið pólitík, sem hefur orðið til þess að draga úr okkar atvinnulífi, og mér er ekki örgrannt um, að stundum sé hann rekinn í samræmi við hagsmuni ríkustu þegna þjóðfélagsins, t. d. varðandi húsabyggingar. Hér er fjöldi manna að reyna að byggja yfir sig, og verkamenn og aðrir efnalitlir menn geta þetta, ef þeir fá lán til ca. 40 ára og orðið þannig smátt og smátt húseigendur. Ef Landsbankinn væri rekinn með hagsmuni almennings fyrir augum, eins og ætlazt verður til af ríkisstofnun, þá mundi hann reyna að hjálpa hinum efnaminni þegnum í þessari viðleitni, og hefur Alþingi sýnt vilja sinn í þessu efni með því að setja hvað eftir annað lög, sem miða að þessu. Hins vegar, þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis, þá hefur stjórn Landsbankans farið alveg öfugt að, og afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að lögin hafa raunverulega verið numin úr gildi, þar sem bankinn hefur raunverulega neitað um nauðsynleg lán til þessara efnaminni manna, sem svo hafa neyðzt til að selja hús sín einstökum peningamönnum. Bankinn hefur þannig skapað lánsfjárkreppu, sem kemur niður á þeim fátækustu, og sést af þessu, að þetta ríkisfyrirtæki er svo rekið, að það féflettir hina efnalitlu til ágóða fyrir þá auðugu. Þetta minntist hv. 1. þm. Reykv. ekki á, en þarna kem ég aftur að spurningunni: Í hverra þágu er ríkisrekstrinum beitt? Er það í þágu fjöldans eða hinna ríku? Án þessa mælikvarða þýðir raunar lítið að deila um ríkisrekstur. Þetta sama kemur fram í atvinnulífinu, og hæstv. viðskmrh. minntist á hlut, sem vert er að athuga. Hann sagði, að betur hefði mátt búa að fiskiðjuveri ríkisins, enda er það alkunnugt hneyksli, hvernig að því hefur verið búið. Landsbankinn hefur neitað því um lán og viðskiptanefnd neitað því um möguleika á því að fá lán erlendis. Af opinberri hálfu er því komið í veg fyrir, að það geti fengið lán og búið svo um sig, að það sýni góða afkomu. Það er samspil milli þeirra, sem þarna ráða málum, og þeirra, sem vilja, að fiskiðjuverið fari á hausinn og verði selt einstaklingum. Hér er um að ræða ríkisafskipti, sem miða að því að koma fiskiðjuverinu í hendur auðmanna, þar sem ekki er staðið við vilja Alþingis um að tryggja því lán. Hér á Alþ. hafa verið samþ. lántökur til ýmissa slíkra fyrirtækja, en þegar til framkvæmdanna kemur, þá eru sjónarmið Landsbankans vægast sagt oft bókhaldsleg, og á hann það til að hindra, að lán séu veitt samkv. lögum. Ég vil minna á það, sem ég sagði ekki alls fyrir löngu við umr. í Nd., þegar ég sýndi fram á, hvernig fé stofnlánadeildarinnar hefði minnkað úr 100 millj. kr. niður í 85 millj. kr., því að þegar borgað er inn af togurunum, tekur Landsbankinn allt það fé í seðladeildina og eyðileggur tekjumöguleika stofnlánadeildarinnar. Í frv. mínu um þetta efni er gert ráð fyrir því að breyta þessu, þannig að stofnlánadeildin fái að halda sínum 100 millj. og fái gróðann af því, sem borgað er inn af togurunum, sem mætti svo nota til uppbyggingar atvinnulífsins, en þetta frv. hefur ekki náð fram að ganga vegna þess, að Landsbankinn er á móti því. Hann vill fá peningana til sín til þess að lána þá aftur út á hærri vöxtum. Í Landsbankanum ríkir sjónarmið gróðans í stað þess sjónarmiðs að stjórna með hag almennings fyrir augum. Þess vegna er auðséð á því, hvernig þetta mál er lagt upp, að þar, sem afskipti hins opinbera eru harðvítugust í þágu auðmannastéttarinnar, að þar má halda þeim við og það má reka skemmdarstarfsemi gagnvart einstökum ríkisfyrirtækjum til þess að koma þeim á hendur einstaklinga. Ef þetta mál er krufið til mergjar, er einsætt, að breyta þarf starfsaðferðum frá því, sem nú er. Ríkisbúskapurinn hjá okkur er gallaður, og honum fylgir ægileg skriffinnska. Ég hef þegar rætt um einkasölurnar, eins og áfengisverzlunina, tóbakseinkasöluna og viðtækjaverzlunina. Hvað eftir annað hafa verið gerðar ályktanir um að sameina þessi fyrirtæki undir eina stjórn til að spara starfsmannahald, og hvað eftir annað hefur verið talað um að nota tækifærið, þegar einhver forstjórinn hætti. Nú fyrir skömmu fór forstjóri tóbakseinkasölunnar frá, og maður skyldi nú ætla, að Sjálfstfl. hefði viljað nota tækifærið og sameina tóbakseinkasöluna og áfengisverzlunina undir eitt. En það var ekki gert. Og hvers vegna? Það var vegna þess, að Sjálfstfl. þurfti að koma að sem forstjóra manni, sem var á hans vegum. Þetta er dæmi um það, hvernig ríkisafskiptin eru framkvæmd. Ef privatmaður hefði rekið þessi fyrirtæki, þá hefði hann sameinað þau, svo að rekstrinn kæmi praktiskar út, en þarna var tækifærið notað til þess að koma pólitískum vandamanni að. Nú er að forgöngu sjálfstæðismanna rætt um eftirlit með rekstri ríkisstofnana, en það er ekki minnzt á að sameina þetta. Svo er komið og sagt, að ríkisreksturinn sé ómögulegur. En það heilbrigða er að miða hann við hagsmuni fjöldans, í stað þess að misnota hann í þágu auðmannastéttarinnar.

Viðvíkjandi afskiptum ríkisins af innflutningum og útflutningnum kemur það ekki fram í till., hvort hv. þm. vill afnema þau, en hann segist hafa sagt, að hann vildi afnema innflutningshöftin. En hann hefur ekki lagt til, að útflutningshöftin verði afnumin. Þau höft voru sett, eftir að stríðið byrjaði, og miðuð við styrjaldarástand. Síðan hafa þau verið látin haldast, þó að nokkurn veginn venjulegir tímar væru komnir, og með þau er farið þannig, að það er ein deild í stjórnarráðinu, er hefur með alla útflutningsverzlunina að gera. Í Noregi hafa einstaklingar fengið tækifæri til að ryðja braut fyrir afurðirnar erlendis, en hér er það útilokað. Það eru ekki einu sinni verzlunarsamtök, sem hafa með þetta að gera, heldur er það aðallega einokað af stj., með þeim afleiðingum, að sífelldar deilur eru um það, hvort selt hafi verið fyrir það verð, sem hægt var að fá, og landsmenn geta ekki séð, hver fer með rétt mál og hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Þessi höft er ekki minnzt á að afnema.

Annars er erfitt að skilja, hvernig á að afnema innflutningshöftin án þess að afnema útflutningshöftin. Mín skoðun á þessum málum er sú, að ranuverulega sé um tvennt að gera, — ástandið, eins og það er nú, er ófært. Annað er að stíga eitt spor áfram og þjóðnýta innflutnings- og útflutningsverzlunina. Við sósialistar fluttum í fyrra till. um, hvernig það væri helzt framkvæmanlegt, en þær fundu ekki náð fyrir augum þingsins. Hitt er að stíga eitt spor aftur á bak og lina á höftunum. Í stað þess, að n. ákveði innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, er með löggjöf hægt að banna innflutning á vissum vörum. Þá verða engar undanþágur eða deilur um gjaldeyri. En ég verð að segja það, að það, sem næst kemst verzlunarfrelsi, er till. sú, er nú er til umr. í Nd., að úthluta leyfum til einstaklinganna. Hvernig var þetta í gamla daga, fyrir 1914, því að svo langt verðum við að fara aftur í tímann í leit að frjálsri verzlun? Ef maður átti peninga, gat hann keypt fyrir þá vörur hér eða erlendis og borgað þær með íslenzkum seðlum án þess að spyrja neinn um leyfi. Það, sem kæmist næst þessu, væri að úthluta leyfunum til einstaklinganna. Leyfin yrðu með því móti það, sem peningaseðlarnir voru áður, og giltu gagnvart þeirri vöru, sem flutt væri inn. Það væri sama stig og fyrir 1914. Það kæmist næst verzlunarfrelsi, meðan kaupgetan út á við er ekki í samræmi við kaupgetuna innanlands. En hvernig stendur á því, að Sjálfstfl. vill ekki þessa leið? Í Sjálfstfl. eru tvær stefnur í þessu máli, önnur sú, að leyfunum sé úthlutað til sérréttindaaðals, hin, er m. a. hæstv. forseti Sþ. fylgir, er sú að afhenda leyfin smásöluverzlunum. Þarna er deila um það, hvort heildsalarnir og S.Í.S. eða smásalarnir eigi að fá leyfin. En það, sem kemst næst verzlunarfrelsi, er að afnema höftin, afnema, að ein stofnun veiti einstaka mönnum forréttindi, og láta fólkið sjálft fá leyfin. En Sjálfstfl. er á móti slíku. Ég held því, að það komi einkennilegir hlutir út, ef þetta mál er krufið til mergjar. Það virðist sem Sjálfstfl. og heildsalarnir séu hræddir við verzlunarfrelsi og minnkuð afskipti ríkisins. Fyrst utanríkisverzlunin er ekki þjóðnýtt, er heilbrigðast að lina á höftunum, því að núverandi ástand skapar bara sérréttindastétt og hindrar frjáls samtök á verzlunarsviðinu. Hins vegar þarf að koma betri skipan á ríkisreksturinn og gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að færa hann saman og sameina mörg fyrirtæki í eitt. Það er undarlegt, er við höfum innkaupastofnun, að slík stofnun skuli ekki keppa við S.Í.S. og heildsalana, heldur aðeins flytja inn fyrir ríkið. Það er mikil þörf heilbrigðrar gagnrýni í þessum efnum, en það er ekki það, sem býr bak við þessa till., heldur er að því stefnt að ná ríkisrekstrinum undir sérréttindastétt á verzlunarsviðinu. Það nær ekki nokkurri átt. Ef um einokun er að ræða, á hún að vera í höndum ríkisins.

Mér þætti gaman að heyra, hvort hv. flm. vildi vera með því að fella niður höftin á útflutningsverzluninni, sem sett voru vegna stríðsins, og gefa einstaklingsframtakinu með því meira frelsi til þess að leita markaðar fyrir afurðir okkar. Þar sem við viljum byggja á einstaklingsframtakinu, er rétt að gefa því lausari tauminn, en ríkisrekstrinum eigum við ekki að sleppa, þar sem hann er æskilegur, þótt ekki sé þar allt eins og helzt yrði kosið, heldur reyna að bæta hann. Tökum t. d. innflutninginn. Ef núverandi fjárhagsráð, viðskiptanefnd og skömmtunarskrifstofa væru skipuð dugandi mönnum með verzlunarþekkingu, gætu þessar stofnanir annazt öll innkaup til Íslands án heildsalanna og S.Í.S., og jafnvel S.Í.S. eitt mundi fara langt með þetta. Hins vegar er það svo nú, að fyrir utan þetta bákn fást 200 heildsalar í Reykjavík og starfslið þeirra við innflutninginn og auk þess S.Í.S. Allir þessir aðilar eiga undir ríkisskrifstofurnar að sækja, og framtak einstaklinganna er lamað af bákninu, sem veitir leyfin, bæði á verzlunarsviðinu og öðrum sviðum. Sá tvöfaldi kostnaður, sem af þessu leiðir, liggur eins og mara á þjóðinni, og deilur um, hvort hægt væri að losna við hann, hafa verið einn höfuðþáttur í íslenzkum stjórnmálum. Við sósialistar álítum þjóðnýtinguna spor áfram og höfum barizt fyrir henni, en það hefur staðið í sama farinu. Ríkisbákninu er við haldið og einstaklingsframtakinu líka, en fjötruðu og lömuðu einstaklingsframtaki. Það má segja, að við höfum bæði þjóðnýtingu og kapítalisma, og þjóðin stendur ekki undir þessu, það er að sliga hana. En allt, sem kemur fram hjá stj., miðast við að halda þessu ástandi. Við vitum, hvað þessu veldur. Heildsalastéttin hindrar heilbrigða lausn á þessum málum, af því að hún vill ekki sleppa sérréttindum sínum. Nú sýnist mér, að það, sem felst í till., sem hér liggur fyrir, sé, að þessi stétt vilji seilast inn á ný svið og notfæri sér í því skyni að ýmsu leyti réttmæta óánægju.

Hv. flm. klykkir út með því, að þjóðin lifi yfir efni fram og skerða þurfi hlut almennings. Ef lækka á gengið eða halda vísitölunni fastri, þá er hann ekki á móti ríkisrekstri. En þegar hv. 1. þm. Reykv. segir, að þjóðin lifi yfir efni fram, verður manni á að spyrja, hverjir það séu, og í hvaða tilliti. Þjóðin er ríkari af milljónamæringum en nokkur önnur þjóð í veröldinni. Það er að lifa yfir efni fram að ala 200 menn, sem eiga milli 500 og 600 millj. kr. Það er að lifa yfir efni fram að láta slíkt safnast saman hjá fá-

um einstaklingum. Tekjuskiptingin gefur til kynna, að auðsöfnunin sé gífurleg hjá þeim ríkustu, og það er vissulega að lifa yfir efni fram að viðhalda slíkri yfirstétt. Það er lítill efi á því, að það er sjúkleg ofrausn, svo að notuð séu orð, sem hv. 1. þm. Reykv. heldur upp á, ekki sízt er það hefur í för með sér, að fjármagn og vinnuafl dregst frá framleiðslunni. En meðan gróðamöguleikarnir eru mestir í verzluninni í skjóli innflutningshaftanna, streymir fjármagnið til verzlunarinnar. Þetta er vandamál, sem við höfum átt að stríða við í áratugi, og það verður ekki leyst nema með því að taka verzlunina í hendur ríkisins, eins og síma, hafnir, rafmagn o. fl. Það þarf að loka þessari atvinnugrein fyrir einstaklingsframtakinu, en gefa því frjálsari hendur á öðrum sviðum. En þetta hefur verzlunarstéttin ekki viljað ganga inn á og Alþ. ekki heldur.

Með umr. um þetta mál er í raun og veru stofnað til umr. um alla þá pólitík, sem rekin hefur verið í landinu, um það vald, sem heildsalarnir eru í okkar þjóðfélagi og um það ópraktiska fyrirkomulag að viðhalda einstaklingsrekstrinum, samtímis því sem hann er heftur á öllum sviðum með íhlutun ríkisvaldsins. Við búum við það versta úr báðum þeim þjóðfélögum, sem um er að ræða, einstaklingsrekstrarins og ríkisrekstrarins, og það er því ekki von, að vel fari. Hins vegar kom það fram, því meira sem leið á ræðu hv. 1. þm. Reykv., að fyrir honum virðist vera aðalatriðið gengislækkun, vísitölubinding og slíkt. Og þó að það komi ekki fram í till., virtist það vera stefnan, sem allt ætti að miða við. Þá var ekkert við það að athuga, að frjálsræði einstaklingsins væri skert. Vísitölubindingin er einhver sú harðvítugasta árás, sem gerð hefur verð á samningafrelsið. Með henni voru allir gildandi samningar milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda settir úr „funktion". Þegar barizt er fyrir því að draga úr afskiptum ríkisvaldsins, virðist sem sjálfsagt væri að afnema þetta, en hv. 1. þm. Reykv. þykir sjálfsagt, að þessu sé við haldið. Ég fæ ekki betur séð en ætlunin sé að viðhalda því, sem er auðmönnunum til góðs, en verkamönnunum til tjóns, og ef till. nær fram að ganga, eigi að taka ný svið undir einstaklingsframtakið, en viðhalda höftunum á útflutningnum, og ég tók ekki eftir því, þó að hv. flm. minntist á að afnema innflutningshöftin, að hann gerði það að neinu aðalatriði, og ekki gerir Sjálfstfl. það að neinu atriði. Fyrir þinginu er eitt mál, sem miðar í þessa átt, till., er var til umr. í Nd. í dag, en Sjálfstfl. er á móti henni. Það er sjálfsagt að vísa till. til n., en þar munu verða umr. um hana, er skapa deilur um alla pólitíkina í landinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þessari till. var útbýtt í Sþ. 4. febr., og hafa farið fram umr. um hana nokkrum sinnum síðan. Fyrst framsöguræða hv. flm. ..... þ. e. sjálfur reksturinn. Þetta eru þá dylgjur þær, sem ég á að hafa haft um málið, eftir því sem hæstv. ráðh. segir. Nú vildi ég spyrja: Teldi hann það ekki brot á embættisskyldu minni sem form. hv. fjvn., þegar mér var sent slíkt ákæruskjal, að stinga því undir stól? Ég held, að hv. fjvn. sé sammála um, að það hefði verið freklegt brot af mér, þegar ég hefði tekið við gögnum slíkum, ef ég hefði stungið þeim undir stól. Og hún hefði talið það brot að láta ekki hæstv. ríkisstj. vita eða þá Alþ. síðar, ef hún vildi eigi sinna þeim. Ég get þó sagt hæstv. ráðh., að erindið vakti svo mikla undrun í n., að við urðum hissa, því að því fylgdi 10 mánaða gamalt afrit af bréfinu, og þá hafði ekkert verið gert í málinu af hendi hæstv. ráðh. En af því að ég vildi ekki gera það að opinberu máli, fékk ég alla meðnm. mína til að láta ekkert uppi um það og m. a. sjálfa stjórnarandstöðuna. Og mér þykir vænt um, að hún gerði það ekki að blaðamáli, en ég efast um, að flokkur hæstv. ráðh. hefði ekki gert það, ef hann hefði haft slík gögn í höndum. Ég er ekki viss um, að hann hefði gert það, sem stjórnarandstaðan gerði þó, og úr því að hæstv. ráðh. fann ástæðu til að hreyfa málinu, þá þótti mér sjálfsagt að láta Alþ. vita, hver gögn það voru, sem við fengum á sínum tíma til n. *(StgrSt:* Eru það fjárlög, sem við erum að ræða um?) Nei, það er vegna þess, að hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði borið á sig sakir. Og e. t. v. er það ekki óviðkomandi sérleyfisbifreiðunum, hvort fyrirtæki er rekið á þann hátt, að blandað er saman fjárhag einstaklinga og ríkissjóðs eða hins opinbera. Það er e. t. v. ekki aukaatriði fyrir það mál. Hv. fjvn. fékk þessi gögn og sendi þau síðan til hæstv. ráðh. þ. 16. des. s. l., með stuttu bréfi, svo hljóðandi — með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárveitinganefnd sendir yður hér með, herra samgöngumálaráðherra, afrit af gögnum, sem send hafa verið til nefndarinnar í sambandi við rekstur áætlunarbifreiða, og biður yður góðfúslega að senda sér umsögn yðar um málið með öllum nauðsynlegum upplýsingum. Einkum og sér í lagi óskar nefndin að fá upplýst, hvort það sé raunverulegt, að vinna sú, sem hér er talið, að hafi verið framkvæmd, hafi verið færð sameiginlega á vinnuskýrslu hjá póststjórninni, og hve háa upphæð sé hér um að ræða í sambandi við þessi viðskipti, ef þau hafa átt sér stað. — Svar óskast hið allra fyrsta."

Hæstv. ráðh. veit, að hann svaraði þessu aldrei bréflega, en lét póststjórnina svara með langri skýrslu og með vottorðum og undirskriftum þeirra, sem sakaðir voru. Ég veit ekki, hvort n. hefði svarað, ef ábyrgðin hefði ekki verið lögð á herðar hv. fjvn., hvort málið ætti að ganga áfram. Ef hæstv. ráðh. hefði verið búinn að láta framkvæma sérstaka rannsókn, þá hefði n. ekki haft ástæðu til að gera þetta. Hann sagði jú: „*Ég læt taka fasta mennina, sem ásaka.*" Það er sannarlega of þung ásökun borin á embættismenn ríkisins, til þess að hæstv. ráðh. hafi rétt til að láta málið falla niður. Ég vil ekki vera dómari í þessu máli. Skýrslur sanna ekkert. Það er ráðuneytisins að gera út um þetta, en ekki fjvn. Og svara ég þessu ekki frekar, nema tilefni gefist til. En ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sýni þann drengskap að viðurkenna, að ásakanir hans á mig hafa ekki við nein rök að styðjast.

Þá mun ég ræða ýmis önnur atriði, er snerta þetta mál. Hann minntist á, að það væri ekki fyrir stefnu sósíalismans, að ýmis þeirra fyrirtækja væru rekin á ábyrgð ríkisins, enda hefðu

Alþfl. og Sósfl. ekki nægilegt þingfylgi til að koma á slíkum rekstri. Og svo var að skilja á hæstv. ráðh., að eitthvað yrði nú betur hert á hnútunum og m. a. komið á stofn landsverzlun, ef þeir hefðu það. (*Samgmrh.:* Já, það er alveg víst.) Er þá verzlunarástandið í landinu eins og hæstv. ráðh. vill hafa það? Vill hann þá segja, að það sé eins og Sjálfstfl. vill hafa það? Eins greindur maður og hæstv. ráðh. er veit, að löggjöf síðustu ára er samkomulagslöggjöf til að ná samkomulagi um stjórn landsins. Hann og flokkur hans hafa eigi komið öllu sínu fram. En þeir hafa reynt að ota sínum tota, m. a. með aðstoð sósíalista og framsóknarmanna. Og m. a. hefur verið farið inn á ríkisrekstur. Vinstri öfl þingsins hafa hópað sig saman og hugsað um eigin flokkshagsmuni. Vil ég nú taka nokkur dæmi um það.

Síldarverksmiðjur ríkisins eru eitt stærsta fyrirtækið. Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið gert af illri nauðsyn. Er það rétt? (*Samgmrh.:* Nei.) Nú, það er gott, að hæstv. ráðh. slær af. Það var haldið, að hér væri mögulegt að raka saman fé fyrir ríkissjóð. Sjálfsagt hefur legið að baki þess að fá sjómönnum hærra verð. En svo hefur reynzt, að ekki yfir 20% af sjómönnum hafa viljað trúa síldarverksmiðjum ríkisins fyrir veiði sinni. Og þessar prósentur fara lækkandi. Þó er það svo, að nú er helmingur þeirra á höndum einstaklinga, og stjórn síldarverksmiðjanna hefur lýst því yfir við hv. fjvn., að hún sjái sér ekki fært að vinna upp tapið með lægra síldarverði, því að þá missi hún alla veiðina til einstaklinga. Þetta er skýr sönnun fyrir því, að þeir treysti sér ekki til að reka verksmiðjurnar með sama hagnaði og einstaklingar. Hvar er hægt að fá skýrari sönnun fyrir því, að ríkisrekstur eigi ekki að eiga sér stað? Það var jú Áka Jakobssyni að kenna, sögðu þeir, fyrrv. atvmrh. Hann lét fara út í að byggja þarna og þarna og gerði ýmis glappaskot, annars hefði verið hægt að borga hærra verð. Nú er mér kunnugt um, að sömu menn hafa verið að byggja fyrir einstaklinga og byggðu fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, t. d. Þórður Runólfsson. (*FJ:* Hvernig tókst það?) Að vísu með áfalli, en ríkið borgaði það bara ekki. Þessi maður var þó valinn til þessa verks, og verksmiðjurnar urðu dýrari. Var ekki toppstöðin reist með áfalli? Þó stóð að byggingu hennar maður eins og Steingrímur Jónsson. Ég er ekki að verja gerðir fyrrv. atvmrh. En þessi rök verða eigi tekin gild, þegar sagt er, að ríkisrekstur sé hagkvæmari en einstaklingsrekstur. Þá vil ég benda á annað atriði. Hvaða aðstaða er sköpuð þessum sömu einstaklingum? Hafa þeir sömu skattfrelsisfríðindi? Síldarverksmiðjur ríkisins hafa ekki borgað einn einasta eyri. Afskriftin hefur ekki verið eins hröð og slitin á vélunum. Þegar illa gengur, er komið til Alþ. og beðið um fé og aðstoð. En er um einstakling er að ræða, þá er reiknaður allur skattur, og hann verður sjálfur að bjarga sér, þegar illa gengur. Hann verður að berjast við að greiða niður og leggja í varasjóð. Og bankarnir koma og heimta tryggingar. Og þetta þykir ekki aðstöðumunur.

Þá er rétt að minnast á bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem er talið ágætt dæmi um, að ríkið eigi að reka útgerð. Jafnvel þótt hæstv. ráðh. sé hraustur maður, held ég, að hann ætti að veigra sér við að fara út í það mál. Veit hann ekki, að bæjarútgerðin greiddi ekkert, því að hún átti ekkert til? En allir aðrir urðu að greiða, fyrirtækin Venus, Júpíter o. fl., og einstaklingar urðu að standa undir bæjargjöldunum í Hafnarfirði. (*Samgmrh.:* Þetta er rangt.) Þetta er rétt. En Hafnarfjarðarkaupstaður átti að sterka þegna, sem héldu út að gera út sín skip. Ég þekki þá mjög vel. Og hvaða skatta hefur útgerðin greitt, þegar hún græddi mikla peninga? Enga, því að hún var skattfrjáls. Hæstv. ráðh. segir e. t. v., að þetta sé rangt. Ætli skip þeirra fyrirtækja, sem ég nefndi, hafi ekki borgað um 100 þús. kr. á ári, meðan bæjarútgerðin greiddi engan eyri? Og svo er sagt, að það sé enginn aðstöðumunur. Ég skal viðurkenna, að þeir lögðu til hliðar fyrir bæinn. En aðrir gerðu það líka — og borguðu auk þess 500 þús. kr. í ríkissjóð. Hæstv. ráðh. benti á, að önnur bæjar- og sveitarfélög hefðu farið að þeirra dæmi og fengið skip. En annað kom til greina en togaraútgerðin ein. Það er sú alda að stöðva flutningana utan af landi til Reykjavíkur. Ef allir 30 togararnir hefðu komið til Reykjavíkur, þá hefðu hópar af fólki flutzt hingað. Eigi er liðið heilt ár, þegar auglýstir eru tveir togarar í Vestmannaeyjum til uppboðs til skuldalúkningar. Hvað bjargaði þeim? Einstaklingar björguðu þeim frá uppboði. Ég veit ekki betur. Og þó eru hér skattfrjálsir menn. Mér dettur ekki í hug að halda, að bæði Hafnarfjörður og Vestmannaeyjar hafi ekki gott af útgerðinni, en það er ekki hollt, nema bærinn græði. Bærinn hefur ekki aðrar tekjur en gróðatekjurnar. Sama máli gegnir um ríkið. Og þegar tap verður, þá er tekið fé af einstaklingunum, en ekki hinu opinbera. — Hún yrði skrýtin afgreiðsla fjárl., ef allur einstaklingsrekstur yrði kominn á ríkið með sama árangri og nú var lýst. Og væri verzlunin komin í hendur ríkisins með sama árangri, nema byrðar væru nú lagðar á herðar þjóðarinnar allrar, þá yrði skrýtin afgreiðsla fjárl.

Nú, þá er það landssmiðjan. Hún hefur verið rekin síðan 1935. Þá voru hér einnig Héðinn og Hamar. Hvernig er útkoman svo? Héðinn og Hamar þenja sig út og borga millj. kr. til bæjarfélagsins og í svo ríkum mæli, að Héðinn var hæsti skattgreiðandi á landinu á s. l. ári. En á sama tíma er landssmiðjan rekin með stórkostlegu tapi. Hún hefur byggt að vísu, en ekki getað greitt niður, svo að nokkru nemi, heldur stendur í skuldum, svo að ríkissjóður hefur alltaf orðið að hlaupa undir bagga. Það var einu sinni lagt á hana útsvar. En hve mikið hefur komið inn af því? Ekkert.

Þá er það fiskiðjuver ríkisins. Hvers vegna er það sett upp í Reykjavík, og af hverju var það yfirleitt reist? Það var alveg sama bjartsýni ríkjandi þar og með rekstur Hafnarfjarðarferðanna. Menn sögðu, að allir útgerðarmenn o. fl. hefðu sótzt eftir að reisa slíkt hús. Og menn tóku fé til þessa, sem þeir höfðu vafasama heimild til. En þegar sá sjóður er þurr orðinn, er krafizt fjár úr stofnlánadeildinni. Síðan er farið í bankana, og nú er það svo skuldum hlaðið, að það getur ekki staðið sjálft undir rekstrinum. Og

engum einstaklingi hefði dottið í hug að byggja á þessum grundvelli. Nú liggur ekki annað fyrir þessu fyrirtæki en að selja það eða borga til þess stórar fjárfúlgur úr ríkissjóði, og verið getur, að þar komi.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða fyrirtæki hafa grætt fé? Jú, það er áfengisverzlunin og tóbakseinkasalan. Hvaða samkeppendur eru þar? Engir. Hvaða takmörkun á verðlagi? Engin. Það væri lélegur braskari, sem ekki gæti þénað í sömu aðstöðu. Nú, það er áburðarsalan og grænmetisverzlunin. Og ekki er það landssíminn. Ef gert er yfirlit, þá hefur hann þénað annað árið, en tapað hitt. Og það er ekki póstsjóður, sem hann hefur byggt fyrir. Hverjir fleiri hafa grætt? Þyrill, jú. En það var ill nauðsyn, sagði hæstv. ráðh. Ég vil benda á, að árið 1943 var lagt fram frv. á Alþ., þar sem stj. er gefin heimild til að taka að sér alla olíuflutninga kringum landið. Ég man ekki betur en hæstv. ráðh. væri með því. En vegna harðskeyttrar baráttu var sett inn í l., að heimildin væri takmörkuð við 1 ár.

Aldan er öll á þá leið, að allt er tekið af einstaklingunum og flutt yfir á ríkið. Hæstv. ráðh. mun sjá, að það eru allt önnur kjör fyrir þá, sem eru í samlagsfélögum, eða bæjarfélögin. Alþ. er að þvinga allt frá einstaklingunum yfir á hið opinbera. Og svo segir hæstv. ráðh., að þetta sé gert af illri nauðsyn. Það er ekki verið að snúa við sannleikanum í þessum málum! Ég veit ekki betur en ráðh. vilji láta sín haftasjónarmið ná svo langt, að fólki sé bannað að fara úr landi, þó að upplýst sé, að slíkt er brot á mannréttindaskrá sameinuðu þjóðanna. Í viðskiptamálum er stefna þessa ráðh. sú að fjölga stöðugt nefndum og ráðum til að torvelda allt athafnalíf. Og þó að menn vilji gera eitthvað eða sjái einhverja möguleika, þá verður að sækja um leyfi og fá uppáskriftir, en það tekur í flestum tilfellum svo langan tíma, að öll tækifæri eru glötuð, þegar leyfin eru loksins fengin. Þessi haftapólitík er líka alveg að drepa okkar þjóðfélag, en það virðist þessi hæstv. ráðh. ekki sjá, því að í stað þess að greiða eitthvað úr allri þessari flækju, þá verður hann æfur af reiði, þegar Alþingi neitar að veita ótakmarkað fé til nefndanna og ráðanna. Og ég átti ekki von á öðru frekar en að hann segði þá þegar af sér, þó að úr því yrði nú ekki. Fyrir stríðið var þetta á sama veg, — eða hvernig var búið að Óskari Halldórssyni, þegar hann vildi stofna til stórrekstrar í síldarvinnslu? Jú, þá mátti auðvitað ekki brjóta prinsipið, að ríkið skyldi annast þennan rekstur, og sama var sagt við beiðni um verksmiðju á Patreksfirði, þó að leyfi fyrir vélum til hennar fengist með þeim fyrirvara, að um karfaverksmiðju væri að ræða, en síðan hefur þessi verksmiðja malað gull í höndum einstaklinga og ríkið haft af henni meiri tekjur en af sínum stóru verksmiðjum. Það mætti nefna mörg dæmi um það, hvernig ríkið hefur komið í veg fyrir, að einstaklingar réðust í stórrekstur, og gert hinum, sem staðið hafa að góðum rekstri, erfitt fyrir. Og við nánari athugun á því, hvernig búið hefur verið að einstaklingunum, undrar engan, sem málunum er kunnugur, þó að ríkið yrði að taka við ýmsum rekstri, sem það undir öðrum kringumstæðum hefði getað losnað við, og ríkissjóður þá um leið getað losnað við tapið, sem af þeim rekstri hefur leitt.

Ég vil þá minnast nokkuð á þær leiðir, sem ráðh. minntist á til úrbótar. Bæði ráðh. og 4. þm. Reykv. lýstu yfir, að gengisfall mundu þeir eða þeirra flokkur ekki geta fallizt á, nema öll önnur sund væru lokuð. Ég man ekki eftir, að ráðh. hafi fyrr lýst því yfir, að hann gæti fallizt á gengisfall, ekki einu sinni þó að öll önnur sund væru lokuð. Út af þessum ummælum ráðh. vildi ég leyfa mér að spyrja hann, hvaða sund hann sér önnur opin til að komast út úr því öngþveiti, sem nú ríkir. Ég veit ekki betur en Alþ. með sínum 52 þm. sé búið að sitja á rökstólum í allan vetur án þess að finna nokkrar útgöngudyr. — Hv. 4. þm. Reykv. lýsti því yfir áðan, að stefna Alþfl. hefði ráðið í dýrtíðarmálunum, enda hefur það líka komið fram í málgagni flokksins. En hvað kostar þessi stefna í dýrtíðarmálunum þjóðina? Í fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir af fjmrh., var gert ráð fyrir 33 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, en með þessari stefnu, sem Alþfl. telur sína stefnu og hæstv. viðskmrh. og 4. þm. Reykv. mæla fyrir, mun ekki veita af 76 millj. Telur hæstv. ráðh. í alvöru, að þetta sé einhver leið út úr ógöngunum? Ég er sannfærður um, að ráðh. veit, að þetta er engin leið, og annaðhvort hefur hann ekki kynnt sér málin eða hann segir vísvitandi rangt frá. Það hefur verið reiknað út, að gengisfall muni að líkindum vera léttasta leiðin, enda sennilega eina færa leiðin eins og nú er komið. Þó að hún sé alls ekkert æskileg og betra, að það ástand, sem gerir hana nauðsynlega, hefði ekki skapazt, þá verður að sætta sig við orðinn hlut og láta vítin sér að varnaði verða. Og það mætti segja mér, að þegar Alþfl. hefur hug til, þá fallist hann á að fara þessa leið, enda hefur hann með stefnu sinni unnið mest til þess, að gengisfall er nauðsynlegt.

Ég ræddi þessi mál 1946 og benti þá á hættuna, ef þessari stefnu, sem ráðið hefur, væri fylgt, og sömuleiðis að afleiðingarnar mundu leiða til þess, að ekki yrði hægt að borga víxilinn nema með gengisfalli, enda kemur stöðugt betur í ljós, að þessi skoðun mín var rétt, og á eftir að sýna sig enn betur, ef ekki verður breytt um stefnu. Sú kauphækkunaralda, sem reið yfir 1946, hlaut að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenzku krónuna, því að eins og ég sagði þá og segi enn, getur engin þjóð greitt hásetum á skipi 40—50 þús. kr. á ári með 100 daga frí nema hluta gengi sitt í marga parta. Og þessi kauphækkun var því eitt skrefið til gengisfalls, sem ráðh. vill ekki viðurkenna fyrr en öll sund eru lokuð, eins og hann sagði sjálfur.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar nú, þó að margt mætti segja um þetta mál og mikil nauðsyn sé á að leysa fjötrana af atvinnulífinu. Ég veit, að margir hafa trú á opinberum rekstri og berjast fyrir þeirri trú sinni, en ég er dálítið undrandi yfir jafngreindum mönnum eins og hæstv. ráðh. og 4. þm. Reykv., að þeir skuli vera að berja höfðinu við steininn, þegar þeir sjá afleiðingarnar og hvert stefnir. Ég teldi þá meiri menn, ef þeir viðurkenndu villu sína og legðu spilin á borðið og stokkuðu upp, og það geta þeir

verið vissir um, að með auknu frjálsræði fyrir einstaklingana verða fleiri útgöngudyr út úr öngþveitinu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka aftur til máls, nema sérstakt tilefni gæfist, og nú hefur þm. Barð. gefið fullkomið tilefni, þar sem hann hefur flutt allmargar ásakanir á mig og mína stefnu.

Þessi hv. þm. hóf sitt mál með því að segja, að ég hefði flutt hér fáránlega ræðu, fulla af blekkingum og röngum fullyrðingum. Ég hirði ekki að svara slíkum slagorðum, því að þau dæma sig sjálf, en hins vegar vil ég víkja nokkuð að þeim orðum, sem hann beindi sérstaklega til mín. Aðaltilefnið til þessara ásakana virðist hafa verið það, sem ég sagði um afskipti mín af sérleyfisferðunum, en forsaga þess máls er sú, að form. fjvn. hafði komið með aðfinnslur og aðdróttanir í minn garð í fjárlagaræðu sinni. Ég var því miður ekki viðstaddur, þegar þessi ræða var flutt, og hef ég því ekki annað en blöðin til að styðjast við. Eins og ég gat áðan, þá þykir mér leitt að hafa ekki annað en Þjóðviljann sem heimild, þó að hann virðist hér hafa hermt rétt. (*SigfS:* Eins og endranær.) Nei, þvert á móti. — Aðalásakanirnar voru þær, að ég hefði notað póstsjóð og líklega sérstaklega orlofsfé í heimildarleysi til að kaupa bíla á sérleyfisferðir, sem ríkið rekur. Ég mótmælti þessu og vil enn endurtaka þau mótmæli.

Þegar ákveðið var, að ríkið tæki að sér sérleyfisferðir, 1944, átti 1. þm. Reykv. meðal annarra sæti í ríkisstjórn. Það má því með nokkrum rétti segja, að hann sé upphafsmaðurinn að þessum rekstri — og að minnsta kosti á hann meiri þátt í stofnun hans en ég. Í l. um þetta var ákveðið, að póststjórnin skyldi hafa með þetta að gera, en ekki ákveðið nánar, hvar fé skyldi fengið. En auðvitað þarf fé, þó að engar sérstakar ráðstafanir væru um það gerðar. Nú hafði póstsjóður yfir allmiklu fé að ráða, eða yfir 100 millj. Það var bæði fé, sem í umferð var vegna póstávísana, fyrir seld frímerki og orlofsfé, sem þó er varla meira en 6% af sjóðnum. Einhver lítill hluti af þessu fé var svo notaður 1944 til að kaupa bíla á sérleyfisleiðina Akureyri—Reykjavík. Þetta varð þó á engan hátt til þess, að póststjórnin stæði ekki við allar sínar skuldbindingar. Þannig var málum háttað, þegar ég tók við rn., sem þessi mál heyra undir. Síðar, þegar ríkissjóður tók að sér Hafnarfjarðarferðirnar, varð að kaupa marga bíla, og þurfti til þess allmikið fé. Þetta fé var tekið að ¼ úr póstsjóði, en hitt fengið annars staðar að láni, og það má ef til vill telja það vítavert, að ekki skyldi allt féð fengið annars staðar. En hins vegar get ég ekki séð, að það sé á nokkurn hátt vítavert, þó að póststjórnin hafi notað þetta fé, sem póstsjóður hafði handbært, úr því að hún tók að sér reksturinn á annað borð. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að ræða þetta atriði frekar. Það getur hver haldið sinni skoðun. Ég held því fram, að þessi hv. þm. hafi ekki haft heimild til þeirra aðdróttana og brigzlyrða, sem hann notaði við 2. umr. fjárl., og ég mótmæli algerlega þeirri staðhæfingu, að hér hafi verið um sérstakt orlofsfé að ræða. Og sömuleiðis mótmæli ég því sem tilhæfulausu, að þetta fé hafi ekki verið tekið af nauðsyn, því að sú sérleyfisleið, sem ég var viðriðinn, þegar ríkið tók að sér reksturinn, þ. e. Hafnarfjarðarleiðin, var tekin vegna þess, að sérleyfishafar neituðu að halda áfram rekstrinum nema þeir fengju 10 ára samning, en l. um sérleyfin heimiluðu ekki að veita þau nema til 3 ára, sem síðar var þó hækkað í 5 ár. Það var því ekki mögulegt fyrir ríkisstj. að veita leyfið til 10 ára á því stigi málsins, og þar af leiðandi varð ríkið að taka við þessum rekstri.

Þá sagði þm., að ekki hefði liðið langur tími frá því, að ríkið tók við rekstrinum, þar til fargjaldið hefði verið hækkað. Þetta er rétt, en af hverju? Sannleikurinn í málinu var sá, að gamlir og ófullkomnir vagnar höfðu verið notaðir á þessum leiðum, og var brýn nauðsyn á að fá nýrri og betri vagna. Þetta var það, sem sérleyfishafar treystu sér ekki til með sama fargjaldi. Þegar svo ríkið keypti nýja vagna, var ekki nema eðlilegt, að fargjaldið hækkaði, og það hefur alls ekki hækkað nóg til, að reksturinn beri sig, eins og hann þyrfti að gera. Það er heldur ekki mjög óeðlilegt. Á síðustu 2 árum hefur ríkissjóður krafizt stöðugt nýrra skatta af þessum rekstri, bæði hefur gúmmí og benzín hækkað mikið og auk þess hefur söluskattur verið lagður á fargjöldin. Allt þetta veldur því, að reksturinn hefur stöðugt orðið dýrari og erfiðari síðan ríkið tók við honum. Aðstaðan hefur ekki versnað fyrir atbeina annarra en Alþ. Og mér er kunnugt um það af viðtali við stjórn félags sérleyfishafa, að það er mikið þess vegna, sem þeir hafa talið sig ekki geta haldið áfram rekstrinum án þess að fá að hækka sín fargjöld. Þess vegna tel ég, að þótt afkoma sérleyfisbifreiða ríkisins hafi ekki verið það góð sem æskilegt hefði verið á undanförnum tveimur árum, þá sýni það ekki, að haldið hafi verið verr á málum þar en hjá einstaklingum í svipuðum tilfellum, nema síður sé, því að útkoman á þessum árum hjá einstaklingum hefur af þeim óviðráðanlegum ástæðum orðið lakari en gera hefði mátt ráð fyrir annars, vegna aukinna álaga á þessa starfsemi af hálfu Alþ. — Hv. 1. þm. Reykv. vildi halda því fram, að þetta fyrirkomulag á akstrinum væri af minni hálfu vegna þess, að ég hefði og minn flokkur alveg sérstaka tilhneigingu til þess að skerða rétt einstaklinga. Ég vil ekki orða þetta svona, því að það hefur aldrei flögrað að mér út af fyrir sig, að ég vildi gera neitt til þess að skerða rétt neins einstaklings til þess að gera honum bölvun sérstaklega. En það, sem fyrir mér og mínum flokki vakir, er ekki að skerða rétt neins einstaklings út af fyrir sig bara vegna þess verknaðar í sjálfu sér, heldur aðeins að tryggja rétt almennings gagnvart einstaklingunum. Það er það, sem vakir bæði fyrir mér og Alþfl. við setningu ýmissa þessara laga og framkvæmd ýmissa þessara hluta, sem hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Reykv. eru svo illir út í. Það er vegna þess, að þetta skefjalausa og óhefta einstaklingsframtak má ekki leika lausum hala til þess að hagna einstaklingum, eftir því sem þeim líkar bezt, það er það, sem gerir það að verkum, að þeir eru

svo illir út í þessi afskipti ríkisins af atvinnurekstri.

Ég tel, að með sérleyfisakstrinum, sem ríkissjóður hefur komið á fót, hafi verið unnið merkilegt starf til þess að skaffa almenningi betri farkost. Það má leita um landið þvert og endilangt til þess að finna betri bíla og aðbúnað og fyrirgreiðslu en er hjá sérleyfisakstri ríkisins, sem er vegna þess, að ýmis ríkisfyrirtæki eiga að hafa og hafa hugfast, að þau eru fyrst og fremst til þess að veita einstaklingum í þjóðfélaginu þjónustu, en ekki fyrst og fremst til þess að græða fé. — Hv. þm. spurði á einum stað í sinni ræðu: *Hvaða ríkisfyrirtæki hafa grætt?* Hann svaraði þessu sjálfur að nokkru leyti og nefndi einkasölurnar sumar, sem hefðu grætt. Og svo nefndi hann aðrar einkasölur, sem hefðu ekki grætt, heldur hefði stundum verið tap á rekstri þeirra. Þetta getur vel verið rétt. En þessar einkasölur og ýmis önnur fyrirtæki ríkisins eru sett á stofn út frá mismunandi sjónarmiðum. Fyrirtæki eins og áfengisverzlunin og tóbakseinkasalan eru sett á stofn til þess að afla ríkissjóði tekna, og þau hafa líka grætt, ekki neina smámuni, heldur tugi milljóna á hverju ári. Og þó man ég það langt aftur í tímann, að það kostaði mikil átök að fá tóbaksverzlunina og áfengisverzlunina úr höndum einstaklinga yfir á hendur ríkisins. Svo eru til önnur fyrirtæki, sem sett eru á fót af hálfu ríkisins beinlínis til þess að þjóna almenningi, án þess að meiningin sé fyrst og fremst að græða á þeim fyrirtækjum, svo sem grænmetisverzlun ríkisins og áburðareinkasalan o. fl. fyrirtæki, sem eru sett á stofn af hálfu ríkisins til þess að veita landsmönnum ákveðna þjónustu. Og þessi fyrirtæki hafa mörg verið rekin vel og veitt landsmönnum sína þjónustu, en án þess að hafa grætt, og sum þeirra hafa stundum verið rekin með tapi, af því að það hefur þá verið vægar farið að um verðlag í stofnununum en raun bar síðar vitni um, að mætti, til þess að stofnunin gæti borið sig, en meiri áherzla lögð á hitt, að þau gætu verið það, sem þau áttu að vera fyrir þjóðina.

Hv. þm. sagði, að það væri óverjandi hjá mér að hafa ekki beðið um fé úr ríkissjóði til þessa sérleyfisaksturs, en tók sig reyndar á síðar, að það væri komið annað viðhorf nú, þar sem væri búið að brúka svo og svo mikið fé og yrði að leggja annað málborð á hlutina en hefði verið gert í upphafi, þegar þetta fyrirtæki var stofnað. Ég sagði við fjárlagaumr. nú á dögunum, að ég hefði fengið það út úr ræðu hv. þm., sem mér hefði ekki verið ljóst áður, að hann teldi — og kannske telja það fleiri þm —, að ekki væri rétt, að póstsjóður legði fé í þetta fyrirtæki. Og ef svo ætti ekki að vera, þá er ekki um annað að ræða nú en að setja þetta beint á fjárl. En eins og þetta var gert, með *beinum framlögum úr póstsjóði, því hefur* verið haldið áfram síðan, og að því hefur aldrei verið fundið fyrr en nú. Ef það var rangt þá, þegar það var fyrst gert, þá er það rangt nú að leita ekki til ríkissjóðs beint og biðja um fé til þessa fyrirtækis. En ég vænti þess, að hv. þm. Barð. segi ekki, að það sé annað viðhorf nú en var þá, og að hann styðji það a. m. k. með sínu atkv. í þinginu. Ég veit ekki, hvort ég mundi fara með þetta í fjvn., því að ég hef ekki meir en svo góða reynslu af því að bera mín mál upp þar. Ég býst við að spyrja þennan hv. þm. kannske ekki um það, heldur bera það upp í þinginu. Og ég býst við, að þeir hv. þm., sem eru á móti því að láta póstsjóð lána þetta fé, verði þá með því, að fjárveiting verði heimiluð á fjárl. til þess að draga úr þessum lánum póstsjóðs til rekstrarins.

Hv. þm. Barð. kom hér með annað, sem ég sé ekki, hvað kemur a. m. k. þessu máli við, sem hér er um að ræða. Ég taldi, þegar það var til umr. við afgreiðslu fjárl., að hv. frsm. fjvn. gætí *tæpast verið þekktur fyrir* að bera uppi í sér söguburð eins og þann, sem hv. þm. og frsm. fjvn. gerði um viðskipti — eins og hann kallaði það — einstaklinga og póstsjóðs, sem hefðu *verið þannig, að póstinum væri til tjóns og ríkis*sjóði til óhagnaðar, sem ég veit, að hann segir hvort tveggja gegn betri vitund, því að það er greinilega sannað í þeim gögnum, sem hv. fjvn. voru afhent, að svo var ekki. Það, sem ég vil, að hv. þm. viti, og ég held, að ég hafi lýst við fjárlagaumr., er það í þessu máli, að tveir af starfsmönnum póst- og símamálastjórnarinnar kaupa nokkra bragga á flugvellinum, samtímis því sem póststjórnin kaupir einnig sína bragga. Þessir menn ætluðu sér að hafa þetta til að byggja úr því og höfðu það að nokkru leyti. Þetta var flutt að nokkru leyti á bílum póststjórnarinnar og að nokkru leyti á öðrum bílum til Reykjavíkur, án þess að það væri sundurgreint fjárhagslega, hvað hvor ætti þar beint að borga, þegar upp var gert, þannig að bílstjórum, sem tóku fyrir þetta greiðslur, var greitt úr póstsjóði. Hins vegar var höfð á því *full aðgæzla, hversu mikils virði þessir flutn*ingar væru, og póstsjóði greitt upp í þann kostnað í efni, sem hann þurfti nauðsynlega á að halda, og fékk þannig fullt að tiltölu og þó meira en hann átti rétt á að fá, hefði þetta verið greitt í peningum. Fyrir 10 mánuðum barst mér fyrsta vitneskjan um þetta mál og í svipuðu formi eins og hv. fjvn. nú. Hv. þm. Barðleyfir sér svo að segja, að ég hafi ekkert gert í málinu og setið á því í 10 mánuði, enda þótt ég hafi lýst yfir í fjvn., að undir eins og mér var þetta kunnugt, sneri ég mér til yfirskoðunarmanns ríkisins og bað hann að rannsaka þetta mál. Hann fór til sérleyfisdeildar póststjórnarinnar og kynnti sér reksturinn á þessu, og kom hann svo til mín að því loknu og sagði mér, að hann hefði ekkert getað fundið í þessu, sem hann hefði neitt við að athuga. Þetta er gert í febrúar 1948. *(GJ:* Þetta eru aðrar skýrslur en ég hef fengið.) Þetta er nákvæmlega það sama. Björn Árnason fór þá í þetta mál fyrir mína hönd og gaf mér að því búnu skýrslu um, að hann teldi ekki ástæðu til að gera aths. um þetta. Þá fyrst taldi ég ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu, af því að ég taldi málið fullupplýst. — Síðan kemur þessi sami maður, sem skrifaði mér hitt bréfið — og ég hef mínar ástæður til þess að ætla, að það hafi ekki verið af umhyggju fyrir afkomu póstsjóðs — og hann skrifaði líka fjvn., og fjvn. sendi mér bréfið. Ég lét þá endurskoða viðkomandi reikninga, og endurskoðandinn, sem rannsakar málið, kemst að

þeirri niðurstöðu, að ekkert sé við þetta mál að athuga og póststjórnin hafi fengið fullkomlega sitt. Svo kemur hv. frsm. fjvn., eftir að hafa fengið þessar upplýsingar í hendur, og ber fram, að póststjórnin hafi tapað á þessu og ríkissjóði hafi verið gert þetta til ógagns. *(GJ:* Hæstv. ráðh. fer með rangt mál.) Þetta er nákvæmlega það rétta í þessu, eftir því sem ég hef fengið gögn um málið. Í þriðja lagi benti ég hv. fjvn. á það að höfða réttarrannsókn í málinu, ef fjvn. þætti málið ekki nægilega upplýst. Hv. þm. sagði, að fjvn. hafi ekki verið aðili að þessu máli, og rétt er það. En hún gat bent mér á, að hún áliti rétt að láta þessa réttarrannsókn fara fram, ef hún teldi hana nauðsynlega. Ég ætlaðist ekki til þess, að nefndin höfðaði mál, heldur, ef hún teldi málið svo illa upplýst, að hún teldi málssókn nauðsynlega, þá léti hún það álit í ljós. Ég taldi málið fullupplýst, svo að ekki þyrfti frekari aðgerða við. Og ég taldi, að þessi söguburður væri af allt öðrum rótum runninn en þeim, að hagur póststjórnarinnar og ferða hennar væri fyrst og fremst borinn fyrir brjósti. Ég sé því ekki ástæðu til að breyta neitt minni skoðun á þessu máli, fyrr en þá að fjvn. eða Alþ. telur, að fengnum þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að málið þurfi frekari rannsóknar við og æskilegt sé, að réttarrannsókn verði látin fara fram. Og þegar slíkt lægi fyrir hendi, þá væri ég reiðubúinn til þess að láta þessa rannsókn fara fram, þó að ég fyrir mitt leyti telji það þarflaust, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja. En eins og hv. þm. Barð. hefur borið hér fram, og að fengnum þeim upplýsingum, sem hann hefur fengið, þá tel ég það vægast sagt ekki drengilega flutt. Hv. þm. Barð. sagði, — og það var nú eitt af því, sem bar því vitni, með hvaða hugarfari hann hefur skoðað málið, — að ég hefði ekki svarað bréfi nefndarinnar, heldur hefði ég látið póststjórnina svara með vottorðum þeirra, sem bornir voru sökum. Ég svaraði bréfinu á þann hátt, sem hv. þm. vissi vel um, að ég kom með öll gögn til n. í málinu, skýrði málið fyrir henni munnlega og spurði, hvort nefndin óskaði frekari upplýsinga. Vottorð lágu að vísu fyrir frá þeim, sem bornir voru sökum, en endurskoðendurnir, sem endurskoðuðu þetta mál, byggðu ekki niðurstöður sínar á þeim, heldur notuðu þau sem leiðarvísi við málsrannsóknina, þannig að útkoman í málinu er ekki byggð á vottorðum þeirra, sem bornir voru sökum, heldur á yfirlýsingum endurskoðendanna, sem rannsökuðu þessi vottorð og önnur þau málsskjöl, sem fyrir lágu.

Hv. þm. Barð. óskaði eftir því, að ég sýndi það drenglyndi, eins og hann orðaði það, að taka aftur það, sem ég hefði farið rangt með í ásökunum á sig. Ég tók það fram í upphafi, að ég vissi ekki, hvað staðgóð heimild Þjóðviljinn væri í þessu efni, þegar hann skýrði frá ræðu þessa hv. þm. Ég gat efazt um, að hann færi rétt með, vegna þess að hann hefur verið staðinn að því að fara öfugt með mál. En allt, sem hv. þm. Barð. sagði í þessari ræðu, sem hann flutti hér nú, staðfestir fyllilega það, sem ég las í þessu blaði um þetta atriði, og það, sem ég byggði mínar ásakanir á. Þessi hv. þm. hefur látið hér liggja orð að því, að það væri hér um mjög vafasama notkun eða misnotkun að ræða á orlofsfénu, og lét hann enda liggja orð að því, að hér væri um allt að óheiðarlegu athæfi að ræða af hálfu þessara starfsmanna, — sem ég var þó búinn að skýra fyrir honum og hv. fjvn., eins og ég hafði vit til, og spyrjast fyrir um, hvort réttarrannsókn ætti, að áliti n., að fara fram um það, og hafði ekki fengið undirtektir hjá n. Þetta leyfði ég mér að víta um daginn. Annaðhvort átti nefndin, eftir þær upplýsingar, sem hún fékk, að segja: þessar upplýsingar eru fullnægjandi, — og þá hefði málið verið útrætt, — eða þá átti hún að segja: Þær eru ekki fullnægjandi, — og þá átti að fara fram réttarrannsókn í málinu. Nú hefur hv. frsm. fjvn. gert hvorugt af þessu. Hann hefur ekki lagt til, að rannsókn færi fram í málinu, og ekki heldur sagt, að upplýsingarnar væru fullnægjandi, heldur valið þann kostinn að koma með þetta fram í Alþ. og dylgja um, að hér hafi farið fram óheiðarlegt athæfi, sem ríkissjóður hafi tapað á — gagnstætt því þó, sem ég tel upplýst, að liggi fyrir í málinu.

Ég skal svo ekki fara mörgum orðum um ræðu þessa hv. þm. frekar. En þó get ég ekki komizt hjá því að minnast á einstök atriði. Síldarverksmiðjum ríkisins skal ég sleppa. Ég geri ráð fyrir því, að það verði annar hér, sem minnist á þær og hvern þátt þær hafa átt í íslenzku þjóðlífi, að einmitt rekstur síldarverksmiðja ríkisins var stofnaður af hálfu ríkisins. — En það næsta, sem hv. þm. Barð. minntist á, var bæjarútgerð togara, og hann kom með eina af sínum venjulegu fullyrðingum, að á sama tíma og bæjarútgerð Hafnarfjarðar hefði verið rekin með tapi fyrir stríð, þá hefðu einstaklingar þar í bæ borgað stórfé í bæjarsjóðinn til þess að standa undir rekstri þessarar útgerðar og tapi á bæjarútgerðinni á þessum stað. Þetta er rangt. Það hefur ekki einn eyrir af því tapi, sem bæjarútgerðin þar varð fyrir á árunum 1931—39, verið borgaður af öðrum en bæjarútgerðinni sjálfri. Og það er gersamlega rangt, að nokkur eyrir úr bæjarsjóði, hvorki af tekjum þeim, sem hafa komið frá útgerðarmönnum í bænum, né öðrum, hafi runnið til þess að borga þetta — aldrei, ekki einn einasti eyrir, ekki í einu einasta tilfelli. Þessum ósannindum verður því hv. þm. Barð. að kingja, hvort sem honum líkar betur eða verr og hvort sem hann endurtekur þau oftar eða sjaldnar. — En þetta var ekki aðalatriðið í mínu máli, heldur að aðrir bæir en Hafnarfjörður hefðu nú, eftir þeirri reynslu, sem þar hefur fengizt, farið út í rekstur togara á nákvæmlega sama hátt eins og þessi bær gerði. En hv. þm. Barð. er ekki í vandræðum með svarið. Hann segir, að þeir bæir hafi farið út í þetta vegna þess, að það voru svo miklir fólksflutningar til Reykjavíkur, að það hafi þótt heppilegt að dreifa atvinnutækjunum nokkuð utan Reykjavíkur. Þetta út af fyrir sig getur verið rétt, og ég get fallizt á það, að fólksfjölgun úi um land er sjálfsagt fullmikil. En hvort það hefur nákvæmlega verið svo, að farið hafi verið út í bæjarútgerð til þess að stemma stigu fyrir þetta nú, get ég ekki skilið, að liggi beint fyrir, því að alveg eins hefðu einstakling-

ar úti um land getað tekið þessi fyrirtæki og rekið þau. *(BÓ: Og skattfrjálst?)* Bæjarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefði ekki þurft að stofna þar bæjarútgerð til þess að draga úr straumi fólks til Reykjavíkur. En svo vill til, að meiri hluti Sjálfstfl. í Reykjavík hefur séð þann kost vænstan að taka upp bæjarrekstur á togurum, eins og Hafnarfjörður gerði á sínum tíma, þó að þeir, sem þann flokk fylla, öðrum þræði fordæmi allan opinberan rekstur. Hvers vegna? Ja, það er engin ástæða til þess, að bæirnir reki þessa togara frekar en einstaklingar, nema sú, að þeir græða á því. Og það skyldi þó ekki vera ástæðan sú, að þeir hefðu von um að hagnast eitthvað á því á þennan veg fyrir bæinn frekar en ef togararnir væru í eigu einstaklinga? Togararekstur einstaklinga gengur svona upp og niður. Og eitthvað hef ég heyrt um það, að togararekstur þessara hv. einstaklinga hafi nú ekki alltaf gengið betur en sumur bæjarútgerðarrekstur togara — eða kannske hv. þm. Barð. geti í þessu sambandi fært fram samanburð á sínum einkarekstri og sumum bæjarútgerðarrekstri. Ég veit, að hann rekur togaraútgerð, og fróðlegt væri að vita, hvort hann vildi gera samanburð á þeim rekstri og útkomu hans og hins vegar á þeim opinbera rekstri, sem hefur verið hafður með höndum af bæjarfélögum ýmsum hér á landi. Það getur verið, að sá samanburður sýndi yfirburði einkarekstrarins, en þá er vel farið, ef hann gerir það. — En hvað sem um það er, er eitt víst, að það hefur ekki verið farið út í það af íhaldsbæjarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík að hafa togararekstur af því, að þeir, sem honum tilheyra, hafi tekið ástfóstri við þann rekstur. Nei, sennilega, eins og hv. þm. nefndi, hefur það verið ástæðan, að talið hafi verið, að bærinn græddi meira á því en á hinu að gera það ekki, og af því að fólkið í Reykjavík vildi þetta rekstrarform heldur en hitt. Það mætti segja mér, að það hafi verið ein af ástæðunum fyrir því, að þetta var gert, því að ég held, að fólkið hafi skynjað, að það væri fullt eins gott að láta hagnaðinn af þessum rekstri lenda hjá bænum eins og að láta hann lenda hjá einstaklingum. — Það er rétt, að einstaklingsrekstur hefur borgað skatta og útsvör. Hann gerir það að sjálfsögðu, ef hann hagnast, en tiltölulega lítið, ef hann hagnast ekki. Bæjarútgerðir ýmsar, a. m. k. í Hafnarfirði, þar sem ég hef fylgzt með þeim málum í þau 18 ár, sem bæjarútgerð hefur þar starfað, hefur, eftir að hún fór að græða, borgað fullkomlega til bæjarsjóðs þau gjöld, sem henni hefur borið að gera, samanborið við aðra, og það mjög verulegar upphæðir, — það get ég fullyrt. Hins vegar hefur hún sloppið við að borga skatt í ríkissjóð, það er rétt. Og það vita allir, að þegar þessi rekstur ber sig ekki eða græðir ekki, þá borgar hann heldur ekki skatta í ríkissjóð. Hins vegar þegar togaraútgerð einstaklinga græðir, þá borgar sá rekstur skatta í ríkissjóð.

Hv. þm. Barð. fullyrti, að afgreiðsla á fjárl. mundi verða eitthvað skrýtin, ef allur þessi rekstur væri tekinn undir ríkið og verzlunin líka. Ja, afgreiðsla fjárl. er nú bara skrýtin eins og hnú er undir stjórn þessa hv. þm. Og það finnst sjálfsagt fleirum en mér, að hægt hefði verið að komast af með minna en fimm mánuði til þess að skila fjárlagafrv., eins og hv. fjvn. gerði, þegar hún skilaði því til 2. umr. Ég efast um, að fjárlagaafgreiðslan mundi verða miklu skrýtnari, þó að opinber rekstur væri í þessum greinum, heldur en hún var og er undir stjórn þessa hv. þm.

Hv. þm. Barð. minntist á landssmiðjuna og fiskiðjuverið. Ég skal ekki hafa mörg orð um þau fyrirtæki. En það er rétt, að landssmiðjan hefur ekki alltaf grætt, en það er m. a. vegna þess, að henni hafa verið fengin verkefni að vinna, eins og svo mörgum öðrum ríkisfyrirtækjum, sem einstaklingar hafa ekki viljað taka að sér, vegna þess að það var fyrirsjáanlegur halli af þeim. Það hefur háð fjárhagsafkomu ýmissa ríkisfyrirtækja, og það gildir ekki einasta um landssmiðjuna, að þeim hefur verið fengið verk að vinna fyrir greiðslu, sem ekki var kostur, að aðrir hefðu viljað taka að sér að vinna verkið fyrir, og sumpart hefur ýmsum fyrirtækjum ríkisins líka verið skammtað svo naumt fé, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að það hefur mjög háð afkomu þeirra. Það er ástæðan til þess, að fiskiðjuver ríkisins hefur ekki komizt betur af en raun ber vitni. Fiskiðjuver ríkisins hefur verið févana raunverulega frá fyrstu tíð, og þess vegna hefur það ekki getað tekið upp starfsemi, sem vitað er, að gefur góðan arð, og hafizt hefði verið handa um, ef það hefði fengið fé, sem til þess þurfti, og líka hefði mátt gera, ef góður vilji hefði verið fyrir hendi. Ég á við ísframleiðsluna, sem vantaði lítið til að gæti komizt á og talin er góð „forretning", en það hefur ekki verið gert, af hvaða ástæðum sem það er, og eins má segja um fleiri starfsemi þessa fyrirtækis, að það er fjárskortur, sem hefur háð því. Alveg það sama má að nokkru leyti segja um landssmiðjuna. Það verður, þegar þessi ríkisfyrirtæki eru athuguð, að gera upp á milli þess, hvaða fyrirtæki eru beinlínis sett á stofn til þess að afla fjár fyrir ríkissjóð og hvaða fyrirtæki eru til að anna ákveðnum verkefnum og þjóna almenningsheill. Fiskiðjuverið er að verulegu leyti sett upp til þess að kanna nýjar leiðir, og átti að vera fyrirmyndarfyrirtæki fyrir sams konar fyrirtæki, þar sem fagþekkingin væri sett í öndvegi og menn, sem kynnu til þessara hluta, segðu fyrir verkum. Þegar málið var rætt í mín eyru, þá var það þannig lagt fyrir, að ég hygg, að það hafi verið sú hugsun, sem lá til grundvallar, frekar en það, að það ætti að skila arði. En starfseminni hefur algerlega verið haldið niðri vegna þess, að fyrirtækið hafði ekki nægilegt fé til þess að standa undir sínum rekstri og ekki fé til að greiða nauðsynlegan stofnkostnað og vélar, sem þurfti til þess að koma rekstrinum af stað.

Þá minntist hv. þm. á Þyril, og hafði raunar ekki mörg orð til afsökunar sínu máli þar. Það eina, sem hann gat fundið, var það, að einu sinni hefði verið flutt hér frv. á Alþ. um það að taka ekki einasta olíuflutningana úr höndum einnar, heldur allra olíuverzlana. Olíuverzlanirnar væru svo óvissar um sína aðstöðu í þjóðfélaginu, að þær teldu sig tæplega geta farið út í neina fjárfestingu, eins og skipakaup, vegna þess að þau vissu aldrei, hvenær þetta yrði af

þeim tekið. Heldur eru þessi rök langsótt, því að bæði var það, að annað félagið hafði skip í sinni þjónustu, sem að vísu var leiguskip, og hefur sótt um að fá annað skip síðar, en að það vildi ekki kaupa þetta skip, var vegna þess, að hvorugt félagið hafði trú á því, að það væri eins gott og síðar reyndist, enda getur ekki verið sú ástæða, að það hafi verið hrætt við að leggja fé í skip eða fasteignir, því að annað þessara félaga er nú að setja meira fé í fasteignir hér á landi en nokkurt olíufélag hefur nokkurn tíma gert, fé, sem skiptir mörgum millj. kr., og kannske heilum tug milljóna. Það er Olíuverzlun Íslands, sem er að byggja nýja „moderne" olíustöð og hefur sótt um fjárfestingarleyfi og fengið það að nokkru leyti, svo að það er áreiðanlega ekki þeirri ástæðu til að dreifa, að þessi félög séu svo hrædd um stöðu sína í þjóðfélaginu, að þau vilji ekki leggja fé í fyrirtæki af þessu, heldur af því, að þau höfðu ekki gert sér ljóst, hvaða kosti skipið hafði, og það er kannske afsökun, en skipið hefði farið úr landi, ef ríkisstj. hefði ekki gripið inn í, því að það stóð ekki á öðru að selja skipið úr landi fyrir 1 millj. norskra kr. en að það fengist útflutningsleyfi fyrir því. Þá var stöðvað, að skipið væri selt úr landi fyrir 1 milljón norskra kr., og Skipaútgerð ríkisins fékk skipið til að hafa það í olíuflutningum innanlands, með þeim árangri, að fragtin á olíuflutningunum við landið lækkaði á fyrsta ári um 1 millj. kr. og hagnaður á rekstri skipsins var líka 1 millj. kr. Þetta hafðist upp úr því, að ríkissjóður tók reksturinn að sér og lét ekki einkaframtakið ráða. Ég hygg, að það hefði verið miklu verra en ekki, ef einstaklingar hefðu þarna ráðið og ríkisvaldið hefði ekki gripið í taumana.

Svo var hv. þm. með ýmsar dylgjur út af því, að ég væri svo forhertur, að ég vildi banna mönnum að fara til útlanda, ég vildi brjóta mannréttindaskrá sameinuðu þjóðanna og fleira fallegt, sem hann sagði um mig. Í viðskiptamálunum væru alls konar nefndir og ráð, sem væru að drepa okkar þjóðfélag í dag. — Viðvíkjandi fyrsta atriðinu, ferðagjaldeyrinum, þá hefur mér aldrei dottið annað í hug en það, að menn, um leið og þeir færu til útlanda, gerðu grein fyrir því, hvar þeir fengju gjaldeyri til ferðalaga, — að þeir noti ekki einhverjar fjárhæðir, sem þeir kynnu að hafa stungið undan, til þessara ferðalaga. Þetta þolir ekki hv. þm. Hann þolir ekki, að menn séu skyldir til þess að gera grein fyrir því, hvar þeir fá gjaldeyri til ferðalaga. Þetta á ekkert skylt við það að hefta einstaklingsfrelsi og mannréttindi. Það mætti alveg eins segja, að ferðafrelsi sé heft af því, að maður má ekki fara úr landi án þess að borga útsvar og skatta. Ég vil segja, að það sé meiri takmörkun á mannréttindum og einstaklingsfrelsi en þó að maður, sem fer til útlanda, verði að gera grein fyrir því, hvar hann fær gjaldeyri til ferðalaga.

Viðskiptamálunum hef ég ekki íþyngt með miklum frv. eða till. í þeim málum, og ég mætti kannske fremur liggja undir ámæli fyrir að hafa ekki gert það heldur en að hafa gert of mikið af því. Það, sem gerzt hefur, er það, að það voru sett lög um fjárhagsráð, þegar þessi ríkisstj. tók við, og þeim l. hefur ekki verið breytt síðan þau voru sett. Og að ég hafi haft frumkvæði að skipun nefnda eða sett höft og reglur, það er alveg út í loftið, — ég hef ekki komið nálægt því. Þau afskipti, sem ég hef af þeim málum, eru miklu minni en ég tel rétt, að viðskmrn. hafi, en það er vegna þess, að þessi mál yfirleitt, fjárhagsmálin, viðskiptamálin, verðlagsmálin og skömmtunarmálin, heyra ekki undir mitt ráðuneyti, heldur ríkisstj. í heild, því miður, því að ég vil, að þau heyri undir einhvern einn mann, sem getur haft fasta stjórn á þeim, en þau séu ekki í því losaralega formi, sem þau eru nú í. Ég tel, að fjárhagsráðsl., sem nú hafa verið í gildi í nærri 2 ár, hafi á margan hátt verið góð og veitt margháttað gagn, en það hafa líka komið fram gallar á þeim, sem nauðsynlegt er að lagfæra, og þar á meðal þessi. En ég hef sannarlega ekki verið að bera fram till. um höft eða nefndir í viðskiptamálunum, svo að ég sé að drepa þjóðfélagið í dag, — það held ég að sé ofsagt. — Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki staðizt reiðari heldur en þegar ég hefði ekki nægilega margar milljónir til þess að valda höftum. Ég kom lítið nálægt því máli, annað en að ég benti fjvn. á það á fundi, sem ég var kvaddur á hjá henni, að þetta fé, sem n. ætlaði í því skyni, mundi ekki nægja að óbreyttum ástæðum, og ég er sannfærður um, að það gerir það ekki. Eitt af tiltækjum þessarar n., fjvn., var það, að hún skar niður beinlínis út í loftið ýmsa kostnaðarliði í rekstri ríkissjóðs og taldi, að í því væri fólginn sparnaður. Þetta er eins og hver önnur vitleysa. Það, sem þarf að gera, er það, að gera ráðstafanir til samdráttar með sérstökum lögum, svo á sparnaðurinn að koma sem afleiðing af því. En að skrifa á pappírinn, að útgjöld fjárhagsráðs skuli lækka svo og svo mikið, en gera ekki ráðstafanir til þess, að fjárhagsráðsl. sé breytt, það þýðir ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er alveg sama, hvort upphæðin stendur í fjárl. eða ekki, þetta er áætlunarupphæð, og verður að fara sem fara vill með það, og að ég sé reiður af þessu, er jafnmikill sannleikur eins og að hv. þm. hélt því fram, að ég væri svo hræddur, að ég þyrði ekki að koma hér og hlusta á hann.

Hv. þm. talaði um baráttu Óskars Halldórssonar. Það væri freistandi að tala um verzlunarhætti Óskars Halldórssonar, en af því að hann er hér ekki til að svara til saka, þá ætla ég ekki að gera það, en ég efast um, að það væri málstað hv. þm. til framdráttar að draga hann inn í umr. Svo ekki meira um það hér.

Í niðurlagi síns máls fannst mér hv. þm. komast að þeirri niðurstöðu, að eina úrræðið væri eiginlega það að taka upp till. hv. 1. þm. Reykv. í þessari þáltill., sem fer fram á gengislækkun eða frjáls afnot gjaldeyrisins, sem að nokkru leyti þýðir það sama. Hvort tveggja þýðir almenna kjararýrnun fyrir þjóðfélagsþegnana, nokkuð jafnt hvort þeir eru efnaðir eða fátækir. Það er þetta, sem ég hef haft á móti því að fara út í gengislækkun, að það rýri kjör þegnanna í þjóðfélaginu jafnt, hvort sem þeir hafa möguleika til að standa undir því eða ekki. Hins vegar skil ég það vel, að frá sjónarmiði atvinnurekenda og heildsala, eins og þeirra þm.

Barð. og 1. þm. Reykv., þá sé það kannske frekar leið en að taka þá fjármuni, sem þarf til þess að jafna metin, á þann hátt að taka þá með sköttum, þar sem tekjur og eignir eru. Í því liggur munurinn á þeirri aðferð, sem farin hefur verið, og þeirri aðferð, sem hér er stungið upp á. Og það er það, sem ég sagði, og við, sem um þetta höfum rætt, að væri sú stefna, sem Alþfl. hefði beitt sér fyrir, að út í almenna kjaraskerðingu, hvort sem efnaðir standa undir henni eða ekki, yrði ekki farið, heldur þá leið að reyna að afla ríkissjóði tekna á ýmsan hátt, og þá fyrst og fremst hjá þeim mönnum, sem hafa efni á að greiða þessi gjöld, en það yrði ekki látið ganga jafnt yfir alla, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir. Á þann hátt eru skatttekjur ríkisins innheimtar, og á þann hátt er féð svo notað til þess að jafna metin hjá útflytjendum, sem ekki geta staðið undir tekjuskattinum, og til þess að greiða niður vöruverð í landinu og lækka dýrtíðina og vísitöluna. Þetta er meginstefnumunurinn, hann er alveg augljós og liggur fyrir. Hv. þm. spurði, hvað væru mörg sund opin til að komast út um í dag. Ég tel þetta það sund, sem ég vil fara, enn sem komið er. Ég vil á einhvern hátt reyna að draga úr gjöldum ríkisins og auka við tekjurnar, til þess að jöfnuður náist á fjárl., og ég er alveg sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að það er eitt skilyrði fyrir því, að við getum komið nokkru viti í hlutina, — og það er, að við fáum greiðsluhallalaus fjárl., og það vil ég gera með því að lækka útgjöldin og auka tekjurnar. Mér hefði sýnzt að fjvn., eftir allan þann tíma, sem hún hefur setið, hefði kannske átt að geta gert um það einhverjar till. aðrar en þær að skila fjárl. með 28½ millj. kr. greiðsluhalla, ef hennar till. eru samþ., án þess að taka tillit til augljósra gjalda, sem ekki eru færð á frv.

Hv. þm. klykkti út sitt mál með því að segja, að annaðhvort hefði ég ekki kynnt mér málið eða ég færi vísvitandi rangt með það, reynslan hefði sýnt og sannað, að hann hefði á réttu að standa, það, sem hann hefði sagt fyrir fyrir tveim árum, stæði eins og stafur á bók, og um það skal ég ekki efast. Ég fer ekki að fara í deilur við hv. þm. um þetta, hann getur haft um það þær skoðanir, sem hann vill, hvort ég tali á móti betri vitund eða þekki svo lítið inn í þessi mál, að hann hafi tilefni til þess að tala svona. En ég get sagt honum það, að ég trúi því, að hvert orð, sem ég hef sagt, sé rétt og ekki á móti betri vitund. Hitt kann að vera, að hann sé mér margfróðari í þessu máli eins og öðrum, því að það eru fá mál, sem hann telur sig ekki hafa betur vit á en flestir, ef ekki allir aðrir, — hann sjálfsagt hefur það, um það skal ég ekkert segja, en það er a. m. k. ekki ásetningssynd, ef ég hef farið hér rangt með mál.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég tel það illa farið, að talsverðum tíma hefur verið varið til þess að ræða mál, sem í rauninni koma ekki þessu máli við, sem hér liggur fyrir, og vænti ég, að þeim deilum mætti nú verða lokið milli síðustu ræðumanna.

Ég ætla þá að leyfa mér að svara nokkrum atriðum, sem komið hafa fram í ræðum þeirra þm., sem hafa um þetta mál rætt. Ég sé, að hv. 2. þm. Reykv. er ekki hér staddur, svo að ég ætla ekki að fara út í nokkur atriði, sem ég ætlaði að svara ræðu hans. Annars tel ég það ekki skipta miklu máli að fara út í deilur við hann um þetta mál, sem hér liggur fyrir. — Ég ætla þá fyrst að leyfa mér að svara nokkrum atriðum í ræðu hæstv. ráðh., sem hann hélt hér við síðustu umr. málsins. Þar heldur hann fram ýmsum staðhæfingum mig varðandi, og undrar mig mjög, hversu óvandur hann er að fullyrðingum sínum í því efni. Ég sé, að blaði hæstv. ráðh. hefur fundizt mjög mikið til um þessar fullyrðingar og hefur varið allri sinni fyrstu síðu til þess að skýra frá þeim og m. a., sem kannske er ekki í frásögur færandi, birt mjög laglega mynd af hæstv. ráðh. Og í sambandi við þetta segir blaðið m. a., og hefur það eftir ráðh., að ég leggi nú til á Alþ., að dregið sé úr ríkisrekstri og þær stofnanir afnumdar, sem ég hafi sjálfur gengizt fyrir að koma á fót í minni ráðherratíð, og ég komi nú þannig til Alþ. til þess að biðja það að afnema mín eigin afkvæmi. Og blaðið segir enn fremur, að ráðh. hafi bent á það sem sönnun fyrir nauðsyn ríkisrekstrar, að jafnvel fjandmenn þeirrar stefnu, eins og Björn Ólafsson, taki upp ríkisrekstur, þegar þeir séu í ríkisstj. Þetta er sagt vegna þeirrar fullyrðingar ráðh., að sérleyfisakstur ríkisins hafi verið settur á laggirnar, þegar ég var í ríkisstj., og ég hafi verið upphafsmaður að þessum flutningum og ég hafi komið með sérstök l. í þingið og fengið þau samþ. til þess að fá þessa flutninga í hendur ríkisins. Mér dettur ekki í hug að halda, að hæstv. ráðh. skýri frá þessu vísvitandi rangt. En mig furðar á því, að hæstv. ráðh. skuli ekki vita betur um þessi mál en hann hefur skýrt frá, og lætur ekki einungis skína í það, heldur fullyrðir, að ég sé upphafsmaður að því að koma þessu í gang og hafi fengið lög samþ. til þess að festa þennan rekstur í höndum ríkisins. Það sanna í þessu máli er það, að veturinn 1944 féll niður sú heimild, sem hafði verið gefin tveim sérleyfishöfum um rekstur á norðurleiðinni. Þá var það, að póststjórnin var látin reka þessa leið til bráðabirgða frá 1. marz til 1. maí 1944. Frá 1. maí 1944 er svo leiðin fengin í hendur tveim aðilum, annars vegar fyrrverandi leyfishafa, Bifreiðastöð Akureyrar, og hins vegar þremur öðrum aðilum úr Reykjavík, sem ráku leiðina á móti B.S.A. Ég hafði ekki með þetta að gera, heldur þáverandi atvmrh., en við vorum báðir sammála um það, að það kæmi ekki til mála að láta ríkið reka þessar ferðir, meðan nokkur maður fengist til að gera það. Það var þess vegna ekki ég, sem tók upp þessar ferðir, vegna þess að þær voru ekki teknar upp á vegum ríkisins meðan ég var fjmrh. — Hæstv. ráðh. talaði um, að sérstök lög hefðu verið sett í þessu skyni. Þetta er kannske ekki alveg rangt, en það er mjög villandi. Þau lög, sem hann á við, eru l. um fólksflutninga síðan 1935. Þessum l. var breytt 1936 og aftur 1944. Þetta voru engin ný l., sem ég kom með, þetta eru l., sem taka breyt. frá ári til árs, eftir því sem á þarf að halda. Inn í þessi l. hafði þáverandi atvmrh. sett heimildargrein fyrir atvmrn. að taka í hendur sínar, ef á þyrfti að halda,

rekstur á sérleyfisleiðum, en þessi heimild var ekki notuð af þáverandi ríkisstj., heldur notuð af ríkisstj., þegar núverandi hæstv. viðskmrh. kom í hana, og mig minnir, að hann hafi haft með þessi mál að gera, þegar hann kom í ríkisstj., sem tók við 1944. En ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um það, að ég hafði ekkert með þessi mál að gera, þau heyrðu ekki undir mig. Þótt atvmrn. eða ríkisstj. kæmi með breyt. á l. frá 1935, þá getur það ekki talizt stjfrv., sem lagt var fram, til þess að ríkið tæki í sínar hendur rekstur flutninga á langleiðum. Það er þess vegna hæstv. viðskmrh. sjálfur, sem hefur komið þessu í lag, og hann segir, að það hafi verið gert af illri nauðsyn. Hver var sú illa nauðsyn? Sú, að því er hann segir, að það fékkst enginn maður til þess að taka við akstri á þessari leið. Ég vil ekki nota stór orð um þetta, en ég vil segja það, að sannleikanum er talsvert mikið misþyrmt í þessum efnum. Bifreiðastöð Akureyrar bauðst til þess hvað eftir annað 1945 að taka við akstrinum, ef hún gæti fengið hann ein, en vildi ekki reka hann á móti því opinbera. Þetta staðfesti eigandi stöðvarinnar við mig í samtali fyrir tveimur dögum. Og hann segist vera reiðubúinn til að votta hvar sem er, að hann hefði á þeim tíma verið reiðubúinn til þess að taka við akstrinum á þessari leið. Og ég verð að segja, að það er ekki í kot vísað að láta þennan mann taka við þessum rekstri, sem er einhver harðduglegasti maður, er hefur haft með sérleyfisakstur að gera, — svo að í þessu efni eru það vægast sagt mjög villandi upplýsingar, sem hæstv. samgmrh. hefur gefið hér. En undir handleiðslu þessa hæstv. samgmrh. hefur svo þessi akstur borið þann árangur, að hann er kominn í nálægt einnar millj. kr. tap. Á árinu 1948 er talið, að tapið hafi numið í kringum 600 þús. kr. Þetta virðist benda á það, að hæstv. ráðh. hafi alls ekki fylgzt með rekstrinum og ekkert vitað, hvað var að gerast. Og ég verð að segja, að ég varð talsvert undrandi, þegar þetta kom til umr., ég held í sambandi við fjárlagafrv., að þá vildi hæstv. samgmrh. alls ekki viðurkenna, að um tap væri að ræða á þessum rekstri. Ég verð að segja, að hefði ég verið í hans sporum, þá hefði ég a. m. k. fylgzt með rekstrinum. Og ég mundi hafa tekið í taumana, þegar ég hefði séð, í hvert óefni væri komið. — Ég skal ekki í þessu sambandi ræða mikið um stjórnina á þessu fyrirtæki. Það væri kannske kapítuli út af fyrir sig til að ræða um. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. Barð. sagði um aðbúðina við sérleyfishafa um mörg ár. Ég var um skeið formaður í þeirri nefnd, sem hafði með þennan rekstur að gera, og er því málinu kunnugur. Aðbúðin fór versnandi með hverju ári. Og það var orðið svo síðast, að þeir menn, sem vildu halda uppi góðri þjónustu í akstrinum, gátu ekki gert það, vegna þess að þeir fengu ekki nauðsynleg tæki til þess. Þetta vita allir, sem hafa nokkuð fylgzt með þessum málum. Og ég skal geta þess í þessu sambandi, að ég fyrir mitt leyti hafði ekki á móti því, að póstsjóður léti byggja yfir nokkra bíla seint á árinu 1944, með því skilyrði, að þeir bílar yrðu afhentir til sérleyfishafa á stærri leiðum. En ég sé það nú, að þessir bílar hafa verið notaðir til þess að taka sérleyfisleiðir undir ríkið, eftir að núverandi hæstv. samgmrh. kom í ráðherrastólinn.

Þá er það ferðaskrifstofan, sem hæstv. ráðh. minntist á. Ef hæstv. ráðh. hefði haft fyrir því að hlusta á það, sem ég sagði um þessa stofnun, þá mundi hann vita, að ég sagði um hana hvorki lof né last. Ég sagði aðeins frá því, að hún væri byrjuð á hótelrekstri, sem mér vitanlega er ekki í höndum neinnar ferðaskrifstofu í heiminum, nema „Intúrist" í Rússlandi. Mér er ekki kunnugt um hótelrekstur í sambandi við ferðaskrifstofu annars staðar. Ég sagði líka, að tapið á ferðaskrifstofunni væri áætlað 200 þús. kr., og mér skilst, að ekki sé borið á móti því, að svo sé. Hæstv. samgmrh. sagði, að það væri ekki nema eðlilegt, að skrifstofan gæti ekki staðið undir dýrri landkynningu. Þetta viðurkenni ég, að er rétt. Landkynning sem slík, ef um er að ræða prentun á pésum og bókum, sem dreift er ókeypis, er þannig, að ekki er að búast við því, að stofnun eins og ferðaskrifstofa ríkisins standi undir henni. Landkynningin er talin munu kosta 65 þús. kr., en tapið er talið 200 þús. kr., sem þá kemur ekki allt af landkynningunni, því að tapið er 135 þús. kr. meira en sem nemur landkynningunni, þó að hún sé öll tekin með og færð á reikning ferðaskrifstofunnar. — Svo skildist mér hæstv. samgmrh. vera talsvert drjúgur yfir því, að landkynningin á Keflavíkurflugvellinum væri ábatasöm. Þar hefur ferðaskrifstofan sérstaka skrifstofu og sérstaka menn, og þar eru seldir margs konar munir, sem erlendir flugfarþegar geta keypt þar. En það er talinn kostnaður við Keflavíkurflugvöllinn 73200 kr., en tekjurnar eru ekki áætlaðar nema 45 þús. kr. M. ö. o., að þarna er um 28 þús. kr. tap að ræða á rekstri við Keflavíkurflugvöllinn. Það getur vel verið, að það sé hið mesta nauðsynjaverk að hafa þennan rekstur þarna, og það getur vel verið, að það borgi sig fyrir ríkið að tapa á því 28 þús. kr. á ári. En það er alls ekki við því að búast, að þetta fyrirtæki sé rekið hallalaust, vegna þess að forstjórinn þar hefur lýst því yfir opinberlega, að svona fyrirtæki eins og ferðaskrifstofa sé menningartæki, sem ekki eigi að bera sig — eins og t. d. landsbókasafnið eða atvinnudeild háskólans. Og hvernig er hægt að búast við því, þegar sjálfur forstjórinn fyrir þessu fyrirtæki hefur þessar hugmyndir um reksturinn, að þetta fyrirtæki beri sig fjárhagslega? Það er útilokað. Ég álasa honum ekkert fyrir það, hvaða hugmyndir hann hefur um þetta, hvernig eigi að reka ferðaskrifstofu. Það er kannske hæstv. ráðh. að dæma um það, með hvernig hugarfari sá maður á að vera, sem tekur stjórn á rekstri ferðaskrifstofu að sér. En mér finnst ekkert benda til þess, að það sé ætlazt til þess á hærri stöðum, að skrifstofa þessi sé rekin öðruvísi en með stórkostlegum halla. Annars staðar eru ferðaskrifstofur reknar sem hver önnur atvinnufyrirtæki og látnar borga sig. Flestar þeirra eru ágæt atvinnufyrirtæki, og sumar ferðaskrifstofur eru stórgróðafyrirtæki, eins og við vitum. Þetta eru heimsfirmu. Það má kannske segja sem svo, að ekki sé við því að búast, að hér á Íslandi sé hægt að reka ferðaskrifstofu með miklum ágóða, og kannske er

ekki við því að búast, að þessi skrifstofa geti borið sig fjárhagslega. En þá verðum við bara að líta á hlutina eins og þeir eru og gera okkur grein fyrir því, að það stoðar heldur ekki að vera með skrumauglýsingar í útlöndum til að laða menn hingað til landsins í vetrar- og sumarsport, meðan við höfum ekki hótel til að hýsa þá. — Ég skal ekki fara nánar inn á þetta, þó að ástæða væri til að ræða það í fullri vinsemd, hvernig gera mætti ráð fyrir, að heppilegast væri að koma fyrir þessum málum, svo að ríkið hefði af þeim sem léttastan bagga eða kannske engan bagga, en að þetta kæmi samt að notum eða gæti látið af hendi þá þjónustu, sem þessari skrifstofu er ætlað að gera. Ég hef aldrei tekið það alvarlega, og ætla mér ekki að ræða það hér, þó að forstjórinn fyrir þessari skrifstofu vildi láta mjög ákveðið í það skína, að ég hefði minnzt á þessa skrifstofu vegna þess, hve mér væri mikið í nöp við hana, af því að ég hefði einu sinni verið í samkeppni við hana. Sá þáttur er fyrr löngu horfinn. En ég man ekki eftir, að ferðaskrifstofa ríkisins riði mjög feitum hesti frá þeim viðskiptum að ýmsu leyti, sem hún hafði í samkeppni við þá einstaklinga, sem höfðu þennan rekstur, sem voru fáeinir menn, ég og mínir félagar.

Hæstv. ráðh. kom lítils háttar inn á að tala um síldarverksmiðjur ríkisins og sagði m. a., að þær hefðu verið settar á fót vegna þess, að einkaframtakið hefði ekki getað staðið undir þeim framkvæmdum. Þetta er að mörgu leyti rétt. Hitt er líka rétt, að það eru fjórar einkarekstrar-síldarverksmiðjur til í landinu, sem þrífast mjög vel. Og hæstv. ráðh. veit kannske alveg eins vel og ég, hvers vegna þær þrífast vel. Það er af þeirri ástæðu, að síldarverksmiðjur ríkisins reka sínar verksmiðjur með miklu hærri tilkostnaði en einkaverksmiðjurnar eru reknar. Í stríðinu, frá því árið 1939 og þangað til 1944, var ég meira og minna við riðinn samninga, sem voru gerðir um sölu síldarafurða til útlanda. Það voru alltaf síldarverksmiðjur ríkisins, sem gáfu sína útreikninga um það, hvað þyrfti að fá hátt verð fyrir afurðirnar. Og þegar einstaklingarnir, sem síldarverksmiðjur ráku, voru spurðir um það, hvort þeir hefðu nokkuð út á þessa reikninga að setja, þá var aldrei minnzt á það af þeirra hendi, að þeir þyrftu að fá hærra verð fyrir afurðirnar en síldarverksmiðjur ríkisins töldu sig þurfa að fá fyrir sínar afurðir. Hvers vegna? Þetta var af því, — og það var á allra vitorði, — að einstaklingarnir hefðu getað selt afurðir frá sínum síldarverksmiðjum við 10% lægra verði en síldarverksmiðjur ríkisins.

Það væri nú of langt mál að fara hér út í þau afglöp, sem hafa orðið í sambandi við þessi síldarverksmiðjumál á vegum ríkisins á undanförnum árum. Það er náttúrlega þáttur, sem þarf að koma fram, þó að ekki sé hér tími nú til að gera honum full skil. En hvers vegna verða þessi afglöp? Þau verða vegna þess, að það er ríkisvaldið, sem ræður yfir fyrirtækinu, það er ríkisvaldið, sem hefur í höndum sér ákvarðanir, án þess að það sé lagt undir dóm eða í framkvæmd manna, sem eru frambærilegir til þess að gera það, sem gera skal í þessum málum. Þessi hæstv. ráðh. á ekki sök á því, og sá þáttur, hvernig afglöp voru unnin í þessum málum á síðustu árum, er mjög mikið sök annarra ráðh. Og sá þáttur hlýtur að koma fram í dagsljósið síðar miklu betur en hann er kominn enn.

Það er óþarfi fyrir mig að ræða mikið um bæjarútgerðina, vegna þess að hv. þm. Barð. hefur tekið það ómak af mér. En ég verð að segja það, að það eru hörð og ósanngjörn ámæli hjá hæstv. ráðh., þegar hann tekur það sem dæmi um nauðsyn bæjarútgerðar, að 1939 hafi einstaklingar dregið sig í hlé og ekki viljað gera út togara. Ég veit, að hæstv. samgmrh. er það eins vel kunnugt eins og okkur hinum, sem nokkuð höfum fylgzt með þessum málum, hvers vegna togaraútgerðin þá komst í strand. Og það var vegna þess, að hún var búin að eyða öllum sínum sjóðum og öllu sínu lánstrausti í taprekstri margra ára. Sá taprekstur kom líka við bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem þá var starfandi. Og ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. muni, að þá voru talsverðir erfiðleikar, sem útgerðin hafði við að etja. Og það er fullkomin ósanngirni af hans hálfu að bera það á einkaframtakið, að það hafi þá svikizt undan merkjum, þegar mest á reið, einmitt þegar einkaframtakið var búið að offra öllum sínum efnum og öllu sínu lánstrausti í það að halda áfram togaraútgerð svo lengi sem mögulegt var fyrir það að gera það. Og flokkur hæstv. samgmrh. á þeim tíma ætlaði sér þá einmitt að ganga að stærsta útgerðarfyrirtækinu, sem var búið að eyða öllum sínum eignum og öllu sínu lánstrausti í að reka togaraútgerð. — Það er ekkert undarlegt, þó að þeir aðilar vilji gera út skip, sem geta rekið útgerð þessara skipa án þess að borga nokkra skatta. Einstaklingar mundu líka vilja eignast nýja togara, ef þeir þyrftu ekki að borga skatt af þeim hagnaði, sem af rekstri þeirra togara yrði. Ég ætla að vona það, að þessi bæjarútgerð, sem hér hefur verið hafin á mörgum stöðum á landinu, megi blessast. En því miður er þannig til hennar stofnað á mörgum stöðum, að það lítur ákaflega illa út með, að þessi útgerð geti blessazt.

Þá kem ég að því atriði, er hæstv. samgmrh. sagði, að ég hefði — eða það mátti fullkomlega skilja það á honum — að ég hefði verið upphafsmaður að höftum, lagt út í niðurgreiðslur og lagt á nýja skatta, alveg eins og núverandi ríkisstj. gerir. Það er alveg rétt, að ég lagði út á þessa braut, sem kölluð er niðurgreiðslur, sem margar þjóðir hafa gert. *(FJ:* Já.) Hvað sagði hv. þm.? *(FJ:* Ég sagði já.) Og það var til þess að reyna að forða þjóðinni frá þeirri hættu, sem stafaði af verðbólgunni. En hæstv. ráðh. og Alþ. kærðu sig ekki um að snúa við á þeirri braut, heldur vildu halda áfram, og hæstv. Alþ. heldur enn áfram á sömu braut. Ég sá það árið 1944, að þessi braut leiddi til ófarnaðar. Hæstv. samgmrh. hefur ekki séð það enn, því að ef hann hefði séð það, mundi hann fyrir löngu hafa snúið við. Ástæðan fyrir því, að utanþingsstjórnin sagði af sér, var ekki önnur en sú, að hún vildi ekki halda áfram á niðurgreiðslubrautinni og braut aukinna skatta, eins og núverandi hæstv. ríkisstj. hefur gert. Það er rétt,

að ég setti á lítils háttar skatt. En hvað er það, samanborið við þá skatta, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur sett? Ég kem kannske nánar inn á það seinna. En nú er það svo, að á meðan allar þjóðir aðrar í Evrópu eru að losa sig við höftin, þá erum við að bæta á þau. Við erum alltaf að þrengja það svið, sem menn hafa til athafna, bæði viðkomandi innflutningnum, útflutningnum, framleiðslunni og yfirleitt allri starfsemi í landinu. — Það er dálítið spaugilegt, að það kom í útvarpinu — ég held á páskadaginn, að það væri nú í fyrsta skipti, síðan styrjöldin hófst, sem Frakkar fengju páskaegg. En í fyrsta skipti, síðan styrjöldin hófst, sem Íslendingar fengu ekki páskaegg, það var í ár. Þetta sýnir bara þróunina, þó að þetta sé ekki merkilegt atriði út af fyrir sig. Mér liggur í léttu rúmi, hvort við höfum páskaegg eða ekki. En þetta bara sýnir það, að okkur er alltaf að fara meir og meir aftur. En hæstv. samgmrh. virðist alls ekki verða var við þetta. Okkur vantar allt mögulegt og þar á meðal páskaegg. Þó að það sé kannske ekki mikils virði að hafa sælgæti, þá held ég nú, að þær þjóðir, sem hafa haft verulega stranga skömmtun á sælgæti, hafi fundið til þess. Og mér er nær að halda, að þær lausnir, sem hafa verið gerðar á skömmtun í Englandi t. d. undanfarið — og Englendingar eru að leysa meir og meir alla sína skömmtun og öll sín höft —, þá held ég, að engri lausn í þeim efnum hafi verið þar tekið með jafnmikilli gleði eins og því, er aflétt var skömmtun á sælgæti. Það má kannske hneykslast á því, en það var nú svona. Þegar ein þjóð, eins og Englendingar, hafa orðið að herða að sér beltið í mörg ár, þá getur þetta verið svolítill sólargeisli, þó að ekki sé nema að fá sælgætið frjálst. Hér er það ekki skammtað, en hér fæst það ekki. Og hvers vegna er þetta? Er það kannske af því að hæstv. ríkisstj. og hæstv. Alþ. eru hér með ranga fjármálastefnu? Af hverju er það? Það er ekki af því, að við getum ekki fengið jafnvægi eða fundið jafnvægi í okkar þjóðfélagsrekstri alveg eins og hver önnur þjóð. Við verðum bara að sníða okkur stakk eftir vexti, alveg eins og þær verða að gera.

Það má nú kallast fullmikið að telja mig upphafsmann haftanna, vegna þess að höftin byrjuðu árið 1931. Og það, að ég kom með ný lög um viðskiptaráð, var ekki að setja á ný höft. En það var breyt. til batnaðar á eldri höftum, sem höfðu verið illa rekin, en þó ekki eins illa rekin eins og höftin eru nú. Og ég verð að segja, að fyrstu tvö árin voru þessi mál rekin af viðskiptaráði betur en þau hafa verið rekin fyrr eða seinna hér á landi. Og það fór allt úr reipunum hjá viðskiptaráði, þegar mennirnir í það voru skipaðir flokkslega og pólitískt, og síðan hefur það alltaf verið úr reipunum. Og nú held ég, að ófremdarástandið sé meira en það hefur verið nokkurn tíma fyrr, frá því 1931. Ég er ekki beinlínis að ásaka hæstv. viðskmrh. Það getur vel verið, að hann geti ekkert við því gert, því að það eru mörg öfl hér að verki. En mér finnst, að hann ætti að finna til þess, hvernig þetta er. Hann stendur þó það nærri því. Að vísu verð ég að viðurkenna, að hann þarf ekki að sækja undir þessar stofnanir. Það þurfum við hinir að gera, sem annaðhvort höfum verzlun, iðnað eða útgerð eða hvaða framkvæmdir sem eru. Við þurfum að sækja undir þessar stofnanir, og við vitum, hvað það er. Og þó að ég segi sjálfur, þá verð ég að segja það — og segi það eins hlutdrægnislaust eins og ég sé mér fært og tel rétt —, að ég get ekki hugsað mér verr reknar ríkisstofnanir en viðskiptanefndina og aðrar þær stofnanir, sem eru í hennar kjölfari. Ég skal fúslega viðurkenna, að hæstv. viðskmrh. á ekki alla sök á þessu, vegna þess, eins og hann sagði áðan, að þessi mál heyra ekki undir hann nema að nokkru leyti. Og ég er honum fyllilega sammála í því, að það er háðung, að svona mál skuli heyra undir alla ríkisstjórnina, og það er háðung, að þessi mál skuli ekki vera í hendi eins ráðherra, sem beri ábyrgð á þeim. Og ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að mikið af þessu ófremdarástandi á rót sína að rekja einmitt til þessa. *(GÞG:* Þetta er ásökun á formenn nefndanna.) Ég er ekkert að ásaka þá menn persónulega, heldur að finna að því, í hvaða formi þessi rekstur er, sem við höfum við að búa, sem teygir anga sína út um allt þjóðlífið og allan atvinnurekstur í landinu. Það getur vel verið, að þessir góðu menn, sem ráða þarna og þarna, geti heldur ekki fengið við þetta ráðið vegna þess, hvernig þessum málum er skipað. Menn verða að fara frá Heródesi til Pílatusar. Það er meira að segja svo, að einn maður í viðskiptanefnd getur vísað deilumáli til fjárhagsráðs, og fjárhagsráð getur svo aftur vísað sama deilumáli til ríkisstj. Það er ekki von, að þessi mál gangi með þessum hætti. Þetta er að verða hrein þjóðarógæfa, hvernig þessi mál eru komin. Og ef við ekki reynum að fá eitthvert betra skipulag á þau en nú er, þá fáum við að súpa af þeim seyðið enn frekar en við höfum gert hingað til.

Hæstv. samgmrh. sagði það um gengislækkunina, að hann væri á móti henni vegna þess, að hún mundi skerða hlut launþeganna í landinu. Það er náttúrlega alveg rétt, hún skerðir hlut launþeganna í landinu. Það vita allir. En mér er spurn. Hefur þessi hlutur ekki verið skertur? Hefur ekki núverandi ríkisstj. skert hlut launþeganna í landinu? Ég veit, að hæstv. ráðh. er svo glöggur maður, að hann sér, ef hann athugar það, að allar ráðstafanir hæstv. ríkisstj., sem heldur sér við þessa stefnu, eru skerðing á kjörum launþeganna. Ég skal lofa hæstv. ráðh. að heyra lítils háttar dæmi af því. 6% söluskattur á innflutta vöru samsvarar 10—13% hækkun á innkaupsverði. Ég hálfskammaðist mín, þegar ég sá, að söluskatturinn er að meðaltali 10—13% af innkaupsverði, og hélt, að tollstjóraskrifstofan hefði gert reginvitleysu, — en söluskatturinn er m. a. lagður á matvöru og vefnaðarvöru, — auk 3% álagningar í smásölu. Þetta samsvarar því 15—18% af innkaupsverði. Útgerðarvörur eru þó undanskildar. Það mundu fáir trúa því, að söluskatturinn, sem er svo sakleysislegur, mundi valda hækkun, sem samsvarar 15—18% gengislækkun. Þá er 65% hækkun á verðtolli og 200% á þungatolli. Það veldur 20—30% hækkun á öllum innkaupum á vefnaðarvöru og skófatnaði. Ég tek þetta af því, að það er einn stærsti liðurinn hjá almenningi og auðvelt að átta sig á

tollahækkun á honum. Á vefnaðarvöru og skófatnaði er söluskattur og tollahækkun 35—53% af innkaupsverði. Þessar vörur hafa því fyrir aðgerðir og stefnu hæstv. ríkisstj. í dýrtíðarmálum hækkað sem svarar 35—53% gengislækkun. Hæstv. ríkisstj. heldur því ef til vill fram, að þessar aðgerðir, að taka tugi millj. kr. af almenningi í skatta, komi ekki fram sem kjaraskerðing hjá almenningi. Ég vil taka undir *með hv. þm. Barð., að mér þykir gengislækkun* slæm og kæmi ekki til greina, nema nauðsyn beri til, en gengislækkun til að ná því jafnvægi, sem þarf, er ódýrasta leiðin og leggur minnstar byrðar á almenning.

Hæstv. ráðh. ræddi ekkert gagnrýni mína á fjármálastefnu hæstv. ríkisstj., eins og hún kemur fram, og hefur kannske af ásettu ráði hliðrað sér hjá því, og skal ég ekki fara lengra út í það að svo stöddu, en vil ræða nokkuð, hvaða áhrif og afleiðingar dýrtíðarstefna Alþfl. hefur haft og er að hafa á hag þjóðarinnar. Ég skal víkja að því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér fyrr við umr. Blað hans tók einnig upp þá ræðu, og þar segir m. a.: „Það, sem fyrir þeim félögum vakir í því efni, er einfaldlega það, að einstaklingum verði gefinn kostur á að reka í gróðaskyni fyrir sjálfa sig hin umræddu ríkisfyrirtæki.“ Þetta er úr leiðara blaðsins, en hv. þm. sagði, að það vekti fyrir mér að svipta ríkið tekjum af þessu. Ég verð að segja það, að meinloka er ekki heppileg til að byggja rök á, en þetta er einhver mesta meinlokan, því að öll fyrirtækin, sem hann minntist á, eru rekin með tapi, t. d. fiskiðjuverið, ferðaskrifstofan, sérleyfisferðirnar o. fl. Og þó að ég gæti ef til vill látið þetta bera sig, ef ég verði í það öllum mínum tíma, þá kæri ég mig ekkert um að taka við þeim, eins og stendur, en ég sagði, að betra væri, að þau væru rekin af einstaklingum, og á hvern veg sem á það er litið, er betra, að einstaklingar reki þau með hagnaði en ríkið með tapi, því að ég veit ekki betur en ríkið hafi langa hönd til að hirða hagnaðinn, því að einstaklingar reka fyrirtækin raunverulega fyrir ríkið, sem hirðir bróðurpartinn af hagnaðinum.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að till. væri vantraust á hæstv. ríkisstj., vegna þess að hún stefndi að því, sem væri í mótsögn við yfirlýsta stefnu hæstv. ríkisstj. Er það mótsögn við stefnu hæstv. ríkisstj. að afgreiða hallalaus fjárl. og sporna á móti og lækka verðbólguna í landinu og koma á heilbrigðu jafnvægi og létta af höftum og skriffinnsku? Og ef þetta er allt mótsögn við stefnu hæstv. ríkisstj., þá hef ég stutt hana illu heilli, það sem af er. Hv. þm. sagði, að ástæðan til íhlutunar ríkisvaldsins í atvinnuvegunum væri sú, að einstaklingsframtakið hefði brugðizt. En þetta er ekki alls kostar rétt, það er ekki vegna þess, heldur hefur Alþ. og flokkur hv. þm. brugðizt skyldu sinni og ekki hirt um að koma málefnum þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll, en farið út á hina breiðu braut styrkja og íhlutunar ríkisvaldsins. Einstaklingsframtakið hefur ekki brugðizt, heldur hefur hið opinbera tekið af þeim hverja greinina eftir aðra. Mér þykir leitt að nota orðið loddaraskapur, en ég finn ekkert orð, sem passar betur við þetta. Hv. 4. þm. Reykv. er sérmenntaður maður á þessu sviði og sér vafalaust, hvernig á að leysa þessi mál, en þegar hann stendur upp hér á þingi, dettur honum ekki í hug að segja það, heldur yfirskyggir pólitík hans fræðimennskuna, eins og sú firra, að höftin hafi verið sett 1931 vegna þess, að einstaklingsframtakið hafi verið búið að koma gjaldeyrismálunum í ógöngur, ber vott um. Ég skal viðurkenna, að þá var mikil pólitísk lausung, en ástæðan til haftanna var heimskreppa, en ekki að einstaklingsframtakið hafi brugðizt. Kreppan var alls staðar, nema ef til vill í Ameríku, og það var vegna heimskreppu, sem höftin voru sett.

Þá talaði hv. þm. enn fremur um glundroðann í fjárfestingarmálum og kenndi einstaklingsframtakinu um það. En ég vil segja, að Alþ., og ekki sízt flokkur hv. 4. þm. Reykv., á sök á því. Ef tekið hefði verið fyrir verðbólguna, væru fjárfestingarmálin nú öðruvísi en þau eru. Þetta er því ekki að kenna einstaklingsframtakinu, heldur pólitísku ástandi í landinu, og ef hv. þingmenn hefðu gert skyldu sína, væri nú öðruvísi umhorfs í þessum efnum. — Hv. þm. sagði enn fremur, að þetta væru hreinar íhaldstillögur og hrein íhaldslausn á vandamálum dýrtíðarinnar. Já, hv. þm. er sérfræðingur í þessum efnum og hefur kynnt sér þau í mörg ár og skrifað fræðilegar ritgerðir um þau og verið í n., sem hafa fjallað um þessi mál. En hafa komið *till. frá honum? Engar. En frá hans* flokki? Engar. En ég vil spyrja: Hefur Alþfl. stefnu í þessum málum? Ég kalla það ekki stefnu, hina svokölluðu þriðju leið eða status quo. Ég kalla það ekki stefnu, ef sjúklingur er með 40 stiga hita, að halda honum í því, en það er ekki hægt að stöðva hann í því fremur en snjóflóð í fjallshlíð. En það er einmitt það, sem Alþfl. er að reyna að gera. Hann gerir sér ekki ljóst, hversu óskaplega ógæfu þessi stefna getur leitt yfir þjóðina, ef hún á að ganga sér til húðar. Af hverju kemur ekki hv. 4. þm. Reykv. með bjargráð, hann, sem er sérmenntaður á þessu sviði? Því kemur hann ekki með till. og mælir fyrir þeim og stendur með þeim eins og maður? Ég hygg, að það sé rétt hjá hv. þm. Barð., að Alþfl. skorti hugrekki. Hann hefur á hendi stjórnarforustu og ber skylda til að hafa forustu í að koma þessum málum á réttan grundvöll, því að það er enginn maður á þingi, sem ekki viðurkennir, að það sé nauðsyn. En hv. þm. sér ekki fyrr en allt er komið í strand, en það er erfitt að ná skipinu aftur á flot, þegar það er strandað. Ég skal segja hv. 4. þm. Reykv., að ég skal vera með hvaða till. til bjargar og til að koma jafnvægi á efnahagsmálin sem hann kemur fram með aðra en gengislækkun, ef sú till. nær sama tilgangi og leggur ekki þyngri byrði á almenning í landinu.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er langt síðan ég kvaddi mér hljóðs, og umr. eru orðnar langar og orðið framorðið. Þessi till., sem hér um ræðir, er nokkuð *fáránleg*, því að *þar er* ruglað ýmsu saman og allt kallað ríkisrekstur. Afnema skal íhlutun ríkisins í atvinnurekstrinum, höft o. fl. og breyta fjármálastefnunni. En sannleikurinn er sá, að enginn þm. botnar í, hvað hv. 1. þm. Reykv. meinar, og vildi ég helzt,

að hæstv. forseti vísaði málinu frá sem óhæfu þingmáli, því að ruglað er saman hinum óskyldustu málum. Það hefur vakið athygli, að tveir hv. samþm. og samflokksmenn hv. flm. hafa talið ástæðu til að umskrifa till. og flytja á þskj. 525, þeir hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. Sú till. er um sama efni, en sett þannig upp, að hægt er að sjá, hvað þeir meina með till. Ég segi ekki, að hún sé aðgengilegri, en hún er aðgengilegri sem umræðugrundvöllur, en þó að ýmsu leyti enn fjarstæðukenndari. Það þarf ófeilni til að kalla þau höft, sem eru á innflutningnum o. fl., ríkisrekstur. Það þarf einnig mikið af sama hugarfari til að kalla skömmtun ríkisrekstur. En þessu er öllu grautað saman. Ég hef heyrt merkan þm. segja í einkasamtali, að málið sé raunar óþinghæft, og held, að sá maður hafi rétt fyrir sér, því að hvort sem um frv. eða þáltill. er að ræða, þarf það helzt að vera um ákveðið efni, en hér er um mörg óskyld efni að ræða. Ég heyrði, að hv. 1. þm. Reykv. kvartaði yfir því, að umr. hafi farið á víð og dreif, en slíkt er honum sjálfum að kenna, því að grg. gefur tilefni til, að rætt sé um öll vandamál þjóðarinnar undir þessum eina lið, og ber honum því að saka sjálfan sig fyrir till., grg. og ræðu sína. Ég veit, að hv. þm. hefur áhuga á að draga úr fjármálaöngþveiti því, sem þjóðin er í, en hann hefur ekki farið út í það í till. sinni, hvernig eigi að fara að því, en í grein í Vísi 5. marz leggur hann til, að gengi krónunnar verði lækkað um 25% og útflytjendur fái frjálsan ráðstöfunarrétt á 25% af gjaldeyrinum. Ég gæti fallizt á að breyta gengi krónunnar undir sérstökum aðstæðum, en gera þyrfti um leið ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að slíkt kæmi hart niður á þeim, sem minnst mega sín, en að halda því fram, að 25% af gjaldeyrinum skuli fara á svartan markað, það er ósmekklegt hjá þeim, sem þykjast vilja hreinsa til í fjármálum þjóðarinnar. Ég hefði að mörgu leyti haft tilhneigingu til að taka hv. 1. þm. Reykv. alvarlega í þessu máli, að hann vildi hreinsa til í fjármálalífi þjóðarinnar, ef þetta hefði ekki þurft að fylgja með og ekki hefði verið gert ráð fyrir, að kaupgjaldsbreytingar yrðu bannaðar.

Mér hefur virzt, eins og ég sagði áðan, hv. þm. í þessari till. blanda saman mjög mörgum óskyldum atriðum, og sama má segja, þegar hann talaði um ríkisrekstur, þar sem hann blandaði saman mörgum óskyldum fyrirtækjum og lagði alveg sama mælikvarða á þau öll. Á það hefur verið bent af hv. 4. þm. Reykv., að mikill hluti þessa ríkisrekstrar hér á landi hefur verið stofnaður vegna þess, að þurft hefur að leysa vandamál, sem ekki var á valdi neinna einstakra manna að leysa, og ríkisvaldið hefur beinlínis verið hvatt til að leysa úr ýmsum vandamálum, sem annars væru óleyst enn í dag. Í þessu sambandi má nefna síldarverksmiðjur ríkisins, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á. Það er alkunnugt, að fyrstu drögin að stofnun þeirra voru lögð með þáltill., þar sem Magnús heitinn Kristjánsson, fyrrv. ráðh., lagði til, að innlendum verkfræðingum væri falið að gera rekstraráætlun og stofnkostnaðaráætlun fyrir síldarverksmiðjurnar. Annar fyrrv. ráðh., Jón Þorlákssqn, tók að sér að semja þessa rekstraráætlun, og á grundvelli þeirrar áætlunar var það svo, að 2 þm., þáv. þm. Ak., Erlingur Friðjónsson, og þm. S-M., Ingvar Pálmason, fluttu fyrsta lagafrv. um stofnun síldarverksmiðja ríkisins. Þá datt ekki neinum Íslending í hug, að einstaklingur legði út í að byggja nýtízku síldarverksmiðjur. Þessar verksmiðjur voru síðan reistar 1930, og ég man eftir því, að fyrrverandi íhaldsflokkur barðist mjög heiftarlega á móti þessari verksmiðjubyggingu. Það kom svo í ljós, sem vænta mátti í sambandi við þessa fyrstu verksmiðjubyggingu, sem framkvæmd var af Íslendingum, á henni var vitanlega ýmis missmíði, en þó minni en búast hefði mátt við, því að þetta var fyrsta tilraunin, — en það kom brátt í ljós, að kröfur sjómanna og útgerðarmanna um að reisa fleiri síldarverksmiðjur voru ómótstæðilegar. 1933 bar ég svo fram hér á Alþ. þáltill., sem varð til þess, að ríkisverksmiðjan frá 1935 var reist á Siglufirði. Var sjútvn. Nd. þá að öllu leyti sammála um byggingu þeirrar verksmiðju. Síðan hafa verið keyptar verksmiðjur fyrir ríkið á Raufarhöfn og á Siglufirði, og síðan hefur verið aukið við ríkisverksmiðjurnar, og í raun og veru hafa alltaf allir stjórnmálaflokkar í landinu verið sammála um þá auknингu ríkisverksmiðjanna, sem gerð hefur verið. Það var meira að segja stundum metingur um það milli flokkanna, hver ætti heiðurinn af því að hafa stungið upp á þessari og þessari verksmiðju. — Nú er það svo, að í byrjun stríðsins voru síldarverksmiðjur ríkisins ágætt fyrirtæki, sem voru fyllilega samkeppnisfærar við verksmiðjur einstakra manna. Þær voru búnar að borga sig og áttu nokkurt fé þar að auki. Þá er það, að notuð er heimild, sem flutt hafði verið hér inn á Alþ. af síldarverksmiðjustjórn ríkisins, um byggingu nýrra verksmiðja, en sú heimild var notuð á allt annan hátt en stjórn verksmiðjanna lagði til. Bygging verksmiðjanna var tekin úr höndum síldarverksmiðjustjórnarinnar og látin í hendur sérstakrar stjórnar. Ég skal ekki rekja þá sögu hér, en þetta varð til þess, að síldarverksmiðjurnar, sem áður voru eitthvert bezt rekna fyrirtækið í landinu og bezt stjórnað, eru nú ekki samkeppnisfærar við síldarverksmiðjur einstakra manna vegna þeirrar óstjórnar, sem var á byggingu nýju síldarverksmiðjanna. Nú kann ég ekki þau skil á ríkisrekstri og ekki-ríkisrekstri, þegar flm. þessarar till. segir, að það hafi verið ríkisrekstur að taka byggingu síldarverksmiðjanna úr höndum verksmiðjustjórnarinnar, en hins vegar ekki ríkisrekstur að láta verksmiðjustjórnina byggja ríkisverksmiðjurnar. Þetta er ekkert annað en framkvæmdaratriði og í rauninni hvorugt ríkisrekstur. Það mun vera svo, að í öðru tilfellinu er notað flokkspólitískt vald, sem ég fordæmi, að hefur verið gert, til þess að færa framkvæmd þessa máls úr þeim höndum, sem höfðu kunnáttu og alla aðstöðu til þess að geta gert þetta vel, í hendur n., sem hafði hvorki möguleika né vilja til þess að gera það þannig, að nokkurt vit væri í. Nú sýnir það nokkurn ókunnugleika eða óvandvirkni hjá hv. tillögumanni, þar sem hann kemst þannig að orði í blaði sínu, Vísi, sem ég vona, að rétt sé prentað:

„Stjórnarfyrirkomulag verksmiðjanna er mjög óheppilegt. Svo virðist sem þeir menn, er skipa stjórnina og hafa það starf í hjáverkum, beri aðallega ábyrgðina á daglegum framkvæmdum og rekstri verksmiðjanna."

Þetta er vitanlega alveg rangt. Samkvæmt lögum verksmiðjanna er ráðinn framkvæmdastjóri til þess að hafa með höndum daglegar framkvæmdir. Eins og stendur eru tveir framkvæmdastjórar við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og þar að auki framkvæmdastjóri við verksmiðjuna á Skagaströnd og annar framkvæmdastjóri við verksmiðjuna á Raufarhöfn. Mér er vel kunnugt um það, að eins og nú standa sakir, eins og raunar oft áður, eru mjög vel færir menn í framkvæmdastjórastöðunum, bæði hinn tæknilegi framkvæmdastjóri, sem að vísu er lítið reyndur, og eins sá framkvæmdastjóri, sem nú er aðalframkvæmdastjórinn á Siglufirði. Þann síðarnefnda þekki ég mjög vel persónulega og veit, að hann lætur sér annt um hag verksmiðjanna. Hinn tæknilega framkvæmdastjóra þekki ég ekki persónulega, en hef fengið um hann mjög góðar upplýsingar. Tillögumaður sagði, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefði allajafna verið í höndum pólitískra spákaupmanna. Ég mótmæli þessum staðhæfingum sem röngum. *(BÓ:* Ekki komst ég svona að orði.) Ég skrifaði þetta niður eftir hv. þm. og hygg, að það sé rétt, að hann hafi sagt þetta í fyrri hluta ræðu sinnar. Ég tel, að þessi ummæli séu alröng, því að yfirleitt hafa frá fyrstu tíð valizt í stjórn síldarverksmiðja ríkisins menn, sem hafa haft mikinn áhuga fyrir sínu starfi og sumir hafa setið þar í mörg ár og eru gagnkunnugir öllu, sem lýtur að síldarútvegi. Ég neita því ekki, að fyrir hefur komið, að menn hafa verið kosnir í stjórn af pólitískum ástæðum og án þess að hafa verulega þekkingu. En yfirleitt hefur stjórnin verið valin þannig, að reksturinn gæti farið vel úr hendi, og vil ég, með þeim kunnugleika, sem ég hef á þessum málum, mótmæla, þegar fram koma á Alþingi rakalausir hleypidómar um þá menn, sem stjórna verksmiðjunum.

Nú er það vitanlega svo, að þótt ég hafi dregið hér fram þennan stærsta atvinnurekstur, sem hefur orðið til þess að bjarga gjaldeyrismálum okkar um mörg ár, þá er langt frá því, að ég sé samþykkur öllum ríkisrekstri, sem fram fer hér í landinu. Hitt vildi ég undirstrika, að ríkisrekstrinn á síldarverksmiðjunum hefur verið þannig fram á síðustu ár, að hann hefur verið þjóðinni mikið bjargræði. Það er kunnugt, að saltfiskmarkaðurinn brást á sínum tíma, og hefðu ríkisverksmiðjurnar þá ekki verið til, hefði íslenzka þjóðin bókstaflega orðið gjaldþrota. Það gildir hið sama um ríkisrekstur og rekstur einstakra manna að því leyti til, að hann getur verið bæði vel og illa rekinn. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil engan þátt í því taka að verja ríkisrekstur, sem stofnað er til án þess, að fyrir því sé rík nauðsyn almennings, eða með óverjandi undirbúningsleysi eða gáleysi. Ég verð að segja það t. d. um sérleyfisferðirnar, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er það bein nauðsyn almennings í landinu, að ríkið taki þær, þar sem einstaklingar eru ekki fáanlegir til þess. Svo get ég líka nefnt dæmi, þar sem ég sé ekki, að nein nauðsyn hafi verið að stofna til ríkisrekstrar, svo sem trésmiðju ríkisins, sem að mínu viti hefur verið stofnað til að óþörfu, því að landssmiðjan hefur mörgum vönum trésmiðum á að skipa, sem sumir hafa ekkert að gera og gætu þess vegna smíðað allt, sem smíða þyrfti fyrir ríkið, án þess að stofna þyrfti til nýrrar smiðju. Hún hefur líka það húsnæði, sem þyrfti, og nokkurn veginn nauðsynlegan vélakost. Sama má segja um kartöflugeymsluna við Elliðaár; ég get ekki varið slíkan ríkisrekstur. Það á að gera sömu kröfur til ríkisrekstrar og einstaklingsrekstrar, að fyrirtækin séu fyrst og fremst vel rekin og að til ríkisrekstrar sé stofnað af fullri nauðsyn. Ég vildi líka taka fram, að ég álít, að hið sama gildi um ferðaskrifstofuna og um sérleyfisferðirnar, að þar er um almenningsheill og almenningsnauðsyn að ræða. Það eru nú margar þjóðir í Evrópu, sem vonast til þess að nota ferðamannastrauminn til þess að geta lagfært stórlega gjaldeyrisástand sitt. Því miður höfum við ekki haft fé til þess að leggja fram í þessu skyni, en enginn vafi er á því, að fyrir okkur getur það í framtíðinni orðið mjög mikið gjaldeyrismál að beina ferðamannastraumnum hingað til lands.

Ég held það hafi svo ekki verið meira, sem ég vildi taka fram í sambandi við þetta mál.

Forseti (JPálm): Þessar umr. hafa staðið mjög lengi. Ég hef ákveðið, að þessari umr. skuli ljúka í nótt, og verður ræðutími því hér eftir takmarkaður. Hefur hver hv. þm. 10 mínútur til umráða.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hafði hvort sem var ætlað að láta mér nægja örstutta ræðu, þar sem komið er svona langt fram á nótt og fáir hér í d. Ég vildi aðeins beina örfáum orðum til hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Reykv.

Hv. þm. Barð. hóf ræðu sína með allmiklum rosta. Hann viðhafði þau orð um ræður okkar hæstv. viðskmrh., að þær hefðu verið fáránlegar og furðulegar. Þykist hv. þm. vera slíkur ræðuskörungur, að hann sé þess umkominn að kveða upp þann dóm yfir ræðum okkar, að þær séu fáránlegar? Það kemur mér á óvart, ef hv. þm. hefur svo mikið sjálfstraust, að hann telji viðeigandi að byrja mál sitt þannig. Ég verð að segja, að það er mikill munur á málflutningi hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Barð., því að þar stóð hv. þm. Barð. honum langt að baki. Hv. 1. þm. Reykv. flutti hér langa ræðu, engar persónulegar ásakanir né skæting. En því miður tókst ekki hv. þm. Barð. að halda sig frá slíku. Þessi hv. þm. hélt því fram m. a., að ég hefði notað mér fjarvist yfirmanns Alþýðublaðsins til þess að birta ræðu mína í blaðinu. Hvað eiga svona staðhæfingar að þýða í þingræðu? Ég veit ekki, hvernig það ber að, þegar ræður eftir þennan hv. þm. eru birtar í Morgunblaðinu, en ég get sagt honum, hvers vegna ræða mín var birt í Alþýðublaðinu. Ritstjóri blaðsins óskaði eftir því strax daginn eftir að hún var flutt. En ég hafði ekki skrifað ræðuna. Þess vegna var beðið eftir, að þingritarar hefðu handritið af henni

tilbúið. Ræðan kom svo í blaðinu eftir ósk blaðsins sjálfs, en ekki eftir minni ósk, og eftir því sem ég bezt veit, þá var enginn af forráðamönnum blaðsins fjarverandi, þegar þetta gerðist. — Þá var hv. þm. eitthvað að dylgja um, að ég hefði brugðizt hæstv. viðskmrh. við atkvgr. um vantraustið á ríkisstjórnina. Hv. þm. Barð. veit vel um ástæðurnar fyrir afstöðu minni við vantraustið, því að ég gerði þá grein fyrir þeim. Ég gat þess, að það væri af því, að ég hefði rótgróna vantrú á samstarfi við Sjálfstfl., og ef til vill er það þetta, sem hv. þm. Barð. svíður svo mjög. Það eru algerlega ástæðulausar aðdróttanir hjá hv. þm., að ég treysti ekki flokksbræðrum mínum. Ég hef ekkert orð sagt í þá átt, og allar aðdróttanir hv. þm. Barð. um það eru úr lausu lofti gripnar. Ég veit ekki, hvort hv. þm. vill halda því fram, að afstaða fimmmenninganna 1944 hafi verið vantraust á ráðh. Sjálfstfl. Mér mundi að minnsta kosti aldrei detta í hug að halda því fram, heldur álít ég, að þar hafi verið um að ræða ágreining um grundvöllinn fyrir stjórnarsamstarfinu. Honum svíður kannske afstaða mín til Sjálfstfl., en þetta er mín pólitíska skoðun, og ég tel hana fyllilega réttlætta af reynslunni af þeim flokki. Þessi stofnun hér byggist einmitt á mismunandi stjórnmálaskoðunum, og mér virðist því harla einkennilegt, að hv. þm. skuli vera að reka upp óp út af því, að hér er um ágreining að ræða.

Varðandi það, sem 1. þm. Reykv. spurði um í ræðu sinni, hvað hefði komið frá mér og hvað hefði komið frá Alþfl. varðandi lausn dýrtíðarvandamálsins, vil ég benda hv. þm. á, að á flokksþingi Alþfl., sem haldið var fyrir skömmu, voru bornar fram mjög rækilegar till. um lausn dýrtíðarvandamálsins, og sömuleiðis á næst-síðasta þingi flokksins, og þær till. getur hv. 1. þm. Reykv. auðvitað fengið að sjá, hvenær sem hann vill. Hins vegar tel ég það óvandaðan málflutning að kalla stefnu núverandi ríkisstj. stefnu Alþfl., því að eins og hv. þm. Barð. gat um, þá er stefnan málamiðlunarstefna og því ekki frekar stefna Alþfl. en Sjálfstfl. eða Framsfl. Hitt er svo annað mál, að við teljum þá stefnu betri og skynsamlegri heldur en þá stefnu, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., þ. e. gengislækkun, frjálsa verzlun o. s. frv. Ég tek skatta og tolla fram yfir gengislækkun, vegna þess að gengislækkun kemur jafnt niður á öllum vörum. Skattana og tollana er hægt að leggja á þá, sem mesta hafa greiðslugetuna. Nú er það hins vegar kunnugt, að útflutningsatvinnuvegir okkar bera sig mismunandi vel. Sumir bera sig, aðrir ekki. Með sköttum og tollum er hægt að létta undir með þeim útflutningsgreinum, sem erfiðast eiga uppdráttar, og láta þá bera kostnaðinn, sem þess eru umkomnir. Þess vegna er það, sem ég tek þessa leið fram yfir gengislækkun.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. vil ég geta þess, að ummæli mín um ræðu hæstv. viðskmrh. sönnuðust bezt með ræðu hv. þm. Ísaf., sem ræddi um þessi mál af mikilli þekkingu og vítti það, sem víta þurfti, en hæstv. viðskmrh. leyfir sér enn þá að segja mig fara rangt með, eftir að ég hef lagt öll gögn á borðið. Hér gefst ekki tækifæri til þess að ræða sérstök atriði, en ég vil aðeins benda hæstv. ráðh. á fáein atriði í sambandi við dýrtíðarvandamálið. Hann sagðist ekki vilja fara þessa leið sökum þess, að hún leggi svo misþungar byrðar á herðar manna miðað við getu þeirra. En ég spyr: Hefur ekki hæstv. ráðh. reynt allar aðrar leiðir? Hann kom af stað eignakönnuninni, verstu lagafyrirmælum, sem nokkurn tíma hafa verið gefin út hér. Og hvað hlauzt af henni? Stórkostleg röskun á fjármálakerfi landsins. Þessu hafði verið spáð, en hæstv. ráðh. vildi ekki trúa því. Þetta er því stefna hæstv. ráðh., að taka fé frá þeim mönnum, sem eitthvað hefur tekizt að spara með hagsýni og dugnaði, svo að allt verði ein flatneskja. Og þetta hefur hæstv. ráðh. tekizt að nokkru leyti. Ég held satt að segja, að ábyrgur maður mundi hugsa sig um tvisvar, áður en hann héldi lengra á þessari braut. Sannleikurinn er sá, að hæstv. ráðh. er kominn í þrot, og því segist hann kannske fara þessa leið, þegar allar aðrar dyr séu lokaðar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum við hv. þm. Barð. um ódrengskap minn. Það getur vel verið, að í hans augum hafi ég sýnt af mér ódrengskap, en mér virðist, að ekki síður sé hægt að bregða honum um ódrengskap.

Um eignakönnunina er það að segja, að ég sótti það mál ekkert sérstaklega fast né heldur Alþfl., heldur voru allir stjórnmálaflokkarnir sammála um þetta, þar á meðal Sjálfstfl. Annars er ég sannfærður um, að eignakönnunin hafði sín áhrif. Ýmsir menn höfðu komið allmiklu fé undan skattaframtali, og það geri ég þó varla ráð fyrir, að hv. þm. Barð. þyki æskilegt. — Hann sagði, að ég hefði sagt, að ég mundi vilja fara gengislækkunarleiðina, þegar allar aðrar leiðir væru lokaðar. Það er alveg rétt, að ég sagði þetta, en ég tel bara ekki, að allar aðrar leiðir hafi verið reyndar til fulls og þaðan af síður að útséð sé um, að þær komi að gagni. Það vita allir, að útfluttar afurðir þurfa ekki allar jafnmikillar lækkunar til þess að geta borið sig. Sumar þarfnast mikillar lækkunar, aðrar lítillar. Með gengislækkun yrði því skattur þjóðarinnar í heild stærri en með niðurgreiðslunum. Þess vegna álít ég, að ekki beri að grípa til þessarar aðferðar, nema allt annað þrjóti. Ég viðurkenni, að á meðan núverandi ástand ríkir, er hættulegt að fara út í kauphækkun, eins og gert hefur verið fyrir atbeina annarra aðila, og ef haldið verður áfram á þeirri braut, þá verður gengislækkun ef til vill óhjákvæmileg, en fyrir mér vakti, að við reyndum að stöðva kaupskrúfuna þar, sem við stóðum.

Hv. 1. þm. Reykv. vill nú sverja sig frá því að hafa átt nokkurn þátt í því, að sérleyfisferðirnar voru lagðar undir ríkissjóð, en viðurkennir þó, að snemma á árinu 1944, eða á tímabilinu 1. marz—1. maí, hafi sérleyfisferðirnar milli Reykjavíkur og Akureyrar fallið niður, en segir, að þeir atvmrh. hafi verið sammála um að láta ríkið ekki taka að sér þennan rekstur meðan einhver einstaklingur fengist til þess. Þegar ég

tók við þessum málum, þá voru í pöntun 10 sérleyfisbifreiðar, sem nota átti í sérleyfisferðirnar til Akureyrar. Nú segir hv. 1. þm. Reykv. aftur á móti, að hann hafi ekki verið mótfallinn því, að smíðað yrði yfir bílagrindurnar og þær síðan seldar. Ég verð að segja það, að mér finnst það hálfskrýtið, ef hv. þm. hefur ætlað að láta ríkið flytja þessa bíla inn og byggja yfir þá og selja þá síðan. Sannleikurinn er sá, að bílana átti að nota í norðurferðirnar, enda benda kaupin á þessum 10 bifreiðum til þess, að ríkisstj. hafi ekki ætlað að nema þarna staðar. Mitt fyrsta verk var svo að selja nokkra af þessum bílum og halda aðeins eftir eins mörgum og þurfti í þessar sérleyfisferðir. Ég hef hins vegar aldrei heyrt það fyrr en nú, að þetta hafi átt að taka af ríkinu aftur og fá það einstaklingum í hendur. — Síðan voru svo þessir bílar, sem stj. keypti og lét byggja yfir, notaðir í þessar ferðir.

Frv. um sérleyfisaksturinn var stjfrv., sem flutt var án ágreinings, og er því algerlega þýðingarlaust fyrir hv. þm. að ætla að þvo hendur sínar í þessu máli, og sömuleiðis þýðir ekkert fyrir hann að vitna í lög um sérleyfisakstur frá 1935 og 1944, því að þar eru hvergi nein ákvæði um það, að ríkið taki að sér sérleyfisferðirnar. Hins vegar lái ég hv. þm. alls ekki, þótt hann gerði þetta. Ég tel það meira að segja sjálfsagt, að ríkissjóður tæki þessar ferðir að sér. Ýmis skilyrði, sem sérleyfishafarnir settu, voru þannig, að þáverandi samgmrh. vildi ekki við una og taldi, að með því að ganga að þeim skilyrðum, væru þarfir almennings bornar fyrir borð. — Ég skal svo ekki fjölyrða þetta frekar nú, þar sem málið fer nú í nefnd, en ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel gengislækkun ekki heppilegustu né réttlátustu lausn dýrtíðarvandamálsins og mun ekki kjósa þá leið fyrr en útséð er um allar aðrar leiðir.

Flm. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki haga orðum mínum þannig, að þau veki deilur, en ég vil aðeins leiðrétta það, sem hv. þm. Ísaf. sagði. Hann kvað mig hafa sagt, að í stjórn síldarverksmiðja ríkisins væru pólitískir spákaupmenn. Ég man ekki til þess, að ég hafi sagt þetta, enda veit ég, að það eru margir góðir menn í stjórn síldarverksmiðjanna. En það var hið pólitíska kosningafyrirkomulag, sem ég var að deila á, því að það getur orðið til þess, að mennirnir í stjórn síldarverksmiðjanna geti alls ekki unnið saman. Ég mun hafa sagt, að það mætti ekki koma fyrir að síldarverksmiðjunum yrði stjórnað af pólitískum spákaupmönnum, og átti ég þar við, að í stjórnartíð ákveðins ráðherra var verksmiðjunum stjórnað eins og pólitísku fyrirtæki.

Út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja, að það gleður mig að heyra, að Alþfl. sé með einhverjar till. í dýrtíðarmálunum, en þær hafa ekki komið fram á neinn praktiskan hátt, svo að ég viti, því að ég tel það enga lausn, sem flokkurinn kallar þriðju leiðina. Ef sá háttur helzt, sem nú er á hafður, eru ekki horfur á neinni lausn dýrtíðarvandamálsins. Þetta vitum við báðir, hv. 4. þm. Reykv., og einnig hæstv. viðskmrh. Ég vil benda hv. 4. þm. Reykv. á, að blað hans hefur haldið því fram, að það sé stefna Alþfl., sem hafi ráðið í dýrtíðarmálunum.

Hæstv. ráðh. reynir að koma því á mig, að ég hafi stofnað til sérleyfisferðanna. Ég hygg, að það sé vegna þess, að hann finnur, um hve mikinn endemisrekstur er þar að ræða, sem hann hefur þó haft meiri afskipti af en ég. Ég var frá byrjun mjög andvígur því, að ríkið tæki þennan rekstur í sínar hendur, en vissi aftur á móti, að sumar stofnanir sóttu mjög fast að fá hann, m. a. póststjórnin. Það var einnig fjarri því, að ég vissi, að um 10 bíla væri að ræða, sem byggja ætti yfir, heldur hélt, að það væru aðeins 4—5. En hæstv. ráðh. mun hafa haldið fast við, að ríkið tæki þennan rekstur í sínar hendur, og kom það á daginn, að í byrjun ársins 1945 tekur ríkið ¼ af honum í sínar hendur. Ég skeyti því svo engu að bera af mér sakir þær, er ráðh. taldi mig hafa unnið til, en ég hef eigi komið nærri. Vona ég svo, að málið fari í nefnd.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera örstutta athugasemd út af ummælum hv, 1. þm. Reykv. varðandi stj. S. R. Það segir svo í ræðu eftir þm., sem birtist í Vísi og var lögð fram sem handrit í lestrarsal:

„Þessu risafyrirtæki á íslenzkan mælikvarða er fengin stjórn, sem valin er pólitískt af þingflokkunum, án sérstaks tillits til, hvort menn-irnir eru starfinu vaxnir eða hvort útlit er fyrir, að samkomulag geti náðst milli þeirra um það, á hvern hátt eigi að reka verksmiðjurnar. Allir, sem eru í stjórn verksmiðjanna, hafa það starf í hjáverkum, en samt virðist framkvæmdarstjórnin hvíla aðallega á þessum mönnum. ... . Rekstri þessa mikla fyrirtækis, sem líklega gengur næst ríkissjóði í fjárveltu og skuldasöfnun, þarf að breyta í annað horf en nú er, svo að það hafi aðra og betri kjölfestu en pólitíska spákaupmennsku og framkvæmdarstjórn þess sé ekki höfð í hjáverkum af mönnum, sem öðrum störfum eru hlaðnir."

Ég gat ekki skilið þessi orð hv. þm. öðruvísi en að hann væri að bera stj. S. R. á brýn, að þeir væru pólitískir spákaupmenn. Ég vil hins vegar taka fram, að stjórnendur S. R. eru góðir samstarfsmenn, er bera hag fyrirtækisins mjög fyrir brjósti. En ef hann hefur meint eitthvað annað en ég gat lesið út úr orðum hans, þá er mér það gleðiefni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GJ, HÁ, HB, HermG, HermJ, IngJ, JG, JS, JJ, JörB, PZ, PÞ, PO, SB, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, ÁÁ, BG, BK, JPálm.

nei: FJ, HV, SÁÓ.

GÞG, HelgJ, LJós, SigfS, SG, StJSt, ÁS, EOl, EmJ greiddu ekki atkv.

16 þm. (GÍG, GTh, JóhH, JJós, KTh, LJóh, ÓTh, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, BSt, BÁ, BBen, BÓ, BrB, EE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Menntmrh.: (Eysteinn Jónsson): Ég vil vera með í því, að þessi till. fái þinglega meðferð og komist til n., og þess vegna segi ég já.

Hermann Jónasson: Með skirskotun til grg. hæstv. menntmrh. segi ég já.

Skúli Guðmundsson: Með tilvísun til fyrirvara hæstv. menntmrh. segi ég já.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég er á móti till. og mun leggja fram till. gegn henni, en ég skal ekki vera á móti því, að hún fái þinglega meðferð, og mun því sitja hjá við þessa atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Radioviti á Arnarnesi.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um radiovita á Arnarnesi við Skutulsfjörð og aukningu og endurbyggingu ljósvita þar [130. mál] (A. 338).

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk. till. til þál. um radiovita á Arnarnesi við Skutulsfjörð, og liggja þau rök til þessarar till., að Ísafjörður við Skutulsfjörð er eins og kunnugt er, einn af stærstu útgerðar- og verzlunarstöðum landsins, en þannig í sveit komið, að því nær allar samgöngur við hann eru annaðhvort á sjó eða í lofti. Þess vegna er mjög mikilvægt, að sem bezt sé séð fyrir öryggi skipa og flugvéla til og frá þessum stað. Hins vegar er það svo, að viti sá, sem byggður var 1915 og síðan endurbyggður 1921, er orðinn mjög lélegur, þar sem ljósmagn hans er allt of lítið, enda hafa siglingar og ferðir flugfélaga aukizt mjög frá því að hann var byggður. Hann er þess vegna engan veginn fullnægjandi innsiglingarviti fyrir þennan kaupstað eða fyrir Ísafjarðardjúp yfirleitt. Það eru mörg dæmi þess, að ljós þessa vita hafi ekki sézt, en hins vegar hafi sézt steinolíuljós á bæjum rétt við hann og enn fremur ljós í Hnífsdal á undan ljósi vitans, og má af því sjá, hve ófullnægjandi þessi ljósviti er. Við höfum þess vegna lagt til, að ljósviti þessi verði aukinn og endurbyggður og þar með bætt úr brýnustu þörfum fyrir alla siglingu um Ísafjarðardjúp. En þótt hann verði aukinn og endurbyggður, dugir það ekki til. Í dimmu og þoku getur hann ekki orðið að gagni, og þess vegna leggjum við til, að reistur verði á þessum stað eða öðrum radioviti, sem yrði að liði bæði skipum og flugvélum á þessum slóðum. Við leggjum til, að hlutazt verði til um það að reisa hið allra fyrsta radiovita á Arnarnesi, og tel ég, að það væri mikið öryggisatriði, ef snúið væri sér að því hið allra bráðasta að koma þar upp slíkum vita. Einum slíkum vita hefur verið komið upp í nágrenni Patreksfjarðar, og er talið af siglingafróðum mönnum, að að honum sé geysimikið gagn og öryggi, og til þess ber einnig brýna nauðsyn, að hinar miklu skipasamgöngur frá og til Patreksfjarðar njóti hins mikla öryggis, sem slíkt hefur í för með sér. Þess vegna höfum við flutt þessa till.
Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en óska, að málinu verði vísað til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Áburðarverksmiðja.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn á heppilegum stað fyrir áburðarverksmiðju [131. mál] (A. 348).

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til fyrri umr. (A. 348, 366, 388).

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fleiri þm. að flytja hér þáltill. á þskj. 348 um rannsókn á heppilegum stað fyrir áburðarverksmiðju. Eins og till. segir, er ætlazt til, að ríkisstj. skipi þriggja manna nefnd til þess að rannsaka, hvar æskilegast sé, að fyrirhuguð áburðarverksmiðja verði reist, sérstaklega með tilliti til þess, að áburðurinn verði sem ódýrastur þeim, sem aðallega koma til með að nota hann. Í sambandi við þessa rannsókn skuli svo gaumgæfilega rannsaka aðstöðuna til þess að byggja verksmiðjuna í Þorlákshöfn. — Það hefur mikið verið rætt um hina fyrirhuguðu áburðarverksmiðju, en þar hefur ekki bólað á neinu ákvæði um það, hvar hún skuli reist. Þetta er eðlilegt, þar sem vitað er, að rannsókn hefur ekki verið hafin um það, hvar sé heppilegasti staðurinn fyrir þessa væntanlegu verksmiðju. Ég geri þess vegna ekki ráð fyrir, að þm. væru tilbúnir að greiða atkvæði um það, hvar áburðarverksmiðjunni skuli valinn staður. Við, sem flytjum þessa till., álítum af leikmannsviti okkar, að Þorlákshöfn væri sérstaklega heppilegur staður fyrir verksmiðjuna. Hins vegar viljum við, þrátt fyrir það að við höfum þetta álit á þessum stað, að fram fari gaumgæfileg rannsókn sérfróðra manna til þess að stað-

festa eða hrinda þessu áliti okkar flm. Þm. eru ókunnugir á þessum stað, og get ég því búizt við, að þeir muni ekki vilja slá neinu föstu um þetta. En ég get líka búizt við, að þeir vilji ekki að órannsökuðu máli segja nei við því, að þarna yrði verksmiðjan reist, og það er þess vegna, að við flm. teljum víst, að Alþ. muni fallast á þessa till. Við flm. leggjum ekki aðeins áherzlu á, að sá staður, sem við nefndum í till., verði rannsakaður af nefndinni, heldur og allir aðrir staðir, sem til greina koma, og dómur á þá lagður. Ég sé, að fram hafa komið tvær brtt. við till. okkar, önnur á þskj. 366, frá hv. þm. Borgf. um, að Akranes verði sérstaklega athugað, og hin á þskj. 388, frá hv. þm. Ak. og fleiri, þar sem sérstaklega er farið fram á, að möguleikarnir á að staðsetja verksmiðjuna á Akureyri verði athugaðir. Það er vitanlegt, að nefndin mun ekki loka augunum fyrir neinum stöðum, sem til greina geta komið, enda er það höfuðnauðsyn, að réttur staður sé valinn. Sumir munu ef til vill segja, að óþarfi sé að kjósa sérstaka nefnd til þessarar athugunar, það sé hlutverk hinnar væntanlegu verksmiðjustjórnar, en ég segi það, að hér er um svo mikilsvert atriði að ræða, þegar reisa á fyrirtæki, sem er áætlað, að kosti 40—50 millj. kr. og á að framleiða áburð, sem sé meiri en nógur handa landsmönnum, þá er mikið í húfi, að vel takist um að velja þessu fyrirtæki stað, og kostnaðurinn við nefndarskipun í því skyni er lítilræði hjá kostnaðinum við þetta stóra fyrirtæki. Ég býst enn fremur við, að hin væntanlega verksmiðjustjórn hafi í æðimörg horn að líta fyrst í stað við að byggja þetta fyrirtæki upp af grunni, þó að hún hafi sér til aðstoðar nefnd sérfróðra manna, sem sérstaklega athugi þá hlið málsins, sem till. okkar fjallar um. Vissulega getur svo verksmiðjustjórnin, eftir því, sem henni vinnst tími til, athugað staðarvalið og kynnt sér, hvaða staðir eru heppilegastir, enda er til þess ætlazt, að nefndin, sem við flm. viljum, að skipuð sé, leggi niðurstöður sínar fyrir verksmiðjustjórn, áður en ákvörðun um staðarvalið er tekin. Það er vissulega þannig, að betur sjá augu en auga, og hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða, að ekki má horfa í kostnaðinn við að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að athuga það. Það er svo ekkert aðalatriði, í hvaða landsfjórðungi eða sýslu verksmiðjan verður, heldur hitt, að finna þann stað, sem að sem flestu leyti er heppilegastur fyrir þann atvinnurekstur, sem hér á að setja upp. Ég ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum að sinni, en vænti þess, að till. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Pétur Ottesen: Enda þótt ég hafi flutt brtt. við þessa þáltill., þá felur það ekki það í sér, að ég mundi hafa átt frumkvæði að flutningi slíkrar þáltill., því að að sjálfsögðu er það eitt af hlutverkum hinnar væntanlegu verksmiðjustjórnar að ákveða verksmiðjunni stað, og er þeirri væntanlegu verksmiðjustjórn enginn stakkur skorinn um að leita upplýsinga og tillagna um það efni, enda geri ég ráð fyrir, að frá þeim stöðum, sem sérstaklega vilja fá verksmiðjuna til sín, muni verksmiðjustjórninni berast upplýsingar um aðstöðuna á þeim stöðum, svo að jafnan mundu fyrir verksmiðjustjórninni liggja yfirgripsmiklar og viðtækar upplýsingar um aðstöðuna til verksmiðjurekstrar á hverjum stað og flutningamöguleika frá þeim stöðum út um hinar dreifðu byggðir landsins. En af því að þessi till. er fram komin, þótti mér rétt að benda á þann stað, sem um getur í minni brtt, því að ég tel hann hafa mikla yfirburði yfir þann stað, sem sérstaklega er bent á í þáltill., og skal ég færa nokkur rök fyrir því.

Það, sem sérstaklega þarf að hafa í huga, er slík verksmiðja er reist, er það, að staðsetja hana þar, sem ódýrast er að framleiða áburðinn, og verður þá að miða við, að flutningskostnaður frá staðnum til notenda áburðarins verði sem minnstur, því að flutningskostnaðurinn er mjög verulegur hluti hins endanlega kostnaðarverðs. Augljóst er, að þegar undan er tekið Suðurlandsundirlendið og Vestur-Skaftafellssýsla, þá verður Akranes heppilegri staður en Þorlákshöfn hvað þessa hlið snertir. Það er alllangt í land með það, að hafnargerð í Þorlákshöfn sé komin það áleiðis, að þaðan sé hægt að flytja áburðinn á hvaða tíma árs sem er, svo að flutningar þaðan yrðu fyrst um sinn að miðast við vissa árshluta, og yrðu þeir þá aðallega á landi, og til Vesturlands, Norðurlands og Austurlands yrðu þeir þá allmiklu dýrari heldur en ef verksmiðjan væri á Akranesi. Nú er hafnargerð svo langt komin á Akranesi, að hvaða skip sem eru geta komið þar á hvaða tíma sem vera skal, svo að allan ársins hring er hægt að afgreiða vörur þaðan. Augljóst er, að þau atriði, sem ég nú hef drepið á, skipta miklu um áburðarverðið. — Nú, um raforkuna, sem til þessara framkvæmda þarf, þá má það vera, að hún sé hvergi nægilega mikil eins og stendur. Það er vitað, að á svæði Sogsvirkjunarinnar er ekkert rafmagn aflögu, því að sú raforka, sem nú er framleidd, er hvergi nærri fullnægjandi. Á Akranesi er aftur á móti nokkurt afgangsrafmagn, en þó vissulega ekki nægilegt til að knýja slíka verksmiðju. Hins vegar eru þar verulegir aukningarmöguleikar, eins og annars staðar, og skal ég þó ekki fullyrða, að með aukningarmöguleikum Andakílsárvirkjunarinnar yrði fullnægt þeirri þörf. Hins vegar hefur það legið í loftinu, þegar rætt hefur verið um auknar raforkuframkvæmdir, að tengja saman raforkuframkvæmdir í Borgarfjarðarhéraði og raforkuframkvæmdir Reykjavíkurbæjar og ríkisins við Sogið, og bæri þá að sama brunni, á hverjum þessara staða verksmiðjan yrði reist. Raforkan verður náttúrlega afgerandi atriði, þegar til framkvæmdanna kemur, en með tilliti til flutningskostnaðar er það alveg gefið, að verksmiðjan verður bezt sett í Þorlákshöfn fyrir Suðurlandsundirlendið og Vestur-Skaftafellssýslu, en áburðurinn fyrir alla aðra landshluta yrði dýrari að því er landflutninga snertir, en um þá er aðallega að ræða fyrst um sinn, þótt vonir standi til, þegar lengra líður, að bæta megi svo lendingarskilyrði í Þorlákshöfn, að þar megi að staðaldri afgreiða stærri skip.

Ég mun svo ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég tel ekki mikla þörf á því að skipa sérstaka nefnd um þetta, heldur tel ég, að fela beri væntanlegri verksmiðjustjórn þessa athugun, því að

hún hefur sömu aðstöðu og sú þriggja manna nefnd, sem flm. þáltill. vilja skipa, til þess að kynna sér öll atriði, er máli skipta um staðsetningu hinnar væntanlegu áburðarverksmiðju.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hef raunar ekkert við þessa till. að athuga, því að það að velja áburðarverksmiðjunni stað er æði mikið vandaverk og þarf nákvæmrar rannsóknar með, og er raunar til þess ætlazt, að hin væntanlega verksmiðjustjórn hafi þá rannsókn með höndum, og yrði það eitt af hennar fyrstu verkefnum. Hins vegar er ekkert við því að segja, ef Alþingi óskar eftir því, að fleiri manna ráð komi til við rannsókn þessa. Ég geri ráð fyrir, að sú hv. n., sem væntanlega fær þessa till. til meðferðar, athugi þetta atriði, en ég vil segja það, að þótt ég samþykki till. við þessa umr., þá vil ég ekki leggja í hana þá meiningu, sem virðist vera meining hv. flm., að Þorlákshöfn sé eini staðurinn, sem athuga eigi gaumgæfilega, en handahófsathugun ein fari fram á öðrum stöðum, og þótt fram komnar brtt. verði samþ., þá vil ég einnig taka fram, að ég legg ekki þann skilning í till., að þeir einir staðir, sem nefndir eru í till. og brtt., skuli vera athugaðir gaumgæfilega, því að það verður að athuga alla staði, sem til greina geta komið, hvort sem þeir eru nefndir í till. eða ekki. Þetta vildi ég aðeins taka fram, en ég hef ekkert á móti því, þótt Alþingi kveðji sérstaklega þrjá menn til þess að athuga, hvaða staður sé heppilegastur fyrir verksmiðjuna.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar um staðsetningu þessa fyrirtækis er að ræða, þá sé sjálfsagt að athuga alla staði, sem til mála koma, enda duldist mér ekki, þegar ég ásamt fleiri hv. þm. bar fram mína brtt., að Akureyri er staður, sem er mjög álitlegur í því sambandi. Í fram kominni þáltill. er lögð áherzla á að athuga gaumgæfilega einn stað, og til þess að víkka út þann þrönga hring, sem þar er markaður, fluttum við þessa brtt., því að sjálfsagt er að benda á aðra heppilega staði, til þess að þeir verði einnig vandlega athugaðir. Hv. þm. Borgf. rann fyrstur á þetta hljóð, en síðan ég ásamt hv. meðflm. mínum.

Ég þarf ekki að halda langa ræðu til þess að leiða rök að því, að athuga beri vandlega möguleikana á því að reisa áburðarverksmiðjuna á Akureyri. Þar eru næstmestir raforkumöguleikar á landinu, því að Laxá er annað mesta fallvatn með bergvatni á landinu, svo að hægt er að framleiða þar rafmagn með constant straumi. Nú er Laxá hvergi nærri fullvirkjuð, en í aðsigi er að auka virkjunina nú á næstunni upp í 10—12 þúsund hestöfl, en ef neðri hluti árinnar væri tekinn við Brúarfossa, gætu fengizt um 40 þúsund hestöfl, og með viðbótarvirkjun telja fróðir menn, að auka mætti raforkuna upp í 70—80 þúsund hestöfl. Önnur skilyrði eru í ríkum mæli fyrir hendi á Akureyri. Þar er hin ákjósanlegasta höfn, svo að hvergi er betra að flytja út en þaðan, og vegakerfið frá Akureyri er gott og nær mjög langt út um land. Við flm. brtt. á þskj. 388 höfum því sérstaklega bent á Akureyri, því að þar má sízt ganga fram hjá við athugun á staðsetningu hinnar væntanlegu áburðarverksmiðju.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hefur líklega fallið niður hjá hv. flm. þessarar till., að kostnaðurinn við n. skuli greiddur úr ríkissjóði, því að ég geng út frá því, að ætlunin sé ekki sú, að n. vinni þetta verk ókeypis. Það er í sjálfu sér virðingarverð viðleitni að bæta nú þessari n. við aðrar n., og ekki óeðlilegt, að þm. bæti nú við n., því að það hefur sýnt sig, að n. hafa jafnvel verið settar til þess að athuga, hvort framkvæma ætti l., sem þegar hafa verið sett. Ég skil þetta því vel, en ég er hissa á því, hvernig hv. þm. hugsa sér undirbúninginn. Það er ákveðið að skipa stj. verksmiðjunnar undireins, sem ríkið á að bera allan kostnað við. Hvernig sem l. verða afgr., verður starf verksmiðjunnar órjúfanlega tengt staðsetningu hennar. Það er því einkennilegt, ef stj. verksmiðjunnar er ekki fær um að ætla verksmiðjunni stað. Enn fremur er til n., sem á að hafa með höndum yfirstj. allra þessara mála, fjárhagsráð, en það á að skipuleggja allan þjóðarbúskapinn. Það er einhver dýrasta n. í landinu, skipuð 5 mönnum, en hefur auk þess fjölda manna í þjónustu sinni. Skipun þessarar n. verkar því næstum eins og vantraust á fjárhagsráð. Annars vildi ég benda hv. flm. á, að staðsetning verksmiðjunnar er ekki einfaldur hlutur. Segjum, að n. ákveði verksmiðjunni stað í Þorlákshöfn, eins og flm. þessarar till. hafa í huga. Þá er ekki nóg, að n. ákveði, að verksmiðjan skuli þarna sett. Það er langt frá því. Það þarf vitanlega að gera fleiri hluti. Það þarf að byggja höfn, hvort sem verksmiðjan verður stór eða lítil, þar sem gert er ráð fyrir því, að hún stækki seinna. Það þarf því að athuga hafnarskilyrðin. Þá þarf mikið vinnuafl í sambandi við framkvæmdirnar, og þess vegna þarf að gera ráðstafanir til þess að koma upp bústöðum fyrir verkafólk og starfsmenn. Það verður að gera ráð fyrir því, að þarna rísi upp aðrar verksmiðjur en áburðarverksmiðjan, sem vinna úr aukaefnum, er til falla. Það þarf því m. ö. o. að gera ráðstafanir til þess að skapa þarna bæ. Það er það eina rökrétta. Það þarf samræmdar aðgerðir. Eins og ég gat um áður, var það ætlunin, er fjárhagsráð var skipað, að það hefði þessi mál með höndum, enda er það eðlilegt, að valdið yfir þessum málum öllum sé á einum og sama stað, til þess að tryggja samræmdar aðgerðir. Hv. flm. hefðu því átt að ræða málið við fjárhagsráð, ef það væri ekki svo, að það hefur aldrei um þessi mál hugsað, þótt það ætti að gera það. Þetta vildi ég hafa sagt almennt um stefnuna í þessari till., sem er viðleitni í þá átt að ráða bót á getuleysi, sinnuleysi og fyrirhyggjuleysi þeirra, sem átt hefðu að hugsa um þessa hluti.

Hvað snertir innihald till., sem er aðalatriðið fyrir flm., er það að segja, að mikið hefur verið rætt um það, að Þorlákshöfn eða Akranes komi alveg sérstaklega til greina í þessu sambandi. En það eru fleiri staðir á Suðurlandsundirlendinu, sem ekki er vert að gleyma, t. d. Reykjavík. Ég held, að ekki verði hjá því komizt að taka þá einnig til athugunar. Höfnin í Reykjavík er ein-

hver sú bezta á landinu og vinnukraftur og tæki til framkvæmda ekki betri annars staðar. Eins og hæstv. atvmrh. minntist á, er því einnig þannig varið, að ekki veitir af því, að lagt sé í allmiklar framkvæmdir í Reykjavík, ef þar á ekki að verða atvinnuleysi á næstunni. Þegar svo er ástatt, er ekki hægt að samþ. athugun á þessum málum, nema skilyrðin í Reykjavík séu einnig athuguð sérstaklega. — Þetta vildi ég segja við þessa umr. Ég geri ráð fyrir því, að till. verði athuguð betur í allshn. En ekki þætti mér það góð afgreiðsla, ef það ætti að hafa áhrif á afgreiðslu málsins, að kosningar standa fyrir dyrum. Ég held, að það sé gagnlegt að ræða þetta mál, en ég er vantrúaður á það, að skynsamleg niðurstaða fáist með því að samþ. till.

Jónas Jónsson: Ég álít, að það sé gott, að þetta mál sé rætt, og það var rétt af hv. þm. Ak. að minnast á Norðurland í þessu sambandi og Laxárvirkjunina. Þar eru skilyrði, sem gera það að verkum, að verksmiðjan gæti verið þar, en ég álít, að umr. ættu að hníga að því, að verksmiðjan verði reist þar, er bezt er til langframa. Ég vil í þessu sambandi minna á þann ágreining, sem verið hefur um staðsetningu skóla, t. d. Eiðaskóla, Möðruvallaskóla og Hvanneyrarskóla, þar sem álitið var, að þeir mundu hafa meiri þýðingu fyrir nágrennið en landið í heild. Raunin hefur orðið sú á Hvanneyri, að þar eru fleiri úr fjarsveitum en úr næstu sýslum. — Hv. þm. Borgf. minntist á Þorlákshöfn. Ég álít, að ekki þurfi að líta á framtíð Þorlákshafnar með bölsýnisaugum. Héraðið í nánd er það stærsta á landinu, og ekkert hérað þarf eins mikið af áburði. Í öðru lagi er því þannig varið með höfnina, að ekki ætti að vera langt þar til að strandferðaskipin geta lagzt þar, eftir framkvæmdirnar í fyrra og hittiðfyrra og þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru þar í sumar. Hvar sem verksmiðjan verður reist, verður áburðurinn aðallega fluttur með skipum. Varðandi Reykjavík vildi ég benda á þá hættu, sem því er samfara að draga alla slíka iðju saman í Reykjavík. Þó að Reykjavík sé ekki stór, ef hún er borin saman við borgir erlendis, er hún stór á okkar mælikvarða. Nú er hvarvetna í heiminum reynt að dreifa iðnaðinum, og menn eru farnir að harma það, hve mjög hann hefur verið staðsettur í borgum, bæði vegna hernaðarhættunnar og vegna þeirrar hættu, sem af því stafar fyrir allt mannlegt líf. Næst Keflavík er Reykjavík hættulegasti staðurinn á landinu. Í Reykjavík — og kannske á Akureyri — er hernaðarhættan mest. Reykjavík hefur stækkað svo, að hún er orðin eins og höfuð, sem líkaminn getur ekki haldið uppi. Verði Þorlákshöfn fyrir valinu, geta flestir bændur í nábýlinu flutt áburðinn á vögnum heim til sín, og höfnin liggur vel við til útflutnings, samtímis sem mesta vatnsmagn á Suðurlandsundirlendinu er í nánd. Þessar athugasemdir vildi ég láta fylgja málinu til n.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki metast á um, hvar verksmiðjunni skuli valinn staður, því að till. er flutt í þeim tilgangi, að það verði athugað, og við viljum sætta okkur við úrskurð n. um það. Mér kom það því einkennilega fyrir sjónir, er hv. þm. Borgf. talaði í villandi tón um þetta. Það er ólíkt honum, og ég bjóst ekki við því, að hann mundi færa fram blekkingar til varnar Akranesi, en hann gerði það svo augljóslega, að jafnvel þeir, sem aldrei hafa til Akraness eða Þorlákshafnar komið, hlutu að sjá, að hann fór með blekkingar. Hv. þm. sagði, að Þorlákshöfn væri ekki heppilegur staður fyrir verksmiðjuna, því að þar væru ekki hafnarskilyrði. Það er þó alkunnugt, að á undanförandi árum hefur verið veitt fé í fjárl. til hafnarinnar og mikið verk verið unnið fyrir það. Um það leyti sem verksmiðjan verður til, verða líka hafnarskilyrði til staðar í Þorlákshöfn. Röksemdir hans um landflutninga falla því fyrir borð, og skil ég ekki, að jafnmætur þm. skuli halda slíku fram. Hann hefði getað haldið fram kostum Akraness, þó að hann hefði sleppt þessu. Hv. þm. minntist á raforkuna og sagði, að umframorka væri til staðar, sem ekki væri notuð. En þó að Andakílsfossar væru virkjaðir að fullu, yrði það ekki nóg fyrir verksmiðjuna og Borgarfjarðarhérað, því að þeir hafa allir ekki nema 12 þús. hestöfl. Ég hygg líka, að héraðið sé svo blómlegt, að það mundi þurfa á allri þeirri orku að halda. Ég tel ástæðulaust að orðlengja þetta frekar við hv. þm. Borgf. Við erum áreiðanlega báðir sammála um það, að ekki eigi að metast um, hvar verksmiðjunni verði valinn staður, heldur beri að reisa hana þar, sem það verður praktískast fyrir nútíð og framtíð. — Hæstv. atvmrh. taldi jafnvel gott, að n. væri skipuð, og er það gleðilegt, að hæstv. ráðh. hefur skilning á nauðsyn þess, að ráð margra góðra manna komi hér saman. — Hv. 2. þm. Reykv. er að vísu ekki hér, en ég vil þó taka það fram, að mér þykir það kynleg staðhæfing hjá honum, að þetta sé verkefni fjárhagsráðs. Þess hlutverk er að veita innflutningsleyfi til verksmiðjunnar, en ekki að ákveða, hvar hún skuli vera. Hv. þm. sagði líka, að verksmiðjan þyrfti mikið rafmagn, en varðandi það eru skilyrðin hvergi betri en í Þorlákshöfn, enda mælti hv. þm. ekki gegn því. Hann sagði líka, að byggja þyrfti bústaði. Ég hélt nú, að þessi hv. þm. léti sér ekki bregða við það, þó að byggja þyrfti verkamannabústaði. Annars gæti ég trúað því, að menn byðust til að byggja yfir sig sjálfir, ef um trygga atvinnu er að ræða. Þess er einnig vert að minnast, að verksmiðjan þarf ótrúlega fáa verkamenn. Það ætti ekki að þurfa að vera til fyrirstöðu, þó að byggja þyrfti bústaði fyrir þá, enda þurfa þeir húsaskjól, hvar sem verksmiðjan verður reist. Ég læt svo þessu lokið, en vil að endingu lýsa ánægju minni yfir góðum undirtektum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég tel þessa till. algerlega óþarfa, borna fram bara til þess að sýnast og til þess að koma peningum í lóg. Það er verkefni stj. verksmiðjunnar að velja henni stað, en ekki þingkosinnar n. En það er tvennt, sem ég vildi segja varðandi þetta mál. Í fyrsta lagi vona ég, að sú ósvinna hendi ekki, að verksmiðjunni verði fyrst ákveðinn staður og síðan verði farið að hugsa um að kaupa lóðina. Þá verður að sæta kjörum svipuðum og í Njarðvíkum og Egilsstaðaþorpi og mörgum fleiri stöðum. Svo, eftir að staðurinn hefur verið ákveðinn,

þá koma menn og segja við Pétur og Pál: Nú þurfum við að fá þarna lóð. Og lögfræðingar koma svo og segja, að með því að verksmiðjunni hafi verið ákveðinn þarna staður, þá sé nú þessi blettur orðinn nokkur hundruð þúsund króna eða kannske milljóna virði.

Annað, sem ég vildi benda á, er þetta: Ég tel hæpið, hvort það á að ákveða staðinn með tilliti til þess, hvort þar sé rafmagn fyrir hendi. E. t. v. er það nóg nú, en það verður það máske ekki eftir nokkur ár. E. t. v. á að hugsa um sérstaka rafveitu í sambandi við verksmiðjuna. Sérstaklega hef ég þar í huga Hvalfjörð og árnar þar, því að þar mætti fá feikna mikla stöð með því að veita þeim saman. Þegar stjórn verksmiðjunnar hefur verið skipuð og tekur til starfa, má hún ekki gleyma þessu.

Þá þarf einnig að taka flutningana mjög til athugunar. Það mundi verða svo, að um meira en helminginn af landinu yrði þetta flutt á bílum, en ekki með skipum, því að það er miklu ódýrara, þar sem ekki er um meiri vegalengdir að tala en 200 km. Og nokkuð þarf að miða staðsetningu verksmiðjunnar við þetta.

Þetta vildi ég benda á, og vænti þess, að okkur hendi ekki sú skyssa að skipa nýja launaða nefnd til þess, sem eðlilegast er, að verksmiðjustjórnin hafi með höndum í samráði við ríkisstjórnina.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Mér finnst þessar umræður um staðsetningu verksmiðjunnar nokkuð einkennilegar. Það kemur fram, að það eigi að skipa sérstaka nefnd til að ákveða verksmiðjunni stað. Og menn eru þegar teknir að skiptast í flokka um ákveðna staði. Einn flokkurinn heldur með Akureyri, annar með Akranesi og þriðji með Þorlákshöfn. Undirstaðan, sem hér þarf fyrst og fremst að byggja á, er orkan. Þá þurfa enn fremur að vera góð hafnarskilyrði á þessum stað. Og eftir því sem mér er sagt, þarf líka mikið vatn, eða álíka og Elliðaárnar, til þess að unnt verði að starfrækja verksmiðjuna. (*PO:* Vatn mundi nú verða nóg í sjónum, þótt árnar þrytu.) Það mundi bara verða nokkuð kostnaðarsamt að hreinsa það. En hvaða munur þarf nú að vera á þeim sérfræðingum, sem nú á að láta staðsetja verksmiðjuna, og hinum, sem eiga að ráða byggingarframkvæmdunum? — Hver er munurinn og hvað þurfa þeir sérstaklega til brunns að bera? Og ef þeir síðarnefndu segja, að hún ætti að vera annars staðar, hvorir eiga þá að ráða?

En það er nú raunar ekki þetta, sem vakir fyrir flm. Það er nákvæmlega eins og hv. þm. Borgf. sagði, að þetta er flutt af því, að bent hafði verið á ákveðinn stað. Og meiri þörf væri nú á því, að menn væru sammála um frumskilyrðið, að leggja til stóra virkjun í þessu skyni. Það væru skemmtilegri vinnubrögð heldur en þau, að hv. þm. fari að toga hver í sinn skækil og skara eld að sinni köku og rífast um, í hvaða héraði verksmiðjan verði reist.

Viðvíkjandi því, sem einn ræðumaður tók fram áðan, að það væri svo margt fólk í Rvík, að ekki væri heppilegt, að verksmiðjan væri reist þar, því að hún mundi taka svo mikið vinnuafl frá öðrum atvinnuframkvæmdum, þá get ég ekki skilið, að þeir menn, sem vinna við verksmiðjuna, verði ekki teknir frá annarri framleiðslu, hvar sem verksmiðjan kemur til að standa. Hitt er annað mál, að það má ekki gleyma því, að hér í Rvík er iðnaðurinn kominn lengst, og margir sérfræðingar, sem hafa haft áburðarverksmiðjumálið með höndum, segja, að áburðarverksmiðjan gefi mörg tækifæri til framleiðslu á ýmsum aukaefnum, sem verði mikils virði fyrir iðnaðinn, og því sé eðlilegast vegna flutninga, að þau séu framleidd þar, sem iðnaðurinn er mestur fyrir.

Um Þorlákshöfn sérstaklega er það að segja í þessu sambandi, að ég hygg, að engum sérfræðingi mundi detta hún í hug. Vatnið úr Hvítá þyrfti að hreinsa. Plássið er ekki unnt að verja fyrir sandfoki, hvað sem gert er til græðslu á landinu, því að sandurinn er ágangssandur úr Hvítá.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þegar það er athugað, hvar reisa skuli þessa verksmiðju, þarf að taka tillit til þess í fyrsta lagi, hvort rafmagn sé fyrir hendi, í öðru lagi kælivatn og í þriðja lagi hafnarskilyrði. Auk þessa koma til greina ýmis önnur atriði, svo sem vistarverur fyrir starfsmannafjöldann, og þarf að vega og meta vandlega alla þessa hluti. Og ég geri ráð fyrir, að eðlilegast verði, að verksmiðjustjórnin, sem mun verða þriggja manna stjórn, geri sínar tillögur um staðsetningu og ríkisstj. taki svo endanlega ákvörðun.

Það liggur í hlutarins eðli, að það hlyti að verða kostnaðarminnst að reisa verksmiðjuna í námunda við kaupstað, þar sem umrædd skilyrði væru fyrir hendi. Komið gæti til greina að byggja utan um hana sérstakt kauptún, en þá verða menn að gera sér grein fyrir því, að þar yrði um milljóna aukakostnað að ræða.

Ég er því út af fyrir sig ekkert andvígur, þótt sérstök n. athugaði þetta. En þá yrði sú nefnd að athuga þetta hlutlaust og alla staði, sem til greina koma. Það er talað um það alveg sérstaklega, að athuga beri Þorlákshöfn gaumgæfilega. En hvers vegna er það sérstaklega tekið fram um hana umfram aðra staði? Vafalaust koma Akureyri, Akranes og Rvík engu síður til greina. Og Alþ. verður að afgreiða þessa nefndarskipun svo, að nefndin starfi hlutlaust í þessu efni. Ég vildi því mega skjóta því fram, að ef till. fær að fara til n., þá felli n. niður þessa setningu um það, að sérstaklega beri að rannsaka Þorlákshöfn og hún sé þannig látin ganga fyrir öðrum stöðum.

Pétur Ottesen: Hv. 2. þm. Rang. var mjög gleiður yfir því, hvað honum hefði tekizt að kveða niður blekkingar og fjarstæður, sem ég hefði viðhaft í ræðu minni. Ég óska honum innilega til hamingju, þar sem þetta mun verða eina ánægjan, sem hann hefur af tillögu sinni, og verður hann að teljast vel að henni kominn.

Ég hef sagt, að allmikið af flutningum frá verksmiðjunni mundi fara fram á landi og sjálfsagt sé að taka tillit til þess við staðsetningu verksmiðjunnar, að flutningar þaðan yrðu sem ódýrastir fyrir landið í heild. Það er alveg áreiðanlegt, hvað sem þessi hv. þm. segir, að eins og

það er algengt nú, að bílar fari með fullfermi á milli Akureyrar og Rvíkur og Húsavíkur og Rvíkur, þá kemur til með að gegna svipuðu máli um áburðarflutningana, og því meira yrði um þá flutninga sem sunnar dregur, og til Vestfjarðakjálkans mundi mikið af flutningunum fara fram á landi. Og það leiðir af sjálfu sér, að ef áburðarverksmiðjan verður staðsett svo, að hún liggi hentuglega með hliðsjón af flutningum á landi, þá verður meiri hluti áburðarins fluttur þann veg. Uppskipun og útskipun er orðin afar dýr, og þó að landflutningar séu kostnaðarsamir, þá reynast þeir á fjölda leiða ódýrari en flutningar á sjó.

Ég skal ekki deila mikið um hafnarskilyrði í Þorlákshöfn. Ég hef komið þangað sjálfur og séð, hvað hafnargerðinni er komið áleiðis. Ég þekki líka, að hafnargerð á Akranesi hefur staðið í 20 ár, og nú fyrst eru mannvirkin komin það vel á veg, að veruleg úrlausn er fengin. Það er líka verið að byggja við innstu voga Faxaflóa, en í Þorlákshöfn fyrir opinni strönd úthafsins. Hafnargerð í Þorlákshöfn mun taka æði mörg ár þar til vörn er fengin gegn ágangi hafs og stórsjóa, en sú aðstaða þarf í þessu tilfelli að vera fyrir hendi.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta; ég tel það ástæðulaust. En eins og ég gat um í upphafi, þá álít ég tilgangslaust að flytja till. eins og þá, sem hér er fram komin. Það á að vera í höndum stj. að ákveða staðinn að tillögum verksmiðjustjórnar. Hv. þm. sagði, að það væri ekki um neinn meting að ræða af sinni hálfu í þessu máli — og það er nú víst ekki, þó að það sé tekið fram um Þorlákshöfn eina staða, að það beri að athuga skilyrðin þar gaumgæfilega! Hæstv. landbrh. benti á, hvað í þessu felst. Það er svo sem eitthvað annað en metingur!

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hélt því fram, að áburðarflutningarnir mundu aðallega fara fram á landi, og mér skildist af ræðu hans, að ef verksmiðjan væri á Akranesi, væri hún bezt sett í því tilliti. — Ég er á annarri skoðun. Til Vestur-, Norður- og Austurlands mundu flutningarnir aðallega fara fram á sjó, og þeir yrðu þá ekkert ódýrari frá Akranesi en Þorlákshöfn; það yrði sami taxti með strandferðaskipunum. — Þegar hv. þm. endurtekur það, að hafnarskilyrði í Þorlákshöfn verði ekki fyrir hendi í náinni framtíð, þá vil ég segja honum það, að verkfræðingar telja, að með svipuðum fjárframlögum til hafnarinnar í næstu þrjú ár verði þau skilyrði sköpuð, og þeir munu vera bærari um það að dæma en hv. þm. Borgf.

Enda þótt — eins og hann kom að í lok ræðu sinnar — Þorlákshöfn sé sérstaklega nefnd í till., þá sé ég ekki, að nefndin hefði ekki eftir sem áður óbundnar hendur og bæri engu að síður að rannsaka skilyrði á öðrum stöðum. Þetta er ekkert annað en útúrsnúningur hjá hv. þm. Borgf. og fleiri hv. þm. Um hv. 8. þm. Reykv. vil ég segja það, að það hlýtur að vera rangt, að hann sé kunnugur í Þorlákshöfn. Má vera að hann hafi einhvern tíma komið þangað. En þegar hann talar um sandfokið, er augljóst, að hann er ókunnugur. Hann veit ekki, að landið er að gróa upp, og sandurinn mun því ekki verða þarna að meini. Þarna er líka hægt að fá nóg vatn, og mun það koma að fullu í ljós við nánari rannsókn. Ég skal svo ekki orðlengja þetta að sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27:1 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

22. Viðgerðarstöð talstöðva o. fl.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um viðgerðarstöð talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda á Vestfjörðum [133. mál] (A. 350).

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa þáltill. Hún er fyllilega rökstudd í hinni stuttu grg., sem henni fylgir. Það er sem sé staðreynd, að full þörf er á því, að landssíminn, sem er eigandi talstöðvanna, sem af sjómönnum eru taldar beztu öryggistækin, sem tekin hafa verið í notkun hér á landi, og hefur því einn rétt og skyldu til að halda þessum tækjum við, þyrfti sannarlega að sjá betur fyrir því en hingað til hefur verið gert, að slík tæki geti alltaf verið í góðu lagi, og jafnframt leysa úr almenningsþörfinni með því að koma upp viðgerðarstöð í Vestfirðingafjórðungi, sem héldi þessum tækjum í rekstrarhæfu standi.

Þetta mál var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Ég ræddi þetta einnig þá við póst- og símamálastjórnina, en hún bar við skorti á efniviði til viðhalds slíkum tækjum og erfiðleikum vegna vöruskorts á því að setja upp slíkar viðgerðarstöðvar t. d. í öllum landsfjórðungum. Nú aftur á móti ber hún eingöngu við gjaldeyrisskorti, en ég efast um, að það væri gjaldeyrisfrekara að hafa viðgerðarstöð t. d. í hverjum landsfjórðungi en hafa lager í Rvík og sjá um viðgerð á öllum þessum tækjum út frá þeirri einu stöð. — Ég treysti því, að Alþingi sjái þessa þörf og till. nái samþykki.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Grafhellur á leiðum þriggja stórskálda.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um grafhellur á leiðum þriggja stórskálda [142. mál] (A. 377).

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Árbók á ensku um Ísland.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um að gefa út á ensku árbók um Ísland, sögu þess og menningu [143. mál] (A. 378).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

25. Minnismerki Jóns Arasonar í Skálholti.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um minnismerki Jóns Arasonar í Skálholti [144. mál] (A. 379).

Á 45. og 47. fundi í Sþ., 2. og 9. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Skattfrelsi sparifjár.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um skattfrelsi sparifjár [147. mál] (A. 392).

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Okkur er öllum kunnugt um það, að Íslendinga vantar nú mjög veltufé, og eins vita allir, að við höfum orð á okkur fyrir að vera allt annað en sparsamir og erfiðlega gengur að fá fólkið til að spara. Ég skal benda á sem dæmi um það, hvað við erum illa settir með veltufé, að þegar Reykjavíkurbær og Kveldúlfur lögðu í að gera verksmiðju í Örfirisey í sumar, þá áttu þessir aðilar ekki til þess nándar nærri nóg sparifé og þurfti erlent fjármagn að koma til. Þetta kann að þykja langsótt og þúsund önnur dæmi nær okkur, en ég tel það nokkuð sláandi, þegar efnaðasti bærinn og sennilega efnaðasta fyrirtæki landsins geta ekki komið upp fyrirtæki án erlends fjár. Ég býst ekki við, að þessi till. verði samþ. á þessu þingi, en ég ber hana fram til þess að vekja athygli á því, að ef við viljum safna sparifé, þá þarf að grípa til nýrra ráðstafana, og skal ég benda á það, að Danir hafa ákveðið að vernda sparifé fyrir sköttum, því að þeir halda, að það verði að tryggja sparifé á einhvern hátt, ef fólkið á að fást til að spara. Ef litið er á, hvað tilfinnanleg vöntun er hér á veltufé, þá vænti ég, að þetta þyki athyglisverð uppástunga, og vænti þess, að till. verði látin ganga til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Verzlunarskipti við Spán.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um að taka upp verzlunarskipti við Spán [149. mál] (A. 396).

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Í grg. fyrir þessari till. hef ég fært fram rök fyrir því, að ástæða sé til þess að taka upp verzlunarskipti við Spán, og get ég því verið fáorður um þessa till. Ég álít, að ástæðurnar til þess, að viðskiptum við Spán var hætt, hafi verið af heimspólitískum ástæðum, og tel, að við höfum skaðazt á því, og þar sem svo virðist nú, eftir að till. er fram borin, að hraðfrystur fiskur muni lækka í verði, svo að við verðum að stefna að aukinni saltfiskframleiðslu, þá á till. enn þá meiri rétt á sér. Legg ég svo til, að till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Eftirlit með fjársöfnun meðal almennings.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eftirlit með söfnun fjár meðal almennings [154. mál] (A. 417).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

29. Hlutaskipti á togurum.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hlutaskipti á íslenzkum togurum [156. mál] (A. 430).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

30. Iðnaðarframleiðsla og lækkað verðlag.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um nýja skipulagshætti iðnaðarframleiðslu og lækkað verðlag [163. mál] (A. 462).

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

31. Lyfjainnflutningur til dýralækninga.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um innflutning nauðsynlegra lyfja til dýralækninga [165. mál] (A. 465).

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, utan dagskrár, mælti

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Á þskj. 465 á ég ásamt 1. þm. N-M. till. til þál., sem er nú búin að liggja lengi án þess að fá afgreiðslu, og þar sem till. fer ekki fram á nein ósköp, þá skil ég ekki, en þykir einkennilegt, hvað afgreiðsla hennar hefur dregizt lengi. Leyfi ég mér því hér með að bera fram fyrirspurn til hæstv. forseta um það, hvað þessu veldur og hvort ekki muni vera hægt að hraða málinu.

Forseti (JPálm): Ég mun taka þetta til athugunar og reyna að sjá svo um, að málið verði tekið fyrir á næsta fundi.

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

32. Endurskoðun Keflavíkursamningsins.

Á 54. fundi í Sþ., 25. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun Keflavíkursamningsins [175. mál] (A. 495).

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

33. Dýrtíðar-, skatta- og viðskiptamál.

Á 59. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um dýrtíðar-, skatta- og viðskiptamál [178. mál] (A. 500).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

34. Geysir í Haukadal.

Á 59. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um verndun Geysis í Haukadal [179. mál] (A. 501).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

35. Afnám ríkisfyrirtækja o. fl.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um afnám ríkisfyrirtækja og undirbúning ráðstafana til lækkunar ríkisgjalda [182. mál] (A. 525).

Á 66. og 68. fundi í Sþ., 20. og 25. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Þetta mál, sem við flytjum hér hv. 3. þm. Reykv. (HB) og ég, er náskylt máli, sem var verið að greiða atkv. um hér áðan og var til umr. s. l. dag, en málið er varðandi ríkisfyrirtæki og ríkisafskipti af þeim málum, sem annars eru venjulega í höndum einstakra borgara þjóðfélagsins. Þetta mál er í raun og veru náskylt fjárhagsmálum þjóðarinnar og þar af leiðandi afgreiðslu fjárl. þeirra, sem nú eru enn í meðferð þingsins og ég hef gert nokkurn ágreining um og þá um leið haft tækifæri til að láta í ljós skoðun mína um, einmitt á sumum þeim sviðum, sem þessi till. hér á þskj. 525 fjallar um. Starf fjvn. hefur verið nú, eins og hér um bil alltaf, barátta við óhagstæðan rekstur hjá ríkinu á ýmsum sviðum, og kemur þar ekki síður til greina ýmiss konar rekstur, sem beinlínis er sérgreindur undir einstakar ríkisstofnanir, heldur en rekstur ríkisins sjálfs, hið óumflýjanlega. Við höfum rekið okkur á það, að margt af því, sem ríkið hefur með höndum og ekki kemur beint við venjulegum rekstri ríkissjóðs, veldur ríkinu mjög miklum útgjöldum, og sérstaklega bindur það mjög fé ríkisins og eykur áhættu ríkisins í rekstrinum. Ég þarf ekki að nefna margt af þessu. Það er vitanlegt, að fyrir þessu þingi, eins og flestum þingum undanfarið, hafa legið kröfur um það, að ríkið beinlínis veiti fé til þess að jafna rekstrarhalla á ýmsum sviðum hjá ýmsum fyrirtækjum, að ríkið leggi fram fé til hækkunar á stofnkostnaði og að ríkið leggi fram fé til þess að borga skuldir eða vegna ábyrgða. Allt þetta gengur yfir á hverju þingi og veldur auðvitað áhyggjum og vandræðum, og þess vegna held ég, að ekki sé hægt að hafa á móti því, að þetta sé leitt í umr. hér, hvort ríkið eigi ekki að losa sig við eitthvað af þessum tilkostnaði og þessari áhættu. Sumt af þessari starfrækslu ríkisins er í geysistórum stíl, og má þá fyrst og fremst minna á Síldarverksmiðjur ríkisins, sem við flm. till. erum að fara fram á breytingar á. Þessi starfræksla er nú einmitt að biðja þetta yfirstandandi þing um að greiða a. m. k. 1 millj., sem er rekstrarhalli, eða þá að ganga í ábyrgðir fyrir skuldum, fyrir utan svo það, að ríkið er náttúrlega ábyrgt fyrir stofnfé þessara verksmiðja. Við vitum líka, að á þessu þingi hefur því verið mjög ákveðið hreyft, sérstaklega af hæstv. samgmrh., að leggja þyrfti fram stofnfé til að jafna kostnaðarsama og víðtæka starfrækslu eins og eru áætlunarferðir bifreiða, sem ríkið rekur. Það er vitanlega ekki hægt að reka slíka starfrækslu, nema til komi stofnfé í einhverri mynd. Allir þekkja, hvernig þetta er með Skipaútgerð ríkisins. Það líður aldrei það þing, að ekki þurfi að leggja fram stórfé í rekstrarhalla hennar, sem er að mörgu leyti eðlilegt, og líka stórkostlegar fjárhæðir sem stofnfé. Það er vitanlegt, að sumt af þessu er óumflýjanlegt og þetta, sem ég hef nú nefnt, fyrir utan Skipaútgerð ríkisins og þær till., sem við flm. þessarar till. erum með, sýnir, hvað útþenslan hjá ríkinu er orðin geysilega áhættusöm og kostnaðarsöm. Ég held, að það sé ekkert ofmælt, þótt sagt sé, að fjárl. séu ekki nema dálítill skuggi af því, sem ríkið á í hættu og leggur sína ábyrgð við, svo að segja árlega. Til þess benda alveg sérstaklega þær gífurlegu ábyrgðir, sem hv. þm. geta séð, ef þeir vilja fletta síðasta ríkisreikningi, og hefur þetta aukizt mjög síðan. Það er auðvelt að fá upplýsingar um það, að ríkið er í ábyrgðum fyrir ákaflega vafasömum fyrirtækjum, sem nema hundruðum milljóna, og alltaf er krafizt meiri ábyrgða og af meiri ágengni, eftir því sem reksturinn er vafasamari. Þegar stofnun er mjög vafasöm fjárhagslega, gengur erfiðlegar að fá stofnfé lánað og er þá auðvitað enn ríkari þörf fyrir ríkisábyrgð. Við þurfum ekki að skýra það fyrir hv. þm., hvaða afleiðingar eru af því, að ríkið taki, ýmist beint eða óbeint, þátt í rekstri mjög vafasamra hluta. Afleiðingin getur ekki orðið önnur en stór skakkaföll og útgjöld, sem leiðir aftur af sér nýjar álögur á landsfólkið. Það er kunnara en að það þurfi að rifja það upp, að fjárl., sem nú liggja fyrir, eru með miklum greiðsluhalla, og það er mál þeirra manna, sem mesta ábyrgðartilfinningu hafa fyrir fjárhagsafkomu ríkisins, að útgjöld fjárl. séu orðin það há, að til þess þurfi miklu meiri hluta af iðjuarði þjóðarinnar árlega en nokkurt vit sé í að heimta. Ef þetta er rétt, sem ég álít hárrétt, þá er bersýnilegt, að ekkert vit er í að auka við þessar greiðslur. Fjárl. sitja nú með greiðsluhalla, sem er milli 30 og 40 millj. kr. Samkomulag virðist ekkert um að draga úr útgjöldunum. Afleiðingin hlýtur þar af leiðandi að verða skuldasöfnun og miklar nýjar álögur. Og sannleikurinn er sá, að þótt að því ráði verði horfið að leggja á nýjar álögur — það er búið að leggja á nýjar álögur á þessu þingi, sem eru ekki undir 20 millj. kr. — og bæta við 30 til 40 millj. kr. álögum, þá er ég alveg sannfærður um það, að slík afgreiðsla leiddi ekki til annars en skuldasöfnunar. Þessar álögur mundu alls ekki greiðast. Það er orðið alveg vitað mál, að gömlu tekjustofnarnir eru þegar farnir að bila, af því að fólkið rís ekki undir þeim, og þó er ekki hægt að segja, að neitt lélegt atvinnuárferði hafi enn þá komið yfir landið. Af þessu geta menn séð mjög glögglega, að komi nú lélegt atvinnuárferði, þó að ekki verði hraklegt, hljóta gömlu tekjustofnarnir að bila stórkostlega, og hvað mundi þá verða um nýjar og miklu vafasamari álögur, sem tiltölulega lítill grundvöllur er undir? Það yrði því sama útkoman, þó að á pappírinn kæmu tekjuáætlanir af nýjum álögum. Þær mundu ekki greiðast, ef eitthvað brygði út af með atvinnuárferði rík-

isins, og það hlyti óhjákvæmilega að leiða til skuldasöfnunar.

Hv. þm. er kunnugt um það, að þeir hafa afgreitt a. m. k. tvö undanfarin ár mjög ógætileg fjárlög og þau hafa leitt af sér greiðsluhalla, sem þessi tvö ár nemur 90 millj. kr. Það var vitanlega til frá næsta ári á undan nokkur tekjuafgangur, svo að þetta munaði ekki nema 70 millj. kr. En þessar 70 millj. kr. hafa orðið skuldasöfnun hjá ríkinu. Það er svo komið, að nú veit maður, að búið er að tæma skuldabréfamarkaðinn innanlands, svo að það þýðir ekki að fara inn á hann að nokkru ráði, og þá er ekki vitanlega um neina aðila að ræða, sem ríkið geti knúið út lán hjá, nema Landsbankann, og það eru orðnar gífurlegar skuldir hjá ríkinu við Landsbankann. Af þessu leiðir það, að Landsbankinn mun a. m. k. hafa tregðazt mjög við, ef ekki neitað að lána ríkinu rekstrarfé, og það virðist í sjálfu sér ákaflega óeðlilegt, að Landsbankinn skuli ekki vilja láta ríkisstj. hafa rekstrarfé meðan ríkistekjur eru ekki innheimtar, en hann hefur brennt sig á þessu soði í tvö ár um nokkuð marga tugi milljóna. Er þá undarlegt, að hann segi, að hann vilji sjá fyrst greiðsluhallalaus fjárl., áður en hann fer að bæta við þessa súpu? Þetta ástand hefur ekki eingöngu skapazt fyrir hina beinu eyðslu í fjárl., það hefur einnig skapazt fyrir það, hvað ríkið hefur verið óðfúst að taka að sér ýmiss konar starfrækslu og það á mjög áhættusömu og vafasömu sviði, þrátt fyrir það að reynslan er sú, að yfirleitt verður útkoman lakari hjá ríkinu en hjá einstaklingum, ef hvorir tveggja fást við það sama.

Það er ekki álitlegt fyrir okkur flm. þessarar till. að koma með hana fyrir þessa háu samkomu hér, því að þrátt fyrir það, að flestir hv. þm. munu viðurkenna, að erfitt muni reynast að koma saman tekjuhallalausum fjárl. og óálitlegt að fara að leggja nýja tolla og skatta á þjóðina, verða ekki séð nein sinnaskipti hjá þm. í því að fara gætilega með afgreiðslu fjárl. Ég gat um það hér, þegar ég gaf skýringu á ágreiningi mínum við fjvn., að ég hefði tekið hér saman bein útgjöld og ábyrgðir, sem farið væri fram á af þm., að ríkissjóður gengi í utan fjárl., og það var nokkuð á þriðja hundrað millj. kr., sem átti að koma á gömlu Skjónu fyrir utan fjárl. Ég held, að þetta vitni um miklu meira andvaraleysi en líklegt er um jafnvitiborna menn og skipa þessa háu samkomu. En till. okkar flm. er a. m. k. tilraun til þess að vita, hvort þm. muni ekki átta sig á því, að það er komið of langt á þessari braut og farið er glannalega með fé ríkissjóðs og hvort ekki á að snúa til lands, áður en komið er gersamlega á óstætt.

Þessi till. okkar, sem er í 15 liðum, hefur ekki verið rædd mjög mikið utan þings, en þó hafa blöð getið um hana nokkuð. Tvö þeirra blaða, er nú styðja hæstv. ríkisstj., hafa minnzt á till., og bæði hafa þau talað mjög gægsnislega um málið, og sker það sig ekki úr öðru því, er þessi virðulegu blöð segja um landsmál. Það er venjan þar að taka málin ekki á málefnalegum grundvelli, heldur áróðurslegum, og fer það þó misjafnlega úr hendi. Mér dettur ekki í hug að halda, að fulltrúar þessara flokka í hæstv. stj. standi fyrir þessum skrifum. Það er oft gelt að fólki. Það er gelt að gestum, er að garði ber, og engum dettur í hug, að húsbændurnir séu að siga á gestina. Mér dettur ekki í hug að leggja þetta út á neitt óvinsamlegan veg.

Nú er það svo, að mér og hv. 3. þm. Reykv. dettur ekki í hug, að menn líti sömu augum á þessar till., og líklegt er, að ýmsir þm. séu samþykkir svo og svo mörgum till., en kannske mótfallnir ýmsum öðrum. Það er svo með mig og hv. meðflm. minn, að við munum ekki leggja jafnmikla áherzlu hvor um sig á allar till. Ég get sagt það líka hiklaust, að mér þykir líklegt, að ef ég hefði flutt þessar till. einn, þá hefði ég haft þær fleiri. Ég veit t. d., og kem ég að því síðar, að þótt hv. meðflm. minn sé flm. með mér að öllum liðum till., þá leggur hann litla áherzlu á 13. till., sem er um vinnumiðlun. Mér þykir rétt að geta um það hér, þó að hann hafi ekki skorizt úr leik, að sú till. væri hér með, og að sjálfsögðu verður það svo, að menn koma til með að leggja mismunandi áherzlu á till., en allar stefna þær í sömu átt, að draga úr kostnaði og áhættu ríkisins.

Ég vil líka geta þess, að ég hef heyrt raddir um það, að hér sé tekið allt of fátt af því, sem ríkið hefur með höndum. Ég veit, að þetta er alveg rétt. En þessi till. er bæði flutt til þess að draga úr áhættu og kostnaði ríkissjóðs og líka flutt í þeim tilgangi að fara inn á aðra braut en gengin hefur verið. En ef þessar till. fá góðan byr hjá þinginu, þá er ákaflega auðvelt að sjá, að það stafar af því, að þingið álítur útþensluna of mikla hjá ríkissjóði og áhættu hans of mikla, og þá er ekkert ósennilega ályktað, að haldið muni verða áfram á þeirri braut, sem mörkuð er með þessari till., þ. e. að draga úr rekstri og áhættu ríkisins og láta þetta falla meira á eðlilegan hátt til framtaks einstaklingsins.

Ég get getið um það í þessu sambandi, að það hefur verið talsvert mikið á það minnzt við mig, hvers vegna ekki sé lagt hér til að leggja niður Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ákaflega erfitt að gera það. Eins og allir vita, má ekki minnast svo á brennivín, að mestu reglu- og bindindismenn verði ekki ölvaðir og tali af sér. Það er málefni, sem tekur meira og minna dómgreindina frá fólki. Þess vegna vil ég helzt komast hjá að blanda því inn í mál, sem maður vill, að tekið sé alvarlega. Þó að þessi fyrirtæki gefi góðar tekjur, þá koma þær ekki af himnum ofan, þær eru partur af því, sem fólk greiðir. Þetta eru nokkurs konar frjáls samskot, menn gera þetta af frjálsum vilja, en flestar aðrar álögur eru teknar svo að segja með valdi. Og þó að fyrirtæki eins og þessi gefi stórkostlegan gróða í ríkissjóð, þá er þar bundinn fjöldi fólks, upp undir hundrað manns, en ef þetta færi eins og aðrar vörur gegnum hendurnar á venjulegum verzlunum, þá er ég viss um, að ekki þyrfti meira en tíunda part af þessum vinnukrafti. Það er vert að athuga það, að þegar ríkið er að draga í sína dilka eitt og annað, þá er vinnukrafturinn, sem ríkið eyðir í sínum dilk, fram yfir það, sem væri, ef einstaklingar væru látnir sjá um það á eðlilegan hátt, og það er geysilega mikill tilkostnaður að binda 100 manns við óþarfa

hluti. Þó að þetta sjáist ekki í peningum, þá dregur það stórkostlega úr starfrækslu nauðsynlegra hluta, úr framleiðslu þjóðarinnar.

Ég skal ekki tala frekar um þessa hluti almennt. Það hefur líka verið nýlega, eins og ég áður gat um, verið mikið rætt um útþenslu ríkisins í sambandi við till., sem er fyrsta mál á dagskrá í dag, og margt af því, sem þar hefur verið sagt með og á móti, gæti að sjálfsögðu átt við þá stefnu, sem mörkuð er með flutningi þessarar till. Nú skal ég minnast á hverja till. út af fyrir sig og eyða ekki allt of löngum tíma til þess og skal reyna að fara fljótt yfir sögu.

Fyrsta till. var mjög þrautrædd í sambandi við fyrsta mál, sem hér er á dagskrá í dag, þ. e. um þær áætlunarbifreiðar, sem ríkið rekur nú. Þessi rekstur hefur farið þannig, að hann hefur skapað ríkissjóði stórkostleg útgjöld. Áður var hann í höndum einstaklinga. Ég man, að ríkið var búið að afla sér réttar til að setja þær reglur, sem því sýndist um starfræksluna, en tók hana í sínar hendur. Á s. l. ári fékk það yfir hálfa millj. kr. í tekjuhalla af þessum rekstri. Áður var almennt litið svo á, að hann væri gróðavænlegur, ef einstaklingar höfðu hann með höndum, og var keppt eftir því að fá þessar ferðir. Áhætta sú, sem ríkið hefur af þessum rekstri, er því alveg óþörf. Auk þess er ríkið búið að setja stórfé, milljónir, sem stofnfé í þetta. Mér sýnist því ekkert á móti því, að ríkið losaði sig við þessi óþörfu útgjöld og léti einstaklinga annast þennan rekstur, þar sem það getur alveg ráðið yfir, hvernig þessi starfræksla er, og losaði einnig það fé, sem það er búið að binda þarna sem stofnfé, því að það virðist ekki úr vegi, að ríkið, sem er að reyna að sarga við að reyna fyrir sér um ný lán, reyndi að taka þetta fé hjá sjálfu sér með því að losa sig úr skuldum. Það liggur ekki ljóst fyrir eftir þeim pappírum, sem ég hef séð, hvað þetta fyrirtæki muni vera í miklum skuldum, en það skiptir milljónum, og ef fyrirtækið selur þessar eignir sínar, sem eru aðallega bifreiðar, má gera ráð fyrir, að það mundi geta að mestu leyti jafnað þessa skuld (*GJ:* Það er fimm milljón króna skuld.) Ég vil ekki fullyrða, að skuldirnar yrðu alveg greiddar upp, en ríkið veit þó, hvar það stendur með þessa starfrækslu, ef það selur eignirnar og borgar skuldirnar að því leyti, sem andvirðið hrekkur til.

Annað fyrirtæki, sem við flm. viljum leggja niður, er landssmiðjan, en landssmiðjan gefur, eftir því sem séð verður í reikningum hennar, 116 þús. kr. arð s. l. ár. Annars hefur hún staðið lengst þannig, að hún hefur ekki getað borgað einu sinni opinber gjöld. Ég vil í þessu sambandi og einnig í sambandi við 1. lið minna á, að hinn opinberi rekstur tekur oft að sér hluti, sem er ekki hægt að fá neinn annan til að gera, og stundum til að forða undan okri. Nú er það svo um þessi tvö fyrirtæki, og þannig er það einnig um ýmis fleiri fyrirtæki, sem ég mun koma að síðar, að það er síður en svo, að þau selji ódýrar en einstaklingar gera. Um áætlunarferðirnar er það að segja, að um leið og ríkið tók við þessu, þá hækkuðu fargjöldin. Ég vil alls ekki halda fram, að það hafi verið ósanngjarnt, en það fékk rekstrarhalla samt. Landssmiðjan selur sín verk alveg á toppi, jafnt eins og aðrir, sem hafa sams konar rekstur hér á landi. Þó eru landssmiðjunni fengin mikil hlunnindi, þar sem stærstu fyrirtækin eru skylduð til að skipta við hana, eins og Skipaútgerð ríkisins og Eimskipafélag Íslands. Samt hefur reksturinn gengið svona hörmulega til þessa dags.

Þá leggjum við til, að lögð verði niður Trésmiðja ríkisins, sem er nýtt fyrirtæki. Það þykir kannske nokkuð fljótráðið að heimta þetta fyrirtæki lagt niður hér um bil strax, en ill er þess fyrsta ganga, ekki er hægt að neita því. Það er sagt hér, að þetta fyrirtæki hafi kostað kringum milljón króna, en hér er það fært með skuld upp á 1,6 millj. kr. Rekstrartap er ekki reiknað nema 14 þús. kr., en ef maður gætir nánar að, þá er tapið miklu meira. Vil ég nefna það sem dæmi, að fyrning af vélum er 2%. Þó hefur ríkið heimilað að reikna allt að 20% í fyrningu, og talið er, að hún þurfi að vera a. m. k. 10—12%, og er það sjálfsagt ekki of mikið eftir reynslu manna, en svona hefur orðið að fara að til þess að koma tapinu niður í 14 þús. kr., þ. e. með því að hafa fyrninguna á vélum 2%.

Ég skal svo ekki fara út í þetta nánar, því að það hefur verið rætt mikið í sambandi við fjárl., og margt af því er nákvæmlega það sama og það hefði verið sagt í sambandi við umr. um þessa till.

Þá er 4. liðurinn Það er skömmtunin. Hún er áætluð að kosta 1040 þús. kr. Tekjur eru auðvitað engar nema það, sem lagt er á. Það er því auðvitað fólkið, sem verður að borga þessa fjárhæð. Það væri of langt mál að fara að ræða þetta nákvæmlega, en það er ekki aðeins svo, að þetta sé alveg gagnslaust, heldur til stórtjóns. Það er ekki hægt að neita því, að skömmtunin er orðin veruleg landplága. Aðrar þjóðir, jafnvel þær, sem hafa búið við skort stríðsáranna, eru sem óðast að koma af sér skömmtuninni, vilja fyrir hvern mun losna við hana sem fyrst, en hér er þetta talið eitthvert mesta fagnaðarerindi. Það eru þessi eilífu afskipti af öllu, smáu og stóru, láta engan í friði, vera með nefið niðri í öllum einkahlutum. Hér má enginn fá matvöru, sem enginn skortur er á, nema ríkið sé að skammta honum. Það er einkennilegt, að í hvert einasta sinn, þegar nýtt skömmtunartímabil hefst, kemur hver einasti maður með heilan bunka af kornskömmtunarseðlum, sem er hent út í öskutunnu, og á sama tíma er mönnum úti í sveitunum bannað að kaupa sér heilan sekk af kornvöru. Menn voru vanir áður fyrr að flytja að sér mikið af kornvöru í einu, kannske á 10—12 hestum, birgja sig upp til hálfs árs í senn, en nú verða menn að fara með skjóðu eða bréfpoka ofan úr afdölum til að kaupa mjöllúku, meira fæst ekki í einu vegna skömmtunarinnar. Og hér í bæ hefur það verið svo, að tímunum saman hefur ekki fengizt rúgbrauð. Hveitibrauð hafa menn fengið með eftirgangsmunum, en ekki rúgbrauð. En kökurusl hefur fengizt óskammtað. Í það má fara eins mikið af hveiti og hver vill. Og þetta skaltu éta og annað ekki, karl minn, rúgbrauð færðu ekki! Og svo er verið að skera niður sykur, og húsmæður geta ekki bakað heima vegna þess, en hver búðargluggi er fullur af konfekti og brjóstsykri, óæti. Í það má sykurinn fara, og ekkert eftirlit með,

hvernig þetta er búið til, ekkert eftirlit í mjólkurbúðum, ekkert eftirlit í kjötbúðum, ekkert í fiskbúðum, og þetta eru vörur, sem eru viðkvæmastar gegn hvers kyns óhollustu. — Ég fór þennan útúrdúr, af því að mér er ekki kunnugt um, að nágrannaþjóðir okkar séu neyddar til að skammta sykur, en þar er sykrinum ekki heldur eytt í konfekt og brjóstsykur. Til þess fæst sykur hér, og ef maður setur upp kaffiholu, þá fær maður hér sykur, hvort sem nokkur kaffibolli er seldur eða ekki. Þessar þjóðir mundu áreiðanlega telja það menningarskort, ef tekinn væri sykurmolinn, sem menn ætluðu að hafa með kaffinu sína eða teinu, og sagt: Búið til úr því konfekt og brjóstsykur, og seljið það síðan með þúsund prósent álagningu. — Þar þætti það ekki menning, en hér þykir það stórt menningarmál.

Þá er fimmti liður þessarar till. Ég geri ráð fyrir, að ýmsir þm. muni segja, að það sé undarlegt að vilja láta það opinbera losa sig við verzlun, sem gefi gróða. Ég hef aldrei orðið var við, að ríkissjóður fengi eyrisgróða af viðtækjaverzluninni. Ég veit, að hún er með gróða, en ríkið hefur ekkert af þeim gróða fengið. En ríkið getur eins áskilið sér tekjur af þessum hlutum, þó að það hætti að hafa sjálft þessa verzlun með höndum. Og ég er sannfærður um, að það fólk, sem við þessa verzlun er bundið, mundi allt hverfa að öðrum störfum, ef Viðtækjaverzlun ríkisins væri lögð niður, og það þyrfti enga sérstaka verzlun með þessa hluti. Það mundi geta horfið inn í verzlun einstaklinga og félaga, eins og önnur viðskipti, án þess að bæta þyrfti við mannafla eða húsnæði, og þjóðfélagið mundi græða á því óbeinlínis mikið fé, ef ríkisverzlun þessi væri lögð niður, en ríkissjóður, sem hefur engan eyri fengið frá þessari verzlun, gæti með einhverjum álögum á þessa vöru fengið sitt fé, án þess að vörurnar yrðu nokkuð dýrari. Vinnulaun mundu sparast, ef því væri jafnað niður á margar verzlanir, sem ríkið hefur tekið undir sig. Ríkið hefur þarna bundinn vinnukraft og húsnæði, sem hvort tveggja mundi losna, ef þetta fyrirtæki væri lagt niður.

Það er alveg sama hér með verzlun með tilbúinn áburð. Þessi einkasala er látin bera sig á þann hátt, að það er ætlaður til hennar nú a. m. k. 280 þús. kr. kostnaður, og þá verður að leggja sömu fjárhæð á vöruna, ef sú verzlun á að bera sig. Ég skil ekki í öðru, af því að það eru eingöngu bændur, sem nota þessa vöru, en að það mætti hafa sölu þessarar vöru hjá félagsverzlunum bænda, og ég held, að þeir gætu annazt þessa verzlun og þyrftu ekki til þess dýrt vinnuafl og úthald. Það virðist bersýnilegt, að verzlun með tilbúinn áburð á ekki að vera til.

Þá skal ég taka 9. lið till. minnar, grænmetisverzlun ríkisins. Talið er, að hún eigi að kosta 380 þús. kr. á næsta ári. Það er áætlun um það. Þessum kostnaði er ætlazt til, að náð verði upp með álagningu á vöruna, og ég ætla ekki að efast um, að það verði gert, því að álagningin á þá vöru, sem er ein mesta nauðsynja- og hollustuvara, sem við neytum, er alveg ægileg, og er ekki vansalaust, að slíkt skuli þrífast fyrir beina tilskipun ríkisstj. Það er stórkostlega ámælisvert. Ég verzla alltaf við þessa verzlun, því að það er mjög gott að verzla við hana að því leyti, að maður getur fengið þarna góða vöru og þarna er ágætisfólk við að eiga. En ég fæ aldrei eiginlega neitt þar nema kartöflur, og þær kosta þarna í heildsölu — því að ég er ekki að sækja þetta í bréfpokum, sem borða kartöflusekk á viku — 1 kr. og 30 aura kg. Ég veit, að þessar kartöflur er hægt að fá á 30 aura kg, og mér hafa verið boðnir tíu til tuttugu sekkir á því verði. Ég hef sagt: Nei, í guðanna bænum, þá verð ég sektaður eða þeim fleygt í sjóinn. Nei, ríkisvaldið er að pína okkur til þess að neyta hér vöru með margföldu verði og hefur sett upp dýra stofnun til þess að geta kvalið fólk á þessu. Tilgangurinn er góður og útkoman því betri. Ég segi þetta ekki til ámælis þeim mönnum, sem falið er að sjá um þetta verk. En þeir, sem sífellt eru að signa sig og segja, að allt eigi að vera gert fyrir fólkið, þeir ættu að reyna að forsvara það að selja hér kartöflur fyrir kr. 1,30 kg, þegar þær kosta ekki nema 20 aura kg, og varla er hægt að fá þar nokkuð annað af grænmeti. En grænmeti er þó einhver beztu matvæli.

Ég skal játa, að um 7. lið, tunnuverksmiðju ríkisins, brestur mig mjög upplýsingar. En ég veit bara, að þarna er bundið mikið fé. Og í aths. ríkisstj. við fjárlagafrv. segir, að mig minnir, að stjórn fyrirtækisins hafi ekki treyst sér til þess að gera áætlun um rekstur þessa fyrirtækis, og það er kannske ekki undarlegt. Ég vil nú ekki taka undir neinar slúðursögur, en það gengur þó manna á milli um þessa forretningu, að hún geti ekki framleitt með því verði, að nokkur vilji kaupa það, sem hún framleiðir. Og ef svo er, að hún geti ekki framleitt vöru, sem neinn vill kaupa, þá er eðlilegt, að henni gangi illa að gera áætlun. Það er nú samt sett upp áætlun á fjárl. um þetta fyrirtæki, og auðvitað er sú áætlun algerlega út í loftið, þegar sjálf forretningin segist ekki geta gert áætlun. En hér er gerð áætlun, og þetta er forretning upp á 5 millj. og 700 þús. kr. Þar er ætlazt til þess, að komi sömu tekjur á móti. Ég held, að þessi forretning sé a. m. k. það áhættusöm, að réttara væri fyrir ríkið að losa sig við hana. Það að reka þetta fyrirtæki, sem áætlað er, að muni gera umsetningu upp á 5700000 kr., er alveg óþörf viðbót við þá áhættu, sem ríkið hefur og getur ekki komizt undan.

Svipað má segja um fiskiðjuverið, 8. liðinn. Það er ekki auðvelt fyrir okkur, flm. till., að afla upplýsinga um það, hvernig það stendur. Þetta fyrirtæki er sett upp svona meira og minna út í loftið. Það er byrjað á því að taka fé úr fiskimálasjóði í þetta, og síðan er verið að slá lán og krefja ríkið um hjálp. Hvað komið er í þetta fyrirtæki, er ekki fullvíst. Ég hef heyrt sagt 7 millj. kr. Hvort þetta getur nokkurn tíma orðið forretning, getur víst enginn maður sagt um enn þá. En það er bersýnilegt, að þetta er mjög áhættusamt fyrirtæki og að ríkið getur ekki komizt hjá að binda stórfé í þessu. Og þegar það vantar stórfé í daglegar greiðslur og ríkið getur ekki fengið það fé að láni vegna skulda, þá er ekki hagkvæmt fyrir ríkið að vera að burðast með slíkt fyrirtæki eins og þetta.

Ég kem þá hér að því, sem ég geri ráð fyrir, að verði nokkuð mikið þrætuepli, sem er afnám orlofslaganna. Nú er það orðið svo, að það er mjög áberandi stefna í þessu þjóðfélagi að fá menn til þess, með illu eða góðu, að vinna sem allra minnst. Það eru nú orðnir í raun og veru ekki nema fimm virkir dagar í viku, og það meira að segja um sláttinn, því að vegagerðarmenn og aðrir, sem vinna hjá ríkinu eða sveitarfélögum, hafa fimm virka daga í viku. En það þykir ekki nóg. Það er verið að bjóða mönnum fé til þess að vinna ekki, ef þeir vilja nú bara fara í frí, einkum yfir bjargræðistímann. Ég man eftir því á uppvaxtarárum mínum og áður en ég fékk fullan vöxt, að þá var vinnuharkan svo mikil, að það var tekið eftir því, hvað maður brýndi oft ljáinn sinn. Og það þótti mesta ósvinna, ef maður talaði við samverkamann sinn, meðan vinnudagurinn stóð yfir, í 10—12 tíma, og ekki var neinn gjafatími fyrir kaffi eða því um líkt. Og það voru ekki sex vinnudagar í vikunni, heldur sjö, því að alltaf, ef þurfti með um sláttinn, unnu menn við heyskap á sunnudögum, og auðvitað unnu menn við fjárhirðingu alla sunnudaga, vor, haust og vetur. Nú eru ekki nema fimm vinnudagarnir, og það mega helzt ekki vera nema 5—6 vinnutímar á dag. Svo er auk þess verið að kaupa menn til þess að hætta að vinna um sláttinn og reyna að kóklast eitthvað út á landið og leika sér. Auðvitað fer þetta orlofsfé að ákaflega miklu leyti til ríkisins aftur, því að menn kaupa fyrir það brennivín, og það er kannske ljósi punkturinn í því. En ég vil, að menn taki það til athugunar, hvort ekki eigi að afnema þessi lög. Ef á að hækka kaup, þá á það að koma fram í öðru en að múta mönnum til þess að þeir hætti að vinna.

11. liðurinn er um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Ég vil ekki fara mjög náið út í þetta. En það er alveg vitað mál, að þessi jöfnunarsjóður á engan rétt á sér. Það var hér á árunum búið til eins konar ráðuneyti utan um þessi sveitarstjórnarmál, og þá varð þetta jöfnunarfé til, sem ríkið gat ekki vitað um, hversu mikið yrði, og það var komið þannig, að hvorki fjvn. né ráðh. réðu nokkuð við þetta. Það var komið talsvert mikið á aðra millj. kr. á ári, og þá vildu sumir og þar á meðal ég láta afnema þessa fjarstæðu. En þá var miðlun sett á þennan sjóð, þannig að gjaldið til hans takmarkaðist við 600 þús. kr. En ég fullyrði, að þessi sjóður er alveg óþarfur og ekkert annað en uppfinning til þess að búa til einhvern skatt um þetta. *(PZ:* Er ekki hv. þm. nýbúinn að samþ. hér breyt. á l. um þennan sjóð?) Nei, ég er búinn að greiða atkv. á móti henni, en ég gerði það að till. minni og hef alltaf gert að afnema blátt áfram l. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Þá er hér hinn margumræddi Skálholtsskóli. Um hann hefur svo oft verið talað. En þegar maður er nú, eins og ég, að leggja til að fresta framkvæmd á byggingu ýmissa skóla úti um landið, sem standa nú fullir og meira en það, finnst mér ekki hægt að forsvara það að byggja einhvern nýjan skóla einhvers staðar úti í móum yfir ekki eina einustu sál, eins og þarna í Skálholti. Þeir bændaskólar, sem hér eru, eru mjög vel úr garði gerðir, og ríkið hefur látið þá hafa það, sem þeir þurfa, og lagt þeim til bú og annað. Samt sem áður hafa þeir ekki verið fullskipaðir, og vantar talsvert mikið á það enn. Til þess nú að bæta úr þessu, að fólkið sækir ekki þessa skóla eins og þeir hafa pláss og kennslukrafta til o. fl., þá finna menn upp á því að ætla að byggja þriðja bændaskólann skammt frá dyrum Hvanneyrarskólans, svo að segja. Þetta virðist mér vera hrein, ég vil ekki segja geggjun, en a. m. k. hrein móðursýki, og er þetta að sjálfsögðu ein af þeim uppfinningum, sem gerð er til þess að vekja áhuga kjósenda. Menn eru alltaf að finna upp áhugamál fyrir fólkið og tala það upp í að heimta þetta og hitt. Fólkið hefur ekki tök á að brjóta það til mergjar, hvort það sé heppilegt, sem það er fengið til að heimta. En það er hægt að gylla þetta og því um líkt af flokksstuðningsmönnum sem heppilega hluti. Svo þegar hv. þm. eru búnir með ógnar hávaða að fá fólkið til þess að heimta þetta, koma þeir á eftir hér inn á Alþ. skjálfandi og stynja undir þessu og spyrja sjálfa sig, hvort þeir geti ekki losnað við að uppfylla það, sem fólkið er að krefjast, og óska þess, en þora ekki að ganga á móti því, af því að þeir eru búnir að gera fólkið hálfvitlaust *(PZ:* Þetta er ljót lýsing.) Satt er það. En menn vekja upp drauga úti um allt land, og þetta Skálholtsskólamál er einn draugurinn.

Næsti liður er vinnumiðlun. Það hefur verið rætt um þetta atriði. Það er nýbúið að drepa till. fjvn. um að lækka þetta úr 100 þús. kr. í 50 þús. kr. Ég skal ekkert segja um þetta. Það getur vel verið, að hv. þm. haldi fast við þá ákvörðun að slá þessari lækkunarviðleitni frá sér. En í tíu ár hefur þetta staðið á fjárl. og þó hefur ekkert atvinnuleysi verið til í landinu þann tíma og enga svona miðlun því hægt að gera. Og ef einhver einstakur maður hefði farið þannig með ríkisfé, að verja því í svona hlut, þá hefði slíkt verið talið svindl, að kasta 100 þús. kr. á ári í það, sem alls ekki hefur verið framkvæmt. Menn hafa hirt þetta fé ýmist til þess að leigja húsrúm fyrir skrifstofu, sem gerir ekki neitt, eða til þess að borga vinnu á skrifstofu, sem gerir ekki neitt. Það þarf og á að afnema þetta. Nú getur komið atvinnuleysi í þessu landi. Ég er ekki að spá neinu sérstöku um það. Það væri óskandi, að það yrði ekki, því að það var ekki svo skemmtilegt ástand, meðan atvinnuleysi ríkti hér. En ef svo verður, að atvinnuleysi kemur hér, er nógur tími til þess að taka þetta upp. Ég legg áherzlu á, að ríkið á ekkert að skipta sér af þessu. Vinnu, sem þurfti að miðla fyrir stríð, var miðlað af sveitarfélögunum, og þegar þau gerðu þetta, þurftu þau ekki að kosta til þessa. Ég var fleiri ár í bæjarstjórn, sem miðlaði vinnu, og sú nefnd, sem ég var í, átti að gera þetta, auðvitað fyrir ekki neitt. Og því átti hún ekki að gera það fyrir ekki neitt?

Ég á nú eftir að minnast á tvo liði þessarar till., sem eru um endurskoðun tveggja laga, sem sjálfsagt hafa verið mikil áhugamál og hitamál, en ekki mjög mikil ágreiningsmál. Önnur þau lög eru l. um hina nýju skipun skólamálanna, sem að sönnu var allmikið ágreiningsmál, sér-

staklega um fyrirkomulagið, og hin l. eru um almannatryggingarnar. Hvað skólamálin snertir, þá renna menn náttúrlega nokkuð blint í sjóinn um það, hvað heppilegast sé, að skólaskyldan sé löng. Fyrst þegar sú skylda var sett á, 4 ár, var hún allkostnaðarsöm, en sveitarfélögin voru þá látin bera verulegan hluta af kostnaðinum. Þá var lítið um kennara á Íslandi og þá var settur upp kennaraskóli hér. Og ég fullyrði, að þó að margt færi góðra manna á þann skóla, var mjög mikil vöntun á hæfum kennurum, og allmikill hluti af því fólki, sem annaðist kennslustörf, var ekki fær um að kenna, þó að það væru góðir menn í eðli sínu og vildu láta gott af sér leiða, en voru ekki færir um að vera menningarleiðtogar. Suma skorti kannske gáfur, suma þekkingu. Síðan hefur verið aukin þessi skólaskylda, fyrst niður á við um þrjú ár og svo upp á við um tvö ár. Því miður getum við ekki lagt til nóg af kennurum til þess að þetta geti blessazt. En þetta dregur líka annan dilk á eftir sér, sem er, að til þessa þarf geysilegt húsnæði. Þegar búið er að keyra menn inn í skylduskóla í 6—7 ár, krefst þetta svo mikils húsnæðis, að það er ekki nokkur leið, að ríkið geti komið þessu fyrir á stuttum tíma. Og það dugir ekki að ætla sér að hafa nein snögg átök í þessum efnum. Ég álít óþarfa að láta skólaskylduna ná til unglingaskólanna. Ég hef átt tal um þetta við mjög marga kennara. Ég hef líka tekið eftir því, hvaða áhrif þetta hefur á iðjusemi í landinu. Nú er það svo, eins og áður hefur og verið, að menn eru misjafnlega gefnir til bóknáms, misjafnlega gáfaðir. Auk þess er fjöldi unglinga, sem kærir sig ekki um að hafa framhaldsnám, eftir að barnaskólanáminu er lokið. Þetta fólk, einkum það af því, sem bráðþroska er, fer til ýmissar vinnu. Í kaupstöðum voru margar stúlkur í húsum í vist og lærðu margt af því, bæði matargerð, þrifnað, saumaskap o. fl. Þetta var kannske verulegur hluti af iðjuliðinu á heimilunum, ungar stúlkur, sem skyldaðar voru nú með nýju skólalöggjöfinni til að setjast á skólabekk. Víða, sérstaklega við sjávarsíðuna, voru ungir piltar við lóðabeitingu, aðgerð á fiski og unnu í frystihúsum og voru þannig aðstoð þeim heimilum, sem þeir tilheyrðu, og unnu auk þessa alls konar aðra nytsama vinnu. Nú er þetta fólk allt tekið og keyrt inn í skóla, sem ekki eru hús til yfir, nema ríkið geti sargað út lán. Svo er kennsla unglinganna hafin þar, sem hús eru til þess. Kennarinn er þá kannske svo lélegur, að krakkarnir gætu kennt honum. En að því slepptu eru þessi ungmenni svo misjafnlega stödd á vegi til þess að nota sér námið, að tvö kannske geta lært verulega mikið sjálfra sín vegna, en þriðji unglingurinn tefur þau, svo að þau komast ekki eins áfram og þau annars gætu í náminu, og þetta verkar alveg eins og dragbítur á sleða. — Hv. þm. voru ekki allir með því að setja slík lög, heldur sumir á móti því, og þar á meðal var ég. Og svo er sagt, að þetta sé til minnkunar, að vilja breyta hér til. Það er sannarlega ekki til minnkunar að endurskoða lög, sem augljóst er, að þarf að endurskoða. Það er ekki nema til sóma, að lög séu endurskoðuð, ef þörf er á því, og ef það er nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið, þá á að gera það. Og jafnvel þó að þessi aukna skólaskylda væri til bóta, sem ég hef neitað, að hún sé, nema að verulega litlu leyti, þá er það svo margt, sem menn verða að neita sér um í fátæku þjóðfélagi. Ef við getum ekki haft svona marga kennara, þá verðum við að grisja þetta um eitt ár eða svo.

Svo eru það almannatryggingarnar. Það neitar enginn því, að bæði er það æskilegt í þjóðfélaginu og mikið menningarmál að hafa sem fullkomnastar tryggingar, og við í okkar fátækt erum alls ekki eftirbátar annarra í því efni, nema síður sé. En það er ákaflega óæskilegt og hættulegt að bjóða fólki upp á hluti, sem verður svo að svipta það aftur. Það á ekki að fara hraðar í að bjóða fólki upp á hlunnindi en svo, að hægt sé að standa við orð sín. Nú hafa þessar tryggingar farið hratt yfir. Við höfðum að vísu áður ellitryggingu og höfðum svo sjúkratryggingar, og þetta var ákaflega þarft og nauðsynlegt, en ég held, að við höfum tekið síðasta stökkið allt of stórt. Við rísum ekki undir þessu, sveitarfélögin eru að sligast, ríkissjóður sligast náttúrlega undir öðru, en þetta er ein af þeim stóru byrðum, sem eru að sliga ríkissjóðinn, og einstaklingarnir kveina undan þeim álögum, sem á þá leggjast. Ég held, að það eigi að draga úr þessu, svo að mönnum verði þetta viðráðanlegt. En í leiðinni ætti ríkisvaldið að sjá um, að það verði athugað, hvort þessar tryggingar séu ekki allt of dýrar. Ég skal ábyrgjast, að þessar tryggingar, sem borguð er gífurleg upphæð fyrir, væri hægt að útvega erlendis fyrir stórkostlega miklu minna gjald. Og sumar þessar tryggingar eru þannig, að þær eru bara hlægilegar. Það mundi verða hlegið að því sums staðar að borga fleiri hundruð þús. kr. fyrir slysatryggingar, þar sem mikið af því fé má telja greitt til þess að tryggja fólk, sem ekki sýnist vera í mikilli slysahættu, eins og t. d. skrifstofustúlkur. Þær gætu kannske meitt sig þannig, að þær gætu stungið sig á pennanum. En nú fást ekki pennar. Ríkisstj. sér um það, og sú hætta er því ekki fyrir hendi.

Ég skal ekki lengja mál mitt um þetta. Ég hef ekki orðið annars var en að það væri viðurkennt af flestum hv. þm., að ríkið sé í talsverðum örðugleikum, — ekki orðið svo fátækt, því að það á geysilegar eignir. En þessir örðugleikar stafa af tvennu: Of háum fjárlögum, sem aftur stafa af því, að menn leyfa sér of mikil lífsþægindi og meiri en menn geta veitt sér. Og í öðru lagi stafa erfiðleikarnir af útþenslu, af því að ríkið er farið að vasast í svo mörgu, sem verður því allt of kostnaðarfrekt, bæði um stofnfé og rekstrarfé. Mér þætti gaman að heyra, ef einhver gæti bent á, að ríkið hefði tekjur af nokkru því, sem við erum hér í þessari till. að biðja um að leggja niður. Það er ekki einu sinni, að ríkið græði óbeint á því, því að þetta er gert eins dýrt hjá ríkinu eða dýrara en nokkur einstaklingur mundi gera það. Óbeini arðurinn er ekki mikill, en áhættan er mikil. Og við, ég og meðflm. minn, höfum gert það af ásettu ráði að hafa þessa till. í mörgum liðum, til þess að menn gætu ekki sagt það, að allt hefði þetta hrunið með einu atriði, af því að þetta væri bundið allt svo fast saman. Nú getur einum fundizt sjálfsagt að samþ. þennan lið, en hann vill síður samþ. hinn o. s. frv., svo að þetta er að því leyti gott form,

að menn geta greint á milli þess, sem menn hafa trú á, og hins, sem þeir hafa minni trú á. En sérstaklega vildi ég, þó að ég sé ekki með getsakir til hv. þm., samt sem áður ekki þegja hér yfir því, að mér hefur ekki fundizt framkoma hv. þm. hafa fyllilega verið í samræmi við orð þeirra, þegar þeir eru sífellt að kveina undan því, að ógætilega sé farið í eyðsluna. Mér hefur ekki fundizt framkvæmdir hv. þm. í fjármálum í samræmi við orð þeirra. Ætlunin er ekki að leggja mælispjald á herðar neinnar tröllskessu, heldur að gefa þm. tækifæri til að sýna, hvað þeir meina með atkvgr. Þá sést, hvort þeir álíta, að útþenslan sé of mikil.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Með þessari þáltill. er farið fram á að fela ríkisstj. að beita sér fyrir ýmsum ráðstöfunum, þ. á m. lagasetningu varðandi mál, sem eru fimmtán talsins. Ég mun ekki nú ræða þetta mál svo mjög efnislega, en ég vil láta í ljós undrun mína yfir því, að hv. flm. bera þetta fram í þessu formi. Það kann að vera, eins og hv. 1. flm. sagði áðan, að á einhverju stigi verði leyft við atkvgr. að bera upp sérstaklega einstaka liði, en að sjálfsögðu verður till. svo borin upp í heild, og þá býst ég við, að þm. komist í vanda, er öllu er grautað saman í eina heild. Þannig er um mig, því að í þessum fimmtán liðum er um að ræða mál, er ég gæti verið sammála flm. um, en síðan eru önnur, þar sem ég er á gagnstæðri skoðun. Ég held því, að þetta form sé óheppilegt, ef flm. er það alvara að fá niðurstöðu. Það er kunnugt, að um suma liðina er ágreiningur innan Sjálfstfl., þó að það séu tveir þm. úr flokknum, sem bera till. fram. Hér er m. a. í 1.—9. lið talað um að leggja niður ýmsar ríkisstofnanir og selja eignir þeirra. Það kann að vera, að þetta megi ákveða löglega með þál., en þó skal ég ekki um það segja varðandi allt það, sem tilgreint er í þessum níu liðum. Síðan eru liðirnir 10—13 um að afnema ákveðin l., og flm. leggja til, að stj. verði falið að undirbúa lagabreyt., því að ljóst er, að það verður ekki gert með þál. En því hafa flm. ekki sjálfir flutt frv. í stað þess að fela stj. þetta? Ef um vandasöm viðfangsefni er að ræða, getur það átt við, að stj. undirbúi slíka lagasetningu, og það getur haft rétt á sér, ef það er ekki á valdi einstakra þm. nema að leggja í það meiri vinnu en þeir hafa tök á meðan þing stendur yfir. En hér er því ekki til að dreifa. Hér er lagt til, að afnumin verði lög um orlof, jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, búnaðarskóla í Skálholti og vinnumiðlun. Það gegnir hið sama um alla þessa liði. Hver þm. getur á einni mínútu búið til frv. um, að lög númer þetta og þetta frá þessu og þessu ári séu úr gildi felld. Það þarf ekki langar ræður um það að fela stj. slíkt. Ég tel þetta því óhagkvæm vinnubrögð. — Það eru ákveðnar tvær umr. um þessa till., og á milli þeirra verður hún athuguð í n. Margir mæla, að þingið sé orðið nógu langt og frekar ástæða til þess að stytta það en lengja, m. a. til þess að spara útgjöld. Það er ekki í þá stefnu að koma með þáltill. um að fela stj. að undirbúa afnám laga, er þm. geta sjálfir borið fram frv. um, að verði afnumin, og ætla þessari þáltill. tvær umr. og athugun í n. og síðan, að borin verði fram frv., er koma þarf gegnum sex umr. Það kann að gilda um síðustu tvo liðina, lækkuð framlög til almannatrygginga og fræðslumála, að flm. geri sér ekki sjálfir svo ljóst, hvað þeir vilja, en það á ekki við um hina fjóra liðina. Ég veit ekki, af hverju þetta stafar, en það er orðin lenzka að leggja fyrir þingmálafundatill. í þál.-formi í stað þess að bera fram frv., þegar um mál er að ræða, er ekki verða afgr. nema með lagasetningu. — Trúlega er till. borin fram í alvöru, en ekki til þess að sýnast, enda þótt kunnugt sé, að flokksmenn hv. flm. séu þeim ósammála um suma liðina.

Ég mun ekki ræða þetta frekar að svo stöddu. Ég mun geta fellt mig við suma liðina, en aðra ekki. Það er vitanlega mikið rétt í því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði í framsöguræðu sinni, að ástæður ríkissjóðs eru þannig, að brýn þörf er á því að koma þeim málum í betra horf. Fjárhagur ríkissjóðs er vissulega bágborinn eftir að Sjálfstfl. hefur farið með fjármálastjórnina í tíu ár, en flokkurinn átti tíu ára fjármálastjórnarafmæli í þessum mánuði. Víst er þörf á því að koma á þau mál betri skipan. Ég get tekið undir með hv. 5. þm. Reykv. um það.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að segja nokkur orð í sambandi við þessa þáltill., sem ég er meðflm. að, enda þótt framsöguræða hv. 1. flm. hafi verið greinileg og skýr.

Fyrst vil ég minnast nokkrum orðum á það, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) sagði. Hann furðaði sig á því, að við kæmum fram með þáltill. í svo mörgum liðum, og taldi óþinglegt að bera ekki fram frv. um hvern einstakan lið. Ég hélt nú, að hv. þm. hefði komizt að raun um, að vafasamt er að kasta frv. inn í þingið, og okkur þótti réttara að setja upp minnisblað um það, sem samþ. hefur verið á undanförnum árum og þyngt baggana á ríkissjóði. Mitt álit er, eins og hv. 1. flm. veik að, að þessir liðir geti orðið nokkuð sjálfstæðir, svo að séð verði, hvort þm. sjái ekki einhvern lið, er þeir eru sammála um að breyta eða draga úr. Ég vil svo, eins og ég sagði áður, fylgja málinu úr hlaði með nokkrum orðum og lýsa afstöðu minni til viðhorfsins.

Sú till., sem hér liggur fyrir, má ekki skiljast á þann hátt, að við flm. álítum, að í henni felist allur mergurinn málsins, þegar um er að ræða að færa niður útgjöld ríkisins eða draga úr útþenslu rekstrar ríkisins. Þótt í till. sé stungið upp á, að ríkisstj. beiti sér fyrir ráðstöfunum í þessum tilgangi, sem taldar eru upp í 15 liðum, skyldi enginn halda, að við flm. teljum, að hér sé komið til botns. Miklu fremur ber að skoða það sem ábendingu um einstök tiltekin skref, sem við flm. teljum, að stíga eigi í þá átt að lagfæra hag þess opinbera, án þess að í henni felist annað og meira en það, að hér sé um upphaf á öðru frekara að ræða. Þáltill. er ábending um leiðir, sem við teljum óhjákvæmilegt, að farnar séu, en okkur er auðvitað ljóst, að þótt þáltill. yrði framkvæmd, yrði það ekki nema einn þáttur í því margþætta viðfangsefni að bæta efnahag ríkisins og koma rekstri þess í eðlilegra horf.

Sú leið, sem við leggjum áherzlu á að benda á

í þáltill., er sú, að ríkið sleppi tökunum á ýmsum rekstri, sem við teljum, að rétt sé og hagkvæmt, að einstaklingar og félög sjái um, og að létt verði nokkrum kostnaðarliðum af rekstri þess opinbera, sem við teljum, að gætu án verulegs baga orðið felldir niður, eins og nú stendur á. Tilgangur þáltill. er því falinn í því tvennu að gera rekstur ríkisins heilbrigðari og útgjöldin minni á þeim takmörkuðu sviðum, sem þáltill. nær til. — Hv. fyrri flm. þáltill. hefur nú gert allýtarlega grein fyrir þeim einstöku liðum, sem till. fjallar um, og mun ég aðeins ræða stuttlega hinn almenna grundvöll þáltill.

Eins og ég sagði áðan, fjallar þáltill. um að draga saman rekstur þess opinbera, það sem hún nær til. Í þáltill. er lagt til, að 8 starfsgreinar, sem ríkið hefur nú með höndum á sviði iðnaðar og verzlunar, verði lagðar niður. Þegar litið er á þessar greinar, sem taldar eru í 1.—3. og 5.—9. lið þáltill., getur engum blandazt hugur um, að öll þau verkefni, sem þessum opinberu stofnunum er ætlað að hafa með höndum, yrðu auðveldlega og á hagkvæman hátt leyst af einstaklingum eða félögum, sem fengju þau í sínar hendur. Hér er fyrst um að ræða 4 iðnfyrirtæki, trésmiðju, málmsmiðju, tunnuverksmiðju og niðursuðuverksmiðju. Ekkert af þessum fyrirtækjum hefur gefið þá raun, að unnt sé að halda því fram, að ríkið hagnist á þeim. Ekki er því heldur til að dreifa, að einstaklingar eða félög mundu ekki fást til að taka að sér þau verk, sem þessi fyrirtæki vinna. Ríkið þarf því ekki að halda þessum rekstri uppi vegna þess. Þegar um er að ræða málmsmíði og trésmíði, sem það opinbera þarf nokkuð á að halda vegna annars rekstrar síns, mundu menn freistast til að halda, að hagkvæmt væri fyrir ríkið að eiga slíkar smiðjur sjálft, skipta við sjálft sig fremur en aðra. En sú hefur ekki orðið raunin á. Þau verk, sem það opinbera hefur látið vinna fyrir sig í þessum verksmiðjum, hafa allajafna orðið því dýrari en ef um hefði verið að ræða samningsbundin verk við einstaklinga eða félög. Ég ætla ekki að fjölyrða um það hér, af hverju þetta stafar, en læt mér nægja að benda á staðreyndina. Auk þessa er svo mjög mikið fé bundið í slíkum fyrirtækjum, sem allir munu sammála um, að full þörf sé fyrir annars staðar.

Sú hugsun, sem legið hefur því til grundvallar, að þessi ríkisfyrirtæki voru upprunalega stofnuð, mun hafa verið sú, sem ég drap á áðan, að hagkvæmt yrði, að ríkið ætti sjálft slík verkstæði vegna annars rekstrar. En þegar reynslan hefur sýnt, að svo hefur ekki reynzt, er auðvitað hið eina rétta, að ríkið afsali sér því að hafa slíkan rekstur með höndum. Nú eru hér í landinu og víðs vegar um landið starfrækt sambærileg fyrirtæki. Færi svo, að ríkið gæti selt smiðjur sínar með viðunandi skilmálum, getur það opinbera valið á milli margra fyrirtækja um þau viðskipti, sem það þarf að hafa á þessum sviðum. Auðvitað verður ekki sagt um það fyrr en reynt er, hvort því opinbera tækist að selja þessi fyrirtæki á viðunandi hátt, en ég tel þó miklu trúlegra, að slíkt tækist. Í því sambandi mætti benda á þá leið að selja slík fyrirtæki hlutafélögum, sem hið opinbera gæti átt hluti í, ef því sýndist, en að reksturinn yrði á ábyrgð einstakra manna að öðru leyti og undir stjórn þeirra á þann hátt, sem tíðkast í slíkum félögum. Ég vil benda á, að fyrir því eru fordæmi, að ríkið hafi lagt fram fé í einstök fyrirtæki, t. d. Eimskipafélag Íslands. Mundi með þessu geta unnizt það, að greitt yrði fyrir hagkvæmri sölu, og auk þess unnizt hagræði fyrir ríkið í framtíðarviðskiptum við þau fyrirtæki, ef þau væru vel rekin. Það er engan veginn dæmalaust, að hið opinbera sé þannig í félagsskap með einstaklingum á takmörkuðu sviði, og jafnvel þótt þess væru ekki dæmi, gæti verið rétt að fara þessa leið og þá ekki sízt, ef það gæti orðið til að greiða fyrir sölu ríkisfyrirtækja, sem hafa sýnt bágan hag á sama tíma sem sambærileg einkafyrirtæki hafa dafnað.

Þá eru verzlunarfyrirtæki ríkisins, sem hér er gert ráð fyrir að leggja niður. Fyrst vil ég taka fram, að engin af þeim vörutegundum, sem þær verzla með, skipta verulegu máli í þjóðarbúskapnum, nema ef telja mætti einstaka þætti grænmetisverzlunarinnar. Það er líka ljóst, að þær vörutegundir, sem þessar verzlanir hafa með höndum, eru engar þess eðlis, að neitt sérstakt gæti mælt með, að ríkið eitt selji þær, eins og til dæmis er um áfengi. Þær eru allar til þess fallnar að vera almennur verzlunarvarningur, sem fellur inn í hið venjulega kerfi innkaupa og dreifingar, enda munu þess ekki dæmi í nálægum löndum, að þessar vörutegundir séu seldar af ríkinu einu. Ekki er því heldur til að dreifa, að í því felist nokkurt hagræði fyrir borgarana, að einmitt þessar vörur séu seldar af ríkinu, en ekki öðrum, til dæmis að þær séu ódýrari með því móti. Eftir er þá aðeins sú ástæðan, að hagnaðarins vegna sé rétt, að ríkið hafi þessa verzlun með höndum, en ég get vísað til ræðu hv. fyrri flm. um það atriði.

Ef ríkisverzlanir þessar yrðu afnumdar, eru einstaklingar og félög til taks til þess að annast kaup og dreifingu þessara vörutegunda. Þessir aðilar hafa nú þegar allt, sem þarf til slíks, bæði starfslið og húsrúm, en sá vinnukraftur, húsrúm og fé, sem það opinbera bindur nú í sambandi við þennan verzlunarrekstur, mundi verða tiltækt til annars, sem væri nauðsynlegra. Sá verzlunarrekstur, sem lagt er til, að afnuminn verði með þáltill., er, eins og ég tók fram, allur því marki brenndur, að ríkið hefur engar frambærilegar ástæður til að halda honum áfram, hvort sem litið er á hagræði almennings eða hag ríkisins sjálfs. Því opinbera hefur orðið það á að teygja sig inn á ýmis svið verzlunar, þar sem það hefur engu hlutverki að gegna, og stundum jafnvel á þann hátt, sem orkað getur tvímælis, hvort er heimill. Vil ég í því sambandi benda á verzlun þá, sem landssmiðjan hefur með höndum. Eins og kunnugt er, hefur orðið mikið tap á landssmiðjunni á sama tíma sem sambærileg fyrirtæki í höndum einstaklinga og félaga hafa gefið góðan hag. Samkvæmt lögum nr. 102 frá 22. júní 1936, um landssmiðju, er svo ákveðið, að hlutverk hennar skuli vera að annast smíði og viðgerðir, einkum fyrir ríkisstofnanir. Hvergi er það heimilað í lögunum, að landssmiðjan hafi með höndum verzlun, en allt um það sýnist svo sem núverandi stjórnendur landssmiðjunnar búi sig til að ráðast inn á

verzlunarsviðið. Mun eiga að ná þar þeim hagnaði, sem smiðjan getur ekki náð, ef hún heldur sér innan ramma sinna eigin laga. Frá því hefur verið skýrt nýlega í blöðum, að landssmiðjan búi sig undir að hafa með höndum stórfelldan innflutning rafmagnstækja. Hefur landssmiðjan náð umboðum einstaklinga, sem mér er kunnugt um, í sínar hendur í krafti sinnar miklu innflutningsgetu. Hér er um að ræða fyrirbrigði, sem þarf nánari athugunar við, en í þessu sambandi er þess að geta, að landssmiðjan nýtur lögmæltra fríðinda um greiðslur til opinberra þarfa, sem eru svo stórfelldar, að greiðslur hennar eru óverulegar hjá því, sem einstaklingar eða félög greiða. Þótt einhver hagnaður fengist af þessari og annarri þvílíkri verzlun, mundi hann ekki vera hreinn hagnaður, þegar litið er á gjaldafríðindin, og það er ekki sjáanlegt, að nokkuð mæli með því, að landssmiðjan ráðist inn á þessi svið, auk þess sem það getur orkað tvímælis, hvort nokkur lagaheimild er til þess. Það er auðvitað ekki nóg, þótt sagt sé, að hér eigi landssmiðjan að ná þeim hagnaði, sem hún getur ekki haft með því að gegna sínu lögmælta hlutverki. Ég vil í því sambandi benda á, að það er fyrst s. l. haust, að landssmiðjan sækir um verzlunarleyfi. Sýnilega er ætlunin að breyta til um þann rekstur, sem l. ákveða.

Ég get verið fáorður um þá liði till., sem miða að því að draga úr beinum útgjöldum ríkisins, og á ég þar sérstaklega við liðina 12—15. Það blandast engum hugur um, að draga þarf úr útgjöldum ríkissjóðs. Einstökum hv. þm. er oft réttilega brugðið um, að þeir séu fljótari til að samþykkja útgjöld en að sjá fyrir sparnaði eða tekjum, sem komið geti á móti. Þó er enginn vafi á, að ofþensla ríkisrekstrarins eða ríkisathafnanna á sinn mikla þátt í þeirri verðbólgu, sem við nú berjumst við. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, skyldi enginn halda, að við flm. teljum, að þær lækkunar- og sparnaðartill., sem hér eru bornar fram, séu einustu ráðstafanirnar, sem unnt sé að gera. Hér er aðeins um dæmi að ræða. — Við leggjum til, að lögin um búnaðarskóla í Skálholti verði afnumin. Það mun fæstum hv. þm. detta í hug í alvöru, að skóli þessi verði reistur eins og nú standa sakir, en við viljum fá því slegið föstu með samþykkt þáltill., að þessi staðreynd sé viðurkennd. Í þessu sambandi bendi ég á það, sem vitað er, að þeir búnaðarskólar, sem fyrir eru, eru ekki einu sinni fullsetnir, en þeir eru langdýrastir allra skóla, eða kostnaður ríkisins þar af hverjum einstökum nemanda um 8000 kr. Skólakerfi landsins, sem nú er lögmælt, var samið og sett í mikilli bjartsýni um það, hvað þjóðin væri aflögufær af vinnukrafti og fé. Skólaskyldan er nú orðin allt til 16 ára aldurs, eða tveimur árum lengri en áður. Hefur þetta auðvitað í för með sér mikla eyðslu á fé og vinnukrafti. Það má einnig segja, að lögin um almannatryggingar væru sett af mikilli bjartsýni, sem því miður hefur ekki staðizt reynsluna. Þegar við leggjum til, að lækkuð verði framlög til almannatrygginga, höfum við það fyrst og fremst í huga, að unnt er að gera breyt. á l. og minnka kostnaðinn án þess að þeir, sem mest þurfa á þeirri hjálpa að halda, sem lögin veita, bíði hnekki við það. Til dæmis vil ég benda á, að eins og lögin eru nú greiðir ríkissjóður styrki samkvæmt þeim til ágætlega efnaðra manna.

Við flm. erum þeirrar skoðunar, að hið opinbera þurfi nú að gera tvennt: Athuga sinn eigin rekstur með tilliti til mögulegs samdráttar og sparnaðar og athuga möguleika á lækkun útgjalda, þótt þau eigi að heita að vera í almannaþágu, ef svo sýnist, sem nauðsynin sé ekki svo brýn, að án þessara útgjalda verði ekki komizt, eins og nú stendur á. Þörfin fyrir þetta tvennt er knýjandi, og það viðurkenna allir, ýmist hátt eða í hljóði, þó að enn hafi ekkert verulegt átak verið gert til að hefjast handa. Við flm. vildum hér benda á nokkrar leiðir, sem miða að þessu tvíþætta marki, sem ég minntist á, og umr. um hina einstöku liði þáltill. geta vafalaust orðið til þess að gefa bæði hv. þm. og öllum almenningi nýjar upplýsingar og ný umhugsunarefni.

Hef ég svo að þessu sinni lokið máli mínu.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var fram haldið fyrri umr. um till.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Flm. þessarar till. hafa gert grein fyrir henni í ræðum. Ég mun ekki ræða hér einstök atriði þess, sem þeir færðu fram, en vildi víkja lítils háttar að nokkrum atriðum í ræðu hv. 5. þm. Reykv. (SK). Hann fór nokkuð víða í framsöguræðu sinni og minntist m. a. á stofnanir, sem ekki eru teknar með í till., eins og Síldarverksmiðjur ríkisins, og sagði, að komið hefði frá þeim beiðni um ríkisábyrgð. Það er vitanlegt, að beiðni um ábyrgð vegna skulda hefur ekki komið frá öðrum en hinum nýbyggðu verksmiðjum á Siglufirði og Skagaströnd. Bygging þeirra var ekki í höndum stjórnar síldarverksmiðjanna, heldur í höndum sérstakrar byggingarnefndar, sem skildi þannig við fjármálin, að óreiðuskuldir hvíla á stofnuninni, af því að allt fór í handaskolum fyrir n. Að öðru leyti hefur stjórn síldarverksmiðjanna óskað eftir, að ríkið tæki að sér þann halla, sem varð á rekstrinum í sambandi við Hvalfjarðarsíldina, því að það var ekki stjórn verksmiðjanna, sem ákvað verð Hvalfjarðarsíldarinnar, og það var ekki miðað við kostnað, heldur við alþjóðarhag, og Hvalfjarðarsíldin varð líka til þess að bjarga gjaldeyrisástandinu frá hreinum voða. Það er því sanngjarnt, að ríkið taki að sér þær skuldir, sem mynduðust við þennan rekstur, því að ekki var miðað við, að hann bæri sig, heldur að því stefnt að fá sem mestan gjaldeyri. Þetta vildi ég láta koma fram, því að hv. 5. þm. Reykv. gerði þetta að umtalsefni, þó að í till. sé hvergi vikið að verksmiðjunum.

Hv. þm. V-Húnv. (SkG) hefur réttilega bent á, að þessi till., eins og önnur svipuð, er fram hefur komið, en er orðuð á annan hátt, er allfurðuleg. Hér er hrúgað saman óskyldum atriðum og ætlazt til, að um þau verði gerðar ráðstafanir „til samdráttar ríkisrekstri og lækkunar á gjöldum ríkisins, enda undirbúi stjórnin lagabreytingar þar að lútandi eftir því, sem með þarf", eins og stendur í till. Nú er það svo, eins og hv. þm. V-Húnv. tók fram, að mörg af

þessum atriðum er hægt að afnema með einfaldri lagasetningu, ef Alþ. vildi. Nú geri ég ráð fyrir því, ef flm. hefðu talið líklegt, að afnumin yrði viss löggjöf, sem hér er minnzt á, að þá hefðu þeir fremur kosið að bera þetta fram í frumvarpsformi en sem þáltill., þar sem þeir vita, að engin breyt. verður gerð á l. með þál. Þeir hafa því að ýmsu leyti fremur flutt till. til þess að sýnast en að fá nokkru áorkað og efalaust verið það ljóst. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að í till. eru atriði, sem ég gæti greitt atkv. með, en þar eru aftur önnur atriði, sem yrðu til þess, verði þau samþ. við fyrri umr., að ég greiddi atkv. á móti till. við síðari umr.

Ef litið er á 1. lið, er þar lagt til, að ríkisrekstur áætlunarbifreiða verði lagður niður og eignir ríkisins vegna þessarar starfrækslu seldar. Þetta atriði hefur komið hér mjög til umr. í sambandi við aðra till. í Sþ., og sé ég því ekki ástæðu til að gera þetta að umtalsefni. Ég vildi þó geta þess, að hæstv. samgmrh. hefur sýnt fram á, að sérleyfisrekstur ríkisins var tekinn upp vegna þess, að einstaklingar treystu sér ekki til að hafa þetta með höndum. Það gildir hér hið sama og um strandferðirnar, það er ekki á valdi annarra en ríkisins að halda þessu uppi. Af þessum ástæðum, meðan ekki er sannað, að hægt sé að halda þessu uppi af öðrum, mun ég greiða atkv. á móti þessari till. Í þjóðlífi okkar, eins og því er háttað nú, eru þessar samgöngur svo mikið hagræði fyrir almenning, að ekki verður upp á það horft, að þær séu lagðar niður. Hitt má vera, að eitthvað mætti breyta til, t. d. leggja þessar ferðir niður á veturna og nota strandferðaskipin í staðinn, og þó tel ég vafasamt, að þeir, sem búa við þær, mundu sætta sig við það.

Þá er næsti liður um það, að landssmiðjan verði seld, ef viðunandi tilboð fæst. Landssmiðjan var stofnuð til þess að vinna að nauðsynlegum framkvæmdum fyrir ákveðnar ríkisstofnanir. Þó að árangurinn hafi ekki alltaf verið góður, verður því ekki neitað, að hún hefur verið til hagsbóta fyrir þær ríkisstofnanir, sem hún hefur átt að vinna fyrir. Nú má rekstur hennar heita í mjög góðu lagi, og hún hefur gefið verulegan arð síðasta ár. Ég tel það því misráðið að hætta rekstri hennar, því að með því færi forgörðum talsvert verðmæti og reynsla, er ríkissjóður hefur orðið að borga og orðin er mikils virði.

Þriðji liðurinn er um það, að trésmiðja ríkisins í Silfurtúni verði seld, ef viðunandi tilboð fæst. Ég vildi í þessu sambandi segja, að til ríkisrekstrar verður að gera sömu kröfur og til einstaklingsrekstrar, að hann sé sæmilega undirbúinn og í því formi, að hann svari kostnaði. Það er engin ástæða til þess fyrir Alþfl. að taka upp vörn fyrir ríkisrekstur, sem þannig er til stofnað, að hann kemur ekki ríkinu að gagni eða sparar því fé. Ég lít svo á, að það þyrfti að setja með l. almennar reglur um ríkisrekstur, hvernig til hans skuli stofnað og hvernig hann skuli afnuminn. Ég tel, að ýmislegt hafi komið fram, bæði í tíð núv. stj. og fyrrv. stj. og raunar áður, er geri það æskilegt, að ekki sé ráðizt í ríkisrekstur nema með góðum undirbúningi. Ég hygg, að svo hafi ekki verið um trésmiðjuna í Silfurtúni. Hús eru þar léleg, lóðargjald hærra en í Hafnarfirði og vélarnar þannig, að þær eru ekki nothæfar nema keyptar séu vélar, er kosta á annað hundrað þús. kr., til þess að hægt sé að halda rekstrinum áfram. Auk þess er mér sagt, að landssmiðjan hafi það marga trésmiði og þeir hafi ekki meira að gera en það, að þeir geti auðveldlega smíðað allt það, sem ríkið hefur þörf fyrir. Landssmiðjan hafði nóg húsnæði og *nægilegan vélakost og vinnuafl til þess að vinna* þessi störf. Ég hefði þess vegna talið mér fært að greiða þessari till. atkv. einni út af fyrir sig. Það er sem sagt ákaflega fjarri mér sem Alþfl.manni að styðja ríkisrekstur, sem stofnsettur er að óþörfu og ekki getur borið sig.

Þá er í 4. lið lagt til, að afnumin verði vöruskömmtun nema á bifreiðagúmmíi. Með þessum 4. lið hafa flm. komið inn á fyrirkomulagsatriði, sem eru ríkisrekstri óskyld. Það vita allir, hvers vegna skömmtun var komið á hér á landi, þegar allar búðir voru að verða tómar og gjaldeyrir á þrotum, á sama tíma og aðrar þjóðir voru að afnema skömmtun hjá sér. En hún er óviðkomandi *öllum ríkisrekstri, og er flm. það efalaust* ljóst, þótt þeir hafi nú blandað þessu inn í frv. Vöruskömmtun var á sínum tíma tekin upp af illri nauðsyn til þess að reyna að tryggja, að vörunni væri skipt jafnt á milli manna, og ég hygg, að allir séu sammála um, að hana beri að afnema undireins og fært þykir. Nú hefur það verið svo með gjaldeyri okkar, að við höfum barizt í bökkum og ekki safnað neinum gjaldeyrisinnstæðum, þótt við höfum gert mikið átak til þess að koma á vöruskiptajöfnuði milli innfluttrar og útfluttrar vöru. Jafnskjótt og eitthvað rætist úr með þetta, er einsætt að afnema skömmtun. Hins vegar mundi það vera óráð *eins og nú standa sakir* að afnema vöruskömmtun. E. t. v. mætti rýmka hana eitthvað, en þó eru vandkvæði á því á meðan fólk hefur svona mikið fé handa á milli, en hins vegar ekki hægt að fullnægja vöruþörfinni vegna gjaldeyrisskorts. Um þetta þarf enga áskorun til ríkisstj., því að jafnskjótt og gjaldeyrir verður nægur fyrir hendi til kaupa á neyzluvörum, verður skömmtun á þeim afnumin. Um það eru allir sammála.

Þá fjallar 5. liður um það, að viðtækjaverzlun ríkisins verði afnumin, og 9. liður um það, að grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður. Mér er nú ekki ljóst, hvað fyrir hv. flm. vakir. Ekki verður með neinum sanni haldið fram, að þessi fyrirtæki séu baggi á ríkinu. Viðtækjaverzlunin hefur gefið ríkinu eða því ríkisfyrirtæki, sem rekur hana, útvarpinu, verulegar tekjur á undanförnum árum, og ég hygg, að rekstur hennar sé ekki í neinu því ólagi, sem réttlæti það, að hún sé afnumin. Sama máli gegnir um áburðarverzlun og grænmetisverzlun ríkisins. Þetta fyrirtæki er mjög vel rekið af einum og sama manni og hefur gefið góðan árangur. Það er kunnugt, að í frv. um áburðarverksmiðju ríkisins, sem hefur legið fyrir þessu þingi, er gert ráð fyrir, að úr varasjóði áburðarsölunnar verði lögð fram 1 millj. til áburðarverksmiðjunnar. Ekki hefði þetta verið sett inn algerlega út í loftið, ef ekkert fé væri í sjóðnum. Um grænmetisverzlun ríkisins komst hv. 5. þm. Reykv.

svo að orði, að hún seldi kartöflur fyrir allt of hátt verð. Það mun nú að vísu standa í sambandi við verðlagsákvæði samkv. öðrum lögum og vera ákveðið með hliðsjón af innlendu framleiðsluverði.

Hv. 5. þm. Reykv. komst að orði á þá leið, að með því að afnema verzlunarrekstur ríkisins, gæti fólk, sem við hann ynni, farið í annan atvinnurekstur, því að ekki þyrfti að fjölga fólki við atvinnurekstur einstaklinga, þó að verzlunarrekstur ríkisins væri lagður niður. Með þessu mun hv. þm. hafa átt við annað tveggja, að við störf í verzlunum ríkisins ynni allt of margt fólk eða hitt, að við einkafyrirtæki ynni svo margt fólk, að það gæti bætt á sig þeim störfum, sem unnin eru af þeim, sem vinna við ríkisfyrirtækin. Það síðara mun vera hið rétta. En ef svo er, sannar það ekki annað en það, að verzlunarrekstur einstaklinga er yfirleitt rekinn af meiri óhagsýni en verzlunarrekstur ríkisins. Ég hygg t. d., að það sé ekki fleira starfsfólk en svo við grænmetis- og áburðarverzlun ríkisins, að það geti alls ekki bætt við sig störfum. Hv. 5. þm. Reykv. hefur því orðið það á að sanna með röksemdafærslu sinni það, sem hann mundi vilja afsanna, að í þessu tilfelli sé ríkisrekstur hagkvæmari en einstaklingsrekstur. Þar sem svo er háttað um þessar ríkisverzlanir, að þær hafa gefið ríkissjóði tekjur, vil ég fyrir mitt leyti lýsa yfir, að ég mun greiða atkvæði á móti þessum liðum.

Þá er lagt til í 8. lið, að fiskiðjuver ríkisins í Rvík verði selt. Nú gegnir þar nokkuð sama máli og um trésmiðjuna í Silfurtúni, að það var stofnað án þess að til væri fyrir því lagaheimild, og er þar um rekstur að ræða, sem var mjög illa undirbúinn. Ég vil ítreka það, að mér er fjarri skapi að halda uppi ríkisrekstri, sem er illa undirbúinn og spillir fyrir öðrum ríkisrekstri, sem betur ber sig. Fiskiðjuverið í Rvík er í rauninni mistök. Rvík vantar oftast fisk mikinn hluta ársins, og þegar af þeim ástæðum var óhyggilegt að reisa fiskiðjuverið í Rvík, í stað þess að reisa það þar, sem fiskur fæst meiri hluta ársins og því unnt að starfrækja það lengri tíma.

Þá er lokið tillgr. um afnám ríkisrekstrar, en seinustu 5 liðirnir eru um allt annað efni, sem sé um breyt. á ýmiss konar löggjöf, sem sett hefur verið á seinni árum. Tvö atriði sérstaklega lúta að fræðslumálum. Í fyrsta lagi að afnema lögin um búnaðarskóla í Skálholti og að hækkaður verði kostnaður við fræðslumál með því að breyta l. um fræðsluskyldu og stytta skólaskyldu um 2 ár. Um fyrra atriðið vil ég segja það, að vel má vera, að taka ætti það til nokkurrar athugunar, hvort ætti að leggja í þessa skólabyggingu í Skálholti. Ég mun þó ekki hafa um þetta sömu ummæli og flm., þar sem áhugi hefur verið mikill fyrir þessu máli í héraði og það gæti orðið lyftistöng fyrir landbúnaðinn á Suðurlandsundirlendinu. En ég get tekið undir það með hv. flm., að á meðan ekki eru betur setnir þeir bændaskólar, sem nú starfa; þá sé vafi, hvort eigi að ráðast í þetta. En þó að löggjöfin um þetta sé ekki afnumin, hefur Alþ. í hendi sér að veita ekki fé, ef því sýnist svo, til framkvæmda. — Um fræðslumálin má segja, að vafalaust sé þörf á að endurskoða þar ýmislegt, en vafasöm ráðstöfun væri að stytta skólaskylduna á meðan ekki er nein reynsla fengin af þessu fyrirkomulagi. Hins vegar má vel vera, að í fræðslulöggjöfinni sé ýmislegt, sem breyta mætti til sparnaðar án saka, en á því þarf að fara fram athugun. En að stytta skólaskylduna um tvö ár, teldi ég ákaflega misráðið að svo komnu.

Þá eru nokkur atriði í till., sem beinlínis eru árás á þá félagsmálalöggjöf, sem Alþ. hefur sett á seinni árum og vakið hefur athygli á framtaki Íslendinga í mörgum öðrum löndum. Ég sé af þessu, að hv. 5. þm. Reykv. hefur þrátt fyrir það, þótt hans flokkur hafi gerzt aðili að ýmsum samþykktum þessarar löggjafar, haldið herkjunni frá því við áttumst við í gamla daga á Ísafirði, eða fyrir rúmum 20 árum. Hann virðist ekki hafa lært neitt í þá átt, að framþróunin í heiminum hefur gert nauðsynlega félagslöggjöf eins og þessa. Hann er sama sinnis og hann var, þegar hann barðist á móti ýmsum réttarbótum Alþýðuflokksmanna. Hann hefur m. ö. o. ekki fylgzt með þeim straumhvörfum, sem orðið hafa í mannréttindamálum, og hyggst að taka upp gömlu stefnuna, sem mörkuð var af ómildri fátækralöggjöf í stað alþýðutrygginga og af því ástandi, að menn gátu unnið í 40—50 ár á eyrinni án þess að eiga nokkurn tíma kost á því að ferðast út úr bænum. Ég þekkti á þeim árum menn, sem fluttu á eyrina utan af landi, unnu alla daga á mölinni og höfðu aldrei tök á því fyrir fátæktar sakir að vitja aftur sveitar sinnar. Úr þessu var orlofsl. ætlað að bæta, sem hv. þm. vill nú afnema, en hafa gefið mörgum manninum langþráð tækifæri til að kynnast sínu eigin landi. Af þessu vil ég segja, að þó að ekki væri nema þessi eini liður í till. á þessa lund, þá mundi ég greiða atkvæði á móti henni í heild. Þetta atriði eitt, þótt ekki væri annað, ber vott um svo mikinn íhaldshugsunarhátt og skilningsleysi á hug þjóðarinnar, að það á engan rétt á sér og mun líka eiga fáa formælendur, sem betur fer.

Þá er lagt til í 13. liðnum, að lög um vinnumiðlun verði afnumin. Hv. 5. þm. Reykv. komst svo að orði, að þau væru algerlega óþörf vegna þess, að atvinnuleysi hefði ekki verið í landinu um margra ára skeið. Nú eru lögin ekki sett vegna atvinnuleysis eingöngu, heldur til þess að safnað sé skýrslum um atvinnuástandið í landinu og til þess að greiða fyrir atvinnurekendum að fá vinnukraft og verkamönnum, sem vinnulitlir eru, að fá sér aðra atvinnu. Aðrar þjóðir telja sér svo mikils virði að vita, hvernig vinnunni er háttað á hverjum tíma, að t. d. Bretar og Bandaríkjamenn safna mánaðarlegum skýrslum um það, hve margir vinni í hverri grein og hve margir séu atvinnulausir. Ég hygg, að við þyrftum einmitt að eignast sams konar skýrslur til þess að geta flutt vinnuaflið á milli atvinnugreina og jafnvel landshluta, ef með þyrfti. Lögin um vinnumiðlun eru þarna byrjunin, og mundi litlu þurfa að bæta við kostnað skrifstofanna til þess að þær gætu gert slíkar skýrslur og hagstofan svo unnið úr þeim mánaðarlega. Tillgr. þessi fer því í sömu afturhaldsáttina og flestar hinna, og við mundum með því

að gera slíkar samþykktir vera að ganga aftur á bak í gröfina.

Þá er lagt til í 11. gr., að lög um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga verði afnumin. Hann hefur þó komið að miklum notum og ríkið hefur ekki haft mikil útgjöld hans vegna, en honum hefur verið varið til þess að lækka tillög sveitarfélaga, sem hafa mjög há útgjöld vegna ómagaframfærslu; og er hætt við, að þeim þætti súrt í brotið, ef hann væri afnuminn.

Vel má vera, að ýmislegt í l. um almannatryggingar mætti betur fara, enda eru þær að fara í endurskoðun eða hún er þegar hafin skv. brb.-ákvæðum, er sett voru í l. í upphafi. Mér er ekki vel ljóst, hvað vakir fyrir hv. flm. með þessari till., og vildi spyrja hv. 5. þm. Reykv.: Telur hann t. d., að ellilífeyririnn sé of hár, sjúkradagpeningarnir of háir, eða of langt sé gengið í því að veita örkumla mönnum styrk? Hvað vill hann láta gera í þessu sambandi? Síðan alþýðutryggingal. voru sett og komu til framkvæmda, hafa ýmsar þjóðir, sem ekki eru komnar eins langt og við, breytt tryggingalöggjöf sinni í svipað horf og er hjá okkur, enda er löggjöf okkar samin að brezkri fyrirmynd, er hefur þótt svo merkileg, að í sjálfri háborg auðvaldsins, Bandaríkjunum, hefur Truman forseti lagt fyrir þingið tryggingalöggjöf, sem mjög er reist á sama grundvelli. Alþýðutryggingalöggjöfin er vissulega eitt af því fáa, er við getum hrósað okkur af að hafa verið með á undan öðrum, sem síðar hafa tekið það upp eftir okkur. Ef við ættum nú, svona nýlega eftir setningu hennar, þegar við vöktum talsverða eftirtekt í öðrum löndum með því að vera á undan mörgum með þessa löggjöf, að fara að draga úr henni, þá mundum við vekja eftirtekt á gagnstæðan hátt, og mundi þá draga úr vegsemdinni. L. munu nú vera í endurskoðun, eins og ég gat um áður. Ég geri ráð fyrir annmörkum á þeim, enda eru þau svo ný, að endurskoðun er nauðsynleg. Stórir lagabálkar eru samdir á stuttum tíma, og við framkvæmd kann sitthvað að koma í ljós, en ég geri ráð fyrir, að útgjöld almannatrygginganna eigi frekar eftir að fara vaxandi og að það sé mjög í samræmi við aldarandann og þarfir almennings. Ég man þá tíð fyrir mörgum árum, þegar ég átti sæti í bæjarstjórn með hv. 5. þm. Reykv., að á hverju ári var sett n. til úthlutunar ellistyrks, og hann var um 40—80 kr. á mann. Elliviðbótin okkar eru enn ekki á þann veg, að þeir, sem njóta þeirra, geti lifað áhyggjulausu lífi. En þó hafa þær gengið í þá átt, að þeir, sem njóta þeirra, þurfa ekki að lifa á bónbjörgum eins og áður. Þeir, sem áttu ekkert til, lentu þá óhjákvæmilega á sveitina. Ég vona, að hv. 5. þm. Reykv. eigi ekki við það með till. sinni að koma á að nýju hinu gamla lagi, og ég veit, að þótt till. sé komin fram, þá er um hana sem till. um afnám orlofsfjárins, að hún á fáa formælendur á Alþ. Sumir flokkar eru henni algerlega mótfallnir, og innan hinna flokkanna ræður að sumu leyti skilningur á málinu og að öðru leyti ótti við kjósendur, að slíkar till. eiga engum byr að fagna. Hv. 5. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. hefðu því getað sparað sér þetta ómak, því að þeir vita, að mikill þorri þessara 15 liða er raunverulega dauðadæmdur nú þegar eða áður en til atkvgr. kemur.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Ég sé, að tímanum er úthlutað naumt, en skal reyna að ljúka máli mínu á hinum stutta tíma, er mér er ætlaður, þó að óvíst sé, að ég geti það.

Tveir hv. þm. hafa nú talað síðan ég mælti fyrir till. okkar 3. þm. Reykv., þeir hv. þm. V-Húnv. (SkG) og hv. þm. Ísaf. (FJ). Það er sjálfsagt ekki ætlazt til þess, að ég taki mál þeirra til meðferðar lið fyrir lið, sbr. þskj. 525, en ég skal byrja á aðfinnslunum að formi þessarar till.

Hv. þm. V-Húnv. gat þess, að sjálfsagt hefði verið fyrir okkur flm. að flytja hvern lið út af fyrir sig, og færði sem ástæðu, að þótt hann eða aðrir kynnu að vera með einum lið, væru þeir á móti hinum og því gæti hann ekki annað en fellt alla till. í heild. En þessum hv. þm. mun vera kunnugt um, að frv. eru í köflum og mörgum gr. um sérgreinda efnishluti og sum jafnvel í tugum eða hundruðum gr. Nú er það svo um mig og e. t. v. fleiri, að ég kann að vera algerlega mótfallinn einstökum atriðum í einhverjum l., og þá er aðferðin sú að koma fram með brtt. við frv., og síðan verður hver þm. að gera það upp við sjálfan sig, hvort hann metur meira efnið, er hann er samþykkur, eða hitt, sem hann telur vera til óþurftar, og atkvæðamagn ræður síðan úrslitum málsins. Svipað er á komið hér. Till. er í 15 liðum. Er opin leið að koma með till. um viðauka, og hlýtur þetta að ganga sömu leið og lagafrv. Menn koma fram með brtt. sínar, að sumu leyti til að bæta um form, öðru til að bæta inn í og enn öðru til að fella úr, og þegar atkv. hafa gengið um þær, má gera ráð fyrir, að það standi eftir, sem réttur þingmeirihluti er fylgjandi. En ég held, að það sé ekki nógu mikil athugun á bak við aðfinnslurnar, því að við flm. höfðum það í huga, að margt af þessum 15 liðum er sett með l., og til fimm liða af ellefu þarf lagabreyt., og þetta útheimtir vinnu vegna skipulagsbreytinga. Síðan er og sjálfsagt, að hæstv. ríkisstj. fjalli um undirbúning þessa, og við meinum að láta koma fram þingvilja, hvort þessu skuli breytt eða ekki. Þyrfti og að leggja slíkt fyrir öndvert þ., til þess að tími ynnist til, að málin fengju afgreiðslu til samþykktar eða synjunar.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að eigi yrðu allir sjálfstæðismenn með till. Ég veit ekkert um það og vil ekkert um það segja. Við flm. höfum borið þessa till. fram upp á eigin eindæmi og höfum ekkert reynt fyrir okkur um fylgi þessara till. Vegna þeirra ummæla minna, sem ég viðhafði í sambandi við afgreiðslu fjárl., þegar ég mælti fyrir till. okkar, sagði hv. þm. V-Húnv., að það væri rétt, að fjármál ríkisins væru komin í öngþveiti, og voru þau orð þó sterkari en mín. En hitt er alveg satt, að ég tók fram, að ríkisreksturinn væri orðinn svo áhættusamur og fjárfrekur, að ekkert vit væri í að halda lengur áfram á þeirri braut. Og þm. úr öllum flokkum hafa látið orð falla í þessa átt, að það horfði til vandræða, hversu rekstur ríkisins væri orðinn fjárfrekur á stofnfé og rekstrarfé. En hv. þm. sagði, að það væri ekki óeðlilegt, því

að sjálfstæðismenn hefðu farið með fjárstjórn ríkisins í 10 ár. Væri því von, hvernig komið væri. Það er nú hægt að varpa fram staðlausum stöfum, og er ekki undarlegt, þó að menn fálmi eftir hálmstráum að hanga í, þegar þeir eru að kafna í málefnaleysi. Nú, það er vitanlega Alþ. og stj. sú, sem það velur, er fer með fjármál ríkisins. Það er vitað mál, að Sjálfstfl. hefur eigi haft síðustu 10 árin nema hér um bil þriðjung þm., og á þessum árum hefur flokkurinn eigi farið með stjórn landsins einn í eitt einasta ár. Hann hefur oftast verið í minni hluta. Þýðir ekkert að vitna til þess, að fjmrh. hafi verið úr flokki sjálfstæðismanna. Verk hans er aðeins að framkvæma þingvilja, bæði varðandi fjárlög og þál. og ýmsa löggjöf. En það skiptir hins vegar máli, hverjir sitja í stj. Og því vil ég skýra hv. þm. V-Húnv. frá því, sem hver þm. mun vita eða flestir, að síðast liðin 10 ár var hin gamla framsóknarstj. við völd með Alþfl. í 1½ ár, og árið 1938 var greiðsluhalli rúmar 3 millj. kr., og þá voru fjárl. þó ekki nema um 17½ millj. kr. Árið 1939 er hallinn um rúmar 3 millj. kr., en fjárl. tæpar 18 millj. kr. En þá gafst Framsfl. hreinlega upp við fjármálastjórn landsins, og sjálfstæðismenn komu til að bjarga, því að þá voru hengjandi skuldir á ríkinu og allt að sökkva. Greiðsluhalli hjá ríkinu verður aldrei annað en skuldasöfnun. 1940 skiptir að sönnu ekki mikið um. Þá eru sjálfstæðismenn teknir við, og tekjuafgangur verður tæpar 2 millj. Árið 1941 verður sjóðhækkun, sem nemur rúmum 11½ millj. kr., en skuldaaukning milli 10 og 11 millj., svo að þarna verður ofurlítill afgangur. Árið 1942 verður talsvert mikill rekstrarafgangur og sjóðhækkun, en skuldaaukning 14 millj. kr., en rekstrarhagnaður og sjóðhækkun nemur þó um 3 millj. kr. yfir. Þá er það 1943, en þá er víst utanþingsstj. við völd. Þá er sjóðlækkun 2½ millj. kr., en skuldalækkun nemur um 14½ millj. kr., og verður greiðsluafgangur tæpar 12 millj. kr. Árið 1944 er lakara. Þá er um 4 millj. kr. sjóðlækkun og skuldahækkun 2 millj. kr., en rekstrarafgangur verður þó rúmar 3 millj. kr., svo að greiðslujöfnuðurinn er þá hagstæður. Nú hverfur Framsókn úr stj., og aðrir taka við. Skiptir þá svo um, að rekstrarafgangur árið 1945 verður um 10 millj. kr. og skuldalækkun nemur rúmum 13 millj. kr., svo að greiðsluhagnaðurinn nemur milli 20—30 millj. kr. alls, en Framsókn hvergi nærri, — blessunin. Árið 1946 verður rekstrarhagnaðurinn 28.4 millj. kr., en sjóðlækkun 4 millj. kr. Þá eru eftir rúmar 24 millj. kr. Skuldahækkun nemur þá 10 millj. kr. Verður greiðsluhagnaðurinn því rúmar 14 millj. kr., — Framsókn hvergi nálægt. En árið 1947 kemur blessuð Framsókn aftur, og þá er skuldahækkunin 64 millj. kr., en útkoma ársins annars 74 millj. kr. óhagstæður greiðslujöfnuður. Og blessuð vinkonan okkar heldur áfram að vera í ríkisstj., en mér hefur verið sagt hjá ríkisbókhaldinu, að 20 millj. kr. greiðsluhalli verði á árinu 1948, og þar er Framsókn með. Nú er það þetta ár, en ég held, að þessi upptalning sé nægileg. Hún sýnir, að það er hreint ekki rétt, að allt fari í verri átt, þegar Sjálfstfl. fer með fjármálastjórnina. En hún sýnir annað: Þegar Framsókn er við völd, er alltaf öngþveiti og greiðslutap, og því minni áhrif sem hún hefur, þeim mun minni er „skandalinn", og þegar hún fór burt, kom rekstrarafgangur, sem við höfum verið að eta upp síðan. Þetta er staðreynd. Má og minna á gjarnan, þótt eigi liggi fyrir áreiðanlegir efnahagsreikningar ríkisins, að 1927, þegar Framsókn tók við völdum, var skuldlaus eign ríkissjóðs 20 millj. kr., en 1939, eftir 12 ára stj., þegar Sjálfstfl. kemur í stj., hefur hún staðið nokkuð í stað, eða er um 22 millj. kr. En hver er hún nú? Ja, reikningurinn fyrir 1945 er hinn síðasti, sem til er, og sýnir 130 millj kr. skuldlausa eign ríkissjóðs. *(GJ:* Er Súðin talin með?) Allar eignir eru taldar með, en fasteignir eru taldar með fasteignamati, en bókfærð eign varðandi skipin er lágt metin. Góðar eignir eru verðbréfin. Lélegu eignirnar, eða þær, er gefa eigi arð, eru byggingar. En yfirleitt er hér um góðar eignir að ræða, þó að þær séu ekki arðsamar allar, og í árslok 1947 mun hin skuldlausa eign vera orðin um 160—170 millj. kr.

Þótt ég hafi nú verið að berja lóminn, er það eigi vegna þess, að ríkissjóður sé ekki sjálfur í rauninni vel stæður. Ef metið er með varúð, þá er fjárhagurinn eiginlega góður. En það er þrátt fyrir það ekki heppilegt, að ríkið sé að festa sig í vafasömum rekstri, sem getur þá og þegar bakað því stórkostleg útgjöld og jafnvel gert það gjaldþrota fyrr en varir.

Ég sé nú, að hæstv. forseti er orðinn órór, þar sem fundartími mun vera liðinn, og mun ég því fresta frekari umr. um þetta mál.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

36. Borgaraleg samtök.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um borgaraleg samtök í landinu [183. mál] (A. 526).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

37. Þjóðvörður.

Á deildafundum 8. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um þjóðvörð [187. mál] (A. 542).

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

38. Þátttaka skólanemenda í landsmálastarfsemi.

Á 65. fundi í Sþ., 12. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um bann gegn þátttöku skólanemenda í landsmálastarfsemi [189. mál] (A. 552).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

39. Óeirðirnar 30. marz 1949.

Á 93. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka tildrög og eðli óeirðanna 30. marz 1949 [194. mál] (A. 571).

Á 96. fundi í Nd., 2. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 97., 101. og 102. fundi í Nd., 3., 5. og 6. maí, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 108. fundi í Nd., 13. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Flm. þessa máls, hv. þm. Siglf. (ÁkJ), getur af mjög gildum ástæðum ekki setið fund í dag, en hins vegar hringdi hann til mín nýlega og bað mig að flytja þau tilmæli hér fyrir sína hönd, að þetta mál mætti verða afgr. til n., þó að hann mætti ekki til að mæla með málinu, enda telur hann, að grg. till. segi það, sem hann óskar að taka fram á þessu stigi. Ég mun því ekki eyða lengri tíma í það að svo stöddu að ræða málið, en óska eftir því, að það mætti nú ganga til n., og mér skilst, að það hljóti að vera allshn., sem þar kemur fyrst til greina.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Fyrir þá, sem sátu hér á þingfundi í grjótkastinu hinn 30. marz, er þessi till. allfurðuleg, og ég held, að hún sé flutt af meiri ósvífni en nokkurt annað mál, sem sézt hefur á Alþ. Það er alveg furðulegt að bera það fram hér, að þm. viti ekki, hverjar voru orsakir og hvert var eðli þeirra óeirða, sem þá urðu hér við þinghúsið. Ég skal ekki fara neitt út í rökstuðninginn fyrir þessari till., því að hann er vitanlega alveg eins og till. sjálf, alveg með fádæmum. Á bls. 6 í grg. till. segir, að lögreglustjóri hafi tekið á ólöglegan hátt að sér stjórnina í alþingishúsinu. Eins og hv. þm. muna, þá vék forseti Sþ. úr sæti, eftir að atkvgr. hafði farið fram um málið, og óskaði eftir því, að þm. sætu kyrrir í sætum sínum meðan hann véki sér frá. Þegar hann kom aftur, lýsti hann því yfir, — og ég hygg sem sinni ósk, en ekki annarra, — að þm. væru beðnir að fara ekki úr húsinu, nema í samráði við lögreglustjóra. Þetta, að forseti Sþ. ber fram þessa ósk úr forsetastóli, leyfir flm. sér að kalla það, að lögreglustjóri hafi tekið að sér stjórn í þinghúsinu á þessum degi. — Af öðru furðulegu vildi ég leyfa mér að benda á ummæli á bls. 7 í þessu þskj., þar sem svo er komizt að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt bendir þetta til þess, að hér hafi verið um fyrir fram undirbúna pólitíska „provokation" af hálfu ríkisstj. og lögreglustjóra að ræða, sem átti að gefa tilefni til aðgerða af hálfu ríkisvaldsins og lögreglunnar til að hefta starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og Sósíalistaflokksins."

Mér er ekki alveg ljóst, hvaða orð á að hafa um svona ósvífni. Ég þekki í raun og veru engin orð yfir svona ósvífni. Það er vitanlegt, að sá undirbúningur, sem hafður var vegna árásarinnar á alþingishúsið, var ekki gerður af ríkisstj., heldur var hann gerður af Sósfl. og þeirra meðhjálpurum, og þeir einir höfðu hér undirbúning undir aðgerðir, sem voru berir að því að hafa hér bíl í grennd við alþingishúsið með hátalara til þess að gefa lýðnum fyrirskipanir. Og það er öllum vitanlegt, hverjir voru með þennan bíl. Það er vitanlegt, að einn þm. kallaði rangar og villandi upplýsingar út um einn gluggann á alþingishúsinu, glugga á Kringlu, og þeim upplýsingum var síðan útvarpað til lýðsins frá hátalara þess bíls, sem þarna var frá Sósfl. — Ég sé, að hv. flm. till. líkir þessum atburði við hinn alþekkta þinghúsbruna í Berlín 1933. Nú er það að vísu svo, að í þetta skipti var ekki gerð tilraun til þess að kveikja hér í þinghúsinu, en hins vegar ber húsið þess enn merki, að það var reynt að grýta þm. gegnum glugga þinghússins, og þessi árás á þinghúsið á það sameiginlegt með þinghúsbrunanum í Berlín, að það var einræðisflokkur, sem að henni stóð, og í þetta skipti hérna voru það kommúnistar, en ekki Nazistaflokkurinn.

Mér er ekki á neinn hátt skylt að svara fyrir lögreglustjórann hér á þessum vettvangi. En ég vildi segja það sem mína skoðun, að ef ekki hefði verið hér lögreglulið og öflug lögregla í þinghúsinu á þessum degi og öflugt hjálparlið, þá hefðu orðið hér meiri tíðindi en urðu, þó að þau yrðu að vísu nógu vond. Ég er sannfærður um það, að þeir, sem köstuðu hér grjóti inn um gluggana í því skyni að reyna að hæfa þm. og m. a. með þeim árangri, að einn þm. Sósfl. fékk glerbrot í auga, þeir hefðu, ef þeir hefðu komizt hér inn í þinghúsið, ekki látið sitja við það eitt að horfa hér á þm. Ég hygg, að undirbúningur Sósfl. að árásinni á þinghúsið hafi verið gerður í því skyni að vita, hvort ekki væri nú möguleiki til þess að brjótast hér til valda á þann hátt, sem kommúnistum alls staðar í heiminum er mest hugleikið. Ég hef heyrt sagt, að það standi hér einhvers staðar í þessari makalausu grg., að grjótið, sem hafi komið inn um gluggana, hafi virzt koma frá Austurvelli. Það er ljóst af þessari grg., að hún hefur verið til þess eins samin að lesa hana upp í útvarpinu, til þess að reyna að koma lygafregnum af þessum atburði til landsfólksins. Ég hygg ekki, að þessi till. eigi að fara til n. Ég hygg, að það ætti að afgr. hana annaðhvort á þann hátt, sem

ef til vill er einfaldastur, að fella hana frá frekari umr. eða athugun, ellegar þá að vísa henni frá með rökst. dagskrá, sem væri flm. mátuleg hirting, því að slíkur málflutningur þeirra, sem hafa staðið hér að slíkri svívirðingu og þjóðinni allri var gerð með atburðunum hér og árásinni á Alþ. 30. marz, á ekki annað skilið en að Alþ. láti í ljós á honum mestu fyrirlitningu. Mér er ekki ljóst, hvor aðferðin mundi vera réttari, en ég hygg þó, að svona sæmilega orðuð rökst. dagskrá mundi eiga bezt við í þessu efni. Og ég vildi óska þess, að áður en hér fer fram atkvgr. um að vísa málinu til n., þá fengi ég tækifæri til þess að athuga þetta mál, á hvaða hátt því væri bezt hrundið frá Alþ.

Umr. frestað.

Á 110. fundi í Nd., 16. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Nd., 17. maí, var fram haldið einni umr. um till.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hafi ég skilið hv. þm. Ísaf. rétt, þá mun hann vera frekar mótfallinn þessari till. og þeirri rannsókn, sem hún gerir ráð fyrir. Hann hóf mál sitt með því að segja, að hér væri um að ræða meiri ósvífni en hann hefði heyrt getið um í sölum Alþ. Hann fór nokkrum orðum um þetta og sagði að lokum, að hann ætti engin orð yfir þetta. En eftir að hv. þm. komst að þessari niðurstöðu, að jafnvel hann ætti engin orð, þá losnaði þó um málbeinið á honum í seinni hluta ræðunnar, og var formálinn fyrir hverri setningu: „Vitað er". — Hann hélt því fram, að af hendi Sósfl. hefði verið um fádæma ósvífni að ræða og það væri vitað, að hann hefði undirbúið óspektir og ætlað sér að komast að raun um, hve langt væri hægt að komast með handaflinu einu. Sem sé, hv. þm. Ísaf. átti engin orð, en þó var hitt og þetta vitað og ýmsu þannig þægilegt að slá fram. Ég held nú, að þeir, sem vilja hugsa um þetta mál í alvöru, geti ekki verið sammála hv. þm. Ísaf. um, að það sé einhver fádæma ósvífni að halda því fram, að hér sé þörf gagngerðrar rannsóknar. Og mér virðist satt að segja, að ekki verði hjá því komizt, vegna undrunar hans og orðleysis annars vegar og vizku hans hins vegar, að gera grein fyrir því, að rannsóknar sé þörf. En til þess að gera það svo sem skyldi, verður ekki hjá því komizt að ræða tildrög þessara atburða. Verður þá að byrja um síðustu áramót. Þá var það, að tveir hinir áhugasömustu leiðtogar íslenzkra stjórnmálamanna, sjálfur forsrh. (StJSt) og sjálfur formaður stærsta stjórnmálaflokksins, hv. þm. G-K. (ÓTh), töldu tímabært að kveða upp úr með það, að rétt væri og eðlilegt, að Íslendingar gerðust aðilar að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Og annar þessara virðulegu stjórnmálaleiðtoga, hv. þm. G-K., kvað svo að orði, að svo mjög riði nú á þátttöku Íslands, að óvíst væri, hvort nokkuð gæti orðið úr hinni fyrirhuguðu stofnun þess, ef Ísland yrði ekki með. Hann gat þess, að slíkt væri álit hinna fróðustu manna á hinn stóra heimsmælikvarða og væri því ekki fyrir okkur, fátæka og fáa, annað að gera en að hlusta á þeirra róm og hlýða honum, sjálfir værum við ekki um þessi mál dómbærir. Hann gat þess, að mikils mundi nú við þurfa, sem sé öflunar morðvéla og drápstækja, ef landið og þjóðin ætti að geta gegnt því hlutverki, sem því væri ætlað sem einum lið í Atlantshafsbandalaginu. Hæstv. forsrh. kvað ekki eins skýrt að orði í áramótaboðskap sínum, en ljóst var þó, hvert hann stefndi og hvert hann vildi fara. Hann áleit það rétt og sjálfsagt, að inn í Atlantshafsbandalagið skyldi þjóðin ganga. — Það er eðlilegt og ekki að ófyrirsynju, þó að þessar ræður stjórnmálaleiðtoganna leiddu til þess, að öllum almenningi fyndist nú tímabært að ræða málið allt fyrir opnum tjöldum. Það var ekki að ófyrirsynju, þó að félagasamtökin vildu taka málið á sína dagskrá og almenningur vildi ræða það á fundum og mannamótum, í blöðum og tímaritum. En það var nokkuð óvænt, sem þá gerðist, og það var, að frá herbúðum hæstv. ríkisstj. og ráðamönnum stjórnmálaflokkanna allra, sem að stj. stóðu, bárust í sífellu raddir um það, að ekki væri tímabært að ræða málið, sem sé, það var tekið undir það, sem kom fram í áramótaræðu hv. þm. G-K., að við ættum að hlýða á dóma annarra aðila, dóma erlendra manna, sem hefðu hina miklu yfirsýn um heimsmálin, en sjálfir ættum við að þegja, meðtaka boðskap þeirra og beygja okkur í auðmýkt. Þjóðin átti ekki að tala um þetta mál né mynda sér skoðanir um það. Það var sagt, að upplýsingar vantaði. Út af fyrir sig virðist mér, að þetta væri nokkurt rannsóknarefni, þó að vissulega felist það ekki beinlínis í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, að hv. þd. kjósi menn til að rannsaka þessa hlið málsins. — Annað var það, sem gerðist samtímis því, að þjóðin var svo mjög hvött til þess að segja sem minnst, en það var, að stærsti stjórnmálaflokkur landsins, Sjálfstfl., fór nú að æfa ýmsa af meðlimum sínum í vopnaburði. Það er vitað og upplýst, að á þeim tíma, sem þjóðin mátti ekki ræða um Atlantshafsbandalagið, voru menn kvaddir til þess úr félögum Sjálfstfl. og þá fyrst og fremst úr æskulýðsfélaginu Heimdalli og Óðni að taka þátt í æfingum í vopnaburði. Ég hygg þó, að vopnin, sem notuð voru, hafi ekki verið öllu skæðari en kylfur, en meðlimir þessa stjórnmálaflokks áttu að fá og fengu æfingu í meðferð þeirra. Ég hygg, að hv. þm. Ísaf. mundi einhvern tíma hafa verið þess sinnis, að það væri full ástæða til rannsóknar, þegar upplýst er, að stjórnmálaflokkar í landinu fara að æfa meðlimi sína í vopnaburði, — þegar það liggur fyrir, að ungir menn í skólum landsins — og á ég hér fyrst og fremst við Menntaskólann — afsaka kunnáttuleysi sitt einn daginn með því, að þeir hafi verið að æfingum í vopnaburði með Heimdellingum. Ég endurtek það, að ég hygg, að sú hafi verið tíðin, að hv. þm. Ísaf. hefði þótt slíkt vera rannsóknarefni. En nú er öldin önnur. Ef minnzt er á að rannsaka slíkt, þá fellur honum allur ketill í eld. Hann á engin orð. Já, svona er það að hafa eitt sinn verið verkalýðsleiðtogi og hafa síðar gerzt hluthafi í félaginu Aðstoðarihald h/f, en þessi hv. þm. er, sem kunnugt er, einn af stóru hluthöfunum í því fyrirtæki og álítur hlutverk sitt þar það eitt

að gæta hagsmuna í hlutafélaginu og berjast fyrir íslenzka auðmanna- og yfirstétt. Þegar þetta er athugað, þá verður það skiljanlegra, að hann á engin orð, þegar um það er rætt, að fram fari rannsókn á atburðum, sem m. a. eiga rót sína að rekja til þess, að stjórnmálaflokkur íslenzkrar yfirstéttar og auðmannastéttar grípur til þess að reyna að kenna meðlimum sínum vopnaburð. Ef til vill eru einu áhyggjur hv. þm. þær, að h/f Aðstoðaríhald hefur ekki fengið að senda menn í þennan æfingaskóla íslenzkrar yfirstéttar. Ef til vill er það þess vegna, sem hann er svona gersamlega orðlaus. Ef til vill er það þess vegna, sem hann síðar í ræðu sinni fær málið aftur og hefur þá ekkert fram að bera annað en staðhæfingar út í loftið. Tíminn líður fram, Heimdellingar æfa sig, og þjóðinni er sagt, að það megi ekki ræða Atlantshafsbandalagið. Eigi að síður er málið rætt. Það er rætt í blöðum og á mannfundum, og ljóst verður, að aldan gegn þátttöku Íslands í þessu bandalagi rís hærra og hærra. En jafnhliða gerast hrópin um það, að ekki megi ræða málið, háværari, og jafnhliða er hert á heræfingum Heimdellinga og Óðinsmanna. Að sjálfsögðu verður Aðstoðaríhald h/f stöðugt virkari og virkari þátttakandi í undirbúningi þeirra atburða, sem eru í aðsigi. Það er svo ekki ástæða til þess að fjölyrða mikið um það, þegar þrír ráðh. flugu úr landi vestur um haf til þess að tala við mennina, sem vissu og við áttum að taka við boðskapnum frá, samkvæmt því, sem hv. þm. G-K. hafði skráð um í áramótahugleiðingu sinni. Það er ekki heldur mikil ástæða til þess að rifja það upp, að þeir undarlegu atburðir gerðust, að áður en íslenzka þjóðin vissi um vesturför hinna þriggja, hafði frændþjóð okkar, Norðmönnum, verið sagt frá förinni í blöðum sínum. Og það er ekki heldur mikil ástæða til að rifja það upp, að þegar þessar hetjur komu að vestan, hafandi væntanlega í fórum sínum sannleikann allan varðandi hið fyrirhugaða bandalag, þá verður það ekki, sem hefði mátt vænta, að nú væri sagt við þjóðina: Nú er málið upplýst og nú skulum við fara að ræða það, því að þetta er mál íslenzku þjóðarinnar. Nú skulu menn mynda sér skoðanir um það, og þjóðin á að láta Alþ. vita, hver sé hennar vilji. Og ef svo virðist, sem einhver ágreiningur sé um það milli Alþ. og þjóðarinnar, milli kjósenda og þm., þá er bezt að láta lýðræðið gilda og lofa ykkur kjósendum að skera úr um málið með atkvgr. — Það er öllum vitanlegt, að ef þannig hefði verið á málum haldið, þá hefði málið verið rætt fyrir opnum tjöldum. Þjóðin hefði fengið að heyra rök og gagnrök og ugglaust komizt að þeirri niðurstöðu, að maður skyldi ætla, að engu þyrfti að leyna, og niðurstaðan hefði svo orðið sú, sem þjóðin vildi, eftir að hún hefði hlýtt á rök beggja aðila. Og eitt er víst, að ef þetta hefði verið gert, hefði allt gerzt með friði og spekt og að réttum l., því að slíkt er eðli Íslendinga, þannig vilja þeir fjalla um stjórnmál, og þannig fjalla þeir um stjórnmál, þegar haldið er á þeim að réttum l. og samkvæmt venju. En hér átti þetta ekki að gerast. Það átti ekki að ræða málið fyrir opnum tjöldum, ekki heldur eftir að ráðh. þrír voru búnir að tala við háæruverðugan utanrrh. Acheson og fá hjá honum allar upplýsingar, þannig að málið lægi fyrir fullkomlega skýrt og greinilegt. Nei, það átti ekki að gerast. Það, sem þm. sjá næst, er lögregluvörðurinn við alþingishúsið og í því. Það, sem vitað er næst, er það, að þingfundur er kallaður saman á óvenjulegum tíma, kl. 10 að morgni, og því er ekki gleymt að skipa lögregluliðinu kringum húsið og inn í það. Hæstv. forseti Sþ. gengur í forsetastól og vill nú halda áfram fundi án afláts, eða án þess að gefa þm. venjuleg frí til að matast eða til að fá sér kaffi. Hann vill halda áfram í sífellu. Hér má umfram alla muni ekkert gera fyrir opnum tjöldum. Hér á umfram alla muni að koma í veg fyrir, að þjóðin fái tíma til að kynnast málinu og segja sitt álit um það.

Ég vík að því aftur, að ég er sannfærður um það, að eitt sinn var sú tíð, að hv. þm. Ísaf. hefði þótt sem hér væri alleinkennilega á málum haldið. Einhvern tíma hefði hann sagt, að þetta væri ofbeldi og einræðisbrölt og að hér ætti að gefa þjóðinni tóm til þess að athuga þetta stóra mál og dæma um það með þjóðaratkvæði. En það er annað að vera baráttumaður fyrir verkalýðshreyfinguna á Ísafirði, Akureyri eða hvar sem er á landinu, eins og hann var, eða vera einn af stóru hluthöfunum í Aðstoðaríhald h/f. — Nú átti forseti Sþ. öruggan bakhjarl, þegar hann braut venjur og rétt á þm., þegar hann fór með þingsköp á hinu tæpasta vaði og braut þau jafnvel. Nú átti hann öruggan bakhjarl, þar sem var þessi hluthafi í Aðstoðaríhald h/f, hv. þm. Ísaf., fyrrverandi verkalýðsleiðtogi og sósialdemokrat. Það gat ekki hjá því farið, að öllum almenningi á strætum og gatnamótum virtist sem eitthvað væri að gerast í alþingishúsinu. Það er ekki hversdagsleg sjón að sjá röð lögregluþjóna við alþingishúsið, og það er ekki hversdagslegt að frétta það, að þm. gefi sér ekki tóm til að neyta matar, heldur sé fundi haldið áfram í sífellu og ræðutími manna skorinn niður þegar við 1. umr. málsins og á fyrsta fundi, sem málið er rætt á. Þetta leiddi til þess, að nokkur hópur manna tók að safnast að þinghúsinu hinn 29. marz, þegar þessi atburður var að gerast innanhúss. Þetta hlaut svo að fara af þeim ástæðum, sem ég hef þegar greint, og einnig af þeirri ástæðu, sem alkunn er, að ætíð ber svo til, þegar lögreglan í Rvík sýnir sig einhvers staðar og einhvern tíma með sérstökum hætti, búin kylfum og hjálmum og mætir þar, sem hún er ekki vön að vera, að þá dregst þar að nokkur hópur ærslagjarnra unglinga, sem hefur það sér til ánægju, sem þeir kalla „að gera at í lögreglunni“. Þetta gerðist hinn 29. marz. Hópur slíkra manna kom að þinghúsinu, og einnig kom þar að nokkur hópur forvitinna borgara, sem staðnæmdust um stund og vildu vita, hvað væri að gerast. Öllum heilvita mönnum er ljóst, að það var ekkert annað, sem dró þetta fólk að þann 29. marz en hinn óvenjulegi lögregluvörður við þinghúsið og þær óvenjulegu starfsaðferðir, sem þar voru um hönd hafðar. Allir vita, að ekkert var skipulagsbundið hjá þessu fólki. Enginn var að smala einum eða neinum á vettvang. — Þá gerist það líka til tíðinda síðar þetta kvöld, að út úr

húsi einu, sem stendur við Austurvöll, samkomuhúsi Sjálfstfl., kom hópur unglinga, sem dreifði sér hér við Austurvöll, og víst er um það, að í sama mund gerist það, að farið var að kasta eggjum og smásteinum í þinghúsið. Nú ætla ég, að sú hafi tíð verið, að hv. þm. Ísaf. hefði þótt við eiga að rannsaka að nokkru, hvað var að gerast, þegar hann í fyrsta lagi veit, að meðlimir úr félagi Sjálfstfl. hafa verið að æfa vopnaburð um langt skeið, þegar hann í öðru lagi veit, að síðla kvölds 29. marz kemur mikill hópur manna út úr flokkshúsi þessa flokks, og í þriðja lagi, þegar hann veit, að þegar þessi hópur er dreifður hér framan við þinghúsið, á Austurvelli, Kirkjustræti og hér í kring, þá gerast hér ærsl og óspektir, að vísu með mjög líku sniði og að jafnaði gerist hér á gamlaárskvöld, og vel má vera, að drögin að þessu eggjakasti og því steinkasti, sem barna átti sér stað, hafi ekki verið nein önnur en ærslafýsn nokkurra unglinga, sem álíta það sérstakt sport „að gera at í lögreglunni". Ég skal engan dóm á það leggja, en hitt ætla ég þó rétt, að hv. þd. kjósi menn til að rannsaka þessa atburði.

Nú er þess enn að minnast, að þegar þingfundi var lokið þetta kvöld, þá leit hæstv. forseti svo á, að svo mjög lægi nú á að hraða málinu, að vel gæti komið til mála að halda þingfundinum áfram um nóttina og afgreiða málið í húmi næturinnar. Frá þessu hvarf hann þó, svo sem kunnugt er, og boðaði til fundar kl. 10 næsta morgun, hinn 30. marz. Nú er það öllum kunnugt, að þennan morgun var lögregluvörður, enn strangari en nokkru sinni fyrr, um þinghúsið. Og að sjálfsögðu fór eins og áður, að lögregluvörðurinn dró að sér nokkra athygli og slæðing af fólki, sem fór fljótlega að staðnæmast fyrir framan þinghúsið og virða fyrir sér þessa kynlegu varðsveit. — Þá er það næst til tíðinda, að formenn þingflokkanna, stjfl. þriggja, senda út fregnmiða og biðja friðsama borgara að mæta framan við þinghúsið milli kl. 12 og 1 eða síðar, og að því er bezt varð skilið, áttu þeir að vera Alþ. til aðstoðar við að afgreiða það mál, sem fyrir lá. Þeir áttu að vera eins konar varnarsveit fyrir Alþ. Líka gerðist það, sem einnig er alkunnugt, að á mótum Lækjargötu og Fríkirkjuvegar var boðað til fundar þennan sama dag af verkalýðsfélaginu Dagsbrún og fulltrúaráði verkalýðsfélaganna. Fundur þessi var haldinn kl. 1, og var þar borin fram og samþ. einróma, með miklum fjölda atkv., áskorun til Alþ. um að láta þjóðaratkvæði ganga um málið. Enn var haldið þeirri stefnu, sem var upp tekin af Sósfl. og Þjóðvarnarfélaginu og öðrum þeim, sem vildu, að málið sætti eðlilegri meðferð. Enn var þess krafizt, að þjóðaratkvæði yrði látið ganga um málið að þjóðin sjálf fengi réttinn til að dæma, og satt að segja var því trúað af mörgum, að ef Alþ. fengi nógu greinilega að heyra þær raddir, sem kröfðust þjóðaratkvæðis, þá mundi það, þótt ekki væri fyrr en á elleftu stundu, snúa frá villu síns vegar, gera skyldu sína og leggja málið í hendur kjósenda og segja við þá: Ykkar er valdið, dæmið þið. — Þessi fundur reyndi svo að koma á framfæri við Alþ. till. um þjóðaratkvæði og gerði það. En undirtektir voru engar hjá hv. stjórnarflokkum, því að það var fyrir fram ákveðið, að málið skyldi ekki rætt, fyrst með því að víkja málinu frá umræðum þjóðarinnar á þeim forsendum, að það væri ekki upplýst, og síðar með því að hespa það í gegn hér á Alþingi, þó að brjóta þyrfti venjur og rétt á þm. og þó að brjóta þyrfti þingsköp og þó að kalla þyrfti til lögreglu að standa vörð um húsið. En lögreglan var ekkert annað en sýnilegt tákn hinnar slæmu samvizku í brjóstum þeirra manna, sem brutu rétt á þjóð sinni.

Það er alkunn staðreynd, að hinir friðsömu borgarar brugðust vel við kalli formanna stjórnarflokkanna. Þúsundum saman mættu þeir á Austurvelli, sumpart hlýðnir þessu kalli, sumpart af forvitni, og það, sem þeir sjá, er röð lögregluþjóna framan við þinghúsið. Ekki voru þeir þó alveg upp við vegg hússins eða dyr, því að á bak við þá var nokkurt svæði eftir skilið, fullskipað mönnum. Vissu menn fyrst ekki gerla, hverju þetta sætti, en brátt fengu menn upplýsingar um, að þarna væri komið liðið, sem þátt tók í heræfingum Sjálfstfl. Morgunblaðið hefur upplýst, að nöfn þessa liðs séu skráð. Það er vafalaust rétt, og mun skrána að finna á skrifstofu Sjálfstfl. Morgunblaðið hefur líka upplýst, hvað þessi hópur var fjölmennur: nákvæmlega 927 manns. Það liggur nú í augum uppi, að þessi röð lögregluþjóna og þessir bakverðir lögreglunnar hafa verkað ögrandi gagnvart þeim mönnum á Austurvelli, sem allajafna hafa gaman af að „gera at í lögreglunni", svo að mál götunnar sé notað, og í raun og veru gat það tæpast dulizt neinum, að hjá því færi ekki, að undir svona kringumstæðum notuðu einhverjir tækifærið til þess, að „gera at" og sýna, að þeir væru „kaldir", svo að aftur sé gripið til orðaforða götunnar. Ugglaust voru það slíkir unglingar, sem fleygðu eggjum og moldarhnausum í lögregluna og hina 927 að baki þeim. Eitt atriði er geysiathyglisvert í þessu sambandi, og það er, að hin fjölmenna, vel búna og vel æfða lögregla gerði enga tilraun til þess að halda aftur af þessum mönnum. Hún bara stóð grafkyrr í sinni röð, og engir lögregluþjónar voru sendir til þess að hasta á þá, sem voru með óspektir. Það er þó vitað, að í því efni getur lagin lögregla miklu áorkað. Hygg ég, að hér sé komið að hinni fyrstu stóru spurningu þessa dags: Hvers vegna hagaði lögreglan sér svona? Vafalaust hefur verið sú tíð, að hv. þm. Ísaf. hefði talið þetta rannsóknarefni. Nú óska ég eftir að taka það skýrt fram, að ég tel, að ekki komi til mála, að hér sé um að ræða tilviljun eða vanrækslu einstakra lögregluþjóna, heldur hafi þeir haft skipanir um að hegða sér svona. Ég þykist þekkja starf götulögreglunnar svo vel, að ef ekki hefðu legið fyrir sérstök fyrirmæli, þá hefðu lögregluþjónarnir tekið sér fyrir hendur að reyna að stöðva þá, sem ollu ærslum með skít og eggjakasti. Að öðru leyti var myndin af Austurvelli þennan dag sú, að þar voru sannarlega friðsamir borgarar, því að reykvískir borgarar eru friðsamir. Þeir stóðu þarna rólegir og reyktu sínar pípur og sígarettur, lesandi sinn eftirmiðdags-Vísi, og góða veðrið virtist hafa á þá góð áhrif, svo að jafnvel hinir alvarlegustu atburðir röskuðu ekki ró þeirra, enda vissu þeir sem var, að bezt er

að taka slíku með stillingu og æðruleysi. Þó bar það við, að nokkrir menn fóru að syngja ættjarðarsöngva, svo sem eins og til að undirstrika þann vilja sinn, að hin íslenzka móðir mætti lifa frjáls „sem vindur á vog og vötnin með straumunum þungu". Enn voru nokkrir menn inn á milli, sem kölluðu „þjóðaratkvæði!" til þess að láta þm. vita, að þjóðin vildi fá málið í sínar hendur. Þannig var að líta yfir Austurvöll. Þar var fjöldi friðsamra borgara í góðu veðri, stilltir og prúðir, ýmsir syngjandi ættjarðarsöngva og kallandi „þjóðaratkvæði!" en innan um voru svo nokkrir strákar, sem vildu „gera at". Framan við alþingishúsið stóð lögreglan með hjálma og kylfur og hreyfði ekki hönd eða fót til þess að aftra ærsladrengjunum frá þeirra starfi, en bak við þá hið æfða lið stærsta stjórnmálaflokksins á Íslandi, Sjálfstfl. Og nú líður og bíður. Allt í einu gerist óvæntur atburður. Dyr þinghússins opnast, og nú eiga ýmsir von á því að sjá lögreglustjóra koma út og segja við borgarana sína: Það er nú búið að afgreiða málið, og verður ekki aftur snúið. Nú fer ég fram á, að þið farið heim og a. m. k. gerið engan óskunda. — Ef til vill hafa menn svo búizt við að sjá hávirðulegan forsrh., sem ásamt form. hinna tveggja stjórnarflokkanna kvaddi fólkið á Austurvöll, koma og halda smátölu yfir fólkinu og sýna fram á, hvaða dáð hann og Alþingi væri nýbúið að drýgja. Svo mundi hann þakka boðsgestum fyrir komuna og biðja þá því næst að hverfa heim. Þá hafa menn kannske einnig búizt við að sjá sjálfan yfirleikara íslenzkra stjórnmála, hv. þm. G-K., koma næstan í einhverju sinu gervi, mælandi eitthvað á þessa leið: Hér hefur mikið verk verið unnið. Alþingi hefur samþ. að ganga í Atlantshafsbandalagið. Ég er þakklátur ykkur fyrir að hlýða boði mínu og koma hingað og vera vitni að því, sem hér hefur gerzt, og farið þið nú heim með friði. — Enn hafa menn svo e. t. v. vænzt þess að sjá augasteininn hans Jónasar Jónssonar, sjálfan Eystein Jónsson, fjármálaspeking Framsfl., lítandi kannske nokkuð á ská á mannfjöldann og segjandi sem svo: Ég, hinn mikli fjármálaspekingur Framsfl., segi ykkur, að við höfum tryggt fjárhag ríkisins og framtíð þjóðarinnar. Þakka ykkur fyrir komuna. Haldið heim. — En enginn af þessum mönnum lét sjá sig. Út úr húsinu kemur hópur af drengjum, berandi hjálma á höfði, kylfur í höndum og borða um hægri handlegg, og eina fyrirskipunin, sem þessir drengir fengu, var: Berjið! Og þeir gengu nú í hópinn á Austurvelli og börðu eftir því, sem kjarkur og kraftar leyfðu. Það er ekki að efa, að þótt reykvískir borgarar séu friðsamir, þá eru þeir skapmenn og ekki aumingjar. Þeir gátu ekki annað en tekið á móti þessum lýð, og það var gert með hnúum og hnefum og jafnvel grjóti, og hver getur undrazt það? Hver er svo dáðlaus af þm. að þola aðgerðalaust að láta bjóða sér sem friðsömum borgara niður á Austurvöll og síðan berja sig eins og hund? Svo kemur lögreglan, og hún fór með meiri siðmenningu. Lögregluþjónarnir kunnu betur sitt starf, að undanskildum örfáum. Hún reyndi að ýta mannfjöldanum frá, en gat það ekki, enda gat ekki hjá því farið, að hún mætti andstöðu borgaranna, þegar á þá var ráðizt. Og svo kemur þriðja atriðið. Yfir hina friðsömu borgara er varpað táragasi án undangenginnar aðvörunar. Það er nú ekki að furða, þótt nú gerðist róstusamt á Austurvelli, þótt rúður væru brotnar og slys yrðu á mönnum, og sýnir það bezt, hve stilltir Reykvíkingar eru, að slys urðu ekki meiri. Einhvern tíma hefði hv. þm. Ísaf. talið ástæðu til að rannsaka þetta, en ef til vill er rannsókn á þessu óþörf fyrir hann. Hann veit ef til vill svo ofur vel, hvað gerðist. Hann veit t. d., að í flokksherbergi Framsfl. og sennilega í flokksherbergi Alþfl. líka voru þessa dagana, eða a. m. k. þennan dag, geymdir Heimdellingar, Óðinsmenn og aðrir flokksbundnir sjálfstæðismenn. Þar voru einnig vopnin þeirra, kylfan og hjálmurinn, og sælgætið þeirra, ameríska gasið. Ugglaust veit hv. þm. Ísaf. líka, hver tilgangurinn var með þessu. Ugglaust veit hann líka, að þessir menn voru þarna upp á kaup, og ugglaust veit hann, að þeir, sem fengu aðgang að pöllunum á vegum Alþfl. og Sjálfstfl., þeir voru einnig upp á kaup, enda ýmsir þeirra ráðnir í slagsmálasveit Sjálfstfl. og búnir að njóta æfinga lengi sem slíkir. — Ég tók eftir því, að einn heildsalinn, hv. 1. þm. Reykv. (BÓ), skellti hurð og skauzt inn í ráðherraherbergið, og ég skil hann, skil hann vel. — Hv. þm. Ísaf. telur það ekki rannsóknarefni, hvers vegna lögreglustjóri gerði enga tilraun til þess að stilla til friðar á Austurvelli. Hann telur ekki heldur rannsóknarefni, hvers vegna friðsamir borgarar voru barðir með kylfum og yfir þá var kastað táragasi án viðvörunar. Hann telur ekki heldur þörf á að rannsaka, hvers vegna engin tilraun var gerð til þess að fá hina friðsömu borgara Rvíkur og nokkra drengi, sem voru með óspektir og ærsl, — hvers vegna engin tilraun var gerð til þess að fá þá til að vera rólega og sýna engin ærsl eða æðrumerki. Mér finnst þetta rannsóknarefni. Hv. þm. telur ekki heldur ástæðu til að rannsaka, hvers vegna Sjálfstfl. hafði æft menn sína í vopnaburði vikum saman. En nú skal ég segja hv. þm. frá minni skoðun á því hlutverki, sem Sjálfstfl. lék þennan dag. Liðinu var skipt. Einn hluti þess stóð að baki lögreglunnar framan við alþingishúsið, 927 manns. Hvert var hlutverk þeirra? Dettur nokkrum í hug, að þessir berhentu og sennilega loppnu unglingar, loppnu í orðsins upphaflegu merkingu eða þeir, sem ekki geta valdið verkfæri, dettur nokkrum í hug, að þeir hafi átt að vera baksveit lögreglunnar, sem kæmi henni til aðstoðar? Nei, enda telur lögreglan þá hafa verið sér til óþæginda, en einhver tilgangur hlaut að vera með því að láta þá standa þarna, og eina hugsanlega skýringin er þetta: Sveitin átti að ögra almenningi. Þetta voru — á vondu máli — „provókatörar", sem áttu að ögra, æsa. Annað hlutverk gátu þeir ekki haft. Það er vitanlega mikil ögrun í því að skipa lögregluþjónum framan við alþingishúsið, en að baki þeim hóp útvalinna manna úr ákveðnum stjórnmálaflokki. Þetta var ögrunarsveitin, hinir 927, sem æfðir voru í flokkshúsi Sjálfstfl. og skráðir þar og æfðir úti á viðavangi við kylfuburð og hjálm, en þó ekki með þessi tæki þá. Þetta var fyrsta sveit, „provókatörarnir".

Önnur sveitin var svo inni í sjálfu alþingishúsinu, fyrst og fremst í herbergi bændaflokksins, Framsfl., frjálslynda samvinnuflokksins. Sú hafði barefli og hjálma, sem sé vopn og verjur. Þessari sveit var hleypt út til að berja friðsama borgara, og til hvers? Til þess að fullkomna starf þeirra, sem að baki lögreglunnar stóðu, „próvókatöranna".

Það sýndi sig, að svo var stilling og skapfesta reykvíska borgara mikil, að egningarsveitirnar, „próvókatörarnir", dugðu ekki til. Það þurfti menn með kylfur og hjálma. Þetta var önnur deild Sjálfstfl. Til hennar þurfti að grípa til þess að fá reykvíska borgara til að varpa jafnvægi sínu. En ég hygg, að Sjálfstfl. hafi átt fleiri skipulagðar sveitir þennan dag. Ég hygg, að hann hafi átt tvær í viðbót. Ég tel ákaflega miklar líkur á, að þeir, sem byrjuðu að kasta aur og eggjum í þinghúsið að kvöldi hins 29. marz, og þeir, sem hófu sama leikinn um hádegi 30. marz, hafi verið út sendir af Sjálfstfl. Mjög auðvelt hlaut að vera að koma þessu af stað, því að liðveizlu mátti vænta frá drengjunum, sem njóta þess að „gera at" í lögreglunni, eins og alþekkt er á gamlaárskvöld. Þá hygg ég, að Sjálfstfl. hafi átt fjórðu sveitina á Austurvelli þennan dag. Ég hygg, að á Austurvelli hinn 30. marz hafi verið fjórða sveit Sjálfstfl., skipulögð til að bera vitni, — ljúgvitni, ef ekki vildi betur til. Það hefur komið ljóst fram síðan, að þau vitni, sem kölluð hafa verið í hinum svo nefndu réttarhöldum út af óeirðunum, eru yfirleitt flokksbundin í Heimdalli. Og meira að segja innan skólanna hafa þessir piltar komið fram með kærur á skólasystkini sín, og framkvæmdastjóri Heimdallar, Jóhann Hafstein, hefur, að því er fullvíst er talið, getað haft áhrif á, að slíkar kærur væru dregnar til baka. — Þetta var fjórða sveit Sjálfstfl. Þá er hringurinn lokaður.

Nú þykir mér skylt að verja nokkrum tíma til að gefa skýringu á því, hvers vegna alls þessa þótti við þurfa. Sú skýring er tiltölulega auðveld. Við þurfum þá fyrst að vera minnugir þess, að við lifum í þjóðfélagi, þar sem fámenn auðstétt ræður lögum og lofum, þar sem kjör alls almennings, verkamanna, bænda, smáframleiðenda og smáútvegsmanna, eru sniðin eftir því, hvað hin fámenna auðstétt telur sig geta látið af hendi rakna. Þessi auðstétt á heilan stjórnmálaflokk, hún hefur skapað hann og viðheldur honum, gefur honum allt sitt gildi og baráttumátt. Sá flokkur er Sjálfstfl. Hlutverk hans er að tryggja, að ríkisstj., löggjafarvald og dómsvald séu í þjónustu auðstéttarinnar, svo að tryggt sé, að þjóðin fái aldrei stærri hlut af þeim verðmætum, sem hún aflar, en auðstéttinni þykir henta. Og auðstéttin og flokkur hennar hafa náð furðulegum tökum á íslenzku stjórnmálalífi. Þessi tök tryggir hún sér með því að ná samningum til skiptis við þá þrjá flokka, sem íslenzk alþýða hefur myndað sér sem baráttutæki. Hún hefur t. d. náð samstarfi við minn flokk, Sósfl., sem er fulltrúi og málsvari verkalýðs- og láglaunastéttanna. Til allrar hamingju varð það samstarf ekki langt, en það varð lærdómsríkt, og því er óhætt að treysta, að sá flokkur mun ekki, a. m. k. með þeirri forustu sem hann hefur nú, fara aftur inn á þá braut. Nokkru betur hefur orðið ágengt með gamla verkalýðsflokkinn, Alþfl. Hann hefur Sjálfstfl. í raun og veru innlimað svo gersamlega í sitt baráttukerfi, að þessara flokka sér nú ekki lengur skil, og það er þess vegna, að ég leyfi mér í ræðu minni að gefa honum nafnið Aðstoðarihald h/f. Þennan flokk hefur auðstéttin og Sjálfstfl. innlimað í sitt baráttukerfi, og hann hefur sama hlutverk og stór hlutafélög, í fyrsta lagi að vernda hagsmuni hluthafanna sjálfra og í öðru lagi kapitalið. Nú er rétt að taka það fram, að varla er til svo spillt borg, að ekki finnist þar fáeinir réttlátir. Og réttlátir menn finnast líka í Alþfl., sem neita að ganga inn í Aðstoðarihaldið h/f. En þeir eru í minni hluta og ráða engu um stefnu flokksins. Þá hefur auðstéttinni í þriðja lagi tekizt að mynda náið bandalag við þann flokk, sem kennir sig við samvinnu og vill berjast fyrir bændur og hina snauðu yfirleitt, Framsfl. Ég vil ekki hafa um hann sömu orð og um Alþfl., en þó er það víst, að til eru nokkuð margir menn í þeim flokki, sem eru orðnir svo stórir hluthafar í einkafyrirtæki auðstéttarinnar, að þeir eiga tæplega afturkvæmt þaðan. Aðrir standa fjær dyrum og sumir utan dyra.

Þrátt fyrir allt þetta, sér nú auðstéttin íslenzka fram á það, að völd hennar eru ekki trygg í landinu. Hún sér íslenzkri alþýðu vaxa ásmegin, sér hana auðgast að þekkingu og skilning hennar á eðli þjóðfélagsins aukast stöðugt og hraðfara. Auðstéttin veit, að þetta er tákn tímanna, veit, að þetta er brumið á hinum íslenzka þjóðarmeiði, sem gæti boðað vorið, gæti boðað það, að auðstéttin yrði að láta af höndum auð sinn og völd, að almenningur fengi að njóta þess, sem hann aflar og framleiðir, og afætustéttin yrði óþörf. Og svo langt er komið þessari þróun, að þegar auðstéttin stendur frammi fyrir því, að fjármálaþróunin er orðin slík, að vandamál krefjast úrlausnar, sem ekki verða leyst nema annaðhvort á kostnað auðstéttarinnar eða almennings, þá efast hún um, að hægt verði að bjóða almenningi að leysa þau einhliða á hans kostnað.

Nú gerist það, sem er engin nýlunda og form. Framsfl., Hermann Jónasson, hefur lýst vel, að þegar auðstéttin er komin í þessa aðstöðu og auk þess gerspillt og rótfúin, þá leitar hún trausts og halds hjá erlendu auðvaldi. Hún veit, að ekkert í heiminum er eins alþjóðlegt og kapitalið og þeir, sem ráða yfir því. Í þessu skyni hefur hún lagt á okkur fjötra Marshalls- og Atlantshafssamninganna og með því tengt okkur hinum stóra vagni ameríska auðmagnsins. En þrátt fyrir allt gæti verið hættulegt að gera þetta, ef verkalýðshreyfingin væri vel vakandi og alþýðu á Íslandi væri ljóst, hvað er að gerast. Þetta gæti orðið hættulegt auðstéttinni, ef verkalýðshreyfingin ætti vel skipulagðan og stóran stjórnmálaflokk, sem gæti verið vopn í höndum hennar engu síður en Sjálfstfl. í höndum auðstéttarinnar.

Mergurinn málsins er þessi: Þessi stétt og þessi flokkur er á því þróunarstigi, að hún telur sig þurfa að grípa til örþrifaráða til að hindra starfsemi frjálsrar verkalýðshreyfingar og sós-

íalistiskra flokka. Það er ekki einhlítt að hafa Framsfl. og Alþfl. ásamt Sjálfstfl. til þess að stjórna Alþýðusambandinu, ef eftir eru frjáls samtök frjálsra manna og vel upp byggður stjórnmálaflokkur, sem heldur fast á málstað alþýðunnar í landinu. Þetta þróunarstig er alþekkt úr sögunni, og þegar auðstétt einhvers lands er komin á það stig, þá er komið „vor" fasismans, og það orð vil ég biðja þingritarana að hafa í gæsalöppum. Þá er komið „vor" fasismans, með öllum þeim vormerkjum, sem því fylgja. Og aðfarirnar eru þekktar frá öllum þeim auðvaldslöndum, sem þessa braut hafa gengið. Stjórnmálaflokkar auðstéttarinnar búast nú vopnum. Við þekkjum það frá Ítalíu, Þýzkalandi, Portúgal, Grikklandi, Spáni, Rúmeníu o. s. frv. Stjórnmálaflokkarnir búast vopnum. Það er fyrsta einkennið. Egningarnar, „próvókasjónirnar" hefjast. Þessir flokkar — skipulagt lið — ganga að því með oddi og egg að reyna að egna til átaka. Tilefni eru búin til, ef ekki vill betur til, sbr. hið alþekkta dæmi um ríkisþinghúsbrunann í Þýzkalandi, sem yfirlýst var af nazistum, að orðið hefði af völdum kommúnista, og notað sem merki til allsherjar atlögu gegn kommúnistum og verkalýðshreyfingu Þýzkalands. Þetta er hið annað einkenni, egningarnar. — Þá er þriðja einkennið: Einkenni ljúgvitnanna. Þessir gjaldþrota flokkar yfirstéttarinnar skipuleggja ljúgvitni og láta þau votta, að kommúnistar og forustumenn úr verkalýðshreyfingunni hafi verið staðnir að verkum, sem þeir hafa ekki nálægt komið, sbr. vitnaleiðslurnar út af þinghúsbrunanum.

Allt hefur þetta nú gerzt á Íslandi. Í fyrsta lagi hefur ákveðið stjórnmálafélag verið vopnað. Þá hefur verið reynt að egna til óeirða og skapa þannig átyllu til ofsókna gegn verkalýðshreyfingunni. Og loks hefur verið skipulagt ljúgvitnalið Heimdallar til þess að bera vitni í þessu máli. — Nú má svo ekki gleyma einum þætti, sem hlýtur að sigla þarna í kjölfarið, en það eru réttarofsóknirnar. Í auðvaldsþjóðfélagi, sem er komið á stig fasismans, hætta dómstólarnir að vera hlutlausir og gerast verkfæri í þjónustu hinnar ráðandi stéttar og flokka og réttarofsóknirnar hefjast. Þannig hefur svipurinn verið á þeim svokölluðu rannsóknum, sem farið hafa fram út af þessum atburðum undir handleiðslu sakadómarans í Rvík. Það, sem einkum er spurt um þar, er þetta: „Í hvaða stjórnmálafélagi ertu?" Hér er ekki verið að leita skýringa á atburðunum. Hér er ekkert hlutlægt að gerast. Það er verið að leita að ákveðnum mönnum úr ákveðnum flokki og sökum á hendur þeim. Og þetta eiga að heita réttarrannsóknir! Það eru réttarofsóknir.

Sem sagt, allir þeir atburðir, sem gerðust í sambandi við inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, voru ein samfelld keðja, allt frá heræfingum Sjálfstfl. til réttarofsókna sakadómara, og þessa keðju átti að leggja sem fjötur um fætur hinnar íslenzku verkalýðshreyfingar og Sósfl. Þetta er mergur málsins.

Ég skil það vel, að hv. þm. Ísaf. skuli ekki eiga nein orð til að lýsa undrun sinni yfir því, að það skuli vera farið fram á, að þetta mál verði rannsakað. Viðbrögð hans eru viðbrögð eins hinna seku. Hann vill ekki rannsókn, hann óttast hana. Og hann mun ugglaust gera sitt til þess, að þd. vísi þessu máli frá á einn eða annan hátt. En hitt er víst, að málinu verður ekki þar með vikið frá dómstóli þjóðarinnar og sögunnar. Þjóðin mun vissulega dæma í þessu máli, og sagan mun vissulega dæma í þessu máli. Hún mun skrá það skýrum stöfum, að þann 29. og 30. marz 1949 var gerð stærsta, bezt undirbúna og markvissasta tilraun til að innleiða fasisma á Íslandi, sem um getur. Aldrei hefur íslenzk yfirstétt sem þá vandað sig með allan undirbúning og verið jafnákveðin í að láta skríða til skarar og hefta framgang verkalýðshreyfingarinnar og Sósfl. og tryggja enn um sinn auð sinn og völd í landinu.

Ég verð að segja, að mér er ekki alveg ljóst, hvernig hv. þm. ætla að svara kjósendum sínum, þegar þeir verða spurðir: Hvers vegna vilduð þið ekki, að Alþ. rannsakaði þetta mál? Hvers vegna mátti rannsókn ekki fara fram? Það var hægt að nefna til úrvalsmenn úr öllum flokkum. Í þeirra hópi hlutu að vera beztu lögfræðingar landsins til að kveðja til að upplýsa málið. Hvað var að óttast? Því ekki að rannsaka málið? Eða er með það eins og Atlantshafsbandalagið sjálft, að eigi megi ræða það? En ekki má gleyma atburðinum sjálfum, og hann er sá, að þann 30. marz, þegar mannfjöldinn var samansafnaður, voru allmargir menn með ljósmyndavélar og kvikmyndavélar. Þeir tóku myndir af því, sem gerðist. Ég hef heyrt lýsingu á þeim. Þær hafa verið sýndar á heimilum og allmargir fengið að sjá þær. En hér hefur þó gerzt undarlegur atburður. Þegar eigendur myndanna vildu sýna þær og kvikmyndahúsin taka þær sem aukamyndir, þá kemur lögreglustjóri til og bannar það. Hvers vegna? Þessar myndir eru eitt af því, sem málið varðar, er það er rannsakað. Í sama mund gerist það, að í hinu mikla landi, Ameríku, sem hv. þm. G-K. segir, að við verðum að hlýða, eru slíkar myndir sýndar sem aukamyndir. Hvað veldur? Hví megum við ekki sýna myndirnar af atburðunum 30. marz? Hví mega ekki friðsamir borgarar sjá myndir af sjálfum sér? Hví ekki sjálfstæðismenn? Hví ekki lögreglan? Eða hinir 927? Hvers vegna er verið að dylja þetta?

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta mál. Skoðun mín var sú, að umr. væru tiltölulega óþarfar, því að margt hefur verið sagt um málið. En hv. þm. Ísaf. virtist eitthvað smeykur. Hann þurfti að ræða málið af hinni alkunnu snilld sinni, sem enginn efast um, og gáfum, er heldur enginn efast um, og mælsku sinni. Þá þótti mér ástæða til að segja nokkur orð. En ég álít, að d. ætti að vera þess vel umkomin að greiða atkv. um málið. Sé hins vegar óskað eftir umr., skal ekki standa á mér. Mun þá verða fleira, er ræða þarf um. Má og enn benda d. á, að margt er þess eðlis, að það ætti að rannsaka.

Forseti (BG): Mér hefur borizt rökst. dagskrá frá þremur hv. þdm., svo hljóðandi:

„Þar eð alþm. voru sjónarvottar að óspektunum við alþingishúsið hinn 30. marz s. l. og er því öllum ljóst, hverjir sök áttu á þeim, og

málið auk þess er í rannsókn hjá sakadómara, telur neðri deild Alþingis tillögu þessa tilefnislausa og lætur í ljós undrun sína yfir flutningi hennar, jafnframt og hún átelur málflutning þm. Siglf. í grg. till., og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Finnur Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Sigurður Kristjánsson."

Ég býst ekki við, að tóm gefist eða ástæða sé til mikilla ræðuhalda, því að ljúka á deildarstörfum í dag, og mun þetta verða síðasti fundur d. *(SigfS:* Ég mundi verða að halda langa ræðu um þessa till.) Fundi er frestað. Svo sjáum við, hverju fram vindur. — [Fundarhlé.]

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég sé hér hina rökst. dagskrá, sem hefst á orðunum: „Þar eð alþm. voru sjónarvottar að óspektunum við alþingishúsið hinn 30. marz s. l. og er því öllum ljóst, hverjir sök áttu á þeim, og málið auk þess er í rannsókn hjá sakadómara" o. s. frv. Það er nú svo. Upphaf málsins hjá hv. flm. er, að alþm. hafi verið sjónarvottar að atburðunum 30. marz og meira en það. Þeim er því öllum ljóst, hverjir áttu sök á þeim, en þrátt fyrir það er mál þetta til rannsóknar hjá sakadómara. En augsýnilega er rakakeðjan ekki alveg óbrotin. Þetta er allt saman ljóst, en samt sem áður er málið í rannsókn hjá sakadómara. Nú vil ég spyrja hv. flm., hvort þeim sé ljóst til hlítar þáttur Sjálfstfl. í þessu máli, hvað því olli, að þessi flokkur hélt uppi heræfingum vikum saman, áður en til þessara atburða dró. Það er dagsanna, að unglingur í einum af skólum bæjarins bar það fyrir sig, að hann hefði ekki getað lesið vegna þess, að hann hefði verið á æfingu hjá Sjálfstfl. Það er dagsatt, að æfingar fóru fram, og þar sem hv. flm. vita allt svo vel, ættu þeir einnig að vita tilganginn með þessum æfingum. Þeir vita þá sennilega, hver var tilgangurinn með þeim óvenjulega hraða, sem var á afgreiðslu málsins, og ástæðuna til þess, að það var hindrað, að málið væri rætt á almannafæri, og eins tilganginn með því að skipa 927 manna sveit fyrir framan alþingishúsið, þegar málið var afgreitt. Það er fleira, sem þeir þurfa að upplýsa, þar sem þeir vita þetta allt svo dæmalaust vel. Þeir þurfa einnig að upplýsa, hvernig á því stóð, að hin fjölmenna lögregla gerði enga tilraun til að hindra þá unglinga, sem voru með ærsl á Austurvelli. Hví stóðu þeir sem veggur fyrir framan hina 927, en höstuðu ekki á unglingana? Allt þetta hljóta hv. flm. að vita, úr því að þeir slá því föstu, að allir alþm. viti, hverjir áttu sökina. Þeim hlýtur að vera ljóst, hvers vegna lögreglustjóri fyrirskipaði árás á mannfjöldann án aðvörunar. Hvers vegna var ekki hafður eðlilegur háttur á þessu? Hvers vegna var ekki sagt við fólkið: Það er ósk lögregluyfirvaldanna, að þið hverfið héðan. Ef þið gerið það ekki, verður gripið til annarra ráða? — Þetta var ekki gert, en hvers vegna ekki? Það hljóta hv. flm. að vita og ber skylda til að skýra frá því, úr því að hér stendur, að þeir viti skil á orsök og tilgangi óeirðanna.

Þá er fleira skráð á þetta ágæta blað. Það er skráð á það, að þessir hv. þm. láti í ljós undrun sína yfir flutningnum og átelji málflutning hv. þm. Siglf. í grg. og vilji vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá. Það er ástæða til að svipast um, hvað þeir vilja átelja í grg. till. Það er ekki sæmandi að leggja málið undir atkv. d. án þess að fyrir þessu sé gerð grein. Undir þetta skrifar hinn brosandi þm. Ísaf. Ég skil hans undirskrift vel. Hann er stór hluthafi í Aðstoðarihaldi h/f og hefur fengið veglega stöðu sem innkaupastjóri ríkisins og er þar með orðinn stéttarbróðir innkaupastjóra Reykjavíkurbæjar, sem hefur það hlutverk að sjá um, að innkaup bæjarins fari í gegnum hina réttu heildsala. *(Forseti:* Ég vil benda hv. þm. á, að ræðutími hans er búinn, þar sem aðeins er um athugasemdatíma að ræða.) Ég skal benda á, að ég er hér í forföllum hv. flm. og á því rétt á 3 ræðum. Ég er sannfærður um, að þessi hv. hluthafi verður dyggur maður á sínum verði og sér um, að innkaupin lendi á réttum stað, og standi á verði fyrir íslenzka auðvaldið og aðalíhaldið. Hann er því á réttum stað. — Ég skil einnig vel hv. 5. þm. Reykv. Hann er þarna að tala úr sínum flokki, sem berst fyrir auðstéttina á Íslandi, og honum er ljóst, að hlutlæg rannsókn á atburðunum 30. marz er ekki heppileg fyrir húsbændur hans. En svo má segja: Og þú líka barnið mitt, Brútus. — Framsóknar- og samvinnumaðurinn hv. 2. þm. N-M., sem ekki er, svo að vitað sé, enn búið að innlima í varnarkerfi auðstéttanna og Sjálfstfl. og ekki vitað annað en hann sé einlægur samvinnumaður, sem vilji berjast fyrir snauða bændur á norðausturhjara landsins. *(HÁ:* Ekki með grjóti.) Það er sjálfsagt rétt, því að hv. þm. hefur fleiri tæki, sem henta honum betur. *(Forseti:* Ég vil beina þeirri eindregnu ósk til hv. þm., að hann ljúki máli sínu sem fyrst.) Ég er undrandi að finna hann í þessum félagsskap. Ég skil, að hið eiginlega íslenzka íhald vilji víkja þessu máli frá, en það sviptir engu af skyldu þingsins að skipa n. til að rannsaka málið, sem fær hina hæfustu lögfræðinga til að gera málinu skil.

Ég skal svo vegna góðs samstarfs við hæstv. forseta láta hér staðar numið, þótt ég hefði þurft meira en klukkutíma til að ljúka máli mínu.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs, var hin rökst. dagskrá, þar sem sagt er, að allir alþm. hafi séð atburðina 30. marz og vitað orsakir þeirra. Nú langaði mig til að vita, hvort þessir hv. þm., sem segjast vita allt um óeirðirnar, hafi ekki verið kvaddir til að gefa skýrslu hjá yfirvöldunum, sem hafa þetta til rannsóknar. Það er einkennilegt, þegar það kemur fram í þskj., að 3 þm. viti allt um óeirðir þessar, og langar mig til að vita, hvort þeir hafi ekki gefið sakadómara upplýsingar um þær, frekar en ég, sem var inni í þinginu og var samt kallaður fyrir sakadómara. Ég vil gera grein fyrir því, að ég var spurður um það, sem skeði utan þingsins og ég vissi ekkert um. En hafa þeir ekki verið kallaðir þessir hv. þm., sem allt þykjast vita um þessa atburði? En öll málsmeðferðin hér sýnir, að stjórnarfl. vilja ekki rannsókn á þessu máli. Ég var kallaður til rannsóknardómara af því, að ég flutti till. um mótmæli við samningnum og

kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu frá Dagsbrún og frá fundi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna sama dag, sem sumir segja, að hafi verið haldinn af skrílnum, og flutti kröfurnar inn í Alþ. til að fá svar við þeim hjá hv. þm. Ég held, að það hafi aldrei komið fyrir áður, að þm., sem ber fyrirspurn fram fyrir forseta, hafi verið kvaddur fyrir rétt vegna þess. Þetta er einsdæmi í þingsögunni, og ég held, að það eigi vart sinn líka, þó að víðar sé leitað. Ég kem hér inn í þingið og vil fá svar við kröfu um þjóðaratkvgr. Ég er kallaður fyrir sakadómara, en þeir hv. þm., sem lýst hafa því yfir í rökst. dagskrá, að þeim sé kunnugt um allt, sem að þessu máli lýtur, þeir eru ekki kallaðir fyrir. En hvert sem gengið var, voru lögregluþjónar, og ef maður vék sér frá, var maður undir lögreglueftirliti. Ég gerði ekkert annað en flytja samþykktir verkalýðsfélaga í þingið, en samt sem áður var ég kallaður fyrir rétt. Og um hvað var ég svo spurður? Ég var spurður, hvort ég hefði vitað um nefndina — ég var einn í n. — og hvort ég hefði vitað, að hátalari var á fundinum. Ég vissi það. En aðallega var ég spurður, hvort samþ. hefði verið, að þeir, sem færu með samþykktirnar, kæmu aftur með svarið. En til hvers var að bera fram samþykktirnar, nema að fá þeim svarað og flytja það til baka? Öll meðferðin á þessu máli bendir til, að það sé orðið saknæmt fyrir félag að halda fund og senda samþykktir, sem þar eru gerðar, til Alþ., og sá, sem fer með samþykktirnar, er tekinn fyrir sakadómara. En það hefur fyrir fram verið ákveðið, hvernig málið átti að fara, sem sést bezt á því, hverjir eru kallaðir fyrir, og allt þetta stafar af vandræðunum, sem heyrðist hvíslað 29. marz, hvort ekki væri hægt að taka þessa menn. En það voru vandræðin, að engin skipuleg árás var gerð, eins og þeir höfðu talið sér trú um, þar sem samvizkan var svo slæm, af því að málstaðurinn var svo vondur, að full ástæða hefði verið til skipulegrar árásar. En það varð bara ekki, af því að Reykvíkingar eru rólegir og seinæstir til vandræða, og af þessu stöfuðu vonbrigði stjórnarliðsins.

Ég vildi ekki láta því ómótmælt, að ég skyldi vera kallaður fyrir rétt, þó að ég vissi ekkert um þessi mál, aðeins af því, að ég færði inn í Alþ. samþykkt félags, sem ég er formaður í, og fulltrúaráðsins, þar sem ég er meðlimur.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Hvíldartími háseta á togurum.

Á 5. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til forsrh. um endurskoðun á gildandi lögum um hvíldartíma háseta á togurum [28. mál, 1] (A. 29).

Á 6. fundi í Sþ., 21. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 28. okt., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Á undanförnum þingum hef ég ásamt hv. 8. þm. Reykv. (SG) flutt frv. um breyt. á hvíldartíma háseta á togurum. Ástæðan fyrir því frv. hefur verið skýrð fyrir hv. þm., en hún er sú, að sá vinnutími, sem búið er að ákveða á togurum, sé allt of langur. Síðan það frv. kom fram, skeði það, sem búizt var við, að sjómenn tóku mjög fegins hendi við þessu frv. og sendu áskoranir til Alþ. um að samþykkja það, þannig að fyrir liggja áskoranir frá flestum togarahásetum hér á landi. — Á fyrsta þinginu, sem þetta mál var tekið fyrir, var því vísað til n., en minni hl. vildi samþykkja það. Á síðasta þingi fékk málið þó alltaf afgreiðslu, og lagði minni hl. til, að það yrði samþ. óbreytt, en meiri hl. vildi vísa því til ríkisstj. Við flm. töldum þetta ekki góða afgreiðslu og vildum, að þingið samþykkti frv. eins og það lá fyrir. Það, sem réð þeirri afstöðu okkar, var það, að sú aðferð, sem meiri hl. vildi beita, væri til þess að svæfa málið. Fleiri voru sömu skoðunar, en meiri hl. leit svo á, að málið ætti að fara til ríkisstj., og forsrh. gaf út yfirlýsingu þess efnis, að þessu máli yrði mjög hraðað. En nú er liðinn langur tími síðan og ekki kunnugt, hvort sú n., sem átti að athuga þetta, hefur starfað, en kunnugt er, að nefnd þessi var sett á laggirnar. Þess vegna er þessi fyrirspurn komin fram, að við flm. vildum, að það lægi skýrt fyrir, hvað það er, sem n. hefur gert.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og hv. 1. flm. fsp. hefur tekið fram, lagði hann ásamt öðrum hv. þm. fram frv. til l. um breyt. á l. um hvíldartíma háseta á togurum. Var máli þessu vísað til ríkisstj. 5. marz s. l., eftir að ég hafði gefið yfirlýsingu um það, að ég mundi fyrir mitt leyti hraða því, að þessi löggjöf yrði tekin til endurskoðunar. Sá háttur var á hafður af hálfu forsrh., að leitað var til sjómannafélaga Rvíkur og Hafnarfjarðar og þau félög í sameiningu beðin um að tilnefna tvo menn, — annan, sem þekkti sérstaklega vel til togara, og hinn, sem þekkti til mótorbáta. Á sama hátt var leitað til sambands íslenzkra útvegsmanna og þeir beðnir um að tilnefna tvo menn af sinni hálfu til endurskoðunar á löggjöfinni um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum. Það dróst, að tilnefndir yrðu menn af hálfu þessara aðila, en þar kom þó að lokum, að tilnefndir voru fjórir valinkunnir menn af hálfu þessara aðila. Þegar þeir höfðu verið tilnefndir, leit rn. svo á, að einnig mundi vera heppilegt að hafa með í ráðum einhverja valinkunna menn af hálfu ríkisvaldsins, færa í lögfræðilegum efnum, til þess að taka þátt í þessari endurskoðun. Það tókst að fá til þessa starfa þá Jónatan Hallvarðsson og Torfa Hjartarson, sem báðir eru kunnir embættismenn og báðir hafa einnig verið sáttasemjarar ríkisins í vinnudeilum. Þar að auki hafði annar þeirra, Jónatan Hallvarðsson, nokkra reynslu í þessum efnum, því að hann hafði einnig um skeið verið háseti á togara. Þessir menn tóku það að sér eftir beiðni minni að ganga einnig í þessa sömu n., og ræddi ég sérstaklega ýtarlega við þá um það atriði, sem þeir og óskuðu eftir, að þeir fengju tækifæri til að kynna sér löggjöf nágrannaþjóðanna á þessu sviði, sérstaklega þeirra þjóða, sem stunda fiskveiðar bæði á togurum og mótorbátum. En bæði er, að þessir embættismenn hafa mikið að gera, og svo eins hitt, að það er erfitt fyrir nefndir að starfa á sumrin, og varð því lítið úr störfum s. l. sumar, nema hvað n. kom saman og gerði ráðstafanir til að afla sér sem beztra upplýsinga í þessum efnum. N. mun nú eftir ósk minni hraða störfum og skila áliti sínu til forsrn. Ég get ekki sagt um það nákvæmlega, hvað langt störfum n. er komið, og ekki get ég heldur sagt á þessu stigi, hvenær vænta megi árangurs eða till. af hálfu n. En ég get lýst

því yfir, að ég hef fyrirskipað, að n. skuli hraða störfum sínum. Og það er ekki ætlun mín með skipun þessarar n. að setjast á málið til þess að svæfa það, heldur vil ég með þessu fá trygga og varanlega skipun þessara mála og þætti mest undir því komið, að gagnkvæmur skilningur tækist milli sjómanna og útvegsmanna í þessum efnum, þar sem þeir gætu mætzt, svo að um varanlega lausn málsins yrði að ræða. Ég vil endurtaka það, að ég hef enga tilhneigingu til að setjast á þetta mál, heldur vil ég, að málið leysist fljótt, og því vil ég heita, að þessi n. leiti sér sem allra fyrst upplýsinga um þetta mál, utan lands og innan, áður en hún gengur endanlega frá till. sínum til ráðuneytisins.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þessa skýrslu við þessari fyrirspurn. Í sambandi við ummæli hans um skipun þessarar n., sem hefur fengið málið til meðferðar, get ég tekið undir það, að ég tel, að vel hafi tekizt með skipun þessara manna. En ég verð að lýsa óánægju minni yfir því, hvað lítið n. virðist hafa gert þann tíma, sem hún hefur starfað, því að þótt maður viðurkenni, að sumarið sé ekki mikill starfstími, þá er þó nokkuð liðið síðan n. var skipuð og til þessa dags, og hæstv. forsrh. staðfesti það, sem ég hafði fregnað, að n. hefur ekki haldið nema einn fund á þessu tímabili.

Mér finnst heldur lítið um þá yfirlýsingu hæstv. forsrh., að hann hafi ekki tilhneigingu til að setjast á málið. En að sjálfsögðu fagna ég henni, þar sem hann er maðurinn, sem á að taka á móti till. þessarar n. og fylgjast með störfum hennar, en undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að þessi n. vinni betur í framtíðinni en hún hefur gert hingað til. Málið er þannig, að þó að það þurfi að rannsaka vel, þarf að hraða því svo sem tök eru á.

2. Landbúnaðarvélar.

Á 5. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. um vélaþörf landbúnaðarins og innflutning landbúnaðarvéla [28. mál, 2] (A. 29).

Á 6. fundi í Sþ., 21. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 28. okt., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram þessa fyrirspurn til hæstv. atvmrh. viðvíkjandi þessum hlutum. Að vísu hefur það komið fram, eftir að ég lagði fram þessa fyrirspurn, að hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir í þeirri fjögurra ára áætlun, sem hún hefur birt, allmiklum innflutningi á landbúnaðarvélum. Ef ég man rétt, hefur það komið fram í skýrslu hæstv. ríkisstj., að hún hafi gert áætlun um kaup á landbúnaðarvélum fyrir eitthvað um 60—70 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á því tímabili, sem áætlun hennar nær yfir. En þrátt fyrir þessar upplýsingar hefði ég talið æskilegt, að upplýsingar hefðu fengizt um viss atriði í sambandi við það, sem hér er spurt um. Í fyrsta lagi, hvort þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um þetta, eru byggðar á upplýsingum frá bændum sjálfum og félagasamtökum þeirra, svo sem búnaðarfélögum, búnaðarsamböndum og ræktunarsamböndum. Ég tel það hafa nokkra þýðingu í þessu efni, hvernig þessar áætlanir eru gerðar, hvort þær eru byggðar á óskum bændanna sjálfra og þeirra félaga eða hvort þær eru gerðar með öðru móti. — Þá hefði ég einnig talið æskilegt, að fengizt hefði sundurliðun á þessari áætlun, sem þegar hefur verið gerð af stj. um innflutning á landbúnaðarvélum, hvað þar er mikið áætlað til innflutnings á hverju fyrir sig, og loks, hvort stj. hafi gert nokkrar sérstakar ráðstafanir og þá hverjar til útvegunar á þessum vélum.

Ég sé að svo stöddu ekki ástæðu til þess að fara um þessa fyrirspurn mína fleiri orðum.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal reyna að leysa nokkuð úr þessum fyrirspurnum, eftir því sem ég get. — Þegar fjárhagsráð gekk frá innflutningsáætluninni fyrir yfirstandandi ár síðastliðinn vetur, þá var, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir innflutningi landbúnaðarvéla fyrir 6,9 millj. kr. Ríkisstj. lét við þetta sitja að svo komnu. Þó ræddi ég á fundi, sem fjárhagsráð átti við ríkisstj. um innflutningsáætlunina, um nauðsyn þess, að fluttir væru inn nokkrir jeppabílar á þessu ári, og benti á það, að sífelldar fyrirspurnir frá bændum um jeppabíla hrúguðust upp, bæði í stjórnarráðinu og víðar, og minnti á þá staðreynd, að nú þegar eru um 80 menn með innflutningsleyfi upp á vasann fyrir jeppabílum, sem ekki hefur verið fullnægt. Fjárhagsráð hefur tjáð ríkisstj. og staðið á því fast, sem ég tel ekki ástæðu til að rengja, að eins og innflutningsáætlunin væri útbúin væri útilokað á þessu ári að flytja inn jeppabíla, nema það gengi út yfir önnur landbúnaðartæki, og það vildum við ekki sætta okkur við. Þegar kom nokkuð fram á vorið, þá sýndi það sig, að búið var að ráðstafa það miklum leyfum til innflutnings landbúnaðarjeppa, samkvæmt upplýsingum fjárhagsráðs, að það voru að stranda hjá þessari stofnun beiðnir um innflutning á nauðsynlegustu landbúnaðarvélum, t. d. heyskaparvélum og enn fremur sláttuvélarljáum, þar sem svo langt var komið með leyfisveitingar í sambandi við þennan ákveðna lið. Ég skrifaði þá fjárhagsráði og lagði á það áherzlu, að þessi leyfi yrðu veitt, fyrst og fremst fyrir heyskaparvélum og nokkrum stórtækum vinnuvélum. Það bar ekki árangur í bili, en síðar fór ég á fund ráðsins og ræddi ýtarlega um þetta mál, og varð það úr, að viðbótarleyfi voru veitt fyrir þessum vélum, sem ég hef nefnt, heyskaparvélum, þó að talið væri, að þá væri búið að sprengja hina upphaflegu innflutningsáætlun. Hve mikið gefið hefur verið út af leyfum fyrir landbúnaðarvélum, veit ég ekki, en ég hef skýrslu frá viðskipta-

nefnd um það, hvernig þessum leyfum var komið 30. júní í vor, en samkvæmt henni var búið að gefa út leyfi fyrir landbúnaðarvélum á þessu ári, sem námu 7617840 kr., eða um 700 þús. kr. fram yfir það, sem áætlað hafði verið á innflutningsáætlun fjárhagsráðs. Eins og ég sagði, veit ég ekki, hvort miklu hefur verið bætt við frá þeim tíma, en hygg, að það hafi verið lítið. En frá því í júní var mér ljóst, að taka varð þessi mál fastari tökum. Þetta eru allt nauðsynlegar vélar, sem inn hafa verið fluttar, en mér var ljóst, að þær vélar, sem leggja þurfti mesta áherzlu á, voru hinar stórvirku vinnuvélar, sem jarðræktarsamböndin þurfa á að halda til starfa sinna, og að nauðsynlegt væri, að þær gengju fyrir öllum öðrum vélum. Af þessum ástæðum ákvað ég að láta gera áætlun yfir væntanlegar þarfir búnaðarsambandanna á næstu árum fyrir þennan vélakost. Ég fól Búnaðarfélagi Íslands að gera þessa áætlun, bæði vegna þess, að ég gat ekki staðið í þessu sjálfur, en þar að auki hefur Búnaðarfélag Íslands langmesta þekkingu á þessum hlutum og forgöngu fyrir bændastéttina, og lagði ég fyrir Búnaðarfélagið að koma þessari áætlun svo áfram til fjárhagsráðs, til þess að það gæti legið fyrir einhver grundvöllur fyrir innflutningsáætlun næstu ára. Frá þessari skýrslu gengu þeir í sameiningu búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri, og að henni gerðri var hún send til fjárhagsráðs hinn 30. júní í sumar. Í skýrslu þessari segir:

„Af 48 ræktunarsamböndum og ræktunarsambandsdeildum, er stofnuð hafa verið, hafa 7 alls engan vélakost fengið og flest hinna vantar einhvern hluta af áætluðum vélakosti.

Eftirfarandi tölur sýna vélavöntunina hjá samböndum, er byrjað hafa rekstur:

	Í notkun eru:	Áætluð þörf:	Vöntun dráttarvéla:
Beltisdráttarvélar ca. 30 ha.	18	33	15
———— — 40 —	17	33	16
———— — 50 —	4	4	0
Dráttarvélar til jarðvinnslu á hjólum 23—30 ha.	21	54	33
Samtals	60	124	64

Fyrir tveimur árum var áætluð þörf landbúnaðarins fyrir skurðgröfur, og er tala þeirra 55, en að framræslu eru nú starfandi 30 skurðgröfur. Vöntun á þeim er því 25. Ekkert hefur breytzt síðan, er raski þeirri niðurstöðu.

Nú eru 24 hreppabúnaðarfélög í landinu, sem enn hafa ekki fengið neinn vélakost, og ekki eru talin í framangreindum tölum, þar af 7 ræktunarsambönd og 13 einstök hreppabúnaðarfélög, og áætla ég nauðsynlegan vélakost þeirra:

15 beltisdráttarvélar 40—50 hestafla
8 dráttarvélar á hjólum 23—30 hestafla.

Vélakosti þeim, sem vantar, þurfa að fylgja tilsvarandi plógar, ein- til þriskornir, diskaherfi frá 16—32 diska, rótherfi, fjaðraherfi og dráttarvagnar til flutnings verkfæranna. Það er ljóst, að þau félög, sem engan vélakost hafa fengið, geta litlum framkvæmdum hrundið af stað í ræktun, þó að nokkur þeirra notist nú við gamlar, lítt nothæfar vélar, 10—15 ára, og einstöku heimili noti heimilisdráttarvélar, 16—19 hestafla, til jarðvinnslu. Það er því brýn nauðsyn, að sem fyrst fáist bætt úr þeirri vélavöntun, er hér um ræðir".

Ég held, að ég hafi svo ekki meira að upplýsa í þessu máli, en get aðeins sagt, að það hefur verið gert það, sem mögulegt hefur verið, til þess að byggja öruggan grundvöll undir innflutning landbúnaðarvéla á næstu árum. Hef ég lagt mesta áherzlu á það, að fyrst og fremst verði séð um, að ræktunarsamböndin, sem þegar hafa verið mynduð, verði ekki óstarfhæf vegna vöntunar á vélakosti, og er nauðsynlegt fyrir innflutningsyfirvöldin að standa í nánu sambandi við þá, sem hafa forustu á þessu sviði, svo að það sé tryggt, að það komi fyrst, sem mest á riður.

Finnur Jónsson: Ég vildi til viðbótar við þær upplýsingar, sem hæstv. atvmrh. hefur gefið, bæta við örlitlu.

Í bréfi Búnaðarfélagsins frá 22. sept. er tekið fram, að miðað sé við 4 ár, eða það tímabil, sem miðað er við í Marshalláætluninni. Síðan skrifaði Búnaðarfélagið annað bréf, þar sem það tók fram, að nauðsynlegt væri, að innflutningurinn væri ekki ríkskorðaður þannig, að jafnt væri skipt á milli ára, þar sem innflutningur vissra hluta væri aðkallandi.

Þann 17. sept. kom önnur áætlun, frá verkfæranefnd ríkisins, og er í henni miðað við 3 ár, gagnstætt því, sem er í áætlun Búnaðarfélags Íslands, þar sem miðað er við 4 ár. Þessar tvær áætlanir hafa það sameiginlegt, að í báðum er gert ráð fyrir um 60 millj. kr. innflutningi, en að öðru leyti er samræmið næsta lítið. Innflutningsmagn sömu vélanna er ákaflega mismunandi í þessum tveimur áætlunum, Búnaðarfélags Íslands og verkfæranefndar ríkisins, og virðist hafa verið ákaflega lítil samvinna milli þessara aðila um samningu áætlananna, jafnvel svo, að hvorugir hafi vitað af öðrum, og er þó hæstv. atvmrh. í stjórn Búnaðarfélagsins, svo að hann hefði átt að vita hvað þar gerðist. Ég sé hér t. d., að í áætlun Búnaðarfélagsins er gert ráð fyrir 80 dráttarvélum, en í skýrslu verkfæranefndar 156. Í skýrslu Búnaðarfélagsins er gert ráð fyrir 3500 sláttuvélum, en í áætlun verkfæran. 3000. Búnaðarfélagið áætlar 3500 rakstrarvélar, en verkfæran. 1500. Í áætlun Búnaðarfélagsins er gert ráð fyrir 4000 múgavélum, en fyrir 1500 í áætlun verkfæran. Þá er gert ráð fyrir 1500 jeppabifreiðum í áætlun Búnaðarfélagsins, en 2000 í áætlun verkfæran. Og þannig er hægt að halda áfram að telja upp þetta ósamræmi.

Ég skal nú engan dóm á það leggja, hvor áætlunin muni vera réttari, en mér finnst, að ganga þurfi úr skugga um það varðandi ein-

staka liði, hvora áætlunina skuli leggja til grundvallar, en þó fyrst og fremst það, hvort framkvæma skuli áætlunina á 3 eða 4 árum, og svo í öðru lagi, hve mikið magn af hverju fyrir sig skuli flutt inn. Ég vil nú á engan hátt vanmeta starf þessara aðila, ég veit, að Búnaðarfélagið hefur haft samstarf við starfsmann í fjárhagsráði. Og ég tel mig ekki dómbæran um það, hvor áætlunin muni vera réttari, en þar ber svo mikið á milli, að ekki er hægt að kalla þetta áætlun frá landbrn. eins og sakir standa; það er ekki einu sinni ákveðið, hvort hún skuli framkvæmd á 3 eða 4 árum. Ég ber að órannsökuðu máli traust til þeirra, sem samið hafa þessar áætlanir, en báðar er ekki hægt að leggja til grundvallar. Það væri vel, ef búnaðarmálastjóri, sem er hér á Alþ., vildi athuga, hvað á milli ber, og tilkynna réttum aðilum niðurstöður sínar, svo að unnt væri að ráða fram úr þessu á skynsamlegan hátt.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. þurfti að víkja af fundi, og ég tel því rétt, að ég svari hv. þm. Ísaf. nokkrum orðum. Ég skal taka það fram, að þessar tvær áætlanir eru samdar algerlega sjálfstætt. Ég vissi ekkert um það, að verkfæran. ynni að áætlun, og henni mun hafa verið ókunnugt um áætlun Búnaðarfélagsins. Þetta ætti þó ekki að saka mikið, og hv. þm. Ísaf. gerir úlfalda úr mýflugunni varðandi það ósamræmi, sem er á milli áætlananna. Eins og hv. þm. tók fram, þá kemur út hér um bil sama heildarupphæðin í áætlununum báðum, hvað vélaþörfina snertir, og skiptir það mestu máli; og varðandi allt, sem þarf til búnaðarsambandanna, er fullkomið samræmi, og skakkar aðeins svolitlu í upptalningu, þar sem öðruvísi er stillt upp. Algert samræmi er um smærri dráttarvélar, eða dráttarvélar af Farmallgerð eins og það er orðað. Báðar áætlanirnar gera ráð fyrir um 3000 dráttarvélum í 4 ár. Þetta er í rauninni grundvöllurinn að því að birgja landbúnaðinn upp af hinum nauðsynlegustu vélum. Ég hef ekki séð þessa áætlun verkfæranefndar fyrr en í dag, en ég sé, að um þetta aðalatriði ber ekki mikið á milli.

Hvað jeppana snertir, er munurinn 500; við áætluðum þá 1500, en verkfæranefnd 2000. Um það má auðvitað deila, hvort réttara muni vera, en ég skal geta þess, að ég fór viljandi varlega í að áætla innflutningsmagnið af jeppunum, en áætlaði tiltölulega fleiri Farmall-dráttarvélar, því að að notagildi komast jepparnir ekki til jafns við þær, þótt þeir séu þægilegir. Hv. þm. benti á ágreining um rakstrarvélar, en á það skal bent, að þær gilda mjög lítið fjárhagslega í áætluninni, og má um það deila, hve mikið á að áætla til uppfyllingar þeirra véla, sem ganga úr sér, og hve mikið af nýjum vélum til hreinnar viðbótar. Ég veit, að það má benda á einstaka liði, sem eru í ósamræmi af eðlilegum ástæðum, en það mundi vera auðvelt að fá út úr þessu algerlega heilsteypta áætlun. Ég tel ósamræmið ekki stórt, og það mun stafa af ókunnugleika hv. þm. á landbúnaðarmálum, að hann sér ekki, að slíkt ósamræmi er eðlilegt um áætlaða þörf á ýmsum tækjum, þar sem hvorugir vissu af öðrum. — Varðandi áætlunartímann þá var okkur uppálagt að miða við 4 ár og gerðum það að sjálfsögðu. Áætlunin er byggð á því, að vélaþörf landbúnaðarins á þeim tíma sé sæmilega fullnægt, og við lögðum áherzlu á það, þótt við miðuðum í heild við 4 ár, að á fyrsta árinu fáist innflutt tækin til búnaðarsambandanna sérstaklega, og sömuleiðis lögðum við áherzlu á það, að meira en ¼ dráttarvélanna fáist innfluttur á fyrsta ári og enn fremur ýmis önnur hin nauðsynlegustu tæki, þannig að sem fyrst sé bætt úr brýnustu þörfunum.

Hv. þm. nefndi enn misræmi áætlananna varðandi innflutning á sláttuvélum. Við gerðum ráð fyrir 3500 sláttuvélum, en verkfæranefnd fyrir 3000. Slíkt misræmi er ekki nema fullkomlega eðlilegur hlutur, þar sem eins er í pottinn búið, og finnst mér gæta tilhneigingar hjá hv. þm. til að gera meira úr ósamræmi áætlananna en það er í rauninni, hvernig sem á því stendur. Og það er meira að furða, hve víða er með þeim nær algert samræmi.

Hinn takmarkaði tími minn er víst á enda, en ég skal aðeins lýsa yfir því, út af ummælum hv. þm. Ísaf., að ég er fús til að taka til athugunar þessa áætlun og sjá um samræmingu, því að ég tel, að ekki beri meira á milli en svo, að auðvelt ætti að vera að koma á samræmi; það er nú þegar í þeim atriðum, sem mestu máli skipta.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra, að hv. 1. þm. Skagf. vill taka áætlunina til athugunar, því að ég sný ekki aftur með það, að mikið ber á milli í áætlununum um fjölda hinna einstöku verkfæra. Ég get enn bent á það til dæmis, að verkfæranefnd gerir ráð fyrir 156 beltisdráttarvélum, en Búnaðarfélagið aðeins fyrir 80. Þetta eru mjög dýrar vélar, og eitthvert samræmi hlýtur að verða að vera þarna á milli. Önnur áætlunin hlýtur að fara nær lagi, en ég veit ekki hvor. Hvað þá staðhæfingu snertir svo, að ég sé ókunnugur búskap, þá kann það satt að vera, en þó mun verða erfitt að telja mér trú um það, að bóndi, sem þarf á rakstrarvél að halda, geti komizt af með sláttuvél, eða maður, sem vantar vagn, geti notað snúningsvél í hans stað. Einhvers staðar er það rétta í þessu. En ég bið hv. 1. þm. Skagf. að fyrtast ekki við mig, þó að ég bendi á þetta í þeim eina tilgangi að fá fram hið rétta. Báðar stofnanirnar geta ekki haldið því fram, að þeirra áætlun sé rétt. Það má enn benda á, að Búnaðarfélagið gerir áætlun um innflutning á súgþurrkunartækjum fyrir um 5 milljónir, en verkfæranefnd enga slíka áætlun. Og ég sé hér, að Búnaðarfélagið áætlar innflutning á 3000 mykjudreifurum, en verkfæranefnd á 300, nema núllið kynni að hafa fallið burt af vangá. Búnaðarfélagið áætlar líka 2000 áburðardreifara, en verkfæran. 500. — Tími minn er nú víst þrotinn, en ég ítreka það við hv. 1. þm. Skagf., að áætlunin verði tekin fyrir og lagfærð, því að eins og hún er, er ekki hægt að leggja hana til grundvallar.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. þurfti að grípa til útúrsnúninga til þess að verja mál sitt. Ég vissi ekki til, að ég segði neitt í þá átt, að hægt væri að nota sláttu-

vél í stað rakstrarvélar. Hitt getur hv. þm. Ísaf. e. t. v. skilið, að bændur gætu notað hestasláttuvélar, ef þeir fengju ekki vélknúnar sláttuvélar. Og varðandi súgþurrkunartækin t. d., þá hefur verkfæranefnd e. t. v. ekki talið þau til venjulegra verkfæra, og við vorum líka í vafa um það, og spursmál, hvort ekki átti að gera um þau sérstaka áætlun og hefur verkfæran. e. t. v. haft það í hyggju. Sem dæmi um það samræmi, sem er á milli stærstu liðanna, má benda á mjólkurvélarnar, sem eru stór liður, og ósamræmi það, sem annars staðar gætir, skýrist af því, hve geysilegt álitamál það getur verið, t. d. með rakstrarvélar, hve mikið þurfi að afskrifa og fá af nýjum vélum. Ég geng lengra á þeirri leið en verkfæranefnd, því að ég veit, að margar eldri vélar eru úr sér gengnar og úreltar. En um allt slíkt má vitanlega deila.

Hv. þm. Ísaf. þarf ekki að halda, að ég hafi farið að fyrtast við hann. Ég tók einmitt vel tilmælum hans um að endurskoða áætlunina, og ég endurtek það, að ég er fús til að samræma hana í þeim atriðum, þar sem á milli ber, en ég hverf ekki frá því, að misræmið er svo lítið, að það breytir engu verulegu í grundvallaratriðum, þegar gerð er áætlun til 4 ára. Verkfæran. tekur aðeins það dýpra í árinni, að hún vill, að áætlunin sé framkvæmd á 3 árum.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Mér skilst á umræðunum, að hv. þm. Ísaf. misskilji hér nokkuð og leggi of mikla áherzlu á það, að einstökum liðum beri ekki saman upp á tölu. Innflutningsþörfin til þeirra búnaðarsambanda, sem stofnuð hafa verið og gert sínar áætlanir, er gefin, og þar er byggt á staðreyndum. Svo er vitanlega ekki unnt að segja til um þörfina að öðru leyti alveg upp á vél, og hljóta þar að verða skiptar skoðanir. Enda má ekki taka þetta eins og pöntun, sem lögð sé fyrir fjárhagsráð, heldur áætlun um fjármagn, sem lagt sé fyrir til þessara hluta, og það vill nú til, að sú heildarupphæð, sem báðir aðilar áætla, er næstum að segja sú sama. Auðvitað eru verðtölur verkfæranefndar samkv. söluverði innanlands, en tölur þær, sem Búnaðarfélagið reiknar með, gjaldeyristölur, en niðurstöðutölur beggja eru nær hinar sömu, og það er aðalatriðið. Lífið sjálft skiptir heildarupphæðinni í einstaka liði, eins og bezt hentar, þegar pantanirnar koma og ákveða, hvað mikið þarf af hverju einu, svo að það mun ekki valda neinum erfiðleikum fyrir fjárhagsráð og viðskiptanefnd, aðeins ef það vill sjá um, að gjaldeyrisupphæðin í heild sé fyrir hendi.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir upplýsingar hans, viðvíkjandi fyrirspurn minni. Ég tel lofsvert, að hæstv. atvmrh. hefur hlutazt til um, að þetta mál væri tekið til rækilegrar athugunar. Út af því, sem rætt hefur verið um það ósamræmi, sem væri á milli áætlana hinna tveggja stofnana, er um þetta hafa fjallað, þá skilst mér, að auðvelt ætti að verða fyrir þá aðila að framkvæma þar samræmingu eftir þörfum. Ég heyrði, að 30. júní hefði viðskiptanefnd verið búin að veita á þessu ári leyfi fyrir landbúnaðarverkfærum fyrir 7 millj. og 600 þús., en hins vegar ekki vitað, hve mikið eftir þann tíma. — Það hefði nú verið fróðlegt að vita, hvernig innflutningurinn skiptist á þessu ári á milli áhaldaflokkanna og á milli landshluta. Reyndar býst ég ekki við, að það liggi hér fyrir nú á þessari stundu, en væntanlega yrði hægt að fá upplýsingar um það síðar frá viðskiptanefnd.

Hér hafa verið gefnar upplýsingar um heildaráætlun fyrir 3—4 ár. En hvað um innflutninginn á næsta ári. Ef til vill er fjárhagsráð ekki búið að ganga frá áætlun fyrir það ár.

Ég tel það skipta miklu máli, að eins mikið sé flutt inn af landbúnaðarvélum á næsta ári og hægt er, fyrst og fremst stórvirkum tækjum, svo sem skurðgröfum og beltisdráttarvélum. Á meðan ekki er hægt að fullnægja óskum bænda í þessum efnum, vil ég leggja áherzlu á það, að innflutningi og dreifingu þessara véla verði hagað sem sanngjarnlegast, svo að einum landshluta verði ekki ívilnað fremur öðrum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar og það, sem hann hefur aðhafzt í þessum málum.

3. Raforkumál.

Á 9. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. um raforkumál [37. mál] (A. 43).

Á 10. fundi í Sþ., 29. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er öllum kunnugt, að fyrirhugað hefur verið, að ríkið reki raforkuver og komi rafleiðslum frá þeim sem víðast. Það sér enginn enn þá fyrir, hve vítt þær kunna að spenna yfir né hve mörgum heimilum takist að fullnægja á þann hátt. En það er þó þegar ljóst, að það eru svæði og partar af svæðum í landinu, sem ekki verður fullnægt með rafmagn frá þeim orkuverum, sem ríkið kann að reka. Ef þessi svæði eiga að fá rafmagn, verður það að vera með öðrum hætti.

Vindrafstöðvar breiddust töluvert út á stríðsárunum, en þær hafa gengið mjög úr sér aftur, sérstaklega vegna þess, að tilfinnanlegur skortur hefur verið á varahlutum til þeirra. Margir eigendur þessara stöðva hafa aldrei fengið neina varahluti með þeim og innflytjendur þeirra ekki hugsað um að útvega þá, enda fullnægja vindrafstöðvarnar rafmagnsþörf heimilanna ekki nema að tiltölulega litlu leyti. Allmargir hafa fengið dieselstöðvar, þær eru miklu skárri og fullnægja að mestu rafmagnsþörf

heimilanna, og hvað ljós snertir má segja hið sama um þær vindstöðvar, er bezt hafa reynzt.

Nú er það upplýst, að þeim heimilum, sem aldrei geta fengið raforku frá stórum virkjunum, ríður á að fá rafmagnsþörf sinni fullnægt, og yrði það trúlega helzt með dieselstöðvum. Við hv. þm. A-Sk. beinum því þessari fyrirspurn til hæstv. atvmrh. og vonum, að einhverjar leiðir séu á döfinni hjá hæstv. ríkisstj. til að hjálpa þessum heimilum. Ég fullyrði ekkert um, hve mörg þau eru, enda geri ég ráð fyrir, að það sjáist hjá raforkumálastjóra. En við væntum þess, að upp úr þessari fyrirspurn og því, sem ríkisstj. er væntanlega að láta undirbúa í þessum efnum, finnist leið til að fullnægja sem fyrst rafmagnsþörf þeirra heimila, sem hér um ræðir.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Með þessari fyrirspurn er leitað eftir því, hvort ríkisstj. hafi gert ráðstafanir til þess, að fullnægt verði sem fyrst rafmagnsþörf þeirra heimila í landinu, sem geta ekki fengið raforku frá stórum vatnsaflsstöðvum.

Það er nú vafasamt, hve sterkt á að kveða að orði um þetta, en ég tel þó rétt að rifja upp athugun, sem farið hefur fram í landbrn. í sambandi við þetta mál. — Það munu vera um 6000 sveitabýli hér á landi, flest í mjög miklu dreifbýli, og þar af leiðandi er ljóst, að það er bæði dýrt og mun sækjast seint að koma rafmagni inn á öll þessi býli með stórvirkjunum sem höfuðleiðum. Eftir því sem næst verður komizt, hafa nú 816 býli fengið rafmagn, að vindrafstöðvum fráskildum, en ekki eru til skýrslur um þær, svo að ég viti. Nú á síðustu árum, eftir að farið var að leggja línur út um land frá stærri raforkuverum, hefur lítið eitt þokazt í áttina, en þó ekki meira en svo, að um 150 af þessum 816 býlum fá rafmagn út frá stórvirkjunum, Soginu, Laxá og Andakílsárvirkjuninni lítils háttar. Auk þess eru í undirbúningi rafveitur frá ýmsum stöðum, þannig að gera má ráð fyrir, að með sömu rafmagnsframkvæmdum og verið hafa komi rafmagn til viðbótar inn á 2300 sveitabýli eða þar um bil á einu til tveimur árum. En það er bezt að geta þess nú þegar, að samkvæmt fjárveitingu ákveðinni af Alþ. til rafveitufram kvæmda ríkisins nú er ekki hægt að reikna með meira en 100 býlum árlega, þannig að allir sjá, að ef ekki er hægt að verja meiri fjármunum til þessara framkvæmda en nú er og útlit er fyrir á þessu ári, að þá muni þessi róður sækjast heldur seint. Nú er rétt að minna á það, að samkvæmt 35. gr. raforkulaganna er heimilt að lána úr raforkumálasjóði til einkavirkjana, og verður að því ofur lítil viðbót við þá tölu, sem ég nefndi áðan. Nú hafa 416 sveitabæir rafmagn frá einkavirkjunum, og er það stærsti samfelldi flokkurinn af raforkuframleiðsluaðferðum fyrir sveitirnar.

Eftir að ég tók við þessum málum, fór ég að athuga um að láta 35. gr. raforkulaganna koma betur til framkvæmda til þess að bæta ofur lítið úr rafmagnsskortinum til sveita. Og vorið 1947 var í ráðuneytinu gengið frá reglum um úthlutun lánsfjár samkvæmt þessari grein. Þá lágu ekki fyrir margar beiðnir um lán, sem eðlilegt var, af því að mönnum var ekki almennt ljóst, að þessi leið var til. Var síðan ákveðið að taka árlega frá 150 þús. kr. til þessara framkvæmda og úthluta undir eftirliti raforkumálastjóra. Síðan voru lánin ákveðin þannig, að lána má ⅔ af kostnaðarverði virkjunar á hverjum stað til 17 ára, afborgunarlaust í 2 ár, en vextir eru 2½%. Umsóknum um lán úr raforkumálasjóði til þessara virkjana fjölgaði fljótlega, og nú liggja fyrir umsóknir frá 20 býlum; verið er að ganga frá virkjunum á 5 þeirra, og á næstu 5 árum er gert ráð fyrir að ljúka öllu verkinu. Þrjú fyrstu árin er lánsféð 150 þús. kr. á ári, eða samtals 450 þús. eða nákvæmlega sú upphæð, sem ákveðið var að taka frá úr sjóðnum í þessu skyni, svo að hún dugir þessi þrjú ár, en ef lánbeiðnum fjölgar, tel ég rétt að auka lánsfé til þessara framkvæmda.

En þó að gert sé ráð fyrir, að flestir bændur, sem hafa góða aðstöðu til virkjunar við bæjarvegginn, fari af stað og fái til þess lán úr raforkumálasjóði, munum við skammt á veg komast um lausn þessa máls í heild. Það yrðu aldrei nema tiltölulega fá sveitabýli. Af þeirri ástæðu fól ég forstjóra landssmiðjunnar s. l. vetur að rannsaka, hvort hægt mundi að afla dieselvéla til að bæta úr rafmagnsþörf sveitanna, eða þeirra sveitabýla, sem ekki hafa aðgang að þeim tveimur leiðum til rafmagnsöflunar, sem ég hef nú minnzt á. Í þessu sambandi er rétt að geta hinna fjölmörgu vindrafstöðva, sem margir höfðu trú á um skeið, að gætu leyst þörf dreifbýlisins til bráðabirgða. En reynslan hefur orðið sú, að þær eru alls staðar að leggjast niður. Aðalástæðan mun vera sú, að vegna óstöðugrar veðráttu hér á landi, þar sem ýmist eru stormar eða stillur, er nauðsynlegt að hafa allmikla geyma með stöðvunum, en ókosturinn við þá er sá, að þeir eru bæði dýrir og ganga fljótt úr sér. Annað er það í sambandi við óstöðuga veðráttu, að stöðvarnar hafa oft bilað í veðrum. Og því miður er óvíða á næstu grösum tiltækileg aðstoð til að halda vélunum í lagi. Það eru tiltölulega fáir staðir, þar sem þessar stöðvar hafa verið og eru notaðar með góðum árangri, og er sá árangur mjög háður umhirðu og hagleik þeirra manna, sem eiga þessar stöðvar, svo að þær verða lítils virði nema í höndum hagleiks- og hirðumanna. En sé ekki almennum úrræðum til að dreifa, er lítil von til þess, að vindrafstöðvarnar haldist við, hvað þá að þeim fjölgi, þannig að sérfræðingar telja, að nægileg reynsla sé fengin fyrir því, að lausnina sé ekki að finna í þeim. — Af þessari ástæðu fól ég forstjóra landssmiðjunnar, eins og ég sagði áðan, að leita eftir hentugum dieselrafstöðvum til raforkuframleiðslu. Nú hefur tekizt að fá umboð fyrir nýja gerð slíkra véla, sem framleidd er í Bretlandi og sérstaklega ætluð einstökum heimilum, eða sveitaheimilum. Þessar nýju ensku stöðvar hafa þann kost fram yfir þær rafmagnsstöðvar, sem notaðar hafa verið hér á landi fram að þessu, að þær eru m. a. alveg sjálfvirkar. Þær eru þannig útbúnar, að um leið og fyrsta ljósið er kveikt á morgnana fara þær af stað, og fara út þegar síðasta ljósið er slökkt að kvöldinu. Þessi þægindi eru svipuðust því að fá rafmagn frá stórum orku-

verum, eða stærri stöðvum. Verð á þessum stöðvum frá Englandi er 9.700 krónur — 6000 watta — og fer síðan lækkandi, svo að þær minnstu kosta 2700 krónur. Það er talið nokkurn veginn öruggt, að stærri vélarnar nægi til ljósa og orku, sem notuð er utan húss í sveitum, t. d. til heyþurrkunar og verkfæra, og svo til eldamennsku. Það er að vísu ekki talið hagfræðilega rétt að breyta olíu í orku og orkunni aftur í hita, en vegna vinnusparnaðar er talið hagkvæmt að nota þessar stöðvar til allrar venjulegrar suðu. Hins vegar er ekki talið borga sig að framleiða orku til upphitunar, og verður að leysa þá þörf öðruvísi, en láta þessar stöðvar nægja til ljósa, suðu og annarrar venjulegrar heimilisorkuframleiðslu.

Það er ákvæði um það í raforkulögunum, að þegar um héraðsrafveitur er að ræða, á sýslan að kosta þær að einum þriðja hluta. Þetta hefur verið leyst þannig, að þessi þriðjungur hefur verið tekinn með heimtaugagjaldi til býla, sem fá raforkuna. Þetta hefur verið samþykkt í nokkrum sýslum, sem hafa fengið rafmagn, en ekki farið inn á þá braut að leggja sérstaka bagga á þau heimili, sem ekki fá raforkuna. Það hefur þótt eðlilegra, að þeir einir, sem fá rafmagnið, bæru framlagið, sem tilskilið er af sýslunnar hálfu. Og nú hefur það sýnt sig, samkv. reglum, sem útbúnar hafa verið og samþykktar af félögum, að meðalkostnaður við heimtaugagjald hefur verið um 6 þús. kr. á býli. Þetta er nokkuð misjafnt, af því að mælikvarðinn, sem farið er eftir við álagningu þessa gjalds, er að nokkru leyti bundinn við fasteignamat viðkomandi jarða. Þetta verður þannig nokkuð misjafnt. En reynslan sýnir, að meðalheimtaugagjald er um 6 þús. kr. á býli. M. ö. o., þá kemur í ljós, að þessar diesel-stöðvar til framleiðslu rafmagns, sem hér er um að ræða og unnt er að útvega, kosta upp og ofan svipað á býli eins og heimtaugagjaldið frá hinum stærri rafmagnsveitum. (*SkG:* Voru ekki stöðvarnar á 9. þús. kr.?) Jú, þær dýrustu. En heimtaugagjaldið hefur reynzt 10 til 12 þús. kr., þar sem það er dýrast. Og það lætur nærri, að verð á þessum dieselrafstöðvum verði svipað og heimtaugagjaldið á hvert býli, þannig að það sýnir sig, að reynist þessar vélar vel, sem maður hefur ástæðu til að ætla, þá er miklu fljótlegra og þarf ekki svipað því eins mikið fjármagn til þess í heild að leysa raforkuspursmál dreifbýlisins með þessum stöðvum eins og með því að leiða rafmagnið frá vatnsaflsstöðvum. Að vísu má geta þess, að til þess að reka þessar stöðvar þarf olíu og benzín, og til þess þarf ærinn gjaldeyri. En það gæti komið á móti því, að allmikinn gjaldeyri þarf að greiða vegna hinna dýru rafleiðslna, sem annars yrði að leggja út um öll héruð landsins. Og hefur ekki verið reiknað út, hvort gjaldeyrir þessi, sem færi til olíunotkunar á þessum diesel-stöðvum, mundi verða meiri — sennilega mundi hann þó verða töluvert minni — heldur en gjaldeyrir, sem mundi fara til þess að greiða erlent efni, sem þyrfti að flytja inn í landið vegna raforkuleiðslna. — Eftir að landssmiðjan hafði fengið þessi tæki, auglýsti hún þau og gerði grein fyrir þeim. Og síðan hafa drifið til hennar beiðnir frá ýmsum bændum um að útvega þessar stöðvar, þannig að nú þegar eru um 100 menn búnir að fastsetja pöntun á þeim fyrir næsta ár, og fjöldi manna um land allt er að athuga þetta og velta fyrir sér og búa sig undir framkvæmdir á þessu sviði.

Í sambandi við þetta hef ég leyft mér að skrifa fjárhagsráði og benda því á þessa staðreynd og óskað eftir því, að það væri viðbúið að veita gjaldeyri á þessu ári fyrir 300—500 slíkum stöðvum á sveitabæi og þeim tækjum, sem nauðsynleg eru til þess að koma rafmagninu inn á heimilin. Þá hef ég farið fram á við gjaldeyris- og innflutningsnefnd, að hún í sinni innflutningsáætlun geri ráðstafanir til þess, að þeir menn, sem beita sér fyrir því að reisa einkavatnsaflsstöðvar, fái nægilegt efni til þess að koma þessum stöðvum upp.

Nú hef ég falið landssmiðjunni í áframhaldi að gera ýtarlegar tilraunir, eða látið gera á vegum landssmiðjunnar tilraunir með þessi tæki, bæði um orku þeirra, notagildi og orkueyðslu, og væntanlega liggja niðurstöður þeirra tilrauna fyrir, áður en langir tímar líða. Verði það nú svo, að reynslan sýni, sem ég álít, að vel muni mega vænta, að þarna sé að finna lausn á þessu vandamáli sveitanna, kemur til kasta ríkisins að stuðla að hentugum lánum fyrir bændur til þess að eignast þessi tæki. Það er nú þegar samkv. ræktunarsjóðslögunum verkefni ræktunarsjóðs m. a. að greiða fyrir því, að raforkan komist inn á sveitaheimili í landinu, og eru lán, sem sá sjóður veitir til þessa, mjög hentug. En hins vegar má búast við, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að afla meira lánsfjár til þessara hluta, svo að ekki strandi á því, að bændur vanti möguleika í því efni.

Ég held, að ég þurfi nú ekki að hafa fleiri orð um þetta. Þetta er í fáum dráttum það, sem gert hefur verið af atvmrn. til þess að athuga þessi mál og greiða fyrir því, að nokkur framkvæmd geti á þeim orðið. Og verða þá vitanlega úrræðin til þess að afla sveitunum rafmagns á næstu árum þessi: Fyrst og fremst það að halda áfram að leggja línur um byggðirnar, eftir því sem fjárhagsorka leyfir, og þá sérstaklega á þéttbýlum svæðum á okkar mælikvarða, og má búast við, að nokkuð mikið af býlum landsins fái raforkuþörf sinni fullnægt á þann hátt. Af raforkumálastjóra er nú verið að vinna að athugun á því, hvaða svæði á landinu og hve margir bæir er líklegt að fái lausn þessara mála gegnum ríkisrafveitur nú á næstu árum. — Og annað úrræðið er að halda áfram að stuðla að því, að einstakir bæir, sem einn eða fleiri saman hafa aðstöðu til að koma upp heimavatnsaflsstöðvum, fái lán og veitingu fyrir gjaldeyri til kaupa á þeim tækjum, sem nauðsynleg eru til þess að koma upp slíkum stöðvum. Og þriðja og síðasta úrræðið, sem ég geri ráð fyrir, að sé það bezta og hentugasta, verður, ef dieselrafstöðvar verða fáanlegar, að nota þær til raforkuframleiðslu á sveitaheimilum. Og þetta, sem ég hef lýst, að gert hefur verið af ráðuneytinu í sambandi við þær stöðvar, tel ég spor í rétta átt.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir greið og góð svör við þessari fyrirspurn. Ég vil láta

í ljós gleði mína yfir því, að maður eygir í gegnum þau svör, sem hann gaf, nóg til þess, að hægt sé að gera ráð fyrir, að þau býli, sem þannig eru sett, að þau geta ekki fengið raforkuþörf sinni fullnægt með leiðslum frá stærri raforkustöðvum, og ekki hafa aðstöðu til að virkja bæjarlækinn hjá sér, muni nú geta samt sem áður fengið lausn á því vandamáli, sem raforkuspursmálið er fyrir sveitabýli landsins.

Í sambandi við þetta vil ég benda á, að eins sjálfsagt og það er, sem hæstv. atvmrh. sagðist mundu vilja stuðla að, að gjaldeyrisyfirvöldin komi hér á móti og veiti leyfi fyrir nauðsynlegum innflutningi til þess að þessar dieselrafstöðvar geti komizt upp og verið reknar, og eins sjálfsagt og það er líka, að þeir menn, sem ráðast í það að koma þessum stöðvum upp hjá sér, fái lánamöguleika, sem hæstv. atvmrh. kom líka inn á, þá held ég, að eftir sé að athuga einn lið í þessu sambandi, sem ég vil benda hæstv. ráðh. á. Það er að vonum, að vélamenning hér á okkar landi er tiltölulega lítil, enda ung. Og þegar þessar nýju rafstöðvar, dieselstöðvarnar, útbreiðast meðal almennings, má ganga út frá því sem gefnu, að ekki hafi allir, sem þær fá, þekkingu til þess að fara vel og rétt með þær. Það er því ákaflega hætt við, að fleiri eða færri af þessum stöðvum geti bilað í höndunum á þeim, sem fá þær. Þess vegna er nauðsynlegt, að þær útbreiðist þannig um landið, að samhliða því sem þær útbreiðast í héruðum, komi í þeim sömu héruðum upp verkstæði, þar sem hægt sé að fá gert við þessar vélar, þegar þær ganga úr sér. Þess vegna vil ég benda á það, hvort ekki muni vera rétt að haga útbreiðslu þessara véla þannig, að þær útbreiðist á hverju ári fyrir sig um ákveðin svæði, þannig að séð verði um, að á þeim sömu svæðum verði jafnframt komið upp verkstæðum til þess að geta gert við þessar dieselvélar, ef þau verkstæði eru ekki til þar fyrir. Þetta fyrirkomulag um útbreiðslu þessara véla teldi ég heppilegast, þannig að sveitabyggðirnar væru í þessu efni teknar í áföngum, þar sem það fylgdist að, að séð væri fyrir nægum viðgerðaverkstæðum um leið og vélarnar útbreiddust. Og ef þær kæmu til landsins um 500 á ári, mundi á ekki mjög mörgum árum með innflutningi þeirra vera hægt að ráða verulega fram úr rafmagnsþörf sveitanna. En, sem sagt, ég teldi heppilegast, að þær dreifðust á ári hverju um tiltölulega takmarkað samfellt svæði, þannig að með þeim væri á þessum svæðum í hverjum áfanga nokkurn veginn séð fyrir rafmagnsþörf sveitabýlanna þar og þar sem séð væri um, að verkstæði væru fyrir hendi til viðgerða á þessum rafstöðvum. Ef þær hins vegar dreifðust um allt landið á hverju ári, sem þær væru fluttar inn, svona nokkurn veginn skipulagslaust, þá gæti svo farið, að margir, sem þessar vélar fengju, stæðu eftir stuttan tíma ráðalausir, og það vegna lítilvægra bilana, sem kynnu að eiga sér stað í þessum vélum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil einnig þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar. En ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda á, að þegar raforkulagafrv. var athugað í n. í hv. Ed., þá var þetta atriði sérstaklega rætt við þáverandi ráðh., sem fór með þessi mál, núverandi hæstv. viðskmrh., sem lagði mjög mikið á móti því þá, að þetta fé, samkv. 37. gr., um 150 þús. kr. lánsfé á ári, væri veitt til slíkra rafstöðva, sem hér er nú rætt um, diesel-rafstöðva. Hann taldi, að það væru mjög miklir ágallar á því að styðja að því, að inn í landið kæmi mjög mikið af slíkum rafstöðvum, m. a. vegna þess, að lítið eftirlit yrði með því, hvernig þær yrðu keyptar og hvernig þær mundu reynast. Nú vildi ég gjarnan fá að heyra, hvort hæstv. viðskmrh. er því samþykkur, sem hæstv. atvmrh. tók fram í sambandi við innflutning þessara rafstöðva og hvort hann hefur breytt skoðun í þessu, og einnig væri gott að fá að vita, hvort þetta um diesel-rafstöðvarnar er mælt með samkomulagi við raforkuráð.

Í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að benda á, að þetta er ekki nein ný uppfinning, að nota megi þessar vélar til raforkuframleiðslu, því að síðustu þrjú árin hafa verið gerðar margvíslegar tilraunir til þess að fá innflutningsleyfi, — þó að þau innflutningsleyfi hafi ekki fengizt — fyrir slíkum diesel-vélum frá Ameríku, til raforkuframleiðslu, og ódýrari vélum en hér hefur verið talað um. Ég vil, að það verði tekið til athugunar, hvort ekki muni vera hægt að spara 30—40% af verði þessara véla, með því að kaupa þær frá Ameríku, í stað þess að fá þær frá Englandi. Og ég tel, að það þurfi að athugast miklu nánar en gert hefur verið af landssmiðjunni, hvort þetta séu þau heppilegustu tæki til þess að leysa með raforkuþörf sveitanna. Það er síður en svo, að þessi verksmiðja í Englandi, sem þessar vélar hafa verið fengnar frá til þessara tilrauna hér, sé eina verksmiðjan í heiminum, sem framleiðir þessi tæki. Og þessar diesel-vélar, sem hér hafa verið nefndar, eru ekkert frábrugðnar öðrum diesel-vélum, heldur aðeins sett í samband við þær tæki, sem setja þessar vélar í gang, þegar kveikt er fyrsta ljósið, og stöðva þær, þegar síðasta ljósið er slökkt. Þessu væri hægt að koma við í sambandi við allar dieselvélar, sem notaðar eru í landinu.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. 1. þm. N-M. ræddi um eftirlitið með þessum vélum og viðgerðir á þeim, og er það alveg rétt hjá honum, að þessi hlið málsins er athyglisverð. Ég gleymdi að taka það fram, að ég hef rætt sérstaklega þessa hluti við raforkumálastjóra og óskað eftir því, að hann undirbyggi til ráðun. áætlun um viðgerða- og eftirlitskerfi sérstaklega með þessum stöðvum, ef innflutningur á þeim og notkun skyldi aukast stórlega frá því, sem nú er, og ef yfirleitt yrði farið inn á þessar leiðir til raforkuframleiðslu. Og hef ég rætt um tvennt í því efni. Fyrst það að koma upp eins konar stuttu námskeiði fyrir þá bændur eða aðra þá, sem kaupa slíkar stöðvar, til þess að kenna þeim meðferð á þessum vélum og hirðingu. Og í öðru lagi hef ég rætt um að koma upp nokkurs konar viðgerðakerfi, eða sjá um, að menn væru til staðar nægilega margir á þeim svæðum, þar sem þessar vélar væru notaðar, til þess að gera við bilanir, sem fram kæmu á vélunum. Þetta er vitanlega stórt atriði.

Út af fyrirspurn hv. þm. Barð. vil ég geta þess, að um þær reglur, sem ráðun. gefur út um aðstoð við kaup á rafstöðvum, hefur ráðun. samráð við raforkumálastjóra og raforkumálanefnd. Hins vegar hef ég ekki snúið mér til hæstv. viðskmrh. um þessi mál, því að þau lágu undir mitt ráðuneyti. En ég taldi rétt, í samráði við þá sérfræðinga í þessum efnum, sem ég hafði fengið upp í hendurnar, að gera þessar áætlanir, sem ég hef lýst. — Og viðkomandi því, hvort hægt sé að fá annars staðar betri eða ódýrari dieselvélar en í Englandi, þá dettur mér ekki í hug að neita því. Þetta, sem ég hef tekið fram, er aðeins byrjun á þessum athugunum, og verður að sjálfsögðu haldið áfram að leita fyrir sér um þetta. En ég vil að gefnu tilefni aðeins benda á, að ég tel, að þessi tilraun, sem hér hefur verið gerð, sýni, að þessar vélar hafi nokkra kosti fram yfir þær vélar, sem hingað til hafa verið notaðar hér á landi til sömu nota, þó að vitanlega hafi verið unnið að því á mörgum árum að leysa þetta spursmál. Og ég bað forstjóra landssmiðjunnar að leita ekki síður fyrir sér í Englandi í þessu efni, sem var sérstaklega vegna gjaldeyrisástæðna, því að skortur á dollurum er allmikil hindrun í vegi fyrir því að geta fengið þessar vörur frá Ameríku. Og ef líklegt væri, að við gætum fengið frá Englandi heppileg tæki til raforkuframleiðslu í sveitum, þá teldi ég miklu meiri líkur til þess, að hægt væri að afla þeirra þaðan en frá Ameríku, beinlínis vegna gjaldeyrisástæðna. En ef það sýndi sig, að það væri ódýrara að fá þessi tæki frá Ameríku og við hefðum ástæður til þess að geta keypt þau þaðan, þá er vitanlega sjálfsagt að fagna því og taka öllum umbótum, sem á þessu sviði fást.

4. Vegamál.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um vegamál [51. mál, 1] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð (ásamt öðrum fyrirspurnum á sama þskj.) með 30:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, HermG, JJós, JG, JS, JJ, KTh, LJóh, AJ, PÞ, SigfS, SB, SG, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, ÁkJ, ÁS, BG, BSt, BrB, EmJ, JPálm.

nei: JóhH.

GÞG, HV, PZ, BÁ greiddu ekki atkv.

17 þm. (GJ, HermJ, IngJ, JörB, ÓTh, PO, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, BBen, BK, BÓ, EOl, EE) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Ég tel hæpið að bera þetta upp allt í einu og greiði því ekki atkv.

Jóhann Hafstein: Ég mun greiða atkv. á móti þessum fyrirspurnum, og er það ekki af hræðslu við þær, heldur vegna þess, að ég tel, að tíma þingsins sé um of eytt í fyrirspurnir. Ég segi því nei.

Jónas Jónsson: Já, þó að Gylfi sé hræddur.

Páll Zóphóníasson: Ég vil ekki greiða atkv. Vil bíða, svo að skoðanir manna komi fram.

Sigfús Sigurhjartarson: Já. Það er sjálfsagt að lofa mönnum að spyrja, svo að allt komi fram.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Þessar fyrirspurnir eru bornar fram til þess að vekja athygli á því, að þrátt fyrir miklar framkvæmdir í vegamálum landsins er það ýmislegt, sem betur mætti gera. Í stóru en strjálbýlu landi geta ekki allir vegir verið svo breiðir, að bílar geti mætzt hindrunarlaust. Höfuðvegir þurfa að vera breiðir, en á mjóum vegum verður að hafa sérstök stæði, þar sem hægt er fyrir bíla að mætast. Ég vildi nú fá að heyra frá hæstv. samgmrh., hvað mikið af vegum er þannig, að hægt sé að mætast á þeim hvar sem er. Þá vil ég vekja athygli á því, að sums staðar eru vegirnir þannig, að mannhætta stafar af, t. d. er þeir liggja að ám eða í hömrum. Á slíkum stöðum þarf að hafa steinsteypta brún, svo að það sé fyllilega tryggt, að bílar fari ekki út af veginum. Þá er loks mikil nauðsyn á því, að reist verði glögg leiðarmerki með hæfilegu millibili.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Vegna þess að þessar þrjár fyrirspurnir eru að langmestu leyti tæknisks eðlis, þá hef ég óskað eftir því, að vegamálastjóri sjálfur svaraði þeim fyrir sitt leyti, og skal ég leyfa mér að lesa upp hans svar, sem er svohljóðandi:

„1. Breidd bifreiða er frá 2,0—2,3 m og jafnvel allt að 2,5 m breidd heimiluð á nokkrum aðalvegum á Suðvesturlandi. Ef ekið er hratt, 40—60 km, verður að aka mjög varlega og venjulega að draga úr hraða, nema vegir séu minnst 6 m breiðir, sérstaklega þegar ekið er fram úr annarri bifreið. Svo breiðir vegir eru hér ekki nema nokkrir aðalvegirnir á Suðvesturlandi og einstaka vegir næst Akureyri.

2. Aðrir vegir eru yfirleitt ekki breiðari en 4,0—5,5 m, og verður þá að gæta varúðar, er ekið er fram úr bifreið eða þær mætast, og venjulega að draga úr hraða, því að vegbrúnin er oft svikul. Sumir upphleyptir vegir eru þó mjórri en 4,0 m, jafnvel aðeins 3,0 m, og verða þá bifreiðar að mætast á útskotum. Sundurliðaðar skýrslur um breidd einstakra akvegakafla eru ekki til, en langflestir vegakaflar eru í þessum flokki.

Hefur undanfarin ár mjög verið unnið að því að bæta aðstöðu til að mætast og árlega bætt við fjölda útskota, svo að ekki verður sagt, að valdi lengur verulegum töfum og erfiðleikum. Á mörgum vegaköflum, þar sem lítil umferð er,

vantar þó enn útskot, svo að viðunandi sé. Ber vitanlega að stefna að því að bæta úr þessu, eftir því sem efni eru talin standa til.

3. Á löngum, mjóum vegaköflum, upphleyptum, er víða sett upp útskotsmerki, en algengt er enn, að stuttir, mjóir kaflar upphleyptir koma milli fullbreiðra vegakafla, t. d. á melum, og þykir þá ekki eins henta að setja upp slík merki.

Það viðurkennist, að enn vantar bæði útskot með merkjum eða sums staðar merkin ein til leiðbeininga. Fjarlægð milli útskota er venjulega 200—300 metrar eftir því, hve umferðin er mikil, og þá reynt að stefna að því, að útskotin falli inn í væntanlega síðari breikkun vegarins.

Væri mjög æskilegt að geta komið þessu í gott lag á næstu tveim árum, og mætti það væntanlega takast, ef viðhalds- og umbótafé til þjóðveganna verður ekki skorið mjög við nögl.

Í þessu sambandi má geta þess, að verið er að undirbúa gagngera merkingu á vegamótum með árituðum leiðarmerkjum, er tilgreini vegalengdir. Með því að vegalengdir hafa allvíða breytzt á síðari árum, er nýir kaflar hafa verið lagðir, hefur þessi undirbúningur tekið nokkurn tíma, en væntanlega tekst að koma þessu í framkvæmd á næsta vori. Því miður hafa slík leiðarmerki, útskotsmerkin og háskamerkin, — rauðu þríhyrningarnir, er hingað til hafa verið sett upp, þráfaldlega verið skemmd af mannavöldum, en vonandi tekur fyrir það með bættri umferðarmenningu.

Talsvert af nýjum háskamerkjum hefur verið útvegað, sem fyrirhugað er að setja upp í vor."

Þetta eru svör vegamálastjóra við spurningunum í þessari fyrirspurn hv. þm. S-Þ., og vænti ég, að þeim sé að mestu þar með svarað. Ég býst ekki við, að hv. fyrirspyrjandi, þm. S-Þ., hafi ætlazt til að fá sundurliðaða skrá yfir þá vegi, þ. e. skrá yfir þá vegi, þar sem hægt er að mætast án þess að draga úr hraða, eða með töfum og erfiðleikum. Sú skrá er ekki til. Mætti sjálfsagt búa hana til. Hitt tel ég meira virði, að fé verði ekki skorið svo við nögl til vegagerða, að ekki sé hægt að leggja meðfram vegum hæfilegan fjölda útskota. — Um merkinguna og umferðarmenninguna er það rétt, sem vegamálastjóri segir, að það skortir á, að umferðarmenningin sé svo góð sem skyldi hjá okkur. Það er hin sorglega staðreynd, sem e. t. v. er ekki hægt að breyta á skömmum tíma, og er e. t. v. ekki hægt að hafa mjög mikil áhrif á menn í því efni í útvarpi, því að þeir, sem þyrftu helzt að heyra það, hlustuðu kannske ekki á það. En ég hygg, að með batnandi umferðarmenningu og fjölgun vegamerkja mundi þetta fást lagað. Og það veltur langmest á því, hvort fé fæst til þess að gera útskotin, hvort takast má á næstu tveimur árum að ljúka uppsetningu þeirra svo, að viðunandi megi teljast.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að ég bjóst ekki við og óskaði ekki eftir nákvæmum skýrslum um breidd einstakra vega, því að það hefur ekki þýðingu í þessu sambandi, enda hefur vegamálastjóri og hæstv. ráðh. svarað hér almennt og líkt og ég bjóst við. En ég vil aðeins undirstrika það við hæstv. ráðh. og við hv. form. fjvn. og aðra hv. nm., sem þetta heyrir undir, að það þyrfti að auka þennan viðbúnað við vegina og að reynt sé að bæta úr þessu, sem áfátt er um útskot og merkingu vega. Ég vil nefna eitt dæmi, sem ég tel sýna, að vegamálastjórinn leggi ekki nægilega glöggt fyrir verkstjóra sína að gera tiltölulega einfaldar og sjálfsagðar umbætur í þessum efnum. Ég fór í sumar um Landveginn, og ég hygg, að á einum stað hafi þar verið á annan km venjulegur mjór vegur yfir mýrarsund, og hvergi á þessum kafla var staður til þess að mætast á. Það er fjarstæða og óþarfi að hafa þetta svona, því að það er það mikið fé lagt til viðhalds á vegum, að ef yfirstjórn vegamálanna hefði auga á þessu, þá er hægt að bæta úr þessu. Og ég hef aldrei getað skilið það um t. d. veginn í Fljótshlíðinni — og ég vildi, að vegamálastjóri vildi aka þann veg, ef hann hefur ekki gert það —, að ekki skuli hafa verið sett merki þar frekar en gert hefur verið. Þar er aldrei hægt að sjá langt fram fyrir sig, og ef bakkað er þar, þar sem vegurinn er krókóttur og hengiflug fyrir neðan, þá er boðið upp á slys. Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á það, að 200 m ætti að vera hámark á lengd milli staða til að mætast á á vegum. Og reyna þarf að búa svo um, að það sjáist langt til, hvar á að mætast. Og þetta fyrirkomulag hygg ég að til langframa mætti vel við una. En það hefur ekki verið gott skipulag á þessu enn þá. Og ég vil enn fremur víkja að hinu, að það eru vissir staðir, þar sem eru beinir hættustaðir, þar sem vegamálastjórinn og jafnvel sjálfur hæstv. samgmrh. gætu gefið meiri fyrirmæli heldur en gert hefur verið um að bæta úr. Það er ekki ástæða til, að nokkur möguleiki sé fyrir hendi til þess, að bílar geti t. d. farið út af í Kömbum, sem rekja mætti orsök að til þess, að vegurinn væri ekki nógu góður þar.

En yfirleitt er ég ánægður með svör hæstv. ráðh. Og ég vona, að hann beiti áhrifum sínum til þess, að þessir hlutir, sem ég hef gert að umtalsefni, verði betur úr garði gerðir heldur en verið hefur hingað til.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil, út af því, sem hv. þm. S-Þ. sagði síðast, að það væru allt of margir og langir vegakaflar útskotalausir, sem ekki væri hægt að mætast á, segja, að ég er alveg sömu skoðunar og hann um þetta. En að þetta hefur ekki verið leiðrétt af viðhaldsfé vega, kemur til af því, að viðhaldsféð hefur á undanförnum árum verið á fjárl. þannig skammtað, að ekki hefur verið unnt að komast af með það til venjulegs viðhalds, svo að af þeim ástæðum hefur ekki verið unnt að gera verulegar breyt. á þessu sviði, nema með því að fara með greiðslur af viðhaldsfé vega fram úr áætlun umfram það, sem venjulegt viðhald veganna hefur farið fram úr áætlun. Nú hafa þeir, sem hlustað hafa á ræðu hæstv. fjmrh. hér fyrir nokkrum dögum, orðið varir við það, að litið er á það mjög alvarlegum augum, að þessi notkun á vegaviðhaldsfé væri mjög mikil fram yfir það, sem fjárl. ákveða. Og þess vegna hefur orðið að fara miklu hægar í þetta, sem hv. þm. var að ræða um, að gera útskot og setja merki, heldur en æskilegast hefði verið.

Það hefur orðið til þess, að langir vegakaflar hafa í þessum efnum orðið út undan. Hins vegar, ef hæstv. Alþ. vill, að gerð sé gangskör að því að bæta úr á þessu sviði, er enginn hlutur hægari en að gera þetta. En þá þarf að veita til þess fé. Það er ekki eðlilegt, að hæstv. fjmrh. sé samþykkur því, að unnið sé að þessum framkvæmdum, þó að þörf sé á þeim, umfram það, sem í fjárl. er gert ráð fyrir. En um það, að hér sé ekki um smáupphæð að ræða, má tilgreina það, að ef á að gera útskot á þessa vegi með 200 m millibili, þá kostar það um það bil 7% af því, sem það kostar að gera vegina í upphafi, svo að þegar margra ára samansafn af vegagerðum kemur saman, og ef á að gera útskot á þá á tiltölulega stuttum tíma, þá geta þetta orðið miklar upphæðir, þegar saman kemur. Útskotin þurfa að vera 15 m löng og nokkurn veginn jafnbreið veginum. Og eftir athugun, sem gerð hefur verið um þetta, þá kemur í ljós, að þetta kostar um 7% af kostnaðinum við að leggja slíka vegi í upphafi, með því verðlagi, sem er á hverjum tíma. — Okkur er ekkert að vanbúnaði að gera þetta, annað en það, að Alþ. þarf, ef það á að gerast, að veita til þess fé.

5. Verðmæti landbúnaðarvöru.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um verðmæti landbúnaðarvöru [51. mál, 2] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð [sjá atkvgr. um 4. fyrirspurn, Vegamál].

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. um það, hve mikið væri bruttóverð íslenzkra landbúnaðarafurða, miðað við innlent og erlent verðlag árið 1947. Ég þarf ekki að ræða mikið um þetta. Það útskýrir sig sjálft. Það liggja fyrir um þetta heildartölur. Það er verulegur hluti þjóðarinnar, sem álítur, að þessi framleiðsla sé svo að segja einskis virði, og ég verð að álíta rétt, að það komi hér fram frá hæstv. ríkisstj., hve mikið það fé er, sem fæst fyrir þessa framleiðslu.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það er erfitt að svara þessari fyrirspurn, vegna þess að það liggja ekki fyrir opinberar lokaskýrslur um þessa hluti. Það vill svo til, að ég gerði um það ýtarlega tilraun á s. l. vetri, að láta gera áætlun um framleiðslumagn landbúnaðarins á árinu 1946, og ég býst við, að hv. þm. muni láta sér nægja það, þó að það geti skakkað ofur litlu. Ég studdist þar við upplýsingar bæði frá framleiðsluráði landbúnaðarins og stofnunum, sem annast sölu landbúnaðarafurða, ásamt upplýsingum frá hagstofunni, og yfirleitt allar þær upplýsingar, sem ég gat náð í, til þess að byggja á nokkurn veginn öruggar niðurstöður um þetta. Niðurstaðan varð þannig, að framleiðslumagnið 1946 hefur orðið sem hér segir:

65 millj. l. mjólk
8000 smál. kindakjöt
1500 — nautgripakjöt
1000 — hrossakjöt
250 — svínakjöt
75 — alifuglakjöt
600 þús. stk. slátur og mör
80 smál. egg

og svo gærur og ull. Nú er spurt um það, hve mikið verð felist í þessari framleiðslu, miðað við innlent og erlent verðlag. Ég hef reynt að gera mér nokkra grein fyrir því, og ég hef reiknað út þetta framleiðslumagn innanlands á 2 árum með því að reikna út verðið, eins og það er selt á markaðsstöðum innanlands, og í öðru lagi að reikna út það verð, sem bændur fá, og í þriðja lagi hef ég látið reikna út meðalverð á öllum þessum vörum á Norðurlöndunum þremur. Niðurstaðan af þessu verður þá þannig, að verð á þessum vörum, með því verðlagi, sem bændur fá, er um 200,2 milljónir kr. Útsöluverð á öllum þessum vörum er 278,45 milljónir kr., en verð þessarar vöru, miðað við meðalverð, sem var á þessum vörum á Norðurlöndum, eru 128,4 milljónir.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa grg. Hún er eins nákvæm og ég gat búizt við undir þessum kringumstæðum.

6. Sjúkrahælin í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi sjúkrahæli í Kumbaravogi og Kaldaðarnesi [51. mál, 3] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð [sjá atkvgr. um 4. fyrirspurn, Vegamál].

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ríkisstj. mun nú hafa í huga að stofna nýjan spítala fyrir áfengissjúklinga, en undanfarandi stjórn hafði rekið tvö hæli, annað í Kumbaravogi, en hitt í Kaldaðarnesi, og skilst mér, að hún hafi lagt í það mjög mikla peninga, þar á meðal mikið fé í framkvæmdir í Kaldaðarnesi, eftir að hælið var lagt niður. — Það leiðir af sjálfu sér, þar sem allar þessar framkvæmdir hafa verið gerðar

utan við Alþ. og þær hafa kostað mikið, að þá er sannarlega ástæða til þess, að þingið og þjóðin fái að vita, hvernig þessu hefur verið háttað. Í fyrsta lagi, hvenær þessi hæli voru stofnuð, hvað þau kostuðu mikið, hve margir sjúklingar dvöldu þar og hvaða menn höfðu yfirstjórn í þessum hælum. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. sé ánægja að því að gefa skýrslu um það mál.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla að gefa í einu lagi svör við 1., 2., 3. og 5. lið, en þeim 4. mun ég svara sérstaklega. Í skýrslunni segir svo:

Samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1943 átti Kumbaravogshælið áhöld og muni fyrir kr. 21.525.99. Hælið var rekið í leiguhúsnæði, svo að um stofnkostnað var ekki að ræða.

Á hælið í Kumbaravogi komu 42 vistmenn alls (7342 dvalardagar). Starfræksla hælisins byrjaði 1. október 1942, en vistmenn komu fyrst á hælið í marz 1943. Rekstrarkostnaður hælisins frá 1. okt. 1942—31. des. 1943 var kr. 76.060.81, en tekjur aðrar en daggjöld kr. 1.604.80. Raunverulegan dagkostnað er ekki hægt að finna, þar eð rekstrarkostnaður vegna undirbúnings áður en vistmenn byrjuðu að koma er innifalinn í ofangreindum rekstrarkostnaði. — Rekstrarkostnaður 1944 var kr. 105.614.13. Dvalardagar 3141. Dagkostnaður samkvæmt því kr. 33.62. Rekstrarkostnaður 1945 er sameiginlegur fyrir Kumbaravog og Kaldaðarnes, en hælið var flutt í Kaldaðarnes í júní það ár. Rekstrarkostnaður var kr. 134.726.16. Dvalardagar 3592. Dagkostnaður var samkvæmt því kr. 37.51. Rekstrarkostnaðurinn er talinn án frádráttar á daggjöldum.

Í stjórn Kumbaravogshælis voru: Kristinn Stefánsson, Friðrik Á. Brekkan og Sigfús Sigurhjartarson. Forstöðumenn: Jón Sigtryggsson þangað til í júní 1944 og Vernharður Jónsson frá þeim tíma.

Drykkjumannahælið var starfrækt í Kumbaravogi til bráðabirgða, enda var staðurinn ekki talinn heppilegur vegna nágrennisins við allstórt sjávarþorp. Umdæmisstúkan keypti jörðina til þess að reka þar barnaheimili á vegum reglunnar.

Samkvæmt Kaldaðarnesupplýsingum ríkisbókhaldsins voru greiddar úr ríkissjóði til endurbygginga og nýbygginga á árunum 1945—1946 kr. 792.659.00.

Eins og að ofan greinir er rekstrarkostnaður ársins 1945 sameiginlegur fyrir Kumbaravog og Kaldaðarnes, en rekstrarhalli hælisins árin 1942—47 hefur verið þessi:

1942—1943:	Kumbaravogur	kr.	49.634.91
1944:	Kumbaravogur	—	63.155.98
1945:	Kumbaravogur og Kaldaðarnes	—	61.000.00
1946:	Kaldaðarnes	—	113.000.00
1947:	Kaldaðarnes	—	112.000.00

Á Kaldaðarneshælið komu alls 40 vistmenn. Dvalardagar þeirra voru 156 að meðaltali. Stjórn hælisins hefur verið hin sama og í Kumbaravogi. Auk þess hefur stjórnarnefnd ríkisspítalanna annazt reksturinn síðan í maí 1946. Forstöðumenn hafa verið þessir: Pétur Snæland þangað til í júlí 1945, Ólafur Friðriksson frá þeim tíma og til 30. apríl 1946, Árni Blandon frá þeim tíma. Læknar hælisins hafa verið: Alfreð Gíslason þangað til í marz 1946, Helgi Tómasson frá þeim tíma, og eiginlega hefur hann verið aðalforstöðumaður.

Þá er það sú spurning, hvers vegna hælið í Kaldaðarnesi hafi verið lagt niður. Þetta kom fram í umræðum hér á Alþ. um annað mál, en þar sem hv. þm. S-Þ. hefur líklega ekki verið þar viðstaddur og e. t. v fleiri, þá skal ég nú gera nokkra grein fyrir þessu enn. Til þess lágu einkum þrjár ástæður, — í fyrsta lagi kom það í ljós, að dómi hæfra manna, sem um þetta höfðu fjallað, að sem lækningahæli væri það ekki vel sett á þessum stað vegna fjarlægðar frá bústöðum læknanna; í öðru lagi var útgangurinn á jörðinni þannig eftir veru setuliðsins, að ef ríkið hefði átt að halda þar hælið áfram, hefði það orðið að leggja í stórfelldan aukakostnað vegna þessara landspjalla; í þriðja lagi sótti svo atvmrn. eftir því að fá jörðina til þess að losa Skálholt úr ábúð. — Þetta voru höfuðástæðurnar til þess, að sú ákvörðun var tekin að leggja hælið niður, og ég vænti þess, að sú grein, sem ég hef gert fyrir þessu, verði talin nægilegt svar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Hæstv. ráðh. hefur nú gert nokkra grein fyrir þessu máli, og er hún til bóta, þó að þing og þjóð kunni e. t. v. að fýsa að vita eitthvað meira um það en enn er komið fram. Til dæmis er eitt höfuðatriði — og þar sem hér er staddur einn af höfuðmönnum góðtemplara, sem verið hefur í stjórn hælisins, þá vildi ég beina til hans fyrirspurn um það höfuðatriði, hvers vegna lagt var út í þetta, án þess að vistmenn hælisins væru sviptir sjálfræði. — Þá er það eftirtektarvert, að eytt hefur verið til Kaldaðarneshælisins 800 þús. kr., og þá fyrst kemur í ljós, að það er ónothæft. Ég verð að segja, að það er vel lagið til að koma þeirri trú á, að viðkomandi yfirvöld hafi ekki alls kostar góða gát á því, hvað verið er að ráðast í með slíkum framkvæmdum. Og varðandi skýringar hæstv. menntmrh. verð ég að segja, að þær eru engan veginn fullnægjandi. Hann taldi í fyrsta lagi, að hælið þyrfti að vera undir læknishendi. Á móti því mælir það, að læknar standa algerlega ráðþrota gegn áfengiseitrun, og það eru tómar hrossalækningar, sem reyndar eru. Þá nefndi hæstv. ráðh. það í öðru lagi, að ástand jarðarinnar væri mjög bágborið af völdum setuliðsins. Þar er því til að svara, að Bretar borguðu fyrir skemmdir á jörðinni um 300 þús. kr., og hefði mátt rífa talsvert af tóftunum fyrir það fé. Og þó að það sé allt í einu gefið upp, eftir að búið er að flytja hælið í Kaldaðarnes, að staðurinn sé óheppilegur vegna niðurníðslu jarðarinnar, þá er jörðin þó ekki verri en svo, að hún lokkar mann, sem setið hefur á ágætisjörð og er hinn duglegasti bóndi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta, en mér virðist svo sem haldið hafi verið á þessu máli af fullkomnum barnaskap og ræfildómi frá byrjun. Og það vegur ekki þungt til skýringar, þótt því sé haldið fram, að atvmrn. hafi heimtað jörðina til að losa Skálholt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að vera við umræður, þar sem þær upplýsingar voru gefnar, er hæstv. menntmrh. vísaði til. Og vegna þess, að hér hafa verið gefnar takmarkaðar upplýsingar, vildi ég vita, hvort hægt væri nú að upplýsa það hér, hvað Kaldaðarnes hafi verið selt fyrir mikið, hvað jörðin hafi kostað ríkið og eftir hvaða lagaheimild hún hafi verið seld. Ég veit ekki betur en samkvæmt lögunum um þjóðjarðir sé það eitt af frumskilyrðum fyrir sölu þeirra, að viðkomandi aðili hafi búið á jörðinni og hafi verið þar a. m. k. í þrjú ár, og ég vildi gjarna vita, eftir hvaða heimild Kaldaðarnes hefur verið selt, ef jörðin er þá seld, en ekki leigð eða byggð. Einnig vildi ég fá vitneskju um, hvaða nauður rak til að skipta um ábúendur á jörðinni, því að mér er ekki kunnugt um, að nauðsynlegt hafi verið að losa Skálholt.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Út af ummælum, sem hér hafa komið fram, vil ég upplýsa það, að Kumbaravogshælið var upphaflega stofnað af Stórstúku Íslands. Ég var einn þeirra þriggja manna, sem stjórnuðu því þá og sáu um rekstur þess. Síðan tók ríkið við hælinu samkvæmt lögum, og er það var flutt að Kaldaðarnesi, var rekstur þess tekinn undan okkar stjórn og falinn ríkisspítulunum, og dr. Helgi Tómasson tók við hælinu 1946 með því skilyrði, að engin sérstök stjórn hefði afskipti af þeim, er hælið sæktu. Síðan hælið var flutt að Kaldaðarnesi, hefur sú stjórn, sem ég átti setu í, ekkert haft yfir því að segja, og síðastliðin tvö ár hefur, að ég hygg, engin stjórn verið fyrir hælið.

Um staðinn er það að segja, að hann var valinn af landlækni og Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, og ég álít, að engin rök hafi legið til þess að leggja hælið niður í Kaldaðarnesi, og að það, sem átt hefði að gera, hefði verið að auka þar við húsnæðið, úr því að ekki var byggt þar að nýju, en það taldi ég strax óráð, að farið væri að endurbyggja gamla húsið.

Varðandi það, sem hv. þm. S-Þ. sagði um löggjöf, er takmarkaði sjálfræði vistmanna, er það að segja, að hún er til. Hún var sett samkvæmt óskum okkar, sem fyrir þessu hæli stóðum.

Varðandi það, hvernig hafi gengið að fá menn á hælið, á meðan það var undir okkar stjórn, get ég upplýst, að þar var ætíð hvert rúm skipað. Um ráðsmennsku hælisins síðan skal ég svo ekkert ræða. Ég býst við, að málið upplýsist enn betur en það gerði síðast, er það var rætt í Nd., og að það verði tekið til athugunar í félmrn. Nd.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég efast ekki um, að það sé af falslausum áhuga, sem hv. þm. S-Þ. spyr um þetta mál, og því er skylt að upplýsa hann eins og frekast er unnt. Lítið nýtt held ég þó, að komið hafi fram í síðustu ræðu hans. Hann taldi þó sýnt, að öll meðferð þessara mála hefði verið í eindæma ólagi. — Ég vil bara benda hv. þm. S-Þ. á það, að Íslendingar hafa hingað til enga reynslu haft í þessu efni, og á engu slíku var að byggja, er fyrst var farið að reka hælið í Kumbaravogi. Og þó að talsverðu fé hafi verið varið til þessa hælis, þá hefur því ekki verið kastað á glæ, því að mikilsverð reynsla hefur fengizt, sem áreiðanlega verður byggt á í framtíðinni. T. d. eru nú allir orðnir sammála um það, að ekki sé hægt að komast af án tveggja stofnana fyrir þessa sjúklinga, svo ólíkt sem farið er um ástand þeirra, og a. m. k. önnur þeirra yrði að vera læknisstofnun, og það er sú stofnun, sem ráðgert er í frv. um þetta, að ríkið reki, en styðji aðeins að nokkru hið væntanlega dvalarheimili. Og það var einmitt þetta, sem olli mestu um samþykki heilbrmrn., að Kaldaðarnes reyndist ekki heppilegt, þar sem það var of fjarri umsjá hæfustu lækna.

Ýmsir hv. þm. virðast varla geta sofið út af því, að Skálholt hefur verið losað úr ábúð, og ekki er hægt að verjast þeirri hugsun, að allt þeirra tal sé fyrst og fremst sprottið af löngun til að láta líta svo út sem sérstök hlunnindi hafi með þessu fallið í skaut hv. 1. þm. Árn. Í því sambandi er rétt að undirstrika það, að þessi eignaskipti, sem atvmrn. stóð fyrir, fóru þannig fram, að allar eignirnar voru látnar af hendi samkvæmt matsverði. Sú venja hefur ávallt gilt um slík kaup, og ekki var hægt að hafa þar annan sjálfsagðari hátt á. Ég veit ekki betur en ríkið hafi oft haft slík viðskipti við embættismenn sína og þingmenn, og þau þá farið fram með slíkum hætti. — Um heimild til þess að selja Kaldaðarnes hefur hæstv. atvmrh. gefið upplýsingar; hann benti á, að það hefði verið gert samkvæmt almennri lagaheimild um ríkisjarðir og húsin sem jarðarhús. En eins og ég gat um, hefur heilbrmrn. fengið um 400 þús. kr. fyrir húsin.

Hv. þm. Barð. spyr, hvað hafi þvingað ríkið til þess að losa Skálholt úr ábúð. — Vitanlega lögin um bændaskóla í Skálholti, ábúandi varð auðvitað að fá úr því skorið, hvort hann ætti að fá að sitja þar áfram, og var ekki hægt að hugsa sér, að hann sæti þar í óvissu; hann átti fulla kröfu á því að ríkið hefði þarna við hann hrein skipti. Nú hefði það e. t. v. verið talið æskilegt af mörgum, að hv. 1. þm. Árn. hefði engan annan kost átt en að flytja á mölina til Rvíkur, og er sennilegast, ef svo hefði farið, að þá hefði ríkt ró og kyrrð í þingsölunum. En það undarlega skeði, að hann vildi nú halda áfram að búa og var gert það kleift, er honum bauðst Kaldaðarnes, sem hann vildi taka, þótt það væri illa útleikið. Og ég tel það atvmrn. til sóma, að það vildi greiða fyrir því á allar lundir, að hann gæti haldið áfram að búa og setzt að á þessu gamla höfuðbóli. Það var knýjandi nauðsyn að losa Skálholt, og væri meiri ástæða fyrir þm. að gleðjast yfir því, að hv. 1. þm. Árn. tók þann karlmannlega kost að flýja ekki af hólminum á mölina, heldur reisa bú á öðru höfuðbóli, og ég tel það þeim til sóma, sem stuðluðu að því, að svo gat orðið.

Ég get líka tekið það fram, að það hafði mikil áhrif á afstöðu mína til viðbótar öðrum ástæðum, að mér var kunnugt um það, að það var mikil og almenn óánægja yfir því, hvernig komið var um Kaldaðarnes, og þeim útgangi, sem á jörðinni var. Og ef hv. þm. hefðu aðstöðu til að skyggnast inn í það mál, mundu þeir

sannfærast um, að þetta er rétt, og enn fremur, að ef ríkið hefði átt að ganga sómasamlega frá Kaldaðarnesi, hefði það orðið stórfellt fjárhagsspursmál. — Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef nú hlustað hér á umræður um þetta mál og sé, að þær hafa aðallega snúizt um fjárhagshliðina, svo að ég hef ekki getað varizt því að draga þá ályktun, að ýmsum hv. þm. mundi vera meira í mun að gera sér úr málinu pólitíska krás heldur en nokkuð annað, því að þetta mál er svo vaxið, að það er fyrst og fremst heilbrigðismál, og ber að ræða það sem slíkt. Fyrir mitt leyti langar mig því til að vita, hvaða árangur hefur orðið af þessu hælishaldi í Kumbaravogi og í Kaldaðarnesi, hve margir sjúklingar hafa t. d. fengið lækningu þar og hve mörg „procent" hafa lent í sama farið aftur.

Ég vildi aðeins fá upplýsingar um þetta; því að hafi þar fengizt jákvæður árangur, er það sú dýrmæta reynsla, sem í framtíðinni má byggja á.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. mál hans. Hann skilur, að aðstöðumunur okkar er mikill, þar sem hann getur teygt lopann, en ég hef aðeins 5 mínútur til þess að gera grein fyrir mínu máli. En mér mun gefast tækifæri síðar til að ræða þetta í sambandi við annað mál.

Ég vil þó benda á, að hæstv. menntmrh. tekur fram þrjú höfuðatriði sem ástæður fyrir því, að hælið er lagt niður í Kaldaðarnesi. Í fyrsta lagi, að það hafi þótt of fjarri að dómi lækna. — Nú er þó upplýst, að landlæknir sjálfur hefur valið staðinn, og hlýtur því hæstv. menntmrh. að hafa tekið meira mark á einhverjum öðrum læknum en landlækni sjálfum. — Í öðru lagi telur hann að jörðin hafi verið í svo slæmu ástandi, að það hefði kostað of fjár fyrir ríkið að kippa því í lag. Nú er upplýst, að það lá fyrir stórfé frá hinum erlendu aðilum, sem skylt var að nota til þess að gera nauðsynlegar umbætur á jörðinni, og ef það hefur verið vanrækt, er það undarleg ráðstöfun. — Í þriðja lagi telur hann, að nauðsynlegt hafi verið að skipta um ábúendur í Skálholti og að Kaldaðarnes hafi verið selt samkvæmt lögum. Ég er þó ekki farinn að sjá, að það sé að fullu upplýst. Og ég sé ekki betur en þetta sé hreinn loddaraleikur allt saman.

En mér mun annars síðar gefast tækifæri til þess að ræða þetta niður í kjölinn.

Jörundur Brynjólfsson: Það er í sjálfu sér ekki til mikils að taka til máls, þegar bara eru 5 mín. til umráða til þess að svara öllum þeim órökstuddu fullyrðingum, sem hér hafa verið bornar fram. Ég hefði líka getað látið hjá líða að taka til máls, þótt málið snerti mig, því að hæstv. ráðh. hefur gefið allýtarlegar upplýsingar. Ég mun hins vegar ekki skorast undan að taka þátt í umr., þar sem ég hef meira en 5 mín. til umráða, og mér þykir illt, ef ekki gefst tækifæri til þess síðar. En það er eitt atriði, sem ég vildi drepa á, og það er það, að hér hafa komið fram aðdróttanir til manna, er hlut eiga að þessu máli, en geta ekki varið sig hér. Þessar dylgjur og aðfinnslur eiga sér enga stoð. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að þeir matsmenn, sem um þetta fjölluðu, hafi gætt fyllstu réttsýni, og ég ætla þeim ekki annað en sæmd. Til þessa hefur enginn leyft sér að vefengja fagkunnáttu þeirra, en nú eiga þeir að hafa litla getu, fávizku og ókunnugleik til að bera, og gefið er í skyn, að störf þeirra séu vítaverð. Ég mótmæli þessu og tel það ekki sæmandi, að nokkur þm. fari þannig að.

Um önnur atriði þessa máls geta menn haft skiptar skoðanir, og þar má leiða rök með og móti. Við söluna var aðeins um það hugsað, hvað þægilegast væri, og það get ég upplýst, að mér lá ekki á að kaupa. Það má vera, að málflutningur hv. þm. Barð. verði talinn góð latína af sumum, en ég býst við því, að ýmsir lögfræðingar verði honum ekki sammála. Hæstv. forseti segir, að tíma mínum sé lokið, og því verð ég að hlíta.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 3. landsk. spurði, hvort ekki væru fyrir hendi upplýsingar um starfsemi hælanna. Ég skal athuga, hvort hægt er að gefa upplýsingar um þetta síðar. Ég veit, að margvísleg reynsla hefur fengizt með starfrækslu þeirra.

7. Aðstoð til síldarútvegsmanna.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til sjútvmrh. varðandi fjárhagslega aðstoð við skip þau, er voru á síldveiðum síðastliðið sumar [51. mál, 4] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð [sjá atkvgr. um 4. fyrirspurn, Vegamál].

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að s. l. sumar varð mikil vonbrigði fyrir útgerðarmenn og sjómenn. Síldveiðin brást, með þeim afleiðingum, að útgerðin varð fyrir stórfelldu tjóni og er ekki þess umkomin að greiða þeim sjómönnum, mörgum eða allflestum, er síldveiðar stunduðu, kaup sitt. Afleiðingin af því ástandi hefur orðið sú, að sú mikla kjarabót, sem verkalýðshreyfingin hefur barizt fyrir, kauptryggingin, hefur ekki komið að haldi, og þar með hefur það ástand skapazt, að menn komu með tvær hendur tómar eftir sumarvinnuna, það tímabil, sem menn treysta mest á til þess að framfleyta sér og sínum. Að sjálfsögðu hafa menn reikninga og kröfur á útgerðarmenn fyrir sínu kaupi, en þeir hafa ekki verið þess umkomnir að greiða þetta kaup. Það er af þessari ástæðu, að þessi fyrirspurn er fram komin.

Ég hef heyrt þess getið, að eftir þennan aflabrest hafi hæstv. sjútvmrh. skipað sérstaka n., sem átti að athuga þá erfiðleika, sem útgerðin á við að stríða í þessu sambandi, og til þess að finna leiðir til úrbóta. Síðan fyrirspurnin kom fram, hefur það skeð, að sjútvmrh., sem líka er fjmrh., hefur haldið sína fjárlagaræðu og skýrt frá því einnig, að n. sú hafi skilað áliti í októbermánuði og hver sú leið væri, sem hún vildi fara. Í samræmi við það eru svo veittar 6 millj. kr. á fjárlögunum til styrktar útgerðarmönnum, sem fyrir mestum skaða hafa orðið. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort ekki er til þess ætlazt, að þessi styrkur verði veittur sem allra fyrst. Hæstv. ráðh. veit það vel, að fjárl. verða ekki samþ. fyrr en einhvern tíma á þessum vetri, en hins vegar er það stór hópur sjómanna, sem vantar tilfinnanlega kaup sitt, og gera þarf ráðstafanir til að gera útgerðarmönnum kleift að borga þessum mönnum, ásamt því að halda útgerðinni áfram um tíma. Ég vænti þess, að hæstv. sjútvmrh. svari þessum spurningum mínum, sem ég kom fram með, vegna hins breytta viðhorfs, sem skapazt hefur við hans fjárlagaræðu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef í rauninni svarað fyrir fram því, sem hv. þm. var að spyrja um. Fyrirspurnir hans eru að því leyti óþarfar, hvað það snertir. Það kann að vera, að hún hafi verið prentuð áður en fjárlagaræðan var haldin, en þar lýsti ég yfir því, að í frv. hefði verið tekin 6 millj. kr. fjárveiting eða fjárframlag í þessu skyni til að hlaupa undir bagga með þeim, sem í mestum erfiðleikum eru. Og þetta var gert í samráði við meðráðherra mína í ríkisstj. Ég tók það einnig fram, að það væri undir undirtektum hjá hv. þm. komið og hv. fjvnm., hve fljótt þessu gæti miðað áfram, og enn fremur sagði ég það, að mín meining væri sú að reyna að fá bráðabirgðalán, til þess að kreppunefndin eða þeir aðilar, sem með þetta ættu að fara, hefðu eitthvert fé milli handa, jafnvel þótt fjárlögin væru ekki samþ. Þetta tók ég fram, og þess vegna þykist ég hafa svarað þeim fyrirspurnum, sem hann hefur fyrir mig lagt. Nú er það svo, að þó að ég hugsi mér að taka bráðabirgðalán eða Alþ. í heild, þá kostar það nokkur umsvif að ná í svo mikið fé, svo að búast má við, að það taki nokkurn tíma. En ég ætla, að vilji ríkisstj. sé alveg glöggt markaður í þessu máli, bæði með þeim ákvæðum, sem sett voru í fjárlfrv., og með þeim orðum, sem ég mælti við þær umr., viljinn sá, að gera sitt ýtrasta til að leysa þessi vandræði svo fljótt sem kostur er á. Nú verður að athuga það, að hjálp eins og þessa verður að láta af hendi undir löglegu formi, og nú er það til athugunar hjá þessari n., sem ég fékk nú í sept. til að safna skýrslum viðkomandi útgerðinni, hvaða leiðir skuli fara í þessu efni. Það getur verið um mismunandi leiðir að velja, en öll fjárveiting í þessu skyni verður að fara fram eins og Alþ. getur fellt sig við. Það er ekki hægt að hugsa þetta þannig, að sjútvmrh. eða hans trúnaðarmenn láti fé til einhverra útgerðarmanna án þess að fara eftir reglum, sem eru viðurkenndar réttar eða bornar undir Alþ. — Ég held, að ég hafi ekki fleira um þetta að segja á þessu stigi málsins. Málið er í þeirri athugun, sem til var stofnað, og það verður reynt að koma því í framkvæmd eins fljótt og hægt er. Það er rétt að geta þess, að það stendur ekki eins á hjá öllum þeim bátaeigendum, sem hér eiga hlut að máli. Það hefur þegar komið í ljós, að sumir hverjir hafa rúið sig inn að skyrtunni til þess að standa í skilum við bátsverja sína. Aðrir hafa lagt árar í bát og bíða eftir því, að ríkisvaldið hjálpi. Þetta er allt mjög vandasamt viðureignar. Hitt er svo aftur viðurkennt, að þeir sjómenn, sem ráðnir hafa verið á bátana, eiga samningsbundinn rétt til þess að fá sitt kaup greitt. Það kom líka ljóst fram, þegar fjárl. voru rædd, að það, sem ríkisstj. gerir í þessu efni, er gert vegna þessara sjómanna og til þess að forðast það, að bátaútvegsmenn missi skip sín undir hamarinn af þessum ástæðum.

Ég vil svo aðeins bæta því við, að vandræði sjávarútvegsmanna eru því miður svo mikil, að jafnvel þótt þessi þáttur verði leystur, þá er rétt að hafa það í hyggju, að þetta er bara einn þátturinn af þeim vandræðum, sem þeir eru í, og að það er allt annað en auðvelt verk að greiða fram úr því, svo að öllum líki vel.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Að sjálfsögðu geri ég mér fulla grein fyrir því, að erfiðleikar útgerðarinnar eru margþættir, en eins og ég áður gat um, er ástæðan til þess, að ég ræði um þessa hlið sérstaklega, sú, að það er mjög illa ástatt fyrir mörgum sjómönnum, sem við síldveiðar hafa verið á s. l. sumri. Ég gat um það áðan, að fyrirspurnin, sem hér er flutt, var prentuð meira en viku áður en hæstv. ráðh. flutti sína fjárlagaræðu, og þótt hann hafi svarað henni að mestu, þá verð ég að segja eins og er, að mér finnst það ekki liggja nógu glöggt fyrir, hvernig fara eigi að að ráða bót á í þessu efni. Hæstv. ráðh. gat um, hver væri fyrirætlun hans um athugun á þörfum þessara útgerðarmanna, sem verst eru komnir. Mér finnst það liggja ljóst fyrir, að um leið og hæstv. ráðh. talar um, að nauðsyn sé til þess að gera löglegar ráðstafanir og að þær taki sinn tíma, þá hefði mátt vænta þess, að á Alþ. hefði komið fram frv. um bráðabirgðalán til þeirra útgerðarmanna, sem verst eru staddir. Slíkt frv. er ekki komið enn, en kemur væntanlega næstu daga. Ég endurtek það, sem ég sagði hér áðan, að ég tel þetta svo stórt atriði fyrir fjölda sjómanna, að það verði að koma úrbætur hið allra fyrsta. Ég tek það fram, að þótt ég unni útgerðinni alls hins bezta, þá hef ég komið hér fram með þetta mál vegna hagsmuna sjómanna. Mér er það ljóst, að útvegsmenn eru misjafnlega illa staddir, þar sem sumir hafa staðið við allar skuldbindingar, en aðrir ekki. En það breytir engu um það, að það eru mjög margir útgerðarmenn, sem hafa ekki greitt kaup enn þá, og mér finnst þeir hafa mjög sterka afsökun, vegna þeirra erfiðleika, sem þeir hafa orðið fyrir, vegna síldarleysisins í sumar, til viðbótar þeim erfiðleikum, sem útgerðin hefur orðið fyrir á umliðnum árum.

8. Vatnsréttindi í Þjórsá.

Á 112. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. varðandi eignarrétt á Þjórsá [51. mál, 5] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð [sjá atkvgr. um 4. fyrirspurn, Vegamál].

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við munum vera allir sammála um, að þær auðlindir, sem við Íslendingar eigum, næst okkar sjó og okkar landi, muni vera okkar vatnsafl. Og Þjórsá mun vera talin geta framleitt yfir eina millj. kílówött rafmagns. — Nú mun svo vera, að síðan fossalögin voru á döfinni 1919, þá munu vatnsréttindin í Þjórsá hafa verið seld og komizt í eigu félagsins Titan. Og nú hefur verið mjög kyrrt um þessi mál.

Nú er mér ekki kunnugt um, hvernig raunverulega séð muni vera um eignarrétt þennan á Þjórsá, sem af ýmsum hefur verið dreginn í efa. Hins vegar er það, að ætli menn að bera fram nokkrar till. viðkomandi hagnýtingu vatnsorkunnar í Þjórsá, þá er nauðsynlegt að vita um þann eignarréttargrundvöll, sem eign þessara vatnsréttinda byggist á. Þess vegna hef ég borið fram fyrirspurn um, hver sé eigandi vatnsréttindanna í Þjórsá, og á ég þar við réttindi til raforkuvirkjunar. Á ég við alla fossana, sem árið 1919 voru taldir sex, þegar Titan sótti um sérleyfi til þess að virkja Þjórsá.

Ég hef enn fremur lagt fram þá fyrirspurn, hvort h/f Titan sé enn þá löglegur íslenzkur eigandi þessara vatnsréttinda. Og þætti mér vænt um, ef hæstv. atvmrh. gæti gefið okkur hér góðar upplýsingar um þetta mál, sem okkur veltur mikið á nú, ef á að hugsa um hagnýtingu á þessari á. — Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég hygg, að það sé skýrt, hvað við er átt.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal um þetta gefa þær upplýsingar, sem ég hef getað aflað mér. — Ég skal geta þess, að í sambandi við umr., sem urðu um þetta fyrir rösku ári síðan í sambandi við mælingar eða athuganir, sem Englendingar gerðu á Þjórsá, án skuldbindingar þó, fól ég raforkumálastjóra að afla upplýsinga um það, hvernig væri háttað með eignarrétt vatnsaflsins í Þjórsá, og ég hef beðið hann um upplýsingar um þetta efni. Hefur hann í tilefni af því skrifað mér svolátandi bréf:

„Samkvæmt útskriftum úr veðmálabókum Árnes- og Rangárvallasýslna, sem vegamálastjóri hefur afhent raforkumálaskrifstofunni, virðist h/f Titan vera talið eiga öll vatnsréttindi í Köldukvísl, Tungnaá, Fossá í Þjórsárdal, Geldingaá og vatnsréttindi á Holta- og Landmannaafréttum, auk vatnsréttinda í Þjórsá, þar sem nokkurt virkjanlegt fall er, niður fyrir Urriðafoss. Titan mun þó aðeins hafa tekið á leigu vatnsréttindin í Kálfholtslandi, samkvæmt leigutilboði séra Ólafs Finnssonar í Kálfholti, dags. 14. ág. 1916, með áritaðri staðfestingu stjórnarráðsins, dags. 14. nóv. 1916, og framsali frá Eggert Claessen, dags. 14. nóv. 1916.

Af útskriftunum úr veðmálabókum verður ekki séð, hvort vatnsréttindi hafi verið seld (eða leigð) meðfram allri ánni, án þess að athuga um leið landamörk hverrar jarðar, sem hlut á að máli. Virðist þó sem óseld séu vatnsréttindi nokkurra jarða milli Þrándarholts og Skálmholtshrauns í Árnessýslu og á milli Króks og Haga, svo og milli Haga og Akbrautarholts í Rangárvallasýslu, *(PZ:* Þarna mun eiga að standa: Akbrautar). Já, það mun vera rétt, — auk vatnsréttinda fyrir neðan Urriðafoss í Þjórsá, en ekki mun vera virkjanlegt fall í ánni á þessum stöðum."

Þannig er það, sem fyrir liggur um það, hver eigi aflið í Þjórsá og nálægum ám.

Í öðru lagi, sérstaklega viðvíkjandi síðari lið fyrirspurnarinnar, hefur þetta verið samið í atvmrn.:

„Félagið Titan var stofnað í Reykjavík í febrúarmánuði 1914 með heimilisfangi þar.

Við gildistöku hlutafélagalaganna, nr. 77/1921, var Titan veittur eins árs frestur til þess að koma málum sínum í löglegt horf í samræmi við hlutafélagalögin, svo að skrásetning þess gæti fram farið. Frestur þessi var ekki notaður, og er Titan ekki skrásett á hlutafélagaskrá í Reykjavík.

1. gr. laga nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er svo hljóðandi:

„Enginn má öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hér á landi.

2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hér á landi.

3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hér heimilisfastir, enda skal félagið hafa hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir.

4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hvers konar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem sérleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námuréttindi, svo og hagnýting vatns og vatnsorku í þarfir námuvinnslu einvörðungu,

getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara.“

Samkvæmt upplýsingum hrm. Ragnars Jónssonar, umboðsmanns félagsins Titan hér á landi, eru allir stjórnendur þess búsettir erlendis. Titan fullnægir því ekki skilyrðum 1. gr. 4. tölul. þessara laga til þess að eiga afnotarétt eða eignarrétt á vatnsréttindum hér á landi án leyfis ráðuneytisins. Slíkt leyfi hefur ekki verið veitt, en Titan ber samkvæmt 4. gr. laganna minnst 6 mánaða frestur til þess að koma málum sínum í löglegt horf.

Fyrir um það bil ári síðan ræddi ráðuneytið við umboðsmann Titan hér um það, að æskilegt væri að samningar yrðu hafnir um kaup ríkisins á vatnsréttindum félagsins hér á landi. Samningar hafa enn þá ekki hafizt, sem orsakast fyrst og fremst af málaferlum, sem standa nú yfir í Noregi milli stjórnar Titans og einstakra félagsmanna, en horfur eru á, að málaferlum þessum ljúki á næstunni, og eru stjórnendur félagsins, einn eða fleiri, væntanlegir hingað til lands í erindum þess á næsta vori.“

Ég þarf ekki miklu við þetta að bæta. Ég skal aðeins geta þess, út af niðurlagi þess, sem ég las, að fyrir ári síðan, þegar umræður hófust um þetta, að gefnu tilefni af hálfu þeirra ensku manna, sem fóru að athuga þetta, þá fór ráðun. að athuga, hvernig eðlilegast og sjálfsagðast væri, að Ísland eignaðist vatnsorkuna í Þjórsá. Það mátti vitanlega gera það með því að skipa þeim í þessu félagi að koma málum sínum í lag með þeim sex mánaða fresti, sem þar er tilskilinn, og láta síðan dóm ganga um eignarréttinn. Við töldum hins vegar rétt, þar sem það er vitanlegt, að meginhluti fjárins er í eign þegna þjóðfélags, sem okkur er skylt og vinveitt, Norðmanna, að fyrst færu fram samningaumleitanir við þessa menn um það, með hvaða kjörum þeir væru fáanlegir til að láta aflið af hendi, en neyta ekki fyllsta lagaréttar, fyrr en sýnt væri, að ekki væri unnt að komast að samningum. En enn hefur staðið á því, að félagið hefur ekki getað komið sér upp löglegri stjórn, vegna þess að þarna eru málaferli innbyrðis, sem þurfa að hlaupa á enda, áður en hægt er að vita, við hverja hægt er að tala þarna í félaginu. En þessi málaferli eru að verða búin, og innan stundar liggur fyrir, hverjir eru í Noregi löglegir eigendur þessara vatnsréttinda. Og þeir munu snúa sér til atvmrn. um samninga um þetta efni. Fleiri upplýsingar held ég, að ég geti ekki gefið að sinni.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, sem eru mjög merkilegar. Það er, eins og ég hálfpartinn bjóst við, þannig, að Titan hefur samkv. íslenzkum lögum ekki eignarrétt á vatnsorkunni í Þjórsá, svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. hefði verið búin að setja Titan þau skilyrði áður að vera búið að koma félaginu í löglegt horf. Það er vitanlegt, að það er mjög mikil deila innan félagsins Titan í Noregi, og líklega nær hún til þeirra íslenzku hluthafa. Ég býst t. d. við, að Eggert Claessen, sem var umboðsmaður þessa félags hér á landi, muni líka vera í deilu við þá aðila í félaginu, sem eru úti. Virðist mjög einkennilegt ástand í þessu félagi.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hverjar undirtektir hafa verið undir það, sem þegar hefur verið talað við þetta félag um málið, og hvort búast mætti við, að félagið vildi selja vatnsréttindin í Þjórsá til ríkisstj. Og ef félagið hefur tekið vel í það, þá skil ég mjög vel þá afstöðu hæstv. ríkisstj. að nota þá e. t. v. þá vinsamlegu aðferð að semja við þá menn, sem eru fulltrúar til samninga í þessu félagi, ef þeir létu vatnsréttindin af hendi með góðum kjörum. Það er vitað, að þessi vatnsréttindi voru seld mjög ódýrt, eins og kemur fram hjá Sveini Ólafssyni, fyrrv. alþm., og eins og kemur fram í umsögn fossanefndarinnar. — Það hefði verið mjög æskilegt að fara samningaleiðina í þessu máli, ef hægt hefði verið. Nú er vitanlegt, að h/f Titan hefur haft hlutafé að nafninu upp á 12 millj. kr., sem mun hafa verið fengið þannig, að það hefur verið þynnt út. Og ef ætti að reikna vatnsréttindin í Þjórsá, eins og hæstiréttur er vanur að reikna, þegar hann reiknar út matsverð á eignum, reikna allt hugsanlegt braskverð á landi eða aðstöðu, þá geta vatnsréttindin í Þjórsá orðið svo dýr, að illkaupandi væru. Ég er því hræddur um, að beita þurfi þeirri leið að setja þessu félagi þau skilyrði, sem því ekki væri fært að fullnægja, en bæta þessum aðilum upp á eftir, með sanngjörnu tilliti til þessarar vinaþjóðar okkar, án þess að þeir gætu gert gífurlegar kröfur um fjárgreiðslur af okkar hendi. Vil ég skjóta þessu fram til hæstv. atvmrh. til athugunar.

Ég þakka svo hæstv. atvmrh. fyrir greinagóð svör í þessu efni.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Það má segja, að það geti orkað tvímælis, hvort ætti að sækja þetta mál með fullri hörku eða að reyna að fara samningaleiðina fyrst, en við litum þannig á, að réttara væri að leita fyrst þeirra samninga, sem fáanlegir væru, og athuga að því loknu, hvort heppilegt mundi teljast að fara þá leið, að neyta réttar samkv. l. út í yztu æsar. Hitt get ég sagt, að þeir aðilar, sem ég ræddi um þetta við, voru mjög fúsir til samninga og báru aðeins við, eins og eðlilegt er, að ekki væri hægt fyrir þá að semja, sökum þess að það væri enginn óumdeilanlegur eigandi, sem gæti samið við ríkið, fyrr en þessi umrædda deila væri útkljáð. Hitt er sjálfsagt, að það kemur ekki til mála, að ríkið sæti neinum afarkostum til að ná þessu. Aðstaða hinna erlendu handhafa er ekki svo sterk, að þeir geti sett sig á háan hest við ríkið, ef það vill beita því valdi, sem það hefur. Ég geri ráð fyrir, að umr. á þessum grundvelli hefjist fljótlega eftir að umræddum málaferlum lýkur.

9. Bændaskólar.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. varðandi bændaskóla landsins [51. mál, 6] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð [sjá atkvgr. um 4. fyrirspurn, Vegamál].

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi l. nr. 24 1948, um bændaskóla, er kveðið svo á í 1. gr., að búnaðarskóla skuli starfrækja að Hólum og á Hvanneyri og einn í Skálholti, þá er þar er lokið undirbúningi. — Öllum hv. þm. er kunnugt um, að mjög eru skiptar skoðanir um það, hversu gera eigi hlut Skálholts sem veglegastan. Nú um nokkurt skeið hafa verið ákvæði í l. um stofnun bændaskóla þar. Hins vegar greinir menn á um það, bæði innan þings og utan, í fyrsta lagi, hvort rétt sé að koma á fót búnaðarskóla í Skálholti, og í öðru lagi, hvort rétt sé að stofna fleiri bændaskóla en þessa tvo; sem eru fyrir hendi. Hef ég heyrt, að aðsóknin væri ekki mjög mikil að skólunum, og því spyr ég nú um hana og kostnaðinn við skólahaldið. Fjalla l. og 2. liður fsp. um þetta efni. En svo vil ég og fá að vita um framkvæmdir í Skálholti og fé það, sem til þeirra hefur verið varið. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, að í fyrsta lagi sé þess ekki mjög brýn þörf að auka við húsnæði búnaðarskólanna, og margt annað geti verið brýnna. En í öðru lagi, að jafnvel þótt bæta þyrfti við húsnæði bændaskólanna, þá álít ég, að fremur ætti að byggja við skólahúsin á Hólum og Hvanneyri en byrja á nýju í Skálholti. Þar við bætist í þriðja lagi, að ég hygg aðra leið verða munu skynsamlegri varðandi Skálholtsstað. Annars mun ég eigi fara frekari orðum um þá hlið málsins. Ég er ekki samþ. gildandi lagaákvæðum um Skálholt. Vil ég taka það fram undireins, að verði þessari fsp. minni svarað á þá leið, að í ljós komi, að núverandi skólar hafi eigi verið sóttir hin síðustu ár sem áður, þá tel ég, að snúa eigi aftur á þessari braut. Ætti að mega bíða átekta í nokkur ár og taka til athugunar, hvort ekki mætti auka húsakost skólanna að Hólum og á Hvanneyri. Og að hinu leytinu vil ég láta gera athugun á því, hversu hefja megi hinn forna Skálholtsstað til vegs að nýju.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Spurt er um það, hve margir nemendur hafi sótt skólana að Hólum og Hvanneyri undanfarið. Hef ég gert skrár yfir það. Skýrslan frá Hólum nær yfir 6 ára bil, 1943—1949, og lítur þannig út:

Árið 1943—44 voru þar 38 nemendur.
— 1944—45 — — 38 —
— 1945—46 — — 36 —
— 1946—47 — — 30 —
— 1947—48 — — 22 —
— 1948—49 eru — 28 —

En hæfilegt rúm er talið vera þar fyrir 36—40 nemendur. Kemur þá í ljós, að síðustu 2—3 árin hefur skólinn eigi verið fullskipaður. — Þá er það Hvanneyri. Þar hefur aðsóknin verið á þessa leið:

Skólaárið 1944—45 voru 57 nemendur.
— 1945—46 — 59 —
— 1946—47 — 44 —
— 1947—48 — 28 — að viðbættum 8 nem. í framhaldsdeild, samtals 36 nemendur.
— 1948—49 eru 42 nemendur að viðbættum 8 í framhaldsdeild, samtals 50 nemendur.

En hæfilegt rúm á Hvanneyri er fyrir 52 nemendur. Skv. þessu var skólinn eigi fullskipaður skólaárin 1946—47 og 1947—48.

Síðan er spurt um, hver kostnaðurinn hafi verið, en hann er þessi skv. landsreikningum:

	Að Hólum	Á Hvanneyri
1943	kr. 65.290.08	95.824.94
1944	— 126.813.22	166.824.92
1945	— 180.364.77	276.747.03
1946	— 190.994.41	389.638.14
1947	— 213.761.05	366.952.84

Að endingu er svo spurt um það, hvort undirbúningur sé hafinn að byggingu bændaskóla í Skálholti samkv. l. nr. 24 1948, og sé svo, hverjar framkvæmdir sé um að ræða og hversu miklu fé varið hafi verið til þeirra. Það, sem gert hefur verið, er í höfuðatriðum á þessa leið:

1. Skólanum valinn staður.
2. Skálholtsland mælt og gerður af því uppdráttur.
3. Gerðir tillöguuppdrættir af skólahúsi og staðsetningu þess. Sem framhald af því unnið að því, að húsameistari ríkisins geri endanlega uppdrætti. Til undirbúnings ákvörðunum um fyrirkomulag fór framkvæmdastjóri Skálholtsnefndar til Norðurlanda 1946 að kynna sér fyrirkomulag bændaskóla.
4. Leitað að byggingarefni og það rannsakað með jákvæðum árangri. Talið bezt í Einholtsmel, 20 km frá Skálholti.
5. Athugaðir möguleikar á að afla neyzluvatns. Mælt fyrir leiðslu, og vatnsmagn athugað. Grafnir skurðir til að sameina lindir, sem líklegar eru sem vatnsból. Endanleg ákvörðun um vatnsbólið þó eigi tekin og ekki gerð áætlun um lögnina.
6. Athugað um möguleika að leiða heitt vatn úr Þorlákshver heim á væntanlegan skólastað. Fyrir liggur álit Rafmagnseftirlits ríkisins, en áætlun hefur ekki verið gerð.
7. Vegagerð. Lagður vegur 1.74 km af þjóðvegi heim á skólastaðinn. Vegurinn gerður að nokkru leyti á þann hátt, að grafnir eru skurðir með skurðgröfu og ruðningurinn notaður sem undirbygging vegar. Skurðirnir gera jafnframt gagn sem framræsluskurðir vegna væntanlegrar

ræktunar. Lengd þessara skurða er 864 m og rými 4363 rúmm.

8. Grafnir framræsluskurðir, 1005 m að lengd, rými 4689 rúmm.

9. Borið ofan í heimreiðina að hinum forna Skálholtsstað.

Kostnaðurinn við þessar framkvæmdir hefur orðið til þessa:

Árið 1945	kr.	24.322.58
— 1946	—	67.488.53
— 1947	—	114.522.95
Samtals	kr.	206.334.06

Þá voru hús og ræktunarmannvirki í Skálholti keypt af fráfarandi bónda þar fyrir kr. 175.000.00. Hefur verið settur á stofn vísir að skólabúi og varið til framkvæmda í Skálholti á vegum Skálholtsn. kr. 150.000.00, en þar við bætast svo kr. 175.000.00 —, kaupverð eigna Jörundar Brynjólfssonar.

Segja má, að ég hafi nú svarað fsp. hv. þm. En í sambandi við þetta mál tel ég ástæðu til að gefa yfirlit yfir allan gang þess undanfarið, sögu þess og þátt minn í því — eigi síst vegna gagnrýni þeirrar, sem það hefur sætt, bæði hjá hv. þingmönnum og blöðunum. Hefur fljóslega komið fram, að stofnun búnaðarskóla í Skálholti væri álitin hið mesta glapræði, er stöðva ætti hið bráðasta. En nú vil ég benda á, hversu ástatt var, þegar ég tók við þessu máli. L. um bændaskóla á Suðurlandi eru nú orðin yfir sex ára gömul, frá 30. júní 1942. Þar voru engin ákvæði um skólastað, og var ágreiningur uppi um hann. Þá var Búnaðarfélagi Íslands falið að gera till. um hann, og fól það þriggja manna n. það starf. Nm., sem voru þeir Steingrímur búnaðarmálastjóri Steinþórsson, Jón Sigurðsson á Reynistað og Guðmundur Þorbjarnarson á Hofi, sem var kvaddur í n. fyrir Búnaðarsamband Suðurlands, nefndu sérstaklega til þess Skálholt og Kálfholt. Skiluðu þeir áliti um málið, en urðu eigi sammála. Töluðu Steingrímur og Jón með Skálholti, en Guðmundur hélt fram Kálfholti. Síðan kemst málið inn á Alþ., og árið 1944 er samþ. breyt. á l., en með henni er ákveðinn staður fyrir þriðja bændaskólann í Skálholti í Biskupstungum. Eftir þetta skipar svo þáverandi ráðh., Pétur heitinn Magnússon, 3 menn í n. til að vinna að undirbúningi málsins, þá Steingrím Steinþórsson, Guðmund Erlendsson Núpi og Sigurð Ágústsson. Nú er einróma áskorun send árið 1945 um að hraða málinu. Sama ár er svo ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri til að vinna að þeim framkvæmdum, sem álitið var rétt að ráðast í. Árið eftir er svo maður sendur utan til að kynna sér byggingar búnaðarskóla, og að aflokinni förinni skilar hann skýrslu. Síðan eru hafnar framkvæmdir smátt og smátt. Þegar ég tók við málinu, var búið að starfa að þessu um 3 ár og kostnaðurinn orðinn hátt á aðra millj. kr.

Nú hefur mér heyrzt á mönnum, að skylda mín væri að stöðva þessar framkvæmdir. En ég sé ekki, hvernig ég hefði getað leyft mér slíkt eftir þær ákvarðanir, sem Alþ. hefur tekið í málinu. Ég gerði ekki ráð fyrir að hljóta ámæli af þessu. Hitt má segja, að skylda mín hefði verið, ef ég hefði talið málið háskalegt á annað borð, að stinga þá við fótum og beita mér fyrir afnámi þessara l. En nú lít ég eigi svo á, að málið sé óþarft. Það er þvert á móti mjög réttmætt. Veit ég vel, að menn munu rjúka til og benda mér á, að ég hafi rétt í þessu verið að lesa upp skrá um nemendafjöldann á búnaðarskólunum tveim. Þó er það svo, að gengið hefur á ýmsu um aðsókn manna til þeirra. Hefur jafnvel borið við, að allir umsækjendur hafa ekki komizt að og orðið hefur að vísa umsóknum frá. Gengur þetta m. ö. o. í öldum, og nú er aðsóknin að aukast að nýju. En tölurnar um hana má kalla viðvörun til vor um, að skipulagið sé orðið á eftir tímanum, enda skiljanlegt, þar eð það er frá því skömmu eftir aldamót. Er fullgild ástæða til þess að athuga allt fyrirkomulag á skólunum og gera nauðsynlegar breytingar á þeim. Getur jafnvel komið til greina að taka upp skipulag húsmæðraskólanna og hafa eins árs nám í vélfræði og búfræði. En hitt er Molbúaháttur að hugsa sér, að íslenzkir bændur þarfnist eigi búnaðarskóla, þó að í öllum stéttum séu til menn, sem skara fram úr í ýmsum greinum. Ég viðurkenni, að alltaf hafa lifað Íslendingar, sem hafa verið ágætir bændur, en hafa þó ekki stundað nám á bændaskólum. En ég er sannfærður um, að aldrei hefur svo mikill óskólagenginn búhöldur búið hér á landi, að hann ekki hefði verið nýtari maður, ef hann hefði fengið viðbótarfræðslu við það, sem hann gat sjálfur aflað sér. Og hvað er nú að gerast í íslenzkum landbúnaði? Það er vissulega að verða bylting í íslenzkum landbúnaði, úr hinum frumstæða búskap, sem hefur verið hér á landi frá fyrstu tíð, í nýtízku búskap, vélabúskap, sem rekinn er á vísindalegum grundvelli. Og ég er sannfærður um, að ef þær tilraunir, sem verið er að gera af Alþ. til að koma landbúnaðinum í þetta horf, eiga að takast, þá er fyrsta skilyrðið að manna íslenzka bændastétt þannig, að hún geti tekið við þeim framkvæmdum, sem verið er að leggja upp í hendurnar á þeim, er þessa stétt skipa. Íslenzkir bændur hafa jafnmikla þörf fyrir sérþekkingu í sinni atvinnugrein eins og fjöldi manna í þeim iðngreinum, sem til eru í landinu. Og hvernig hafa iðnaðarmenn staðið að menntun sinna manna? Þannig, að iðnaðarmenn fá ekki full réttindi til að starfa sem slíkir, fyrr en þeir eru búnir að ljúka ákveðnu margra ára námi, bæði verklegu og bóklegu. Og ég er sannfærður um, að þessari stefnu og ákvörðun iðnaðarmanna er það að þakka mest, hve mannaðar og menntaðar iðnstéttir hafa risið upp hér á landi á ári hverju, svo að segja upp úr engu, sem fyrir nokkrum árum var. Ég skal ekki segja það, hvort tekin verði upp sú regla, þó að margt gæti verið vitlausara, að ákveða það sem skilyrði fyrir búsetu á bújörðum, að viðkomandi hafi lokið einhverju lágmarksprófi á bændaskóla. Hitt er augljóst, að bændastéttin þarfnast meiri sérmenntunar heldur en unnt er að fá jafnvel á góðum heimilum. Og til þess að veita þá menntun, eiga búnaðarskólarnir að vera. Það þarf að gefa sem flestum bændum, helzt öllum bændum landsins tækifæri til þess að afla sér kunnáttu í meðferð og hirðingu þeirra véla, sem nú er verið að róta inn í

landið og bændur bíða eftir og fá vonandi á næstu árum, til þess að þær verði þeim ekki hermdargjöf. Það þarf einnig að gefa þeim tækifæri til þess að kynnast nytjajurtum, sem þeir eiga að rækta, og til að þekkja eðli og efnasamsetningu jarðvegsins að einhverju leyti, svo og meðferð og notkun áburðar, bæði húsdýraáburðar og annars áburðar. Og það þarf að kenna þeim húsdýrafræði, um eðli og eiginleika búfjár, og kenna þeim að bæta bústofn þann, sem þeir eiga að vinna með, o. s. frv. En ef við Íslendingar ætlum að gera það kleift, að allir bændur geti gengið á bændaskóla, sem við eigum að keppa að, þá eru þessir tveir skólar, sem fyrir eru, og sá þriðji, sem hér er stefnt að að koma upp, ekki stærri en það, að þeir segja ekki mikið, þar sem hér á landi eru um 6 þús. bændur. Það er ekki hægt að segja um það upp á hár, hvað búmannsaldurinn er langur. Má gera ráð fyrir, að hann sé að meðaltali um 25 ár. Ef það er rétt, þá stofna allt að 250 nýir bændur bú árlega. Auk þessara bænda er fjöldi manna, sem býr á smábýlum, en ekki eru reiknaðir sem sérstakir bændur, kringum allt land, þar sem lifað er að miklu leyti á landbúnaði á einn eða annan hátt. Þessir menn hefðu líka þörf fyrir aukna þekkingu á landbúnaði. Og bændur og félög þeirra hafa á sínum vegum fjölda starfsmanna við jarðrækt og búfjárrækt o. fl., sem þurfa að fá aukna undirstöðumenntun á þessum skólum. Auk þess heltast alltaf einhverjir úr lestinni í öllum skólum, þó að allur fjöldinn ætli sér að stunda sérstakt nám. M. ö. o., ef ætti að gefa bændum kost á þótt ekki væri nema eins árs skólasetu, þá þyrfti að koma skólarými fyrir bændur, sem tæki 250—300 nemendur. En þessir skólar, sem fyrir eru, geta aðeins útskrifað 40—50 nemendur á ári með tveggja ára námi, en 80—90 með eins árs námi. Og þó að þessi fyrirhugaði skóli bættist við og hann væri með 50—60 nemendum, og ekki væri nema eins árs nám, þá væri ekki skólarými nema fyrir um helming af þeim bændum, sem árlega byrja búskap á Íslandi. Af þessu sjá menn, hvort það sé nokkur fjarstæða að koma upp einum bændaskóla í viðbót við þá skóla, sem fyrir eru. Og þegar um er að ræða stærsta og blómlegasta hérað á landinu, þar sem þessum skóla er ætlað að vera, þá getur ekki talizt óeðlilegt, þó að þarna komi upp skóli fyrir þá ungu menn, sem hugsa sér að staðfestast við búskap í þessu héraði.

Hv. fyrirspyrjandi ræddi um það, að ef um aukningu bændaskólanna væri að ræða, mundi það sennilega henta betur að koma þeirri aukningu fyrir á þeim stöðum, þar sem nú eru bændaskólar fyrir, á Hólum og Hvanneyri. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar. Það er nú svo komið t. d. á Hvanneyri, að ræktun hefur verið gerð þar svo mikil, að til vandræða horfir að geta kennt þar nokkra jarðrækt. En aftur á móti er ónumið land í kringum allt Skálholt á alla vegu, þannig að þar eru um ófyrirsjáanlegan tíma verkefni til kennslu hundraða manna í jarðræktarframkvæmdum, bæði af Suðurlandi og víðar að. Af þessum ástæðum kom vitanlega ekki til mála að ég gerði neitt, sem gat orðið til til þess að hindra framkvæmdir þess máls, að bændaskóli kæmist upp í Skálholti, heldur var ég staðráðinn í að gera það litla, sem ég gæti, til að ýta þeim framkvæmdum áfram. Og nokkru eftir að ég kom í landbrn., kom nefnd sú, sem Pétur heitinn Magnússon hafði skipað til þess að hefja framkvæmdir í þessum málum og byrjað hafði á framkvæmdum í þá átt, til mín í ráðun. og vildi vita hug minn í þessu máli. Ég sagði, að ég teldi svo langt frá því, að það væri í mínum verkahring að stöðva þetta mál, en ég teldi skyldu mína að fleyta því áfram eins og geta mín leyfði. Og ég hef verið í fullri samvinnu við þessa menn, til þess að ýta þessu máli áfram; og haft mikinn stuðning af því að njóta þekkingar þeirra og starfskrafta við framkvæmdir í málinu. Þá taldi ég sjálfsagt að velta því fyrir mér, hvað hægt væri að gera til þess að koma þessu skólamáli eitthvað áleiðis. Og það, sem þessi nefnd benti mér á, að þyrfti að gera fyrst, var að losa skólajörðina úr ábúð, því að búið var að ákveða, að á þessum stað, í Skálholti, skyldi vera bændaskóli, en ekki höfðu verið gerðar ráðstafanir til þess að semja við bóndann, sem þar bjó og hafði lífstíðarábúð á jörðinni, um að standa upp af jörðinni né gera neinar ráðstafanir í þá átt að fá hans leyfi til að hefja þarna framkvæmdir. Það var ekki hægt að stinga þarna niður skóflu, nema með leyfi þessa manns. Þess vegna fór ég að semja við ábúandann í Skálholti, Jörund Brynjólfsson, um það, á hvern hátt það gæti orðið, að hann stæði upp af jörðinni, og með hvaða kjörum. Og það hefur verið rætt hér í þinginu áður, að hann gaf kost á að fara af jörðinni, ef keyptar væru af honum eftir mati þær eignir, sem hann átti þar, og ef hann fengi jörð á Suðurlandsundirlendinu, sem hann gæti tekið við og staðfest sig á, þegar hann yrði að fara frá þessari jörð. Það getur nú vel verið, að ýmsir hv. þm. líti svo á, að mér hefði borið, í stað þess að ræða við ábúanda Skálholts, að bera fram lagafrv. um það að taka jarðnæðið af ábúandanum þannig, að taka ábúðarréttinn eignarnámi, og þá hefðu verið metnar eignir hans þarna og þær greiddar, og láta svo skeika að sköpuðu um það, hvort hann fengi jarðnæði, sem honum líkaði að nota. Auðvitað gat hann farið til Reykjavíkur. En ég gerði þetta nú ekki, og ég sé ekkert eftir því, að ég gerði þetta ekki. Ég mundi vel meir en 30 ár aftur í tímann. Þá var kvartað hér yfir því um allt land, að fólkið flykktist til kaupstaðanna, og ungir menn streymdu þá til Reykjavíkur, þótt enn meira hafi orðið að því á síðari árum. Meðal þessara ungu manna, sem fyrir um það bil 30 árum komu til Reykjavíkur, var Jörundur Brynjólfsson. Hann var búfræðingur frá Hvanneyri, en hafði útskrifazt af Kennaraskólanum í Reykjavík líka. Hann var búinn að fá ágætt starf í Reykjavík og hafði mikinn áhuga á opinberum málum. Hann varð 1. þm. Reykv. í fyrsta skiptið, sem hann bauð sig fram, og framtíðin virtist blasa við þessum unga manni hér í höfuðstaðnum, eftir því sem ungir og framgjarnir menn óska sér. En hvað gerir maðurinn? Hann kveður þetta allt og leggur leið sína austur í Árnessýslu og fer að búa, og þar hefur hann búið síðan í 30 ár, jafnframt því sem hann hefur gerzt forgöngumaður sinna stéttarbræðra í fé-

lagsmálum og stjórnmálum. Og þar hefur hann þolað með þeim súrt og sætt og látið eitt yfir sig ganga og þá í þeim efnum. Og þessi tími, sem hann hefur búið þarna, hefur verið mikill umróta- og umbyltingatími í landinu á öllum sviðum þjóðlífsins, og það hefur ekki alltaf verið að baða í rósum fyrir menn að búa í sveit á þessum árum. En hann hefur ekki látið það á sig fá. Hann hefur haldið sig við torfuna, á hverju sem hefur gengið, því að það var hans vilji að búa. Það hefði verið kaldhæðni örlaganna, ef eftir þessi 30 ár, sem hann var búinn að búa þarna, þá hefði landbrh. átt að beita sér fyrir því að svipta hann jarðnæðinu, sem hann hafði búið á einhverju stærsta búi, sem búið er á Suðurlandi, og sagt: Gerðu svo vel að fara til Reykjavíkur, þaðan ert þú kominn og þangað er bezt að þú farir. — Ég vildi ekki taka að mér slíka framkvæmd. Og ég hefði ekki frekar viljað gera það, jafnvel þó að maðurinn hefði heitið Gísli Jónsson, sem hefði átt í hlut. Ég vildi ekki fara svona að við þennan mann, heldur láta hann njóta réttlætis í þjóðfélaginu. Og þess vegna fór ég að athuga, hvaða jarðnæði ég gæti útvegað honum í staðinn. Og það er kunn saga, að önnur jörð, Kaldaðarnes, var komin í eigu hins opinbera. Að vísu hafði landbrn. lánað hana um skeið til tilrauna um að koma upp drykkjumannahæli, sem endaði með þeim ósköpum, að fleygt hafði verið hundruðum þús. kr. í rekstrarkostnað þessa hælis, og sýnt var, að það tjón yrði ekki bætt, nema bíða annað meira, með því að ausa hundruðum þús. kr. í þetta dauðvona fyrirtæki þarna. Og þarna höfðu verið níu, átta og allt niður í sex menn á þessu hæli alls þá undanfarinn tíma, og þegar ég athugaði ástandið þarna, var aðeins einn vistmaður eftir á hælinu. Og þá kynnti ég mér, hvernig forgöngumenn á þessu sviði litu á þetta Kaldaðarneshælismál. Og allir, sem ég hef talað við, eru á einu máli um, að þessi tilraun þarna hafi mislukkazt og að hælið yrði að vera annars staðar og öðruvísi rekið, þarna gæti það aldrei náð sínum tilgangi. Og ástandið þarna í Kaldaðarnesi var eitthvert það herfilegasta ástand, sem ég hef séð á nokkurri slíkri jörð og fyrrv. höfuðbóli. Það var búið að eyðileggja allt það mikla tún, sem þarna hafði verið, með byggingum og þ. h. og eyðileggja bezta stykkið úr engjunum með flugvallargerð þar, sem að vísu er lítils virði. Og allur útgangur þar var þannig, að hörmulegt var á að horfa. Og ég varð undrandi, þegar hv. 1. þm. Árn., Jörundur Brynjólfsson, sagði, að hann vildi taka þessa jörð og setjast á hana. Ég sagði honum, að hann gæti verið nokkur ár í Skálholti, meðan verið væri að byggja. En hann sagði: Ég óska ekki eftir því, þetta verður ekki framtíðarjörð fyrir mig og mína, mig hefur langað til að koma upp býli, þar sem ég gæti lifað það, sem ég á eftir ólifað, og þar sem þeir minna afkomenda, sem óska að búa í sveit, gætu búið eftir mig. — Og endalokin verða þau, að ég fæ samþykki menntmrn. fyrir því, að landbrn. er aftur afhent þessi jörð og byggingar, sem þar höfðu verið gerðar og voru á jörðinni. Og ég ákvað að því loknu að byggja Jörundi Brynjólfssyni þessa jörð, þ. e. færa hans lífstíðarábúð frá Skálholti og á þessa jörð. Nú vissi ég, að það var mikill vandi fyrir mig að ganga þannig frá þeim eignaskiptum, sem þarna þurftu að fara fram, að tryggt væri, að það réttlæti væri í þeim, sem nauðsynlegt var og ég átti að leggja aðaláherzluna á. Ég vissi, að það mundi ekki standa á því að reyna að gagnrýna þá framkvæmd og deila á mig fyrir það, sem ég gerði í þessu máli, jafnvel hvernig sem ég gerði það. Og ég sá ekki nema eina leið til þess að fá þann grundvöll, sem ég gæti sætt mig við og yrði í framkvæmdinni næst því rétta, sem varð að krefjast í þessu, að fá ábyrga, óhlutdræga, dómkvadda menn til þess að láta þá meta eignir þær, sem ríkið tæki við í Skálholti, og þær eignir, sem fráfarandi ábúandi Skálholts tæki við í Kaldaðarnesi. Það má segja, að það lægi beinna við, að úttektarmenn á báðum stöðum gerðu þetta. En mér fannst það ekki hyggilegt, því að það gat, þótt allir matsmennirnir væru sanngjarnir menn, komið fram ósamræmi, ef fleiri menn hefðu með þetta mat að gera. Því taldi ég réttast, að sömu mennirnir mettu hvorar tveggja eignirnar og þeim væri lagt á herðar að nota sama mælikvarða við matið á báðum stöðunum. Ég sneri mér til sýslumannsins í Árnessýslu og bað hann að nefna þrjá menn til þess að meta þetta. Ég óskaði eftir, að hann gæti tekið í þetta ákveðinn mann, Pálma Einarsson *(GJ:* Nefndi ráðh. líka menn í n.?) Ég óskaði eftir þessu af þeim ástæðum, að ég vissi, að þessi maður var einna kunnugastur og með mesta þekkingu á þessum málum allra manna á landinu. Hann hefur allra manna lengst átt við að meta ýmiss konar stærri og minni jarðræktarframkvæmdir, og hann var lengi ráðunautur ríkisstj. um sölu og mat á setuliðsfasteignum. Ég treysti engum manni til að leggja meiri þekkingu til við matið en þessum manni. Og sýslumaðurinn féllst á þetta. Og hann tilnefndi Guðmund Guðmundsson bónda á Efri-Brú í Grímsnesi og Kristin Vigfússon húsameistara. Og þessir menn skiluðu matinu, eftir því sem þeir höfðu kynnt sér það, sem fyrir lá að meta, eftir því sem þeir höfðu tíma til. Skipaðir voru svo tveir menn, Guðmundur Gestsson af menntmrn. og af landbrn. Árni G. Eylands, til þess að fylgjast með þessu mati af hálfu ríkisins og vera hennar málsvarar þar. Og einn maður var aftur á móti fulltrúi fráfaranda. Þegar þessu var lokið, skiluðu þeir þessu sínu mati. Og ég sá ekki annars kost og taldi sjálfsagt að beygja mig undir þetta mat. Ég treysti engum til þess að koma með sanngjarnara mat. — Nú hefur því verið haldið fram annað veifið, að þær eignir, sem Jörundur Brynjólfsson hafi fengið í Kaldaðarnesi, séu gjöf, en það, sem hann hefur látið af hendi, sé rándýrt. Vitanlega eru þetta ekki ásakanir á mig, en það eru hrottalegar ásakanir á þá eiðsvörnu trúnaðarmenn, sem falið var að meta þetta. Og ég held, að menn ættu að vara sig á að skjóta fram slíkum órökstuddum fullyrðingum gegn þessum mætu mönnum, sem tóku að sér þetta trúnaðarstarf og vafalaust skiluðu af sér eftir beztu samvizku.

Þá er annað atriði, sem allmikið hefur verið rætt um hér og ég hef orðið fyrir álasi fyrir. Eftir að ég hafði byggt Jörundi Brynjólfssyni Kaldaðarnes með erfðaábúð, þá fór hann fram á að fá jörðina keypta. Í lögum um þetta efni

frá 26. febr. 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, segir svo:

„Ábúendur þjóð- og kirkjujarða hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja 1. gr. laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðul og erfðaábúð, . . .“ en ekki, eins og ég hef heyrt af ýmsum, að núverandi eigandi Kaldaðarness geti braskað með jörðina, — nei, hann fær þessa jörð sem ættaróðal, og má aðeins búa á því sjálfur og afhenda það sínum börnum eða afkomendum, en ef enginn af hans afkomendum vill taka jörðina til ábúðar, fellur hún aftur til opinberra umráða. — Svo er ákvæði hér í lögunum, sem hefur verið gert töluvert veður út af, og það er þetta, sem er skilyrði fyrir slíkri jarðarsölu, að kaupandi hafi búið á jörðinni minnst þrjú ár og að fyrir liggi yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Nú hefur verið rætt um það hér í þessum umr., að ég hafi brotið þessi lög með því að selja Jörundi Brynjólfssyni þessa jörð, þar sem hann hafi ekki verið búinn að búa á henni í þrjú ár. Nú var það vitanlega hægðarleikur að bíða með sölu þessarar jarðar í þrjú ár, ef ég hefði álitið þetta atriði þannig, eins og hér hefur komið fram, að hér væri sjálfsagt að fara aðeins eftir bókstafnum. En það vill svo vel til, að ég var einn af höfundum þessara laga og veit vel, hver tilgangurinn var með þeim. Tilgangurinn með þessum ákvæðum um búsetuskilyrði o. fl. var að tryggja það, að mönnum væru ekki seldar til erfðaábúðar jarðir, nema einhver vitneskja væri um það fyrst og fremst, hvort menn, sem óskuðu að kaupa jarðir á þennan hátt, væru hæfir til búskapar, og að öðru leyti þannig, að viðkomandi hreppsnefnd vildi fá þá sem óðalsbændur inn í sína sveit. En til þess að hreppsnefndin gæti um þetta sagt, varð að tryggja, að hún hefði vitneskju um manninn, þannig að ekki gæti komið maður aðvífandi og gerzt þarna óðalsbóndi með erfðaábúðarrétti, sem hreppsnefndin vissi ekkert um. Þess vegna var þetta þriggja ára búsetuákvæði sett inn og ákvæðið um meðmæli viðkomandi hreppsnefndar. Það væri því ekki nema orðhengilsháttur að hanga í þessu ákvæði og þannig koma í veg fyrir, að bóndi, sem búinn er að búa lengi í héraðinu og er öllum þekktur þar sem mætur maður og dugandi bóndi, geti fengið jörð keypta eftir þeim lögum, sem ég vitnaði til. Ég tel því, þegar þannig stóð á, að hreppsnefndin í þessum viðkomandi hreppi þekkti Jörund Brynjólfsson eins vel eins og hann hefði búið þar alla sína ævi, og þegar fyrir lá vitneskja um það, að hreppsnefndin þar, sem hann hafði búið, hafði mælt með honum til þess að kaupa þessa jörð með óðalsrétti, þá hafi verið fullnægt anda og tilgangi laganna. Auk þess er á það að líta, að Jörundur Brynjólfsson hafði lífstíðarábúðarrétt á Skálholti. Hann hafði óvefengjanlegan rétt til þess að kaupa þá jörð, ef hann hefði farið fram á það og ríkið hefði viljað selja jörðina. Og ég sé ekki, að það sé mikið brot á anda og eðli laganna, þó að réttur Jörundar Brynjólfssonar til kaupa á einni þjóðjörð sé fluttur yfir á aðra þjóðjörð, þar sem hann flytur þangað eftir beiðni og tilstuðlan ríkisstjórnarinnar. Ég lít svo á, að þetta sé fyllilega eftir anda og tilgangi laganna, þó að í sambandi við þetta megi sjálfsagt hanga í einhverjum bókstaf til þess að vefengja þetta. Og áður en ég ákvað þetta, ræddi ég þetta atriði við merka lögfræðinga, sem litu á málið alveg eins og ég, svo sem Gunnlaug Briem skrifstofustjóra í atvmrn., sem er mjög góður lögfræðingur. Hann áleit anda laganna fullnægt með þessu, þó að það stangist nokkuð á við bókstafinn. Og ég bar þetta undir landbúnaðarnefndir Alþ., og ég fékk álit frá sex af tíu þeirra nefndarmanna, sem í þeim voru, að þeir litu eins á þetta mál eins og ég. Og að því loknu seldi ég Jörundi Brynjólfssyni jörðina, eftir að hafa leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands um það, hvort það teldi eðlilegt eða heppilegt að nota jörðina til annarra opinberra ráðstafana, svo sem til að koma þar upp byggðahverfi, og var búinn að fá álit og yfirlýsingu sérfræðinga þess um það, að þeir teldu það ekki koma til mála. Ég bar þetta undir sýslunefnd Árnessýslu og hreppsnefnd hreppsins þar, sem Kaldaðarnes liggur, og fékk sömuleiðis vottorð hreppsnefndar Biskupstungnahrepps um hæfni Jörundar Brynjólfssonar til búskapar og meðmæli um það, að hann fengi jörð áfram. Ég er því óhræddur við að leggja þetta mál undir dóm, og ef dómarar meta meira anda og tilgang laganna en einstök orðatiltæki, þá mun ég verða sýknaður af því. Og þó að ég yrði ekki sýknaður af því, þá yrði það vegna þess, að þeir, sem dæmdu um það, litu frekar á bókstafinn, sem deyðir, heldur en andann, sem lífgar.

Þá kem ég að hinni síðari ráðstöfun, sem ég hef verið víttur fyrir, að koma þarna í Skálholti upp vísi að skólabúi. Það hefur verið spurt um það, samkvæmt hvaða heimild ég hafi gert það. Ég svara því með því að lesa hér fyrri hluta 1. málsgr. 2. gr. í lögum um bændaskóla. Hún hljóðar svo:

„Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkisins, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu.“ — Nú er það svo samkv. þessu ákvæði laganna, að það er ekki aðeins heimild til þess, heldur skylda að reka þessi bú á skólajörðunum, því að hér stendur, að það skuli koma upp skólabúum á skólajörðunum. Og skólinn tekur ekki til starfa fyrr en komið er upp þar skólabúi. Og undirbúningsnefndinni og framkvæmdastjóranum og mér, okkur fannst öllum tilvalið, meðan við sáum fram á það, að byggingar skólans mundu ganga hægt vegna gjaldeyrisörðugleika, að undirbúa þá á meðan að koma þarna upp góðu skólabúi. Og ég er sannfærður um, að við fáum miklu betri bústofn á þennan hátt, með því að byggja búið upp á nokkrum árum, heldur en með því að kaupa þetta allt á einu ári. Og það hefur verið lögð á það áherzla að velja góða og gagnlega gripi á þetta bú, og það með því að kaupa þá smátt og smátt, til þess að þarna geti verið góður kynbótastofn, þegar skólinn er tilbúinn til að taka til starfa. Og þetta hefur verið gert. Við erum sannfærðir um, að við allar byggingarframkvæmdir í Skálholti muni vera stórkostlega miklu betra að hafa þarna heimili við höndina til þess að fæða mennina, sem að byggingunum vinna, heldur en að ætla að kaupa allt efni í

fæði þeirra að. Og það mundi bókstaflega ekki vera hægt að fá menn til að starfa þarna öðruvísi en með því að hafa heimili á jörðinni. Og ég er sannfærður um, að það muni sýna sig, að það hafi verið vel ráðið að byrja á því að byggja skólabúið upp á þennan hátt, bæði vegna búsins sjálfs og þeirra framkvæmda, sem fram eiga að fara í Skálholti. — Ég vil geta þess — mönnum hægir e. t. v. við það sumum hverjum —, að vegna þess að sauðfé Jörundar Brynjólfssonar var hagvant þarna, var talið rétt að kaupa það, til þess að hafa það á jörðinni til að standa undir búrekstrinum, — þar er um 200 fjár sett á vetur nú, — og við komumst að þeim kaupum þar, að ef fjárbúið hefði verið selt allt í haust, sem var keypt af Jörundi Brynjólfssyni, þá var þar um 10 til 15 þús. kr. hagnað að ræða fyrir ríkið af þeim kaupum. Þetta er kannske ofurlítil sárabót fyrir þá menn, sem finnst, að jörðin hafi verið keypt of dýrt af Jörundi Brynjólfssyni. Þarna eru nú á jörðinni 200 fjár, 10 kýr, tvær kvígur og 10 hross, og þar á meðal sex úrvalshryssur, sem valdar eru með það fyrir augum að verða grundvöllur þarna að góðu hrossabúi.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessa skýrslu lengri. Ég hef orðið fyrir álasi og gagnrýni fyrir það, sem ég hef gert þarna til þess að hrinda þessu máli áfram. Og ég hefði líka áreiðanlega orðið fyrir því, ef ég hefði stöðvað framkvæmdir þarna, og ég hefði síður viljað taka við því. Ég er sannfærður um, hvernig sem menn líta á þetta, að þessum skóla verður komið þarna upp. Og honum hefur þegar verið valinn staður á fögrum hálsi, sem er nú kannske ekkert aðalatriði í málinu. Guðjón Samúelsson byggingameistari segist hvergi hafa séð jafnfagran skólastað og þarna. Og á sínum tíma rís þarna bygging, sem verður eins monumental fyrir landbúnaðinn eins og Sjómannaskólinn, sem reistur hefur verið fyrir unga sjómenn hér við bæinn. Þessi bygging mun standa og gnæfa þarna um aldir, og þangað munu ungir menn öld eftir öld sækja þekkingu og leikni við sín mikilsverðu störf fyrir sjálfa sig, land sitt og þjóð. Og þeir munu í þessari væntanlegu byggingu sækja til skólans metnað og stórhug fyrir sjálfa sig. Já, metnað hafa íslenzkir bændur alltaf haft, þrátt fyrir basl og þágindi, sem þeir hafa orðið að þola, þó að reynt hafi verið að drepa þann metnað niður í þeim. En hann verður ekki drepinn. Og þessi skóli mun um ókomna framtíð standa þarna sem vitni fyrir hina ungu bændur — löngu eftir að allt nagg og nart, sem við er haft út af framkvæmd þessa máls, er gleymt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. hefur nú notað langmest af sínum tíma til þess að ræða um óskylt mál því, sem rætt hefur verið um, sölu Kaldaðarness, og beint skeytum þar sérstaklega til mín og alveg að ástæðulausu, því að ég hafði ekki verið fyrirspyrjandi í þessu máli. En ef hann heldur, að hann geti komizt upp með það að halda svona ræðu hér, í skjóli þess, að hann getur talað svo lengi sjálfur, en aðrir ekki nema 5 mínútur, þá skal ég láta hann vita, að ég mun flytja þetta mál inn í þingið, þar sem nokkurn veginn jafn verður ræðutíminn á báðar hliðar. Og þá skal ég taka til athugunar það, sem hæstv. ráðh. segir um, að þetta sé allt gert til þess að greiða Jörundi Brynjólfssyni fyrir að hafa skipt um pólitíska skoðun, fara úr Reykjavík og gerast pólitískur leiðtogi framsóknarmanna í Árnessýslu, — og til þess að „þola súrt og sætt með bændum" þar, eins og hæstv. ráðh. komst að orði. En vill ekki hæstv. ráðh. fletta upp í þingtíðindunum og vita, hvort Jörundur Brynjólfsson, hv. 1. þm. Árn., hefur haft við nákvæmlega sömu lífskjör að búa eins og aðrir bændur þarna austur frá?

Ég bendi hæstv. atvmrh. á, að hans skilningur á lögunum um bændaskóla er mjög einkennilegur, því að ef hann athugar lög nr. 24 frá 22. marz 1948, þá sér hann, að þar segir, að „hinn þriðji" bændaskóli skuli vera „í Skálholti í Biskupstungum, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi." Þess vegna kemur ekki Skálholt til greina sem skólajörð, fyrr en þetta atriði er uppfyllt. (*Atvmrh.:* Er það ekki undirbúningur, sem ég hef látið framkvæma í Skálholti?) Næst stendur hér í lögunum, að á skólajörðunum skuli reka hæfilega stór, fjölbreytt bú, og veiti skólastjórarnir þeim forstöðu. Hvaða skólastjóri er nú í Skálholti? Í þriðja lagi stendur hér, að fyrir bústjórnina skuli greidd sérstök laun samkvæmt samningi við ráðuneytið, og: „Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt." Hér er algerlega miðað við það, að það skuli vera skólastjóri, sem er bústjóri á skólabúi, en ekki einhver maður, valinn af handahófi aðeins til þess að standa fyrir búinu. — Sannleikurinn er, að hæstv. atvmrh. hefur tekið úr ríkissjóði 175 þús. kr. úr byggingarsjóði skólans, sem veitt var á 20. gr. fjárlaga og hefur aldrei verið heimilað að nota til þess að kaupa fyrir lausafjármuni til skólans. Hann hefur gert það alveg í heimildarleysi, án þess að spyrja nokkurn um það. Og þær 150 þús. kr., sem hann talaði um áðan, hefur hann tekið án lögheimildar, en byggir þann verknað á því, að hann túlkar lögin eins og honum falla þau bezt í geð. En þannig geta menn ekki með réttu lesið lagabókstafinn. Ég skal annars ekki ræða þetta atriði frekar nú, vegna þess að það er engan veginn jafnræði hér um ræðutíma, þar sem mér eru ætlaðar aðeins 5 mínútur til þess að svara, á sama fundi sem hæstv. atvmrh. hefur fullan klukkutíma til þess að halda sína ræðu og þarf ekki að hlíta takmörkun ræðutímans. En þetta mál skal verða flutt á þann veg inn í þingið, þar sem þm. hafa meiri rétt til ræðutíma til að svara honum. — En ég vil benda hæstv. atvmrh. á að lesa dálítið betur lögin um bændaskóla og fá skýringar á þeim hjá sér betri lögfræðingi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Aðeins örfá orð, til þess að bera af mér sakir. Hæstv. landbrh. gaf í skyn, að landbúnaðarnefndir Alþ. hefðu verið með — a. m. k. meiri hl. þeirra n. hefði verið meðmæltur þessari sölu Kaldaðarness, sem fram hefur farið og um hefur verið rætt hér, að þessi jörð var seld Jörundi Brynjólfssyni frá Skálholti. Ég vil upplýsa það, til þess að ég sé ekki bendlaður meir við þetta leiðindamál heldur en

þörf er á, að þegar á sameiginlegum fundi beggja landbn. Alþ. var um þetta rætt, þá var ég á móti þeirri sölu, þar sem væntanlegur kaupandi hefði aldrei búið á jörð þessari. En í þessu efni eru fyrirmæli laganna skýlaus um það, að kaupandi skuli hafa verið búinn að búa á slíkri jörð í þrjú ár, áður en hann geti fengið hana keypta af því opinbera. Og þar sem þing stóð yfir, þegar um þetta var rætt, leit ég svo á, að það væri engin nauðsyn á að vefjast með þetta mál á þann veg, sem reyndin hefur orðið á, að gert hefur verið, því að það lægi svo opið fyrir að flytja frv. á Alþ. um sölu jarðarinnar, eins og hefur verið gert um ýmsar jarðir. Þó að einn maður hafi búið á þjóðjörð áður, þá er ekki þar með sagt, að hann sé fastari á þessari jörð, sem hann ætlar að kaupa, heldur en aðrir á öðrum jörðum. En þetta lá beint við, að flytja málið inn á þing og fá þessu framgengt þar. Þá hefði verið úr því skorið, hvað þingið vildi í þessum málum. Ég ætla ekki að fara að ræða um verð á jörðinni í þetta skipti. En ég hef haldið fram og held fram enn, að þetta, sem gerðist um sölu þessarar jarðar, hafi verið á móti bókstaf laganna, og þess vegna undir öllum kringumstæðum sjálfsagt og rétt af hæstv. ráðh. að láta það mál ganga eins og hvert annað venjulegt frv. gegnum afgreiðslu Alþ. Þetta hefði verið ólíkt beinna og réttara en að fara þær óþarfa krókaleiðir að fara að byggja hv. 1. þm. Árn. fyrst jörðina í erfðaábúð, þegar vitanlegt var, að það átti að selja hana á eftir. — En mér skildist á hv. þm. Barð., að með þetta mál muni verða komið inn í þingið aftur, og ef ástæða væri til, mundi ég þá gera grein fyrir minni afstöðu í málinu frekar.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það er mikið ánægjuefni fyrir mig að heyra ræðu hæstv. landbrh. varðandi skipulag bændaskólanna og að hann hefur nú fengið á því, að ég held, miklu réttari skilning en hann hafði í fyrra, þegar hann fjallaði um þessi mál. Ég flutti þá þáltill. hér um þessi mál, sem varð ekki útrædd, enda seint fram borin, en borin fram til þess að hafa áhrif á gang þessara mála.

Það, sem liggur í augum uppi og kom fram í svari hæstv. ráðh., er, að bændaskólarnir hafa verið allt of lítið sóttir á undanförnum árum, og eru einu skólarnir í landinu, sem ekki eru alltaf fullskipaðir nemendum. Að húsmæðraskólunum, t. d., sem eru mjög hliðstæðir bændaskólunum á sínu sviði, er stundum þreföld aðsókn miðað við það, hvað þeir geta tekið á móti af nemendum. Og það er alveg rétt af hæstv. landbrh., þegar hann bendir á í þessu sambandi, að betra skipulag þurfi á þessum skólum að vera til þess að bæta úr þessu.

Það, sem ég benti á í fyrra og vil enn benda á, er, að það á að gera bændaskólana að 8—9 mánaða skólum, og þeir eiga að vera aðallega verklegir viðvíkjandi öllu því, sem búfræðinni kemur við. Og enn fremur þurfa að vera haldnir þar fræðandi og vekjandi fyrirlestrar, því að það skólakerfi, sem nú er hjá okkur, og á það ekki sízt við um bændaskólana, er á þá leið að þvinga alla til bóknáms meir en góðu hófi gegnir, og það hefur í mörgu tilliti niðurdragandi áhrif á marga unglinga. — Það er mjög algengt, að ungt fólk, sem hefur góða þekkingu í útlendum tungumálum, það hefur aldrei heyrt um Einar Benediktsson, hvorki sem skáld né stjórnmálamann. Þetta sýnir, hvernig búið er að þreyta æskuna með óheppilegu bóknámi. Og eitt af því versta af því tagi er fyrirkomulag búnaðarskólanna. Okkar búnaðarskólar, sem stofnsettir voru ekki löngu eftir aldamót, voru miðaðir við búnaðarháskóla Dana, en þeir skólar hjá Dönum voru miðaðir við það að ala upp embættismenn fyrir landbúnaðinn, svo sem ráðunauta og aðra slíka. Svo voru íslenzku búnaðarskólarnir gerðir eftir þessum dönsku búnaðarháskólum, og við það situr enn hjá okkur. Og þetta óheppilega fyrirkomulag búnaðarskólanna er undirrót þess, hve þeir hafa verið illa sóttir. En sannarlega ættu okkar búnaðarskólar að vera svo um allt fyrirkomulag, að aðsóknin að þeim væri eins og aðsóknin að húsmæðraskólunum, — þar sem eru góðir kennslukraftar, — þannig að það væri margföld aðsókn að þeim miðað við það, sem þeir nú geta tekið á móti. — Það gleður mig, að hæstv. ráðh. er farinn að skilja þetta nú, að breyta þarf fyrirkomulagi þessara skóla, og það væri hans gæfa að taka málið á þeim grundvelli að láta fara fram þær breyt. á skólum þessum í sinni ráðherratíð, að koma búnaðarskólunum í betra horf en þessar tilraunir með þessa skóla, sem gerðar hafa verið, hafa verið í.

Viðvíkjandi Skálholti sem skólastað, þá er sá staður óvirtur með því, sem fyrirhugað er að hafa þar, ef hugsað er að búa til nýbýli þar í eyðimörk, þar sem ekki er til kalt eða heitt vatn og ekki hægt að leiða þangað rafmagn. Það er sjálfsagt fallegt útsýni þarna. En það hefur enginn áhugi verið á Suðurlandi fyrir því að hafa skólann þarna, en allt málið er loddaraleikur frá upphafi til enda. Sunnlendingar kæra sig ekkert um þetta. Það sjá allir menn, eins og líka fyrrv. hæstv. landbrh., Pétur Magnússon, hafði heldur aldrei látið sér detta í hug.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að taka til máls um þetta mál, a. m. k. ekki á þessu stigi. En úr því að ég heyri, að landbn.-menn eru farnir að vitna, get ég alveg eins vitnað líka. Eins og tekið hefur verið fram, var það borið undir álit okkar landbn.-manna beggja deilda Alþ., og hæstv. landbrh. kom á fund okkar í þessum n. og spurði um álit okkar um það, hvort við teldum, að það bryti beinlínis í bág við ákvæði laganna að selja Kaldaðarnes þeim manni, sem þarna var um að ræða, að vildi kaupa það, og hafði búið um fjölda ára á öðru höfuðbóli landsins, sem var í eigu hins opinbera. Þessi ábúandi var þá búinn að fá erfðaábúðarrétt á jörðinni, Kaldaðarnesi, og átti þar af leiðandi skýlausan rétt eftir þrjú ár að fá jörðina keypta, ef hún yrði seld. — Ég skal taka það fram, að ég var einn af þessum sex landbn.-mönnum, sem álitu þessa umtöluðu sölu Kaldaðarness ekki brjóta í bág við lögin, og ég blygðast mín ekkert fyrir að viðurkenna það. Ég lít svo á, og ætla ekki að bera neinar afsakanir fram um það. Og það gildir mitt atkv. alveg jafnt, hvort sá maður heitir Jörundur Brynjólfsson eða hvað annað. Hér lá málið þannig fyrir,

að þessi maður hafði, svo að segja í næstu sveit, búið góðu búi og hafði öll þau skilyrði að öðru leyti, sem þarf til þess að öðlast þann rétt, sem til þurfti, til þess að selja mætti honum þessa jörð á þann veg, að hann gerði hana að óðalseign, sem, eins og hæstv. atvmrh. benti á, er svo um búið, að maður, sem eignast jörð þannig, getur ekki verzlað með hana, henni verður ekki ráðstafað á annan hátt en þann, að hún gangi til niðja hans, eða ef svo færi, að enginn þeirra vildi taka við henni til ábúðar, verður hann að láta jörðina af hendi aftur til hins opinbera á fasteignamatsverði. Ég tel hættulaust fyrir ríkissjóð að láta jarðir af hendi með slíkum kjörum. Ég hef alltaf litið svo á, að bændastéttin hefði bezta tryggingu fyrir velgengni með því móti, að bændur væru sjálfseignarbændur. Og ég hef haldið, að flokksbræður mínir yfirleitt litu einnig svo á.

Þegar frv. um sölu þjóð- og kirkjujarða var hér á ferð, þá hygg ég, að það hafi upphaflega verið borið þannig fram, að ekki hafi verið ákveðinn í því neinn ábúðartími hlutaðeigandi kaupanda sem skilyrði fyrir því, að selja mætti honum jörð, sem verið hefði í ríkiseign. En það varð að samkomulagi í n. að áskilja það í l., að kaupandi hefði búið á viðkomandi jörð í minnst 3 ár. Af því að ég var einn af flm. þessa máls og átti talsvert mikinn þátt í samningu þessa frv., hef ég litið svo á og lít svo á enn, að í þessu tilfelli, sem hér hefur verið rætt um viðkomandi sölu Kaldaðarness, beri ekki að líta fyrst og fremst á bókstaf laganna, hvað þetta búsetuskilyrði snertir, vegna þeirra ástæðna, sem til þess lágu, að það var sett inn í lögin. Það má vel vera, að lögfræðingar standi fastar á bókstaf laganna í þessu efni. En ég stend ekki fast á þessu atriði í þessu sambandi, heldur álít ég, að ef öðrum skilyrðum sé fullnægt, sem lög ákveða um sölu þjóð- og kirkjujarða, þá sé ekkert við það að athuga, sem gert hefur verið í sölu Kaldaðarness. Og þess vegna greiddum við hv. 2. þm. Árn. og ég atkv. með þessu í landbn., þar sem okkur var líka kunnugt um það, að það var eindregin ósk þeirra þarna eystra, að þetta gengi þannig. — Ég geri grein fyrir þessu að gefnu tilefni og kannast alveg við, að ég var einn af þessum sex landbn.-mönnum, sem sáu ekkert að athuga við það, úr því sem komið var, að þessi maður, hv. 1. þm. Árn., fengi keypta þessa jörð, þar sem hann var búinn að eignast réttinn til að kaupa jörðina að öðru leyti en þessu, sem hér hefur verið um rætt.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það liggur fyrir fyrirheit um það, að rætt verði meir um þessi mál síðar á hæstv. Alþ., og ef svo verður, get ég að mestu geymt það, sem ég vildi sagt hafa um þetta, til þeirra daga.

Það kom fram áveningur um fyrirheit í ræðu hv. fyrirspyrjanda um það að nema úr lögum, af þar til greindum ástæðum, sem hann tók fram, ákvæðið um, að reisa skuli þriðja bændaskóla landsins í Sunnlendingafjórðungi. Mér þykir þetta koma úr harðri átt, af því að hann er þm. Reykv., því að ég hygg, að bændastéttin á Suðurlandi og kauptúnsbúar þar og hins vegar Reykvíkingar eigi í aðalatriðum um þróun og afkomu sömu hagsmuna að gæta. Og eitt þeirra atriða, sem þarf að ræða um, er, að bændamenningin aukist í samræmi við margháttaðar breyt. á búskap, sem eru alltaf að gerast, og að bændur verði ekki undanskildir því, þegar talað er um sérmenntun, að geta hlotið einnig sína sérmenntun. — En ef á að fara eingöngu eftir aðsókn að þeim stofnunum, sem kostar fé að koma upp, þá ætti bara að halda áfram, jafnvel öðru fremur, að reisa ný bíó, þau verða sótt. Þar er kappið mest í aðsókninni. Þar þarf barlómsbumbuna ekki að slá. — Það hefur að vísu verið dauf aðsókn að þessum tveimur bændaskólum, sem til eru í landinu nú. En það þarf að gera þá fjölbreyttari.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. S-Þ. vil ég andmæla einu orði, sem ég tel, að hafi verið rangt hjá honum, þó að sumt væri í hans ræðu réttilega sagt, svo sem það, að það þyrfti að breyta um fyrirkomulag skólanna að ýmsu leyti. En að það sé enginn áhugi á Suðurlandi um þetta mál, þá veit ég, að hann fer ekki vísvitandi rangt með það, en þetta er á misskilningi byggt hjá honum og sennilega frá ósannorðum heimildum. Ég tel mikinn áhuga vera fyrir þessu skólamáli á Suðurlandi. En það bar dálítið á milli í þessum efnum, og komu þar til greina nokkur leiðindi, sem hljóta að jafna sig alveg eftir á, sem var um ákvörðun Skálholts sem staðar fyrir skólann. En eitthvað varð að verða ofan á í því efni. Og hæstv. ráðh. skýrði nú frá þessu. Ég hygg, að það liggi fyrir skjallegt frá meginþorra bænda í Árnessýslu og ýmsum ágætum bændum í Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslum líka, að þeir óski eftir því, að flýtt verði byggingu bændaskóla í Skálholti. Þetta er documenterað. Og þetta vil ég segja til leiðréttingar.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 4. þm. Reykv., spyr, hvernig aðsóknin hafi verið að bændaskólunum á Hvanneyri og Hólum á undanförnum árum. Því hefur hæstv. atvmrh. svarað. Af því geta hv. þm. ráðið, hvort það er sérstaklega mikið tilefni af þeim ástæðum til að amast við því, að stofnaður verði þriðji bændaskólinn í landinu, þó að það hafi aðeins komið fyrir, að bændaskólarnir hafi ekki verið fullskipaðir, sem fyrir eru, og ýmsar orsakir liggja til þess, eins og segja má um fleiri skóla. Og það er einnig lítil ástæða til að vera meinsmaður þess, að þriðji þessara skóla rísi hér upp hjá okkur, sem búið er að veita 2 millj. kr. til framkvæmda við að koma upp, þó að þær séu skammt á veg komnar. Það er fjarstæða ein að vera meinsmaður þess, því að okkar landbúnaður og okkar aðstaða til búskapar hefur tekið gerbreytingum og verður að taka. Aðstaða til framleiðslu þarf svo mjög að breytast sakir breyttra búnaðarhátta í landinu, ekki aðeins meðal bændastéttarinnar sjálfrar, heldur einnig meðal annarra stétta. Til þess að sú breytiþróun, sem þarf að verða fljótt, geti orðið í fullu lagi, þarf að mennta vel bændastéttina. Og þessa menntun getur hún ekki sótt annað en til reynslunnar og til menningarstofnana. Og þær menningarstofnanir, sem eiga að verða og verða bændastéttinni notadrýgstar í þessum efnum, eru auðvitað bændaskólarnir að öllum eðlilegum hætti.

Það geta engir skólar bætt það upp, ef ekki er séð fyrir fræðslu og menntun í hagnýtri búfræði í bændaskólunum. Og andstaðan gegn því að koma upp nægum bændaskólum hér hjá okkur er því furðulegri sem í nágrannalöndum okkar er aukin bændafræðslan og bændamenningin, þó að nágrannaþjóðir okkar hafi að vísu verið langt á undan okkur í öllum búnaðarháttum, er snerta landbúnað. Samt sem áður telja nágrannaþjóðir okkar það svo mikils virði fyrir sig að manna bændastétt sína, að þær hafa aukið við sínar bændamenningarstofnanir mjög frá því, sem áður var. Það er því alveg furðulegt að heyra hér talað um að koma í veg fyrir, að sú löggjöf komi nú til framkvæmda, sem sett hefur verið um þetta efni, að þriðji bændaskólinn verði reistur. Og ég vil láta í ljós fyrir hönd bændastéttarinnar allrar mitt innilegasta þakklæti til hæstv. landbrh. fyrir það, að hann lætur ekki á sig fá goluþyt nokkurra manna, sem sennilegast af misskilningi, en áreiðanlega a. m. k. af fljótfærni hafa borið fram ásakanir á hann viðkomandi þessu máli. Hæstv. landbrh. lætur þetta ekki á sig fá, en framkvæmir í þessu efni eins og hann álítur ástæðu til. Það mun verða sá minnisvarði, sem geymir nafn hans á ókomnum öldum, sem hann gerir til þess að ýta þessu skólamáli áfram til framkvæmdar. Hitt, sem fram kemur frá öðrum hv. þm. og mætti verða þessum framkvæmdum til hindrunar, gleymist — eins og sennilega nafn þeirra sjálfra.

Hv. þm. S-Þ. talaði um, að það væri hæfilegt að hafa 8—9 mánaða námstíma á bændaskólunum. Þetta er nú fram komið hjá þessum hv. þm. af því, að hann veit allt of lítil deili á því, hvað til þess þarf að standa vel í stöðu sinni sem bóndi, ég veit, að einstakir menn eru svo vel gerðir, að þeir geta af eigin rammleik aflað sér mikils fróðleiks um búfræðileg efni og leyst bústörfin vel af hendi án skólavistar á bændaskólum. En við verðum að hafa það í huga, að tímarnir eru að breytast og aðstaðan til búskapar er mjög ólík því, sem áður var. Og sú breyt. kallar á sérstaka þekkingu, sem erfitt er að veita sér, nema með mikilli reynslu og helzt í stofnun, sem þyrfti að eiga þá reynsluþekkingu. — En ég er hv. þm. S-Þ. sammála um það, að verklega kennslan í bændaskólunum þarf að aukast. En hún ein út af fyrir sig er svo mikil í þessum stofnunum, að ekki mun veita af 8—9 mánuðum til að veita nemendum hana. Og verklega kennslu þurfa bændur vissulega að fá í skólunum. En það er misskilningur, að nemendum nægi svo lítill tími til þess að nema allt, sem þeir þyrftu að læra á bændaskólunum. En breyt. á fyrirkomulagi skólanna er aðkallandi. En þegar fyrirkomulag þeirra verður fært til betri vegar, þá mun aðsóknin aukast til skólanna.

Hæstv. forseti bendir mér nú á, að mínar mínútur séu liðnar. En ég vil undirstrika það, að hv. þm. S-Þ. fer með gersamlega rangt mál, er hann segir, að enginn áhugi sé fyrir bændaskóla á Suðurlandi.

Steingrímur Steinþórsson: Aðeins örfá orð til þess að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa flutt þetta mál inn í þingið, því að ég tel, að umr. þær, sem hér hafa farið fram, hafi verið mjög gagnlegar, og að sú skýrsla, sem hæstv. atvmrh. gaf um málið, hljóti að verða til þess, að hv. alþm. viti meira og réttar um þetta mál eftir en áður. Og ég skal geta þess, að mér, sem hef haft allmikil afskipti að þessum málum frá upphafi, þætti vænt um, að þau kæmu fram enn frekar hér í þinginu, þegar tíminn er ekki svona takmarkaður, þannig að þá gefist kostur á að ræða málið vel. Og skal ég þá ræða við hv. þm. Barð., sem sýndi það áðan, að þegar hann fer með rök og heimildir, notar hann þetta eins og sagt er, að einn karl lesi Bibliuna, öfugt. Því að það, sem þessi hv. þm. las upp úr lögunum, sannar einmitt, að hæstv. atvmrh. gerði í þessu máli ekkert annað en það, sem full heimild er fyrir í lögum.

Ég vil svo leyfa mér að undirstrika það, sem komið hefur hér fram hjá báðum hv. þm. Árn. út af því, sem kom fram hjá hv. þm. S-Þ., sem sagði, að enginn áhugi væri fyrir þessu skólamáli á Suðurlandsundirlendinu, að ég skal sýna hv. þm. S-Þ., ef hann vill, nöfn nokkurra hundraða bænda á Suðurlandi, og úr sumum sveitum hvert einasta bóndanafn, þar sem þeir skora ákveðið á stjórnarvöldin í landinu að flýta framkvæmdum í þessu máli.

Ég ætla ekki að vitna hér sem landbn.-maður eða afsaka, þótt ég hafi með minum till. til hæstv. ráðh. stutt að því, að Jörundur Brynjólfsson fengi Kaldaðarnes á þann hátt, sem hér hefur verið skýrt frá. Ég tek undir orð hv. 2. þm. Skagf. um það, að ég er alveg rólegur vegna afskipta minna af því máli. Og það er svo margtekið fram, hver tilgangur löggjafans hafi verið með því að setja þetta búsetuskilyrði, sem ýmsir hv. þm. hafa komið fram með eins og meinbug í framkvæmdum hæstv. ráðh. í málinu, að ekki hafi verið uppfyllt, þetta er svo margtekið fram, að ekki virðist þörf um þetta atriði að deila. Það er ekki nema smámunalegt nart, ádeilur þeirra manna út af þessu atriði, sem hér hafa talað á móti framkvæmdum hæstv. ráðh. á grundvelli þessa lagabókstafs, sem þetta þriggja ára búsetuskilyrði er, ef þeir ætla að beita slíku ákvæði á móti hæstv. ráðh.

Ég álít, að þetta mál, eins og fyrir liggur, að það hefur verið tekið af sækjendum þess hér, sé hæstv. Alþ. til vansæmdar. Það hafa verið samþ. lög um bændaskóla í Skálholti. En vafninga yfirleitt gegn því að framkvæma það, sem lög gera ráð fyrir og fjárveitingar á fjárl. gefa heimild til um framkvæmdir á, slíka vafninga tel ég til mikillar vansæmdar fyrir hæstv. Alþ. — Hv. fyrirspyrjandi gat þess, að það ætti að koma fram með frv. um að fella niður úr bændaskólalögunum ákvæðið um Skálholtsskóla. Væri gott, að slíkt frv. kæmi fram, því að ég veit, að hæstv. Alþ. verður sér ekki til minnkunar með því að fella úr gildi það, sem það hefur gert í þessu máli. En þegar búið væri að fella slíkt frv., mundi það verða til þess, að fastar yrði knúið á um framkvæmdir í málinu. Þess vegna væri ég hv. fyrirspyrjanda frekar þakklátur fyrir það, að slíkar till. kæmu fram, til þess að hæstv. Alþ. gæti nú tekið afstöðu til málsins um að stuðla að því, að nú þegar væri hafizt handa um meiri framkvæmdir í málinu.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það, sem skiptir mestu máli nú um okkar bændaskóla, er að breyta skipulagi þeirra þannig, að þeir verði nothæfir, vinsælir og gagnlegir fyrir landsfólkið. Það aftur á móti að búa til þriðja skólann, sem lítið væri sóttur, væri gagnslaust. Ég vil benda á, hvaða misskilningur hefur ríkt um skipulag bændaskólanna, að á stærri skólanum, Hvanneyri, þar er ekki enn þá búið að reisa vinnustofu fyrir nemendur. Af hverju? Af því að bóknámið er látið vera aðalatriðið í skólakennslunni. Ég man ekki, hvort það eru 15 eða 20 bóknámsgreinar, sem stendur í lögum um bændaskóla, að þar skuli kenna, en þær eru eitthvað um það, og þessi mikli námsgreinafjöldi hefur staðið skólunum fyrir þrifum um það, hve lítið hefur verið kennt þar verklegt. Eiginlega sýnist mér, að Torfi í Ólafsdal, sem aldrei lærði á landbúnaðarháskóla, hafi verið sá eini af bændamenningarfrömuðum á okkar landi, sem skilið hafi, hvernig búnaðarskólar eigi að vera. Hann hafði fyrst og fremst verklega kennslu hjá sér, eins og hann gat við komið. Og í sambandi við vöntun vinnustofu við bændaskólana má nefna það, að engum dettur í hug að byggja þannig húsmæðraskóla, að þar sé ekki til eldhús eða þvottahús. — En þeir, sem staðið hafa að þessum búnaðarskólamálum hér, og það var síðast samþ. í fyrra, hafa haft þetta um of einskorðaða bóknámsfyrirkomulag á bændaskólunum. En þeir verða að gæta að því, að fólkið fordæmir þetta. Þeir verða að gæta að því, að þegar voru aðeins níu menn við nám á Hólum og aðrir níu á Hvanneyri, þá er ekki hægt að segja, að það sé eðlilegur áhugi hjá bændastéttinni í landinu fyrir bændaskólanámi, þegar ekki koma nema 18 menn alls á landinu í bændaskólana til náms. Hér getur ekki verið allt með felldu. Og þetta ætti hv. 1. þm. Skagf. að hugsa um sem forstjóri Búnaðarfélags Íslands. Það þarf að koma eitthvað jákvæðara til greina í breyttu formi kennslunnar í búnaðarskólunum. Og þegar það er komið, þá mun það sannast, að þar sem kvenfólkið kemst af með sjö mánaða nám í hússtjórnarskólum, þá hygg ég, að 9—10 mánaða skóli í endurbættu formi verði nokkru betri fyrir bændaefnin heldur en 14 mánaða kennsla nú í þessum skólum, sem er bóklegt fræðanám mest, sem bændur finna ekki annað en að komi þeim lítið við.

Ég átti þátt í því fyrir nokkrum árum, að lögboðið skyldi vera eitt sumarnámskeið á Hólum og Hvanneyri. Það var í rétta átt. En þetta kom þó þvert á móti því, sem nemendur vildu þá. Þeir vildu ekki vera í burtu frá heimilum sínum yfir sumartímann. Og það getur verið rétt, að sumartíminn sé ekki heppilegastur fyrir slík námskeið. En þá er vorið og haustið.

Að síðustu vil ég segja eitt orð um Kaldaðarnes. Ég álít það mikið ólán fyrir Jörund Brynjólfsson að koma þangað, eins og nú er umhorfs þar. Hann hefði átt skilið betra jarðnæði en þetta. En aðferðin við þetta er leiðinleg, bæði fyrir hæstv. atvmrh. og þennan mikla dugnaðarmann.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem fram hafa komið hér, m. a. frá hv. 2. þm. Skagf., vil ég benda á nokkur veigamikil atriði í þessu máli. Hann upplýsti, að hæstv. landbrh. hefði komið til landbúnaðarnefndanna í fyrra og sagt, að Jörundur Brynjólfsson ætti skv. lögum frá 1946 kauparétt á Skálholti. (*JS:* Ég hef ekkert sagt um það.) Þetta er alveg rangt, því að ákvæði þessarar gr. taka ekki til þeirra jarða, sem eru ákveðnar til hins opinbera eins og þessi jörð. Jörundur Brynjólfsson átti því ekki rétt á að kaupa þá jörð eftir þessum lögum. — Nákvæmlega sama er að segja um Kaldaðarnes, af því að búið er að ákveða hana til opinberra nota og leggja í hana mikið fé í því skyni. Og svo koma landbn.-menn og gera ráð fyrir, að hægt sé að loka augunum fyrir þessu atriði.

En það atriði, sem ég hef rætt hér, varðar ekki Skálholtsskóla. Ég var samþykkur því, að bændaskóli yrði reistur í Skálholti, og ég frábið mig því að vera talinn á móti því. En ég er á móti því, að hæstv. ríkisstjórn eða landbúnaðarnefndir eða nokkur þm. leyfi sér að ganga berlega á móti fyrirmælum laga um ráðstöfun á fé ríkissjóðs. Og ég ætla, að það hafi hér verið gert, ekki aðeins með kaupum á jarðarhúsum í Skálholti, heldur og með því að setja upp skólabúið í Skálholti, hvað sem hæstv. atvmrh. segir um það. Ég vil einnig benda hæstv. Alþ á, að ef þessi aðferð á að gilda í framtíðinni, að gengið sé fram hjá ákvæði laga um þriggja ára búsetuskilyrði, þá er ekki hægt að meina manni, sem hefur setið á ríkisjörð, að velja sér til kaups eitthvert annað höfuðból. Bústjórinn á Reykhólum gæti þá kannske farið og beðið um Hóla í Hjaltadal — eða Bessastaði á Álftanesi. Það er kannske það, sem hæstv. ráðh. ætlast til. (*PO:* Þá færi kannske búið á Bessastöðum að bera sig.)

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það skauzt nú upp hjá hv. þm. Barð., sem maður reyndar vissi, að honum er í þessu máli kannske öllu ríkara í huga það flokkspólitíska, sem hann hyggur, að hann hafi upp úr því, heldur en málið sjálft. Og sennilegast finnst honum, að hann geti fengið nokkra Framsfl.-þm. undir högg í því, og þess vegna heggur hann djarft. — Hann sagði, að það hefði komið fram í skýrslu minni, að ég hefði viljað umbuna hv. 1. þm. Árn. fyrir skoðanaskipti. En það, sem kom mér til að vilja selja honum fyrir hönd þess opinbera jörðina Kaldaðarnes, var ekki af því, að ég vildi umbuna honum neitt, heldur sagði ég, að ég hefði viljað láta hann þar njóta sama réttar og ég vildi láta hvern mann annan njóta, sem eins stæði á um, jafnvel þótt hann héti Gísli Jónsson.

Ég ætla ekki að deila við hv. þm. Barð. um lögskýringar. Ég er ólögfróður maður, og ég held, að hann sé lítið lögfróðari.

Þá hefur hv. þm. Barð. bent á, að það ætti að láta skólastjóra vera forstjóra skólabúsins á bændaskóla, og tók fram, að í lögum stæði, að það hefði ekki átt að byggja skólann fyrr en nauðsynlegum undirbúningi væri lokið. En undirbúningur er hús, nægilega mikið af ræktuðu landi og skólabú. Og undirbúningur er að búa þetta allt þannig í hendurnar á skólastjóranum, sem tekur við því á sínum tíma. Og það er verið að undirbúa byggingar og ræktun þarna, og það

er verið að undirbúa skólabú á þessum stað. Og það er skylda að búa þetta allt í haginn fyrir skólann, svo að það sé tilbúið, þegar að því kemur, að hann taki til starfa. Og þessu er verið að vinna að nú.

Þá taldi hv. þm. Barð., að ég hefði farið rangt með, þar sem ég hefði sagt, að Jörundur hefði átt rétt á að kaupa Skálholt. Ég sagði þetta aldrei þannig. Ég sagði, að hann hefði átt rétt á að kaupa þá jörð, ef ríkið hefði viljað selja hana. (*GJ:* Það gat ekki selt hana samkv. lögunum.) Það gat gert það áður en samþ. voru lögin um Skálholtsskóla. Þess vegna virðist hér ekkert annað vera gert heldur en það, að sá réttur, sem Jörundur Brynjólfsson átti á því að kaupa þessa jörð, áður en Alþ. tók hann af honum, er fluttur frá einni jörð á aðra fyrir tilmæli landbrh.

Þá sagði hv. þm. Barð., að það hefði ekki verið lögum samkv. að selja Kaldaðarnes, af því að í lögum hefði verið ákveðið að nota þá jörð til annars. Það er ekki rétt. Það var ákveðið í lögum að koma drykkjumannahælinu, sem þar var, upp, en ekki, að það skyldi vera þar fremur en á öðrum stöðum. Og nú hafði jörðin verið lánuð til þessarar starfsemi þarna í nokkur ár, og búið var að flytja hælið aftur burt af jörðinni, sem var þá laus aftur og komin í hendur ráðuneytisins.

Ég skal svo láta þessum umr. lokið að sinni, en mun ekki færast undan að ræða þetta mál við hv. þm. þar, sem hann hefur meiri ræðutíma.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. atvmrh. fyrir þau glöggu svör, sem hann hefur gefið við fyrirspurn minni. Meginhluti fyrri ræðu hæstv. atvmrh. var að öðru leyti rökstuðningur fyrir því, að hann hefði haft lagaheimild til þess að selja Kaldaðarnes. Ég hafði ekki deilt á hæstv. ráðh. fyrir þessa ráðstöfun og mun ekki gera það, svo að allur sá langi hluti ræðu hans, sem um þetta fjallaði, var ekki svar til mín. Ég tel, að ekkert hafi komið fram í því máli, sem bendi til þess, að þessi ráðstöfun hæstv. atvmrh. hafi ekki haft við full rök að styðjast, og hef því engu að bæta við það atriði málsins. — Að öðru leyti var ræða hæstv. atvmrh. rökstuðningur fyrir nauðsyn bændaskóla og bændamenntunar. Ég er honum sammála um það, að menntun bænda er nauðsynleg og að bændaskólar eru nauðsynlegar stofnanir. En ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að benda hæstv. ráðh. á það, að til eru aðrar stéttir manna, sem líka er nauðsyn á að fá menntun, og aðrir skólar, sem eru nauðsynlegri heldur en bændaskólarnir. Og ég þarf ekki að benda hæstv. ráðh. á það, að það vantar fleiri skóla í landinu heldur en bændaskóla, og aðra skóla frekar, og það er óneitanlegt. Það hlýtur að teljast mikið öfugstreymi, þegar hafður er í huga sá mikli skortur, sem er á skólahúsnæði í landinu yfirleitt, að þá skuli einmitt á sama tíma standa til að leggja stórfé í að byggja yfir þá tegund skóla, sem einir virðast ekki hafa verið fullskipaðir á undanförnum árum.

Hér vantar mjög tilfinnanlega menntaskóla og hefur sáralítið verið gert í þeim efnum í heila öld. Síðan Menntaskólinn á Akureyri var stofnaður, eru nú liðin 20 ár. Mér er kunnugt, að menntaskólamálin eru hér í hinum mesta ólestri og einna nauðsynlegast að stækka skólann hér. Einnig er hér mikill skortur á gagnfræða- og barnaskólahúsum, þannig að tví- eða þrísetja verður í þá hér í Reykjavík. Ég verð því að endurtaka það, að mér finnst undarlegt, að nú skuli vera á döfinni að auka við bændaskólana, einu skólana, sem ekki eru fullsetnir. Aðalatriði málsins eru því þessi:

1. Er ástæða til að auka við húsnæði búnaðarskólanna? Mér virðist af svörum hæstv. ráðh., að það sé mjög vafasamt.

2. Jafnvel þótt ástæða væri til þess, þá væri það spurning, hvernig ætti að fara að því. Auðveldasta leiðin er að auka við þá, sem fyrir eru.

3. Jafnvel þótt byggja ætti nýjan skóla, virðist mér mjög vafasamt, að hann ætti að vera í Skálholti.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef lítið fylgzt með umr. um þetta mál, en mér finnst undarlegt að deila á ríkisstjórnina fyrir það, að hún framfylgi landslögum. Það er skylda samkv. lögum að byggja bændaskóla í Skálholti, og til þess hefur verið veitt fé á fjárlögum. Mér finnst því undarlegt að bera fram fyrirspurn á þingi um það, sem Alþ. er búið að samþykkja, og út af því, að lögum sé framfylgt. Ef menn eru óánægðir með gerðir ríkisstj. í þessu máli, getur Alþ. breytt lögunum og hindrað, að fé verði varið til búnaðarskóla í Skálholti.

Ég er sammála hv. 4. þm. Reykv., að aðrir skólar séu nauðsynlegri. Ég tel meiri ástæðu til að byggja menntaskóla í Reykjavík heldur en byggja á Laugarvatni. Aftur á móti tel ég fáar menntastofnanir gagnlegri en búnaðarskóla og slæmt til þess að vita, að margir skólar eru betur sóttir en þeir, og er það mjög leitt, þar eð þörf er á mönnum með þá menntun, og getur leitt af þessu, að þörf sé á að koma upp búnaðarskóla, sem að gagni mætti verða. Ég hef verið því fylgjandi að koma upp skóla í Skálholti og mun verða það áfram, þar til komið verður með fullgild rök gegn því.

Um það, að fyrri ábúandi Skálholts fékk Kaldaðarnes keypt, ber að taka fram, að ég tel rétt að beina ásökunum um það til allrar ríkisstj., en ekki til hæstv. landbrh. eins. Og ég lýsi því hér með yfir, að hafi hæstv. landbrh. gert rangt, þá er ég honum samsekur, því að hann bar gerðir sínar jafnharðan undir mig og ég taldi þær ekki aðeins verjandi, heldur eftir atvikum það réttasta, sem gert yrði. Og ég er reiðubúinn að færa rök að því. Ég vil því nota tækifærið til að lýsa því yfir, að ég tel ásakanir á hæstv. landbrh. gerðar að ófyrirsynju og tel, að beina ætti þeim að allri ríkisstjórninni.

10. Menntaskólakennsla í Laugarvatnsskóla.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til menntmrh. varðandi menntaskólakennslu í héraðsskólanum að Laugarvatni [51. mál, 7] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð [sjá atkvgr. um 4. fyrirspurn, Vegamál].

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi l. um menntaskóla, nr. 58 frá 1946, segir, að menntaskólar skuli vera tveir, annar í Reykjavík, en hinn á Akureyri, en gert er ráð fyrir þeim þriðja í sveit, ef fé er veitt til hans í fjárlögum. Nú hefur mér borizt til eyrna fregn um það, að menntaskólakennsla fari fram á Laugarvatni, en ég hef ekki getað fundið neina fjárveitingu til þessarar kennslu í fjárlögum. Ég vil taka það skýrt fram, að ég er ekki andvígur heimavistarmenntaskóla í sveit. En það er kunnugt, að menntaskólinn í Reykjavík, sem nýlega hefur haldið hátíðlegt 100 ára afmæli sitt, hefur verið vanræktur og á við mjög erfið skilyrði að búa. Mér þykir því miður, ef það er látið sitja á hakanum að sýna þessari stofnun verðugan sóma, samtímis því að stofnaður er nýr skóli á öðrum stað, án þess jafnvel að fé sé til hans veitt á fjárlögum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Fyrirspurnin greinist í þrjá liði: Hversu margir nemendur stunduðu í fyrra vetur menntaskólanám í héraðsskólanum að Laugarvatni, hver hefur orðið kostnaðurinn við þessa kennslu og samkvæmt heimild í hvaða lögum hefur sá kostnaður verið greiddur úr ríkissjóði?
Skólaárið 1947—48 lærðu 8 nemendur fræði, sem samsvara 1. bekk lærdómsdeildar, en skólaárið 1948—49 stunda 18 nemendur menntaskólanám, 10 menn í 1. bekk og 8 menn í 2. bekk lærdómsdeildar, 3 eru í máladeild en 5 í stærðfræðideild. Hver kostnaðurinn hefur orðið við þessa kennslu, er ekki gott að segja, því að hann blandast saman við annan kostnað. Kostnaðurinn í fyrra vetur var sem næst launum eins kennara, eða um 20 þús. kr., en í vetur um 40 þús. kr., en taka verður tillit til þess, að ef þessir nemendur hefðu ekki verið, hefðu jafnmargir héraðsskólanemendur komið í staðinn. Tala fastra kennara á Laugravatni miðast við það, að 20 nemendur komi á hvern kennara, þar sem verknám er þar svo mikið. Fyrra árið má því draga 8/20 af launum gagnfræðaskólakennaranna frá launum lærdómsdeildarkennarans, eða 7.200.00 kr. Aukakostnaður verður þá sem næst 10.800.00 kr., eða 1350.00 kr. á nemanda. Í vetur má draga 18/20 af launum gagnfræðaskólakennara frá kostnaðinum, eða um 16 þús. kr. Umframkostnaður verður því um 24 þús. kr., eða rúmlega 1300 kr. á nemanda. Húsnæði til kennslunnar, ljós, hita o. s. frv. leggur héraðsskólinn til án endurgjalds, þar sem gagnfræðanemendur hefðu verið í rúmi þeirra, sem eru í lærdómsdeildinni, væri hún ekki starfrækt.
Fyrst er að taka það fram, að það er litið á þetta sem tilraun, tilraun, sem gerð var til þess að athuga, hvernig tækist að halda uppi slíkri kennslu við þau skilyrði, sem þarna eru til staðar, og á kostnaðinn var litið sem kostnað við þá tilraun. Það er rétt, og það verð ég að játa, að þessum þúsundum hefur verið varið umfram fjárlög, um það er ég sekur, en ég taldi skynsamlegt, að þessi tilraun væri gerð. Hins vegar er hér ekki um neinn menntaskóla að ræða. Það kemur nú til kasta þings og stj. að ákveða, hvort stíga skuli skrefið fullt. Ég vil taka það fram, að það er ekki í fyrsta skipti, sem stofnaður hefur verið slíkur framhaldsskóli. Hliðstæð lærdómsdeild var 1946—47 og 1947—48 í Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, og greiddi ríkissjóður sinn hluta af þeim kostnaði, þ. e. öll laun föstu kennaranna og hálfan rekstrarkostnað að öðru leyti. Nú hefur þessi lærdómsdeild verið lögð niður, þar sem hennar er ekki þörf lengur vegna hinnar nýju löggjafar.
Ég vona, að Alþ. taki ekki hart á því, að þessi tilraun hefur verið gerð, enda getur þingið tekið í taumana, ef því sýnist, og ákveðið, hvort framhald skuli verða á þessu eða ekki. Kostnaður á nemanda er að vísu meiri en í menntaskólanum í Reykjavík, en það er augljóst, að dvalarkostnaðurinn er lægri og heildarkostnaðurinn því sízt meiri. Það er rétt, að til þessarar kennslu hefur verið stofnað án bókstaflegrar heimildar, en hér er ekki um stofnun menntaskóla að ræða, eins og ég sagði áður, heldur aðeins tilraun. Ég vænti því þess, að Alþ. taki þessu máli vinsamlega.

Jónas Jónsson: Sú afbrýðisemi, sem kemur fram í sambandi við nýja þróun þessara mála, er mjög eftirtektarverð. Þegar menntaskóli var á sínum tíma stofnaður á Akureyri, kom fram mikil beiskja í Reykjavík í tilefni af því, en með lagni tókst að koma honum á og hann blessaðist vel. Enn furðulegri var þó sú afbrýðisemi, er kom fram hjá sumum, er menntaskólakennsla var hafin í verzlunarskólanum í Reykjavík, og nú, þegar þessi tilraun er gerð, kemur hið sama fram. Þrátt fyrir allar fyrirbænir er þó ástand menntaskólans í Reykjavík þannig, að kenna verður piltunum í svokölluðu fjósi. Ég hygg því, að þessi tilraun til þess að leiða strauminn burt frá fjósinu sé góðra gjalda verð. Kostnaðurinn á mann er líka um 4000 kr. minni en í Reykjavík, og ef 20 menn eru í deildinni, sparast því á þessu 80 þús. kr. dvalarkostnaður á vetri.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Ég vildi þakka hæstv. menntmrh. fyrir glögg og nákvæm svör. Það kom fram, að þessu fé hefur verið varið án lagaheimildar, hæstv. ráðh. sýndi þann drengskap að játa það, og met ég það að fullu. Ég vakti athygli á þessu fyrst og fremst vegna þess, að það mundi sæta andmælum af minni hálfu, ef stofnað yrði til menntaskóla á Laugarvatni áður en tilraun er gerð til þess að bæta úr vandræðum hins aldargamla menntaskóla í

Reykjavík. Á Laugarvatni eru nú hafnar miklar framkvæmdir, sem talið er, að muni kosta um 9 millj. kr. Mér er sagt, að þær séu svo stórar í sniðum vegna þess, að menntaskóli sé fyrirhugaður á Laugarvatni. Ef þetta er rétt, tel ég það rangt og óeðlilegt að verja millj. kr. til skólabyggingar á Laugarvatni, þegar ár eða áratugir líða án þess, að elztu menntastofnun þjóðarinnar sé sýndur verðugur sómi. Þetta er höfuðástæðan til þess, að ég hef óskað eftir nánari upplýsingum um þetta mál.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það voru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði síðast. Hann taldi, að þessi tilraun væri varhugaverð, ef ekkert væri bætt úr vandræðum menntaskólans í Reykjavík. Ég vil taka undir það með honum, að nauðsynlegt er að bæta húsakost skólans í Reykjavík. Það mál er ekki gleymt, þó að það hafi lítið gengið, og er nú í athugun hjá ráðuneytinu. Ég vonast því til, að skriður fari að komast á það. Í ráðuneytinu er fullur skilningur á því, að bæta þarf þar úr. Það, sem fram kom hjá hv. þm. viðvíkjandi byggingu Laugarvatnsskóla, er á misskilningi byggt. Kostnaðurinn er áætlaður 5.7 millj. kr., þegar allt er komið í bezta stand, en það verður langt þangað til byggingin verður komin í það horf.

11. Ríkisreikningar.

Á 12. fundi í Sþ., 3. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til fjmrh. um ríkisreikninga [51. mál, 8] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 4. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð [sjá atkvgr. um 4. fyrirspurn, Vegamál].

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn um það, hvernig á því standi, að ríkisreikningarnir fyrir árin 1945, 1946 og 1947 hafa enn ekki verið lagðir fyrir Alþ. til úrskurðar, og hvenær það verði gert. Ég hef áður hér á Alþ. talað um ríkisreikningana. Ég bar fram fyrirspurn á síðasta Alþ. um sama efni, og í umræðunum um þá fyrirspurn viðurkenndi hæstv. fjmrh., að þetta væri ekki í svo góðu lagi sem það ætti að vera. Mér skildist á honum þá, að hann hefði fullan hug á að bæta úr því. Nú hafði ég búizt við því, strax þegar Alþ. kom saman, að í þetta sinn yrðu lagðir fram hér ríkisreikningar nokkurra ára. Ég hef ekki séð þá enn þá. Ég lét það bíða í þrjár vikur að bera fram fyrirspurnina, en nú er liðinn mánuður og ekki bólar á Barða enn þá. Það hefur stundum í umr. um þetta mál verið talið, að dráttur þessi stafaði af því, að það hefði dregizt svo mjög endurskoðun reikninganna hjá þeim mönnum, sem Alþ. hefur falið það starf. Ég man það, að í fyrra ræddu endurskoðendur nokkuð um málið og kvörtuðu yfir húsnæðisleysi, eins og fleiri menn hér á landi eiga við að búa. Þá sagði hæstv. fjmrh., að nú hefði verið aukinn svo húsakostur, að sá annmarki mundi vera úr sögunni. En þrátt fyrir þetta eru þessir reikningar ekki komnir enn, og fýsir mig að heyra, hvernig á því standi og hvort ekki megi vænta þess að sjá þá næstu daga og þeir verði lagðir fyrir Alþ. til úrskurðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. V-Húnv., sem er svipaðs eðlis og fyrirspurn, sem kom fram frá honum á síðasta Alþ., vil ég segja það, að fjmrn. hefur á engan hátt skipt um hug í þessu efni, heldur reynt að stilla svo til, að endurskoðun gæti farið fram með eðlilegum hætti. Það, sem ég sagði í fyrra um húsnæði endurskoðenda, hafi ég á það minnzt, hefur verið það, að vitanlega hefðu þeir slæmt húsnæði. Ég ætla, að úr því sé bætt nú og þeir hafi víst húsnæði til að vinna sín verk í. En það er ekki langur tími liðinn frá því, að það húsnæði var tilbúið til afnota fyrir þá. Að öðru leyti, þá eru endurskoðendur ríkisreikninganna ekki undirmenn fjmrh. Þeir eru umboðsmenn Alþ. og ekkert háðir fjmrh. eða fjmrn. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1945 hefur verið afhentur nú nýverið í fjmrn. og með aths. hv. endurskoðenda. Ég hef gert ráðstafanir til þess, að strax verði byrjað að vinna úr aths. þeirra, semja svör við þeim. Prentun reikningsins er löngu lokið, að öðru leyti en því, að það vantar það, sem á að fylgja honum, aths. endurskoðenda og svör ríkisstj. Svo fer auðvitað einhver tími í það hjá hv. endurskoðendum að úrskurða svörin. Nokkuð svipað er að segja um ríkisreikninginn fyrir 1946. Hann liggur til prentaður, en bíður eftir aths. hv. endurskoðenda, sem ráðun. hefur verið lofað, að mundi koma mjög fljótlega. Mun ég reyna að stilla svo til, að mjög fljótlega verði samin svör við aths. Þótt málið hafi á þennan hátt sinn ákveðna gang, þá mun ég reyna eftir megni að sjá til þess, að reikningarnir fyrir bæði árin verið lagðir hér fram. Ríkisreikningnum fyrir 1947 er nú varla ástæða til að spyrja eftir á þessu stigi málsins. Honum er nýlokað, sem kallað er, í ríkisbókhaldinu, og það dróst lengst að loka honum, af því að fjmrn. skorti upplýsingar, sérstaklega varðandi flugmálin. Það tók langan tíma og mikinn eftirrekstur að fá kostnaðinn við þau mál, þannig að hægt væri að stilla honum upp á reikninginn. Strax þegar unnt er að koma því við, verður hann settur í endurskoðun, og vitaskuld dregst það nokkuð, að hann geti orðið lagður fram.

Ég ætla þá, að ég hafi gefið þær upplýsingar, sem spurt er um, þær sem á mínu valdi er að gefa.

Eins og áður er tekið fram, hafa yfirskoðunarmenn landsreikninganna átt við ómöguleg vinnuskilyrði að búa, en sem betur fer hefur verið hægt að bæta úr því, og þá eiga þeir miklu hægari aðstöðu til þess að ljúka sínu verki. Ég get svo að öðru leyti tekið undir með hv. alþm. um það, að þessum afgreiðslum öllum á reikningunum þarf að hraða miklu meir en gert

hefur verið, og ég er því sammála, að hann ætti að koma miklu fyrr fram, en til þess eru þær ástæður, sem þegar hafa verið fram teknar. Meira hef ég svo ekki um þetta að segja að svo komnu máli.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég ræddi ekki þetta mál á síðasta þingi, þegar fyrirspurn kom fram varðandi ríkisreikningana, en sé ástæðu til þess fyrir hönd okkar yfirskoðunarmanna að segja örfá orð nú, sem er vegna þess, að það hafa hvorki þá né nú verið dregnar fram aðalástæðurnar fyrir því, hve seint ríkisreikningarnir eru á ferðinni. Aðalástæðan fyrir því er sú, að endurskoðun stjórnarráðsins hefur verið mörg ár á eftir tímanum um margar stofnanir. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1944 var afgreiddur á síðasta þingi, og við yfirskoðunarmennirnir skiluðum honum frá okkur án þess að hafa fengið endurskoðun á öllum stofnunum ríkisins. Nú hefur þetta breytzt nokkuð í betra horf upp á síðkastið, þannig að hraðað hefur verið meir endurskoðun stjórnarráðsins. Þó höfum við ekki fengið endurskoðunarskýrslur um allar stofnanir enn á þeim reikningum, sem við höfum nú skilað athugasemdum við. Það er því ekki nema að sumu leyti — svo að vægilega sé til orða tekið — sú ástæða til þess, hve ríkisreikningarnir eru seint á ferðinni, að yfirskoðunarmennirnir hafi verið seint að með sitt starf, því að okkar starf er yfirskoðun, sem er ekki raunveruleg endurskoðun, því að hún fer fram í stjórnarráðinu og hefur verið á eftir tímanum. En eins og hæstv. fjmrh. hefur upplýst, má búast við, að ríkisreikningarnir fyrir 1945 og 1946 verði lagðir fram til úrskurðar á þessu Alþ.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið. En af þeim kemur því miður fram, að það er langt frá því, að þessum málum hafi verið kippt í viðunanlegt horf. Mér skilst, að það sé ekki enn búið að semja í stjórnarráðinu svör við athugasemdum yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn fyrir 1945, en hins vegar eigi nú að hraða því, og virðist sannarlega vera tími til þess kominn. — Þá skildist mér á hæstv. ráðh., að enn væru ekki komnar athugasemdir frá yfirskoðunarmönnum við ríkisreikninginn frá 1946 og 1947, og hefði þó sannarlega átt að vera búið að athuga a. m. k. ríkisreikninginn fyrir 1946. En gott er, að hæstv. ráðh. ætlar nú að hraða þessu. Hæstv. ráðh. segir, að ekki sé ástæða til að spyrja enn um ríkisreikninginn fyrir árið 1947. En það er full ástæða til þess, því að fyrir nokkru var samþ. þál. um ríkisreikningana og þar beinlínis lagt fyrir, að þessu reikningsuppgjöri skyldi hraðað svo, að ríkisreikningur skyldi jafnan vera fullgerður og endurskoðaður fyrir lok næsta árs, eða innan eins árs frá lokum reikningsársins. Og samkvæmt þessu ætti ríkisreikningurinn fyrir 1947 að liggja fyrir fullgerður með athugasemdum yfirskoðunarmanna, svörum stjórnarráðsins og till. til úrskurðar fyrir þingið fyrir lok þessa árs, 1948. Og það er þetta, sem vitanlega á að gera kröfu til, að verði gert. Ég tel, að alveg sé ótækt að haga þessu eins og gert hefur verið, að ríkisreikningnum verði ekki lokað fyrr en kannske á síðasta ársfjórðungi næsta ár á eftir reikningsárinu. Við vitum, að öllum einkafyrirtækjum er gert að skyldu að ljúka uppgjöri á fyrsta fjórðungi ársins á eftir reikningsárinu, sem verður að gerast vegna skattaframtals. Og það er engin ástæða fyrir ríkið að láta þetta dragast á þann hátt sem gert hefur verið.

Hv. þm. A-Húnv., sem er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna, sem Alþ. hefur kosið að undanförnu, telur, að þessi dráttur á framkomu ríkisreikninganna á Alþ. stafi aðallega af því, að endurskoðun í stjórnarráðinu sé mörgum árum á eftir tímanum. Hann segir, að þetta sé að færast í betra horf. En þó skilst mér, að enn þá sé starfi þessu ekki lokið fyrir árið 1945, svo að ég tel, að þarna megi róa betur, ef þetta á að komast í viðunandi horf. Nú tók ég eftir því í hinu nýja fjárlagafrv., að aukið hefur verið starfslið í fjmrn. og endurskoðunardeild þess. Þó skilst mér, að þar hafi verið allmargt manna fyrir. Og mér skilst, svo miklu fé sem varið er til þessarar stofnunar, að sú fjárupphæð ætti að nægja til launa handa það mörgum vöskum mönnum, að þeir ættu að geta haft þetta í viðunandi lagi.

Ég vil því eins og áður skora á alla aðila, sem þarna eiga hlut að máli, að vinna að því, að þetta komist í viðunandi horf, og að við fáum nú innan skamms á þessu þingi að sjá fullgerða ríkisreikninga allra þessara ára, sem liðin eru, en enn hafa ekki verið lagðir fyrir þingið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Endurskoðunin hefur batnað. Ég veit ekki, hve langt niðri hún hefur verið áður. En hún hefur batnað nú á þessu ári, þannig að t. d. öll tollendurskoðun varðandi Reykjavík, og hún er mikil, fer fram alveg jafnharðan í endurskoðunardeild stjórnarráðsins. Svo getur vel verið, að einhverjir hlutar endurskoðunarinnar séu óhæfilega langt á eftir tímanum, eins og þessi hv. þm. minntist á. En, sem sagt, það hafa farið þarna umbætur fram.

Það hefur orðið dálítið umtal út af því, hve mikið hafi aukizt kostnaður við fjmrn. Og það er að nokkru leyti eðlilegt vegna dálítið klaufalegs orðalags á einni skýringargrein við fjárlagafrv. Ég álít rétt að geta um þetta af þessu tilefni, umr. um þessa endurskoðun, og vil upplýsa þetta lítils háttar. Ég lagði annars áherzlu á það við samningu þessa fjárlagafrv., að hafðar væru eins ýtarlegar skýringar og kostur væri á við hverja grein þess. En það eru margar skýringarnar, eins og hv. þm. vita, og varðandi þessa gr. þá hefur ekki verið gerð alls kostar nægileg grein fyrir henni, þannig að þar er orðað þannig, eins og kostnaður sé meiri við fjmrn. heldur en jafnvel rétt er. Það stendur svo í athugasemdum við 10. gr. frv.: „Laun starfsmanna ráðuneytanna hækka frá fjárl. 1948 um rúmar kr. 270.000,00. Aðalbreytingarnar eru þær, að aukið hefur verið starfslið í fjármálaráðuneytinu og endurskoðunardeild þess. Meðal starfsmanna í forsætis- og menntamálaráðuneytinu eru nú taldir nokkrir, sem áður voru taldir meðal annarra starfsmanna í i-liðnum.“ — Þetta orðalag er að vissu leyti dálítið villandi. Og ég hef þess vegna skrifað hv. fjvn. nokkra skýringu á þessari aths.

Það hefur að vísu ekki neina þýðingu viðkomandi niðurstöðum, en skýrir betur í þessu sambandi. Hækkunin, sem þarna er um að ræða, 270 þús. kr., sundurliðast þannig, að svokallaður annar kostnaður ráðuneytanna er áætlaður 100 þús. kr. hærri en í ár. Það er áætlunarupphæð, sem byggt er á, því að þessi svokallaði annar kostnaður ráðuneytanna var of lágt áætlaður í ár. Þetta er skýring á 100 þús. kr. af þeirri hækkun, sem þessi aths. fjallar um. Þá koma aðrar greinar, þar sem hækkun kemur fram frá því, sem verið hefur, og get ég gjarna látið koma í ljós, hverjar þær eru. Þessar hækkanir eru sumar svo lítilfjörlegar, að varla tekur að nefna þær. Í atvmrn. 1500 kr., í félmrn. 8700 kr., í fjmrn. 22.700 kr., í endurskoðunardeild 51.450 kr., í fors.- og menntmrn. 79.725 kr., í samgmrn. 5400 kr., í utanrrn. 72.287 kr., í viðskmrn. 900 kr. Frá þessu dregst svo lækkun á dómsmrn. 11.475 kr. og lækkun annarra starfsmanna 59.760 kr. Og verður þá niðurstaðan 171 þús. kr. Við þetta má svo bæta því, að nokkuð af starfsfólki er talið undir öðrum kostnaði.

Mér þótti rétt að gefa þessa skýringu og vona, að hv. þm. misvirði ekki, þótt ég fari þennan útúrdúr í sambandi við þau verk, sem unnin eru í endurskoðunardeildinni. Kaup þar hefur ekki hækkað um 51 þús. kr. raunverulega, því að sú hækkun er að nokkru leyti komin til þannig, að starfsmaður, sem vann hjá ríkisbókara í fyrra, er nú kominn í endurskoðunardeild og tekur sín laun þar, í staðinn fyrir að taka laun hjá ríkisbókara.

Um málið sjálft, eða endurskoðunina, skal ég svo segja það, að ég er í raun og veru alveg sammála hv. þm. V-Húnv. og álít, að það verði að stefna að því eins og hægt er að framfylgja þál. Alþ. En þál. frá Alþ. taka ekki alltaf tillit til allra tekniskra aðstæðna varðandi framkvæmdir mála. Og þegar um það er að ræða, að stofnanir fást tæplega eða ekki til að skila nauðsynlegum plöggum, sem fjmrn. á að safna saman, reikningum og slíku, þá hefur ráðun. ekki í hendi sér neitt meðal til þess að þvinga þær til þess. Við getum ekki í þessum efnum beitt dagsektum. Það er verið að hamra á því við þessa og hina deild og stofnun í ráðuneytinu að skila plöggum, sem þarf til þess að fullkomna ríkisreikningana, en það gengur raunalega seint að ná þeim. Og hvað árið 1947 snertir, þar sem nýbúið er að loka ríkisreikningnum fyrir það ár, þá var það af því, að beðið var eftir upplýsingum, sem margoft voru krafðar af flugmálastjórninni, til þess að fá þær inn á réttum stað í reikningsfærslunni.

Að öðru leyti skal mér verða ljúft að taka, að því leyti sem hægt er, til greina þær aths., sem hér hafa komið fram. Það á að stefna að því, að reikningar næsta árs á undan liggi fyrir hæstv. Alþ. á hverju ári, svo að hv. alþm. geti séð þá. Og vonandi færumst við smám saman nær því marki, þegar betra lag kemst á endurskoðunina. Og að á þeirri braut séum við, get ég fullyrt, því að endurskoðun á tollreikningum hefur stórkostlega batnað.

12. Launakjör alþingismanna.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi launakjör alþingismanna [61. mál, 1] (A. 88).

Á 16. fundi í Sþ., 11. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Eftir að þessari fyrirspurn var skilað í prentun og útbýtt, hefur það nýtt gerzt, að hæstv. forsrh. hefur sent frv., sem vikið er að, til þingflokkanna og óskað eftir umsögn þeirra um, hvort flytja skuli það þannig. Og hefur þannig a-lið fyrirspurnarinnar raunverulega verið svarað. Hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að leggja málið fyrir þingið nema leita fulltingis þingflokkanna. Ég óska því eftir, að hæstv. forsrh. upplýsi, hvaða undirtektir frv. hefur fengið hjá þingflokkunum, og eins og segir í b-lið, hvort það verði lagt fyrir af ríkisstj. eða af þingflokkunum. Mér finnst, að nokkuð mikill dráttur hafi orðið á afgreiðslu málsins, bæði hjá hæstv. núverandi og fyrrverandi ríkisstj., og tel, að ýmis mál, sem minna hafa verið virði, hafi verið afgreidd. Ég held, að það hafi komið nægilega skýrt fram, þegar þingið kaus mþn. 1943, að launakjör þingmanna væru úrelt, enda eru lög um þau orðin ævagömul. Og ég held að sá málsháttur, sem sagður var fyrir nokkrum árum, að þingfararkaupið sé fyrir eftirmiðsdagskaffi á Borginni, en bitlingarnir séu til að lifa af, eigi enn vel við. Þó að allmargir þm. hafi föst, launuð störf, þá eru þó allmargir, sem hafa það ekki, og þar á meðal ég. Atvinna sú, sem ég hef stundað, síldveiðarnar, hefur nú brugðizt í allmörg sumur, og hef ég því fengið nægilega reynslu um það, að ekki er hægt að lifa af þingfararkaupinu, nema menn hafi aðrar tekjur. Það er nú ekki tími til frekari umræðu, en ég vil beina því til hæstv. forsrh., að hann upplýsi um undirtektir þingflokkanna við málið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af a-lið skal ég geta þess, eins og hv. fyrirspyrjandi hefur upplýst og kunnugt er þinginu, að 1943 var skipuð mþn. til að athuga launakjör þingmanna. Þessi nefnd aflaði sér upplýsinga og skilaði tillögum sínum 22. okt. 1946, og var þar gerð grein fyrir drættinum, sem stafaði einkum af því, hve erfitt var að afla sér upplýsinga um þessi mál á stríðstímunum. Þegar þessar till. í frv.-formi og talsvert ýtarleg frásögn af launakjörum þingmanna á Norðurlöndum, í Bretlandi og í Bandaríkjunum hafði borizt þáverandi hæstv. forsrh., sem þá hafði beðizt lausnar, svaraði hann því 28. nóv. 1946, að hann treysti sér ekki til að bera frv. fram sem stjfrv., og þannig lá þetta fyrir, þegar ég tók við, en ég taldi rétt, þar sem greiðari leið var nú til að afla upplýsinga frá Norðurlöndum og ég hafði grun

um, að breytingar hefðu orðið þar á þessum málum, að reyna að afla þaðan nýrra upplýsinga. Það kom líka fram við eftirgrennslan, að kaup hafði breytzt í hækkunarátt á Norðurlöndum, og einnig var ákveðið þar, að þeir þm., sem hefðu setið ákveðinn tíma á þingi eða náð ákveðnum aldri, skyldu eiga rétt til eftirlauna. Þegar þetta var ljóst, taldi ég rétt að snúa mér til allra þingflokkanna og leita mér upplýsinga um, hvort þeir vildu standa að frv. líku frv. mþn. 8. þessa mánaðar sendi ég svo frv. og grg. mþn. ásamt upplýsingum um kjarabreytingar, sem orðið hafa hjá öðrum þjóðum, til þingflokkanna og óskaði eftir umsögn þeirra. Svar hefur enn sem komið er aðeins borizt frá Sameiningarflokki alþýðu — sósíalistaflokknum, sem kveðst vera fylgjandi frv. og munu styðja það, þó að þeir telji jafnvel, að kjörin hefðu átt að vera betri. Svar hefur ekki enn þá borizt frá hinum þingflokkunum. Og hef ég þá svarað fyrirspurninni um undirtektir þingflokkanna.

Varðandi b-lið sé ég mér ekki fært að leggja frv. fyrir, nema allir þingflokkarnir standi að því. Ég mun því bíða átekta, unz svar hefur borizt frá hinum flokkunum. Hér er um að ræða alviðkvæmt mál nú á tímum, þegar svo mjög er rætt um sparnað. Og mætti nota það í áróðursskyni, ef einn þingflokkur vildi nota það sér til framdráttar gegn öðrum. Mín persónulega skoðun, hvorki skoðun ríkisstj. né flokks míns, sem ekki hefur enn tekið afstöðu til málsins, er sú, að eðlilegast væri að taka a. m. k. að einhverju leyti upp svipaða skipan og um getur í frv. Hér eru hafðar reglur, sem alls staðar er hætt að *nota, svo sem ákveðið dagkaup.* Alls staðar annars staðar, sem ég þekki til, er ákveðið árskaup eða ákveðið kaup fyrir þingtímann, og tel ég það líklegra til betri vinnubragða að hafa það svo heldur en dagkaup. Um önnur hlunnindi í frv., t. d. eftirlaun fyrir þá, sem hafa setið 10 ár á þingi eða hafa náð 65 ára aldri, og örorkubætur, þá tel ég eðlilegast, að það verði rætt nánar. Þetta eru persónulegar hugleiðingar, en ég endurtek það, að það fer eftir afstöðu þingflokkanna, hvað ég geri. Verði einn eða fleiri þingflokkar á móti, þá legg ég frv. ekki fram, en að sjálfsögðu geta einstakir þingflokkar eða þingmenn lagt fram slíkt frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég átti sæti í mþn., sem samdi frv., og ég minnist þess ekki, að svar bærist frá hæstv. fyrrv. forsrh., að hann vildi ekki flytja frv. (*Forsrh.:* Svarið var sent til form. nefndarinnar.) Ég var nú form. nefndarinnar, og ég minnist þess ekki að hafa fengið það í hendur. En verið getur, að mig misminni, enda skiptir það ekki miklu máli. Ég undraðist mjög, þegar ég frétti, að hæstv. forsrh. ætlaði ekki að leggja frv. fyrir þingið. Ekki sízt þegar þess er gætt, að ný launalög voru þá sett fyrir alla opinbera starfsmenn, og ber þó þess að gæta, að launalög voru til frá 1919, sett í töluverðri dýrtíð, en lög um þingmennskukaup voru frá 1912, og er þar lögákveðið, að kaup sé 12 kr. á dag, og samkvæmt dýrtíðarlögunum á að leggjast á það full dýrtíðaruppbót, og verða því þm. að sitja hér fyrir 36 kr. á dag. Nú vita allir, að þm. hafa ofurlítið meira samkv. sérstökum samþ. hér á Alþ., svo sem með þingsályktunum og samþykktum í þingfararkaupsnefnd. Ég kann ekki við það, að þm. sé goldið kaup eftir mjög vafasömum heimildum, og finnst, að ekki mætti minna vera en þm. tækju þetta litla kaup sitt eftir lögum. Skömmu eftir 1930 ákvað þfkn., að utanbæjarþingmenn skyldu fá goldinn húsaleigustyrk, þetta var gert í 9 ár eða þangað til 1942, að ég bar fram lagafrv., sem samþ. var, að ríkissjóður legði til húsnæði handa utanbæjarþm. eða greiddi húsaleigustyrk, ef þm. útveguðu sér sjálfir húsnæði. Ég get skilið hæversku þá, sem virðist ríkja hjá þm., að koma sér ekki að því að bera fram till. um kauphækkun fyrir sjálfa sig, en ég skil tæpast hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem bar fram launalögin, og ekki heldur hæstv. núverandi ríkisstj. að hafa ekki lagt fyrir frv. um þetta, jafnvel þótt allir þingflokkarnir hafi ekki tjáð sig fylgjandi því. Og þó að einhver vildi ef til vill gera þetta að pólitísku máli, held ég varla, að mikið mundi hafast upp úr því. Ástandið, eins og það er nú, er áreiðanlega ekki í þágu almennings á Íslandi, því að ástandið er nú þannig, að enginn maður utan Reykjavíkur, sem ekki er sæmilega efnaður, getur setið á þingi. Tíminn er nú búinn, en ég vil láta í ljós undrun mína yfir því, ef hæstv. ríkisstj. lætur ef til vill einn flokk stöðva mál þetta.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. glögg svör. Það hefur komið ljóst fram, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að leggja frv. fram nema með stuðningi allra þingflokka. Ég vil taka undir ummæli hv. 1. þm. Eyf., að það lýsi ekki miklum kjarki, því þótt talað sé nú mikið um sparnað, held ég varla, að það mundi sæta miklu ámæli, þó að ekki væri haldið áfram á sömu braut og nú er, að ekki sé hægt að sitja á Alþ. fyrir aðra en þá, er eiga ákveðnar eignir eða vissar tekjur utan þingfararkaups. Ég held, að hæstv. ríkisstj. yrði ekki fyrir ámæli meðal þjóðarinnar, þótt hún breytti þessu ástandi. Það var lengi skilyrði fyrir kosningarétti og kjörgengi, hér og annars staðar eins og kunnugt er, að menn ættu ákveðna eign, og ég endurtek það, að ég held, að hæstv. stj. yrði ekki fyrir ámæli, þótt hún breytti því ástandi, sem í vissum tilfellum er enn þannig, að alþingismenn, sem til þess eru kjörnir, geta ekki komið því við að sitja á þingi, nema þeir eigi eignir eða hafi aðrar tekjur en þingfararkaup sitt. Ég vænti þess, að þingflokkarnir taki nú svo undir þetta mál, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að flytja frv. um það. En ef svo verður ekki, þykir mér trúlegt, að einstakir þm. geri sínar ráðstafanir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem hafa talað í þessu máli og jafnvel brugðið ríkisstj. um skort á kjarki til að flytja frv. um það, nema allir þingflokkarnir stæðu að baki hennar, þá vil ég segja það, að það er eðlilegt, hvaða stjórn sem er, að hún vilji vita vilja þingflokkanna í þessu efni. Það er eðlilegt, að ríkisstj. vilji ekki standa í stríði við þm. út af launakjörum þeirra, heldur vilji

hafa samvinnu þar um við allan þingheim. Einstakir þm. hafa ekki síður rétt til þess að flytja frumvörp en ríkisstj., og sú leið er hverjum þm. opin. Ef þingheimur er ekki sammála og stj. telur sér ekki fært að flytja slíkt mál, þá hefur hver þingmanna, sem vill, heimild til að gera það.

13. Lýsisherzluverksmiðja.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til fjmrh. um byggingu lýsisherzluverksmiðju [61. mál, 2] (A. 88).

Á 16. fundi í Sþ., 11. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram þau tilmæli við hæstv. forseta, að fundi verði nú haldið áfram, þótt liðinn sé venjulegur fundartími, og lokið við þær fyrirspurnir, sem hér eru á dagskrá og hæstv. ráðh. geta svarað að þessu sinni.

Ég bendi á það, að eiginlega urðu óhæfilega langar umræður um fyrstu fyrirspurnina (um bændaskóla), og ættu hæstv. ráðh. að taka nokkurt tillit til tímans og leitast við að stytta mál sitt í fyrirspurnatímunum, þótt þeir séu ekki bundnir við fimm mínútur.

Ég ber fram þessi tilmæli mín til hæstv. forseta fyrst og fremst vegna fyrirspurnar minnar, sem er nú næst á fyrirspurnalistanum.

Forseti (JPálm): Út af þessari athugasemd vil ég taka það fram, að forseti hefur það ekki á valdi sínu, hve umræður kunna að teygjast, því að ráðh. hafa ótakmarkaðan ræðutíma.

Ég hefði gjarnan viljað ljúka við þær fyrirspurnir nú, sem eru á dagskrá, en það hafa verið ákveðnir flokksfundir og af þeim sökum er ekki hægt að halda þingfundi áfram. Þær fyrirspurnir, sem eftir er að ræða, 2.—6. á þskj. 88, eru því teknar út af dagskrá, en þær verða aftur teknar á dagskrá á venjulegum fundartíma á morgun.

Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Áki Jakobsson): Herra forseti. Í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárl. kom hann nokkuð inn á lýsisherzluverksmiðjumálið, og mátti skilja á ummælum hæstv. ráðh., að einstaklingar væru að undirbúa og koma í gang lýsisherzluverksmiðju. En ég vil benda á það, að það liggja fyrir allmargar afgreiðslur hér í þinginu varðandi þetta mál. Í fyrsta lagi voru samþ. um það l. 1947 að heimila ríkisstj. að reisa lýsisherzluverksmiðju, þegar rannsókn hafi sýnt, að það sé tímabært. Þessa till. flutti þáverandi sjútvn. neðri deildar. — Þá var samþ. þáltill., sem hv. 5. þm. Reykv. (SK) flutti hér á Alþ., um það að fela ríkisstj. að láta svo fljótt sem auðið væri framkvæma fyrirmæli síðari málsgr. 1. gr. fyrrnefndra heimildarl., sem er einmitt ákvæði um að byggja lýsisherzluverksmiðju. Þetta var samþ. á þinginu 1944. — Loks voru á þinginu 1946 samþ. l. um það, að heimila ríkisstj. að taka allt að 7 millj. kr. lán til þessara framkvæmda. Þannig er þingið búið að taka ákveðna afstöðu um það, að ríkið ætli að byggja þessa verksmiðju, hvort sem einstaklingar kynnu að ráðast í slíka byggingu eða ekki. Þess vegna fer ég fram á að fá upplýsingar um þetta atriði. Þessu máli var þannig komið í tíð fyrrverandi stj., að það hafði verið skipuð byggingarnefnd, og hafði hún fest kaup á þeim hluta vélanna, sem lengstan tíma tók að framleiða, með 18 mánaða afgreiðslufresti, og áttu þær vélar að vera tilbúnar í apríl s. l. vor, en öðrum vélum, sem einfaldari eru og hægt er að smíða hér á landi, þótti ekki ástæða til að festa kaup á með svo löngum fyrirvara. En gert var ráð fyrir því, að þegar þessar vélar væru tilbúnar, í apríl 1948, þá væri verksmiðjan og aðrar vélar tilbúnar, þannig að verksmiðjan gæti orðið tilbúin fyrir haustið 1948.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Snertandi þau ummæli, sem ég viðhafði hér við fjárlagaumræðu, þá átti ég við þá fyrirhuguðu verksmiðju, sem Lýsissamlag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hefur með höndum undirbúning að, en sú verksmiðja mun vera meir miðuð við hvalolíu og meðalalýsi en lýsisherzlu, en þó er mér ljóst, að nokkur reynsla muni geta fengizt um herðingu á síldarlýsi, þegar þetta fyrirtæki kemst í gang. Þetta var ekki fram sett til þess að draga neitt úr lagaákvæðum um lýsisherzluverksmiðju, og þó að þessi verksmiðja yrði reist, þá býst ég við, að haldið yrði áfram með það, sem fyrirhugað hefur verið. En ég átti við það, að við mundum fá einhverja reynslu af því, hvernig herzlan gengi hér á landi, þegar þessir einstaklingar, sem ég átti við, færu af stað.

Annar og þriðji liður fsp. eru um það, hvenær þessir einstaklingar hafi fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vélum til slíkrar verksmiðju og hvenær þeir hafi fengið fjárfestingarleyfi fyrir slíkri verksmiðju. Varðandi gjaldeyris- og fjárfestingarleyfi, þá er mér það óviðkomandi og ætti hv. þm. Siglf. að beina þeirri fyrirspurn til annarra aðila en mín.

Þá spyr hv. þm., hvort ríkisstj. ætli að byggja lýsisherzluverksmiðju eða hvort hún hafi ákveðið að hætta við byggingu lýsisherzluverksmiðju. Svona fyrirspurn ætti að vera óþörf, eftir að hæstv. samgmrh. hefur lýst yfir og gert grein fyrir, hvað ríkisstj. hafi í hyggju, ef við fáum svokallaða Marshall-peninga, því að meðal þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir í sambandi við þá hjálp, er lýsisherzluverksmiðjan.

Fimmti liður fsp. er það, hverjar séu ráðstafanir ríkisstj. viðvíkjandi þeim vélum, er þegar höfðu verið keyptar til lýsisherzluverksmiðjunnar. Hv. þm. var að lýsa því nú, að afhendingartími á þessum vélum hefði átt að vera 18 mánuðir. Mér skilst af skýrslu, sem hefur legið í ráðuneytinu, frá byggingarnefndinni, sem var, að þeir hafi 1946 pantað þessar vélar í Englandi eða einhvern hluta af þeim, þ. e. a. s. vélar til vetnisframleiðslu. Þetta mun hafa verið pantað fyrir 50,000 sterlingspund og sendiráðið í London knúið til þess undir forustu þessa hv. þm., þegar hann var ráðh., að takast á hendur ábyrgð á greiðslunum fyrir landsins hönd, og það er svo ekki farið að afhenda þessar vélar til okkar enn þá, svo að framleiðslan hefur gengið verr en ætlazt var til. Nú síðustu mánuði hefur þetta firma verið að tilkynna, að einhverjir einstakir hlutar úr þessum vetnisframleiðsluvélum væru tilbúnir, en alls ekki kerfið sjálft, og nú síðast hefur það heyrzt frá þessu firma, að það var að ákalla íslenzk stjórnarvöld sér til hjálpar til að fá leyfi til að smíða einn hlut í þetta vélakerfi, svokallaðan elektrolysor.

Þannig standa þessar sakir, svo að það virðist hafa verið annaðhvort, að sú n., sem samningana gerði, hafi ekki dottið ofan á það bezta eða fljótasta firma í þessum efnum, eða þá að samningar hafi verið losaralega gerðir eða firmað átt við meiri erfiðleika að etja um að afhenda þetta en búizt hafi verið við. Annars er búið að borga ⅓ af þeirri upphæð, sem um var samið, en nú gengur firmað eftir því, um leið og það biður um aðstoð ríkisstj. til að fá þetta smíðað, að fá 10,000 sterlingspund í baktryggingu til að halda áfram við smíðarnar. Eins og kunnugt er, var þannig við þetta mál skilizt af fyrrv. hæstv. atvmrh., að heimild þingsins til lántöku var alls ekki notuð. Hins vegar sendi hann menn út um lönd til þess að festa kaup á vélum og gera samninga um verulegar fjárfúlgur og lét sendiráð landsins ganga í nokkra ábyrgð í þessu efni, en fyrir peningum til málsins var ekki séð. Þegar ég kom í ráðun., reyndi ég að nota þessa lántökuheimild, en varð ekki ágengt. Undirbúningur málsins var því frá öndverðu losaralegur hjá hæstv. ráðh., sem um þetta fjallaði, og ég hafði ekki meiri trú á þessari n. hans en svo, að ég fann ástæðu til þess að biðja stjórn síldarverksmiðjanna að taka að sér framhaldandi rannsókn á þessu atriði, með því líka að það var talsverður kostnaðarsparnaður, því að mér skilst, að n. hafi verið nokkuð dýr þann tíma, sem hún starfaði. Nefndin, eða hæstv. ráðh., sem réð hennar gerðum, var búin að kaupa lóð á Siglufirði. Hefur nú farið fram rannsókn á þeim möguleikum, sem eru á því að byggja verksmiðjuna á Siglufirði, og hefur Jón Gunnarsson verkfræðingur tekið að sér, eftir að núverandi ríkisstj. tók við, að gera athuganir á þessu máli, því að það virðist svo, að þær framkvæmdir, sem hv. þm. lét gera, meðan hann var ráðh., hafi verið út í bláinn. Almenna byggingarfélagið hefur athugað lóðina, og er hún í sama dýinu og þar sem geymarnir voru reistir, sem sigu. Hefur Almenna byggingarfélagið komizt að þeirri niðurstöðu, að lóðin sé því aðeins nothæf, að nógu mikið af staurum sé rekið niður, til þess að hægt sé að byggja verksmiðjuna þarna á lóðinni. Þar að auki er lóðin aðeins 5000 fermetrar, og ef væri að ræða um það, að svona verksmiðja geti haft útþenslumöguleika, þá er lóðin að dómi manna, sem hafa athugað hana, ⅓ of lítil, því að slík verksmiðja þarf að hafa þenslumöguleika. En lóðin er keypt og fyrir hana eru greiddar 150.000 kr. — Ekki er nægilegt rafmagn til þess að reisa eina síldarverksmiðju í viðbót á Siglufirði. Einnig er mjög hæpið, að þar væri nóg vatn fyrir hendi til þess að uppfylla þarfir hennar í þeim efnum. Í skýrslu verkfræðings, sem hefur athugað þetta fyrir hönd ríkisstj., segir, að það sé ekkert vit í því að ætla verksmiðjunni stað á Siglufirði, sökum þess að það sé ekki nægilegt rafmagn fyrir hendi. Skýrsla þessi er mjög ýtarleg og er gerð af Guðmundi Marteinssyni verkfræðingi. Það lá því opið fyrir að ætla ekki verksmiðjunni stað á Siglufirði. Nú, en um vélarnar er það að segja, að þær eru í smíðum hjá ensku firma, en aðeins nokkur hluti þeirra er kominn til landsins.

Hv. þm. Siglf. hefur gert þetta mál hvað eftir annað að árásarmáli á mig og hefur borið mér á brýn vanrækslu í þessu máli. En ekki er mark takandi á þessum ummælum hv. þm. frekar en oft endranær. Í öllum umr. sínum sniðgengur þessi hv. þm. að segja rétt frá hinum fjárhagslega grundvelli þessa máls. Í ráðherratíð sinni efndi þessi hv. þm. til kostnaðar til þess að kaupa lóð á Siglufirði, sem þegar til kom reyndist algerlega óhæf og ekkert vit væri í að byggja á verksmiðju. Málið stendur nú svo, að núverandi stjórn hefur ákveðið að láta verksmiðjuna verða eitt af þeim stórfyrirtækjum, sem veita á fjárhagslega aðstoð á grundvelli Marshall-laganna. En einnig er til athugunar hjá ríkisstj., hvar verksmiðjan verður reist.

Fyrirspyrjandi (Áki Jakobsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans við þessu. Mér þykir vænt um að heyra, að það fyrsta, sem ríkisstj. ætlar sér að koma í framkvæmd af byggingum nýrra verksmiðja, er lýsisherzlustöð, því að ég er sannfærður um, að slíkt mun skapa mikla atvinnumöguleika í landinu, sem við höfum ekki haft áður. En leitt þykir mér að heyra hjá hæstv. ráðh., að niðurstaðan hjá honum eftir þeim gögnum, sem hann hefur fengið í málinu, sem mér skilst, að séu upplýsingar frá Guðmundi Marteinssyni rafmagnsverkfræðingi, virðist vera sú, að Siglufjörður virðist vera ófær staður til þess að byggja þar slíka verksmiðju. Ég vænti þess, að þessi mál verði athuguð rækilega áður en endanlega verður gengið frá málinu.

Það lágu fyrir ýmsir uppdrættir, þegar þessi staður var ákveðinn, sem leiddu í ljós, að Siglufjörður var talinn vera vel til þess fallinn og þá einnig með tilliti til raforku að áliti raforkumálastjóra ríkisins, hr. Jakobs Gíslasonar, og þeirra sérfræðinga, sem með honum störfuðu. Þetta verður náttúrlega athugað nánar. En mér skildist á orðum hæstv. ráðh., að

ekki væri endanlega ákveðið að hætta við að byggja verksmiðjuna á Siglufirði.

Ég veit, að það mundi vekja mjög mikla óánægju og vonbrigði, ef svo færi, að verksmiðjan yrði ekki byggð þar.

Ég hef ekki tíma til þess að ræða einstök atriði í sambandi við það, að ráðh. sagði, að þetta mál hefði verið illa undirbúið. Mér gefst tækifæri til þess að ræða það síðar, enda var það ekki tilgangur minn með þessari fyrirspurn að fara að karpa við þennan hæstv. ráðh. eða aðra um málið, heldur vildi ég fá upplýsingar um málið að gefnu tilefni vegna fjárlagaræðu hæstv. ráðh.

Ég get tekið til greina þær upplýsingar, sem komnar eru í þessu máli. En ég ætla, að það sé rétt skilið, að ekki sé endanleg ákvörðun um það tekin að byggja ekki verksmiðjuna á Siglufirði.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. Siglf. vildi leggja þann skilning í það, sem ég sagði, að það væri ekki tekin ákvörðun um það að byggja ekki verksmiðjuna á Siglufirði. Ég get ekki fullyrt, að það sé, því að það er ekki enn tekin nein ákvörðun um það, eins og málið liggur nú fyrir, hvar verksmiðjan verði reist. (*ÁkJ:* Það var búið að ákveða það áður á Siglufirði.) Já, en þær athuganir, sem fram hafa farið, benda á svo mikla annmarka á því, að svo virðist, að það sé mjög óskynsamlegt að byggja verksmiðjuna á Siglufirði.

Ég skal til frekari skýringar drepa á nokkur atriði úr þeirri rannsókn, sem fram hefur farið, hv. þm. til skilningsauka.

Ég ætla ekki að lesa upp skýrsluna í heild, en ég skal drepa á nokkur atriði varðandi Siglufjörð. Þar segir svo, í þeirri skýrslu, sem stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur borizt í hendur og ég hef fengið til athugunar. Þar segir:

„Til að fullnægja raforkuþörfinni, ef lýsisherzluverksmiðjan yrði byggð á Siglufirði, þarf fyrir utan að fullvirkja Skeiðsfoss, (bæta við rúmlega 2000 kw. vélasamstæðu) að auka við vélum (dieselvélum) um 1000 kw., til að öruggt væri, að alltaf væri nóg raforka fyrir hendi.

Sé gert ráð fyrir, að lýsisherzluverksmiðjan verði ekki látin sitja fyrir Skeiðsfossrafmagni, sem áætlað er, að kosti 6½ eyri kwst., þá verður verð á rafmagni á Siglufirði til lýsisherzluverksmiðju óhjákvæmilega hátt, þar sem framleiðsla þyrfti um 21% af orkuþörfinni með dieselvélum. Sé raforka framleidd með dieselvélum, reiknað á 22 aura kwst., þá kostar raforka á Siglufirði til lýsisherzluverksmiðju 9¾ aura hver kwst.

Sé aftur á móti gert ráð fyrir, að lýsisherzluverksmiðjan hafi alltaf forgangsrétt að Skeiðsfossrafmagni, þá kostar rafmagnið 8,6 aura kwst. (samkvæmt skýrslu Guðmundar Marteinssonar).

Engan veginn er fullvíst, að nægilegt vatn sé til á Siglufirði til starfrækslu lýsisherzluverksmiðju, því að fullnægjandi mælingar á fáanlegu vatnsmagni þar eru ekki fyrir hendi."

Svo er drepið hér á aðra staði, þar sem sumir hverjir geta selt rafmagnið fyrir 1,2 aura kwst., og þar er enginn vafi á, að nægilegt vatn er fyrir hendi.

Ég ætla ekki að lengja umr. með því að fara lengra út í þetta mál, hér er aðeins um skýrslu að ræða frá mjög hæfum mönnum, og hvað sem hún annars kann að sýna, er óhætt að slá því föstu, að hún sýnir það, að ákvörðun hæstv. fyrrv. atvmrh. um að byggja verksmiðjuna á Siglufirði, já, hvað sem tautaði, hefur verið tekin út í bláinn. Því að það er t. d. vert að athuga það, að hvað vatnsmagnið snertir, þá eru ekki einu sinni nægjanlegar mælingar á því fyrir hendi, það er enn ekki rannsakað til fulls. Þess vegna hef ég haldið því fram, að hæstv. fyrrv. atvmrh., þm. Siglf., hefur ekki undirbúið þetta mál með forsjá, — ekki þá þessa hlið málsins heldur, — fjárhagshliðina hef ég drepið á áður við þessar umr.

Það er alveg ljóst, að þegar á að byggja svona stórt fyrirtæki, þá verður að rannsaka það afar ýtarlega, hvar hentugast er, að svona verksmiðja standi. Og það er ákaflega leitt, ef Siglfirðingar eða aðrir verða fyrir vonbrigðum út af staðsetningu iðnfyrirtækja. En það hljóta allir að sjá, að það er ekki hægt að hafa slíkt fyrir höfuðsjónarmið, einkum ef slíkar vonir hafa verið reistar á jafnótraustum grundvelli og sýnt er, að var gert, þegar þessi fræga lóð á Siglufirði var keypt fyrir 150 þús. kr., sem Almenna byggingarfélagið hefur rannsakað og komizt að þeirri niðurstöðu um, að það þyrfti að reka staura, að mig minnir 18 m djúpt í það fen, til þess að það mætti teljast forsvaranlegt að byggja slíka verksmiðju á þeirri lóð. Hér við bætist enn fremur það, að sjálft flatarmál lóðarinnar er svo takmarkað, að verksmiðjan ætti enga stækkunarmöguleika fyrir hendi, ef hún væri þar byggð.

Það verður svo náttúrlega hlutverk þeirra, sem með þessi mál fara í framtíðinni, að rannsaka til hlítar, hvar heppilegast er að koma lýsisherzluverksmiðju fyrir. Það hefur enn þá ekki verið gert annað en að rannsaka aðstæður á Siglufirði í því efni. Þess var full þörf, því að það er sýnt, að hafi nokkur rannsókn átt sér stað af hendi fyrrv. atvmrh., þá hefur hún verið ákaflega ófullkomin og ekki á henni byggjandi.

14. Sementsverksmiðja.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til atvmrh. varðandi fyrirhugaða sementsverksmiðju [61. mál, 3] (A. 88).

Á 16. fundi í Sþ., 11 nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Í frv. til l. um sementsverksmiðju, sem lagt var fram á síðasta þingi, var ákveðið í 1. gr., að ríkisstj. skyldi heimilt að láta reisa við Önundarfjörð verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Í Ed. var þessari gr. breytt þannig, að felld var burt staðsetning verksmiðjunnar af þeim ástæðum, að ekki þóttu liggja fyrir nægilegar rannsóknir um það, hvort þetta þætti heppilegasti staður. Þá var bent á í fylgiskjali I., sem fylgdi frv., að kalkefnisprósenta væri afar há á Brjánslækjarfjöru við Vatnsfjörð, Sandoddanum við Patreksfjörð og jafnvel Hvestudal við Arnarfjörð. Ýmsar upplýsingar í sambandi við þessar rannsóknir bentu til þess, að þessar rannsóknir hefðu ekki farið fram það ýtarlega, að hægt væri af þeim að ákveða að byggja verksmiðju, sem kosta mundi 15—20 millj. kr. Ég hef því leyft mér að gera fyrirspurn til hæstv. atvmrh. um það, hvað líði undirbúningi undir byggingu verksmiðjunnar, hvort nokkur frekari rannsókn hafi verið látin fara fram á sementshráefnum og ef svo er, hver sé árangur þeirra rannsókna, einnig, hvort ríkisstj. hugsi til þess að láta fara fram frekari rannsókn, áður en staðsetning verksmiðjunnar er endanlega ákveðin, eða hvort þegar hafi verið endanlega ákveðið, hvar verksmiðjan verður reist, og loks, hvort ríkisstj. hafi látið fara fram nokkrar frekari athuganir á byggingar- og rekstrarkostnaði verksmiðjunnar og hvað þær athuganir hafi leitt í ljós. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi Alþ. upplýsingar um þetta mál.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil í fáum orðum gera grein fyrir því, sem hv. þm. Barð. spyr um. Eins og hv. þm. muna, þá gat ég þess, þegar málið var til meðferðar á síðasta þingi, að ég mundi telja öruggara fyrir ríkisstj., að það færi fram nokkru fyllri athugun á þessu máli áður en til framkvæmda kæmi, og var það sjálfgert að því leyti, að ekki hefur tekizt að afla þeirra nauðsynlegu fjármuna til að koma verksmiðjunni upp. Taldi ég því sjálfsagt að nota tímann til þess að afla gagna í þessum efnum. Fyrir milligöngu sendiráðsins í London tókst að fá hingað kunnan sementsverksmiðjuverkfræðing frá Englandi, og kom hann upp í sumar, fór vestur og athugaði aðstöðu þar, og sömuleiðis athugaði hann allan undirbúning, sem gerður hafði verið til rannsókna í þessu máli. Skilaði hann fyrir skömmu ýtarlegri grg. um rannsóknir sínar og niðurstöður, og kemur þar fram nokkurt ósamræmi í niðurstöðum hans og þeim niðurstöðum, sem fyrir lágu frá hálfu íslenzkra vísindamanna, m. a. það, að hann telur meiri vöntun á kísilsýru í þeim hráefnum, sem til eru vestra, heldur en álitið hefur verið eftir fyrri rannsóknum. Hann telur, að það mundi þurfa að flytja inn allmikið af kísil til þess að fá í hráefnið öll þau efni, sem þurfi til að fá fullkomið hráefni. Að vísu hefur þetta efni fundizt austur á landi, í Loðmundarfirði, en þessi verkfræðingur telur, að það mundi verða dýrara að sækja það þangað en fá það frá Englandi. Að öðru leyti eru aths. frá honum um það, að nauðsynlegt sé að kanna það betur en þegar er orðið, hversu mikill sandur sé á þessum stöðum fyrir vestan, þar sem verksmiðjan hefur verið hugsuð, því að það lægju ekki fyrir fullkomnar rannsóknir um það, til hvað margra ára starfsemi sá forði mundi endast, sem þar er fyrir hendi, og telur hann öruggara að gera um það frekari rannsóknir, áður en hafizt er handa um framkvæmdir. Niðurstaða þessa verkfræðings er í aðalatriðum sú, að hann telur nauðsynlegt að auka innflutning á kísil, til þess að það sement, sem framleitt yrði, gæti orðið samkeppnisfært við sementsverð, eins og það er nú í heiminum. En niðurstöður hans að öðru leyti eru þannig, að því er gjaldeyrishliðina snertir, að með innlendu framleiðslunni sparist gjaldeyrir um 20% af sementsverðinu með því að reikna afborganir af vélum, vexti af lánum o. s. frv. Um staðina tvo, sem til greina koma, Patreksfjörð og Önundarfjörð, telur hann, að hann geti ekki gert verulegan greinarmun á. Hann telur, að þeir geti báðir komið til greina, og telur ekki ástæðu til að mæla frekar með öðrum staðnum en hinum.

Eftir þessar athuganir lét Haraldur Ásgeirsson sína skoðun í ljós á þessum niðurstöðum, og liggja þær einnig fyrir, en þær eru þannig, að það er nokkurt rannsóknarefni enn þá, hverjar eru hinar vísindalega réttu niðurstöður. Af þessum ástæðum og vegna þess hins vegar, að ég tel það á rökum byggt, að nauðsynlegt sé, að það fari fram ýtarleg rannsókn á magni hráefnisins, sem átti að byrja á, hef ég talið rétt að ákveða ekkert um staðsetningu verksmiðjunnar að svo komnu, en láta þær viðbótarrannsóknir, sem verkfræðingurinn hefur sannfært ráðun. um, að þurfi að gera, fara fram næsta ár, en vinna að öðru leyti að framgangi málsins eftir því, sem mögulegt er.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið í málinu, og tel það komið í ljós, að það hafi verið ástæða til þess að staðsetja ekki verksmiðjuna með l. á þeim tíma, sem l. voru sett. Hins vegar vil ég benda á, hvort hæstv. ráðh. sér sér ekki fært að láta rannsaka á næsta ári sérstaklega Brjánslækjarsand. Í skýrslu frá verkfræðingunum, Haraldi Ásgeirssyni og Tómasi Tryggvasyni, mæla þeir mjög mikið með þessum stað, en telja aðrar ástæður vera fyrir hendi, sem mæli á móti, svo sem möguleika á hafnargerð og innsiglingu. En ég þekki það vel til, að ég veit, að þetta er sáralítið atriði, og með tilvísun til þess þætti mér mjög eðlilegt, að þessi sandur, sem mjög er mælt með af verkfræðingunum, verði rannsakaður frekar, áður en málið er afgert. Einnig vil ég leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að við Dynjanda í Arnarfirði er mikið sandnám, og ef það reyndist svo, að sandurinn þar hefði inni að halda sömu gæði eins og aðrir

staðir, sem rannsakaðir hafa verið, þá þætti mér ekki ólíklegt, að til mála kæmi, að þar yrði reist verksmiðja. Þar er hugsað að gera stórt raforkuver, og væri þá ekki óeðlilegt, að þar yrði reist verksmiðja. Hins vegar þætti mér ekki óeðlilegt, að aðrir staðir á landinu, t. d. á Austurlandi og víðar, þar sem nóg er um sand, yrðu athugaðir nánar, úr því að tími gefst til þess samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðh.

15. Njósnir yfir flugvöllum ríkisins.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til flugmrh. um njósnir yfir flugvöllum ríkisins [61. mál, 4] (A. 88).

Á 16. fundi í Sþ., 11. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 17. og 18. fundi í Sþ., 17. og 18. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 19. nóv., var fyrirspurnin enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það hefur vakið nokkurn ótta, að óþekktar flugvélar hafa sézt yfir flugvöllum landsins. Það er varla hægt að hugsa sér annað en að hér sé um undirbúning undir stríð að ræða, og þess vegna er það eðlilegt, að þegnarnir vilji fá að vita um, hve mikil brögð eru að þessum ferðum, og í öðru lagi, hvað gert verður til þess að hindra, að þessi njósnarstarfsemi haldi áfram hér á landi. Það er varla von, að ríkisstj. geti lagt til stórar ráðagerðir um þetta, en það hlýtur samt sem áður að vera mönnum áhyggjuefni, ef við eigum að vera varnarlausir um alla framtíð og ef það á að standa opið þjóðum að reka þessar njósnir, sem kunna að vilja leggja landið í eyði í sambandi við þetta.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fyrsta spurningin er um það hve oft menn hafi orðið varir þess á yfirstandandi ári, að erlendar flugvélar virtust starfa að njósnum yfir flugvöllum ríkisins. Þessari spurningu er ekki hægt að svara, eins og hún liggur fyrir, en það verður að búa til aðra á þessa leið, hve oft hafa menn orðið varir við flugvélar, sem ekki hafa fylgt settum reglum eða gert grein fyrir ferðum sínum. Ef þannig er spurt, mun ég reyna að svara eins og nú skal gert.

Samkvæmt upplýsingum frá flugumferðarstjórninni, sem á sér stað í turni Reykjavíkurflugvallarins og er fyrir Norður-Atlantshafsleiðina kringum Ísland, hefur þetta komið fyrir eins og nú skal greina. Fyrst 9. apríl 1948, kl. 3.30 e. m., tilkynnir turnmaður á Keflavíkurflugvelli, að hann hafi heyrt flugvéladyn og séð 3—4 flugvélar í ca. 7000 feta hæð. Um þetta leyti voru engar vélar á flugi yfir Íslandi, svo að vitað væri af ATC, og fyrst von á vél kl. 6.10. — Næst kemur þetta fyrir 6. ágúst 1948. Þá er hringt frá Gaulverjabæ og sagt frá flugvél, rauðri að lit, sem hafi verið að hringsóla þar yfir um kl. 20.30 og síðan horfið í austurátt. Um enga innlenda flugvél gat verið að ræða og engin vél undir stjórn OATC TFRK nálægt þessu svæði. — Þriðja tilfelli er svo 30. okt. 1948, og í dagbókinni segir svo: Kl. 22.45 lendir AOA NC 901 á Keflavík. NC 901 segist hafa séð ljós á annarri flugvél yfir velli. Ekki er vitað um neina flugvél á öllu flugumferðarstjórnarsvæðinu íslenzka. Kl. 23.15 tilkynnir áhöfn NC 901, að flugvélin, sem þeir sáu, hafi verið í ca. 1500 fetum yfir endanum á 03, og hafi haft eitt hvítt ljós, en engin ljós í vængjum. Út af þessu eru nánari upplýsingar frá flugumferðarstjóra ríkisins, þar sem hann segir, að 31. f. m. hafi Sigfús Guðmundsson skýrt frá því, að kvöldið áður hafi legið við slysi vegna óþekktrar flugvélar, þegar hann hafi verið að koma til að lenda. Enn fremur skýrði yfirmaður flugumferðarstjórnarinnar, að um líkt leyti hefði heyrzt óvenjulegur hávaði í hreyflum yfir flugvellinum. Síðan hefur flugstjórnin skýrt frá því, að það hafi komið í ljós, að loftbelgur hafi verið settur á loft um svipað leyti, og segir hann síðan, að hér geti verið um misskilning að ræða og að það hafi verið ljós loftbelgsins um að ræða. Enn fremur segist hann strax við tækifæri láta taka frekari skýrslu út af þessu máli, athuga nánar, hvort hér hafi verið um flugvél eða loftbelg að ræða, og senda ráðuneytinu.

Eins og menn sjá, hefur það komið fyrir tvisvar sinnum fyrir vist, að í raun og veru hafi verið flugvélar á ferð hér, sem menn vita ekki, hverjar voru eða hvert erindi hafi haft. Í þriðja skipti, sem gefið hefur verið upp, að flugvél hafi sézt, leikur nokkur vafi á, hvort svo hafi verið.

2. spurningin er um það, hvernig þjóðir hindri, sem ráði yfir vopnuðu liði, þess konar njósnarstarfsemi, og er því til að svara, að það er mér ekki kunnugt um.

3. spurningin er um það, hvað flugmálastjórnin ætli að gera til að hindra, að þessari njósnarstarfsemi verði haldið áfram hér á landi. Flugmálastjórnin hefur ekki tök á að hindra, að flugvélar komi aðvífandi án þess að fylgja settum reglum. Það er hægt að leggja til, að málið verði tekið upp við hlutaðeigandi stjórnarvöld, ef hægt er að vita, hver hér á hlut að máli.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þá skýringu, sem hann hefur gefið hér, og ég þykist vita, að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. muni þykja þetta fróðlegt. Þeir eru æðstu menn í landinu, og þetta heyrir sérstaklega undir dóms- og lögreglumálarh. Það er nokkurn veginn gefið, þó að hæstv. ráðh. sæi ekki ástæðu til að fara út í það, að það þarf að gætra allrar varúðar, ef slíkar njósnir koma fyrir í óþarfaferðum flugvéla í löndum, þar sem engar varnir eru fyrir hendi. Við höfum engar hraðfleygar flugvélar til að

verjast slíku. Þetta vildi ég láta koma ljóst fram, að hér er eyða í okkar kerfi og þarna erum við algerlega varnarlausir. Finnst mér, að aukin vitneskja um njósnir geti varla leitt til annars en að við þá tökum upp einhverjar varnir sjálfir. Í því sambandi má geta þess, að hér eru til flugmenn, sem vel kunna til slíkra hluta. Þó að það liggi ekki fyrir hér, þá vildi ég beina því til hæstv. lögreglumálarh., hvort við getum ekki sýnt okkar sjálfstæði í því að skjóta á þessa fugla, sem eru að koma hér í slíkum erindum.

16. Kynbótastöðin á Úlfarsá.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til landbrh. varðandi kynbótastöðina á Úlfarsá [61. mál, 5] (A. 88).

Á 16. fundi í Sþ., 11 nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 17. og 18. fundi í Sþ., 17. og 18. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 19. nóv., var fyrirspurnin enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Svo sem kunnugt er, hefur verið sett upp allmikil stofnun nýlega, vísindalegs eðlis, hér í Mosfellssveitinni. Mun hæstv. landbrh., vegna stöðu sinnar, hafa staðið fyrir þessu. Sá maður, sem veitir þessari stofnun forstöðu, Áskell Löve, hefur látið mikið til sín heyra og látið mikið yfir því, hvílíka blessun þjóðin gæti haft af því, ef hann gæti endurbætt jurtastofninn og garðyrkjuplöntustofninn hér á landi. Það hafa verið miklir erfiðleikar á því fyrir þennan mann að koma sér hér í fasta aðstöðu, því að það munu hafa verið gerðar tilraunir til að koma honum niður á Bessastöðum, í Kópavogi, á Reykjum og í Reykjahlíð í Mosfellssveit. Þessa staði hefur þessi maður sótt á að fá til sinna ráða og byrjað eitthvað á sumum þeirra. M. a. hefur hann sótt það fast að láta kaupa Reykjahlíð í Mosfellssveit handa sér fyrir eina millj. króna, en þáverandi landbrh. gat ekki fallizt á það. Núverandi landbrh. hefur keypt jörð í Mosfellssveit, og er þessi stofnun þar komin. Menn vita lítið, hvað þar gerist, nema á s. l. sumri kom tilkynning um það frá þessum vísindamanni, að hann hefði fundið upp yfirbreiðslur yfir plöntur, sem hann hafði byrjað með þarna upp frá. Skógræktarstjóri hefur svo upplýst það, að þetta tæki sé algengt hér og hafi þekkzt hér fyrir 15 árum. Ég vil ekki draga dul á það, að almenningur hefur ekki mikla trú á þessum manni og hans stofnun, og mun það varla vera tilefnislaust. Ég óska nú eftir að fá frá hæstv. landbrh. rétt svör um það, hvernig ástandið er með þessa stofnun og hvaða vonir menn mega gera sér um hana.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal nú, í ekki allt of löngu máli, reyna að skýra frá því helzta, sem ég tek til greina í sambandi við þessa fyrirspurn. Ég skal geta þess, að árið 1939 voru Keldur í Mosfellssveit keyptar handa atvinnudeild háskólans til þess að láta vinna þar m. a. að jurtakynbótum og jarðvegsfræði. Var þá fyrirhugað, að atvinnudeildin hefði þessa starfsemi alla saman. Í lögum frá 1940, um atvinnudeild háskólans, er ákveðið, að við deildina starfi sérfræðingar í jarðvegsfræði og jurtakynbótum. Árið 1942 er Áskell Löve ráðinn sérfræðingur í jurtakynbótum við deildina, og um svipað leyti er Björn Jóhannesson ráðinn þar sem sérfræðingur í jarðvegsfræði. Árið 1946 eru Keldur teknar af atvinnudeildinni og fengnar í hendur stofnun, sem heyrir undir menntmrn., án þess að sú starfsemi, sem þar var hafin samkv. l., fengi nokkurt jarðnæði í staðinn. Það mátti því segja, að þessir tveir sérfræðingar, sem búið var að ráða, léku eftir það í lausu lofti. Þeir höfðu ekkert aðsetur fyrir tilraunir sínar. Til þess að bæta úr þessu var svo Áskatli Löve með sína starfsemi fengin landsspilda í Kópavogi, til þess að hann gæti gert þar sínar tilraunir. Þannig stóð þetta mál, þegar ég tók við því í landbrn. Það var skoðun allra sérfræðinga, sem um þetta voru spurðir, að þessi blettur í Kópavogi væri ekki til frambúðar. Hins vegar lá þá fyrir ósk frá stofnuninni um byggingarframkvæmdir á þessum stað fyrir hátt á þriðja hundrað þúsund kr. Af þessum ástæðum fór ég þá að leita fyrir mér að öðrum og hentugri stað, sem væri frekar til frambúðar. Þá gafst mér kostur á jörð í Mosfellssveit með allstóru ræktuðu túni, vel rekinni og vel hýstri, fyrir mun minna fé en það, sem áætlað var til þess að byggja fyrir í Kópavogi, eða 160 þús. kr. Þótti þá sjálfsagt að flytja þessa starfsemi þangað. Húsum þeim, sem á Úlfarsá eru, mundi ekki verða komið upp nú fyrir tvöfalt það verð, sem var gefið fyrir alla jörðina. Hins vegar er því ekki að neita, að hvorki þá né nú eru menn vel ánægðir með þennan stað til frambúðar, m. a. vegna þess, að talið er nauðsynlegt að hafa gróðurhús til uppeldis jurta í sambandi við þessa starfsemi og líka er nauðsynlegt að hafa aðgang að heitu vatni. Ég gerði því ýtarlega tilraun til þess að sjá, hvort ekki væri hægt að fá hentugra land, þar sem heitt vatn væri fáanlegt, t. d. uppi í Mosfellssveit, til þess að tryggja þessari starfsemi framtíðaraðsetur. Það er rétt, að það kom til mála að fá Reykjahlíð fyrir þessa starfsemi. Hún var fáanleg fyrir eina millj. króna, en þáverandi landbrh. féllst ekki á þau kaup, enda má segja, að sú jörð hafi ekki verið sérstaklega hentug til þessarar starfsemi, því að það, sem hún þarf, er nægilegt gott land, til þess að hægt sé að starfa þar um ófyrirsjáanlegan tíma, aðgangur að heitu vatni og hús yfir starfsmann, sem stjórnar þessari starfsemi. Ég tel henni mjög vel borgið, ef hægt er að fá landsspildu, sem dugir til 20 til 30 eða 40 ára, með heitu vatni, og svo þarf að

byggja þar eitt hús yfir starfsmann. Athugun um þetta fer nú fram, og þá þori ég að fullyrða, að hægt sé að leysa út aftur það fé, sem komið er í Úlfarsána, 160 þús. kr., að viðbættum kostnaði við viðhald og endurbætur. Hún mun nú standa í 200 þús. kr. Má svo selja hana aftur til annarrar starfsemi, sem hentar henni betur. Það er spurt um kaupverð jarðarinnar. Það er, eins og áður er tekið fram, 160 þús. kr. Það er spurt um, hve mikið sé lagt í húsa- og jarðabætur. 40 þús. kr. hefur verið lagt í það hvort tveggja, mest í breytingu á húsum, t. d. raflýsingu. Um hinar tvær fyrirspurnirnar, hve mikið hafi verið lagt fram í vinnulaun og hve miklar tekjur eða tap hefur orðið á rekstrinum, er það að segja, að þeim er ekki gott að svara, vegna þess að þetta er rekið eins og hver önnur tilraunastöð og störfin falla inn í kostnað við tilraunastöðvar á vissum búum á fleiri stöðum á landinu. Sama er að segja um niðurstöðurnar. Rannsóknarkostnaðurinn á Úlfarsá var árið 1947 90 þús. kr., og er í honum innifalið bæði endurbætur á húsum o. fl. Árið 1948 var hann 56.884,54 kr. En í fjárl. fyrir árið 1947 er áætlað til annars kostnaðar, m. a. til þess að koma fótum undir þessa starfsemi, 509 þúsundir, og af þessu voru teknar 160 þúsundir, sem jörðin var keypt fyrir. *(JJ:* Eru launin innifalin í þessu?) Nei, þau eru alveg sér, en munu vera um 9600 kr., auk verðlagsuppbótar. Ég þóttist hafa svarað síðasta liðnum, þegar ég sagði frá því, að ég væri að leita fyrir mér nú sem stendur með land uppi í Mosfellssveit til þessarar starfsemi. Liggur þegar fyrir tilboð um þetta efni. Ég geri ráð fyrir, að nú næstu daga fari ég með það til fjvn. og ræði við hana um þessa ráðstöfun. Þangað til þetta mál er útkljáð, verður þessi starfsemi á Úlfarsá.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Hæstv. ráðh. hefur gefið allgreinileg svör, nema hann fór utan hjá því að svara því, hvort það væri nú þegar ráðgert, þegar þessi stofnun er flutt burt frá Úlfarsá, að þar komi áframhaldandi stofnun fyrir sjúklinga frá Kaldaðarnesi. Ég óska eftir, að hann svari því, áður en umr. lýkur. — Ég verð að láta í ljós efa um, að það hafi yfirleitt verið heppileg meðferð á þessu máli. Það kemur í ljós, að þessi starfsemi hefði átt að vera á Keldum, sem ríkið hafði keypt og einnig lagt mikið fé í byggingar þar. Svo kemur það, sem hæstv. ráðh. ekki svaraði, en þó allir vita, að þegar til kemur, þá afsegir forstöðumaðurinn að vera þar, ef nota eigi eitthvað af landinu til annarra þarfa. Alþ. fyrirskipar að nota eitthvað af landinu til annarra þarfa, en þessi maður, sem ekkert liggur eftir, hann afsegir að hlýða. Að Alþ. og ríkisstj. skuli láta bjóða sér þetta, sýnir röggsemdarleysi Alþ. og niðurlægingu ríkisstj. líka. Hæstv. ráðh. veit, að sérfræðingur í þessum efnum þarf að hafa jarðhita. Jarðhiti er bæði á Keldum í Mosfellssveit og austan við heiði. Það stóð til boða land fyrir þessa starfsemi á Reykjum í Hveragerði. Þá stóð á forstöðumanni jurtakynbótastöðvarinnar. Hann vildi ekki fara þangað. Forstöðumaðurinn vill búa í Reykjavík, en hafa ráðsmann á stöðinni. Þetta sýnir furðulegt umhyggjuleysi, að hann skuli ekki búa þar, sem hann vinnur. Hér í Reykjavík hefur hann ekkert að gera. Þetta sjálfræði forstöðumannsins hefur svo leitt til þess, að ráðh. hefur keypt jörð fyrir þessa starfsemi, sem hann hefði átt að vita og sérfræðingurinn enda betur, að aldrei hefði átt að byrja hana á. Það átti að nota land, sem ríkið átti annars staðar, eða fá land með jarðhita í Mosfellssveit. — Nú hefur heyrzt, að áfengissjúklingarnir frá Kaldaðarnesi eigi að fara að Úlfarsá. Það er orðin ein keðja úr þessum vísindalegu stofnunum. Það er búið að leggja um 800 þús. kr. í umbætur á Kaldaðarnesi, og á hælinu mun hafa verið um 300 þús. kr. tekjuhalli þann tíma, sem það starfaði. Sjúklingarnir voru þar frá 8 og stundum 1, en læknar 2. Nú skilst mér, að þeir félagar allir í Kaldaðarnesi eigi að fara að Úlfarsá. Hvers vegna var Úlfarsá keypt og hvernig stendur á þessu? Ég vildi fá svar við því, hvort það er meiningin að setja upp drykkjumannahæli á Úlfarsá.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt við þessar umr. að skýra frá því, sem ég veit og brýtur í bág við yfirlýsingu hæstv. ráðh., sem segir, að sérfræðingarnir segi nú allt annað en var skoðun þeirra 1946. Þeim hafi þótt Kópavogur eini staðurinn, er til frambúðar gæti orðið. Pálmi Einarsson og dr. Áskell Löve kváðu það eina staðinn á landinu, þar sem nægileg mold væri fyrir hendi. *(JJ:* Föðurlandssvikamold?) En fjvn. vildi eigi samþykkja málaleitunina.

Ég vil líka taka það fram, að sérfræðingarnir hafa oft sagt, að Úlfarsá væri mjög óheppilegur staður. Það var einnig vakið máls á því við sérfræðingana, hvort eigi mætti setja jurtakynbótafræðinginn niður á Sámsstöðum, Reykhólum eða Reykjum í Ölfusi, — fá honum þar land, sem hentugt kynni að þykja. En hann var ævinlega ósammála og vildi hvergi fá þetta. Stafa öll vandræðin í atvinnudeild háskólans af sífelldu ósamkomulagi, og fjvn. hefur veitzt erfitt að koma sér saman við hana. Þar vill hver maður setja sína deild sem sérstakan háskóla í landinu. Er nauðsynlegt að kippa þessu í lag.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Spurzt hefur verið fyrir um Úlfarsá og óskað eftir, að hún yrði höfð til þessarar starfsemi. Hér hefur orðið smávegis misskilningur milli mín og hv. þm. Barð. Löve var ánægður með jarðveginn í Kópavogi og landið líka, en hann fékk eigi nægilegt land til framtíðarstarfsemi. Reyndist ekki kleift að fá það til hennar. Svo er nú hitt, að Löve hefur hér rannsóknartæki sín og hann verður sjálfur að starfa hér í Reykjavík. Til mála hefði getað komið að flytja hann austur yfir fjall, en þá er þess að gæta, að kostnaðurinn af því yrði mikill, t. d. við að koma upp rannsóknarstofum. Á hinn bóginn eru rannsóknarstofur fyrir atvinnudeildina í einu og sama húsi, og starfsemi hennar er því bundin við það eina hús.

17. Gjaldeyrismál.

Á 15. fundi í Sþ., 10. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um gjaldeyrismál [61. mál, 6] (A. 88).

Á 16. fundi í Sþ., 11. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég og hv. 4. þm. Reykv. höfum leyft okkur að flytja fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. um gjaldeyrismál. Sú fyrirspurn er hér í þrem liðum. Í fyrsta lagi spyrjum við um það, hvort ríkisstj. hafi reynt að fá upplýsingar um gjaldeyriseignir íslenzkra aðila í öðrum löndum, og ef svo er, hvern árangur hafi þær eftirgrennslanir borið. — Í öðru lagi, hvort rannsakað sé hverju sinni, hvort þeir íslenzku aðilar, sem hafa óskað eftir innflutningsleyfum fyrir vörur án þess að þurfa gjaldeyrisleyfi vegna greiðslu á andvirði þeirra, hafi aflað sér gjaldeyris til greiðslu á vörunum á löglegan hátt, og hvort rannsakað sé hverju sinni, hvort þeir íslenzkir menn, sem ferðast til útlanda, hafi aflað sér gjaldeyris til greiðslu ferðakostnaðar og dvalarkostnaðar erlendis með löglegum hætti. Það er talið, að allmikil brögð séu að því, að viðskiptanefnd berist innflutningsumsóknir fyrir ýmsa hluti, án þess að jafnframt sé farið fram á gjaldeyrisleyfi fyrir greiðslu á andvirði þeirra, og að viðkomandi umsækjandi eigi eitthvað af erlendum gjaldeyri, sem hann geti varið til greiðslu á þessum hlutum. Þá er þarna einnig spurt um það, hvort hafi verið rannsakað, hvort þeir íslenzkir menn, sem ferðast til útlanda án þess að hafa fengið gjaldeyrisleyfi hér hjá gjaldeyrisyfirvöldunum, sem eru allmargir, hafi aflað gjaldeyrisins til ferðarinnar og dvalarkostnaðar erlendis með löglegum hætti. — Loks er í þriðja lagi spurt um það, hvort kröfur hafi verið gerðar til þeirra íslenzku fyrirtækja, sem hafa umboð fyrir erlendar verksmiðjur eða erlend verzlunarhús, um það, að þau skiluðu til bankanna þeim umboðslaunum sem þau fá í erlendum gjaldeyri. Nú skal það að vísu tekið fram, að meðferð slíkra umboðslauna geti verið lögleg, þótt þeim fjárhæðum sé ekki skilað beint til bankanna, ef t. d. viðkomandi aðilar fá leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna til þess að nota hann til greiðslu á innfluttum vörum, sem fengið er leyfi fyrir, í stað þess að fá gjaldeyrinn hjá bönkunum til greiðslu á þeim vörum. — Það má kannske segja, að betra orðalag hefði verið hægt að hafa á fyrirspurninni. En það, sem fyrir okkur vakti, er að fá upplýsingar um það, hvort eftir þessum umboðslaunum hafi verið gengið og hvort liggi fyrir vitneskja um það, hvort þeim gjaldeyri hafi verið ráðstafað á löglegan hátt. En samkvæmt l. er skylt að afhenda tveim bönkum allan erlendan gjaldeyri, sem menn eignast eða eiga, og önnur meðferð á honum er ekki l. samkvæmt.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af fyrirspurninni skal ég taka það fram, að vorið 1947 leitaði ég aðstoðar Landsbankans til þess að afla upplýsinga um innstæður Íslendinga erlendis, hverjir ættu þær, og hvort þær væru löglegar eða ólöglegar. Bankastjórar Landsbankans leituðu eftir þessum upplýsingum, bæði á Norðurlöndum, í Englandi og í Bandaríkjunum. Kom þá á daginn, að inneignir þessar voru hvergi nærri eins miklar og ýmsir höfðu haldið, og í annan stað, að algerlega var neitað að gefa upp innstæðueigendur.

Í maí s. l. barst mér í hendur mánaðarrit alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá aprílmánuði, þar sem skýrt var frá því, að innstæður Íslendinga í Bandaríkjunum hefðu 30. júní 1947 numið 7 millj. dollara. Árið 1945 voru innstæðurnar taldar 4.3 millj. dollara og 1946 5.8 millj. dollara. En í júníhefti þessa tímarits er talið, að innstæður Íslendinga í sept. 1947 hafi aðeins verið 3.6 millj. dollara. Í fyrrgreindu tímariti er sagt, að innstæðurnar 30. júní 1947 hafi skipzt þannig, að 3 millj. væru eign opinberra aðila, en 4 millj. eign einstaklinga. Eins og séð verður af þessum tölum, ber þeim alls ekki saman við skýrslur okkar um gjaldeyriseignir Íslendinga í Bandaríkjunum á þessum árum. Enn hefur ekki fengizt skýring á því, hvernig á þessum mismun stendur.

Í maímánuði bárust einnig lögin, sem Bandaríkjaþing samþykkti um Marshall-hjálpina, og virtust þá opnast nýir möguleikar til að fá upplýsingar um eigendur innstæðna í Bandaríkjunum. Í 115. gr. þessara laga er gert ráð fyrir því, að þátttökuríkin skuldbindi sig til, „eftir því sem hægt er, að gerðar séu ráðstafanir til þess að hafa upp á, aðgreina og nota á viðeigandi hátt í sambandi við framkvæmd þeirrar áætlunar, eignir og tekjur af þeim, sem tilheyra þegnum þess ríkis og eru innan Bandaríkjanna eða lendna þeirra."

Ríkisstj. fól því sendiráði Íslands í Washington í maí s.l. að fara þess á leit við stjórn Bandaríkjanna, að hún léti safna upplýsingum um íslenzkar innstæður þar í landi og hverjir séu eigendur þeirra.

Í lok ágústmánaðar barst svar Bandaríkjastjórnar, þar sem skýrt var frá því, að þar sem innstæður Íslendinga í Bandaríkjunum hafi aldrei komið undir eftirlit stjórnarinnar þar á stríðsárunum, hafi Bandaríkjastjórn engar upplýsingar um eigendur þessara innstæðna.

Inneignir allra Evrópuríkja, að undanteknum Íslandi, Bretlandi, Írlandi og Tyrklandi, voru í vörzlu bandarískra stjórnarvalda á stríðsárunum. Aðstoð Bandaríkjanna, sem um ræðir í Marshall-lögunum, virðist því aðeins bundin við upplýsingar um hinar svokölluðu „blocked" innstæður.

Með tilliti til ákvæða Marshall-laganna og upplýsinga gjaldeyrissjóðsins leit ég svo á, að svar Bandaríkjastjórnar væri alls ekki fullnægjandi. Hefur sendiráðinu í Washington verið falið að fá úr því skorið, hvort Bandaríkjastjórn geti

aðstoðað íslenzku ríkisstj. við að hafa upp á þessum upplýsingum, þótt hins vegar sé ekki dregið í efa, að það sé rétt, að Bandaríkjastj. hafi ekki þessar upplýsingar nú sem stendur. Svar við þessari málaleitan hefur enn ekki borizt.

Auk þess, sem gert hefur verið til að afla upplýsinga um innstæður Íslendinga í Bandaríkjunum, hefur ríkisstj. fyrir milligöngu sendiráðs Íslands erlendis leitazt við að fá upplýsingar um bankainnstæður og aðrar eignir Íslendinga á Norðurlöndum, í Englandi og Sviss. Hefur nú svar borizt frá stjórnum allra þessara landa nema Danmerkur. Hafa stjórnir Bretlands, Svíþjóðar og Sviss algerlega neitað að veita nokkra aðstoð í þessu máli. Segir svo í bréfi til utanrrn. frá 15. sept., að það sé ófrávíkjanleg regla brezkra banka að láta ekki þriðja aðila í té upplýsingar um innstæður viðskiptamanna þeirra, og enn fremur, að brezka ríkisstj. leggi áherzlu á, að ekki sé vikið frá þeirri reglu, til þess að viðhalda trausti viðskiptamanna á bönkunum.

Noregur er eina landið, sem hefur látið í té nokkrar upplýsingar, og hafa norsk stjórnarvöld skýrt frá, að skráðar eignir manna, sem búsettir eru á Íslandi, séu 500 þús. norskar kr. í bankainnstæðum og 100 þús. kr. norskar í hlutabréfum. Hefur norska stjórnin boðizt til þess, að gerður sé samningur um gagnkvæmar upplýsingar um eignir og innstæður ríkisborgara í hvoru landi fyrir sig. Er nú verið að undirbúa slíkan samning.

Að lokum vil ég geta þess, að ríkisstj. mun ekkert láta ógert til að afla upplýsinga um innstæður Íslendinga erlendis, þótt árangur af þeirri viðleitni hafi verið mjög lítill enn sem komið er.

Út af 2. fyrirspurninni hef ég skrifað viðskiptanefnd og beðið hana um upplýsingar í málinu, og hún svarar þannig:

„Viðskiptanefnd hefur móttekið bréf hins háa ráðuneytis, dags. 12. þ. m., varðandi fyrirspurnir, sem lagðar hafa verið fram á Alþ.

Út af fyrirspurn nr. 2 vill n. taka fram eftirfarandi:

I. *Varðandi innflutningsleyfi án gjaldeyris.*

Slík leyfisveiting er ekki nýtt fyrirbrigði, heldur í flestum tilfellum eðlilegur og sjálfsagður liður í leyfisveitingum almennt, enda hafa slík leyfi verið veitt í þeim tilfellum, er síðar greinir, öll þau ár, sem innflutningur til landsins hefur verið takmarkaður af opinberum nefndum.

Innflutningsleyfi án gjaldeyris eru veitt og hafa verið veitt í þeim tilfellum, er hér greinir:

1) Oft eru vörur greiddar fyrir fram. Afgreiðslufresturinn er í mörgum tilfellum allangur. Er varan kemur, getur gjaldeyris- og innflutningsleyfið verið fallið úr gildi. Endurnýja þarf því innflutningsleyfið, en ekki gjaldeyrisleyfið.

2) Sjómenn fá innflutningsleyfi án gjaldeyris fyrir þeim vörum, er þeir kaupa fyrir þann hluta launa sinna, sem greiddur er í erlendum gjaldeyri.

3) Útgerðarfyrirtæki, er hafa heimild til gjaldeyrisráðstöfunar fyrir nauðsynjum skipa í erlendum höfnum, fá slík leyfi, ef um er að ræða vöru, sem taka þarf í land úr skipunum í innlendum höfnum (kol, veiðarfæri o. þ. h.).

4) Í allmörgum tilfellum hafa slík leyfi verið veitt fyrir vörum, sem greiddar hafa verið með umboðslaunum. Þessum leyfisveitingum hefur þó verið fallið frá á þessu ári, en í þess stað í sumum tilfellum verið veitt gjaldeyris- og innflutningsleyfi, eftir að umboðslaunin hafa verið greidd inn til banka hér og hann látið í té vottorð um, að svo sé.

5) Við tollafgreiðslu á vörum hér er innflutningshlið leyfanna árituð fyrir tryggingargjöldum. Komið getur því fyrir, að veita þurfi innflutningsleyfi til viðbótar hinu upphaflega leyfi, ef varan hefur verið tryggð hjá innlendri tryggingarstofnun. Getur hér verið um allverulegar upphæðir að ræða.

6) Slík leyfi eru veitt fyrir öllum gjafapökkum, enda beri skjölin yfir gjafasendingarnar með sér, að um raunverulega gjöf sé að ræða.

7) Ef útfluttar vörur héðan eru fluttar aftur inn í landið, eru slík leyfi gefin. Í sumum tilfellum er útfluttri hrávöru breytt í unna vöru (sölt uð skinn, úrgangsull o. fl.) og hluti af andvirði vörunnar látinn af hendi til hins erlenda aðila, sem breytir henni í unna vöru. Síðan er varan aftur flutt inn í landið samkvæmt þeim samningi, er um slíkt hefur verið gerður fyrir fram. Aðeins innflutningsleyfi þarf fyrir slíkum vörum, en ekki gjaldeyrisleyfi.

8) Íslenzkir ríkisborgarar, sem dvalið hafa erlendis, fá að sjálfsögðu gjaldeyrislaust innflutningsleyfi fyrir búslóð sinni og öðrum tilheyrandi áhöldum og munum, er þeir flytja aftur hingað heim.

9) Erlendir borgarar, sem hafa rétt til að dvelja hér samkvæmt fengnum dvalar- og atvinnuleyfum eða öðrum skilríkjum íslenzkra stjórnarvalda, fá og slík leyfi, eftir því sem viðeigandi þykir.

10) Til munu dæmi þess, að Íslendingar, sem búsettir eru erlendis og hafa þar tekjur af atvinnu, vilja flytja hluta af þeim tekjum hingað heim í því formi að flytja inn vörur. Sé slíkt leyft, þarf aðeins innflutningsleyfi fyrir vörunum.

11) Oft eru skip, vélar og margs konar efni til iðjuvera keypt samkvæmt fyrir fram gerðum samningi um, að greiðslur fari fram smám saman, um leið og varan er framleidd. Er í þeim tilfellum oft veitt aðeins gjaldeyrisleyfi til að byrja með, ef fyrir fram er vitað, að innflutningur vörunnar á sér ekki stað fyrr en eftir lengri tíma en almennur gildistími leyfa segir til um. Ef varan kemur til landsins, þarf auðvitað aðeins innflutningsleyfi fyrir henni.

Af framanrituðu er ljóst, að upphæð veittra innflutningsleyfa án gjaldeyris getur orðið allhá á ári hverju. Það er og ljóst, að slík leyfisveiting getur ekki komið til greina, svo að neinu máli skipti, án þess að áður sé gerð grein fyrir því, hvort vara, sem um er að ræða, sé greidd og þá jafnframt á hvern hátt hún sé greidd með erlendum gjaldeyri. Ef slíkar upplýsingar eru ekki látnar í té samhliða umsóknunum, eru umsóknirnar ekki afgreiddar, fyrr en þær liggja fyrir.

II. *Varðandi ferðir Íslendinga til útlanda.*

Íslendingur, sem óskar að fá leyfi til að kaupa farseðil til annarra landa, þótt hann fái ekki

gjaldeyrisleyfi, verður að gera grein fyrir, hvernig slíkt getur átt sér stað, og vísast í þessu sambandi til skýrslu, er ráðuneytinu hefur verið látin í té.

Allir aðilar, sem óska að fá slík fararleyfi, eru skráðir á skýrslu á þann hátt, er meðfylgjandi skýrsluform segir til um. Skýrslan er síðan lögð fyrir fund í nefndinni, og er þar tekin ákvörðun um, hvort fararleyfi skuli veitt eða ekki.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt, hefur nefndin staðið í nánu sambandi við það varðandi framkvæmd þessara mála, og vísast til þess í sambandi við þær reglur, sem fylgt hefur verið á hverjum tíma.

Nefndin hefur látið gjaldeyriseftirliti bankanna í té umræddar skýrslur til athugunar, ef það teldi ástæðu til sérstakra aðgerða í sambandi við þær upplýsingar, sem skráðar eru eftir einstaklingum varðandi möguleika þeirra til að ferðast til annarra landa án endurgjalds frá bönkunum hér."

Þetta er bréf viðskiptanefndar til viðskmrn. Vænti ég, að í því felist fullnægjandi svar við þessari spurningu.

Þá er þriðji liður fyrirspurnarinnar, hvort þess hafi verið krafizt, að umboðslaunum væri skilað til bankanna. Út af þessari spurningu hef ég skrifað gjaldeyriseftirlitinu og beðið það um að svara þessu, og ég held, að málið skýrist einnig bezt með því, að ég lesi einnig upp bréf gjaldeyriseftirlitsins. Bréfið er dagsett 15. nóv. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem svar við bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 12. þ. m., viljum vér taka eftirfarandi fram:

Unnið hefur verið að því að fá innflytjendur til að láta skrifstofunni í té árlegar skýrslur um tekjur af umboðslaunum, svo og aðrar gjaldeyristekjur og ráðstöfun þeirra, og hefur um þessa framkvæmd verið leitað samstarfs við verzlunarráðið. Allmargir innflytjendur hafa látið þessar skýrslur í té, en nokkur hluti þessara aðila á þó enn eftir að senda skýrslur og gera fullnægjandi skil. Gjaldeyriseftirlitið hefur nú síðast með ábyrgðarbréfum, dags. 29. sept. s. l., sent nýjar kröfur og skýrslur til þeirra, sem eigi höfðu áður skilað þeim, og var frestur settur til 15. nóv. s. l. Meiri hluti þessara innflytjenda hafa nú svarað, og er verið að gera gangskör að því að fá skilagreinar frá þeim, sem enn þá eru eftir.

Það er vafalaust, að tilfallin umboðslaun verzlunarfyrirtækja eru allmiklu meiri en komið hafa fram hjá bönkunum. Hins vegar eru kunnar ýmsar ástæður til þess, að ekki er hægt að vænta þess, að þau komi öll fram í gjaldeyriskaupum bankanna, eins og nú er háttað.

Helztu ástæðurnar eru þessar:

1. Oft eru umboðslaunin greidd á þann hátt, að þau eru dregin frá vörureikningum og þeim mun lægri upphæð innheimt fyrir innflutningsvörurnar hér.

2. Í mörgum tilfellum hefur umboðslaunainneign verið varið til greiðslu á kröfum fyrir vörur, sérstaklega meðan yfirfærsluerfiðleikar voru miklir. Enda er kunnugt um, að erlend firmu hafa oft ekki fengizt til að senda hingað greiðslu á umboðslaunainneignum, þegar svo er ástatt, að í bönkunum hér lágu kröfur frá þeim, sem ekki fengust greiddar.

3. Þeir innflytjendur, sem hafa eigin skrifstofur erlendis, hafa varið umboðslaunatekjum sínum til greiðslu á skrifstofukostnaði og oft fest þau, a. m. k. um tíma, í greiðslum fyrir vörur vegna dráttar á yfirfærslum að heiman.

4. Viðskiptanefndin hefur gert talsvert að því að leyfa innflytjendum að verja umboðslaunum til vörukaupa. Munu slík leyfi nema allmiklum fjárhæðum, en ekki höfum vér í höndum tæmandi upplýsingar um það.

Í skýrslum þeim, sem unnið er að að safna um þessar tekjur, er ætlazt til, að gerð sé grein fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Inneign í byrjun hvers árs.
2. Innborguð umboðslaun á árinu.
3. Aðrar innborganir á árinu, t. d. endurgreiðslur eða tryggingarbætur.
4. Skrifstofukostnaður erlendis á árinu, ef um hann er að ræða.
5. Skilað bönkum hér á árinu.
6. Inneign í árslok.

Lögð er áherzla á það að koma þessum þætti eftirlitsins í fastar skorður og gera þessar sakir rækilega upp.

Hins vegar má það vera öllum ljóst, að erfitt er að fá fullkomin skil á þessum gjaldeyri, nema gjaldeyrisástandið sé í því horfi, að yfirfærslur geti gengið greiðlega hér og að breytt verði um fyrirkomulag leyfisveitinga að því er þetta snertir, þannig að sérstök leyfi verði ekki veitt út á umboðslaunainneignir, nema þess sé krafizt, að gjaldeyrinum sé áður skilað til bankanna hér.

Samkvæmt bókum vorum hafa umboðslaun, innborguð til bankanna í erlendum gjaldeyri, numið eftirtöldum fjárhæðum:

Árið 1945 kr. 976000,00
— 1946 — 1189000,00
— 1947 — 1054000,00

Telja má, að raunverulega hafi þessar innborganir verið hærri en hér er talið. Stafar það af því, að ekki hefur alltaf verið unnt að greina slíkar fjárhæðir frá öðrum greiðslum, þegar innborganir voru flokkaðar.

Enn fremur má geta þess, eins og áður er sagt, að nokkuð af umboðslaunum hefur komið fram sem lækkun á kröfum, sem sendar hafa verið bönkunum til innheimtu.

Að öðru leyti leyfum vér oss að vísa til greinargerðar um starfsemi gjaldeyriseftirlitsins, sem vér sendum fjárhagsráði 20. f. m. og ráðuneytinu var sent afrit af."

Ég tel, að með þessu svari gjaldeyriseftirlitsins sé einnig þessum hluta spurningarinnar svarað, og sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið um þetta mál. Það kom fram í skýrslu hans, að leitað hefur verið eftir því vorið 1947 að fá aðstoð Landsbankans til að afla upplýsinga um hinar erlendu inneignir, en árangurinn varð fremur lítill, að því er virðist. Hæstv. ráðh. segir, að það hafi komið fram, að þessar inneignir erlendis hafi ekki verið eins miklar og álitið hefði verið. Mér finnst vafasamt, að hægt sé nokkuð að álykta um það

vegna þess, hvað litlar upplýsingar hefur verið hægt að fá erlendis um þessar eignir. Mér skildist þó á hæstv. ráðh., að það hefðu verið endurnýjuð tilmæli til sendiráðsins í Bandaríkjunum að reyna að fá frekari upplýsingar um inneignir Íslendinga þar í landi, en óvíst væri um árangur.

Í þeirri grg. frá viðskiptan., sem hæstv. ráðh. las upp, er talin upp veiting innflutningsleyfa án gjaldeyrisleyfa í 11 liðum a. m. k., undir hvaða kringumstæðum gæti verið um slík innflutningsleyfi að ræða. Síðan er sagt, að áður en slík leyfi séu veitt, verði umsækjendur að gera grein fyrir, á hvern hátt varan verði greidd. Má þá segja, að þar með sé svarað þeim lið fyrirspurnarinnar. Þegar menn sækja um innflutningsleyfi án gjaldeyrisleyfis, þá liggur það ljóst fyrir, að umsækjandi hefur á einhvern hátt aflað sér gjaldeyris til að greiða umrædda vöru, og þá kemur til kasta n. að meta, hvort réttara sé að leyfa þennan innflutning eða gera kröfu til, að menn afhendi sína gjaldeyriseign til bankanna l. samkvæmt.

Ég þykist sjá af þeirri grg., sem hæstv. ráðh. flutti fram frá gjaldeyriseftirlitinu, að nú í seinni tíð hefðu verið gerðar frekari tilraunir en áður að ná í umboðslaunatekjur, og er ekki nema gott að segja um það, þó að það hafi komið fram, að ekki hafi enn fengizt fullnægjandi skil í því efni. En þess er að vænta, að haldið verði áfram að reyna að koma því máli í viðunandi horf og sömuleiðis að hæstv. stj. haldi áfram tilraunum sínum að fá upplýsingar um þær erlendu innstæður og það sé athugað hverju sinni, þegar menn sækja um innflutningsleyfi til viðskiptan., en telja sig hafa ráð á gjaldeyri, hvort ekki sé ástæða til að fara fram á það við þá, að þeir skili gjaldeyriseign sinni til bankanna í staðinn fyrir að verja honum til kaupa á þeim vörum, sem þeir vilja flytja inn hverju sinni.

Hermann Jónasson: Það er ekki hægt að ræða um þetta mál á 5 mínútum. En þó að það sé vitanlegt, að ekki fáist miklar upplýsingar um málið, þá vil ég nota þessar 5 mínútur til að segja um það nokkur orð.

Þær n., sem með þetta mál hafa að gera, eiga erfitt með að upplýsa það, en þegar skýrslur koma frá þeim, reyna þær að gera grein fyrir því eftir föngum.

Maður rekur strax augun í það, ef maður er þessu máli kunnugur, að þessar skýrslur eru ófullnægjandi. Það er t. d. vitað mál, að það er ekki gerð grein fyrir, hvernig vörur verði greiddar, svo að það sé fullnægjandi, áður en leyfi eru gefin út án gjaldeyris. Þetta skiptir nokkrum milljónatugum, og menn vita einnig, að á þessum árum hefur mikið af leyfum gengið milli manna, sem eru að reyna að útvega gjaldeyri fyrir þeim. Það hugsa ég, að sé á vitorði flestra, sem þekkja eitthvað til, hvernig verzlunarhættir eru nú hér á landi.

Það vakti líka athygli mína, án þess að ég þekki inn á það atriði, að margir hafa ekki látið neinar upplýsingar í té. 29. sept. er farið að skrifa til þess að fá þessar upplýsingar, og svo er sagt, að það sé verið að reyna að afla upplýsinga og koma öllu í fastar skorður. Maður getur lesið talsvert milli línanna í svona skýrslu, enda vita menn, að þegar gefnar voru skýrslur fyrir 1946—47, þá kom ekki fram mikið af umboðslaununum. Þetta er augljóst, því að menn vita í mörgum tilfellum, hve mikil þau eru, t. d. 15% af þungavélum ýmsum, margt er þar fyrir ofan og margt fyrir neðan, t. d. eru varastykki fyrir ofan. Þetta atriði er eitt af okkar alvarlegustu málum. Mönnum er bannað að ferðast erlendis, nema þeir skýri frá, hvaðan þeir hafi gjaldeyri til fararinnar. Þetta fyrirkomulag hefur gefizt illa, og er nú komið fram frv. um að breyta þessu. Þetta setur leiðinlegan blæ á okkur, svo að ekki sé meira sagt, og þetta verður ekki leiðrétt, meðan kunnugt er eða grunur á, að fjöldi manna eigi gjaldeyri erlendis. Eins er það, þegar veitt eru leyfi í stórum stíl fyrir alls konar áhöldum innan húss, eins og hefur verið gert af viðskiptan., og menn geta flutt þessi tæki inn, ef þeir fá gjaldeyri hjá kunningjum sínum erlendis. Eins er þetta misrétti, sem kemur fram, þegar mönnum er leyft að fara út, án þess að þeir hafi gjaldeyri. Þessari smán verður ekki létt af þjóðinni, nema hreinn og traustur grundvöllur fáist undir þessi mál öll, og þar er það gjaldeyririnn erlendis, sem fyrst og fremst kemur til greina. Þess vegna er ég einn af þeim, sem eru langeygðir eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. stj. lofaði á síðasta sumri að útvega, en ég geri ekki ráð fyrir, að leiðrétting fáist á þessum málum, nema tekið sé upp nýtt kerfi. Ég geri ráð fyrir, að bráðlega komi fram frv. um það mál, því að það er eitt af því allra nauðsynlegasta.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég skal ekki viðhafa mörg orð til andsvara þeim hv. þm., sem hér hafa talað.

Ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. Str. sagði um innflutning innanhússmuna, geta þess, að ráðun. skrifaði viðskiptan. fyrir alllöngu síðan og lagði fyrir hana að gefa ekki innflutningsleyfi án gjaldeyris til sjómanna fyrir þessum vörum öðruvísi en að fyrir lægju upplýsingar um, að þeir hefðu gefið gjaldeyrinn upp við síðustu eignakönnun eða aflað hans löglega síðan. Þeir, sem ættu þannig gjaldeyri löglega, ættu að fá innflutningsleyfi, aðrir ekki. Ég vil hins vegar mælast til þess við hv. þm. Str., að hann athugi vel öll þau 11 atriði, sem viðskiptan. hefur talið upp, að gætu komið til greina, þegar innflutningsleyfi væru veitt án gjaldeyris, og margir þessir liðir eru fjárfrekir. En hitt, hvað lesa má á milli línanna í þessu svarbréfi frá gjaldeyriseftirlitinu, sem hv. þm. taldi ekki fullnægjandi, það er hans mál að gera upp við sig, en ég tel, að gjaldeyriseftirlitið hafi sýnt af sér framtakssemi, sem hefði þurft að hafa fyrir löngu. Það hefur sýnt mikla viðleitni til umbóta, og er það mjög gott, því að það er ekki góður siður, sem sum innflutningsfyrirtæki hafa haft, kannske einna helzt þau stærstu, t. d. Sambandið, að skila aldrei neinum umboðslaunum. Slíkt hlýtur að setja skarð í þetta. Það fær að nota þessa peninga til skrifstofuhalds erlendis, en það hlýtur að skerða umboðslaunatekjur þjóðarinnar, ef þessu fé er ekki skilað, sem á að fara til bankanna. Hv. þm. undraðist stórlega, að umboðs-

launatekjurnar væru ekki meiri. Það er rétt, þær eru meiri en það, sem fram kemur, en það stafar af því m. a., að hinir stóru innflytjendur, eins og kannske fleiri, skila ekki öllum umboðslaunum, og það verður að telja spurningu, hvort ætti ekki að láta alla undantekningarlaust skila sínum umboðslaunum.

Hvað því viðvíkur, að slælega hafi verið gengið fram í því að afla upplýsinga um innstæður Íslendinga erlendis, eins og hv. þm. vildi láta skína í, þá hef ég, síðan ég kom í rn., gert allt, sem í mínu valdi hefur staðið, til að fá þessar upplýsingar. Það má segja, að það hafi verið gert slælega, en ég fór fyrst þá leið, sem mér fannst eðlilegust, að biðja þjóðbankastj., og frá þeim er komin fullyrðing mín, að þessar tölur, sem hafa komið fram um inneignir Íslendinga erlendis, hafi verið talsvert hærri en raunverulegt sé, og ég hygg, að þar hafi fengizt einhverjar upplýsingar um heildarinneignina, þó að hún sé ekki sundurliðuð. Þegar þessi aðferð dugði ekki, var snúið sér til sendiráðanna að fara diplomatisku leiðina og reynt að fá ríkisstj. viðkomandi landa til að greiða úr þessu máli, og það hefur verið fullyrt, að það væri eina leiðin, sem fær væri, en hún hefur reynzt jafnófær og hinar nema í einu landi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en ég tel, að það, sem hægt er að upplýsa í sambandi við þessa fyrirspurn, hafi verið gert með þessum svörum viðkomandi aðila, sem ég hef lesið hér upp.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það er langt síðan hv. þm. Str. lýsti því yfir í ræðu og riti, að íslenzkir menn ættu erlendis nokkur hundruð milljóna í erlendum gjaldeyri. Þann gjaldeyri mundu kaupsýslumenn landsins eiga, sem þeir hefðu að mestu stolið undan. Það er upplýst, að um það leyti sem deilur stóðu hæst um þetta í blöðum, hafa Íslendingar átt í bönkum úti 3,6 millj. dollara, og hefur það komið fram, að af þessari upphæð mun S.Í.S. hafa átt 2 millj. dollara, og hefur því ekki verið neitað, svo að ég viti. Skal ég ekki fara nánar út í það, en vildi minnast á annað, sem hv. þm. V-Húnv. lagði mikla áherzlu á, en það er, að kaupsýslumönnum séu ekki veitt innflutningsleyfi út á umboðslaun sín. Hæstv. ráðh. upplýsti í þ., að S.Í.S. hefði aldrei skilað umboðslaunum sínum. Hver er þá ástæðan fyrir kröfu hv. þm. V-Húnv., að kaupmenn eigi að gera það, en S.Í.S. ekki, úr því að S.Í.S. hefur aldrei skilað sínum umboðslaunum? Ég vil spyrja hv. þm. V-Húnv., hvort S.Í.S. hafi nokkurn tíma sent yfirlit til bankanna um þann gjaldeyri eða annað.

Hermann Jónasson: Ég hef engar upplýsingar um það, sem komið hefur fram í þessum umr., að S. Í. S. hafi ekki skilað sínum gjaldeyri. Ég hef ekki gögnin um það í höndum nú, en ég trúi því ekki, eins og fullyrt er í Vísi, að S. Í. S. hafi átt megnið af þeim gjaldeyri, sem var erlendis. Og svo mikið veit ég, að S. Í. S. varð á sama tíma að taka lán erlendis til þess að borga skuldir sínar og þær vörur, sem það flutti til landsins.

Þá hefur og annað komið fram í þessari skýrslu og á ég þar við þessar 7 millj. dollara. Það lá ekki fyrir þá í opinberum skýrslum bankanna, að það opinbera ætti svona mikið, og var dregið frá þessari upphæð, þegar reiknað var út, hvað einstaklingar ættu. Ég hef sagt, að ekki væri vitað, hvaða einstaklingar hefðu átt það. En einstaklingar hafa átt það, um það liggur fyrir skýrsla, hverjir sem það eru. Og það var upplýst líka, að um 20 millj. króna væru í Englandi, sem einstaklingar áttu. Og ég efast um, að nokkurri stj. sé fært að fara að taka stórlán, meðan vitað er, að Íslendingar eiga um 45 millj. kr. erlendis, sem þeir hafa ekki gefið upp, bæði í Englandi og í Ameríku. Má nærri geta, þegar þetta er í bönkunum fyrir hvers manns fótum, hvað er á öðrum sviðum, og ég held það sé ekki rétt af þeim, sem það gera, eins og t. d. hv. 1. þm. Reykv., að vera að reyna að verja þetta, því að þetta fyrirkomulag verður aldrei varið. Auðvitað kemur mér ekki annað til hugar en að þetta eigi að ganga jafnt yfir alla. Og ef hv. þm. getur bent á einhvern ákveðinn aðila, sem hafi reynzt brotlegur í þessum efnum, mundi ég ekki halda hlífiskildi yfir honum, en neita, að nokkuð sé hæft í þeim ásökunum, sem hann hefur borið fram á hendur S. Í. S., fyrr en mér hefur verið sýnt fram á það með rökum.

Nei, ég held, að þessi mál komist ekki í lag, fyrr en öðru fyrirkomulagi hefur verið komið á. Og ég hygg, að það sé rétt, að næstum ómögulegt sé að finna þessar innstæður, hvar þær eru og hverjir eiga þær, eins og hæstv. viðskmrh. lét hér í skína, þó að hér sé um 45 millj. að ræða. Þá er ástæða til að ræða um það, þegar vitað er, að inn kemur 1 millj. á ári af tekjum, sem eru um 10—20 millj., á hvern hátt koma megi í veg fyrir, að þetta safnist erlendis, án þess að þjóðin viti það, og taka upp kerfi, sem fyrirbyggi þetta, þó að ég geti hins vegar skilið, að það væri verulegum erfiðleikum bundið.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hv. þm. Str. fer með tölur, sem ég a. m. k. hef aldrei heyrt fyrr og koma mér á óvart, þar sem a. m. k. um 45 millj. kr. upphæð er að ræða. Ég veit ekki, hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu. Þessar upplýsingar um inneignir í Englandi koma mér mjög einkennilega fyrir sjónir. Ég hef ekki heyrt það fyrr, að þar liggi 19—20 millj. kr., sem menn hafi dregið þar undan. En því fer fjarri, að ég sé að reyna að verja það, að þarna séu faldir peningar. Þvert á móti hef ég gert allt, sem hægt hefur verið, en það, sem gert hefur verið í þá átt að komast fyrir þetta, virðist ekki hafa leitt til neins árangurs. Þannig að ef hv. þm. Str. vill benda á einhverja aðferð til þess að ná í þetta, skal ég verða manna fúsastur til þess að reyna hana. Hv. þm. Str. talaði um, að koma þyrfti á einhverju kerfi í þessu skyni, og vil ég þá, að hann komi með það, svo hægt sé að reyna það, því að ég vil undirstrika, að það er síður en svo, að ríkisstj. vilji ekki fá þessar upplýsingar, heldur hefur hún ekki getað náð í þær.

Í sambandi við það, sem hv. þm. fullyrti um umboðslaunatekjur, 10—20 millj., vil ég segja,

að þá tölu hef ég ekki heyrt fyrr. En til skýringar skal ég taka fram, að ástæðan til þess, að þessar tekjur eru ekki greiddar inn í bankana meir en raun ber vitni, er sú, að með leyfi gjaldeyrisyfirvaldanna hefur stærstu félögunum verið heimilað að þurfa ekki að greiða umboðslaunatekjurnar inn í bankana. Umboðslaunatekjur þessara aðila og annarra hafa ekki komið fram sem greiðslur til bankanna, heldur hefur þeim verið varið til skrifstofuhalds og greiðslu á vörum.

Ég held að ég þurfi svo ekki að taka fleira fram að sinni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil leyfa mér sem annar fyrirspyrjandi að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þær glöggu upplýsingar, sem hann hefur veitt, og vil benda á, að það eru tvenns konar meginstaðreyndir, sem komið hafa fram í þessum upplýsingum. Í fyrsta lagi, að íslenzkir einstaklingar eiga verulegar gjaldeyriseignir erlendis, sem ekki hefur tekizt að fá upplýsingar um, hve miklar eru og hverjir eiga, og vil ég leggja áherzlu á, að ríkisstj. geri allt, sem hún getur, til þess að afla þeirra upplýsinga, sem hér er um að ræða. — Í öðru lagi hefur komið fram hjá hæstv. viðskmrh., að gjaldeyriseftirlitið telur, að ekki sé öllum umboðslaunum, sem íslenzkir innflytjendur fá, skilað til landsins. Vil ég þá einnig í því sambandi leggja hina mestu áherzlu á, að ríkisstj. geri allt sem hún getur til þess að koma þeirri skipun á þau mál, að eftirlitið verði stórum hert og gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að öllum umboðslaunum verði skilað. Þetta tvennt, að íslenzkir borgarar eiga gjaldeyriseignir erlendis og íslenzkir innflytjendur hafa umboðslaun, sem koma ekki öll til skila, hefur valdið því, að menn geta flutt ýmsar vörur, svo sem bifreiðar, til landsins án gjaldeyrisleyfa, og það hefur einnig valdið því, að menn hafa getað siglt ýmist alveg án þess að fá gjaldeyrisleyfi eða getað dvalið miklu lengur erlendis en hægt hefði verið með tilliti til þeirra leyfa, sem veitt hafa verið. Þetta er óæskilegt mjög, og mér finnst, að um það ætti ekki að geta orðið ágreiningur, að á þessu verði að ráða bót.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tók eftir, að viðskmrh. lýsti hér yfir, að hann væri tilbúinn að ræða hverja þá till., sem kæmi hér fram um að ná í þann gjaldeyri, sem hér hefur verið rætt um og ekki hefur verið skilað til bankanna. Nú er einnig upplýst hér, að þó nokkur gjaldeyrir hefur komið til landsins á þennan hátt, að leyfi hafa verið veitt fyrir að flytja inn vörur án þess að gjaldeyrisleyfi væru veitt, og virðist það vera mikill hluti af þeim vörum, sem greitt er með slíku fé, sem næst ekki á annan hátt. Nú vildi ég spyrja: Er það ekki ein leiðin til þess að ná í þessar duldu inneignir, að slík innflutningsleyfi yrðu aukin í framtíðinni, til þess að minnka það gjaldeyrishungur, sem er í landinu? Ráðh. hefði vald til þess að ráða því, með hvaða verði slíkar vörur yrðu seldar í landinu, þannig að þessir menn, sem við viðurkennum, að séu brotlegir við lögin, græddu þó ekki of mikið á því að verja þannig gjaldeyriseign sinni, en hinu þá ekki að neita, að það mundi bæta úr fyrir þjóðinni að fá ýmislegt af þessum vörum, sem vantar nú svo tilfinnanlega.

Ég vildi aðeins skjóta þessu fram í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram.

Björn Ólafsson: Ég skal ekki tefja umr. lengi. Út af því, sem hv. þm. Str. sagði, þá vil ég segja honum, að ég er ekki hér til þess að verja neitt rangt í þessu máli, en hann er að verja fullyrðingar af sjálfs sín hendi, sem hann getur ekki staðið við.

Hv. þm. sagði, að vegna þess að ekki kæmi inn af umboðslaununum nema 1 millj., væri sýnilegt, að þessum 10—20 millj., sem hann minntist á, hefði verið skotið undan og væru á reikningi erlendis, sem vissir aðilar hér í landinu gætu notað. En hv. þm. dettur ekki í hug að taka neitt tillit til þeirrar skýrslu, sem hæstv. ráðh. hefur lesið upp úr, hvernig þessi umboðslaun hafa verið veitt, en þar stendur, að S. Í. S. hafi ekki skilað sínum umboðslaunum til bankanna. En ef svo er, sem ráðh. fullyrðir, að S.Í.S., sem ég er ekki hér að hallmæla á neinn hátt, flytji inn vörur fyrir sín umboðslaun, sé ég ekki, að neinum innflytjendum þessa lands beri skylda til að skila umboðslaunum, heldur hafi félögin rétt til þess að flytja inn vörur fyrir þau.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Út af þessari till. hv. þm. Barð. um að leyfa innflutning út á þá fjármuni, sem kunna að vera geymdir erlendis, og reyna að fá þá inn í landið á þann hátt, vil ég segja, að af öllum leiðum, sem mér hafa dottið í hug og nefndar hafa verið við mig, þykir mér þetta sú sízta. Eins og allir vita, er mestur ávinningur af því nú á dögum að flytja þær vörur til landsins, sem mest eftirspurn er eftir, og þætti mér það heldur hjáleitt, ofan á það, ef þessir peningar hafa verið dregnir undan bæði skattgreiðslum og öðru slíku, að þeir menn, sem þennan verknað kynnu að hafa framið, yrðu verðlaunaðir með því að veita þeim aukinn innflutning. Ég tel það nauðsynlegt að athuga allar aðrar leiðir áður en þessi kæmi til greina.

Hv. þm. sló því föstu, að meginhlutinn af þeim innflutningi, sem ætti sér stað gjaldeyrislaust, væri fluttur inn á þennan hátt. En þetta er að mínu viti ekki rétt, því að meginhlutinn af þessum innflutningi, sem er kallaður innflutningur án gjaldeyris, er það bara ekki. Hann hefur verið borgaður á öðrum tíma, og þessi innflutningsleyfi án gjaldeyris eru raunverulega bæði gjaldeyris- og innflutningsleyfi, en bara veitt í tvennu lagi. Ég held, að það sé mjög lítið um það, þó að ég þori ekki að fullyrða það, að innflutningur, sem hingað kemur án gjaldeyris, sé keyptur fyrir peninga, sem hafi verið faldir erlendis, enda segir greinilega í bréfi viðskiptanefndar, að gengið sé eftir því í hverju tilfelli, að gjaldeyririnn sé fenginn á eðlilegan og löglegan hátt.

Ég held, að það hafi ekki verið annað, sem ég vildi um þetta segja við þm. út af ræðu hans,

en vildi mjög lýsa eftir öðru úrræði en þessu, að láta þá, sem kynnu að eiga gjaldeyri erlendis, flytja inn fyrir hann vörur til þess að selja hér.

Gísli Jónsson: Ég vil benda ráðh. á, að það eru til hliðstæð dæmi, sem ríkisstj. hefur tekið upp. Ég veit ekki betur en eignakönnunin hafi verið byggð á því að gefa mönnum upp sakir, sem brutu l., því að það er viðurkennt af ríkisstj., að gengið hafi verið of langt í lagasetningu um það efni. Ráðh. veit, að búið var að ganga svo langt í þeim málum, að sjálft löggjafarvaldið varð að gefa syndakvittun í því máli, því að þjóðin leið undir öllu öðru. Hitt er allt annað atriði, að bæði hæstv. ríkisstj. og Alþingi einnig brugðust algerlega vonir um það fé, sem átti að koma inn fyrir þessar aðgerðir. Reiknað var þá með, að inn kæmi um 350 millj. kr., og menn vildu ekki trúa þeim tölum, sem ég stakk upp á þá í ríkisstj. En það er ekki hægt að horfa fram hjá því, að þau lög voru sett vegna þess, að allt of langt hafði verið gengið í þeim málum. Og það er stirðbusaháttur, ef samgmrh. vill láta þjóðina þola fyrr vöruhungur inn. flytja inn vörur fyrir þessa peninga, sem eru svo illa fengnir, að því er ráðh. talaði um. Ef hann hefur ekki manndóm til þess að ná þeim á eðlilegan hátt, er ekki um annað að gera en fara þessa leið, sem hefur verið farin af ríkisstj., eða fá menn til þess að reyna aðrar leiðir, sem bæru einhvern árangur.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Þetta er auðvitað svo mikið mál og hér hafa verið svo heitar umr., að maður getur ekki sagt mikið á einum 5 mínútum. Ég vil þó aðeins benda á, að engin verzlunarstétt í heiminum á við þann aðbúnað að búa sem sú íslenzka, því að af öllum þeim fjölda, sem fór utan, skilst mér, að aðeins 48 kaupsýslumenn hafi fengið gjaldeyri til fararinnar. — Vegna þeirra ummæla, sem hér hafa fallið, vil ég benda á það, án þess að ég vilji nokkuð leiða aðra aðila í verzlunarmálum til samanburðar, að Íslendingar sjálfir fyrirbyggðu sínum mönnum að hafa möguleika til þess að hafa skrifstofur eða aðstöðu í öðrum löndum með þeim ákvæðum, sem sett voru. En það var eitt fyrirtæki, sem sá, að það var ákaflega á móti þeirra hagsmunum, og það var S. Í. S., og það hefur verið upplýst hér í þinginu, að þeir hafi fengið að nota umboðslaun sín til þess að greiða skrifstofukostnað og ýmis önnur gjöld. Kaupsýslumenn í öðrum löndum, t. d. í Bandaríkjunum, eru miklu frjálsari í þessum efnum en kaupmenn hér, þar sem þeir hafa aðstöðu til þess að taka upp verzlun við önnur lönd.

Nú vil ég minnast á það, sem ekki hefur komið fram, að það er fjöldi innflytjenda, sem fá engin umboðslaun. Þeir taka það í því nettóverði, sem framleiðendur í öðrum löndum bjóða. Þetta er stór liður í verzlun okkar, sem ég get sannað ekki eingöngu frá sjálfum mér, heldur fjöldamörgum stéttarbræðrum mínum.

Ég get nefnt, að í janúar 1945 lagði ég fram pöntun á þakjárni gegnum innkaupastofnun ríkisins og sem dæmi um seina afgreiðslu, þá get ég upplýst, að sumt af pöntuninni fékk ég ekki afgreitt fyrr en í ágúst í sumar, en upphæðin stóð inni frá því í janúar 1945, svo að það er margt, sem þarf að athuga, áður en komið er með staðlausar fullyrðingar.

18. Ábyrgðir ríkissjóðs.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til fjmrh. um ábyrgðir ríkissjóðs [71. mál, 1] (A. 114).

Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa sérstakan formála með þessum fyrirspurnum. Mér hefur þótt hlýða, að þetta kæmi fram opinberlega, hversu ábyrgðum ríkissjóðs er nú háttað, vegna þess að mér vitanlega hefur það ekki komið fram opinberlega enn, hversu miklar ábyrgðir ríkissjóðs eru nú og hvernig þær skiptast á þá aðila, sem þær hafa verið gefnar. Eru það þessir aðilar: bæjarfélög, ríkisfyrirtæki, opinberar stofnanir og einkafyrirtæki. Einnig kom það fram, í ræðu hæstv. fjmrh., þegar fjárlfrv. var lagt fram hér á hæstv. Alþ., að nokkur brögð væru að því nú, að þeir aðilar, sem fengið hefðu ríkisábyrgðir, gætu ekki staðið í skilum með lán sín. Hef ég því óskað eftir að fá upplýsingar um, hverjir aðilar það eru og hve mikil brögð eru að vanskilum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af fyrirspurnum hv. 1. þm. Reykv. hef ég látið gera skrá, í þetta sinn ýtarlegri, yfir ábyrgðir ríkissjóðs og skiptingu þeirra, heldur en áður hefur átt sér stað. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að ég hef við ýmis tækifæri bent á, að sumar ábyrgðir, sem ríkið stæði í, væru orðnar nokkuð háar og að það þyrfti eftir megni að forðast það, að ríkissjóður gengi í ábyrgðir, nema þar, sem það væri algerlega nauðsynlegt. Ríkisábyrgðir eru nú sem stendur, eftir því sem upp var tekið í fjmrn., miðað við 31. október, kr. 301.503.820,00 og skiptast eins og hér segir:

1. Bæjar- og sveitarfélög (aðall. v/hafna- og raforkuframkv.)	kr.	94.330.000,00
2. Ríkisfyrirtæki (landssmiðjan 2,45 millj., þjóðleikh. 813,420.)	—	3.263.420,00
3. Einkafyrirtæki (þar af Slippfél. í Rvík kr. 2.798 þús.)	—	5.238.000.00
4. Opinberar stofnanir (þar af veðd. Landsb. kr. 38.325 þús.)	—	55.940.400,00

5. Samvinnufél., sbr. meðf. skrá kr. 36.162.000,00
6. Skuld Stofnlánad. Landsb. v. seðlabankann pr. 3/11 '48 .. — 90.370.000,00
7. Vaxtabréf Stofnlánadeildar Landsbankans ..... — 16.200.000,00

Alls kr. 301.503.820,00

Það er að vísu ekki spurt sérstaklega um samvinnubyggingarfélögin, en mér þykir rétt að láta þess getið hér, og er þá fyrst ríkisábyrgðin fyrir

Byggingarsamv.fél.	Akureyrar ..	kr.	270.000,00
—	— Árroða	—	1.760.000,00
—	— atvinnubílstj. .	—	500.000,00
—	— bankamanna	—	1.656.000,00
—	— barnakennara	—	2.575.000,00
—	— Borg	—	280.000,00
—	— Egilsstaðak...	—	200.000,00
—	— Garð	—	375.000,00
—	— Hofgarð	—	2.610.000,00
—	— Ísafjarðar ..	—	340.000,00
—	— Klett	—	175.000,00
—	— Neskaupst. ..	—	250.000,00
—	— prentara	—	2.050.000,00
—	— Ólafsvíkur ..	—	560.000,00
—	— póstmanna ..	—	150.000,00
—	— Siglufjarðar..	—	350.000,00
—	— símamanna ..	—	2.593.000,00
—	— háskólans ..	—	1.900.000,00
—	— ríkisstofnana	—	2.831.000,00
—	— stýrimanna ..	—	
—	— Stykkishólms	—	880.000,00
—	— stjórnarr.	—	3.690.000,00
—	— Reykjavíkur..	—	9.021.000,00
—	— strætisvagna	—	1.146.000,00

Alls kr. 36.162.000,00

Ég hef ekki orðið var við það, að það hafi orðið nein vanskil hjá þessum samvinnubyggingarfélögum, enda er tíminn ekki langur, nema hjá Byggingarsamvinnufélagi Ólafsvíkur. Það hefur ekki getað staðið í skilum, og hafa nú verið lögð drög til þess að ná því fé. Það eru fasteignir um að ræða þar og ekki líkindi til, að það þurfi að verða tap á því.

Þá er spurt undir lið 2, hvaða aðilar hafi ekki getað staðið í skilum með ríkistryggð lán og hversu mikið ríkissjóður hafi lagt fram vegna slíkra ábyrgða og hvernig sé útlit um endurgreiðslu. Ég hef hér skrá yfir þá aðila, sem ríkissjóður hefur fram að þessu orðið að aðstoða með greiðslur vegna ábyrgða.

Greiðslur vegna ábyrgða eru samtals 31. okt. 1948 kr. 9.556.639,00, og skiptist fé þetta þannig:

1.	Andakílsárvirkjun	kr.	80.000,00
2.	Neskaupstaður, barnaskólalán frá 1935	—	38.000,00
3.	Búðahreppur, Fáskrúðsfirði ..	—	30.000,00
4.	Flateyjarhreppur	—	19.500,00
5.	Húsavíkurhreppur, höfnin ..	—	204.800,00
6.	Hofshreppur, Skagafjarðars...	—	23.900,00
7.	Siglufjarðarkaupst., Skeiðsfossvirkjun	—	1.277.103,00
8.	Siglufjarðarkaupst., Rauðka..	—	101.400,00
9.	Byggingarsamvinnufél. Ólafsvíkur	—	80.300,00
10.	Skagastrandarhöfn	—	441.600,00
11.	Sauðárkrókshreppur	kr.	5.200,00
12.	Stokkseyrarhreppur	—	31.400,00
13.	Síldarverksmiðjur ríkisins ..	—	7.165.561,00
14.	Vestmannaeyjakaupstaður, rafveitan	—	18.800,00
15.	Landshafnir	—	39.075,00

Ábyrgðargreiðslur vegna þeirra, sem komizt hafa í vanskil á árunum 1946—1948, nema kr. 9.217.665,00. Þeir aðilar eru nr. 1, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 13, 14 og 15.

Þá ætla ég, að gefnar séu upplýsingar um það, sem þessi fsp. fer fram á. En þetta er mjög viðtækt mál, og mætti halda uppi endalausum umr. um það. En þó sé ég ekki ástæðu til að eiga frekari hlut í þeim, og er ég þeirrar skoðunar, að tímann eigi að nota til þess að gefa upplýsingar án þess að teygja úr umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Ólafsson): Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir upplýsingarnar. Sé ég enga ástæðu til að fjölyrða um málið að svo stöddu, en síðar mun ég tala, eftir því sem tilefni gefst til.

19. Síldarverksmiðjur ríkisins.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til sjútvmrh. varðandi síldarverksmiðjur ríkisins [71. mál, 2] (A. 114).

Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hef borið fram fsp. um hag S. R. á þskj. 114. Ég tók eftir því í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., að rúmar 7 millj. króna hefðu verið lagðar út til þeirra vegna ábyrgða. En nú spyr ég um það, hversu miklar skuldir verksmiðjanna hafi verið þ. 1. okt. 1948 og hvernig þeim er fyrir komið. Hafa miklar byggingarframkvæmdir átt sér stað hjá þessu fyrirtæki undanfarin ár, og álít ég sumar þeirra ekki verið hafa sem hagkvæmastar. Í öðru lagi spyr ég um afkomu verksmiðjanna í ár. En nú ætti að liggja fyrir vitneskja um hana, þar eð vitað er um afla á sumarvertíðinni og tap á vinnslu Hvalfjarðarsíldarinnar. Þá spyr ég að lokum um ábyrgðir ríkissjóðs vegna verksmiðjanna, hversu þær eru miklar, þ. e. beinar ábyrgðir. Álít ég þó, að ríkissjóður standi í ábyrgð fyrir öllum skuldum ríkisverksmiðjanna, þó að eigi sé gert ráð fyrir því í l. Eins og rekstrinum hefur verið háttað hingað til, virðist rétt að líta þannig á, að ríkissjóður beri a. m. k. móralska ábyrgð á öllum skuldum S. R.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir fsp. frá hv. 1. þm. Reykv. á

þskj. 114, nr. II. Ég vil nú leitast við að gefa svar við 1. liðnum, þar sem spurt er um, hversu miklar skuldir S. R. hafi verið þ. 1. okt. 1948 og hvernig þeim sé komið fyrir. Geta skal þess, að reyndar er hér miðað við þ. 15. nóv. þ. á. En skuldirnar eru þá þessar:

A. Skuldir vegna stofnkostnaðar:

I. Gömlu verksmiðjurnar.

1. Eftirstöðvar af lánum í Hambros Bank 1934 og 1938. Afb. á .. árum. Vextir 5%	kr.	743.337,00
2. Eftirstöðvar af skuldabréfaláni frá 1943 í Landsbankanum. — Afb. á 25 árum. Vextir 4% ..	—	504.000,00
3. Eftirstöðvar af skuldabréfaláni frá 1941. Bréfin seld ýmsum. Afb. á 12 árum. Vextir 4½% ..	—	1.000.000,00
4. Eftirstöðvar af skuldabréfaláni frá 1946 í Landsbankanum. Afb. á 20 árum. Vextir 4%	—	4.180.000.00
Samtals	kr.	6.427.337,00

Framangreind lán eru öll með ríkisábyrgð.

II. Nýju verksmiðjurnar á Siglufirði og Skagaströnd.

1. Eftirstöðvar af skuldabréfaláni ríkissjóðs í Landsb. Ísl. frá 1945—46. Afb. á 20 árum. — Vextir 4%	kr.	18.003.000,00
2. Skuld á hlr. 5202 í L. Í. vegna byggingarnefndar S. R. Vextir ósamdir frá s. l. áramótum ..	—	13.886.708,00
3. Skuld við ríkissjóð	—	4.511.963,00
4. Ýmsar lausaskuldir	—	1.450.000,00
Samtals	kr.	37.851.671,00

Þessar skuldir eru með ríkisábyrgð.

B. Hlutafjárframlag í síldarbræðsluskipið Hæring. Bráðabirgðalán hjá ríkissjóði kr. 1.250.000,00.

Auk þess hafa S. R. lagt út af fé rekstrarins 1948 um kr. 2.200.000,00 vegna endurbyggingar nýja mjölhússins á Siglufirði, svo að alls eru skuldir S. R. v/stofnkostnaðar nýju verksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd kr. 40.051.671,00.

Næst er spurt undir 2. lið, er hljóðar á þessa leið:

„Hvernig er afkoma verksmiðjanna á þessu ári samkv. bráðabirgðareikningsskilum?"

Áður en ég svara þessari spurningu og meður því, að ég hef lesið upp skrá um skuldir S. R., þá vildi ég mega gefa stutt yfirlit um eignir þessara sömu verksmiðja, en það verður að vísu lauslegt yfirlit og því eigi algerlega tæmandi. Er það einnig pr. 15. nóv. 1948.

1. Bókfært verð verksmiðjanna með tilheyrandi pr. 31. des. 1947 ..... kr. 54.012.329,37		
÷fyrningarsj. — 4.901.863,48		
÷fyrningarsj.-gjald 1948 .. — 2.100.000,00		
7.001.863,48	kr.	47.010.465,89
2. Lagt í nýja mjölhúsið 1948	—	2.200.000,00
3. Ýmsar fasteignir og óbyggðar lóðir 31/12 1947	—	2.562.973,76
4. Hlutafjáreign í Hæringi ..	—	1.250.000,00
5. M.s. Fanney með veiðarfærum (½, en fiskimálasjóður á ½, eins og kunnugt er)	kr.	466.206,62
6. Hlutabréf í Flugfélagi Íslands og Loftleiðum	—	60.000,00
7. Áhöld og tæki 31/12 1947 ..	—	1.368.547,31
8. Afurðir og rekstrarvörur ..	—	10.800.000,00
9. Útistandandi hjá samningan. utanríkisviðskipta ..	—	1.500.000,00
10. Krafa S. R. um verðuppbót á vetrarlýsi, sbr. bréf til ríkisstjórnar dags. 6/10 1948	—	1.268.415,00
Samtals	kr.	68.486.608,58

Þetta má að vísu kalla útúrdúr, en er þó viðeigandi, að þetta sé upplýst. Kemur þá þessu næst yfirlit um afkomu S. R. samkv. bráðabirgðauppgjöri. Tapið á vinnslu vetrarsíldar var kr. 4.604.722,00. Frá þessari upphæð dragast kr. 1.268.415,00, sem S. R. eiga að fá greiddar af verðuppbótarfé hraðfrysts fisks vegna sölu á 4500 tonnum vetrarlýsis til þess að greiða fyrir sölu á hraðfrystum fiskflökum. Eftir verða þá kr. 3.336.307,00, sem er tap á vetrarsíldinni, en þessi upphæð getur breytzt lítils háttar, þar sem endanlegt uppgjör er ekki fyrir hendi.

Í bráðabirgðauppgjöri þessu eru ekki færðir til gjalda vextir af stofnkostnaði, fyrningarsjóðsgjald, varasjóðsgjald, afborganir af stofnkostnaði eða hlutdeild í launum fastra starfsmanna verksmiðja. Með því að síðar á fundinum þarf að víkja frekar að vetrarsíldinni, þá geri ég eigi frekari aths. við hana hér, en held mér við fsp. Hef ég nú gefið bráðabirgðayfirlit um skuldir S. R. og afkomu þeirra. Í öðru lagi skal ég gefa hér bráðabirgðarekstraryfirlit um síldarvertíðina sumarið 1948 pr. 23. sept. 1948.

Yfirlitið sýnir, að halli hefur orðið á rekstrinum s. l. sumar, sem nemur kr. 10.945.738,00. Eru þá færð til gjalda öll lögboðin gjöld, þar á meðal:

5% varasjóðsgjald	kr.	368.609.00
Fyrningarsjóðsgjöld:		
Af gömlu verksmiðjunum .. kr. 606.000.00		
Af nýju verksmiðjunum ..... — 1.494.000.00		
	—	2.100.000.00
Afborganir:		
Af gömlu verksmiðjunum ..... kr. 830.000.00		
Af nýju verksmiðjunum ..... — 2.950.000.00		
	—	3.780.000.00
Samtals	kr.	6.248.609.00

Sé þessi upphæð dregin frá halla á rekstri S. R. í sumar, nemur beint tap á rekstrinum í sumar kr. 4.679.149.00. Til greiðslu á því tapi voru ekki fyrir hendi í varasjóði í ársbyrjun 1948 nema kr. 3.316.397.00. Eftir er því að mæta tapi frá sumrinu 1948 að upphæð kr. 1.380.752.00.

Þá er að lokum 3. liður fsp.: „Í hversu mikilli ábyrgð stendur ríkissjóður nú fyrir síldarverksmiðjurnar?" En ég held, að svarið sé komið, þar sem svarað var 1. lið fyrri fsp. Þá skal ég láta staðar numið, en býst við að koma nánar að

þessu, þá er ég svara fsp. nr. III. En ef það er eitthvað sérstakt, sem fyrirspyrjandinn óskar eftir að fá upplýst til viðbótar við það, sem ég hef sagt, þá er sjálfsagt að leysa úr því. Eigi er fullvíst um skuldir þær, sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir, í svari mínu við fyrri fsp., en skv. lauslegu yfirliti frá 15. nóv. 1948 eru þær svo sem hér segir:

A. Skuldir vegna stofnkostnaðar:		
I. Gömlu verksmiðjurnar	kr. 6.427.377.00	
II. Nýju verksmiðjurnar	— 37.851.671.00	
		kr. 44.279.008.00
B. Hlutafjárframlag í Hæring ..	—	1.250.000.00
C. Ógreiddir vextir af stofnfé ..	—	2.440.000.00
D. Skuldir vegna rekstrarins	—	8.900.000.00
E. Ýmsar skuldir vegna vinnslu vetrarsíldar	—	7.660.000.00
Samtals kr.		64.529.008.00

Skuldir þær, sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir vegna S.R., eru skv. því, sem nánar segir í meðfylgjandi skýringum, kr. 47.969.008.00, en við bætast kr. 2.200.000.00 (til endurbyggingar nýja mjölhússins á Siglufirði), sem er tekið af rekstrarfé 1948. Ríkissjóður stendur því í ábyrgð fyrir um 50 millj. króna, en eigi lausaskuldum S.R., að upphæð um kr. 16 millj.

Fyrirspyrjandi (Björn Ólafsson): Ég færi hæstv. fjmrh. þakkir fyrir upplýsingarnar, sem ég tel, að vel sé, að fram eru komnar. Það hafa gengið mjög ýktar sögur um þetta manna á milli. En nú ætti að taka fyrir þetta, þar eð hið rétta er komið í ljós. Ég skildi eigi fyllilega grg. hæstv. ráðh. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir skuldum S.R., en mér skilst þó, að ríkissjóður standi í ábyrgð fyrir öllum skuldum þeirra, nema 16 milljónunum. En ljóst er af þessu, að S.R. skulda núna um 20 millj. kr. í lausaskuldum. Verður að koma þessari skuld fyrir á þann hátt, að viðunanlegt sé.

Annars skal ég ekki ræða þetta mál meira að sinni. En væntanlega gefst mér tækifæri til þess síðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þessar skuldir, sem standa úti hjá ýmsum aðilum, eru að sjálfsögðu varðandi reksturinn, og var ætlazt til þess, að þær yrðu greiddar af verði fyrir afurðirnar. Þegar svo fór þannig um síldarvertíðina sem raun ber vitni, er skiljanlegt, að lausaskuldirnar hafa safnazt fyrir. En vitaskuld verða S.R. að standa í ábyrgð fyrir þeim, þótt ríkissjóður geri það ekki.

20. Síldveiðar í Hvalfirði.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til ráðherra sjávarútvegsmála varðandi afkomu síldveiða í Hvalfirði veturinn 1947—1948 [71. mál, 3] (A. 114).

Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Hæstv. ráðh. hefur komið mjög að þessu máli og ætti það því ekki að vera tímafrekt. Merkilegt fyrirbrigði er þetta með Hvalfjarðarsíldina, sem átti að færa svo mikla björg í þjóðarbúið. En nú er komið í ljós, að hún er ekki óblandin blessun. Mér finnst því rétt, að fram komi í dagsljósið, hverjar hafi verið brúttótekjur af þessu mikla síldarhlaupi, og hins vegar, hvert tap ríkissjóðs, síldarverksmiðjanna og síldarútvegsmanna hefur orðið af þessari atvinnugrein. Að endingu væri svo æskilegt að heyra upplýst, hversu slíkt tap gat orðið á þessu fyrirtæki.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. S-Þ., sem vill í fyrsta lagi fá að vita, hve miklar voru brúttótekjur af Hvalfjarðarsíldinni, þá er hægt að upplýsa það, að samkv. bráðabirgðaskýrslu um vinnslu síldarinnar frá síldarverksmiðjum ríkisins, sem ég hef hér í höndum, þá er það um 78 millj. kr., sem þessar afurðir námu í erlendum gjaldeyri. Og ég vil upplýsa það, að greiðslur vinnulauna til sjómanna við flutning vetrarsíldarinnar og við vinnslu í verksmiðjunum og kaup og aflahlutur skipverja á síldveiðiflotanum, svo og vinna við veiðarfæri, viðhald skipa og verksmiðja o. fl. í þessu sambandi, voru um 48 millj. kr. Hér hefur því Hvalfjarðarsíldin gefið stórauknar atvinnutekjur, sem ríkissjóður hefur haft gott af, bæði í beinum útflutningsgjöldum af afurðunum og líka þann veg, að borgararnir hafa tekið inn mikið fé, sem ríkissjóður skattleggur vitanlega á ýmsan hátt. Ég held þess vegna, að það sé í raun og veru óhætt að segja það, að Hvalfjarðarsíldin hafi gefið landinu ákaflega miklar brúttótekjur.

Um tap á þessari atvinnugrein er nú búið að upplýsa, hverjir töpuðu. Þar tapaði enginn á vinnslunni, nema síldarverksmiðjur ríkisins sjálfar; þær hafa tapað á henni beinlínis nærri 3½ millj. kr. En aftur á móti var afraksturinn til landsmanna af þessari atvinnugrein stórkostlegur, bæði beinn og óbeinn. Það er t. d. upplýst, að vinnulaun og yfir höfuð það, sem greitt var fyrir afla skipanna vegna þessarar atvinnugreinar, hafi verið nærri 40 millj. kr. Einnig hafði Siglufjarðarbær og hans íbúar mjög gott af þessari veiði, sem og þeir, sem gátu stundað atvinnu við þessa veiði hér í höfuðstaðnum. Þegar Hvalfjarðarsíldin kom svona snögglega og svona mikil, þá voru menn yfir höfuð ákaflega óviðbúnir að veiða hana, eins og kunnugt er. — En ég tel, að ríkissjóður hafi ekki tapað neinu í

sambandi við Hvalfjarðarsíldveiðina, heldur hafi hann miklu fremur grætt á henni, og að spyrja um tap ríkissjóðs vegna þessarar atvinnugreinar er þess vegna að spyrja út í bláinn. Ráðuneytið tók að sér lítils háttar þátttöku á móti síldarverksmiðjum ríkisins í þeim mikla kostnaði, sem hlaut að verða því samfara að leigja skip til þess að flytja síldina norður. Og þar sem þurfti að gera alveg sérstakar ráðstafanir með stóru leiguskipin frá Eimskipafélagi Íslands, erlendu leiguskipin, þá tók ríkissjóður lítils háttar hlut í því að greiða þann kostnað, en það er ekki nema nokkur hluti og hann lítill af þeim beinu og óbeinu tekjum, sem ríkissjóður hafði af þessum rekstri. Síldarmóttakan var hafin samkvæmt ákvörðun ríkisstj., þannig að lagt var fyrir síldarverksmiðjur ríkisins að gera þær ráðstafanir, sem til þess þyrfti að koma Hvalfjarðarsíldinni í verkaða vöru og peninga. Og það, að ríkisstj. taldi, að síldveiðar þessar sköpuðu svo mikið útflutningsverðmæti og atvinnu á sjó og landi, hafði algerlega afgerandi þýðingu fyrir afstöðu ríkisstj., þetta, hvað þjóðarheildin hefði gott upp úr þessu.

Af vetrarsíldinni 1947—48 bræddu síldarverksmiðjur ríkisins ..... 1.216.000 mál,
til frystingar fóru um ..... 40.000 mál,
ísuð síld til Þýzkalands var um .. 26.000 mál,
til niðursuðu í Reykjavík og á Akranesi fóru um ..... 450 mál.

Samtals 1.282.450 mál.

Saltaðar voru um 1600 tunnur.

Útflutningsverðmæti afurða þeirra, sem fengust úr þessum afla, nemur um 78 millj. kr., og er þá andvirði beitusíldarinnar ótalið. — Í þessu yfirliti er ekki meðtalinn afli í Kollafirði í ársbyrjun 1947, en hann nam 80.726 málum, og var útflutningsverðmæti afurða úr honum um 5 millj. króna.

Síldarverksmiðjur ríkisins urðu að taka á sig tap vegna vinnslu þessarar síldar, vegna þess að það var eiginlega beinlínis fyrir þær lagt að gera þetta verk, þannig að þær máttu eiginlega ekkert miða það við það höfuðsjónarmið, hvað þeim væri fjárhagslega borgið með. Það, sem varð að meta mest, var að hagnýta aflann, eins og ég sagði áðan. Það varð vart við það hér í Reykjavík, þegar átti að lækka lítils háttar hrásíldarverðið, að þá var því ákaflega mikill mótþrói sýndur, og þótti ekki þess vert að leggja út í stríð við sjómenn af þeim ástæðum. En það er sýnt af því uppgjöri, sem fyrir liggur, að síldarverksmiðjur ríkisins stóðust ekki við að borga það verð, sem þarna var ákveðið á hrásíldinni. En hvað um það. Þetta var sérstakt happ, sem hljóp á snæri þjóðarinnar, og hefði verið alveg óverjanlegt af ríkisstj. að gera ekki það, sem í hennar valdi stóð, og eins hefði verið óverjandi af stjórn síldarverksmiðja ríkisins að gera ekki allt, sem unnt var að gera, til þess að hagnýta þetta atvinnutækifæri þjóðarinnar. Og í raun og veru varð það tap, sem orðið hefur hjá síldarverksmiðjum ríkisins vegna þessa, ekki meira en vænta mátti, og meira að segja mátti eins vel búast við, að tapið yrði á þessu meira en raun varð á. — Nú hafa síldarverksmiðjur ríkisins farið þess á leit, að ríkisstj. og Alþ. hlaupi undir bagga með þeim og bæti þeim þetta tap. Já, það er náttúrlega eins og hér kom fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að það er skylt skeggið hökunni, þar sem um þessar verksmiðjur er að ræða, sem ríkið á. Og ég fyrir mitt leyti lít svo á, að síldarverksmiðjur ríkisins eigi ákaflega mikla siðferðislega kröfu til þess, að þeim sé bættur sá beini halli, sem þær hafa haft af því að vinna vetrarsíldina í fyrravetur, Hvalfjarðarsíldina og Vestfjarðasíldina, og að það borgi sig vel fyrir þjóðina, að þetta var gert, þó svo að ríkissjóður yrði á sig að taka þann alveg beina halla, sem síldarverksmiðjur ríkisins í þessu sambandi hafa orðið fyrir. — Ég vildi láta þessa skoðun mína koma fram við þetta tækifæri. Hitt er svo aftur annað mál, hvað ríkissjóður er megnugur að gera eða hvað hæstv. Alþ. sér fært í þessum efnum. Ég vildi aðeins leggja orð að því, að ég teldi, að siðferðislegan rétt hefði stjórn síldarverksmiðja ríkisins með sér hvað þetta snertir.

Ég hef þá upplýst það, sem spurt er um undir 1. tölul. þessarar fyrirspurnar og 2. tölul., a og b. Þá er spurt um undir c-lið, hve mikið hafi verið tap útvegsmanna í þessu sambandi. Og undir tölulið 3 er spurt, hvaða ástæður hafi legið til, að þetta bjargræði orsakaði svo mikið og margþætt fjárhagstjón. Yfir tap útvegsins í þessu sambandi hef ég engar skýrslur, og þær hafa hvergi, svo að ég viti til, verið birtar eða teknar saman. Það var, eins og kunnugt er, þröngvað að þessum veiðum ákaflega miklum fjölda báta, sennilega miklu fleiri en brýn þörf var á. Og það fór, eins og venjulega fer, þegar útgerð er rekin eins og þarna, þannig, — því að þarna voru 163 skip, sem komust í þetta alls, — að þá hljóta alltaf að verða ýmsir, sem tapa, jafnvel þó að hjá ýmsum gangi vertíðin vel og öðrum sæmilega. Það er út af fyrir sig ekkert nýmæli við íslenzka útgerð, að sumir gangi frá vertíð með hagnað þar, sem aðrir hafa tapað. Það kemur undir ýmsu og sérstaklega þó undir heppni í fiskveiðum. Það gekk sú saga, að ýmsir hefðu tapað á veiðinni í Hvalfirði í fyrra. Það kann vel að vera, að svo hafi verið. Engar skýrslur eru til um það. Hitt er víst, að ákaflega margir bættu á þeim veiðum mjög sinn hag, og yfirleitt ber á þessar veiðar að líta sem miklu meira hagræði en að þær hafi verið skaðræði. En maður gæti freistazt til að halda, að hér væri um tjón að ræða, ef um ókunnugleika væri að ræða, og að það lægi á bak við þá fyrirspurn, sem er hér undir tölul. 3, sem er þannig, að spurt er um, hvaða ástæður liggi til, að þetta bjargræði orsakaði svo mikið og margþætt fjárhagstjón. Þetta er á mesta misskilningi byggt, því að hér var um bjargræði að ræða, sem skapaði þjóðinni um 78 millj. kr. útflutningsverðmæti, sem eru atvinnutekjur fólks bæði á sjó og landi í milljónatugatali, ef talið er saman, og skapað hefur ríkissjóði töluverðar beinar tekjur og miklu meiri óbeinar tekjur, vegna þess að borgararnir fengu ástæður til að vinna sér inn góða peninga. Ég tel spurninguna undir tölul. 3 því alveg á misskilningi byggða. Hið eina tap, sem hér er um að ræða, sem sagt, er, að síldarverksmiðjur ríkisins vantar 3,3 millj. kr., til þess að þeirra kostnaður og ágóði vegna vinnslu þessarar síldar geti staðizt á, m. ö. o. við verk, sem ríkisstj. beinlínis

hlutaðist til um að leggja fyrir síldarverksmiðjurnar að vinna til hagsbóta fyrir þjóðfélagsheildina, og svo tap einstöku báta, sem hafa orðið útundan við veiðarnar. En um það getur maður ekki kennt síldveiðunum, heldur veiðileysinu hjá þessum bátum.

Ég læt svo útrætt um þessar spurningar. Ég hef a. m. k. reynt til að gefa þær réttu upplýsingar í hverju tilfelli.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir, hvað hann hefur hér glímt við nokkuð erfitt mál. Og ánægjulegt er að vita, hverjar heildartekjur hafa orðið af þessum veiðum. Hitt er náttúrlega annað atriði, — og fyrir mér vakti, að þjóðin fengi að skilja, hvernig á því stæði, — að svona miklar þjóðartekjur urðu ekki enn meira happ fyrir útgerðarmenn en raun varð á, því að mér er kunnugt um það, að mjög margir af bátunum, sem stunduðu þessar veiðar, voru verr haldnir eftir en áður. Í öðru lagi er það, að síldarverksmiðjur ríkisins, sem unnu úr þessari síld, hafa beðið við það milljónatap. Og í þriðja lagi, eins og hæstv. ráðh. segir, er ekki ósennilegt, að stjórn síldarverksmiðjanna vilji færa þetta tap yfir á almenna gjaldendur í landinu. Í þessu liggur viðurkenning hæstv. ráðh. um það, að hagnýting þessara þjóðartekna hefur þó í vissum tilfellum orðið að tapi. En þessi skýrsla sýnir, hvernig undirstaða atvinnuveganna í landinu er, fyrir áhrif dýrtíðarinnar, þegar jafnvel slíkt atvinnuhapp eins og Hvalfjarðarsíldin verður í sumu tilliti að tapi, í staðinn fyrir að af þessu mikla happi hefði átt að koma fram allsherjar gróði.

21. Skuldir og ábyrgðir ríkissjóðs.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til fjmrh. um skuldir og ábyrgðir ríkissjóðs [71. mál, 4] (A. 114).

Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn er að sumu leyti nokkuð lík annarri fyrirspurn á þessu sama þskj., sem hv. 1. þm. Reykv. hefur gert og þegar er búið að svara, og þá um leið efnislega nokkru af þessari fyrirspurn minni. Ég hafði ekki séð þá fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv., þegar ég kom með þessa fyrirspurn mína. En samt er þarna nokkur munur á þessum tveim fyrirspurnum. Ég óska eftir, að Alþ. fái yfirlit um það, hvað séu fastar skuldir ríkissjóðs og hvað lausar skuldir, og í stórum dráttum, hverjir séu lánardrottnar ríkissjóðs, bæði hvað snertir fastar skuldir annars vegar og hins vegar lausar skuldir. Og í þriðja lagi er mín fyrirspurn um það, hvað mikið af skuldum ríkissjóðs séu samningsbundnar með margra ára greiðsluákvæðum, og hve mikið megi teljast lausaskuldir. — Um ábyrgðir ríkissjóðs hefur hæstv. fjmrh. þegar gefið svör. Um 5. liðinn hefur hæstv. ráðh. líka svarað ýtarlega. Ég vildi þó óska, ef hann gæti án mikillar fyrirhafnar, að hann sundurliðaði, hvaða ábyrgðir eru fyrir sveitarfélög og hvaða ábyrgðir eru fyrir vatnsvirkjanir.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hafði fyrr á þessum fundi svarað fyrirspurn um ábyrgðir ríkissjóðs. En þessi fyrirspurn hefst á orðunum: Hve miklar eru fastar og lausar skuldir ríkissjóðs? Og í öðru lagi er hér spurt: Hverjir eru lánardrottnar ríkissjóðs, þar sem skuldin nemur millj. kr. eða meira?

Skuldir ríkissjóðs voru 31. október 1948 eftirfarandi:

1. Föst lán:
Innlend:

Landsbankinn	kr.	8.340 000.00
Búnaðarbankinn	—	4.000.000 00
Tryggingast. ríkisins	—	9.700 000.00
Handhafaskuldabr.lán og ýmsir	—	28.732 000.00
Samtals	kr.	50.772.000.00
Erlend lán, sem er aðallega danskir bankar og tryggingafélög	—	5.356.000.00
Föst lán samtals	kr.	56.128.000.00

2. Lausaskuldir ríkissjóðs voru 31. okt. 1948 þessar:

Landsbankinn	kr.	74 160.000.00
Útvegsbankinn	—	10.302.000.00
Tryggingast. ríkisins	—	4 273.000.00
Ýmsir	—	3.587.000.00
Samtals	kr.	92.322.000.00
3. Geymt fé	kr.	20.950.000.00
Þessir liðir eru samtals	kr.	169.400.000.00

Ég vil gefa þá sundurliðun á lausaskuldum ríkissjóðs við Landsbankann, að þær eru:

Víxill vegna ullaruppbótar 4.000.000.00 kr., yfirdráttur á hlaupareikningi 49.589.000.00 kr., yfirdráttur vegna gjaldeyrisbankans 1.299.000.00 kr., sama vegna gjaldeyrissjóðs 6.492 000.00 kr., yfirdráttur vegna fiskábyrgðar frá 1947 12.117.000.00 kr., yfirdráttur vegna fiskábyrgðar frá 1948 663.000.00 kr. — Samtals verða þessar lausaskuldir við Landsbankann þá 74.160 000.00 kr.

Hér í þessu yfirliti yfir allar fastar og lausar skuldir ríkisins á þessum tíma eru þó ekki með taldar 15 millj. kr., sem er happdrættislán ríkissjóðs, sem þá hafði ekki enn verið innborgað í ríkissjóð, en því verður varið til greiðslu á lausaskuldum Landsbankans.

Hér með er upplýst um leið, hverjir eru lánardrottnar ríkissjóðs, sömuleiðis hverjar séu lausaskuldir ríkissjóðs og fastar skuldir. — Um ábyrgðir ríkissjóðs hafði ég áður á þessum fundi gefið skýrslu, og sömuleiðis kom þar í ljós, hverjir hefðu fengið fyrirgreiðslur með ríkisábyrgðum, enn fremur hef ég upplýst um það, sem spurt er hér um undir 6. tölul., hvaða lántakendur, sem ríkið hafi ábyrgzt lán fyrir, hafi lent í

greiðsluvanskilum, og sömuleiðis um það, sem í 7. tölul. er spurt um, hve mikið ríkið hafi orðið að greiða vegna ábyrgða. — Ég ætla því, að ég sé búinn að leysa, svona í stórum dráttum, úr þessum fyrirspurnum, sem hér hafa verið fram settar og beint hefur verið til mín. En að öðru leyti, ef það er eitthvað, sem þykir enn vanta um svör frá minni hendi, og ef ég hefði það hér við höndina, sem gæti gefið svör við því, þá skal ég fúslega líta eftir því og svara. En annars eru þessar fyrirspurnir svo margar, að það er dálítið erfitt að vera þannig í stakk búinn að geta svarað þeim öllum ýtarlega með tiltölulega litlum undirbúningi.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar, og hefur hann nú gert vel í því að gefa hæstv. Alþ. mikinn fróðleik, sem það hafði ekki áður. Það, sem er ákaflega eftirminnilegt úr þessum tölum, er það, hve mikið ríkisstj. hefur leyft sér að fá lánað í Landsbankanum, og er það íhugunarvert fyrir þingheim viðvíkjandi framtíðinni, hversu á að ráða fram úr, þannig að ríkið þurfi ekki að vera í þeim vandræðum, sem það er í nú. — Ég þakka svo hæstv. ráðh. fyrir hans greiðu svör.

22. Tímarita- og blaðasafn Helga Tryggvasonar.

Á 17. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til menntmrh. um notkun heimildar til kaupa á tímarita- og blaðasafni Helga Tryggvasonar [71. mál, 5] (A. 114).

Á 18. fundi í Sþ., 18. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. hefur notað heimild í 22. gr. fjárlaganna, lið XX, til að kaupa tímarita- og blaðasafn Helga Tryggvasonar bókbindara, og ef svo er, fyrir hvaða verð safnið er keypt og með hvaða greiðsluskilmálum, og enn fremur, hvort safnið hefur verið metið, og ef svo er, af hvaða aðilum og fyrir hvaða verð. Ég sé, að í fjárl. fyrir 1949 er gert ráð fyrir, að greitt sé í vexti vegna láns hjá Helga Tryggvasyni, vegna kaupa á blaðasafni, 10800 kr. og 30000 kr. í afborgun af því láni, og ég geri ráð fyrir, að þetta standi í sambandi við þessi kaup. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í málið á þessu stigi, en óska eftir að fá upplýsingar um þetta frá hæstv. menntmrh.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur haft yfir fyrirspurnina. Svörin eru þessi: Ríkisstj. hefur notað heimildina. Safnið var keypt fyrir 300 þús. kr., 30 þús. kr. greiðast strax, 270 þús. kr. með skuldabréfum, sem greiðast á næstu árum, eitt á hverju ári. Vextir eru 4%. Það var ekki talið rétt af ráðun. að láta meta safnið. Það þótti of áhættusamt vegna þess, hve flöktandi hugmyndir manna eru um verðmæti slíkra safna. Um safnið var samið, og var það ófáanlegt fyrir minni fjárhæð en um samdist. Aðrir kaupendur voru til, og hefði ríkisstj. ekki keypt safnið, þá hefði það sundrazt. Ríkisstj. vildi, þegar þannig stóð á, heldur kaupa safnið en að láta sundra því. Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Mig undrar mjög að heyra þessar upplýsingar frá hæstv. menntmrh. Hæstv. menntmrh. var vel kunnugt um, að safnið var boðið á 350 þús. kr. til ríkisins, og var það erindi sent til fjvn., sem mælti á móti því, að safnið yrði keypt fyrir nokkuð nálægt þeirri upphæð. Hæstv. ráðh. var einnig kunnugt um, að heimildin, sem gefin var, marðist í gegn í fjvn. með framsóknaratkvæðum og atkv. kommúnista, sem alltaf eru reiðubúnir til þess að hjálpa Framsfl., og einu atkv. til, til þess að gefa ráðh. heimildina, þó með því skilyrði, að ríkisstj. öll væri sammála um þetta og hægt yrði að fá hagkvæm kjör og hagkvæmt verð. Honum var einnig kunnugt um ummæli frá landsbókaverði, þar sem það er upplýst, að miklar eyður séu í safninu og að þetta sé alls ekki fullkomið blaðasafn. Þar er einnig sagt, að hann telji enga brýna þörf á að leggja Landsbókasafninu þetta safn til, en hins vegar segir hann, að það sé gott fyrir ríkið að eiga safnið til þess að geta útbýtt því á milli annarra safna í landinu, þannig, að það verði ekki sem ein heild, heldur til þess að fylla upp í eyður annarra safna hingað og þangað á landinu. Mér þykir þetta ákaflega einkennilegt, þegar sama ríkisstj. notar þessa heimild, sem þannig er fengin á fjárl. og með þeim skilyrðum, sem ekki voru uppfyllt, hins vegar notar einnig heimild í fjárl. á sama ári til að draga úr fjárframlögum til verklegra framkvæmda, um allt að 35%, að jöfnum hlutföllum. Eftir svona ráðstafanir fer ég að taka með allri varfærni þau ummæli ríkisstj., sem gera kröfur til þess, að dregið sé úr verklegum framkvæmdum í landinu. Þegar teknar eru 300 þús. kr. úr ríkissjóði fyrir jafnauvirðilegan hlut, og það á þeim tíma, þegar ríkissjóður treystir sér ekki undir neinum kringumstæðum til að greiða þetta út, heldur bindur sér nærri 11 þús. kr. vaxtabyrði á fyrstu árunum vegna þessara kaupa. Ég hefði viljað vita um það, hvort hæstv. fjmrh. hefði verið fullkomlega með þessari ráðstöfun á fé úr ríkissjóði, því að ef svo er, þá kann það að hafa önnur og lakari áhrif á afgreiðslu fjárl. á þessu ári en búast mætti við. En hæstv. menntmrh. hefur upplýst, að ríkisstj. standi öll að því, að svona var farið með þennan lið fjárl. Hins vegar var hæstv. fjmrh. bent á, að þessi heimild yrði ekki notuð, nema brýn nauðsyn væri fyrir hendi og safnið fengist fyrir viðunanlegt verð.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég er ekkert

að kvarta yfir því, sem fram kemur, en ég vil benda mönnum á það, að ef þessi fyrirspurnatími á að koma að gagni, þá eiga menn að nota hann til að fá upplýsingar, en láta síðar í ljós, ef þeir eru hissa yfir því, sem svarað er. Það er heppilegra til þess að gera ekki þessa góðu hugmynd með fyrirspurnir og svör að engu og eyðileggja hana. — En út af ræðu hv. þm. Barð. gæti ég haft tilefni til að halda langa ræðu, en ég ætla ekki að gera það. Það væri misnotkun á fyrirspurnatímanum. Ég ætla að upplýsa það, að ríkisstj. var sammála um að nota þessa heimild, eins og tilboðið að lokum lá fyrir frá eiganda safnsins. Ég hygg, að hv. þm. Barð. sé einn landsmanna um þá skoðun, að hér hafi verið keyptur auvirðilegur hlutur. Þetta safn er alveg einstakt í sinni röð, ekkert hliðstætt til. Ég tel alveg gersamlega óhætt að fullyrða, að það hefði verið með öllu óbætanlegt tjón, ef það hefði sundrazt, og það er óhætt að bera það undir bókfróða menn, hvort óskynsamlegt hafi verið að kaupa það, þó að eigandinn héldi því í þessu verði. Að öðru leyti mun ég ekki munnhöggvast um þetta hér.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. Barð. um það, hvort ég sem fjmrh. hafi verið samþykkur því að kaupa þetta bókasafn, vil ég kannast við, að ég var það, enda allir í ríkisstj. Ég man ekki betur en að þetta væri formlega samþ. á ráðherrafundi, og ég gerði ekki ágreining. Hitt er svo annað mál, að eins og ástatt var með ríkissjóð, og peningar voru ekki fyrir hendi, þá var farin sú leið að fá greiðslufrest á andvirði safnsins og borga það niður á nokkrum árum. Það, að þessi gerning hafi einhver örlagaþrungin áhrif á afgreiðslu fjárl., skal ég ekki um dæma, en þá gerast margir örlagaþrungnir hlutir af stærri atburðum, ef þetta á að valda stórbyltingu við afgreiðslu fjárl. Þegar Alþ. samþ. heimild til ríkisstj., hver sem hún er, þá er mjög undir það ýtt, og þykir af sumum nærri skylt að nota slíka heimild. Ég segi ekki, að það sé skylt, þó að ýmsir haldi því fram, en við hitt geta allir kannazt, að ýtt er undir ríkisstj. að gera þá hluti, sem heimilað er í l. að gera.

23. Lyfsölumál.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um lyfsölumál [79. mál, 1] (A. 131).

Á 22. fundi í Sþ., 25. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef nokkur undanfarin ár átt kost á því að fylgjast með ýmsu, sem gerzt hefur í lyfsölumálum hér á landi, og hefur það ekki allt verið til ánægju með yfirstjórn þessara mála. Þetta má sjálfsagt að nokkru leyti kenna því, að hann er mjög lítill lagabálkurinn um fyrirkomulag þessa rekstrar, þar sem aðallagaboðið er tilskipun frá 1672. En því betur hefði mátt rækja þetta, þar sem segja má, að sáralitlar skorður hafi verið settar og framkvæmdarvaldið hafi frjálsar hendur að laga þetta í hendi sér. En við athugun þessa máls hefur mér fundizt eins og yfirstjórn þessara mála væri langt frá því að vera viðunandi. Ég hef nú alltaf litið þannig á, að yfirstjórn sérstakra mála væri til þess fallin að koma þeim málum í sem bezt horf og reyna að halda sem beztri samvinnu við þá stétt, sem hefur málin með höndum, en finnst nokkuð öðru máli gegna í heilbrigðismálum, því að mér skilst, að allt logi í illindum, og man ekki betur en að landlæknir hafi í opinberu blaði lýst yfir, að hann teldi sig settan til höfuðs læknastéttinni, frekar en að hann væri samstarfsmaður hennar. Þessi skoðun hefur því fremur komið fram gagnvart lyfsalastéttinni, og það, sem hefur vakið einna mest hneyksli, er það, hvernig skipað er í lyfsalastöður undanfarið, þar sem gengið hefur verið fram hjá lyfsölum úti á landi, þó að þeir hafi staðið vel í stöðu sinni, og er það mjög hættulegt, því að erfitt mun reynast að fá bærilega menn til þess að taka að sér starf úti á landi, ef þeir eiga von á, ekki einasta að fram hjá þeim sé gengið, heldur að fá spörk í sig hjá ráðamönnum þessara mála, er þeir sækja um stöður í Rvík, eftir að hafa unnið dyggilega úti á landi. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn, en vegna þess að ég hef heyrt, að eftir tillögu landlæknis hafi verið gengið fram hjá tveim ágætum mönnum við veitingu Kleppsholtsapóteks vegna þess, að rekstur þeirra hafi ekki verið í sæmilegu lagi, þætti mér gott að vita, hvernig eftirlitið hefur verið með rekstri lyfjabúða undanfarin ár.

Ég skal svo ekki ræða meir um þetta á þessu stigi málsins.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Fyrsta spurningin er um það, hvernig eftirliti með lyfjabúðum hafi verið háttað síðan lög nr. 7 4. júní 1924 komu í gildi, en hinar spurningarnar eru um það, hversu oft eftirlitsmaður hafi komið í hverja einstaka lyfjabúð árlega, hvernig eftirlitið hafi verið framkvæmt og hvaða reglu hafi verið fylgt um veitingu lyfsöluleyfa undanfarin ár. — Ég mun nú leitast við að svara þremur fyrstu spurningunum í einu lagi með því að lesa úr skýrslu, sem landlæknir hefur samið og er, að ég hygg, eins ýtarleg og hægt er að ætlast til, en þar segir svo:

„Frá því að lyfjabúðarekstur hófst hér á landi, hafa lyfjabúðir verið undir sérstakri umsjá og eftirliti landlæknis. Lyfsalar hafa snúið sér til hans með mál sín, er þeir áttu undir hið opinbera að sækja. Hann hefur heimilað þeim fjarvistir og samþykkt staðgöngumenn þeirra, og honum hafa lyfsalarnir tilkynnt, eða átt að tilkynna, misferli í lyfjabúðunum, þegar svo hefur borið undir. Á sama hátt hafa læknar snúið sér til landlæknis, er þeir hafa haft undan einhverju að kvarta vegna lyfjabúðanna, og hið sama allur

almenningur. Þá hefur landlæknir undirbúið öll mál, er varða lyfjasölu, í hendur ríkisstjórnarinnar, sem auðvitað hefur yfirstjórn allra þessara mála. Þó hefur það orðið hefð, að landlæknir einn setji og birti allar reglur varðandi afgreiðslu lyfja og starfshætti í lyfjabúðum, enda engin lagaákvæði fyrir hendi, er mæli fyrir um að setja slíkar reglur með venjulegum hætti. Enn var lyfsöluskráin lengst af samin af landlækni, en að sjálfsögðu staðfest af ríkisstj.

Þessari umsjá og almenna eftirliti með lyfjabúðum er þráfaldlega ruglað saman við lyfjabúðaeftirlit annars eðlis og þrengri merkingar. Það er hið verklega eftirlit, sem á Norðurlöndum a. m. k. er í föstu formi, hinar svonefndu vísitasjónir. Þær eru í því fólgnar, að sérstakur vísitator heimsækir hverja lyfjabúð einu sinni á ári eða svo og eftirlítur lyfjabúðina, reynir að lesa niður í kjölinn vinnuskilyrði öll og vinnutilhögun, en gerir umfram allt skoðun á lyfjaefnum og lyfjum, sem á boðstólum eru, enda tekur af þeim sýnishorn og rannsakar, hvort þau fullnægi gerðum kröfum.

Upphaflega kann að hafa verið tilætlunin, að landlæknar leystu einnig persónulega af hendi þetta verklega eftirlit, og ekki verið fráleitt að ætlast til þess, er þróun þessarar iðju var enn skammt komið. En sannast mála er það, að landlæknar hafa aldrei haft tök á að rækja það með nokkurri reglu. Hafi þeir gripið í það, hefur það vægast sagt verið málamyndaþjónusta og aldrei náð því að svara tilgangi sínum. Einkum hlaut þetta að verða svo, er fram í sótti og fjarstæða var orðin að ætlast til, að eftirlit þetta yrði rækt af öðrum en völdum lyfjasérfræðingi og þá annaðhvort lyfsölufræðingi (pharmaceut), er allra helzt hefði meiri menntun til að bera en lyfsölufræðingar almennt, eða þá lyfjasérfróðum lækni, þ. e. lyfjafræðingi (pharmacolog), enda skorti þá ekki tæki til framkvæmda eftirlitsins og allra sízt aðgang að fullnægjandi lyfjarannsóknastofu.

Þann tíma, sem lyfsölufræðingur hafði á hendi forstöðu Áfengisverzlunar ríkisins, var honum ætlað að hafa á hendi hið verklega eftirlit með lyfjabúðunum, en auðvitað að því óbreyttu, að hið almenna eftirlit væri eftir sem áður í höndum landlæknis. Ekki eru gögn fyrir hendi um, hversu forstöðumaðurinn hefur hagað þessu *eftirliti sínu, en tæplega mun það hafa komizt* í fullnægjandi horf og auðvitað fyrir það, að sum mikilsverð skilyrði skorti enn til þess.

Þegar núverandi landlæknir tók við embætti sínu og um leið hinu almenna eftirliti með lyfjabúðunum, dró hann enga dul á, að sjálfa framkvæmd hins verklega eftirlits tæki hann ekki að sér, með því að til þess brysti öll skilyrði, að hann fengi rækt það, svo að nokkru haldi kæmi. Að gefnu tilefni gerði hann grein fyrir þessu opinberlega. Leit landlæknir svo á, að væri nokkurs árangurs að vænta af verklegu eftirliti af hendi ósérfróðs læknis með starfsháttum í lyfjabúðum, væri nær að fela slíkt eftirlit héraðslæknum, hverjum á sínum lyfjabúðarstað. Héraðslæknarnir flestir hefðu dagleg viðskipti við lyfjabúðirnar og ættu hægt um vik að kynnast ásigkomulagi þeirra. Væri ólíku saman að jafna aðstöðu þeirra og aðvífandi læknis, er stingi við stafni í lyfabúð í hæsta lagi einu sinni á ári. Féllst ráðuneytið á þetta með ákvæði þar að lútandi í 10. gr. erindisbréfs héraðslækna, sem sett var samkvæmt nýjum læknaskipunarlögum frá 1932. Engu síður taldi landlæknir brýna þörf á, að komið væri á virku eftirliti með lyfjabúðunum af hendi sérfróðs visitators, eftir beztu erlendum fyrirmyndum, og hóf hann þegar að vinna að því. Og með því að þá var fyrir hendi að mennta ungan og efnilegan lækni til að taka að sér kennslu í lyfjafræði (pharmacologi) við háskólann, varð ofan á að gera ráðstafanir til þess, að hann byggi sig jafnframt undir að taka að sér framkvæmd hins verklega lyfjabúðaeftirlits. Tók hann og við því í umboði landlæknis árið 1939. Var þar kominn maður, sem bæði hafði þekkingu á að rækja þessa starfsemi og nauðsynleg skilyrði til þess. En stutt varð í þeirri þjónustu. Þá er 2—3 ár voru af starfstíma hans, urðu leið misferli í einni lyfjabúðinni, og gerði eftirlitsmaðurinn það að skýlausu fráfararatriði, að ábyrgð yrði komið fram vegna misferlisins, að svo miklu leyti sem lög stæðu til, en væru lögin ófullnægjandi, yrði þeim breytt til ýtrustu tryggingar því, að svipuð misferli vörðuðu ábyrgð eftirleiðis. Þrátt fyrir atfylgi landlæknis sinnti hvorki ríkisstj. né Alþ. kröfu eftirlitsmannsins, og lét hann af starfinu. Eftirlitsgerðir hans eru allar fyrir hendi.

Lá nú hið verklega eftirlit niðri, unz aftur var völ á vel hæfum, ungum og áhugasömum manni til að taka það að sér. Hefur hann lokið doktorsprófi í lyfsölufræði í Bandaríkjunum. Tók hann við starfi sínu um síðustu áramót og hagar því í samráði við landlækni. En auk þess er honum ætlað að annast kennslu við lyfjafræðingaskóla Íslands og vera lyfjakauparáðunautur Tryggingastofnunar ríkisins. Eftirlitsstarfið hefur hann stundað á þessu ári af miklum áhuga og dugnaði, að öðru leyti en því, að enn er löggjafar vant til tryggingar því, að það komi að fyllstu notum.

Ríkissjóður hefur að undanförnu engan sérstakan kostnað borið af lyfjabúðaeftirlitinu, hvorki af hinu almenna eftirliti né hinu verklega, nema hafi einhver ferðakostnaður verið greiddur vegna hins verklega eftirlits, þegar það hefur verið rækt. Síðan 1924 hafa lyfjabúðir *greitt árlega* 250 króna svonefnt eftirlitsgjald, og hefur það haldizt óbreytt síðan þrátt fyrir breytt verðlag. Fé þessu var varið til uppbótar á laun landlæknisembættisins, unz launalögin gengu í gildi. Núverandi eftirlitsmaður hefur 11000 króna árslaun (grunnlaun), en þau greiðir Tryggingastofnunin að hálfu, auk þess sem í móti kemur eftirlitsgjald lyfjabúðanna og þóknun af hendi lyfsalanna fyrir kennslustörfin, sem þeim ber að lögum að standa straum af. Kostnaður ríkissjóðs verður því ekki tilfinnanlegur, allra sízt ef eftirlitsgjaldið yrði hækkað í samræmi við breytt verðlag."

Fjórða spurningin er á þá leið, hvaða reglu hafi verið fylgt um veitingu lyfsöluleyfa. Um þetta get ég fyrir mitt leyti ekki sagt nema lítið eitt, því að það er svo stutt síðan ég fór að hafa afskipti af þessum málum, en land-

læknir hefur látið í té svofellda grg. varðandi veitingu lyfsöluleyfa:

„Þeirri reglu um veitingu lyfsöluleyfa hefur verið fylgt undanfarin ár að auglýsa eftir umsækjendum eftir verðleikum og meðal annars með sem fyllstu tilliti til starfsaldurs, unz tilteknu aldurshámarki er náð. Þó hefur þótt rétt að leggja annan mælikvarða á starfsaldur lyfsala, sem ungir hafa hlotið lyfsöluleyfi án allrar samkeppni, en lyfsölufræðinga, sem lengi hafa starfað í annarra þjónustu, án þess að hafa átt kost á því að keppa um lyfsöluleyfi."

Frá minni hendi er ekki annað um þetta að segja en það, að fallið hefur í minn hlut að ákvarða um nokkur leyfi, og hef ég í þeim tilfellum öllum farið eftir leiðbeiningum og tillögum landlæknis. En það, sem ég mun kappkosta að leggja áherzlu á, er menntun, hæfileikar, starfsaldur og svo það, hvernig reynsla er af störfum þessara manna, þar sem þeir hafa starfað, hvort sem það hefur verið í eigin þágu eða í þjónustu annarra. Hv. fyrirspyrjandi, sem annars gerði ekki mikla grein fyrir fsp. sinni, talaði um, að einstakar veitingar hafi valdið hneyksli í þessu sambandi. Það getur verið mikið álitamál, hverjum skuli veita af mörgum vel hæfum umsækjendum og á hvaða atriði skuli leggja mesta áherzlu, og skal ég ekki fara nánar út í það í sambandi við þessa fsp. Ég tel mig hafa svarað henni.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jóhannesson): Ég vil þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir upplýsingar þær, sem hann hefur gefið, og hefur þar komið fram, sem ég í rauninni vissi, að því hefur verið slegið föstu, að í tíð núverandi landlæknis hafi lyfjabúðirnar greitt árlegt gjald til þess að litið sé eftir þeim, án þess að til nokkurs eftirlits hafi komið, og hefur þetta því orðið uppbót á laun landlæknis. Hins vegar virðast þessi mál vera að komast í betra horf núna. En þá er vitanlega ekki hægt að gagnrýna lyfsalana, þótt eitthvað hafi verið í ólestri hjá þeim, sem hefði verið hægt að lagfæra með eftirliti, þó að ekki hefði verið meira en var í tíð núverandi landlæknis.

Þá kem ég að síðara atriðinu, um veitingu lyfsöluleyfa, og þykir gott að fá því slegið föstu, að menntmrh. hafi í þessu tilfelli farið eftir tillögum landlæknis, en verð að segja, að þær till. hafa í ýmsum tilfellum verið harla einkennilegar. Ég veit ekki, hvort búið er að veita lyfsöluleyfi fyrir Kleppsholtsapóteki, en ég veit, að um Ingólfsapótek sóttu margir ágætir menn, lyfsalar og lyfjafræðingar, sem höfðu mikla reynslu að baki sér og ágætan starfsferil, en í þetta embætti var tekinn heildsali ofan af Njálsgötu, raunar með prófi, en var farinn úr sinni stétt og hafði farið út meðan á stríðinu stóð og verið í pilluverksmiðju í Kaupmannahöfn og tekizt á hendur heildsölu hér. Ég hef ekkert út á manninn að setja persónulega, ég þekki hann lítið og heldur að góðu, en mér finnst hreint þurfa sérstaka hugkvæmni til þess, að slíkum manni sé veitt þessi eftirsótta staða og gengið fram hjá fjölda af beztu lyfjafræðingum landsins, og þetta má alls ekki láta óátalið, og það er aðallega út af þessu, að ég hef komið fram með þessa fyrirspurn, ef verða mætti, að menntmrh. sýndi meira sjálfstæði í veitingu lyfsöluleyfa og færi ekki aðallega eftir tillögum landlæknis, alveg óathugað.

Jónas Jónsson: Út af fjórða lið fyrirspurnarinnar, um reglur fyrir veitingu leyfis til lyfjasölu, vildi ég minna á það, sem tekið var til umr. í fyrra, að í Rvík, sem telur 55 þúsund íbúa, eru nú 4 lyfjabúðir. Sagt er, að 8 menn hafi sótt um lyfsöluleyfi í Kleppsholti, og vitað er, að miklu fleiri menn væru undir það búnir og fúsir til að stofna lyfjabúðir í Rvík. Því má furðulegt heita, að hv. þm. Seyðf., sem talaði um þetta mál síðast, skuli vera úr þeim flokki, sem hefur mjög lagt áherzlu á það, að hann mundi berjast fyrir frjálsri verzlun. Það er að vísu ýmsum erfiðleikum bundið að hafa alla verzlun eins frjálsa og unnt væri, en væri þó það minnsta, að þeir menn, sem hafa gert það að einu höfuðáhugamáli sínu, að verzlunin verði frjáls, — að þeir skuli ekki hafa beitt sér af meiri áhuga fyrir því, að þetta eldgamla einokunarskipulag verði fært til betri vegar. — Þegar ég hafði með þessi mál að gera, voru íbúar Reykjavíkur ekki nema 20 þús. og lyfjabúðirnar tvær, en mér tókst þó að fjölga búðunum um helming, og við það situr. Mér finnst nú ekki óviðeigandi, að þeir dugnaðarmenn, sem eru hér og telja sig formælendur frjálsrar verzlunar, reyndu að koma því til leiðar, að lyfjabúðum í bænum væri fjölgað upp í 10, til þess að afnema það ófremdarástand, sem nú ríkir í lyfsölumálum bæjarins.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hélt, þegar hv. þm. S-Þ. kvaddi sér hljóðs, að það væri til þess að skýra frá störfum sínum sem heilbrigðismálaráðherra og gera grein fyrir þeim reglum, sem hann fór eftir við veitingu lyfsöluleyfa, en hann hafði annað erindi, sem ég blanda mér ekki í. — Út af orðum hv. þm. Seyðf., þá mun ég ekki halda langar ræður um veitingar á einstökum leyfum, enda hef ég ekki við höndina skýrslu landlæknis varðandi veitingu Ingólfsapóteks. En eftir því sem ég þekki til embættisrekstrar landlæknis, þá treysti ég honum alveg til að gera tillögur sínar samvizkusamlega úr garði, og hafði ég enga ástæðu til að vefengja þau rök, sem hann færði fram till. sinni til stuðnings. Varðandi það, að sá maður, sem fékk Ingólfsapótek, hafi verið kominn út úr sinni stétt, þá mun landlæknir ekki hafa litið þannig á, að þau störf, sem hann vann, hafi verið óskyld lyfsölu, því að hann var við lyfjagerð. Þetta vildi ég láta koma fram um till. landlæknis og rökstuðning hans við þær að gefnu tilefni frá hv. þm. Seyðf., en get ekki farið nákvæmar út í þetta, af því að ég hef ekki skýrslu landlæknis við höndina.

24. Fæðingardeild landsspítalans.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til heilbrmrh. um fæðingardeild landsspítalans [79. mál, 2] (A. 131).

Á 22. fundi í Sþ., 25. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þrjár fyrirspurnir til hæstv. menntmrh. varðandi byggingu fæðingardeildar landsspítalans, enda þykir nú mörgum manni í bænum, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á byggingu hennar, svo að um einstakt hneyksli mun vera að ræða um seinagang við opinberar framkvæmdir. Reykjavíkurbær hefur lagt fram sinn skerf til fæðingardeildarinnar, svo að ekkert er upp á bæinn að klaga, en heilbrigðisstjórn ríkisins hefur séð um framkvæmdina frá upphafi. En ef maður sleppir drættinum, sem orðið hefur á því, að deildin tæki til starfa, þá er ýmislegt annað, sem einkennilegt er um þessa byggingu, svo sem þegar sú fregn komst á kreik og reyndist rétt, að húsameistari ríkisins hafi staðið fyrir því að fylla kjallara hússins með grjóti. Ýmislegt fleira hefur komið fram, en ég mun ekki rekja það hér. Það hefur venjulega verið svo, þegar spurt hefur verið um framkvæmdir í þessu máli, að spurningunum hefur verið mætt með skætingi af landlækni, sem hefur viljað kæfa málið í blaðaskrifum og orðaflaumi. Ég vona því, að hæstv. ráðh. geti upplýst málið og geti sagt, að ekki verði langt þangað til deildin muni taka til starfa, og þess vegna hef ég borið fram þessar þrjár fyrirspurnir.

Það er alltaf mikið rætt um þetta mál og alls konar sögur ganga, t. d. er ein um það, að keypt hafi verið sótthreinsunartæki, en þau hafi ekki komizt inn í húsið, svo að nú eigi að byggja viðbyggingu yfir þau. Mér dettur náttúrlega ekki í hug að trúa þessu, en svona sögur komast á kreik vegna þess, hve margt hefur verið undarlegt við þessa byggingu. Ég vonast svo til þess að fá skýr svör frá hæstv. ráðh., svo að almenningur geti fengið að vita hið sanna í málinu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég held, að það væri rétt fyrir þá, sem bera fram fyrirspurnir, að koma ekki fram með ný atriði, þegar þeir gera grein fyrir fyrirspurnum, atriði, sem maður hefur ekki haft tækifæri til að búa sig undir að svara, eins og t. d. þegar hv. fyrirspyrjandi kom með grjótmálið. Ef það hefði verið í fyrirspurninni, þá hefði ég getað gert grein fyrir því, en sem stendur hef ég ekki gögn við höndina til þess. — Nú, 1. spurning hljóðar svo: „Hvenær var upphaflega ráðgert, að fæðingardeild landsspítalans gæti tekið til starfa í hinni nýju byggingu deildarinnar?“ — Ég hef látið leita í gögnum málsins og ekki fundið, að í öndverðu hafi verið neinar bollaleggingar um það, hvenær deildin tæki til starfa, aðrar en þær, að alltaf hefur verið gert ráð fyrir því, að deildin tæki til starfa, strax og byggingunni væri lokið. — 2. spurning er svo hljóðandi: „Hvað hefur tafið það, að deildin tæki til starfa, og hvað tefur enn?“ Ófyrirséðar tafir urðu á byggingarframkvæmdum, m. a. fyrir það, að erlend firmu stóðu ekki við umsamdar afgreiðslur á ýmsum nauðsynjum til byggingarinnar. Allt um þetta var byggingunni lokið í ágúst í sumar, og hefði þá deildin getað tekið til starfa, ef ekki hefði hamlað almennur starfsfólksskortur og ekki sízt hjúkrunarkvennaskortur ríkisspítalanna. Er þessi starfsfólksskortur tilfinnanlegastur á sumrin vegna orlofa og sumaratvinnu kvenna við framleiðslustörf. Nú vinnur deildarlæknir fæðingardeildarinnar að engu öðru en að koma deildinni af stað, svo að ég vona, að deildin muni nú innan skamms geta tekið til starfa. Ég hafði vonað, að deildin kæmist af stað í september s. l., en af framangreindum ástæðum hefur það reynzt ókleift. Það er náttúrlega leiðinlegt, hversu framkvæmdir hafa dregizt, en því hafa mörg óhöpp valdið, t. d. erfiðleikar með útvegun lyftu, og slíkur seinagangur er því miður ekkert einsdæmi, t. d. verð ég að játa með hryggð, að viðbyggingin á Kleppi hefur dregizt mjög lengi. En ég held mér sé óhætt að segja, að heilbrmrn. og landlæknir hafi ekki látið sinn skerf eftir liggja við eftirrekstur og umsvif til að hraða framgangi málsins.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það vill svo vel til, að mér er kunnugt um það atriði, sem hv. 7. þm. Reykv. gerði að umtalsefni og hæstv. ráðh. kvaðst ekki reiðubúinn að upplýsa. Það var nefnilega skjólstæðingur hv. 7. þm. Reykv., sem tók byggingu deildarinnar að sér í akkorði, en þeim góða manni láðist að athuga grunnstæðið nógu vel, svo að í ljós kom, að helmingur grunnsins var á harðri klöpp, en til þess að komast á fastan grunn undir hinn helminginn þurfti að grafa djúpt niður. Þegar þessi maður sér svo fram á undirballans á verkinu, af því að hlaða verði undir hluta af grunninum, sendir hann út kjaftatíkur sínar til þess að segja, að það hafi verið meira ólánið að ætla ekki að hafa kjallara undir húsinu, og hefur einhver af kjaftatíkunum náð eyrum hv. 7. þm. Reykv. Nú eftir nokkurn uppsteyt er fundur haldinn á grunninum, og mætir þar landlæknir og annað stórmenni. Þá spyr sá óánægði, hvort hann geti ekki fengið kjallara, en landlæknir segir þvert nei. Þetta er hið rétta í málinu og er það hart, að hv. þm. skuli bera róg af þessu tagi inn í þingsalinn og hafa ekki annað á bak við sig en örgustu kjaftatíkur bæjarins.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta var gott innskot hjá hv. þm. S-Þ. Það er augljóst, að hann er kunnugur kjaftatíkum bæjarins, og er það raunverulega það eina, sem hann hefur upplýst í málinu. — Varðandi ræðu hæstv. menntmrh. get ég ekki eins og venja er til, þegar ráðh. hefur svarað

fyrirspurnum, þakkað honum fyrir greið svör, því að þegar ég spyr, hvenær upphaflega hafi verið ætlunin að deildin tæki til starfa, svarar hann því einu til, að það hefði átt að vera, þegar er byggingunni væri lokið. En spurningin er þannig: „Hvenær var upphaflega ráðgert, að fæðingardeild landsspítalans gæti tekið til starfa í hinni nýju byggingu deildarinnar?“ Það er ekki ólíklegt, að menn hafi látið sér detta eitthvað í hug um það, og eftir því sem ég veit bezt af kynnum mínum af málinu í bæjarstjórn, þá var ráðgert, að deildin tæki til starfa haustið 1946. En hæstv. ráðh. svarar því einu, að deildin eigi að taka til starfa, þegar byggingu er lokið, en þetta hefur brugðizt. Hæstv. ráðh. upplýsir, að byggingunni hafi verið lokið í ágúst í sumar, og enn er deildin ekki tekin til starfa. Hér er enn nýr hlekkur í keðju þeirra mistaka, sem einkenna þetta mál. Ég spurði um orsakir, sem valdið hefðu hinum mikla drætti, og hæstv. ráðh. sagði, að ýmis óhöpp hefðu þar um ráðið, sérstaklega þetta voðalega óhapp með lyftuna! Svo upplýsti hæstv. ráðh. að lokum, að ekkert hefði skort á röggsemi heilbrigðisstjórnar og landlæknis til að hraða framkvæmdum, en ég leyfi mér að efast um, að þessi svör hans verði til að friða borgarana. Varðandi grjótið í kjallaranum, þá gerði ég ekki um það neina fyrirspurn nú, en ég held, að innlegg hv. þm. S-Þ. í það atriði dragi ekki úr því, að fram komi háværar óskir um skýringar á því atriði.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég fer nú að gruna hv. 7. þm. Reykv. um græsku. Ég held, að eitthvað annað vaki fyrir honum en að fá réttar upplýsingar um málið, og þykir mér hann taka ósanngjarnlega fyrirgreiðslu minni í svörum.

1. spurning er svona: „Hvenær var upphaflega ráðgert, að fæðingardeild landsspítalans gæti tekið til starfa í hinni nýju byggingu deildarinnar?“ Ég hef beðið menn að athuga þetta, og þeir hafa ekki fundið neinn ákveðinn tíma. Deildin skyldi taka til starfa, þegar byggingunni væri lokið. Nú heimtar hv. 7. þm. Reykv., að ég finni einhverjar ráðagerðir, sem ekki eru fyrir hendi. Nú, 2. spurningin er svo hljóðandi: „Hvað hefur tafið það, að deildin tæki til starfa, og hvað tefur enn?“ Ég gaf þær upplýsingar, að byggingunni hefði verið lokið í ágúst, og orsakanna til þess, að deildin er ekki enn tekin til starfa, gat ég með almennum orðum, en ef það vakir fyrir hv. þm. að láta fara fram rannsókn á öllu málinu til þess að fá úr því skorið, hvaða afsakanir séu réttar eða ekki réttar, þá þarf mjög ýtarlega rannsókn, og gerði ég ekki ráð fyrir því. Það er náttúrlega rétt, að deildin er ekki enn tekin til starfa, en ég hef þegar getið orsakanna til þess, en þar er fyrst og fremst um starfsfólksskort að ræða. Hv. þm. segist efast um, að við landlæknir höfum rekið á eftir málinu sem skyldi. Hann ætti að spyrja hv. borgarstjóra að því, hvort ég hefði gert nokkuð til að hraða málinu. Hann ætti að geta upplýst hv. þm. um það atriði.

25. Ríkisskattar samvinnufélaganna.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til fjmrh. um ríkisskatta samvinnufélaganna [79. mál, 3] (A. 131).

Á 22. fundi í Sþ., 25. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið fjölyrt um það í blöðum, að samvinnufélögin væru skattfrjáls og væri með því hallað rétti borgaranna. Mér datt því í hug, hvort ekki væri gott að fá úr þessu skorið með því að spyrja hæstv. fjmrh., hvort ríkið hefði ekki fengið eitthvað í tekjur af samvinnufélögunum, og fara þá allt fram til ársins 1939, eða fram fyrir verðbólgutímabil stríðsáranna. Ég bendi á, að þau fyrirtæki, sem nefnd eru í fyrirspurninni, munu vera hæstu skattgreiðendur hvert á sínum stað. Ég geri ráð fyrir, að ýmislegt merkilegt komi fram við þessa umr., og býst við, að þeir, sem halda því fram, að samvinnufélögin séu skattfrjáls, verði fyrir allmiklum vonbrigðum að umr. lokinni.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Gegnum endurskoðunardeild ríkissjóðs hef ég reynt að fá svör við fyrirspurnum hv. þm. S-Þ. Mér virtist vera talsverður móður á Jóni, eins og þar stendur, og þykir mér líklegt, að hann reynist sannspár um það, að fram komi merkilegar upplýsingar, hver svo sem fyrir vonbrigðunum verður að fengnum þeim upplýsingum. Þetta er allmikil skýrsla frá endurskoðunardeildinni, og fjallar hún, eins og spurt er um, um það, hversu mikið fé ríkissjóður hafi fengið í ýmiss konar skattgreiðslur á árunum 1939—47 frá eftirtöldum samvinnufélögum:

1. Sambandi ísl. samvinnufélaga,
2. Sláturfélagi Suðurlands,
3. Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis,
4. Kaupfélagi Árnesinga,
5. Kaupfélaginu í Borgarnesi,
6. Kaupfélagi Austur-Húnvetninga, Blönduósi,
7. Kaupfélagi Eyfirðinga,
8. Kaupfélagi Þingeyinga,
9. Kaupfélagi Héraðsbúa.

Enn fremur er óskað eftir að fá hin ýmsu skattgjöld sundurliðuð ár fyrir ár, þannig að glöggt komi fram skattgreiðslur hvers félags. Þeir skattar, sem hér er um að ræða, eru tekju- og eignarskattur og tekjuskattsviðauki frá 1939. 1941 bætist við stríðsgróðaskattur og helzt áfram. 1943 bætist við verðlækkunarskattur og er í tvö ár. 1945 hverfur hann, en í hans stað kemur veltuskattur, sem er 1945—46. Þessir skattar, tekju- og eignarskattur, viðauki, stríðsgróðaskattur, verðlækkunarskattur og veltuskattur, eru þeir skattar, sem renna beint til ríkisins. Taflan yfir þessar skattgreiðslur er

nokkuð umfangsmikil, og þar sem óskað er eftir að fá þetta sundurliðað ár frá ári, þá bið ég hv. þm. að afsaka, þótt það taki langan tíma að fara í gegnum hana, og ekki sízt, ef mér yrði nú á að mismæla mig og fara skakkt með einhverja töluna.

Ég byrja þá á Kaupfélagi Austur-Húnvetninga. Árið 1939 greiðir það í tekju- og eignarskatt og tekjuskattsviðauka 3646,00 kr. Árið 1940 greiðir það 2861,00 kr. í sömu skatta. 1941 er stríðsgróðaskattur með og þá greiðir félagið 2993,00 kr. Árið 1942 greiðir það 3724,00 kr. í sömu skatta. 1943 greiðir það í tekju- og eignarskatt 6541,00 kr., í stríðsgróðaskatt 351,00 kr. og í verðlækkunarskatt 6828,00 kr., eða samtals 1943 13720,00 kr. Árið 1944 virðast skattgreiðslur félagsins vera 4117,00 kr., en 1945 er tekju- og eignarskattur og viðauki 13431,00 kr., stríðsgróðaskattur 531,00 og veltuskattur 23984,00 kr., eða samtals 37946,00 kr. Árið 1946 er tekju- og eignarskattur og viðauki 31534,00 kr. og veltuskattur 19388,00 kr. Árið 1947 eru þessir skattar 46072,00 kr. og stríðsgróðaskattur 7180,00 kr., eða samtals 53252,00 kr. Skattgreiðslur Kaupfélags Austur-Húnvetninga á árunum 1939—47 að báðum árum meðtöldum nema því alls 173181,00 kr.

Skattgreiðslur Kaupfélags Árnesinga voru: 1939 6663,00 kr., 1940 12611,00 kr., 1941 9277,00 kr., 1942 14095,00 kr., 1943 70895,00 kr., 1944 103195,00 kr., 1945 170163,00 kr., 1946 136607,00 kr. og 1947 76788,00 kr. Samtals verður þetta 600294,00 kr.

Skattgreiðslur kaupfélagsins í Borgarnesi voru: 1939 2613,00 kr., 1940 2570,00 kr., 1941 3071,00 kr., 1942 4953,00 kr., 1943 33737,00 kr., 1944 37613,00 kr., 1945 75344,00 kr., 1946 50957,00 kr. og 1947 71627,00 kr. Samtals er þetta 282485,00 kr.

Skattgreiðslur Kaupfélags Þingeyinga voru: 1939 5250,00 kr., 1940 6305,00 kr., 1941 10970,00 kr., 1942 14336,00 kr., 1943 36590,00 kr., 1944 24258,00 kr., 1945 87407,00 kr., 1946 69123,00 kr. og 1947 93203,00 kr. Samtals er þetta 347442,00 kr.

Skattgreiðslur Kaupfélags Eyfirðinga voru: 1939 27443,00 kr., 1940 29971,00 kr., 1941 72393,00 kr., 1942 121933,00 kr., 1943 288010,00 kr., 1944 302958,00 kr., 1945 361071,00 kr., 1946 564002,00 kr. og 1947 363023,00 kr. Samtals öll árin 2130804,00 kr.

Skattgreiðslur Kaupfélags Héraðsbúa voru: 1939 2518,00 kr., 1940 4609,00 kr., 1941 8847,00 kr., 1942 13385,00 kr., 1943 32931,00 kr., 1944 24944,00 kr., 1945 83025,00 kr., 1946 79985,00 kr. og 1947 61958,00 kr. Samtals er þetta 312202,00 kr.

Þá er það Samband ísl. samvinnufélaga. Skattgreiðslur þess voru sem hér segir: 1939 54899,00 kr., 1940 67978,00 kr., 1941 168701,00 kr., 1942 203298,00 kr., 1943 286142,00 kr., 1944 332698,00 kr., 1945 1018198,00 kr., 1946 560465,00 kr. og 1947 524179,00 kr. Alls verður þetta 3216598,00 kr.

Skattgreiðslur Sláturfélags Suðurlands voru: 1939 3314,00 kr., 1940 9883,00 kr., 1941 10583,00 kr., 1942 94797,00 kr., 1943 123276,00 kr., 1944 171883,00 kr., 1945 273597,00 kr., 1946 334740,00 kr. og 1947 352269,00 kr. Alls er þetta 1374342,00 kr.

Þá er það loks Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis. Skattgreiðslur þess voru: 1939 1674,00 kr., 1940 3511,00 kr., 1941 3784,00 kr., 1942 14256,00 kr., 1943 46797,00 kr., 1944 41689,00 kr., 1945 185084,00 kr., 1946 56353,00 kr. og 1947 81671,00 kr. Samtals er þetta 434819,00 kr.

Þessar eru þá skattgreiðslur þeirra félaga, sem hér hafa verið talin og hef ég látið endurskoðunardeild stjórnarráðsins safna saman þessum upplýsingum til þess að svara þeirri fyrirspurn, sem hér liggur fyrir. Hér er um að ræða sterkustu gjaldendur félaganna, og samkvæmt þessum niðurstöðum skila þessi fyrirtæki öll skattgreiðslum til ríkissjóðs, er nema: 1939 108020,00 kr., 1940 140299,00 kr., 1941 290659,00 kr., 1942 484777,00 kr., 1943 932098,00 kr., 1944 1043355,00 kr., 1945 2291835,00 kr., 1946 1903154,00 kr. og 1947 1677970,00 kr. Samtals verður þetta fyrir allt tímabilið 8872167,00 kr.

Til fróðleiks má geta þess, að eitt hlutafélag hér í bæ greiddi á sama tímabili í tekju-, eignar- og stríðsgróðaskatt 11895729,00 kr., en landslýður allur, líka kaupfélögin, greiddi í ríkissjóð sem hér segir: 1939 2082062,00 kr., 1940 2625951,00 kr., 1941 12161736,00 kr., 1942 26856577,00 kr., 1943 41553602,00 kr., 1944 33850657,00 kr., 1945 53290647,00 kr., 1946 49455854,00 kr. og 1947 53436692,00 kr. Alls nema því skattatekjur ríkissjóðs á tímabilinu 1939—47, bæði árin meðtalin, 275313778,00 kr. Af því hafa kaupfélögin borgað 8872167,00 kr., eða 3,2226% af öllum skattgreiðslum á landinu, þ. e. a. s. rúmlega 3%.

Ég held ég sjái ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frekar. Þessar upplýsingar eru gefnar eins og þær hafa verið útbúnar af starfsmönnum stjórnarráðsins, og þær varpa glöggu ljósi á það, sem hv. fyrirspyrjandi vildi fá upplýsingar um, hvað þessi félög greiða í ríkissjóð. En ég hef líka talið rétt að geta þess, hverju þessar greiðslur nema frá öllu landinu, þó að ekki væri beint að því spurt. Þá er hægt að sjá, hver er hlutur kaupfélaganna í heildargreiðslunum. Hafi menn ekki rennt grun í það, hvernig þessum málum var varið, þá hefur það nú komið í ljós hæstv. Alþ. og þjóðinni til athugunar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Hæstv. fjmrh. hefur nú svarað fyrirspurnum mínum og starfsmenn stjórnarráðsins lagt mikla vinnu í þessi mál. Mönnum ætti nú að vera það ljóst, að það er fjarri sanni, að samvinnuhreyfingin greiði enga skatta. Einn liður hjá einu fyrirtæki nam rúmlega 1 millj. kr., svo að það er ekki létt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd. En af því að hæstv. ráðh. var svo góður að bera saman kaupfélögin og einkafélög, vildi ég benda honum á, að samvinnuhreyfingin hefur ekki gróðasöfnun að markmiði, heldur lágt vöruverð. Hér er því ekki hægt að nota sama mælikvarða nema að nokkru leyti. Sá munur, sem á vinnubrögðum er, kom bezt í ljós á stríðsárunum, en ég mun ekki fara nánar út í það. Ég mun haga minni málfærslu í samræmi við það, sem andstæðingarnir gera, og ef þeir beita ósanngirni, þá verður ekki komizt hjá því að taka hart á þessum málum. Ég vil benda á það, að eitt félag, sem ég þó er yfirleitt ánægður með, hefur greitt svo lítinn skatt, að eitt sinn, er það hefði átt að greiða **23 millj. kr., greiddi það aðeins líðlega 1 millj. kr.** Það er margt, sem vert væri að athuga í þessu sambandi, en það er augljóst mál, að hart er að

kalla félag skattfrjálst, sem borgar 1 millj. kr. í skatt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég hef ekki stofnað til þessarar fyrirspurnar, heldur svarað því, sem að var spurt, og þó dálítið fyllra. Hvort það er réttlátt, að samvinnufélögin greiði knappar 8 millj. kr. af 275 millj., skal ég ekki leggja dóm á, það liggur ekki hér fyrir. Naktar tölur hafa leitt það í ljós, að þessi félög, sem eru sterkasti hluti kaupfélaganna, greiða 3,2% af heildargreiðslunum í ríkissjóð. (*JJ:* Hvað borgar Eimskipafélag Íslands?) Það hefur fengið skattaívilnanir samkvæmt l. Nú, ef þessi niðurstaða er þannig, að hún er ekki eins og hv. þm. S-Þ. óskaði, þá er það ekki mér að kenna, og það er heldur ekki mér að kenna, þó að þær verði ekki eins beitt vopn í höndum hans og hann ef til vill hefur ætlað. Þó að kaupfélögin hafi mikla starfsemi, er ekki hægt að dæma af öllum öðrum gjaldendum starfsemi þeirra til þjóðþrifa. Hinu verður heldur ekki mótmælt, að eitt hlutafélag hefur á þeim tíma, sem hér er um að ræða, borgað knappar 12 millj. kr. í skatta. — Þetta er fyrirspurnatími og því ekki ætlunin að fara út í meira mál. Ég hef gefið eins skýrar upplýsingar um þetta og mér var unnt.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. ráðh. hefur gefið fyllri upplýsingar um þetta mál en beint var spurt um. Hann upplýsti það, að beinar skattgreiðslur til ríkissjóðs á árunum 1939—47 hefðu numið 275 millj. kr., og síðan reiknar ráðh. út, að skattgreiðslur 9 samvinnufélaga séu 3,2% af þessari upphæð. Ég vil benda á það, að mér finnst vafasamt, að rétt útkoma fáist með því að reikna þannig. Hæstv. ráðh. hefur ekki birt upplýsingar um það, hvað félagsmennirnir í þessum 9 félögum hafa borgað til viðbótar hver frá sér. En þær uppl. hefðu átt að fylgja með. Þá hefði fengizt rétt mynd af því, hvað þeir sömu menn hefðu greitt hlutfallslega af sköttum til ríkissjóðs á þessu tímabili. En þarna er ekki nema hálfsögð sagan um þeirra skattgreiðslur. Þetta vildi ég benda á. En það er vitanlega engin von, að hæstv. ráðh. hafi skýrslur til um það, hvað þessir menn, sem hafa greitt hér sameiginlega þessar tæpar 9 millj. króna, hafi greitt til viðbótar hver frá sér á þessum 9 árum. Það er örðugra verk en svo, að það yrði gert á einni viku í hans endurskoðunardeild. Það er fróðlegt að gera ýmsan samanburð af þessu tagi, t. d. um skattgreiðslur fyrirtækja, sem byggist á tekjum þeirra, og einnig væri mjög fróðlegt að athuga einhvern tíma, hvað hreinar tekjur ýmissa verzlunarfyrirtækja hér á landi hafa numið mikilli upphæð á hvern einstakan eiganda fyrirtækjanna. — Ég sé svo ekki að öðru leyti ástæðu til að blanda mér í þessar umr.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Það var eiginlega í sambandi við ummæli, sem féllu hjá hv. þm. S-Þ. og ekki beint var tilefni til í sambandi við þessar fyrirspurnir, sem hér liggja fyrir, sem ég vildi segja nokkur orð. Hv. þm. S-Þ. virtist hafa löngun til þess að gera einhvern samanburð á samlögum kaupsýslumanna og kaupfélögum, sem starfað hafa á stríðsárunum — að því er mér skildist — að innkaupum í vesturálfu heims. Ég held, að það séu þessi samlög, Samband ísl. samvinnufélaga og Innkaupasambandið, sem hafa haft það aðallega á hendi að kaupa inn kornvörurnar. Ég veit ekki til þess, að það hafi á nokkurn hátt komið til greina að borga neitt til baka í sambandi við það, sem hv. þm. var að tala um. Ég veit ekki betur en að þetta hafi legið skýrt fyrir frá ári til árs frá þessum báðum aðilum, sem unnu mjög gott og þarft verk á stríðsárunum, en upphaflega hófst þessi samvinna fyrir tilmæli frá ríkisstj., svo að náð yrði því marki, að að jafnaði yrðu til 6—7 mánaða birgðir í landinu. Og það held ég, að alltaf hafi tekizt. Ég vildi mótmæla því, að það væru ekki eins hrein viðskipti eða hreint uppgjör frá Innkaupasambandinu eins og frá Sambandi ísl. samvinnufélaga á þessum árum. Ég held, að þessi ummæli hv. þm. séu í alla staði ekki rétt. Þá minntist hv. þm. á Eimskipafélag Íslands, og skildi ég tæplega í því og datt þá í hug, að heggur sá, er hlífa skyldi, því að hann hefur þótzt vilja hlífa því. Nú veit hv. þm. öllum mönnum betur, hvernig rekstur Eimskipafélags Íslands hefur verið á þessum árum, hvernig eignir, sem félagið hefur fengið, hafa verið notaðar fyrir þjóðina í framtíðinni. Það er opinbert, hvernig það hefur lagt til hliðar fé til þess að tryggja okkur ný og betri skip í stað hinna gömlu. Ég get varla skilið, hvers vegna er verið að draga Eimskipafélag Íslands inn í þessar umr. á þessu stigi málsins. Svo er annað að athuga í sambandi við þetta. Það er vitað, að Eimskipafélag Íslands hefur borgað svo millj. skiptir með því að flytja kornvörur og aðrar nauðsynjar til landsins, og ef þeir reikningar væru gerðir upp, þá mundi það sýna sig, að þeir væru ekki lítils virði. Ég vildi út af þessum tveim atriðum, sem hv. fyrirspyrjandi minntist á, mótmæla því, að þessi fyrirtæki séu dregin inn í umr. hér, vegna þess að það er ekki tími til að svara eins og þyrfti, þegar verið er með hálfgerðar dylgjur í sambandi við þau.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. þm. V-Húnv. Honum þótti ég upplýsa of mikið (*SkG:* Nei, nei, ekki var það.) og jafnvel of lítið, en sérstaklega þó of mikið. En ef hann vill bera fram fyrirspurn um, hvað hver einstakur maður í hverju kaupfélagi og hverju hlutafélagi hafi greitt, þá býst ég við, að það yrði að víkja frá þingsköpum með tímann. Það yrði nokkurra vikna starf, og væri kannske vel til fundið, að sparnaðarmennirnir á Alþ. hefðu forgöngu um það, að halda starfsfólki ríkisins launuðu við þau störf að athuga um þetta. En ég mun ekki skorast undan því, ef hann vill bera fram fyrirspurn um þetta efni, eins og hann var að tala utan að. Ég mundi biðja hæstv. forseta að víkja nokkuð frá þingsköpum hvað tímann snerti til þess að svara því, sem spurt yrði um.

Skúli Guðmundsson: Ég get vel skilið þessi tilmæli hæstv. fjmrh. til hæstv. forseta, ef slík fyrirspurn kæmi fram, enda sagði ég, að það yrði meira en vikuverk að finna þetta út. Það var aðeins það, sem ég sagði, og ég vil halda því

fram, að það sé rétt athugað, að þessi prósentureikningur hæstv. ráðh. hafi lítið gildi, meðan sá mikli útreikningur liggur ekki fyrir, sem hann var nú að benda mér á, að ég gæti óskað eftir með því að bera fram fyrirspurn til viðbótar.

26. Sóttvarnarstöðvar í sambandi við innflutning sauðfjár.

Á 21. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. varðandi greiðslur úr ríkissjóði vegna sóttvarnarstöðva í sambandi við væntanlegan innflutning sauðfjár [79. mál, 4] (A. 131).

Á 22. fundi í Sþ., 25. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Innflutningur sauðfjár er gamalt vandamál þessarar þjóðar. Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál, því að fyrirspurnin er glögg. Ég óska eftir upplýsingum um, hvað stjórnin hefur gert í þessu efni og hvað það hefur kostað og hvert stjórnin stefnir í þessu efni með framkvæmdir.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Fyrirsögn fyrirspurnarinnar hljóðar um innflutning sauðfjár, en í undirliðunum er talað um innflutning húsdýra, og geri ég ráð fyrir, að þetta sé varðandi fyrri fyrirspurnina. En nýlega voru samþ. lög frá Alþ. um innflutning búfjár og ríkisstj. heimilað að flytja inn húsdýr af ýmsum tegundum til tilrauna í landinu, hvort heldur er til blöndunar við innlent búfé eða til hreinræktunar. Á síðasta sumri, eftir að þessi löggjöf var á komin, voru gerðar nokkrar athuganir af atvmrn. til undirbúnings þessu máli. Tekið er fram í l. um þetta, að áður en slíkur innflutningur sé hafinn, skuli koma upp sóttvarnarstöð fyrir þessi dýr. Það er gert ráð fyrir, að tekin verði eyja eða eyjar á leigu eða keyptar af ráðun. í þessum tilgangi. Fyrst var athugað í sambandi við búfjárræktarráð og dýralækni, hvaða staðir væru heppilegastir fyrir þessa starfsemi, ef til kæmi. Féllu augu manna þá á Viðey, og fyrir bæði stærð og gæði hennar og nálægð við höfuðstaðinn þótti hún mjög tilvalin til slíkra hluta. Voru hafnar viðræður við eiganda eyjunnar, sem er fús til að leigja hana. Það hefur enn fremur komið í ljós, að óskað er sérstaklega eftir, að innflutt verði nautfé til holdakynbóta til þess að gera tilraunir með hér, og sömuleiðis er óskað sérstaklega eftir mjólkurkyni, og mundi verða að hafa það einangrað í mörg ár á þessari eyju eða eyjum, sem til þess væru valdar. Þessir samningar standa nú yfir, enda er gert ráð fyrir, að þær niðurstöður, sem fáist af þeim, komi fyrir þetta Alþ., vegna þess að ekki er heimilt að gera neitt í þessu efni fyrr en fjárveiting liggur fyrir til þess frá Alþ. Þetta er sem sagt allt á undirbúnings- og rannsóknarstigi, og ekkert ákveðið hefur gerzt í því og engar fasteignir keyptar í þessu skyni og þess vegna engu til kostað.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Mér er kunnugt um, að það hafa staðið yfir samningaumleitanir um kaup eða leigu á Engey. Það hefur líka verið talað um væntanlega samninga um kaup eða leigu á Viðey. Ég vildi óska eftir að fá upplýsingar um, hvað þessar eyjar muni kosta.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Engey var keypt fyrir tveim árum samkvæmt heimild í fjárl. Hún er ekki ætluð til þessara hluta. Hún var keypt fyrir 225 þús. kr. Það þótti rétt, að ríkið ætti Engeyna, þar sem hún var vel sett og mikil og góð eign og liggur þannig, að það þótti sjálfsagt að kaupa hana, fyrst hún var til sölu með góðum kjörum. Eftir að Engey var keypt, hefur hún verið notuð til annarra tilrauna á þessu sviði. Það voru sem sé eindregin tilmæli um það frá búnaðarþinginu og búnaðarfélögum landsins og var samþ. á búnaðarþinginu að gera tilraun til þess að vernda eitthvað af innlendu fjárstofnunum, sem til eru, frá algerðum dauða og útrýmingu. Það stendur þannig á, að beztu búfjárræktarhéruð landsins eru altekin af mæðiveiki, og það stóð til að útrýma öllum þeim fjárstofnum, sem á þessum svæðum landsins lifðu. Og það er álit kunnugra og sérfróðra manna á þessu sviði, að íslenzkir fjárstofnar séu það góðir, að ekkert sé jafngott á Norðurlöndum og jafnvel ekki í Evrópu, að ekkert í þessum löndum sé til samanburðar um afurðagæði. Það þótti mjög mikið tjón ofan á allt það tjón, sem pestirnar höfðu valdið, ef þessum stofni yrði algerlega útrýmt og allt það mikla verk, sem á undanförnum árum hefur verið unnið til að kynbæta sauðfé, yrði þurrkað burt með þessari framkvæmd, sem nú er hafin vegna mæðiveikinnar. Þess vegna var það einróma álit þeirra manna, sem um þetta mál hafa mest að segja, að gera tilraun til þess að halda lífi í einhverjum þessara fjárstofna. Það var ekki nema um eitt ráð að gera, að fá heilbrigðar ær, t. d. af Vestfjörðum, og setja þær út í eyju og flytja sæði úr hrútum út í eyjuna og gera tilraun með, hvort ekki væri á þann hátt hægt að geyma þessa gömlu stofna heilbrigða og hafa þá til taks, þegar búið væri að hreinsa landið. Þessar tilraunir hafa verið framkvæmdar í Engey. Það hafa verið valdir úr beztu úrvalsstofnar landsins til þessara tilrauna, heilbrigðar ær frá Vestfjörðum, sem settar voru í eyjuna. Sæði hefur svo verið flutt úr karldýrum út í eyjuna. Þetta hefur tekizt mjög vel það, sem af er, og standa vonir til, að þegar útrýmingarherferðinni er lokið, þá eigum við þarna leifar ágætustu stofna, sem við höfum átt í landinu, og getum við þá kynbætt frá þeim stofnum á ný, þegar hættan er liðin hjá. Þessi starfsemi í Engey er tvenns konar. Það fæst úr því skorið fyrst og fremst, hvort hægt er að geyma stofninn þarna og halda við okkar gömlu og góðu fjárstofnum, og líka fæst úr því skorið, hvort hægt er að flytja sæði úr búfé í heilbrigt fé til viðhalds stofninum, án þess að hætta sé á, að sýkin berist.

27. Tekjur og ríkisskattar samvinnufélaganna o. fl.

Á 23. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til fjmrh. um tekjur og ríkisskatta samvinnufélaganna og samanburð á sköttum hlutafélaga og einstaklinga [87. mál] (A. 157).

Á 24. fundi í Sþ., 3. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 8. des., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vildi spyrjast fyrir um það, hverju það sætir, að 1. mál á dagskrá er ekki tekið fyrir, en mér skilst, að samkv. þingsköpum beri að afgr. það mál í dag og eigi síðar. Ég hef mikinn áhuga fyrir að fá þessu svarað og býst við, að þess megi þá vænta, að mér og öðrum hv. þm. væri ekki synjað um hliðstæðar upplýsingar um ýmis merk fyrirtæki í landinu, sem við kynnum að fá áhuga fyrir að vita eitthvað um.

Forseti (JPálm): Út af þessari fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. skal ég taka fram, að það er samkv. ósk fjmrh., að frestað er að taka þetta mál fyrir, og til þess liggja mjög eðlilegar orsakir. Fyrirspurnin er svo víðtæk, að leggja þarf fram mjög mikla vinnu til þess að henni geti orðið svarað, og vænti ég, að hv. þm. geti vel sætt sig við það, að þessari fsp. sé frestað. Til þess liggja eðlilegar orsakir, og er 1. mál þess vegna tekið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Af því að hér er verið að ræða um fsp., langar mig til þess að fá upplýsingar í sambandi við fsp. á þskj. 157, sem útbýtt var 2. des. 1948, en aldrei hefur verið tekin á dagskrá og aldrei svarað. Hefur fyrirspyrjandi tekið fyrirspurnina aftur, eða hefur forseti neitað að taka hana á dagskrá eða fjmrh. ekki treyst sér til að svara henni?

Forseti (JPálm): Út af þeirri fsp., sem hv. 1. þm. N-M. minntist á, skal ég taka fram, að á sínum tíma svaraði hæstv. fjmrh. henni að nokkru leyti, en ekki nema að nokkru leyti, og síðan hefur hún ekki verið tekin á dagskrá. (*SigfS:* Á ekki að svara henni nema að nokkru leyti?) Það verða þeir að úrskurða um.

Fyrirspurnin var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Sjálfvirka símstöðin á Akureyri.

Á 25. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til viðskmrh. um sjálfvirku símstöðina á Akureyri [95. mál, 1] (A. 177).

Á 26. fundi í Sþ., 9. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 26:1 atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 15. des., var fyrirspurnin tekin til umr.

Forseti (JPálm): Með því að mikið liggur fyrir í deildum og samkv. ósk hæstv. ríkisstj. vil ég leita afbrigða um að fresta um óákveðinn tíma umr. um fyrirspurnirnar á þskj. 177.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 27:2 atkv.

Forseti tók málið síðan af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurður E. Hliðar): Herra forseti. Ég verð að biðja afsökunar á því, að ég er þegjandi hás. En ég hef leyft mér að beina til hæstv. atvmrh. fyrirspurn á þskj. 177, og hljóðar hún svo: „Hvað líður sjálfvirku símstöðinni á Akureyri, og hvenær má vænta þess, að hún verði sett upp?"

Að þessari fsp. er nú ekki lengur neitt nýjabragð; hún kom fram hér á Alþ. fyrir nýár, og var frestað að taka hana fyrir 15. desember, og svo kom hið langa þinghlé. Eigi að síður tel ég mikilsvert að fá nú greinargóð svör.

Ég geri ráð fyrir því, að flestir þm. viti, að staðið hefur til og hefði átt að vera búið að koma upp sjálfvirkri símstöð á Akureyri. Í því skyni hefur verið reist stórhýsi fyrir póst og síma á Akureyri, pósturinn fluttur strax í það og síðan gamla símstöðin, og ákveðið var af símamálastjórninni með vilja og vitund ráðherra fyrir tveimur árum að panta sjálfvirkar vélar. Fyrstu vélarnar komu svo í byrjun des. s. l., en það hefur hins vegar staðið í mesta þófi með gjaldeyrisleyfin og synjanir borizt hvað eftir annað og einu gilt, þótt annars vegar væri hin virðulega stofnun póst- og símamála og undirskrift hæstv. ráðherra. Út af þessum drætti ríkir hin megnasta óánægja, ekki aðeins á Akureyri, heldur og um Austur- og Norðurland, þar sem stöðin er í raun og veru fyrir þessa landshluta. Það getur ekki gengið svo lengi, að þessari pöntun sé ekki bjargað, því heldur sem ekki er nú um hærri upphæð að tala en 280 þús. kr. eða 160 þús. kr. sænskar. Ég vil því eindregið óska þess, að hæstv. ráðh. upplýsi, hvernig á því stendur, að þessi dráttur verður á, að jafnmikið nauðsynjamál nái fram að ganga.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi fsp. hefur legið óafgreidd um tíma eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, en ég vil geta þess, að það er ekki mín sök. Strax eftir að fsp. kom

fram, sneri ég mér til póst- og símamálastjórnarinnar til þess að fá málið upplýst og fékk loks um það greinargerð, sem dagsett er 10. des. 1948, og skal ég nú rekja efni hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alllangt er síðan sjálfvirk símstöð á Akureyri var tekin á áætlun landssímans um fyrirhugaðar símaframkvæmdir. Fyrsti þáttur í þeirri framkvæmd var bygging nýs símahúss á Akureyri, en það var reist árið 1944—45 (samkvæmt fjárveitingu). Annar þátturinn var endurbætur og aukning bæjarsímakerfisins á Akureyri, sem fram hafa farið 2 síðustu árin (fært á eignabreytingalið II: Viðauka símakerfa). Nokkuð er þó eftir, sem ætlazt er til, að gert verði næsta sumar og síðan smám saman. Þriðji þátturinn er vélar og tæki o. fl. í sjálfa miðstöðina, og var ætlazt til, að sú framkvæmd yrði gerð með lánsfé. Stöðin var pöntuð á miðju ári 1946 með samþykki ráðherra og samtímis send umsókn til viðskiptaráðs um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Var það sami háttur og á hafði verið hafður þá undanfarið um innkaup símans og fram að þeim tíma ekki komið að sök. En nú bar svo við, að viðskiptaráð og nýbyggingarráð fóru að kasta þessu máli á milli sín, án þess að úr yrði leyfisveitingu. Þegar svo fjárhagsráð var stofnað, var að sjálfsögðu sótt um fjárfestingarleyfi. Hafa leyfisbeiðnir síðan verið endurnýjaðar og viðskmrh. eindregið mælt með leyfisveitingu.

Eins og áður var sagt, var upphaflega gert ráð fyrir, að stöð þessi yrði gerð fyrir lánsfé, ásamt ýmsum öðrum símaframkvæmdum. En svo fór, þegar til kom, að ekki fékkst meira lán en það, sem fór til símaframkvæmda á árinu 1946 (jarðsími til Hrútafjarðar o. fl.). Var þá upphæð sú (kr. 1400000), sem nauðsynleg var til Akureyrarstöðvarinnar, tekin (1947) upp í tillögur póst- og símamálastjórnarinnar til fjárlaga fyrir 1948 og heimild veitt í þessu skyni í 22. gr. núgildandi fjárlaga. Þegar svo var sýnt, að ekki yrði nema nokkur hluti vélanna tilbúinn á þessu ári (þetta er skrifað fyrir áramót), var upphæðin aftur tekin upp í tillögur póst- og símamálastjórnarinnar til fjárlaga 1949, þótt ekki næði hún að verða tekin upp í sjálft fjárlagafrv. Liggja þær till. nú fyrir hjá fjvn., og er þess að vænta, að eins og hér stendur á sjái hún sér fært að taka þessa fjárveitingu upp í tillögur sínar.

Þess var upphaflega vænzt, að greiðlega gengi með leyfisveitingu fyrir þessari stöð, með því að hér var um aðkallandi nauðsynjamál að ræða og nýsköpunin þá (1946) efst á baugi og auk þess langur frestur þangað til vélarnar yrðu tilbúnar. Póst- og símamálastjórnin væntir þess enn, að fjárhagsráð sjái sér fært að veita hin nauðsynlegu leyfi á næstunni, og hefur fyrir sér fyrirheit fjárhagsráðs um að taka málið til meðferðar við áætlunina fyrir næsta ár (1949), sem nú er verið að vinna að.

Fyrir nokkru síðan tilkynnti verksmiðjan, að rúmlega ⅓ af stöðinni yrði tilbúinn til sendingar á þessu ári, en þar sem innflutningsleyfi hefur enn ekki fengizt, hefur afskipun þessa efnis ekki getað farið fram. Póst- og símamálastjórnin þykist þess fullviss, að verksmiðjan væri fús að bíða með greiðslu þangað til á næsta ári, ef innflutningsleyfi fengist nú, svo að uppsetning gæti hafizt sem fyrst. Hvenær stöðin getur verið komin upp, fer að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir því, hvenær leyfi og fjárveiting fæst. En fáist þetta nú strax, má sennilega gera ráð fyrir, að uppsetningu sjálfrar stöðvarinnar geti orðið lokið seint á næsta ári."

Við þessa skýrslu hef ég engu verulegu að bæta. Ég vil aðeins út af því, sem sagt er í bréfinu, að vélarnar hafi verið pantaðar á árinu 1946, áður en endanlega var gengið frá leyfisveitingu, taka það fram, að það var gert vegna skýlausrar samþykktar Alþ. Hvorki nýbyggingarráð né viðskiptaráð voru heldur á móti því, heldur taldi hvort um sig, að veitingin heyrði undir hitt. Afgreiðslutíminn var þar á ofan langur, svo að ekki þótti fært að bíða með pöntun, þar sem álitið var, að leyfið mundi fást.

Vitanlega er nú erfitt um ýmsan innflutning og vafasamt að leggja meira í fjárfestingu en gert hefur verið að undanförnu. En þar sem þessum framkvæmdum er þegar lokið að verulegu leyti — eins og húsinu og bæjarsímakerfinu, tel ég, að ekki verði komizt hjá að veita leyfið, enda ætla ég, að þetta hafi verið tekið til athugunar hjá fjárhagsráði, er það samdi áætlun sína fyrir þetta ár. Þessi dráttur er heldur til hins verra, en hann er þó ekki meiri en sem svarar einum mánuði, því að það er fyrst seinni hluta árs 1948 (í nóv., ef ég man rétt), sem það liggur fyrir frá verksmiðjunni, að nokkuð sé búið af vélunum.

Ég vona, að það takist mjög fljótlega að fá leyfið og að Alþ. endurnýi núgildandi heimild sína til framkvæmdanna.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það hefur nú upplýstst, að þær tafir, sem orðið hafa á leyfisveitingum, hafa ekki seinkað framkvæmdum í þessu máli nema kannske í mánaðartíma. Hitt kemur nokkuð spánskt fyrir, að embættismenn ríkisins skuli gera stórar pantanir án þess að fyrir liggi leyfi frá viðkomandi yfirvöldum. Ég skil þörf Akureyrar í þessu efni; en hitt þykir mér undarlegt, að lagt skuli vera í svo kostnaðarsamar stórframkvæmdir á meðan símalínur í sumum landsfjórðungum virðast vera orðnar hér um bil ónýtar, og ekki er hafizt handa um að ráða þar bót á. Það hefur t. d. verið símasambandslaust við Vestfirði upp undir mánuð í vetur, og annaðhvort er, að símalínurnar eru ónýtar, eða viðhaldið er mjög slælega framkvæmt, nema hvort tveggja sé. Ég vildi því alvarlega skora á hæstv. viðskmrh. að kynna sér, hvernig á því stendur, að Vestfirðir hafa verið svo lengi símasambandslausir í vetur, og reyna að ráða bót á því á sumri komanda.

Fyrirspyrjandi (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. greið og góð svör hans. Þau bjóst ég raunar við að fá, en ég verð þó að segja, að þau hafa vakið hjá mér nýtt traust á því, að málið fái greiða afgreiðslu.

Hins vegar þaut öðruvísi í persónulegum skjá hv. þm. Ísaf., enda mun hann einkum hafa staðið á móti því í fjárhagsráði, að þetta mál næði fram að ganga, af hreinum hreppapólitískum metingi. Hann talar um bilanir á Vestfjarðalín-

unum, en hann veit, að þær hafa orðið í óvenjulegum harðindakafla, og hann má ekki vera svo þröngsýnn, að hann misnoti aðstöðu sína góðum málstað til tjóns, þar sem hann getur hjálpað. En hans veldi er nú reyndar lokið í fjárhagsráði sem betur fer.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. sagði, að sér kæmi það spánskt fyrir, að pöntunin á hinum sjálfvirku vélum hefði verið gerð áður en leyfi hefði verið veitt. En það var alsiða á þessum dögum, að pöntun væri gerð á vörum áður en leyfi væri formlega veitt, ef fyrir lá vissa um vinsamlega afstöðu viðkomandi yfirvalda, einkum þegar um var að ræða hluti, sem afgreiða varð með alllöngum fyrirvara, eins og raun var á með þessar vélar.

Þá sagði hv. þm., að símasambandið við Vestfirði væri svo slæmt, að tæpast væri verjandi að gera neinar framkvæmdir annars staðar, fyrr en því væri kippt í lag. Nú er það svo, að á áætlun ársins 1946 voru framkvæmdirnar á Akureyri og líka breytingar á Vestfjarðasambandinu og fékk það samþykki Alþingis. Ég skal fúslega viðurkenna, að sambandið við Vestfirði er ekki gott, en einkum hefur keyrt um þverbak í þessum harðindakafla. Það er kunnugt, að oft er símasambandslaust við Vestfirði, og heyrist ákaflega illa þangað og þarf mikið að gera þar til bóta, en eins og kunnugt er og hv. þm. Ísaf. veit, er hugsuð gagngerð breyting með því að byggja símastöðvarhús í Hrútafirði og nýjar línur vestur, en það verður að taka tillit til þess, að það er Alþ. á hverjum tíma, sem ákveður hvað mikið er unnið. Það er ekki fyrir mig eða mitt ráðuneyti að gera neitt annað en fara eftir því, sem Alþ. samþykkir hverju sinni. Ég tel því sjálfsagt, þegar fyrir liggur samþykki frá Alþ., að hefja framkvæmdir við sjálfvirku stöðina á Akureyri. En meðan Alþ. hefur ekki samþ. frekari aðgerðir í málinu, verður ekki frekar aðhafzt.

Finnur Jónsson: Þegar fjárhagsráð tók til starfa, lá ekki fyrir frá viðskiptanefnd og nýbyggingarráði neitt um það að veita leyfi til sjálfvirku stöðvarinnar á Akureyri, og þeir menn, sem sæti áttu í viðskiptaráði og eins nýbyggingarráði, hafa ekki kannazt við, að neitt slíkt hafi farið fram. Ég er hins vegar ekki að rengja, að eitthvað hafi verið um þetta rætt, en leyfi hefur aldrei verið gefið fyrir þessu verki, og þess vegna mun um algerlega nýja umsókn að ræða til fjárhagsráðs. Þessar vélar hefðu ekki verið tilbúnar til afgreiðslu fyrr en í nóv., og er bágt að skilja þann hamagang, sem út af þessum málum hefur verið á Akureyri. Leyfisveitingar fjárhagsráðs hafa á engan hátt tafið þetta mál. Akureyringar hafa komizt svo að orði, að það sé ekki lífandi á Akureyri, ef sjálfvirka stöðin komist ekki upp. Ef svo er á Akureyri, þá er alveg víst, að það eru staðir á landinu, sem erfiðara verður að lifa á en þar. Það, sem ætti að leggja mesta áherzlu á í sambandi við símamálin, enda þótt viðurkennd sé þörfin á Akureyri fyrir sjálfvirka stöð, er það, að fyrst og fremst sé reynt að haga símaframkvæmdunum þannig, að línurnar verði í fullkomnu lagi. Þegar svo er komið, að aðstaða landshluta eins og Vestfjarða er sú, að þeir mega heita sambandslausir lengri tíma eða mikinn hluta af árinu, þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn, ef framkvæmdir hinna einstöku staða eiga að ganga fyrir umbótum á langlínum, og það var þetta, sem ég vildi minnast á við hæstv. viðskmrh., að hann beitti sér fyrir því, að gert yrði við línuna vestur. Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri verið að gera við línuna vestur og meðal annars væri fyrirhugað nýtt símastöðvarhús í Hrútafirði, og er mér kunnugt um það, en það, sem mér finnst þurfi fyrst að gera og leggja mesta áherzlu á, er að koma línunni sjálfri í lag vestur, áður en farið er út í dýrar framkvæmdir með því að byggja sérstakt símastöðvarhús í Hrútafirði. Menn gætu sætt sig við að bíða svolítið lengur eftir sjálfu símastöðvarhúsinu í Hrútafirði, ef línan sjálf væri bætt, og jafnvel þó að liðu nokkur ár, en að bíða í nokkur ár þar til sjálf línan væri komin í fullkomið lag, er ákaflega erfitt. Það, sem ég undrast, er, hve mikil áherzla er lögð á sérstaka staði og bætt sé inn sveitum eða bæjarkerfum áður en sjálf línan er tekin. Það þarf enginn að segja mér, að það er stórkostlegt tekjutap fyrir símann, að heilir landshlutar séu úr sambandi við hann svo mánuðum skiptir eða jafnvel heilt ár. Ég þykist vita, að það mundi vera farið að þjóta í tálknunum á Akureyringum, ef þeir hefðu orðið fyrir einhverju líku. Hv. þm. Ak. vildi halda því fram, að ég hefði sérstaklega tafið fyrir þessum framkvæmdum á Akureyri. Það er algerlega ósatt, og getur hv. þm. gengið úr skugga um það, ef hann vill afla sér upplýsinga um það.

Ég vil ítreka það við hæstv. viðskmrh., að hann láti fara fram sérstaka athugun á þessu máli og beiti áhrifum sínum í þá átt, að aðallínan verði látin ganga fyrir framkvæmdum, sem ekki eru eins bráðnauðsynlegar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Fyrst er það út af umsókn um leyfi fyrir þessum fjárfestingum. Í bréfi frá póst- og símamálastjóra segir svo, eftir að hann hefur lýst viðskiptum sínum við viðskiptaráð og nýbyggingarráð, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar svo fjárhagsráð var stofnað, var að sjálfsögðu sótt um fjárfestingarleyfi og beiðnin síðan endurnýjuð.“ Ég get ekki skilið af þessu annað en að póst- og símamálastjóri hafi sótt um nokkurn veginn eins og l. gera ráð fyrir að þurfi að gera.

Um línuna og bilunarhættu á henni er allt rétt, sem hv. þm. Ísaf. sagði, og bilunin verður mest fyrir vestan Hrútafjörð og vestur, en ég er ekki tæknilega nægilega vel að mér í því, hvernig þetta nýja fyrirkomulag er hugsað, en mér hefur þó skilizt, að til þess að línan vestur gæti komið að notum, þyrfti að koma upp símastöðvarhúsinu í Hrútafirði og sú stöð að vera komin upp, til þess að hægt verði að koma nýju jarðsímasambandi suður, sem ætti að verulegu leyti að bæta úr þessu ástandi. Það er áreiðanlegt, að ástandið batnar ekki, þó að ný lína sé lögð út af fyrir sig frá Ísafirði og í Hrútafjörð, ef ekki verður séð um að komast lengra en í

Hrútafjörðinn, því að línan frá Ísafirði nú liggur allt annars staðar. Og línunni hinni er ætlað að vera allt annars staðar, og sú lína á að verða höfuðlínan og koma í samband við jarðsímann suður, og eru þær framkvæmdir tengdar við byggingu símahússins í Hrútafirði, og það, sem hefur staðið á, er að koma upp þessu símastöðvarhúsi í sambandi við jarðsímann og línuna vestur, eða þannig hef ég skilið það.

29. Skipakaup.

Á 25. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um fjáröflun í sambandi við skipakaup [95. mál, 2] (A. 177).

Á 26. fundi í Sþ., 9. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 26:1 atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 15. des., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá [sbr. 28. fyrirspurn, Sjálfvirka símstöðin á Akureyri].
Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Hér er að vísu um tvö ólík atriði að ræða, annars vegar framkvæmd á togarakaupum ríkisins og hins vegar viðvíkjandi gæzluskipi. Við umr., sem kannske fara fram í dag um landhelgisgæzlu, **mun ég gera grein fyrir því**, að þessi skipakaup, sem hér er talað um, nýtt gæzluskip, er í raun og veru brot á eldri samþ. Alþ., sem við höfum lifað eftir um alllangan tíma. Það gæti vel komið til mála að auka þann skipastól, þó að reynslan sýni, að það sé lítil bót. 100 tonna bátar duga bezt til þessara starfa, en hin stærri skip eru ekki heppileg, eins og allir vita, og mig undrar stórlega, að ríkisstj. skyldi láta sér detta í hug að semja um smíði á slíku skipi, þegar tillit er tekið til þeirra miklu peningavandræða, sem ríkisstj. er nú í, nema því aðeins að hún hafi einhvern aðgang að fjármunum erlendis í einhverju formi, sem þm. vita ekki um. Við vitum um þau miklu skipakaup, sem átt hafa sér stað hingað til, og hvernig hefur gengið með þau, en mig langar til að vita nú, hvernig ríkisstj. hugsar sér kaupin á hinum 10 nýju togurum, sem lýst hefur verið hér á Alþ., og enn fremur hvernig landhelgismálarh. ætlar sér að borga hið nýja gæzluskip í Danmörku. Mér er kunnugt um, að landið er enn í vanskilum vegna Skjaldbreiðar, Herðubreiðar og Heklu, af því að það eru ekki til peningar erlendis. Ég vænti, að hæstv. ráðh. muni láta þingið vita um þessar aðstæður.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég tel eðlilegast, að ég svari fsp. á þskj. 177 varðandi kaup á þeim 10 togurum, sem samið hefur verið um kaup og smíði á frá útlöndum. Bæði nú og fyrir nokkrum árum hefur það fallið undir alla ríkisstj., en formlega undir forsrh. Þegar ég lagði fyrir Alþ. staðfestingu á bráðabirgðal. um heimild til að kaupa til landsins 10 nýja togara og láta byggja þá erlendis, þá gerði ég grein fyrir ástæðunum, að horfið var að því ráði. En ég vil aðeins beina örfáum orðum að því að svara því, sem liggur í fyrstu fyrirspurninni.

Það eru þrír möguleikar, sem stjórnin hefur reiknað með og talið, að notaðir yrðu, eftir því sem ástæður leyfðu um hvern þeirra, til fjáröflunar til kaupa á þessum 10 togurum. Í fyrsta lagi brezkt exportcredit, sem þegar er nokkur ádráttur fenginn um í sambandi við samninga um smíði á þessum 10 togurum, og eru nú áframhaldandi samningatilraunir um að fá þann brezka exportcredit bæði stærri og til lengri tíma. Í annan stað, eins og öllum er kunnugt um, hefur ríkisstj. í áætlun sinni um notkun Marshall-aðstoðarinnar talið þar upp kaup á þeim 10 nýju togurum. Gert er ráð fyrir, að af því fé, sem úthlutað kann að verða á sínum tíma, kunni að verða notað eitthvað upp í þessar greiðslur, eftir því sem seinna kann að verða ákveðið. Í þriðja lagi hefur og ríkisstj. reiknað með þeim möguleika, að þeir, sem keyptu þessa 10 nýju togara, mundu sjálfir leggja fram eitthvert fé, sem þeir sjálfir kynnu að eiga eða afla sér láns fyrir að verulegum hluta af andvirði þessara togara. Hvað það verður mikið, sem talið er rétt, að kaupendur togara leggi fram, fer nokkuð eftir því, hvernig fer um þau tvö atriði, sem ég nefndi fyrst, brezka samninginn og Marshallaðstoðina. — Á þessu stigi málsins get ég ekki gefið frekari upplýsingar um það, sem spurt er viðvíkjandi þessu atriði.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af fyrirspurn um gæzluskip vil ég segja þetta. Sá samningur, sem gerður hefur verið um byggingu á gæzluskipi, hefur verið gerður í samráði við fjárhagsráð, og gert er ráð fyrir, að greiðslan samkvæmt samningnum komi á gjaldeyrisáætlun hvers árs eins og aðrar greiðslur vegna innfluttra tækja. Varðandi fjáröflun innanlands til kaupanna er þess að geta, að gert er ráð fyrir, að veitt verði fé á fjárlögum í 3 ár og sú fyrsta á þeim, sem nú liggja fyrir, tvær millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er svo sem auðheyrt á ræðu hæstv. forsrh., að það er margt á fjármálasviðinu alveg í lausu lofti. Þetta nærri minnir mig á einn mikinn lögfræðing hér í bænum, sem var stundum í vandræðum með að borga reikninga. Þegar til hans var komið með reikning, sagði hann stundum: Kannske þér vilduð skipta honum í tvennt.

Það er búið að panta skipin, en það kemur í ljós, að það er allt í óvissu, hvernig verði hægt að borga skipin eða hvort það verði hægt. Það er talað um Marshall-lán og fleiri lán, og loks er þess vænzt, að ef landið hefur ekki ráð til að borga skipin, þá geti kannske væntanlegir kaupendur komið með útlenda peninga og borgað þau. Ef ég man rétt, þá hafa kaupstaðir eins og Norðfjörður, sem skuldar 20 millj. kr., verið að panta ný skip. Siglufjörður hefur keypt togara og rekur hann alltaf með tapi, sem landið

verður að borga. Það er furðu mikil bjartsýni eða barnaskapur í öllum þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Ræða hæstv. menntmrh. var fremur stutt. Það er náttúrlega gott og blessað, að fjárhagsráð telji sér fært að borga þetta, en einhver vanmáttur er þó hjá því að greiða allar þessar skuldir, sem fyrir eru og hefðu að sjálfsögðu átt að ganga fyrir, ef nokkur úrræði væru annars fyrir hendi. En ráðstafanir um þetta skip eru þvert ofan í vilja Alþ. og líkur til, að þær geri frekar skaða en gagn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Orð fyrirspyrjanda gefa ekki tilefni til að segja margt. Í sambandi við kaup á þessum 10 nýju togurum skal ég geta þess, að án þess að þessir togarar væru nokkuð auglýstir höfðu ríkisstj. borizt umsóknir frá 50 aðilum um kaup á þessum togurum. Þar af voru mjög margir, sem líklegir þóttu til að geta lagt fram sinn venjulega hluta af andvirði skipsins. Varðandi yfirfærslu á fé fyrir þessa togara leitaði ríkisstj. til fjárhagsráðs, sem samþ. fyrir sitt leyti að stuðla að því, að peningarnir yrðu yfirfærðir í samræmi við gerða samþykkt, og á innflutningsáætluninni, sem er í höndum ríkisstj. frá fjárhagsráði, er gert ráð fyrir greiðslu í erlendum gjaldeyri fyrir það, sem greiða þarf til þessara togarakaupa á árinu 1949, og mun svo verða áfram.

30. Hafrannsóknir og friðun Faxaflóa.

Á 25. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um tilkostnað og árangur af þátttöku Íslands í sambandi við hafrannsóknir og friðun Faxaflóa [95. mál, 3] (A. 177).

Á 26. fundi í Sþ., 9. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 26:1 atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 15. des., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá [sbr. 28. fyrirspurn, Sjálfvirka símstöðin á Akureyri].
Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Má ég spyrja hæstv. forseta, hvort þessu máli verður svarað af utanrrh., ef svo er, vildi ég biðja um frestun á svari við henni.

Forseti (JPálm): Ég hafði reiknað með, að hæstv. forsrh. mundi svara henni. *(Forsrh.:* Þetta mál heyrir undir utanrrh., sem er nú ekki hér á landi. — *Atvmrh.:* Mér hefur verið falið að svara henni.)

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Fyrirspurn þessi er um alþjóðaráðstefnur um hafrannsóknir og þátttöku Íslands í þeim á undanförnum árum, en lítið hefur komið fram um árangur af því máli fyrir almennings sjónir, og langar mig þess vegna að bera fram spurningar viðvíkjandi því. Stundum hafa þær verið allíburðarmiklar þessar aðgerðir hjá einum starfsmanni sjávarútvegsins, þar sem hann hefur verið á fundum með allmikla sveit manna með sér. Þetta hafa ef til vill verið gagnlegir fundir, en þó getur maður efazt um, að þessar ferðir hafi borið mikinn árangur. Ég hef þess vegna leyft mér að bera fram þessar spurningar, hvað margir fundir hafi verið haldnir og hverjir hafi verið fulltrúar á þessum fundum, hve mikið þátttaka Íslands hefur kostað og hverjar niðurstöðurnar hafa verið o. s. frv.

Ég vil nota tækifærið til þess að benda á það, að margt, sem hefur komið fram í þessu efni, er ákaflega léttvægt. Það hefur t. d. ekki mikið verið unnið að því að fá aðrar þjóðir til þess að veiða ekki í Faxaflóa, og það hefur komið fyrir þráfaldlega, meira að segja í landhelgi.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Þessi fyrirspurn var send í mitt ráðuneyti vegna þess sérstaklega, að sá maður, sem hefur þessi mál með höndum, starfar í stofnun, sem heyrir undir það ráðuneyti. Ég mun því lesa þá skýrslu, sem hann hefur gefið mér, enda þótt umræddum fundum hafi verið lokið áður en ég kom í ráðuneytið. Ég mun lesa hina stuttu greinargerð Árna Friðrikssonar:

„Út af fyrirspurn til ríkisstj. samkv. 177. þingskjali, nr. 3, frá Jónasi Jónssyni, um tilkostnað og árangur af þátttöku Íslands í alþjóðafundum í sambandi við hafrannsóknir og friðun Faxaflóa vil ég samkvæmt ósk hins háa ráðuneytis taka þetta fram:

Með yfirliti því, sem hér fylgir, er svarað 1., 3. og 4. spurningu að nokkru leyti. Íslendingar hafa tekið þátt í 15 ráðstefnum þeirrar tegundar, sem um er spurt, á árunum 1938—48, og hafa þátttakendur verið 13 samtals. Kostnaðurinn hefur orðið kr. 135.079, eða röklega kr. 12.000 á ári, og hefur hann að nokkru leyti verið greiddur úr ríkissjóði, en að nokkru af því fé, sem ætlað er til fiskirannsókna, en þá ávallt í samráði við atvinnumálaráðuneytið. Af kr. 15.000, sem veittar voru vegna ráðstefnunnar í Stokkhólmi í ágúst 1946, var kr. 3000 varið til annars í samráði við ráðh.

Síðari hluta 2. spurningar er erfitt að svara nákvæmlega, en jafnaðarlega mun hafa farið um það bil mánuður til hverrar ráðstefnu að meðaltali. Þó fór miklu lengri tími í Lundúnaráðstefnuna 1943, en skemmri til ferðar minnar til Danmerkur í marz 1947 vegna prentunar á skýrslu Faxaflóanefndar.

5. spurningunni er tæplega hægt að ætlast til, að hægt sé að svara. Benda má þó á, að Íslendingar hafa svo mikilla hagsmuna að gæta um fiskveiðar, að ekki hefur þótt rétt að sitja hjá, þegar fiskveiðimál hafa verið rædd á alþjóðavettvangi.

6. Faxaflóamálið var afgreitt endanlega frá alþjóðarannsóknaráðinu á fundi þess í Stokkhólmi 1946. Var einróma mælt með friðun flóans, og er málið nú til athugunar hjá ríkisstj."

Þetta var greinargerð Árna Friðrikssonar, og hef ég þar fáu við að bæta. Hans afskiptum af

málinu lýkur svo, þegar sérfræðingafundinum er lokið, og kemur þá til kasta ríkisstjórnanna að afgreiða málið. Ekkert liggur enn fyrir um beinan árangur, og þannig virðist málið hafa strandað á vettvangi utanríkismálanna.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það fór sem ég bjóst við, að erfitt mundi þykja að svara þessum fyrirspurnum, en niðurstaðan er engu að síður glögg. Hæstv. atvmrh. upplýsti, að enginn árangur hefði náðst af störfum sendimanna okkar, sem setið hafa hverja ráðstefnuna af annarri síðan 1938. En það var annað, sem Árni Friðriksson hefði átt að svara, og það var, hverjir þessir 13 menn voru, sem með honum hafa verið. Þessi starfsmaður er mestan hluta ársins erlendis frá sínum störfum, og ekki aðeins það, heldur hefur hann þá með sér heilan hóp. Það, að hann segir ekki frá því, hverjir það eru, sýnir, að hann finnur, að árangurinn hefur orðið lítill og frammistaðan ófrækileg. Þessi vísindamaður hefur nú unnið í 10 ár að vísindarannsóknum sínum og viðurkennir nú, að árangurinn hafi enginn orðið, og vinnubrögðin hjá honum og fleiri mönnum, sem nú kalla sig vísindamenn, eru furðu merkileg. Þessi vísindamaður kom til ríkisstj. fyrir nokkrum árum og heimtaði skip og sagði: Ég veit, að síldin hrygnir fyrir vestan Ísland, og ég fer þangað og veiði hana. Svo fær hann skip og menn, en fann enga síldina og við það sat. Í flestum löndum hefðu vísindamenn, sem sýnt hefðu svona frammistöðu, verið leystir frá störfum, og skýt ég því til hæstv. ráðh., að það er ekki hægt að viðurkenna ríkisstj., sem lætur slík vinnubrögð viðgangast.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. S-Þ. um hæfni eða ekki hæfni þess vísindamanns, sem hér um ræðir. Ég vil aðeins benda á, að ganga síldarinnar og lífnaðarhættir allir eru fleiri en Íslendingum ráðgáta, og hafa þó aðrir ólíkt betri skilyrði en við til slíkra rannsókna. Og það er ekki að búast við því af einum vísindamanni, sem hefur takmörkuð starfsskilyrði, að hann finni lausn þessarar gátu á fáum árum. En Árni Friðriksson náði þeim eina árangri, sem hægt var að gera sér vonir um, að fá viðurkennda till. sína um friðun Faxaflóa á sérfræðingafundinum, en framhaldið hefur strandað hjá ríkisstjórnunum. — En út af þessum 13 aðstoðarmönnum Árna Friðrikssonar, þá las ég nöfn þeirra ekki áðan, því að um þau var ekki spurt. Hins vegar hef ég þessi nöfn og skal nú lesa þau. Þessir hafa aðstoðað Árna Friðriksson á þeim ráðstefnum, sem hann hefur setið á erlendis: Eiríkur Benedikz sendiráðsritari, Finnur Guðmundsson náttúrufræðingur, Hermann Einarsson fiskifræðingur, Jón Jónsson fiskifræðingur, Jakob Möller sendiherra, Loftur Bjarnason útgerðarmaður, Sveinn Björnsson núverandi forseti, Stefán Jóh. Stefánsson núverandi forsrh., Sigurleifur Vagnsson aðstoðarmaður, Stefán Þorvarðsson sendiherra, Vilhjálmur Finsen sendiherra, Þór Guðjónsson veiðimálastjóri.

31. Þingfréttir í útvarpi.

Á 25. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til forsrh. varðandi flutning þingfrétta í útvarpi [95. mál, 4] (A. 177).

Á 26. fundi í Sþ., 9. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 26:1 atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 15. des., var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá [sbr. 28. fyrirspurn, Sjálfvirka símstöðin á Akureyri].
Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að núverandi hæstv. forsrh. eigi heiðurinn af því að hafa komið þeirri venju á, að hér á Alþ. væri fyrirspurnum svarað nokkurn veginn skipulega. Ég tel þetta þakkarvert og ég get glatt hæstv. ríkisstj. með því, að landslýðurinn metur þetta mikils, enda oft og einatt nálega eina lífsmarkið, sem almenningur verður var við hjá þinginu. Því meiri undrun olli það, þegar bannað var að minnast á fyrirspurnirnar í þingfréttum ríkisútvarpsins. Þegar spurt var, hverju það sætti, var því til svarað, að bannið kæmi frá hærri stöðum. Á fyrirspurnirnar mátti ekki minnast. Og það verður ekki hætt að bera fram fyrirspurnir þrátt fyrir þetta, en háttvirtir kjósendur munu fá ranga hugmynd um afskipti hæstv. ríkisstj. af þessu máli, ef ekki kemur annað fram en þegar er orðið. Að lokum vildi ég segja það, að þar sem hæstv. forsrh. kom þessari heppilegu venju á, þá tel ég hann manna líklegastan til að leysa nú málið á giftusamlegan hátt, svo að almenningur fái sem áður fregnir af þeim fyrirspurnum, sem bornar eru fram á hv. Alþingi.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn vil ég taka það fram, að forsrh. og ríkisstj. hafa ekki með það að gera, hvernig hagað er fréttaflutningi frá Alþingi, heldur eru það forsetar þingsins, sem sjá um slíkt. Af þessari einföldu ástæðu get ég ekki svarað þessum fyrirspurnum.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að hv. fyrirspyrjandi hefur áður svarað þeirri fyrirspurn, er fyrir liggur á þskj. 177 og er nú til umr. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa svar hans við hans eigin fyrirspurn, en það birtist í blaði hans, Landvörn, 6. des. s l. og hljóðar svo:

„Stefán Jóh. forsrh. kom eitt sinn úr utanferð með þá ágætu hugmynd, að þingmenn ættu að geta spurt ríkisstj. um þjóðarhag og fengið svör einu sinni í viku. Þegar til kom og þingmenn byrjuðu að spyrja, þótti sumum fullmikið um frelsið. Undu Hermann Jónasson, Gylfi, Jóhann Hafst. og Sigurður úr Vigur illa við, að horft væri bak við tjöldin, og vildu helzt neita, að spurningar væru bornar upp á Alþ. Þegar til

kom, brast þá félaga áræðið og það því fremur sem fyrirspurnirnar voru vinsælar hjá kjósendum. Loks björguðu deildarforsetarnir, Barði og Bernharð, málinu með því að banna Helga Hjörvar að minnast á fyrirspurnirnar í útvarpinu. Kjósendur eiga ekki að fá að sjá nema yfirborð stjórnmálanna.

Vegna bannfæringar deildarforsetanna og ótta hinna pappírsauðugu blaða við að segja frá spurningum á Alþingi verður Landvörn að eyða nokkru rúmi til að koma bannfærðu málefnunum til almennings."

Þannig er svar hv. þm. S-Þ. við hans eigin fyrirspurn, en á því er sá galli, að það eru gersamlega tilhæfulaus ósannindi, að deildarforsetarnir hafi skipt sér nokkuð af málinu. Þeir hafa aldrei lagt bann við því, að skýrt væri frá fyrirspurnum í þingfréttatíma útvarpsins. Hv. þm. hefði átt að snúa sér til þingfréttamanns eða skrifstofustjóra Alþingis, áður en hann bar slík ósannindi á borð fyrir lesendur sína. Ég hef að svo stöddu ekki meira um þetta að segja, því að málið hefur aldrei komið til kasta deildarforsetanna, og vænti ég þess, að hv. þm. S-Þ. sjái sóma sinn í að leiðrétta þetta í næsta tölublaði Landvarnar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, að nokkrir hv. þm. hafa látið í ljós sterkan óhug á fyrirspurnum hér á Alþingi og höfðu við orð að breyta lögum um þetta atriði. Beiskja þeirra í sambandi við fyrirspurnirnar mun hafa staðið í sambandi við það m. a., að spurt var um mál, er snerti ýmsa af forustumönnum þjóðarinnar og nazistastjórnina þýzku, og olli þetta miklu umtali og þótti sumum óheppilegt, en nú veit þjóðin, hvaða hug nazistarnir höfðu á Íslandi. Þegar í haust bólaði á því, að þm. vildu fella niður fyrirspurnirnar, en þeim var þó haldið áfram sem áður, en allt í einu er hætt að skýra frá þeim í þingfréttum útvarpsins og sagt, að skipanir um það væru komnar frá hærri stöðum. Það var vitað, að forseti sameinaðs Alþingis átti þar ekki hlut að máli, og frá hvaða hærri stöðum átti skipunin að koma nema frá hinum yfirmönnum þingfréttanna? En sé það rétt hjá hv. 9. landsk., að deildarforsetarnir hafi ekki bannað að skýra frá fyrirspurnunum, þá er um vítaverða vanrækslu hjá þeim að ræða að láta ekki halda áfram að skýra frá þeim. Annars er vitnishæfni hv. 9. landsk. dregin það mikið í efa yfirleitt, að þetta mun athugað betur, áður en hann verður sýknaður af málinu.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. segir, að sér hafi verið sagt, að bann við því að geta um fyrirspurnirnar í þingfréttatíma ríkisútvarpsins kæmi frá hærri stöðum. Það er undarlegt, að hann skyldi ekki spyrja, hverjir þeir hærri staðir væru, og hví ekki að snúa sér til hæstv. forseta Sþ. og spyrja hann um þessi mátarvöld? Svo heldur þessi hv. þm. því fram, að það sé vanræksla af hendi deildarforseta, að fyrirspurnir, sem bornar eru fram í Sþ., séu ekki birtar í útvarpinu. Hv. þm. S-Þ. ætti að vera kunnugt, að hæstv. forseti Sþ. hefur umsjón með fréttaflutningi þaðan. Annars er auðséð, hvert hv. þm. S-Þ. er að fara. Hann ber fram þessa fyrirspurn til að blekkja almenning. Hann vekur athygli á, að höft séu lögð á áróður hans, og lýgur því svo á deildarforsetana, af því að honum er einna verst við þá af þingforsetunum, að það séu þeir, sem séu að níðast á sér, — þokkapilturinn!

32. Símabilanir á Vestfjörðum.

Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt:
Fyrirspurn til samgmrh. varðandi símabilanir á Vestfjörðum [114. mál, 1] (A. 286).

Á 33. fundi í Sþ., 27. jan., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 26 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Frá því 1. des. s. l. og þar til 1. jan. þessa árs hefur verið símasambandslaust við Ísafjörð og nágrenni samtals í 17 daga, þar að auki mjög slæmt samband í eina viku, þannig að segja má, að þessa tvo mánuði hafi verið svo að segja helming þess tíma svo til símasambandslaust við þennan landshluta. Í því sambandi vil ég einnig geta þess, að eftir þeim athugunum, sem ég hef látið gera á hinu almenna ástandi í símamálum á Vestfjörðum, þá þurfa íbúar á Vestfjörðum yfirleitt að greiða 2 símtöl af þrem með þreföldu gjaldi, sem sé sem hraðsamtöl. Þá er þess að geta um ástandið í símamálum í þessum landshluta, að heil byggðarlög hafa í vetur verið svo vikum skiptir gersamlega símasambandslaus við t. d. Ísafjörð og jafnvel einstök byggðarlög innbyrðis. Á Ísafirði sjálfum er ástandið þannig, að símstöðin þar er svo ófullkomin, að það má heita, að símamál kaupstaðarins sjálfs innbyrðis séu í fullkomnum ólestri. Ég hef ekki tíma til þess að rekja þetta öllu nánar, en þær tíðu bilanir og sambandsleysi, sem Vestfirðir hafa yfirleitt við að búa, ekki eingöngu Ísafjörður, og á ég fyrst og fremst þá við Ísafjarðardjúpið, því að þar er ég kunnugastur, er svo slæmt og alveg sérstaklega í vetur, að það er alveg óviðunandi við slíkt. Símabilanir hafa verið svo tíðar, að algert sambandsleysi hefur verið um langt skeið.

Af þessum ástæðum leyfi ég mér að beina fyrirspurn til hæstv. samgmrh. varðandi símabilanir í þessum landshluta. Ég spyr um það, hverjar séu taldar vera orsakir hinna tíðu bilana, sem orðið hafa undanfarna mánuði á símalínum á Vestfjörðum. Og í öðru lagi spyr ég um það, hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar til þess að bæta úr því öngþveitisástandi, sem ríkir í símamálum þessa landshluta. Í þriðja lagi, hvernig horfur eru með innflutning á nauðsynlegu efni til viðhalds og nýbyggingar símalína í landinu. Ég hef ekki tíma til þess að ræða þetta nánar

nú en ég vildi aðeins segja það áður en ég fæ svar hæstv. ráðh., að þetta ástand, sem ríkt hefur í vetur í símamálum Ísafjarðar og annars staðar á Vestfjörðum, er gersamlega óviðunandi.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því við settan póst- og símamálastjóra, Gunnlaug Briem, að hann gæfi mér skýrslu um það, sem að er hér spurt, og í þeirri röð, sem spurningarnar eru bornar fram, og ég held, að málið skýrist bezt með því að lesa upp svar, sem settur póst- og símamálastjóri, Gunnlaugur Briem, hefur sent mér. Þar segir:

„1. spurning: Hverjar eru taldar vera orsakir hinna tíðu bilana, sem orðið hafa undanfarna mánuði á símalínum á Vestfjörðum?

Greinargerð: Það yrði allt of langt mál að fara nákvæmlega út í allar línur á Vestfjörðum, og skal því símalínan milli Borðeyrar og Ísafjarðar tekin til meðferðar sem dæmi, en hún er væntanlega þýðingarmesta línan til Vestfjarða og sú, er verst skakkaföll hefur hlotið í vetur. Á þessari línu er og fjölsímasambandið til Ísafjarðar. Á s. l. ári bilaði þessi lína alls 5 sinnum, en einu sinni það sem af er þessu ári. Geta þetta varla talizt tíðar bilanir á svo langri og erfiðri leið. Hins vegar hafa viðgerðir tekið alllangan tíma vegna veðurofsa og ófærðar, og hefur það valdið miklum óþægindum. Skeytasambandi hefur þó verið haldið uppi loftleiðis, meðan línurnar voru ónothæfar.

Ein af nefndum bilunum var smávægileg og stóð í sambandi við sumaraðgerðarvinnu, og var viðgerð lokið eftir 2 klukkustundir. Orsakir allra hinna bilananna var mikil ísing, sem engar loftlínur standast, ef stormur er samtímis ísingunni. Við ísinguna hleðst handleggsþykkt ísing utan á hvern vír. Þegar þessu fylgir ofsarok, verður áreynslan á vír, einangrara, króka og staura oft hundraðfalt meiri en við íslausan vír í logni. Hins vegar er áreynslan á íslausan vír í ofsaroki aðeins 4—5 sinnum meiri en í logni. Af þessu er auðskilið, að ísingarhættan er ólíkt alvarlegri fyrir loftlínur en nokkurt rok án ísingar. Þegar lína hefur bilað við slíka ísingu og hefur fengið viðgerð að vetrarlagi, er hún yfirleitt veikari en áður, því að fullkominni viðgerð, þar á meðal algerðri endurnýjun hins ofreynda efnis, verður að jafnaði ekki við komið fyrr en næsta sumar.

Nefndum bilunum á línunni milli Borðeyrar og Ísafjarðar skal nú lýst nokkru nánar. 1. bilun: 12. jan. 1948. Línan slitnar niður af 34 staurum hjá Arngerðareyri vegna ísingar. Enginn staur brotnaði. Viðgerð var lokið eftir 2 daga. — 2. bilun: 26. febr. 1948. Vírar slitnuðu niður á 2 km svæði á Steingrímsfjarðarheiði vegna ísingar. Brotnuðu 100 einangrarar. Vegna óveðurs og vatnavaxta urðu viðgerðarmenn að margsnúa við í viðgerðarferðum, og var ekki unnt að ljúka viðgerð fyrr en 6. marz, eða eftir 9 daga. — 3. bilun: 30. sept. 1948. Var smábilun í sambandi við sumaraðgerðarvinnu, og var viðgerð lokið eftir 2 klukkustundir. — 4. bilun: 8. nóv. 1948. Gríðarmikil ísing á svonefndri Skák milli Arnardals og Sauradals, upp af Súðavík. Brotnuðu 28 staurar, margir krókar og einangrarar eyðilögðust og línur lágu niðri á 5 km svæði. Viðgerðarmenn voru strax sendir af stað, en urðu frá að hverfa vegna veðurofsa. Daginn eftir var aftur reynt, og loks var viðgerð lokið 12. nóv., eða á 5. degi. — 5. bilun: 1. des. 1948. Urðu miklar bilanir á mörgum stöðum vegna ísingar og aftakaveðurs. Línurnar slitnuðu niður á 12 km svæði frá Ögri og inn með Mjóafirði, en enginn staur brotnaði þar. Í Reykjarfirði brotnuðu 5 staurar, og línur slitnuðu á 300 m svæði. Hjá Húsavík í Steingrímsfirði brotnuðu 5 staurar og allir vírar slitnuðu á 300 m svæði. Ísingin var þar yfir 10 cm þykk á hverjum vír. Á Steingrímsfjarðarheiði slitnuðu línurnar niður á rúmlega 1 km svæði, en staurar brotnuðu þar ekki, en hins vegar margir einangrarar. Þess má geta, að þarna var vírinn úr 5,3 mm járni, sem er gildasti vír, sem hér hefur verið notaður í símalínur. — 6. bilun: 1. jan. 1949. Bilun á Steingrímsfjarðarheiði vegna ísingar. Var ekki hægt að senda út viðgerðarmann sama dag vegna stórhríðar, og næsta dag urðu viðgerðarmenn að snúa við vegna veðurs. Þriðja daginn var blindhríð á heiðinni. Viðgerð tókst loks 8. jan., og línan hefur ekki bilað síðan.

Þess skal getið, að símasambandið milli Reykjavíkur og Ísafjarðar hefur rofnað oftar vegna bilana sunnanlands, eða í 7 skipti árið 1948, þar af voru tvær bilanir vegna skemmda af mannavöldum, og tvisvar var sambandslaust á fjölsímanum vegna rafmagnsleysis á Ísafirði, en aðeins 2—3 stundir í einu.

Veðráttan á þessum vetri hefur valdið óvenju stórfelldum bilunum á Ísafjarðarlínunni. Hins vegar munu bilanir á ýmsum öðrum loftlínum í landinu hafa verið tíðari, svo sem á sunnanlandslínunni til Austfjarða.

Á Barðastrandarlínunni urðu um helmingi fleiri bilanir en á Ísafjarðarlínunni, en viðgerð tókst samdægurs eða næsta dag í öll skipti nema eitt, en það var í byrjun desember, eða í sama óveðrinu og versta bilunin varð á Ísafjarðarlínunni. Þá var Barðastrandarlínan sama sem sambandslaus í 16 daga."

Þá vil ég geta þess, að eftir að grg. þessi er samin, bilaði Ísafjarðarlínan frá Ögri, eða í fyrradag, en komst aftur í lag í morgun. Varð samsláttur, sem talinn er stafa frá tognun frá bilininni í des. s. l.

Eins og hv. þm. hafa heyrt af þessari skýrslu, er það ísing, sem mestu hefur valdið um þessar skemmdir og bilanir, og þá einnig veðrið, sem hefur hamlað viðgerð á línunum, svo að hún hefur dregizt lengur en ella. En mér skilst á skýrslunni, svo og á samtali við póst- og símamálastjóra, að í þessum efnum hafi verið gert allt, sem hægt er, til þess að gera við þessar bilanir og það eins fljótt og hægt er. En trygging getur ekki fengizt í þessu efni meðan um loftlínur er að ræða.

„2. spurning: Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að bæta úr því öngþveitisástandi, sem ríkir í símamálum þessa landshluta.

Greinargerð: Á hverju sumri fara línuflokkar með fram öllum aðallínum, og svo var einnig á síðasta sumri á línunni milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Á Steingrímsfjarðarheiði var þannig skipt um ónýta staura og farið upp í topp á hverjum staur til athugunar á einangrurum og bindingum víra og lagfært það, sem athuga-

vert fannst. Jafnframt er sú venja að skrá niður, hvaða staurar séu að byrja að fúna og þurfi að skipta um á næsta sumri eða því sem næst. Er verkstjórinn skildi við línuna eftir síðustu sumaraðgerð, taldi hann, að staurarnir á Steingrímsfjarðarheiði væru í svo góðu ástandi, að ekki þyrfti að skipta um neinn staur fyrst um sinn, en hins vegar þyrfti að skipta um nærri 100 staura næsta sumar á leiðinni Arngerðareyri—Ísafjörður. Af þessum 100 síðastnefndum staurum eru 7 á svæðinu milli Ögurs og Þernuvíkur, þar sem mikil ísingarbilun varð í vetur, en enginn þeirra staura brotnaði þar. Það kom og fram annars staðar, að við svona ísingu brotnuðu jafnt nýir staurar sem gamlir og nýr vír úr sterkasta efni hélt ekki heldur.

Á næsta sumri er ráðgert, eins og venjulega hefur verið, að skipta um allt hið ofreynda efni á þeim svæðum, sem hefur bilað í vetur, og enn fremur staga staura mun meira en gert hefur verið að undanförnu, svo og stytta staurabilið á vissu svæði milli Ísafjarðar og Arngerðareyrar, þótt það sé kostnaðarsamt. Kostnaðurinn við þessa aðgerð á Ísafjarðarlínunni hefur verið áætlaður nálægt hálfri millj. kr., og er það nærri sjötti hluti þess, sem áætlað er til viðhalds allra lína í landinu samkvæmt tillögum til fjárlaga 1949. Hins vegar telur póst- og símamálastjórnin, að slíkar aðgerðir tryggi ekki gegn bilunum við svo mikla ísingu, sem varð á þessum vetri, en staurabrot og aðrar skemmdir yrðu þá minni.

Póst- og símamálastjórnin telur, að ekki fáist viðunandi trygging gegn símabilunum fyrr en hætt er að nota loftlínur. Hjá landssímanum hafa lengi legið fyrir áætlanir um framtíðarlausn þessara mála, bæði yfir Vestfirði og aðra landshluta. Fela þær í sér jöfnum höndum fjölgun símasambanda, betri afnot og hraðari afgreiðslu, svo og stóraukið öryggi með því að fella niður notkun loftlína á aðalleiðum. Hér skal rétt drepið á helztu atriðin í þessum áætlunum varðandi sambandið við Ísafjörð:

Fyrsti liðurinn í nefndum áætlunum er að koma upp símastöð með mögnurum og fjölsímum í Hrútafirði við endann á núverandi jarðsíma frá Reykjavík norður. Á sambandið við Ísafjörð þá að fara í gegnum jarðsíma á þeim hluta leiðarinnar, sem er milli Reykjavíkur og Hrútafjarðar, og þar með verða óháð loftlínunum. Næst er ráðgert að koma á ultrastuttbylgjuradiosambandi (með fjölsíma) milli Melgraseyrar og nágrennis Ísafjarðar og þar með komast fram hjá loftlínum og sæsímum á leiðinni frá Arngerðareyri til Ísafjarðar. Þá er eftir að komast fram hjá loftlínum á leiðinni milli Hrútafjarðar og Melgraseyrar. Er hugsað að leysa það sumpart með jarðsíma yfir Steingrímsfjarðarheiði og sumpart með ultrastuttbylgju-fjölsíma milli Blönduóss og Hólmavíkur, þegar fyrirhugaður jarðsími milli Hrútafjarðar og Akureyrar er kominn til Blönduóss. Verður þá hægt að fjölga samböndum úr 3 upp í 5 eða meira. Síðan er hugsuð önnur sambandsleið við Ísafjörð um Patreksfjörð til Reykjavíkur, en það yrði of langt mál að rekja þessar áætlanir hér. Allar þessar framkvæmdir kosta mikið og verða ekki gerðar á stuttum tíma, nema þá með stórlánum.

Póst- og símamálastjórnin hefur að undanförnu sótzt mjög fast eftir fjárveitingu og fjárfestingarleyfi til síma- og magnarastöðvarinnar í Hrútafirði, sem hún telur óhjákvæmilegan fyrsta lið í öllum umbótum á símaleiðunum til Vestfjarða og Norðurlands, og liggur það mál nú fyrir fjvn. Alþ.

3. spurning: Hvernig eru horfur með innflutning á nauðsynlegu efni til viðhalds og nýbyggingar símalína í landinu?

Greinargerð: Í okt. s. l. heimilaði fjárhagsráð að gera pantanir fyrir vissri upphæð varðandi mikið aðkallandi efni. Þetta svaraði þó tæplega til 1/30 þess, sem síminn telur sig þurfa á þessu ári. Var þá pantaður vír og einangrarar meðal annars. Nú er það svo, að á einangrurum er nú nærri tveggja ára afhendingartími, svo að sú pöntun leysir ekki úr þörfum þessa árs. Hins vegar er póst- og símamálastjóri í utanför sinni að reyna að leysa það mál, ef til vill með láni hjá erlendum símastjórnum. Enn fremur hefur landssímanum verið tjáð, að alveg á næstunni muni hann fá innflutningsleyfi fyrir upphæð, sem svarar til um 20% umsókna hans, og verða þá strax gerðar pantanir á staurum og öðru mest aðkallandi símaefni, eftir því sem leyfisupphæðin nær. Hins vegar er póst- og símamálastjórninni ekki kunnugt um, hvenær leyfi verða veitt til pöntunar meginhluta efnisþarfanna.

Loks skal þess getið, að vegna hins langa afhendingarfrests og fyrirvara, sem nú er á flestu efni, er ekki víst, að efnið, sem nú verður pantað, fáist í tæka tíð fyrir sumaraðgerðirnar."

Við þessa skýrslu póst- og símamálastjórnarinnar hef ég ekki öðru að bæta en því, að á innflutningsáætlun ársins, sem fjárhagsráð hefur nú gengið frá, en aðeins er ósamþ. af ríkisstj., er gert ráð fyrir að leyfa innflutning á símaefni á árinu 1949 fyrir 6,1 millj. kr., og ætti með því að vera leyst úr a. m. k. öllum aðalefnisþörfum símans. Þessi leyfi er vitanlega ekki farið að veita enn þá, því að ekki hefur verið gengið frá efnisþörfinni til fulls.

Ég sé svo ekki þörf á að bæta við þessa ýtarlegu skýrslu póst- og símamálastjórnarinnar.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. svör hans og þá ýtarlegu skýrslu, sem hann hefur gefið í tilefni af fyrirspurn minni. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því fyrst og fremst, að nú er fengin vitneskja um það, að gert er ráð fyrir verulegum innflutningi á efni til síma og talstöðva. Ég er að vísu feginn að heyra, að símamálastjóri hefur búið til áætlun um það, hvernig bæta eigi úr ástandinu í símamálum Vestfjarða, en verð þó að játa, að ég byggi ekki vonir um mjög miklar úrbætur á henni, vegna þess að mér skilst, að hún muni vera miðuð við allmörg ár fram í tímann, og líka vitað, að hún verður mjög dýr, en hins vegar fé það, sem fyrir hendi er til þessara framkvæmda, takmarkað mjög, eins og ráðh. einnig minntist á. Ég hygg, að eina leiðin til þess að

bæta til bráðabirgða úr þessu ástandi sé að endurnýja og bæta loftlínurnar og staurana, en hins vegar engin von til, að hægt sé að bíða þess rólegur, að dýrt og voldugt símahús verði byggt í Hrútafirði né jarðstrengir lagðir um flestar þær byggðir, þar sem þessar bilanir hafa orðið.

Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hæstv. ráðh. hafi lesið upp úr skýrslu póst- og símamálastjóra, að honum hafi ekki fundizt þessar bilanir neitt sérstaklega tíðar. Ég verð að segja, að það er náttúrlega ekki mjög uppörvandi að heyra frá póst- og símamálastjóra, að honum finnist það ekki nema svona rétt í meðallagi tíðar bilanir, þegar svo er komið, að heill landsfjórðungur er einn mánuð af tveimur símasambandslaus. Það er nokkuð mikil nægjusemi.

Ég vil svo vænta þess, að þessi skýrsla, sem ráðh. hefur gefið og varpað hefur ljósi á málið, verði til þess, að þm. gefi þessu máli meiri gaum en ég ætla, að gert hafi verið að undanförnu.

33. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt:
Fyrirspurn til samgmrh. um kostnað við undirbúning á frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum [114. mál, 2] (A. 286).

Á 33. fundi í Sþ., 27. jan., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 26 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 286 leyft mér að bera fram fsp. þess efnis, hvað undirbúningur frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hefur kostað, hvernig sá kostnaður skiptist, til hvaða aðila greiðslurnar hafa farið og hve mikið til hvers aðila.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef látið taka saman þennan kostnað og sundurliða hann nokkurn veginn eins og spurt er um. Kostnaðurinn skiptist þannig:

Nefndarmenn voru fimm: Jón Vestdal, Guðmundur H. Guðmundsson, Kristinn Ág. Eiríksson, Páll S. Pálsson og Sæmundur Ólafsson. Var Jón E. Vestdal formaður n. og fékk í laun kr. 10473.00, en meðnm. hans hver um sig kr. 6982.00. Skrifstofukostnaður nefndarinnar var kr. 10000.00. Fyrir vélritun voru greiddar kr. 1498.50, ferðakostnað kr. 6573.00, ritföng, frímerki o. fl. þess háttar kr. 959.80. Samtals nemur þá þessi kostnaður kr. 57432.00. Þess skal getið, að grunnlaun formanns voru ákveðin 300 kr., en annarra nefndarmanna 200 kr. pr. mán.

Ég tel, að með þessu sé fsp. svarað, og hef ég ekki fleiru við það að bæta.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér, enda ekki til þess ætlazt, og mun ég ræða það í sambandi við afgreiðslu málsins sjálfs, þegar þar að kemur.

34. Mjólkurflutningar til Reykjavíkur úr Borgarfjarðarhéraði.

Á 32. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. um mjólkurflutninga til Reykjavíkur úr Borgarfjarðarhéraði [114. mál, 3] (A. 286).

Á 33. fundi í Sþ., 27. jan., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 26 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 2. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Núna í þessum þungu snjóum kom það fyrir hvað eftir annað, sem ekki er óeðlilegt, að mjólkurbílar úr Mýrasýslu og Borgarfirði komust ekki fyrir Hvalfjörð. Það vakti eftirtekt manna hér, að beinast lægi við, þar sem Laxfoss gengi því nær daglega milli Rvíkur og Akraness og Borgarness, að flytja þessa vöru með honum. Munu að vísu vera taldir á því meinbugir að flytja mjólk frá Borgarnesi með tankbílum, þar sem ekki séu til nægileg ílát til þess að skipta um daglega. En þetta er svo fráleitt mál, að mér fannst sjálfsagt að spyrja um þetta í þinginu, því að Hvalfjörður er alltaf vafasamur vegur. Mér finnst ekki sæmilegt að bjóða bifreiðarstjórum að flytja mjólk úr tveimur sýslum þennan háskaveg, jafndýrt og það hlýtur að vera. Ég þykist vita, að ráðh., sem er þm. Mýr., muni finna einhver ráð til þess, eftir að þessi fsp. hefur verið borin fram, að úr þessu verði bætt. Þetta er mál, sem snertir alla og sérstaklega hans kjördæmi.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Þó að þessi starfsemi sé í rauninni utan við það ráðuneyti, sem ég hef með að gera í ríkisstj., og á vegum sérstakra stofnana í landinu, bænda í Borgarfirði og þeirra, sem annast söluna hér, hef ég aflað mér nokkurra upplýsinga um þessi mál, sem ég var nokkuð kunnugur af þeim ástæðum, að ég er þm. fyrir Mýrasýslu, og skal ég gefa nokkrar upplýsingar um þetta.

Það eru ýmis teknisk atriði í sambandi við þetta mál, sem hafa gert það eðlilegt, að flutningarnir hafa tekið þessa rás viðburðanna. Fyrst og fremst er þess að geta, að flutningar á mjólk, ekki síst þaðan ofan að, eru nokkuð tímaglöggir, þurfa að vera öruggir, til þess að

mjólkin komi eins ný á markaðinn og mögulegt er. Mun það vera venja, að mjólkin er flutt fyrri hluta dags úr héruðum Borgarfjarðar og þá tekin til meðferðar og gerilsneydd síðari hluta dags. Og nú þarf að vera tryggt, til þess að mjólkin bíði ekki, að hún komist þegar að kvöldi áleiðis til Rvíkur eða snemma næsta dag. Nú er það svo, að Laxfoss hefur undanfarið haft sérstaklega fyrir stafni að annast fólksflutninga bæði milli Rvíkur og Akraness og Borgarness, og sömuleiðis hefur hann annazt fólksflutninga í sambandi við hraðferðir frá Akranesi. Þetta hefur gert það að verkum, að hann hefur verið bundinn á vissum tímum til þess að taka á móti hraðferðunum, þegar þær koma að norðan. Það er þess vegna mjög örðugt fyrir skipið að binda sig því að vera alltaf til taks á kvöldin að taka mjólk, og hafa ferðirnar í Borgarnes verið nokkuð meir af handahófi þá tíma, sem hann hefur ekki verið bundinn við hina aðra fólksflutninga. Þess ber einnig að geta, að sigling í Borgarfjörð er bundin vandkvæðum, þar sem sæta verður sjávarföllum, og þegar þannig stendur á, er nokkrum vandkvæðum bundið, að skipið geti verið til taks á þeim tímum, sem það þyrfti að vera. Þetta eru út af fyrir sig nokkrir tekniskir örðugleikar, eins og starfsemi skipsins er hagað.

Í sambandi við þetta má minna á, að þarna hefur verið gerð rannsókn á því, eins og víðar á landinu, að flytja mjólkina á tankbílum, sem er á allan hátt miklu betra vegna mjólkurflutninganna, og þarf til þess miklu minni ílát að geta flutt hana á tankbílum í stað þess að flytja hana á brúsum, og er það atriði út af fyrir sig. En hér kemur einnig annað til greina. Það mun láta nærri, að flutningskostnaður á mjólkinni með skipinu sjálfu sé um 40 kr. á tonn, en útskipun í Borgarnesi og uppskipun í Rvík samtals um 100 kr. á tonn, en þar að auki bætist hér við flutningskostnaður við að koma mjólkinni frá skipshlið og í mjólkursölubúðirnar. Mun láta nærri, að allur kostnaður við flutning sjóleiðina fari upp í 176 kr. tonnið, en flutningur á landi hefur ekki kostað nú meir en 140—150 kr. tonnið, og er því eðlilegt, að bændur hafi fremur kosið að nota þá leið en hina. Það er að vísu rétt, að Hvalfjörður eða landleiðin getur orðið ófær bílum. En þegar þannig hefur verið ástatt, hefur venjulega verið gripið til sjóflutninga, til þess að mjólkurflutningarnir skyldu ekki stöðvast, þegar sjóleiðin hefur verið fær. En þó að það komi ekki oft fyrir, getur sjóleiðin í Borgarnes líka verið ófær vegna veðurs, og hefur komið fyrir, að flutningar gátu farið fram á landi, þó að þeir væru ekki mögulegir á sjó. Annars hefur mér verið tjáð, að ekki hafi komið nema 4 dagar, sem landleiðin hafi lokazt. En ef allt væri talið saman, mundu ekki verða færri dagar, sem sjóleiðin hefur líka lokazt, og er þannig ekki hægt að tryggja fullkomið öryggi um daglega flutninga, þó að hugsað sé um landleiðina eingöngu. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa hvort tveggja opið, til þess að hafa einn möguleika til þess að grípa til, þegar annar bregzt. Landflutningarnir eru í senn ódýrari og tryggari, ef skipið á að anna öðru en mjólkurflutningunum einum, og er því eðlilegt, að bændur grípi til þess ráðs að velja landleiðina, eins og þeir þegar hafa gert.

Ég hygg, að þessar upplýsingar ættu að nægja til þess að sýna, að það er ekki að ástæðulausu, að gripið hefur verið til þess ráðs að nota að mestu landflutninga til þess að koma mjólkinni á markaðinn.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ráðh. hefur nú skýrt þetta mjög ýtarlega, og árangurinn er sá, að það ætti að vera þm. ljóst, hvílíkt ófremdarástand er í mjólkurmálunum, ef það kostar 50 kr. í Borgarnesi að láta eitt tonn af mjólkurbrúsum af bryggjunni upp í Laxfoss og aðrar 50 að taka brúsana hér við bryggjuna og láta á bíla, en flutningsgjaldið yfir hafið er líka 50 kr. Allt sýnir þetta manni, hvað skipulagið er lélegt í þessu yfirskipulagða landi, því að ef nokkurri hagsýni væri til að dreifa, væri þetta auðvitað ekki nærri svona stór liður að koma brúsunum af bryggju eins og raun ber vitni, að það skuli þurfa að eyða 100 kr. á tonnið fyrir að lyfta brúsunum upp á skip í Borgarnesi og taka af skipi hér.

Ég vænti svo þess, að hæstv. ráðh. stilli svo til, að þessu ófremdarástandi verði aflétt, og menn sjái, að engin meining er í öðru en að nota Laxfoss til þessara flutninga. Ég vona, að þessar upplýsingar verði til þess, að á þetta komist betra skipulag, hið vonda skipulag fæði af sér betra skipulag.

35. Fiskiðjuver í Reykjavík.

Á deildafundum 9. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi byggingu og rekstur fiskiðjuvers við Grandagarð í Reykjavík [125. mál, 1] (A. 324).

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 11. febr., var fyrirspurnin aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Þetta fyrirtæki hefur orðið nokkuð kostnaðarsamt ríkissjóði. Það liggja nú ekki margar heimildir fyrir um þetta fyrirtæki, en það eru nokkuð margar milljónir, sem það hefur kostað. Og húsið stendur nú þannig, að það er að vísu nokkuð áleiðis komið og nokkuð nothæft, en sýnist þó utan frá tæplega nema hálfgert.

Það er ástæða til að athuga, hve mikið fé hefur eyðzt í þessa byggingu. Og ef þeim ýmsu liðum, sem eru hér í fyrirspurninni, er svarað, eins og ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. geri, — og liðina þarf ég ekki að taka upp hér, — þá

fær þjóðin glögga hugmynd um, hvað í þessum efnum er búið að gera og hvað hugsað er að gera í sambandi við þetta mikla, hálfgerða verk.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Að því er snertir þessa fyrirspurn, sem er rómv. I á þskj. 324, sem hér liggur fyrir og varðar byggingu og rekstur fiskiðjuvers við Grandagarð í Reykjavík, þá vil ég fyrst geta þess, varðandi 1. tölul. fyrirspurnarinnar — því að eins og hv. þm. sjá, er fyrirspurnin í 7 tölul. — sem fjallar um það, eins og þar segir: „Hvaða aðilar réðu því, að lagt var út í byggingu fiskiðjuversins?", — að fiskiðjuverið er sem kunnugt er byggt í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Og mér skilst, að það hafi verið fiskimálanefnd og þáverandi hæstv. atvmrh., sem réðu því, að lagt var út í þessa byggingu. Mér er ekki kunnugt um, hvort ríkisstj. öll stóð að því verki, en frumkvæði og ráð munu hafa verið hjá báðum þessum aðilum. Ég get getið þess, að það var leitað til nýbyggingarráðs varðandi þetta fyrirtæki eins og önnur fyrirtæki, er byggð voru á þeim tíma, um nokkurs konar löggildingu og innflutningsleyfi fyrir vélum fyrir þetta fyrirtæki, og var það veitt í þann tíð. Leyfi fyrir innflutningi á því, sem þurfti til byggingarinnar, var veitt af hálfu nýbyggingarráðs, þar sem á þetta fyrirtæki var litið sem verandi innan þess ramma nýbygginga ýmissa fyrirtækja sem ráðizt var í á þeim árum.

Þá koma fyrirspurnartölul. 2, 3, 4, 5 og 6. Ég skal svara þeim eins og þær heimildir gefa tilefni til, sem ráðuneytið hefur aflað sér í tilefni þessarar fyrirspurnar. En svörin eru samin af stjórn fiskimálasjóðs eða skjalið undirritað af form. hennar, Þorleifi Jónssyni, f. h. stjórnar fiskimálasjóðs.

Í fyrsta lagi er fyrirspurn undir tölul. 2: „Hve mikið fé hefur verið lagt í þessa byggingu?" — Því er svarað þannig af stjórn fiskimálasjóðs:

„Heildarstofnkostnaður fyrirtækisins, eins og það er nú, hefur orðið kr. 6.850.248,97 og sundurliðast hann þannig:

Bygging	kr.	4.619.591.88
Vélar	—	2.112.025,72
Áhöld	—	90.583,65
Skrifstofuáhöld	—	28.047,72
Samtals	kr.	6.850.248,97"

3. tölul. fyrirspurnarinnar hljóðar þannig: „Hvar standa byggingarlánin fyrir fiskiðjuverið?" Því er svarað svo:

„Stofnlán fyrirtækisins eru sem hér segir:

Stofnlánadeild sjávarútv.	kr.	3.333.000,00
Fiskimálanefnd I	—	750.000,00
Fiskimálanefnd II	—	515.000,00
Fiskveiðasjóður	—	400.000,00
Bæjarsjóður Reykjavíkur	—	350.000,00
Fiskimálanefnd, bráðab.lán	—	703.267,13
Landsbanki Íslands, víxill	—	800.000,00
Ríkissjóður Íslands	—	301.817,00
Samtals	kr.	7.153.084,13

Munurinn á heildarupphæð lánanna og hinum bókfærða stofnkostnaði stafar af ýmsum birgðum, tapi á rekstrinum, o. s. frv."

4. tölul. fyrirspurnarinnar hljóðar þannig: „Hve mikið hefur ríkið fengið fyrir selda framleiðslu fiskiðjuversins árlega?" — Það gefur nú raunar auga leið, að ríkið hefur ekki fengið andvirði seldrar framleiðslu í þessu efni. En þetta á víst að skilja þannig, að spurt sé um, hvað hafi selzt af framleiðslu fyrirtækisins. — Þessum lið fyrirspurnarinnar er svarað þannig:

„Árið 1947 var fyrsta starfsár fiskiðjuversins, og var þá lítið framleitt annað en frystur fiskur. Framleiðsla þessi hófst í marzmánuði og var þá ýmsum örðugleikum bundin sökum þess, að frystihúsið var ekki fullgert. Alls var frystur það ár fiskur, sem nam að útflutningsverðmæti kr. 1.620.207,95. Niðursoðin vara var flutt út það ár fyrir kr. 78.661,35, en seld innanlands fyrir kr. 6.067,60. Niðursuðuverksmiðjan var ekki tilbúin til starfrækslu fyrr en nokkru síðar en frystihúsið, og varð rekstur hennar vegna þess og annarra aðstæðna bæði mjög lítill og óhagstæður.

Árið 1948 var frystur fiskur, sem nam að útflutningsverðmæti kr. 2.915.442,29. Þar af var útskipað fyrir áramót andvirði kr. 1.625.960,45, en birgðir um áramót voru kr. 1.289.481,84, og verður afskipun þeirra að líkindum lokið fljótlega eftir næstu mánaðamót. Niðursoðin vara var flutt út á árinu fyrir kr. 991.854,37, en seld innanlands fyrir kr. 179.893,65. Fryst síld var seld á árinu fyrir kr. 254.737,50."

5. tölul. fyrirspurnarinnar er svarað á þessa leið:

„Árið 1947 varð tap samkvæmt rekstrarreikningi kr. 289.552,55. Í þessu sambandi ber að geta þess, að þetta var fyrsta starfsár fyrirtækisins. Frystingin var í fyrstu rekin við erfið skilyrði, þar eð ýmislegt var ófullgert, og niðursuðan varð hverfandi lítil. Endanlegt uppgjör fyrir árið 1948 er enn ekki tilbúið, og er því ekki hægt að svo stöddu að gefa nákvæmar upplýsingar um rekstrarafkomuna. Hins vegar er svo að sjá samkvæmt bráðabirgðauppgjöri, að rekstrarhalli á árinu muni hafa verið hér um bil kr. 135.000,00, og eru þá ekki reiknaðir með dráttarvextir af lánum þeim, sem í vanskilum eru. Bókfærðir vextir af lánum nema samtals kr. 286.395,54, en ef dráttarvextir eru reiknaðir með, verður heildarvaxtakostnaður á árinu kr. 364.467,54. Í þessu sambandi ber sérstaklega að athuga það, að talsvert af stofnfénu er annaðhvort algerlega óarðbært, svo sem það, sem liggur í hinu ófullgerða ísframleiðslukerfi, og að niðursuðuverksmiðjan hefur ekki verið rekin með svo miklum krafti sem mögulegt hefði verið, ef fjárskortur hefði ekki hamlað. Enn fremur var, svo sem kunnugt er, þorskvertíðin á árinu 1948 sérstaklega óhagstæð, þar eð róðrar hófust mjög seint vegna síldarvertíðarinnar og óvenjulegar ógæftir hömluðu veiðum þegar leið á. Vér leyfum oss að taka það fram, að hugsanlegt er, að einhverjar skekkjur kunni að vera í tölum þeim, sem hér eru gefnar varðandi rekstur ársins 1948, þar eð enn hefur ekki verið gengið endanlega frá uppgjöri, en vér gerum ráð fyrir, að endanlegir reikningar geti legið fyrir fljótlega eftir næstu mánaðamót."

6. lið fyrirspurnarinnar er svarað þannig:

„Fyrst eftir að farið var að reka fiskiðjuverið sem sjálfstætt fyrirtæki, voru í stjórn þess þeir

Þorleifur Jónsson, Pálmi Loftsson og Lúðvík Jósefsson, sem þá skipuðu einnig fiskimálanefnd. Eftir að fiskimálanefnd var lögð niður í júnímánuði 1947, héldu sömu menn áfram stjórn fiskiðjuversins þar til 21. okt., sama ár, er hinni nýju stjórn fiskimálasjóðs var falin stjórn þess með bréfi frá sjútvmrh. Hefur þessum stjórnendum aldrei verið greidd nein sérstök þóknun fyrir að stjórna fyrirtækinu eða kostnaður í því sambandi við undirbúning þess né rekstur.

Undirbúning að stofnun og byggingu fyrirtækisins annaðist aðallega dr. Jakob Sigurðsson. Hann sá um skipulagningu þess, kaup á vélum og framkvæmd byggingarinnar. Störfum þessum gegndi dr. Jakob sem tæknilegur ráðunautur fiskimálanefndar, en hann hafði jafnframt með höndum ýmis önnur störf á vegum nefndarinnar. Síðan fiskiðjuverið varð sjálfstæð stofnun hefur hann verið framkvæmdastjóri þess. Grunnlaun dr. Jakobs hafa frá byrjun verið kr. 1.200,00 á mánuði, og hefur hann engar aukaþóknanir fengið vegna byggingar fiskiðjuversins. Vegna ferðalaga dr. Jakobs utanlands, aðallega vegna markaðsleitar, voru greiddar kr. 13.403,01 á árinu 1947, og kr. 11.124,00 á árinu 1948. Annan ferðakostnað hefur fiskiðjuverið ekki greitt."

Þetta, sem ég hef nú lagt hér fram, eru andsvör þau, sem stjórn fiskimálasjóðs hefur gefið ráðuneytinu út af fyrirspurn þeirri, sem hér liggur fyrir og ráðuneytið vísaði áfram til andsvara. Ég get svo bætt því við, að þar sem vitnað er til þess, að fjárskortur hafi hamlað rekstri fyrirtækisins, einkum ísframleiðslukerfinu, þá hefur ráðun. reynt að afla fjár til fyrirtækisins og orðið allmikið ágengt í því, en skuldar samt sem áður yfir 7 millj. kr.

Fyrirtæki þetta er þannig til orðið, að það er í raun og veru byggt í lausu lofti. Það var stofnsett án samþykkis Alþ., og um það er engin löggjöf. En í sjútvmrn. er nú í undirbúningi löggjöf um þetta mikla bákn, sem verður að vera tilbúin fyrir næsta þing. Nýlega hefur ráðun. borizt fréf frá fiskiðjuverinu, þar sem tilkynnt er, að stofnlánadeildin hafi við orð að ganga að fyrirtækinu vegna skuldar að upphæð 3.3 millj. kr. Að því leyti er snertir rekstrarlán, þá mun Landsbankinn lána fiskiðjuverinu út á hraðfrystingu sem öðrum hraðfrystihúsum. Út á niðursuðuna er lánað annað tveggja, ef sölusamningur liggur fyrir eða rembours hefur verið opnaður hér í banka, sem staðfestir slíka sölu. Þó má vera, að þeir láti eitthvað gegn áritun stjórnar fiskimálasjóðs.

Mér hefur verið legið á hálsi fyrir það, að þetta fyrirtæki hafi ekki haft nægilegt rekstrarfé. Menn virðast halda, að sjútvmrh. þurfi ekki annað en biðja um fjármagnið, en lánsstofnanirnar vilja vita fótum sínum forráð, er þær lána til rekstrar fyrirtækja. Þegar Marshall-fé var hér til ráðstöfunar, og var því aðallega ætlað að standa undir framkvæmdum, sem lytu að vinnslu síldar, kom það til athugunar, hvort ekki væri hægt að nota eitthvað af því til að fullkomna ísframleiðslukerfið, því að það var líklegast til að svara rentum, en þá kom það í ljós, að allar þær vélar, sem til þess þurfti, voru brezkar, og var því ekki hægt að nota Marshall-fé til kaupa á þeim. Það sama er að segja um niðursuðuvöruna, að það, sem takmarkar söluna, er það, að verðið á þessari vöru hjá okkur stenzt ekki samkeppni á erlendum vettvangi. Um gæðin skal ég ekki dæma og er ekki kunnugt um, hvort hún stenzt þar samkeppni við vörur annarra þjóða. En síðan ég kom í ríkisstj. hefur rannsóknarstofa háskólans haft eftirlit með vörunni. Það hefur verið reynt fyrir löngu að afla gagna um eftirlit og reglur um niðursuðu hjá nágrannaþjóðunum, svo að koma mætti hér upp matslöggjöf varðandi þennan iðnað. Og eru þessi gögn nú fyrst að berast. Hvað snertir síðasta liðinn í fyrirspurninni: Hvað ætlar ríkisstj. að gera við fiskiðjuverið?, þá get ég ekki svarað því fyrir hönd ríkisstj. Það þarf að koma fyrirtækinu á þann grundvöll, að það svari kostnaði. Ég er ekki viss um, að brýn þörf hafi verið, þegar það var reist, að hafa það svo stórt, en það gat vel verið og ekki hægt að sjá þá, hvort það væri of stórt eða ekki. Það kom síðar í ljós, að bátafiskframleiðsla hér við Faxaflóann var ekki eins mikil og menn höfðu gert sér hugmynd um. Það kemur nú til kasta þingsins að ákveða, hvað gera skuli við þetta fyrirtæki. Ég hef enga ákveðna till. að bera fram í þessu efni að svo stöddu. En eitt er ljóst, að eins og er er þetta stór baggi á ríkissjóði og hann einn af mörgum, og því ber að athuga, hvort ekki sé rétt að koma honum á aðrar hendur, ef um leið væri tryggt, að fyrirtækið verði rekið með almenningsheill fyrir augum.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur svarað vel og ýtarlega, og fær þingið hér glögga hugmynd um sögu fyrirtækisins og hvernig það hefur orðið til. Og um leið hefur hæstv. ráðh. fengið tækifæri til að segja álit sitt á þessu fyrirtæki. Ég hygg, að margir hv. þm. muni vera hæstv. ríkisstj. sammála um það, að heppilegast muni vera að losa sig við þetta fyrirtæki. En helzti lærdómurinn, sem mér finnst, að hægt sé að draga af skýrslunni, er sá, hvernig fer, þegar kommúnisminn blandast inn í annað kerfi. Hv. þm. Siglf. planlagði þetta rétt eftir sínu kerfi, en hér er ekki kommúnistískt fyrirkomulag, og má af þessu sjá, að heppilegast er, að kommúnistar ráði annaðhvort öllu eða engu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég taldi rétt að láta það koma fram til samanburðar, að úti á landi er fyrirtæki, sem framleitt hefur fyrir 12½ millj. kr. Þetta fyrirtæki hefur starfað í 9 ár og aldrei notið styrks eða opinberrar aðstoðar og græddi þó ¼ millj. kr. s. l. ár. Og er þetta gott dæmi um muninn á einstaklingsrekstri og opinberum rekstri. Ég vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á það, að fyrirtækið er ekki eign ríkisins, þar sem engin heimild er um það í lögum, og ég undrast, að hæstv. ráðh. skuli ekki láta þá stofnun, sem kom því upp, bera ábyrgð á því. Sú stofnun hefði getað haldið rekstrinum áfram, og hefði mátt verja þessu fé til einhvers annars.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er vitanlega ekki ástæða til að ræða þetta mál á 5 mín-

útum. En út af því, sem kom fram hjá hv. þm. Barð., þá virtist mér sem hann vildi draga þá ályktun af því, að halli varð á þessu fyrirtæki, að bezt væri að selja það til einstaklinga. Ég vil benda á það, að það er allt annað að sjóða niður baunir og selja á okurverði á innlendum markaði heldur en að framleiða fyrir erlendan markað. Okkur er það fyllilega ljóst, að hægt er að reka fyrirtæki með gróða, ef aðeins er framleitt fyrir innanlandsmarkað. En þegar umbúðir eru fengnar, er það með þeim skilyrðum, að varan sé flutt út. Hraðfrystihúsin eru studd með ríkisábyrgð, en niðursuðan sem er ný atvinnugrein, er við byrjunarörðugleika á að stríða, nýtur engra hlunninda hins opinbera og þarf að keppa á erlendum markaði og gat ekki fengið rekstrarlán eins og sum einstaklingsfyrirtæki. Ef framleiddar eru niðursuðuvörur til sölu á erlendum markaði, þá er ekki hægt að fá lán til slíks rekstrar, en séu fluttar inn baunir og látnar í vatn og okrað á því við landsmenn, þá er hægt að fá lán. Svona samanburð er ekki hægt að gera og draga síðan þá ályktun, að einstaklingsrekstur sé betri. Og reynslan hjá fiskiðjuverinu er sú, að þegar framleiða átti fyrir 5 millj., var ekki hægt að framleiða meira en fyrir 1 millj. vegna fjárskorts. — Tíminn er nú búinn, svo að ég verð að láta þetta nægja.

Forseti (JPálm): Ég vil mælast til, að þm. deili ekki um þetta í fyrirspurnatíma.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla fullyrðingum hv. 2. þm. S-M. sem algerlega tilhæfulausum. Fyrirtæki það, sem hér um ræðir, hefur aflað margfalt meiri gjaldeyris en fiskiðjuverið, og læt ég þetta nægja.

36. Fjárbú ríkisins á Hesti.

Á deildafundum 9. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til ríkisstj. um tilkostnað við fjárbú ríkisins á Hesti [125. mál, 2] (A. 324).

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 11. febr., var fyrirspurnin aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Þetta bú var upprunalega stofnað sem almennt kynbótabú, en síðan hefur það breytzt í eins konar mæðiveikispítala. Þangað hafa verið keyptir stofnar af veiku fé. Tilgangurinn hefur verið sá að reyna hina ýmsu fjárstofna með tilliti til mótstöðukrafts þeirra gegn veikinni, til að finna út, hvort einhverjir stofnar væru svo hraustir, að þeir stæðust hana. Þannig er kynbótabúið orðið að mæðiveikitilraunabúi, og þar hefur verið mikill tilkostnaður frá upphafi. En almerkilegastur er rekstur þessa bús, þar sem fyrirsjáanlegt er, að innan skamms munu fara fram fjárskipti í Borgarfirði, því að Borgfirðingar þrá þær framkvæmdir eins og aðrir bændur, og þá er með öllu tilgangslaust að halda búinu áfram með öllum þess tilkostnaði. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Það eru nokkrar hliðar á þessu máli, sem hæstv. landbrh. mun telja sér ánægju að svara.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Það er dálítill misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, ef hann heldur, að aðalstarf og jafnvel eina starfið á Hestbúinu sé spítalastarf, eins og hann orðaði það. Það er satt, að það var upphaflega stofnað sem kynbótabú, og það hefur líka verið rekið sem kynbótabú. Það mun hafa flýtt fyrir stofnun þess, að gera átti sérstakar tilraunir með ýmsa fjárstofna í sambandi við mæðiveikina. Menn höfðu veitt því athygli, að fé af mismunandi ættum og stofnum virtist misjafnlega móttækilegt fyrir veikina. Þess vegna var það einn af mörgum þáttum í starfsemi búsins að gera tilraunir með næmi og ónæmi fjárstofnanna fyrir mæðiveikinni og rannsaka, hvort hægt væri að koma upp ónæmum stofnum eða því sem næst.

Þetta bú var stofnsett 1943, og ég hef fylgzt með rekstri þess frá upphafi, en varðandi þá fyrirspurn, sem hér liggur fyrir, skrifaði ég dr. Halldóri Pálssyni, sem hefur haft umsjón með búinu frá fyrstu tíð, og fékk ég aftur frá honum eftirfarandi upplýsingar sem svar við hinum ýmsu liðum fyrirspurnarinnar:

Þar sem ekki er enn að fullu lokið við reikninga ársins 1948, geta niðurstöðutölur viðvíkjandi 1. og 5. lið breytzt lítils háttar.

1. Auk jarðarinnar Hests í Borgarfirði, í því ástandi er hún var keypt af kirkjujarðasjóði 1944 fyrir að byggt væri yfir prestinn á Hvanneyri og ræktað þar þriggja hektara tún handa prestinum, hefur verið lagt í stofnkostnað við búið þar kr. 388304.39. Af þessari upphæð hefur verið lagt í endurbætur og mannvirki á jörðinni kr. 225995.39, og það, sem gert hefur verið fyrir þessar 225 þús. kr., er sem hér segir: Byggð hafa verið vönduð fjárhús yfir 300 fjár ásamt hlöðu. Byggt hesthús yfir 9 hross með básum. Gert við fjós. Sett nýtt þak á íbúðarhús, og nokkrar aðrar breytingar gerðar á því. Sett upp dieselrafstöð. Land jarðarinnar girt. Ræktaðir um 3 hektarar af túni. Í byggingu er súrheysgryfja, kartöflugeymsla, og allmikið hefur verið unnið að undirbúningi ræktunar. Ég álít þetta vel gert fyrir 225 þús. kr., og er það allra manna mál, sem til þekkja, að þarna hafi verið haldið mjög vel á fé, enda hefur verið þar úrvals ráðsmaður.

Þessar 225 þús. kr. fóru sem sagt í endurbætur og mannvirki á jörðinni, en 162 þúsund krónum, eða rösklega það, hefur verið varið í bústofn, vélar, verkfæri og áhöld.

3. Hér er spurt um keypt sauðfé að Hestbúinu. — Árið 1943 voru keyptar 160 kindur, 1944 25 kindur, 1945 56 kindur, 1946 73 kindur, 1947 46 kindur, og 1948 48 kindur, eða alls 408 kindur, þ. e. 90 ær, 284 gimbrarlömb, 14 hrútar fullorðnir

og 20 lambhrútar. Auk þess hafa verið aldar upp 267 kindur fæddar á Hestbúinu, og frá búinu hefur verið selt kynbótafé sem hér segir:

Árið 1945 21 kind, 1946 14 kindur, 1947 29 kindur og 1948 60 kindur, og selt kynbótafé er þá samtals 124 kindur, þar af 49 gimbrarlömb, 14 hrútar fullorðnir og 61 lambhrútur.

4. Þá er spurt, hve mikið hafi drepizt af fé á Hestbúinu árlega, og er það sem hér segir:

Ár:	Úr mæðiveiki:	Af öðrum sökum:
1943	0 kindur	0 kindur
1944	1 —	4 —
1945	7 —	3 —
1946	18 —	6 —
1947	5 —	12 —
1948	9 —	15 —
Samtals	40 kindur	40 kindur

Auk þessa hefur verið slátrað mæðiveikum kindum, sem komið hafa til nytja í misjöfnu ástandi, sem hér segir: Árið 1944 4 kindum, 1945 14 kindum, 1946 39 kindum, 1947 42 kindum, og 1948 42 kindum, eða alls 141 kind.

5. Undir fimmta lið fyrirspurnarinnar er spurt, hve miklar tekjur og útgjöld landið hafi haft af þessum búrekstri. Frá stofnun búsins til ársloka 1948 hafa tekjur búsins orðið samtals 284563.95 kr., en útgjöld við rekstur þess og tilraunastarfsemina umfram tekjur hafa á sama tíma numið 214901.46 kr. Halli á búinu hefur m. ö. o. orðið rúmar þrjátíu þús. kr. á ári, sem verður að skoðast sem stuðningur ríkisins við þetta tilraunabú.

2. Þá kem ég að því, sem varið hefur verið af ríkinu til að eignast jörðina Hest með því að bæta Hvanneyrarpresti jörðina með þeim húsum, sem á henni voru, er hann fluttist frá Hesti að Hvanneyri. Það var gert með því að byggja yfir hann hús á Hvanneyri, og kostaði það 320 þús. kr., og ræktun þriggja hektara túns þar, sem um var samið, kostaði 12556 krónur. Auk þess hefur síðan verið varið allmiklu fé til rafmagns á staðnum, en það er þessu óviðkomandi.

6. Tekjur búsins af laxveiði hafa verið 1500 kr. á ári. Veiðin var leigð, þegar búið var stofnað.

7. Yfirstjórnandi Hestbúsins fær enga sérstaka greiðslu fyrir umsjón sína og starf við Hestbúið, því að það er hluti af starfi hans sem forstjóra og sérfræðings í búfjárrækt við búnaðardeildina. Þar fær hann laun samkvæmt launal., kr. 10200.00 á ári í grunnlaun.

Hv. þm. vildi halda því fram, að tilgangslaust væri að halda þessu búi áfram, vegna þess að nú stæðu yfir fjárskipti, og þar af leiðandi væri hlutverki búsins lokið. Um þetta segir svo í skýrslu, sem nokkuð lýsir árangri þessarar starfsemi:

„Það, sem áunnizt hefur í mæðiveikimálinu með tilraunastarfseminni á Hesti, er í stuttu máli þetta: Áður en búið var stofnað, hafði komið í ljós, að fé á sumum bæjum drapst minna úr mæðiveikinni en fé á öðrum bæjum og fé af einstökum ættum á sumum bæjum drapst síður úr mæðiveiki en fé af öðrum ættum á sama bæ. Ýmsir bændur o. fl. töldu fjárskipti óþörf, því að féð af hraustustu stofnunum mundi lifa, en hitt drepast, og smám saman mundi því fé landsmanna verða lítt næmt fyrir veikinni. Af þessum sökum var talið rétt, að fyrsta tilraunin á tilraunabúinu á Hesti yrði sú að fá úr því skorið, hvort fé af ýmsum stofnum væri misnæmt fyrir mæðiveikinni og hvort takast mætti að rækta ónæmt eða lítt næmt fé. Þegar búið var stofnað, voru því keypt lömb frá allmörgum bæjum á mæðiveikisvæðinu, þar sem minnst hafði drepizt úr mæðiveiki síðustu 4—5 árin, þótt veikin væri í stofninum. Jafnframt var keypt fé af kynbótastofnum, þótt vitað væri, að þeir hefðu reynzt næmir fyrir mæðiveikinni. Var það gert bæði til að hafa næmt fé með því, sem búizt var við, að væri hraustara, og til þess að hafa á búinu gott fé til þess að byggja á kynbætur og ræktun í almennri merkingu. Reynslan hefur orðið sú, að flestir þessir fjárstofnar hafa reynzt álika næmir fyrir veikinni og fé almennt. Þeir, sem álitið var að væru næmir, hafa reynzt mjög næmir, eins og t. d. féð frá Fjarðarhorni í Hrútafirði. Hins vegar hafa tveir stofnar frá Gillastöðum og Kleifum í Dalasýslu reynzt ónæmari en annað fé. Samt sem áður hafa þeir ekki reynzt eins hraustir og búizt var við. Þetta hefur leitt það í ljós, að þótt ef til vill megi draga úr vanhöldum af völdum mæðiveikinnar með ræktun fjárins með tilliti til ónæmleika, þá mundi það taka of langan tíma til þess að bændur gætu beðið eftir því, og hefur því verið horfið að fjárskiptum í þeirri von, að með því megi takast að útrýma mæðiveikinni. Nú síðustu árin hefur fé af 3 skozkum kynjum verið í samanburðartilraunum á Hesti, m. a. til þess að fá úr því skorið, hvort það reynist ónæmara fyrir mæðiveikinni en íslenzka féð, en þetta fé með erlenda blóðinu er enn of ungt til þess, að hægt sé að draga ályktanir um það, hvort það sé ónæmara en íslenzkt fé.

Það virðist augljóst af spurningunni, að fyrirspyrjandi veit ekki annað en Hestbúið hafi eingöngu verið stofnað vegna mæðiveikitilrauna. Þetta er misskilningur. Búið var stofnað sem tilraunabú búnaðardeildar í sauðfjárrækt og annarri búfjárrækt, eftir því sem við yrði komið. Það var að vísu ákveðið, að byrjað skyldi á því að rannsaka viðnámsþrótt einstakra fjárstofna gegn mæðiveiki. Búið var stofnað samkvæmt lögum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins frá 7. maí 1940. Síðan búið var sett á stofn, hafa líka verið framkvæmdar ýmsar ræktunartilraunir þar á sauðfé auk fóðurtilraunanna. Þar eru nú ræktaðir allmargir hreinræktaðir fjárstofnar, t. d. allir þekktustu stofnar Kleifakynsins og nokkrir stofnar af hyrndu fé, t. d. Gottorpsfé, þingeyskt fé o. fl. stofnar. Stofnar þessir eru kynbættir með úrvali og skyldleikarækt, og eins er unnið að því að sameina beztu kosti sumra stofna með blöndun, samfara úrvali og síðan skyldleikarækt. Mikið hefur áunnizt í þessu efni, og féð á Hesti er margt orðið framúrskarandi vel byggt, holdsamt og afurðagott, þótt jörðin sé ekki nema meðaljörð eða varla það að landkostum. Búið hefur selt alls 75 hrúta til kynbóta. Eftirspurnin hefur farið ört vaxandi, og s. l. haust var ómögulegt að fullnægja henni. Auk þessarar miklu hrútasölu á búið árlega um og yfir 20 hrúta, sem nauðsynlegt er, að það eigi, vegna hinna mörgu ætt-

stofna, sem þar eru ræktaðir. Suma þessa hrúta lánar búið bændum í nágrenninu, þar sem hægt er að ná til þeirra aftur, ef hrútur ferst. Af þessu mikla hrútahaldi hefur búið aukinn kostnað, en fram hjá því skeri verður ekki synt, ef ræktun fjárstofnanna á að vera skipulega framkvæmd. Nú standa yfir tilraunir um samanburð á kynblendingum af 3 skozkum kynjum og íslenzku fé og hreinræktuðum íslenzkum ám á sama aldri. Í tilraun þessari eru 5 flokkar. Í fyrsta flokki eru Border-Leicester kynblendingar. Í öðrum flokki eru Cheviot-kynblendingar. Í þriðja flokki eru Svarthöfða-kynblendingar. Í fjórða flokki eru ísl. ær af Kleifakyni. Í fimmta flokki eru hyrndar ísl. ær af húnvetnsku kyni, aðallega Gottorpsfé.

Gerður er samanburður á eftirfarandi eiginleikum hjá þessum fjárkynjum: Viðnámsþrótti gegn mæðiveikinni eins og áður er sagt, fóðurþörf, þrifum, bæði á beit og innistöðum, hreysti og dugnaði, frjósemi og afurðagetu, bæði hvað magn og gæði afurðanna, kjöts og ullar, varðar. Tilraun þessi þarf að standa yfir nokkur ár til þess að fá þessum spurningum svarað, en þá ættu að vera fyrir hendi haldgóðar upplýsingar um, hvort þessi brezku fjárkyn hafi yfirburði yfir ísl. féð, svo að ekki þurfi að deila lengur um, hvort hagur væri í því að flytja þessi fjárkyn til landsins með sæðingu eða öðruvísi.

Á Hesti eru haldnar fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur yfir hvern einstakling í hjörðinni. Allt ásetningsfé er vegið að haustinu, um miðjan vetur og að vorinu. Hvert lamb er merkt að vorinu og þau öll vegin að haustinu. Allar afurðir hverrar sláturkindar eru vegnar sérstaklega, og byggingarlag hvers dilksskrokks er rannsakað og gæði kjötsins, til þess að fá samanburð á hinum einstöku fjárstofnum með tilliti til kjötgæðanna ekki síður en afurðamagnsins. Búið er einnig notað sem kennslubú. Skólapiltar frá Hvanneyri eru látnir skoða féð þar af hinum ýmsu kynjum og ættstofnum, og þeim er leiðbeint um dóma í því sambandi af sauðfjárræktarráðunautnum, sem hefur yfirumsjón á búinu. Sérstaklega er búið notað mikið við kennslu framhaldsdeildar piltanna á Hvanneyri. Einnig hefur Hestsbúið selt mötuneyti Hvanneyrarskólans sláturafurðir. Er þá tækifærið notað til þess að kenna skólapiltum, hvernig dilkar eigi að vera vaxnir og holdþéttir, með því að sýna þeim dilkaföllin og útskýra fyrir þeim, á hverju gæðamat kjötsins byggist. Skólastjórinn á Hvanneyri er mjög ánægður yfir þessari samvinnu við fjárræktarbúið á Hesti, og því tækifæri, sem nemendur fá þar til þess að læra um sauðfjárrækt. Auk þessa heimsækja tugir bænda búið árlega til þess að sjá féð og leita þar eftir kynbótafé. Auk fjárbúsins hafa verið ræktaðar ágætar kýr á Hesti, þótt kúabúið þar sé og hafi verið lítið. Seldir hafa verið þaðan 5 kynbóta nautkálfar og nokkrar kýr og kvígur. Búfjáreign búsins er nú sem hér segir: 5 nautgripir, 3 hross, 250 ær, 131 gemlingar, þar af 13 lambhrútar, og 13 hrútar fullorðnir, eða alls 394 kindur."

Eins og hv. þm. sagði, er þetta allt unnið fyrir gýg og tilgangslaust, þegar að því kemur, að fjárskipti fara fram í Borgarfirði og þessi stofn, sem þarna er, fellur eins og annað fé. En í sambandi við það minntist hann á mál, sem rætt var hér í vetur, það eru þær tilraunir, sem nú er verið að gera og sem vonandi lánast, um það að varðveita ýmsa beztu stofna, sem til eru í landinu í þeim héruðum, þar sem nú eru að fara fram fjárskipti og niðurskurður, með því að vernda þá með uppeldi úti í Engey. Þetta er framkvæmt þannig, að ein úrvalsær af Vestfjörðum er flutt til geymslu í Engey, svo er tekið sæði úr úrvalshrút af beztu kynjum, sem nú eru að fara undir öxina. Þessir sæðisflutningar eru framkvæmdir frá landi út í eyju undir nákvæmu eftirliti og skýrslum um notkun hinna ýmsu kynja, og vonir standa til, að þegar fjárskipti eru um garð gengin og búið er að útrýma þessum ágætu stofnum, þá verði þeir til þarna í Engey, og ef reynslan sýnir, sem líkur eru til, að smitun geti ekki borizt á þennan hátt í hinn heilbrigða stofn í Engey, þá er unnt að taka upp á sérstöku búi aftur hina gömlu heilbrigðu stofna, sem þar hafa lifað af þessa miklu pest, og skipuleggja ræktunina á ný út um allt land, og þá er nauðsynlegt að hafa til þess fullkomið fjárræktarbú, þar sem fullkomnasta þekkingu er hægt að fá, og geta byrjað að hreinrækta þessi ýmsu kyn og deila þeim aftur út um landið og reyna að koma þannig í veg fyrir, að það mikla starf og það mikla fé, sem á undanförnum árum hefur verið lagt í að skapa góða kynstofna, fari til einskis, og þessir góðu kynstofnar eyðileggist ekki þrátt fyrir niðurskurð, heldur verði til að bæta kynstofninn aftur, ef það skyldi takast að koma þessum kynbótum við.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir hans allýtarlegu skýrslu og ekki sízt fyrir ýmislegt skemmtilegt, sem hann sagði okkur utan við málefnið. Af þessu sést, að það hefur verið ætlunin að gera almennt kynbótabú á Hesti, en það hefur snúizt upp í spítala. Ég sé ekki betur en að þetta kynbótabú sé gróðrarstía fyrir mæðiveiki, af því að alls konar mæðiveiki er flutt þangað, enda á þetta við um allar þessar kynbætur, og þetta endar á því, að enginn maður vill kynið frá Hesti.

Hæstv. ráðh. lét í ljós, að það væri ekki mikil von með þetta bú í framtíðinni, en sagði, að það væri helzt von um Engey, sem er skynsamlegt. En ég sé ekki, að það sé hægt að treysta því, að íslenzkir bændur, þegar þessi svartidauði líður hjá og úrvalskynin koma úr Engey, taki á móti þeim, svo að það er ekki víst, að Hestbúsins þurfi við. Það er eftirtektarvert um þetta bú, að það er sett á prestssetur, á Hesti, en til þess að fá þetta fram, verður að byggja á Hvanneyri fyrir prestinn fyrir allt að 400 þús. kr., og er mér óskiljanlegt, hvernig slíkt er nauðsynlegt vegna þessara framkvæmda. Enn fremur vil ég benda á eina óheppilega ráðstöfun, að það er boðið í laxveiðina frá Akranesi 15 þús. kr., en hún er ekki leigð nema fyrir tíunda partinn af þeirri upphæð.

37. Lönd hjá Kleppi handa Menntaskólanum í Reykjavík.

Á deildafundum 9. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til menntmrh. um endurgreiðslu á fé ríkissjóðs fyrir lönd hjá Kleppi handa Menntaskólanum í Reykjavík [125. mál, 3] (A. 324).

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 11. febr., var fyrirspurnin aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er í rauninni heppilegt, að þessi fyrirspurn skuli hafa komið hér til umræðu í dag, þegar ríkisstj. útbýtir frv. um eignarnám á lóðum handa gamla menntaskólanum í Reykjavík í nágrenni hans, og vaknar hæstv. menntmrh. að vísu seint til þeirra hluta, en betra er seint en aldrei. Hæstv. fyrrv. menntmrh. gerði kaupráðstafanir á landi í nánd við Klepp undir menntaskóla og lét ríkissjóð borga fyrir þetta, og hygg ég, að það fé hafi aldrei verið endurgreitt. Ríkisstj. mun nú ekki veita af að fá þessa peninga aftur til útgjalda í sambandi við menntaskólann, og vænti ég, að í ljós komi nú, hvenær búast megi við, að þetta verði endurgreitt, og hvað gert hafi verið til að fá það endurgreitt.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af fyrsta lið fyrirspurnarinnar vil ég segja þetta: Ekkert fé hefur verið goldið fyrir lönd hjá Kleppi undir væntanlegt menntaskólahús, og er eigi kunnugt, að þeirri hugmynd hafi fyrr skotið upp að tengja skólann þeim stað eða þessu hæli, en hér ber að lesa í málið hjá hæstv. fyrirspyrjanda eins og stundum áður hjá honum. Hér mun hann eiga við land í Laugarnesi, þótt spurt sé um land í nánd við Klepp, og vil ég í sambandi við það, með leyfi forseta, lesa úr áliti nefndar, sem skipuð var 3. okt. 1942 til að velja nýju menntaskólahúsi stað, en þar segir svo: „Að ýtarlega athuguðum þeim stöðum innan takmarka bæjarins, sem að dómi nefndarinnar helzt væru líklegir sem skólastaðir, hefur nefndin komið sér saman um að mæla með því, að framtíðarhúsakosti skólans verði valinn staður í Laugarneslandi, en tilhögun staðarins og staðsetning húsanna nánar ákveðin í samráði við skipulagsnefnd og samkvæmt skipulagstillögum að þessu svæði.“ Undir þetta álit rita nefndarmenn nöfn sín: Guðjón Samúelsson, Hörður Bjarnason og Pálmi Hannesson. Á grundvelli tillagna nefndarinnar keypti hæstv. fyrrv. menntmrh. land undir skólann í Laugarnesi af ríkisins hálfu, og voru greiddar 350 þús. kr. fyrir þetta land.

Í öðrum lið er spurt, hver hafi verið eigandi þessara lóðaréttinda, þegar ríkið keypti réttindin, og skal ég svara því. Það var dánarbú Þorgríms Jónssonar í Laugarnesi.

Varðandi þriðja lið fyrirspurnarinnar er hv. fyrirspyrjanda vel kunnugt um, að leitað hefur verið eftir því að nota þetta land fyrir menntaskóla, en bæjarstjórn Reykjavíkur hefur viljað nota það fyrir útgerðarmenn, og það hefur af hálfu stjórnar menntamálanna þótt gerlegt að gefa landið eftir, ef annað fengist í staðinn engu lakara, er ráðizt yrði í að reisa nýjan skóla, og hefur í því sambandi verið mikið talað um land í nánd við Golfskálahæðina. En frá þessu hefur ekki verið endanlega gengið sökum þess, að hik hefur verið á ríkinu að ráðast í þessa nýbyggingu.

Nú hefur að vissu leyti verið tekin ný stefna í málinu, og hefur einmitt verið lagt fram frv. þess efnis í dag. Og ef hæstv. Alþ. aðhyllist þá stefnu og ráðstafanir verða gerðar til að losna við Laugarnes, þá er engin ástæða til að ætla annað en það takist. Um endurgreiðslu eða endurheimt andvirðis Laugarness er auðvitað ekki að ræða, þar sem eignin hefur verið keypt, — og tel ég mig þá hafa svarað öllum liðum fyrirspurnarinnar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Mér hefur fundizt, að hæstv. ráðh. vilji ómögulega tengja eða kenna það land, sem hér um ræðir, við Klepp. Það er þó ekki langt frá Kleppi, svo að til sanns vegar má færa það, sem stendur í fyrirspurn minni, að það sé í nánd við Klepp. Þar að auki er Kleppur að færa út veldi sitt þarna inn frá og er orðið voldugt höfuðból með mörgum nýjum byggingum, svo að engan þarf að undra, þótt við hann sé miðað, þegar rætt er um nærliggjandi lönd.

Hér hefur verið lýst yfir, að ekki væri hægt að endurheimta andvirði Laugarness og ekkert að hafa upp úr þeim viðskiptum, og vildi ég aðeins, að það kæmi í ljós, hvernig þau mál stæðu. Ég vil aftur láta í ljós gleði mína yfir því, að hæstv. menntmrh. skuli loks hafa sannfærzt um, að menntaskólinn sé bezt kominn á sínum gamla stað.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. þm. S-Þ. hefur sannarlega ekki veitt af að spyrja, því að hann virðist hafa verið æði ófróður um þetta mál. Hann talar um lóðakaup hjá Kleppi í fyrirspurn sinni, en þar hafa aldrei komið til greina nein lóðakaup í þessu sambandi. En keypt voru lóðaréttindi í Laugarnesi í minni ráðherratíð og mannvirki, sem þar höfðu risið upp í langri búskapartíð Þorgríms Jónssonar þar, þar eð nefnd sú, sem átti að velja nýju menntaskólahúsi stað, hafði komið sér saman um að mæla með því, að skólinn yrði reistur þar, eins og hæstv. menntmrh. sagði. En ráðherrann gaf einnig upplýsingar um það, að bæjarstjórnin hefði síðar farið fram á, að land þetta yrði gefið eftir fyrir umfangsmikil fyrirtæki útvegsmanna, og þótti ekki ástæða til að standa í vegi fyrir því. Nefndin og ríkisstj. vildu því falla frá þessum stað, ef bæjarstjórnin útvegaði aðra hentuga lóð. Ég veit ekki betur en að sami áhugi sé enn fyrir hendi af hálfu útvegsmanna á þessum stað, svo að ekki mun vera minnsti vandi að koma landinu út aftur, ef sá kostur er tekinn. Verðið var að vísu hátt, en verð á öllum fasteignum var og er hátt,

og miðað við verðlag á þeim yfirleitt var verð Laugarness mjög hagstætt og hefði þess ekki verið kostur að fá það ódýrara. Það er því enginn vandi að koma landinu út fyrir sama verð.

38. Leiga á jarðhúsum (fsp. GJ).

Á deildafundum 9. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til landbrh. um leigu á jarðhúsum [125. mál, 4] (A. 324).

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Sþ., 11. febr., var fyrirspurnin aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): 15. júní s. l. skipaði atvmrh. þriggja manna nefnd til að láta rannsaka, hvernig hægt væri að nota jarðhúsin við Elliðaár í sambandi við geymslu á jarðarávöxtum fyrir grænmetisverzlun ríkisins. Þessi n. gaf út skýrslu 24. júlí, ég hef ekki tíma til að fara út í þá skýrslu, en n. leggur eindregið til, að jarðhúsin verði tekin til þessarar starfrækslu, og færir rök fyrir því. Nú er það komið fram, að forstjóri grænmetisverzlunarinnar hefur ekki getað haft samvinnu við landbrh. um þetta mál og setur sig upp á móti þessari tilraun og taldi það engan veginn fjárhagslegan gróða fyrir verzlunina, og með því að enn fremur hefur heyrzt, að hæstv. landbrh. hafi leigt jarðhúsin, þá hef ég leyft mér að bera fram í sambandi við þetta fyrirspurn á þskj. 324 til hæstv. landbrh.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skal reyna að svara þessum spurningum nokkuð, sem hér liggja fyrir.

Fyrsta spurningin er: Hefur ríkisstj. tekið á leigu jarðhúsin við Elliðaár? Þessu er svarað játandi. Nýlega hafa farið fram samningar milli ráðuneytisins og eiganda jarðhúsanna, og skal ég fara nokkrum orðum um ástæðurnar til þess, að það var gert. Eins og kunnugt er, hefur privatmaður látið byggja fyrir nokkrum árum vandaðar geymslur inn við Elliðaár, sem aðallega voru ætlaðar fyrir kartöflur og aðra jarðarávexti. Það mun hafa verið ætlun hans að hafa um þetta að nokkru leyti samvinnu við grænmetisverzlun ríkisins, en það hafa ekki tekizt samningar milli þeirra aðila. Mér barst vitneskja um það, eftir að ég kom í atvmrn., að þessi hús stæðu til boða ríkinu eða grænmetisverzluninni, og fljótlega tók að bera á því, að það var mjög mikill áhugi meðal bænda og kartöfluframleiðenda um það, að ríkið beitti sér fyrir því, að þessi hús væru leigð og kæmu þannig beint inn í notkun fyrir framleiðendur landsins. Ég vil aðeins nefna nokkrar af þeim stofnunum, sem sendu um þetta beinar áskoranir til búnaðarþings 1947: Aðalfundur stéttarsambands bænda, framleiðsluráð, sandgræðsla Íslands, Garðyrkjufélag Íslands, skólastjóri garðyrkjuskóla ríkisins, ráðunautur ríkisstj. í garðyrkjumálum, ræktunarráðunautur Reykjavíkurbæjar og þar að auki fjöldi einstaklinga. Ég taldi því sjálfsagt að kynna mér þetta mál sem bezt og reyna að hrinda því í framkvæmd, eftir því sem mögulegt væri. Ég kynnti mér álit þeirra manna, sem höfðu reist húsin, og það var sameiginlegt álit þeirra, sérstaklega eftir að sett höfðu verið fullkomin kælitæki við húsin, þar sem hægt er að regúlera hitann í húsunum eftir vild, að þetta væru vönduðustu og beztu geymslur til þessara hluta, sem þeir hefðu kynnzt, og taldi ég því eðlilegt, að grænmetisverzlun ríkisins, sem hefur haft þessa starfsemi með höndum, tæki húsin og starfrækti þau. Hins vegar gat ég ekki fengið samþykki forstjóra grænmetisverzlunarinnar fyrir því að taka húsin á leigu, því að hann taldi óþarft fyrir verzlunina að taka þetta mörg hús á leigu, sem þarna eru til nota, en taldi, að hann mundi geta gengið að því að taka 2—3 hús, en alls ekki meira. Það kom fram, að forstjóri grænmetisverzlunarinnar leit fyrst og fremst á þetta sem forstjóri verzlunarinnar og lagði á það þann mælikvarða, hvað honum sem forstjóra eða verzluninni væri nauðsynlegt að hafa mikið húsrúm vegna sinnar sölu. En sjónarmiðin utan að, sem ég minntist á áðan, það voru fyrst og fremst sjónarmið framleiðendanna, bænda, sem eru að rækta kartöflur, en eru í vandræðum vegna geymsluleysis með að koma þeim fyrir á aðalmarkaðsstöðunum í tæka tíð, áður en frost og vetrarveður skella á. Nú þótti mér alls ekki rétt að þvinga þennan undirmann minn, forstjóra grænmetisverzlunarinnar, sem rækir sitt starf mjög vel, til þess að taka þetta á móti hans vilja, þannig að ég sneri mér til framleiðsluráðs landbúnaðarins og hóf samninga við það um að taka að sér jarðhúsin, ef ríkið tæki þau á leigu, og var því vel tekið þar, og setti ég það síðan inn í samninga við eigandana, þannig að ég hefði heimild til þess að framleigja húsin til framleiðsluráðs. Ég taldi, að á þennan hátt væri hægt að sameina sjónarmið og framleiðsluhætti kartöfluframleiðendanna, en hins vegar var eðlilegt að tryggja grænmetisverzluninni þann hluta af húsunum, sem hún taldi nauðsynlegt fyrir sig, og eins og málin stóðu þá, var ekki önnur leið en í gegnum atvmrn. að sameina þessa aðila í eitt. Nú hef ég skrifað framleiðsluráði landbúnaðarins um þetta og fengið það svar frá því, að þeir mundu taka að sér að reka jarðhúsin við Elliðaár, en það er tekið fram, að gagnvart eiganda beri ríkissjóður ábyrgð á leigunni. M. ö. o., framleiðsluráð tekur við leigusamningnum af ríkisstj., en lætur það fylgja í bréfi frá sér, að án þess að taka afstöðu til leigumála þess, er gerður var, telji ráðið þá ráðstöfun að taka hús þessi til sem fyllstra nota verulegt spor í rétta átt, til þess að gera framleiðendum fært að losna við jarðarávexti á þeim tíma, sem þeir óska, og tryggja geymslu þeirra svo sem unnt er. Þannig hefur starf rn. í þessu máli fyrst og fremst verið

það, að leiða þá aðila, sem áhuga hafa fyrir húsunum og þörf fyrir að nota þau, saman, svo að þetta gæti komið að sem fyllstum notum.

Það hefur verið ákveðið, eins og ég sagði, að grænmetisverzlunin fái til sinna nota þrjú af húsunum, auk þess hefur Reykjavíkurbær tekið eitt hús á leigu, skógrækt ríkisins eitt, en tvö hús er hugsað að leigja einstaklingum, sem þess óska, og skal ég geta þess, að ef þetta mál hefði verið flutt og að fullu undirbúið í haust á uppskerutímanum, þá hefði verið hægt meira en að fylla húsin, svo mikil var eftirspurnin um að koma kartöflum til geymslu. Það er ekki vafi á því, að það er full þörf á að tryggja framleiðendum og neytendum líka hér í höfuðstaðnum geymslu, sem þessi hús geta veitt, og tel ég, að það megi ekki minna vera. Húsin taka, þegar þau eru full, 18 þús. tunnur, og er það ekki meira en ⅓ af neyzluþörf bæjarmanna og ⅙ af venjulegri framleiðslu landsmanna. Það er mjög mikill vandi að skipuleggja kartöfluflutninga og kartöflugeymslu frá framleiðendum til neytenda, og ég tel nauðsynlegt að ganga frá því að koma upp geymslum á öllum helztu markaðsstöðum landsins í viðbót við þær geymslur, sem einstaklingar geta komið upp hjá sér, því þó að það sé rétt, að þeir bændur, sem næstir eru markaðsstöðunum, geymi sínar kartöflur fram eftir vetri, eftir því sem nauðsyn krefur, þá er það alveg nauðsynlegt, að héruð, sem fjærst eru markaðsstöðunum, komi sinni framleiðslu þegar að haustinu til þeirra staða, þar sem salan og eftirspurnin er mest. Ég tel, að Reykjavík og verðlagssvæði hennar muni alls ekki komast af með minni geymslu en hér um ræðir, sérstaklega geta þeir tímar komið, að nauðsynlegt sé að geta birgt sig upp til nokkurs tíma með þennan vetrarforða eins og hvern annan.

Þá er spurt um, í hve langan tíma húsin séu leigð og hver ársleigan sé. — Húsin eru leigð til 5 ára. Ársleiga er 175 þús. kr., og var hún ákveðin samkv. mati, sem fram fór á leigunni. — Gert er ráð fyrir, að grænmetisverzlunin noti a. m. k. eitt af þessum húsum, einnig Reykjavíkurbær og sandgræðslan. Þá er og gert ráð fyrir, að framleiðsluráð landbúnaðarins sjái um rekstur húsanna. — Ég hef svo ekki meira við þetta að bæta að svo komnu máli.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vildi lýsa ánægju minni yfir því, að horfið var að þessu. Ég hef geymt ýmsa ávexti í húsunum, t. d. appelsínur. Hafa þær haldizt óskemmdar í 6 mánuði. Hæstv. ráðh. mun hafa heiður af þessu, því að þetta eru góð hús.

39. Sameinuðu þjóðirnar.

Á deildafundum 9. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til fjmrh. um kostnað Íslands af þátttöku í bandalagi Sameinuðu þjóðanna [125. mál, 5] (A. 324).

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 11. febr., var fyrirspurnin aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég var einn af þeim 14 þm., sem sáu sér ekki fært árið 1946 að samþykkja að ganga í bandalag Sameinuðu þjóðanna, eftir að felld hafði verið tillaga um, að við þyrftum aldrei að láta í té stöðvar til hernaðaraðgerða. Í hópi þessara þm. voru margir hinir elztu og reyndustu þm., svo sem Bernharð Stefánsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Ingvar Pálmason, Björn Kristjánsson, Páll Zóphóníasson, Skúli Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson og Gísli Sveinsson. 36 hv. þm. vildu þó allt til vinna, að Ísland gerðist þátttakandi í Sameinuðu þjóðunum, sem áttu að útrýma styrjöldum og koma á eilífum friði. Nú er svo komið eftir 2 ár, að farið er að draga af trú 36-menninganna á mátt Sameinuðu þjóðanna til að vernda þjóðirnar og tryggja þeim daglegt brauð. Nú heyrist það daglega, að Sameinuðu þjóðirnar hafi brugðizt hlutverki sínu og Íslendingar verði að ganga í nýtt bandalag, sem tryggja eigi frið milli þjóðanna. Á skammri stundu skipast veður í lofti.

Út af þátttöku Íslendinga í Sameinuðu þjóðunum hef ég borið fram svo hljóðandi fyrirspurn til hæstv. fjmrh. á þskj. 324.

1. Hvaða árgjald hefur Íslandi verið gert að greiða til Sameinuðu þjóðanna samkv. 17. gr. bandalagssáttmálans?
2. Hver hefur orðið kostnaður Íslands af fulltrúasendingum á þing Sameinuðu þjóðanna hvert árið um sig?
3. Hver er orðinn allur kostnaður Íslands af þátttöku í þessu bandalagi Sameinuðu þjóðanna síðan Ísland gerðist þar aðili og til þessa dags?

Ég hef ekkert heyrt um það, hvað þetta hafi kostað, en leikur hugur á að fá úr því skorið, og hygg ég, að svo muni vera um fleiri þm. Ég vænti góðra og glöggra svara. Spurningin er hrein og bein og undirhyggjulaust borin fram.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn hef ég látið fara fram athugun á þessu hjá ríkisbókhaldinu og fengið eftirfarandi upplýsingar:

Í fyrsta lagi er spurt, hvaða árgjald Íslandi hafi verið gert að greiða til Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 17. gr. bandalagssáttmálans. — Ríkisbókhaldið hefur gefið mér þær upplýsingar, að árin 1946—47 hafi tillag Íslands til Sameinuðu þjóðanna verið kr. 88.062.02. Svo bætist þar við tillag til Working Capital Fund, kr. 52.040.00, að viðbættum yfirfærslukostnaði, sem var kr. 1.050.77. Samtals er því tillagið 1946—47 kr. 141.152.79. Svo er uppfært hér tillag ársins 1948, kr. 90.282.90, en þar sé ég ekki þennan seinni lið, sem uppfærður er fyrri árin, það er tillag til Working Capital Fund. Ég fékk þessar upplýsingar svo seint í hendur, rétt áður en ég fór úr

ráðuneytinu í dag, að ég hafði ekki ráðrúm til að leita eftir því hjá ríkisbókhaldinu, hvort þessi liður kæmi til greina 1948 eða ekki. En sé gengið út frá, að þessi liður komi ekki til greina á árinu 1948, eins og gert er í þessu yfirliti, sem ég hef í höndunum, þá er hér um að ræða heildarkostnað að upphæð kr. 231.435.69, sem er árgjald eða tillag Íslands til Sameinuðu þjóðanna árin 1946—48 að báðum meðtöldum.

Þá kem ég að öðrum lið fyrirspurnarinnar, og er þar spurt, hver kostnaður hafi orðið af fulltrúasendingum á þing Sameinuðu þjóðanna hvert árið um sig. — Ríkisbókhaldið gefur þær upplýsingar, að kostnaður Íslands af þinghaldi Sameinuðu þjóðanna hafi orðið sem hér segir:

Árið 1946 kr. 76.550.66
— 1947 — 105.823.39
— 1948 — 29.274.61

En til skýringar stendur hér í yfirlitinu, að þessi kostnaður fyrir mánuðina okt.—des. 1948 sé ókominn til reiknings, þ. e. kostnaðurinn við þinghaldið í París í haust, og er því ekki hægt að gefa upplýsingar um hann. En samanlagt eru þær tölur, sem ég las áðan, kr. 211.648.66, og er sú tala því svarið við öðrum lið fyrirspurnarinnar að viðbættum kostnaðinum við þinghaldið í París.

Í þriðja lið fyrirspurnarinnar er svo loks spurt, hver sé orðinn allur kostnaður Íslands af þátttöku þess í bandalagi Sameinuðu þjóðanna frá því að Ísland gerðist aðili að því og til þessa dags. Svarið er, auk þess kostnaðar, sem þegar hefur verið tilfærður, kr. 16.618.97 til gjaldeyris- og alþjóðabankans á árunum 1946 og 1947, kr. 37.596.21 til matvælaráðstefnunnar árin 1946, 1947 og 1948, kr. 1.622.70 til alþjóðlegu barnahjálparinnar árið 1948, og loks kostnaður og framlag til alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar kr. 16.120.00.

Framangreindar niðurstöðutölur, þ. e.

kr. 231.435.69
— 211.648.66
— 16.618.97
— 37.596.21
— 1.622.70
— 16.120.00

mundu þá samanlagðar vera svarið við þriðja lið fyrirspurnarinnar, og hef ég ekki lagt þær saman, að viðbættum kostnaðinum við þinghaldið í París í okt.—des. s. l. ár sem fyrr segir.

Ég skal ekkert segja um, hvort þetta er algerlega tæmandi, en ríkisbókhaldið hefur fengið mér þessar upplýsingar þannig í hendur sem svar við þessari fyrirspurn hv. 3. landsk. Sé svarið ófullnægjandi að einhverju leyti, þá get ég því miður ekki bætt úr því í bili. En ég hef fullan vilja á að láta endurskoða þessar upplýsingar, ef hv. fyrirspyrjandi óskar eftir því, og láta honum það síðar í té, ef í ljós kæmi við nánari athugun, að hægt væri að gefa fyllri skýringar og upplýsingar.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. upplýsingar hans og get ekki ímyndað mér, að þær séu á nokkurn hátt fjarri lagi frá ári til árs. Og ég efast ekki um, að þær hafi fyllilega gefið hv. þm. hugmynd um þann kostnað, sem Ísland hefur þurft að greiða vegna þátttöku sinnar í bandalagi Sameinuðu þjóðanna.

40. Greiðsla fyrir þýðingarrétt íslenzkra og erlendra rita.

Á deildafundum 9. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til menntmrh. um greiðslu fyrir þýðingarrétt íslenzkra og erlendra rita [125. mál, 6] (A. 324).

Á 38. fundi í Sþ., 10. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 11. febr., var fyrirspurnin aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Árið 1947 var samþ. á Alþingi, að Ísland gengi í Bernarsambandið. Var það gert að fyrirlagi hæstv. menntmrh. Hefur skapazt það ófremdarástand, að ekki hefur fengizt nægur gjaldeyrir til að inna af hendi greiðslur fyrir þýðingar, og er því spurning, hvort ekki hefði verið heppilegra að fara að eins og Rússland og Bandaríkin, að gera sérsamning um gagnkvæma vernd. Nú er svo komið, að það virðist svo, að við getum ekki staðið við þær skuldbindingar, sem felast í því að greiða umboðslaun til rithöfunda fyrir þýðingarrétt á verkum þeirra. Þess vegna hef ég lagt þessar spurningar fram.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Menntmrn. sneri sér til viðskiptanefndarinnar og hagstofunnar til þess að fá svar við þessum spurningum. Ég vil þá leyfa mér að lesa bréf hagstofustjóra, en þar segir svo:

Reykjavík, 15. febrúar 1949.

Út af bréfi menntmrn., dags. í dag, þar sem óskað er vegna fyrirspurnar, sem svara þarf á Alþingi á morgun, upplýsinga um gjaldeyristekjur landsins fyrir þýðingarrétt á íslenzkum ritum síðan 7. sept. 1947 og hve mikið Íslendingar hafa greitt til útlanda fyrir þýðingarrétt á erlendum ritum á sama tíma, skal ég leyfa mér að taka það fram, að hagstofan hefur ekki undir höndum nein gögn til þess að geta svarað fyrirspurnum þessum. Líklegast væri til þess gjaldeyriseftirlit bankanna, og hef ég því snúið mér þangað, en fengið það svar, að þessum greiðslum sé ekki haldið sérstökum, heldur séu þær færðar með ýmislegum greiðslum. Þyrfti því að ganga í gegnum allar þær greiðslur á þessu tímabili og tína úr hinar umbeðnu greiðslur til þess að finna upphæð þeirra, en það væri mjög mikið verk og þó ekki einhlítt, því að margar greiðslur eru þannig bókfærðar, að ekki er augljóst, hvað í þeim kann að felast, og auð-

vitað getur gjaldeyriseftirlitið ekki upplýst annað en það, sem gengið hefur í gegnum bankana.

Þorst. Þorsteinsson.
(sign.)

Í bréfi viðskiptanefndarinnar segir:

15. febrúar 1949.

Með bréfi, dags. í dag, óskar hið háa ráðuneyti, að nefndin svari í dag fjórum fyrirspurnum varðandi gjaldeyri fyrir þýðingarrétt o. fl. í því sambandi.

Það er útilokað, að nefndin geti látið í té umbeðnar upplýsingar með jafnskömmum fyrirvara og hér um ræðir, en vill þó taka fram eftirfarandi í sömu röð og spurningarnar eru greindar í bréfi ráðuneytisins:

1) Þær skýrslur, sem nefndin fær frá gjaldeyrisdeild bankanna, bera ekki með sér þær upplýsingar, sem um er beðið. Telja bankarnir sig ekki sundurliða innborgaðan gjaldeyri þannig, að þeir geti upplýst þetta fyrirvaralaust, telja þó, að um litlar upphæðir muni vera að ræða, eða jafnvel alls engar.

2) Leyfðar yfirfærslur fyrir þýðingarrétt á umræddu tímabili munu aðeins hafa átt sér stað í smáum stíl, enda ekki áætlað fyrir slíku á s. l. ári. Til að rannsaka þetta þarf að yfirfara leyfisafrit, sem skipta tugum þúsunda að tölu, og er útilokað að láta framkvæma slíkt á skömmum tíma.

3) Hvorki viðskiptanefnd né aðrar þær nefndir, er farið hafa með hliðstæð mál s. l. 17 ár, hafa fært skýrslur yfir synjaðar umsóknir. Hinar umbeðnu upplýsingar er því ekki auðið að láta í té. Nefndin man eftir, að hún synjaði á s. l. ári umsókn frá hr. Jóni Leifs, að upphæð kr. 60 þús., sem var miðuð við erlendan kostnað í sambandi við þýðingu eða útgáfu á hans eigin tónverkum. Sami aðili mun hafa átt viðræður við nefndina og óskað eftir mjög háum yfirfærslum vegna Stefs h.f. Mun nefndin hafa tjáð honum, að slíkir yfirfærslumöguleikar væru ekki fyrir hendi. Nefndin telur, að þessar synjanir séu þær, sem máli skipta í þessu efni, hvað upphæðir snertir.

4) Nefndinni er ekki kunnugt um þau atriði, er felast í fjórðu fyrirspurninni.

Með sérstakri virðingu,

Sigurður B. Sigurðsson.
(sign)
Stefán Jónsson.
(sign)

Fyrirspyrjandi (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið. Það er sláandi, þegar ekki fást yfirfærð 100 pund eða 25 dollarar til að borga með greiðslu fyrir þýðingarrétt. Þessu þyrfti að kippa í lag hið bráðasta og bæta það ástand, sem nú er í þessum efnum. Mig undrar einnig, hve litlar gjaldeyristekjurnar eru af þýðingum íslenzkra rita. Einn íslenzkur rithöfundur hefur t. d. fengið eina bók sína gefna út af bókafélaginu „Book of the month club", en slíkt þykir mjög álitlegt í Bandaríkjunum og vegsauki fyrir viðkomandi höfund.

41. Embœttisbústaðir.

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstj. um undirbúning lagasetningar um embœttisbústaði [136. mál] (A. 355).

Á 41. fundi í Sþ., 17. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn skýrir sig nú reyndar sjálf, og er því óþarfi að fara að flytja neina ræðu. Eins og kunnugt er, þá var hérna samþ. frá Alþ. ályktun í fyrra, eða 17. marz 1948, þar sem Alþ. fól ríkisstj. að undirbúa setningu heildarlöggjafar um embættismannabústaði. Í þessum málum ríkir hinn mesti glundroði. En hins vegar er það nauðsynlegt, að þetta sé athugað til hlítar, en nú langar mig til að fá upplýsingar um það, hvað ríkisstj. hefur aðhafzt í þessu máli.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Skömmu eftir að ríkisstj. fékk þessa ályktun í hendur, var hún falin skrifstofustjórum fjmrn. og dómsmrn. Þeir hafa svo rætt sín á milli um þetta mál, og þeir leituðu svo til mín síðla sumars um leiðbeiningar um það, hvert efni þessarar lagasetningar skyldi vera. Dómsmrn. skrifaði svo hinum ráðuneytunum 15. okt. s. l., til þess að fá upplýsingar um það, hvaða embættismannabústaði væri mest þörf á að byggja að þeirra áliti. En í svarbréfum ráðuneytanna koma fram mjög mismunandi skoðanir á þessu.

Fjmrn. telur, að þörfin sé mest í dreifbýlinu og að sömu stefnu beri að halda þar. En þá stefnu, sem farin hefur verið í kaupstöðunum, telur rn. vera mjög varhugaverða fjárhagslega fyrir ríkissjóð, og ef haldið verður áfram á þessari sömu braut og nú hefur verið farin undanfarin ár, þá mætti búast við því — og enda eðlilegt —, að forstjórar tóbakseinkasölunnar, áfengisverzlunarinnar o. fl. kæmu fram með sínar kröfur um bústaði. — Samgmrn. telur einnig, að fara beri varlega þá braut, að ríkið sjái embættismönnum sínum fyrir bústöðum og bindi sér á þann hátt fjárhagslegar byrðar, en hins vegar kemur þetta mjög ójafnt niður á embættismönnum, þar sem ekki geta allir orðið þess aðnjótandi að fá bústaði. Ef hins vegar haldið yrði áfram sömu braut, þá væri ráðuneytið reiðubúið til þess að benda á nokkra starfsmenn. — Menntmrn. álítur, að ekki sé rétt að halda áfram á sömu braut og byggja, heldur beri að halda til baka frá þeirri stefnu, sem farin hefur verið. En ef haldið yrði áfram, þá væri það reiðubúið að benda á ýmsa starfsmenn, sem þyrfti að byggja fyrir, svo sem rektor o. fl. — Landbrn. taldi rétt að láta byggja yfir þá starfsmenn, sem vinna í þágu landbúnaðarins

úti um sveitir landsins. — Og loks taldi viðskmrn. ekki koma til mála að halda áfram sömu stefnu, enda munu ekki vera svo margir starfsmenn hjá því — enginn utan Reykjavíkur —, sem byggja þyrfti yfir. Maður sér það, að þessar upplýsingar ráðuneytanna veita ekki mikið hald við setningu laga, nema það eitt, að öllum virðist þeim, að of langt hafi verið gengið í þessu efni. Það hefur dregizt nokkuð að fá svar hjá sumum ráðuneytunum, en sjálfsagt er að reyna að finna einhverja viðunandi lausn á þessum málum. Ályktanir þeirra eru nokkuð óákveðnar, en af þeim er þó hægt að draga eina sameiginlega ályktun, en hún er sú, að embættismannabústaðir verði eingöngu reistir utan kaupstaðanna. En nú vitum við vel, að það hafa verið í smíðum bústaðir í ýmsum kaupstöðum landsins, og ég held, að það þyrfti að taka til athugunar, áður en þessi löggjöf er sett, heimild til slíkra bygginga.

Fyrirspyrjandi (Helgi Jónasson): Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær upplýsingar og þau svör, sem hann hefur gefið í ræðu sinni.

Ég býst við því, að menn muni eftir því, að þegar þetta mál var hér til umræðu í fyrra, þá komu í ljós ýmsar ástæður til þess að auka byggingar embættismannabústaða, en þó var það heldur vilji Alþ. að draga úr þeim, þar sem ríkissjóður gæti ekki tekið á sig of þungar fjárhagslegar skuldbindingar vegna þessa. Það var tekið fram, að þegar væri of langt gengið. En ég býst þó við því, að menn megi alltaf búast við því skjólinu, að þessi löggjöf nái aðeins til embættismannabústaða utan kaupstaðanna, því að það er allt önnur og miklu erfiðari aðstaða fyrir embættismenn úti í sveit en í kaupstöðunum, þar sem oftast er hægt að leigja húsnæði eða kaupa. Ég tel það hins vegar ekki fært, að ríkissjóður sé látinn byggja embættismannabústaði í kaupstöðum, hvorki hér í Reykjavík né öðrum kaupstöðum, meðan ekki er gert það sama í sveitunum. Að öðru leyti vil ég ekki orðlengja þetta frekar, en ég vænti þess, að stjórnin taki þetta til athugunar fljótlega og leggi fram frv. um þetta efni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mig langar bara til þess að benda á það, að það er nauðsynlegt, áður en undirbúningi er lokið — hvenær sem það verður nú —, að vita hvar á að byggja, t. d. yfir presta. — Það hafa heyrzt um það háværar raddir víðs vegar að, að prestssetur og önnur embættismannasetur séu víða á mjög óheppilegum stöðum. Þetta verður að fyrirbyggja. Það verður að fyrirbyggja það, að prestar sitji á óeðlilegum stöðum og afskekktum, oft utan við alfaraleið. Þess vegna er það alveg nauðsynlegt að taka það til rækilegrar athugunar, hvar eigi að byggja og hvort það eigi að byggja eins marga prestabústaði eins og prestssetur eru nú, sem ég tel alls enga þörf á. Það er þetta, sem þarf að gera áður en undirbúningi er lokið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki miklu við þetta að bæta. Ég tek alveg undir það með hv. 1. þm. Rang., að undirbúningur að þessu frv. hafi ekki verið mikill, en ég skal nú leggja það til við þá, sem að undirbúningnum standa, að þeir hraði honum, eftir því sem föng standa til. Mér skildist það, að meginkjarninn hafi verið nokkurn veginn í sömu átt hjá hv. þm. og það, sem fram kom í skýrslu ráðuneytanna, enda vænti ég þess, að framkvæmdum verði hagað í svipaða átt og hv. 1. þm. Rang. lagði til. Ég játa það, að persónulega hef ég beitt mér fyrir því, að menn hér í Reykjavík yrðu aðnjótandi þessara bústaða, en það gerði ég vegna þess, að sams konar embættismenn voru áður búnir að fá bústaði. Og það er að mínu viti mögulegt að takmarka ákvæði, þannig að byggt verði eftir sanngjörnum reglum og látið ganga jafnt yfir alla, en það má ekki gera mönnum mishátt undir höfði.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, þá er það nú nokkurs annars eðlis, og það getur varla komið fram í þessari löggjöf, því að hér verður varla annað tekið fram en það, hvaða tegund embættismannabústaða ætti að byggja og undir hvaða skilyrðum eigi að byggja, en varla verður tekið fram um einstaka staði, þar sem byggja á. Þar kemur aftur til greina löggjöfin um skipun læknishéraða og skipun prestakalla. Þannig eru það ráðuneytin, sem kveða á um það, á hvaða stað skuli byggja.

42. Klak í ám og vötnum.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. varðandi framkvæmdir, yfirstjórn og rannsóknir við klak í ám og vötnum [146. mál, 1] (A. 391).

Á 43. fundi í Sþ., 24. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum misserum bar ég fram till., um leið og ég hreyfði virkjuninni á Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, að laxavegur yrði gerður fram hjá virkjuninni. Þetta er fjárhagsmál, því að 20 km ofan við hana er hinn bezti laxahylur á landinu. Þessu máli var vísað til hv. allshn. Ætlaði hún að vera með því, en þegar til átti að taka, urðu mannaskipti við sérfræðirannsóknirnar. Kom í staðinn maður, er var án allrar reynslu í þessum efnum, auk þess sem hann skorti kunnugleik. Hann gerði sig sekan um að segja, að það þyrfti rannsókna með, hvort Laxá væri hæf fyrir klak. Honum var sýnd sú kurteisi, að orðið var við þessum óskum. Nú hefur eigi heyrzt um þetta síðan, og vil ég því fá að vita þetta tvennt: Í fyrsta lagi: Hefur hæstv. stj.

látið manninn gera athuganir, og hvað hefur þá fengizt út úr þeim? Veit maðurinn nú, að laxinn geti lifað þarna? Í öðru lagi: Hvað líður samanburði á störfum þessara tveggja manna? Hver hefur orðið kostnaðurinn við þessi mál? Og hversu er háttað um stofnun fiskiræktarfélaga? Hverjar eru rannsóknir sérfræðingsins? Hann hefur verið að skoða í glös. Væri gott að vita, hvað hann hefur séð í þeim.

Nú liggur grunur á, að þessi nýi vísir líkist að einhverju athöfnunum á Úlfarsá, og eðlilegt má þykja, að þing og þjóð fái að vita um árangur rannsóknanna og kostnaðinn við þær.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að minna hv. þm. á hina gömlu setningu: Vísindin efla alla dáð, — og þau geta tekið sinn tíma. Þá vil ég svara fsp. hv. þm. Ég hef fengið skýrslu um málið frá veiðimálastjóra, Þór Guðjónssyni. Hefur hann lagt allmikla vinnu í það að skýra gang málanna varðandi það efni, er fsp. hljóðar um, og vil ég leyfa mér að lesa álit hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, (74. og 75. gr.) er gert ráð fyrir, að veiðimálanefnd og veiðimálastjóri verði atvmrh. til aðstoðar um stjórn veiðimála. Veiðimálanefndin hefur tillögurétt um allt, sem að veiðimálum lýtur, og ber að leita samþykkis hennar um reglugerðir og annað, sem lögin ákveða, að hún skuli fjalla um. Verksvið veiðimálastjóra, sem skal vera sérfræðingur í veiðimálum og vatnalíffræði, eru að annast rannsóknir vatna og fiska og skrásetja veiðivötn, safna skýrslum um veiði og fiskirækt, láta gera uppdrætti af klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra, gera tillögur um reglugerðir og leiðbeina um veiðimál.

Þegar lögin um lax- og silungsveiði frá 1932 gengu í gildi, var Ólafur Sigurðsson bóndi á Hellulandi starfandi ráðunautur um klakmál á vegum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, en hins vegar var þá enginn sérfræðingur um veiðimál og vatnalíffræði til í landinu til að taka að sér starf veiðimálastjóra. Var því ákveðið með bráðabirgðaákvæði í lögunum (95. gr.), „að sá maður, sem hefur með höndum eftirlit með lax- og silungaklaki í landinu, komi í stað veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, eftir því sem við getur átt", þar til Alþingi kveður öðruvísi á. Veiðimálanefndin var svo skipuð 31. marz 1933, og áttu sæti í henni þeir Pálmi Hannesson rektor, formaður, dr. Bjarni Sæmundsson og Metúsalem Stefánsson búnaðarmálastjóri. Síðar var Ólafur Sigurðsson ráðinn hjá Búnaðarfélaginu eftir tillögu veiðimálanefndar til að hafa á hendi leiðbeiningar um klak og veiði, og starfaði hann hjá félaginu til ársloka 1946.

Á fyrstu árunum, eftir að lögin um lax- og silungsveiði frá 1932 gengu í gildi, var rannsóknum á veiðivötnum og vatnafiskum ekki sinnt, en Pálmi Hannesson hafði haft slíka rannsóknarstarfsemi með höndum á árunum 1927—30. Þegar Atvinnudeild háskólans tók til starfa 1937, var fiskideildinni falið að annast rannsóknir í þágu veiðimálanna, og gerði hún það fram til ársins 1946, að veiðimálastjóraembættið var stofnað. Gerðar voru rannsóknir á Kleifarvatni, Mývatni, vatnahverfi Ölfusár—Hvítár, Blöndu, hluta af Laxá í Þingeyjarsýslu og fleira. Einnig voru gerðar rannsóknir á ævi laxins í nokkrum ám og þá aðallega í Elliðaánum. Í þessum rannsóknum tóku þátt þeir Árni Friðriksson, dr. Finnur Guðmundsson, Geir Gígja og aðstoðarfólk.

Fyrsta spurning: Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til klakmála árlega 1939—48?

Svar: Því miður er ókleift að gefa nákvæmt yfirlit yfir útgjöld ríkissjóðs vegna veiðimála á öllum árunum frá 1939 til 1948, þar sem ekki liggur fyrir nákvæm sundurliðun á, hvað rannsóknarstarfsemi fiskideildar í þágu veiðimálanna hefur kostað á árunum 1939—45. Árni Friðriksson fiskifræðingur, forstöðumaður fiskideildarinnar, telur, að ekki sé of hátt ætlað, að kostnaður deildarinnar af vatnarannsóknunum á þessu tímabili hafi árlega numið upphæð, er samsvarar launum, ferðakostnaði og rekstrarkostnaði eins sérfræðings. Í rekstrarkostnaði er innifalinn kostnaður vegna aðstoðar, húsnæðis, ljóss og hita og vegna kaupa á rannsóknar- og skrifstofuáhöldum. Með núgildandi verðlagi mundi kostnaður af einum sérfræðingi vera 60—75 þús. kr. árlega.

Útgjöld ríkissjóðs til veiðimála á árunum 1939—48, sem tölur eru til yfir, fara hér á eftir ásamt upphæðum þeim, sem veittar voru til veiðimála í fjárlögum:

Ár	Fjárlög	Útgjöld
1939	14.000.00 kr.	14 371.63 kr.
1940	18.500.00 —	17.658.81 —
1941	18.400.00 —	17 080.83 —
1942	18.400.00 —	26.286.38 —
1943	25.000.00 —	41.489.70 —
1944	25.000.00 —	72.315.09 —
1945	25.000.00 —	42.558.40 —
1946	25.000.00 —	127.974.42 —
1947	114.980.00 —	110.132.33 —
1948	127.650.00 —	100.470.00 —

Á fjárlögum hefur verið veitt árlega fé í klaksjóð, og hafa þær fjárveitingar verið teknar hér með. Fjárveitingar til klaksjóðs voru kr. 5000.00 á árunum 1939—42 og kr. 10.000.00 frá 1943—48. Fé hefur ekki verið notað úr klaksjóði síðan 1945.

Á árunum 1943—45 voru greiddar samtals kr. 36.000.00 sem styrkur úr sjóði til styrktar vegna framleiðslubóta og atvinnuaukningar til tveggja bænda í Kelduhverfi vegna tilrauna með silungaeldi. Þar sem hér er um að ræða styrk af opinberu fé til fiskiræktar, þá voru styrkupphæðirnar teknar með öðrum fjárframlögum hins opinbera til veiðimála á þessum árum.

Útgjöld ríkissjóðs til veiðimála á árunum 1939—45, að undanskildum kr. 36 000.00, sem áður var minnzt á, gengu til að greiða laun og ferðakostnað Ólafs Sigurðssonar og til að styrkja fiskiræktarframkvæmdir. Á árinu 1945 voru útgjöld ríkissjóðs vegna veiðimála aukin verulega, þó að ekki komi það fram á útgjaldalistanum, þar sem fiskideildin fékk á því ári aukna fjárveitingu til starfsemi sinnar og þar á meðal álitlega upphæð, sem varið skyldi til vatnarannsókna.

Svo er að sjá á útgjaldalistanum, að á árinu 1946 hafi útgjöldin til veiðimála hækkað stórkostlega, en þetta er ekki að öllu leyti rétt, eins og nú skal sýnt fram á. Þann 1. maí 1946 hóf veiðimálastjóri starf sitt, en við stofnun embættis veiðimálastjóra voru færð saman á einn stað verkefni þau á sviði veiðimálanna, sem veiðimálastjóra voru ætluð samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, en þessi mál höfðu verið í höndum ráðunauts Búnaðarfélagsins í klakmálum og hjá fiskideildinni. Þessi breyting hafði það í för með sér, að á þessu ári kemur fram í ríkisreikningnum kostnaður vegna rannsókna á veiðivötnum undir liðinn kostnaður vegna veiðimála í stað þess að vera með ósundurliðuðum kostnaði fiskideildar, eins og verið hafði, frá því að atvinnudeildin var stofnuð. Þá varð það og til að auka útgjöldin til veiðimálanna á þessu ári, að embætti veiðimálastjóra keypti af fiskideildinni tæki þau og áhöld, sem deildin hafði aflað sér til vatnarannsókna, svo og bækur þær, sem til voru um vatnarannsóknir og vatnafiska. Auk þessara kaupa var óhjákvæmilegt að ráðast í kaup á nauðsynlegum húsgögnum og áhöldum á skrifstofu, sem jafnframt var rannsóknarstofa. Í árslok 1946 eru eignir embættisins taldar kr. 54.682.59, og hafa gjöldin á árinu því verið kr. 73.291.83, og eru þar með talin laun Ólafs Sigurðssonar ráðunauts og ferðakostnaður hans. Auk þess, sem nú hefur verið talið, voru greiddar á árinu af umræddum lið um kr. 10.0000.00 í styrki og vegna veiðieftirlits.

Um útgjöldin árið 1947 þykir ekki þörf á að ræða sérstaklega, en geta skal þess þó, að á þessu ári verður embætti veiðimálastjóra að hverfa úr húsnæði fiskideildar í atvinnudeildarbyggingunni vegna þrengsla og fara í leiguhúsnæði út í bæ, þar sem ókleift var að komast í húsnæði hins opinbera. Við þetta skapaðist aukinn kostnaður við rekstur embættisins, sem varð þess valdandi, að óska varð eftir hærri fjárframlögum, en þau fengust fyrst á fjárlögum fyrir árið 1948. Eignaaukning á árinu var kr. 6.725.11.

Varðandi útgjöld ársins 1948 skal vísað til svars við þriðju spurningu. Eignaaukning á árinu 1948 nam kr. 7.058.76.

Önnur spurning: Hve mörg klak- og fiskiræktarfélög voru stofnuð á þessu tímabili fyrir forgöngu Ólafs Sigurðssonar og að tilstuðlan Þórs Guðjónssonar?

Svar: Á árunum 1939—48 var stofnað 21 félag, sem voru ýmist fiskiræktar- eða veiðifélög eða hvort tveggja. Tvö þessara félaga höfðu verið til áður, en voru endurstofnuð. Nokkur vafi leikur þó á, að telja beri 21 félag stofnað á nefndu tímabili eða hvort þau voru nokkru færri, því að sennilega hafa þau 7 félög, sem staðfestingu fengu í stjórnarráðinu fyrstu 5 mánuði ársins 1939, verið stofnuð árið 1938.

Samkvæmt B-deild Stjórnartíðinda skiptist fjöldi fiskiræktar- og veiðifélaga, sem staðfestingu fengu í stjórnarráðinu á árunum 1930—45, eins og hér segir:

1930	1 félag	1935	1 félag
1931	2 félög	1936	6 félög
1932	0 —	1937	6 —
1933	0 —	1938	4 —
1934	2 —	1939	7 —
1940	3 félög	1943	2 félög
1941	3 —	1944	1 félag
1942	4 —	1945	1 —

Í sambandi við möguleika á stofnun fiskiræktar- og veiðifélaga á Íslandi er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi eru því takmörk sett, hve kleift er allra aðstæðna vegna að koma á stofn mörgum félögum, þar sem fiskihverfin eru bara svo mörg og ekki fleiri. Þá er mjög misjafnlega auðvelt að fá bændur til að stofna félög, og fer það nokkuð eftir félagslegum aðstæðum við fiskihverfin svo og ástandi veiðivatnsins, sem stofna á félagið um. Sums staðar hefur þörfin fyrir slík félög verið mikil, og bændur hafa viðurkennt hana og því nær samstundis verið til í að stofna félögin. Þetta atriði kemur greinilega í ljós, þar sem í sumum tilfellum er reynt að fá bændur árum saman til að stofna hjá sér félög, en án árangurs. Taflan hér að framan, sem sýnir fjölda félaganna, sem stofnuð voru árlega á árunum 1930—45, gefur góða hugmynd um, hvernig gengið hefur til með félagsstofnanirnar. Á árunum frá 1930—35 eru bændur tregir til að stofna félög, en þá bregður skyndilega til hins betra. Á árunum 1936—39 eru stofnuð til jafnaðar tæplega 6 félög á ári að meðaltali, en úr því fer að fækka félagsstofnununum, og þær verða til jafnaðar 3 á ári næstu 4 árin, en þá er nálgazt það mark, að sárafáir eiga eftir að stofna hjá sér félög, og það er því aðeins eitt félag stofnað hvort árið 1944 og 1945 og ekkert 1946.

Eins og sjá má hér að framan, þá hefur verið stofnað 21 félag til eflingar fiskirækt eða til samveiði eða hvort tveggja á árunum 1939—45, eða áður en embætti veiðimálastjóra var stofnað. Þegar á fyrstu mánuðum í starfi mínu kynnti ég mér starfsemi fiskiræktar- og veiðifélaganna eftir föngum. Mér var brátt ljóst af þeirri kynningu, að mjög var starfsemi félaganna með mismunandi móti. Í sumum félaganna var starfað af lífi og fjöri, en í öðrum var deyfð og drungi og í um þriðjungi þeirra var ekkert starfað. Nokkur höfðu sofnað út af, þegar eftir stofnunina. Það lá því næst við að leitast við að hressa upp á félögin, sem fyrir voru, frekar en að leggja allt kapp á stofnun nýrra félaga, sem svo ef til vill yrðu ekkert annað en nafnið, og verður það mikið starf í framtíðinni að hjálpa þeim áleiðis sem illa eru stödd.

Þriðja spurning: Hvernig var árið 1948 notað það fé, sem ríkið lagði til klakmála? Hve mikið í laun, ferðir, áhöld til vísindalegra tilrauna og til annarra útgjalda?

Svar: Á fjárlögum fyrir árið 1948 var ætlað kr. 127.650.00 til veiðimála, þar af kr. 10.000.00 í klaksjóð. Kostnaðarliðirnir á fjárlögunum (16. gr., 26) eru áætlaðir eins og hér segir:

A. Veiðimálastjóraembættið:		
a. Laun	kr.	49.650.00
b. Skrifstofukostnaður o. fl.	—	8.000.00
c. Ferðakostnaður	—	10.000.00
d. Annar kostnaður	—	20.000.00
B. Kostnaður vegna veiðimálanefndar og styrkir til fiskiræktar	—	30.000.00
	kr.	117.650.00

Fjárveitingunni til veiðimála hefur verið varið eins og hér segir:

A. Veiðimálastjóraembættið:		
a. Laun		kr. 49.125.00
b. Skrifstofukostnaður o. fl.:		
1. Daglegur rekstrarkostnaður, svo sem símagjöld, pappírsvörur, ritföng og burðargjöld, ræsting og hreinlætisvörur o. fl.	3.485.88	
2. Áhöld, bækur og tímarit	3.585.23	
		— 7.071.11
c. Ferðakostnaður		— 11.405.93
d. Annar kostnaður:		
1. Húsaleiga og hiti	11.377.13	
2. Rannsóknaráhöld	3.473.53	
3. Laxamerkingar	1.966.70	
4. Ýmis kostn., svo sem afnotagj. af síma og heimtaugargj., prentkostn., auglýsingar, vátrygging o. fl.	5.325.36	
		— 22.142.72

Áður en lengra er haldið, skal tekið fram, að á liðum b, c og d var fjárveitingin á fjárlögum kr. 38.000.00. Kostnaðurinn var þó kr. 40.619.76. Fé til greiðslu upphæðar þeirrar, sem er umfram fjárlög, er þannig til komið, að atvinnumálaráðuneytið veitti kr. 1.000.00 utan fjárlaga með tilliti til þess, að á árinu 1947 hafi fjárveitinganefnd Alþingis ekki tekið til greina umsókn um fjárveitingu til embættis vegna húsaleigukostnaðar, sem embættið varð að taka á sig við það að flytja úr húseign ríkisins (atvinnudeildarbyggingunni) í leiguhúsnæði. Var reynt með erfiðismunum að greiða húsaleiguna fyrir 1947 af fé því, sem embættinu var ætlað til annarra hluta á árinu 1947 og 1948. Kr. 1619.76 var fé, sem greitt hafði verið á fyrra ári í ákveðnu skyni, en ekkert kom á móti fyrir fyrr en á árinu 1948.

Af fjárveitingu til veiðimálanefndar og til styrkveitinga var greitt eins og hér segir:

Vegna veiðimálanefndar	kr.	1.500.00
Vegna eftirlits með veiðiám í Borgarfirði og Árnessýslu	—	9.845.39
Styrkveiting til Fiskiræktar- og veiðifélags Laugdælinga	—	1.000.00
Samtals	kr.	12.345.39

Eins og sjá má, var fjárveitingin á þessum lið ekki notuð nema rúmlega að einu þriðja leyti. Gert hafði verið ráð fyrir, að fjárveitingin yrði notuð öll til styrktar fyrirhugaðri fiskvegagerð á árinu, en sökum frestunar á framkvæmdum varð ekki úr því.

Í sambandi við kostnað vegna rannsókna og laxamerkinga skal það tekið fram, að verulegur hluti hans er falinn í ferðakostnaði og kemur því undir þann lið hér að framan.

Fjórða spurning: Hverjar eru ráðagerðir klakstjórnarinnar um vísindalega starfsemi í klakmálum?

Svar: Gert er ráð fyrir að haga vísindalegri starfsemi í þágu veiðimálanna á þann hátt, að rannsökuð verði ár og vötn á landinu og fiskalífið í þeim og jafnframt verði tekin fyrir sérstök rannsóknarverkefni og tilraunir gerðar, eftir því, sem við verður komið.

Rannsóknir á ám og vötnum með tilliti til lífsskilyrða fyrir fisk eru undirstöðurannsóknir, er vinna verður að kerfisbundið og taka munu langan tíma. Tilgangurinn með rannsóknunum er að fá vitneskju um framfærslumátt einstakra veiðivatna og helztu einkenni þeirra. Að niðurstöðunum fengnum má m. a. ráða, hvort veiðivatnið er fullnýtt eða ekki. Í fljótu bragði kann að virðast nægjanlegt að rannsaka eina á og eitt vatn, en svo er þó ekki, þar sem aðstæður eru svo mismunandi í hinum ýmsu veiðivötnum, að nauðsyn er á að kynna sér hvert einstakt þeirra sérstaklega. Þekking á ánum og vötnunum kemur að margs konar gagni, og skal í því sambandi minnzt á, að það er mjög þýðingarmikið, þegar seiðum er sleppt, upp á góðan árangur, að þekkja þá staði, sem bezt henta fyrir seiðin, eftir að þau koma í sitt nýja umhverfi, og jafnframt að hafa í huga, hve hyggilegt er að sleppa mörgum seiðum á hvern stað.

Jafnnauðsynlegt er að rannsaka líf vatnafiskanna eins og lífsskilyrði þeirra. Niðurstöðurnar gefa bendingar um, hvenær skynsamlegast er að leyfa veiði þeirra og hvenær og undir hvaða kringumstæðum eigi að friða þá. Rannsóknir á vatnafiskum okkar eru stutt á veg komnar, og er nú hafinn undirbúningur undir að halda þeim áfram. Það þarf að rannsaka stofnana í ánum og vötnunum til að kynnast mismun þeirra, sem getur verið með mörgu móti, þó að fljótt á litið séu þeir allir eins. Í sambandi við klakstarfsemina í landinu hafa niðurstöður þessara rannsókna verulega þýðingu, því að óskynsamlegt er að taka til undaneldis í klakið aðra fiskstofna en þá, sem gæddir eru heppilegum eiginleika hvað snertir vaxtarhraða og annað. Við nánari kynni af lífsferli vatnafiskanna, sem rannsóknir næstu ára munu leiða í ljós, má vænta, að breyta þurfi einstökum ákvæðum veiðilöggjafarinnar að verulegu leyti.

Auk undirstöðurannsóknanna er þörf að taka til meðferðar sérstök rannsóknarverkefni og hafa nokkra tilraunastarfsemi með höndum. Skal í því sambandi minnzt á þörfina fyrir rannsóknir á klakaðferð, samband vatnafiskanna og annarra dýra (t. d. minka og fugla). Tilraunaverkefnin eru mörg, en tilraunir með eldi lax og silungs er einna mest aðkallandi. Ef eldistilraunirnar gefa sæmilega raun, ætti eldi vatnafiska og þá sérstaklega laxaeldi að geta haft töluverða fjárhagslega þýðingu. Vonir standa til, að kleift verði að byggja fyrirmyndar ríkisklakstöð á næstunni svo og eldisstöð, og mun við það skapast vettvangur fyrir rannsóknir á klakaðferðum og tilraunum með eldi laxa og silunga.

Þegar um er að ræða að vinna að vísindastarfsemi eins og að ofan getur, þá er nauðsynlegt upp á góð afköst við starfsemina, að fyrir hendi séu áhöld til rannsóknanna, bókakostur og starfskraftar. Eins og sakir standa er emb-

ætti veiðimálastjóra allvel búið að tækjum og bókum, en því miður eru önnur störf en þau, sem að rannsóknum lúta, svo tímafrek, að gefa verður þeim nú minni gaum en skyldi. Þegar frá líður og byrjunarerfiðleikarnir hafa verið yfirunnir, verður mögulegt að nota verulegan tíma til rannsóknanna.

Fimmta spurning: Hefur atvmrn. látið klakfræðing sinn rannsaka hrygningarskilyrði laxa í Þingeyjarsýslu milli rafstöðvarinnar hjá Brúum og Mývatns? Hver var árangur þeirrar rannsóknar? Vill atvmrn. gera það skilyrði fyrir auknu virkjunarleyfi við Brúar, að leyfistaki leggi á sinn kostnað fullkominn fiskiveg fram hjá mannvirkjum rafstöðvarinnar?

Svar: Athugun á hrygningarskilyrðum fyrir lax í Laxá í Þingeyjarsýslu fór fram um miðjan júlí 1947. Í bréfi, dags. 17. marz 1948, var atvmrn. skýrt frá niðurstöðunum af athugununum *og þá jafnframt tilkynnt um niðurstöður* kostnaðaráætlunar raforkumálaskrifstofunnar um byggingu fiskvegar í Brúargljúfri. Innihald nefnds bréfs er í stuttu máli þetta: Á um 10 km svæði í Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúargljúfra, frá stað í ánni á móts við jörðina Hamar og norður undir Birningsstaðaflóa, eru allviðáttumiklar hrygningarstöðvar. Æti á þessu svæði er ríkulegt, en rennslistruflanir spilla afkomumöguleikum fiskanna í ánni. Það er talið ráðlegt og æskilegt, að reynt verði að koma upp laxastofni í Laxá ofan Brúargljúfra. Nefndar eru tvær leiðir til að koma laxinum upp fyrir hindranirnar í Brúargljúfrum, annars vegar að byggja fiskveg í gljúfrunum og hins vegar að safna laxinum í kistu neðan við gljúfrin og flytja hann síðan upp fyrir þau á bifreiðum. Raforkumálaskrifstofan gerði uppdrátt að fiskvegi í gljúfrunum og kostnaðaráætlun um byggingu hans. Áætlaði hún, að fiskvegurinn mundi kosta eina milljón og sjö hundruð þúsund krónur. Kostnaðurinn við að koma fyrir laxakistu neðan gljúfranna mundi hins vegar ekki verða verulegur, en þó mundi flutningurinn upp fyrir gljúfrin hafa nokkurn árlegan kostnað í för með sér. Þá var og rætt um fjárframlag til að hefja veiði neðan Brúargljúfra til öflunar stofnlax fyrir Efri-Laxá, ef horfið yrði að því ráði að koma upp laxastofni þar."

Já, þannig hljóðar skýrsla veiðimálastjóra, og ég get bætt því við, varðandi þá spurningu, hvort atvmrn. vilji gera það að skilyrði fyrir auknu virkjunarleyfi við Brúar, að leyfistaki leggi á sinn kostnað fullkominn fiskveg fram hjá mannvirkjum rafstöðvarinnar, að eftir þeirri kostnaðaráætlun, sem gerð hefur verið og gerir ráð fyrir, að það verði hátt á aðra milljón króna, þá get ég svarað því strax, að ég mun ekki gera slíkt að skilyrði upp á mitt eindæmi, og mun það, ef til þess kemur, verða lagt fyrir Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það er ástæða til að þakka þessa skýrslu, ef málefni eru eins skýr og skýrslan er löng. Það er sýnilegt, að allur kostnaður í sambandi við þessi mál hefur aukizt mjög mikið, síðan hinn ungi kunnáttumaður tók við þessu starfi sínu, en hins vegar hefur ekki komið í ljós neinn sýnilegur árangur af hans starfi. Félög, sem stofnuð hafa verið af fyrirrennara hans, lifa sum allvel, en heldur sýnist það ósennilegt, að hinn nýi maður sé fjörugur að halda þeim við, sem stofnuð eru. Þá hefur komið í ljós, að nokkur kostnaður er frá fiskideildinni. Á sínum tíma reyndum við í Þingvallanefnd að fá Árna Friðriksson fiskifræðing til þess að sinna nokkru um silungsrannsóknir í Þingvallavatni, en aldrei hefur komið til Þingvallanefndar nein vitneskja, sem nokkurs var virði. En það er annars mjög einkennilegt, að þegar nýr kunnáttumaður kemur, þá er hann fluttur út úr fiskideildinni, og það er einnig mjög einkennilegt, að það lítur út fyrir að hann hafi orðið að kaupa með sér bækur út úr fiskideildinni.

En þannig fór, eins og ég bjóst raunar við, að þessi ungi maður komst að þeirri niðurstöðu, að laxar gætu lifað í ám fyrir ofan fossa, en það hafa nú verið talin heldur lítil vísindi fram að þessu, heldur virðist hann vera að tylla sér á tá með þessu. Þeir eru með ráðagerðir um vísindalegar framkvæmdir, þessir menn, en þessir sömu menn, sem að vísindalegu framkvæmdunum eiga að vinna, þeir dveljast hér í Reykjavík tíu mánuði ársins, en taka sér svo smásumarferð út um sveitir til þess að skoða laxinn. En ef sami árangur næst af þeirri skoðun og fékkst í Þingvallavatni forðum, þá held ég, að ekki verði hægt að byggja mikið á honum.

Hæstv. atvmrh. vil ég svo segja þetta: Þessi athugun eða áætlun, sem rafmagnsfræðingarnir gerðu um kostnað við fiskveginn, hefur ekki við neitt að styðjast, því að *rafmagnsfræðingar* hafa ekkert vit á því, hvað laxastigar kosta. Það er enginn maður hér á landi, sem gæti gert þessa kostnaðaráætlun, og í öðru lagi vil ég benda á, að ef veitt er leyfi til aukinnar virkjunar þarna, þá er búið að eyðileggja klakið fyrir þessum mönnum, ef ekkert verður að gert, og verður því ríkisstj. að beita sér fyrir því, að þetta verði lagfært.

43. Bygging fornminjasafns.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um byggingu fornminjasafnsins í Reykjavík [146. mál, 2] (A. 391).

Á 43. fundi í Sþ., 24. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að óska þess, að fyrirspurnirnar verði ekki bornar upp í einu lagi, svo að mér fyrir mitt leyti gefist tækifæri til þess að greiða atkv. gegn því, að fyrirspurn nr. II verði leyfð. Ég get ekki betur séð en að um þessa fyrirspurn eins og aðrar, sem hv. þm. S-Þ. ber fram, sé það svo, að mikill vafi sé á því, hvort hún sé þinghæf. Hér er ríkisstj. spurð um, hverju sæti, að ekki er aðallýsing í byggingu fornminjasafnsins gegnum þakið, og hvers vegna veggir séu ekki heilir á þeirri hæð safnbyggingarinnar,

sem er ætluð listaverkageymslu, í öðru lagi, hvers vegna stærsti salur hins tilvonandi listasafns sé nálega dimmur, og enn fremur, hvort það sé rétt, að helztu málarar landsins muni mótmæla, að verk þeirra verði til sýnis í þessu húsi. — Ég tel slíka fyrirspurn sem þessa varla þinghæfa og vil fá tækifæri til að greiða atkv. gegn því að leyfa hana og þannig gera mitt til þess að koma í veg fyrir, að sá skrípaleikur verði hafður hér á Alþ., sem stundum áður hefur átt sér stað, er slíkar fyrirspurnir sem þessi hafa verið til umr. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að í engu þjóðþingi á Vesturlöndum gætu aðrar eins fyrirspurnir og þessi verið teknar til umræðu. Og sama gildir um sumar þáltill., sem bornar hafa verið fram og ræddar hér á Alþ. af miklu kappi. Ég skal ekki fullyrða, að slíkt gæti ekki átt sér stað suður á Balkanskaga eða í Afríku eða Suður-Ameríku. En ég staðhæfi, að í engu þjóðþingi öðru á Vesturlöndum en Alþ. gæti það gerzt viðkomandi umr. um fyrirspurnir og þáltill., sem hvað eftir annað hefur gerzt hér á Alþ., síðan ég kom á þing fyrir tveim til þrem árum. Og ég verð að láta í ljós nokkra undrun yfir því, að hvorki forseti né þingmenn hafa gert nokkuð til að koma í veg fyrir, að bæði hefur tími þingsins verið misnotaður með því, eins og gert hefur verið, og þingið raunverulega hefur oft verið með skrípaleik og skrípaumr., eins og hér hefur átt sér stað. A. m. k. vil ég fyrir mitt leyti kasta af mér allri ábyrgð af því að nota tíma þingsins til að ræða sumar fyrirspurnir, sem bornar eru hér fram. Ég hef einnig gert það áður viðkomandi fyrirspurnum.

Forseti (JPálm): Það gilda alveg fastar reglur um fyrirspurnir. Og það er hér alltaf ákveðið af hv. þm. sjálfum, hvort þær skuli leyfðar eða ekki. En að þessu sinni skal ég verða við þeirri ósk að bera upp sérstaklega fyrirspurn nr. II á þskj.

Pétur Ottesen: Ég vildi bara gera þá fyrirspurn til þess hv. ræðumanns, sem hreyfði hér andmælum gegn leyfi fyrir fyrirspurn nr. II á þessu þskj., sem hér er um að ræða, hvort þau andmæli gildi fyrirspurnina í heild eða einstaka liði hennar. Ég sé ekki ástæðu til að vera á móti því að leyfa 1. og 2. liðinn. Ég veit ekki, hvers konar einvaldsherra menn vilja leika hér á Alþ., þar sem ríkir bæði lýðræði og þingræði.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er 3. liðurinn, sem ég átti við. Ég sé ekki ástæðu til að vera á móti því að leyfa 1. og 2. liðinn. En það er 3. liðurinn, sem ég tel ekki þinghæfa fyrirspurn og vil þess vegna fá leyfi til að greiða atkv. gegn leyfi fyrir. Ef hæstv. forseti telur sér fært að bera upp einstaka liði fyrirspurnarinnar, mundi ég greiða atkv. með 1. og 2. liðnum, en á móti 3. liðnum, sem ég tók fram, að ég teldi fyrir neðan virðingu Alþ. að taka til umr. og fyrir neðan virðingu ríkisstj. að taka til svara.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er óskiljanleg viðkvæmni, sem kemur fram í ræðum hv. 4. þm. Reykv. Hann er alltaf að tala um virðingu þingsins og að henni sé misboðið, ef samþ. sé að leyfa hér ákveðna fyrirspurn. Og hann hefur einnig talið, að það sé gert með því að bera fram sumar þáltill. Hann telur, að með því sé misboðið virðingu þingsins, enda þótt hann hafi sjálfur borið fram þáltill., sem kannske eru ekkert betri fyrir virðingu þingsins en þær till., sem hann talar um. — Ég sé ekki, að þessi fyrirspurn, sem hann hefur gert hér að umtalsefni, sé neitt lakari en margar aðrar fyrirspurnir, sem hafa komið fram í þinginu, og legg ég því til, að samþ. verði að leyfa hana.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skil þá viðkvæmni, sem hefur gripið hv. 2. þm. Rang. Hann er einmitt einn af þeim hv. þm., sem hafa átt verulegan hlut að því á þessu þingi, að virðingu þingsins hefur mjög verið misboðið með — ég vil segja hálfgerðum skrípatillögum, sem degi eftir dag hefur verið eytt í að ræða um. Á ég þar t. d. við þáltill. um jeppabifreiðar og till. um innflutning landbúnaðarvéla, sem mér skilst, að flestir hv. þm. séu sammála um, að séu skrípamál, sem þinginu sé til mjög lítils sóma að eyða miklum tíma í að ræða um. Ég er því ekki hissa á því, þótt þessi hv. þm. hrökkvi við, þegar talað er um, að tími þingsins sé misnotaður til þess að ræða mál, sem varla eða ekki geta talizt eiginleg eða réttmæt þingmál.

Forseti (JPálm): Þetta mál kemur ekki við fyrirspurnum, sem hér liggja fyrir.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þessi hv. þm., 4. þm. Reykv., hefur áður talið, að landbúnaðartill., sem við sjálfstæðismenn höfum flutt, og hefur oft sagt það, að þetta væru skrípatill. Það er dálítið einkennilegt, að till. um innflutning landbúnaðarvéla skuli vera kallaðar skrípatill., enda þótt þessi hv. þm., sem það hefur gert, sé ekki úr landbúnaðarkjördæmi og hafi lítinn skilning á sjónarmiðum þeirra, er landbúnað stunda. Samt sem áður hefur þessi sami hv. þm. flutt inn í þingið fyrirspurnir og oft mjög ómerkilegar, og hann ætti þess vegna ekki að vera að tala um virðingu þingsins og að henni sé misboðið með þessum þáltill., sem hann nefndi, eða með fyrirspurnum, sem hann nefndi, fyrst hann hefur sjálfur flutt fyrirspurnir í þinginu, sem að áliti margra hv. þm. eru mjög ómerkilegar.

Sigurður Bjarnason: Ég vildi aðeins skjóta því fram, að ég álít fyrir neðan virðingu þingsins að vera að ræða virðingu þingsins við hv. 4. þm. Reykv.

ATKVGR.

Fyrirspurnin leyfð með 26:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁS, BG, BBen, BÓ, BrB, EE, EmJ, FJ, GJ, HB, IngJ, JóhH, JG, KTh, LJóh, PO, SigfS, SB, SEH, JPálm.

nei: GÞG.

StgrA, StgrSt, BSt, BÁ, HÁ, HV, HelgJ, JS, PÞ, SG greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁkJ, ÁÁ, BK, EOl, EystJ, GÍG, GTh, HermG, HermJ, JJós, JJ, JörB, LJós, ÓTh, PZ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt það sé mjög hæpið, að svona lagaðar fyrirspurnir eins og sú, sem nú er verið að greiða atkv. um, hvort leyfð skuli, séu í fullu samræmi við ákvæði þingskapa, þá ætla ég nú samt sem áður að segja já.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég sé ekki, að þessi fyrirspurn, sem hér er borin fram, sé miklu lakari en ýmsar aðrar, sem bornar hafa verið fram og leyfðar, þegar bornar hafa verið fram fyrirspurnir um það, sem fyrirspurnarmaður getur aflað sér sjálfur á annan veg vitneskju um, og í öðru lagi hafa verið bornar fram fyrirspurnir um allt milli himins og jarðar. Það er eins og þingmenn haldi, að þeir geti notað ráðherrana eins og alfræðiorðabók. — Mér hafa fundizt þessir fyrirspurnatímar mjög óviðfelldnir, ég verð að segja það. En ég sé ekki, að þessi fyrirspurn sé miklu lakari en ýmsar aðrar. Ég hef haft þann hátt, að ég hef setið hjá við atkvgr. um fyrirspurnir, og ég geri það enn, og greiði ekki atkv.

Á 85. fundi í Sþ., 2. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Eins og allir íbúar Reykjavíkur hafa orðið varir við, þá hefur verið unnið að því undanfarin misseri að koma upp mikilli byggingu vestan við háskólann. Á sú bygging að verða fyrir listaverk landsins og fornminjar. Þessi bygging var ákveðin í sambandi við stofnun lýðveldis á Íslandi og bygging hússins ákveðin í hátíðargleði. Hefur slíkt valdið nokkurri fljótfærni og umbúnaður hússins því ekki hugsaður eins og hefði mátt ætla um hús af þessari gerð. Húsið er frámunalega ljótt og óhentugt sem safnbygging. Meðal annarra vankanta var það, að enginn inngangur var í það, og hefur orðið að brjóta inngang í það. Sá menntmrh., sem réð byggingarframkvæmdum, var Einar Arnórsson. Skipaði hann 3 manna nefnd til að sjá um byggingu hússins, og var Sigurði Guðmundssyni falið að teikna húsið. Varð ósamkomulag á milli húsameistara og byggingarnefndar, og fékk nefndin engu ráðið. Á þeim hluta hússins, sem ætlaður er fyrir listaverk, er sá galli, að engin ofanbirta er. Aðalsalur er 9 m hár, en þar er ekkert ljós. En á hinum háu veggjum þessara sala eru stórir hliðargluggar líkt og á verzlunarhúsum. Nú er því þannig háttað í öllum málverkasöfnum, sem getið er um, að birtan er fengin ofan frá. Þessi sjálfsagði hlutur hefur verið vanræktur, og mun þetta tiltæki hafa skapað megna óánægju hjá málurum landsins. Ég hef því spurt sérstaklega um þetta, hvort málarar landsins muni neita að sýna málverk sín í slíkum salarkynnum. Mér hefur einnig þótt máli skipta að spyrja, hver hafi haft eftirlit með verkinu, auk kostnaðar. Bygging þessi verður því óvinsælli sem hún er dýrari. Þess vegna hef ég spurt um þetta.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hef óskað þess við byggingarnefndina, að hún gæfi upplýsingar um þetta mál. Mér hefur borizt skýrsla varðandi þetta frá nefndinni, og mun ég svara fyrirspurnum hv. þm. með því að lesa þær upplýsingar hér upp, með leyfi hæstv. forseta.

„Samkvæmt ósk hins háa ráðuneytis, dags. 25. febr. s. l., skal eftirfarandi upplýst:

1. Kostnaður vegna byggingarinnar var upprunalega áætlaður 4 millj. kr. Alþingi veitti 3 millj. kr. 1944, en ríkisstjórn Ólafs Thors samþykkti á ráðherrafundi að veita 1 millj. kr. í viðbót, eftir að byggingarnefnd hafði tjáð henni, að ekki yrði komizt af með minna. Byggingunni er nú langt komið, og standa vonir til, að verkinu verði að mestu leyti lokið eftir nokkra mánuði. Byggingarkostnaður er nú orðinn kr. 4577117,32, eða nál. 4½ millj. kr., og er áætlað, að ca. ¾ millj. nægi til að fullgera húsið, að undanskildum ýmsum skápum og innanstokksmunum m. m., er smám saman mun bætast við, þegar farið verður að raða safninu.

2. Húsameisturunum Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni hafa verið greiddar 120000.00 krónur samkvæmt taxta arkitektafélagsins. Byggingarnefndin hefur engin laun tekið fyrir störf sín. Eftirlit með byggingunni, auk arkitektanna og formanns byggingarnefndar, hefur Sigurður Jónsson múrarameistari, en hann og Snorri Halldórsson húsasmíðameistari hafa tekið verkið að sér, og hefur hvor þeirra fengið í laun kr. 1125.00 grunnkaup pr. mánuð að öllu tréverki. Hins vegar hefur ekkert annað verið greitt til verksala, og hafa sparazt á þessu stórar upphæðir, en eins og kunnugt er reikna byggingarfélög sér 15—20% af vinnulaunum fyrir að taka að sér byggingar. Vinnulaun til 1. marz hafa verið greidd samt. kr. 1775355.78, og mundi venjulegt byggingarfélag, miðað við 15% af vinnulaunum, hafa fengið greitt kr. 266303.00. Þessi upphæð hefur að miklu leyti sparazt.

3. Þessum lið hafa arkitektarnir í bréfi til mín svarað á eftirfarandi hátt:

„Á miðsal efstu hæðar aðalhússins eru gluggar fyrir ofan hliðarþökin. Þeir eru rúmlega 100 fermetrar, en gólf salarins um 320 ferm., svo að gluggaflötur er nálega þriðjungur gólffletar. Þótt gluggarnir séu lóðréttir, en ekki á þaki, verður þarna góð ofanbirta, og er þetta fyrirkomulag ekki óalgengt á nýjum safnahúsum. Salurinn er nú allur dimmur neðan til sökum þess, að vinnupallar eru um allan salinn, svo að ekki sér til glugganna, og kann þetta að hafa villt einhverjum sýn. Um hliðarsalina má segja, að þakgluggar hefðu getað komið þar til greina, í stað glugga á veggjum. Óneitanlega virðist þó tryggilegra að geyma dýrmæta muni undir heilu þaki og steinsteyptu lofti heldur en stórum þakgluggum, sem auk þess eru vandfengnir nægilega góðir. Loftplatan styrkir mjög langveggi hússins, sem lítinn stuðning hafa af skilrúmum, og hún ber einnig hitunartæki og loft-

rásir. Venjulegir veggofnar þóttu ekki heppilegir, sérstaklega vegna fornminjanna. En þetta húsnæði er ætlað fornminjum síðar, þegar málverkasafnið eignast sitt eigið hús."

Virðingarfyllst,
Alexander Jóhannesson."

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur nú gefið Alþ. skýrslu sína í þessu máli, en ekki hefur komið fram, hve mikið sé ógreitt til arkitektanna. Nú, út af því eftirliti, sem verktakar hafa sjálfir tekið að sér, þá er það sýnilegt, að þeir hafa fengið þúsundir kr. fyrir þau störf. En hvað um það, þá er það ekkert eftirlit, að verktaki hafi laun fyrir að hafa eftirlit með sínu eigin verki. Út af þakgluggunum þá er gott, að þm. fái að vita, hvernig um þetta er búið. Aðalsalurinn er ljóslaus. Í byggingu sem þessari er venja að hafa svipmikinn og rúmgóðan inngang, en í þessu húsi er enginn, heldur er tröppum klesst á húsið móti austanvindátt. Er slíkt einsdæmi, auk þess sem tröppurnar eru ólöglegar. Frágangur og umbúnaður hússins er allur til skammar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Til glöggvunar á, hvað hv. þm. S-Þ. hugsar sér með því að tala um, að ráðh. eigi að leggja meiri vinnu í það að svara fyrirspurnum, þá vil ég spyrja hann, hvernig hann hugsar sér sjálfur að svara síðasta lið fyrirspurnar sinnar: „Er það rétt, að helztu málarar landsins muni mótmæla, að verk þeirra verði til sýnis í þessu húsi?" Ég vil spyrja, — er ekki nauðsynlegt að leita til spámanns til þess að fá slíku svarað? Það væri e. t. v. framtíðarúrlausn með tilliti til margra annarra fyrirspurna frá þessum hv. þm.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að svarið í bréfinu segir engan veginn fyrir um það, hvort hér sé um lokagreiðslur að ræða eða ekki. Ég hef ekki kynnt mér það nánar. Ég fékk þetta bréf ekki fyrr en um hádegisbilið í dag, þegar ég fór heim að borða, svo að það var ekki mikill tími til stefnu, en ég skal láta athuga þetta og fá upplýsingar um það, hvort hér sé um lokagreiðslur að ræða. En um eftirlitið segir svo í bréfinu:

„Eftirlit með byggingunni, auk arkitektanna, og form. byggingarnefndar, hefur Sigurður Jónsson múrarameistari, en hann og Snorri Halldórsson húsasmíðameistari hafa tekið verkið að sér, og hefur hvor þeirra fengið í laun kr. 1125.00 í grunnkaup pr. mán. .... Húsameisturunum hafa verið greiddar 120000.00 kr. samkv. taxta arkitektafélagsins."

Ég veit ekki annað en það, sem í bréfinu stendur, en ég get vel tekið undir það með hv. þm., að það þurfi undirbúning til þess að svara fyrirspurnum, en sumar af þeim fyrirspurnum, sem hv. fyrirspyrjandi leggur fram, eru þannig lagaðar, að það er ekki hægt að svara þeim, og aðrar eru þannig vaxnar, að það er ekki hægt nema verið sé að undirbúa sig í 3—4 daga.

44. Tolleftirgjöf af bifreiðum.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi tolllausan innflutning mannflutningabifreiða handa tignarmönnum landsins [146. mál, 3] (A. 391).

Á 43. fundi í Sþ., 24. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vonast eftir því, að sá, sem þessi fyrirspurn beinist að, sé betur undirbúinn að svara. Ég vænti þess, að þegar tignarmenn eru spurðir, hafi þeir meiri sagnaranda til að bera en við hinir.

Út af þessari III. fyrirspurn langar mig til þess að geta þess, að það mun hafa komizt sá siður á hér, að helztu valdamenn hafi fengið flutta inn bíla til landsins án þess að borga lögmælt gjöld. Og af því að ég býst ekki við, að við eigum svo marga tignarmenn hér á okkar landi, þá býst ég við, að það verði ekki erfitt að kasta á þá tölu. En af því að hér er um nýjung að ræða, þá langar mig til þess að vita, í fyrsta lagi, hve margir bílar hafa þannig verið fluttir inn, í öðru lagi, hvenær þessi venja hófst, í þriðja lagi, hve miklu ríkið hefur tapað á þessu, og í fjórða lagi, hvaða rök og hvaða lagaheimildir liggja til grundvallar þessu misrétti.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn hef ég lagt fyrir starfsmenn fjmrn. að athuga þetta mál og gefa mér skýrslu um það. En þeir hafa spurt mig að því, hverjir eigi að teljast tignarmenn, og mér var erfitt um svör. En meðan engin aðgreining er á því, hverjir skuli vera tignarmenn, vona ég, að hv. fyrirspyrjandi hafi biðlund. Annars hefur þetta verið sent til tollstjóra, og vonast ég til, að hann geti gefið upplýsingar um þetta atriði. Ég verð svo að biðja hv. fyrirspyrjanda afsökunar á því, að ég skuli ekki hafa haft þetta við höndina.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég tek þetta eins og það er talað, og má það þá bíða í eina viku, að svarað sé. Viðvíkjandi því, hverjir geti talizt tignarmenn, þá býst ég við, að það megi telja forseta lýðveldisins, ráðherrana, hæstaréttardómara, forseta Alþingis og skrifstofustjóra, ég hygg, að það megi kalla alla þessa menn tignarmenn.

Umr. frestað.

Á 47., 49. og 52. fundi í Sþ., 9., 16. og 23. marz, var fyrirspurnin tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið umr. um fyrirspurnina.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það hefur dregizt nokkuð, að þessari fyrirspurn

væri svarað, og mér skilst, að það sé vegna þess, að tollstjóri þurfi að láta athuga 150 þús. skjöl, svo að svarið verði nákvæmt. Það vakir nú ekki fyrir mér, að svo mikil vinna verði lögð í þetta, heldur hitt, að fá nokkrar upplýsingar um þetta mál og hvort það eru margir menn, sem hafa skammtað sér sjálfir á þennan hátt. Það er að segja, ég geri ekki kröfu til að fá nákvæmt svar um fjárhagslega hlið málsins.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að svar tollstjóra við þessari fyrirspurn, þegar ég bað hann um upplýsingar, var það, að til þess að slíkar upplýsingar gætu orðið nákvæmar, þyrfti að fara í gegnum 150 þús. skjöl. Þegar málið horfði þannig við, var horfið frá slíkri rannsókn, en hins vegar hafizt handa um að afla upplýsinga, sem ég áleit, að mundu nægja. Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir enn. Hins vegar ættu þær að geta verið tilbúnar í næsta fyrirspurnartíma.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég læt mér vel líka, að hæstv. ráðh. upplýsi málið á þennan hátt, því að ég tel ekki skipta máli, þó að t. d. veikur maður fái undanþágu á slíkum tollum. Hitt er nauðsynlegt að upplýsa og koma í veg fyrir, ef fjöldi manna afla sér sjálfir hlunninda með þessu móti.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var fyrirspurnin tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var enn fram haldið umr. um fyrirspurnina.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn hefur nú beðið lengi, en ég hef skilið hæstv. ráðh. svo, að það tæki langan tíma, ef svara ætti spurningunni nákvæmlega, en tilætlunin er aðeins sú að fá að vita, hvað margir af æðstu embættismönnum þjóðarinnar hafa fengið fluttar inn bifreiðar án þess að þurfa að greiða af þeim toll og hvenær þessir innflutningar byrjuðu. Hefur mér skilizt á hæstv. ráðh., að hann gæti svarað því án þess að hafa langan tíma, því að ég ætlast ekki til, að hann gefi upp nein nöfn á þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, heldur aðeins um hve marga menn sé að ræða og hve margar bifreiðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er að vísu svo, eins og ég hef þegar getið um áður, að það er ekki svo fljótlegt að komast eftir því, hve margir þessir menn eru, ef taka á alla, sem komið gætu til greina, en eftir orðalaginu gætu allmargir gert það.

Ég var að biðja tollstjóra um að athuga þetta, en hann hefur tjáð mér, að það væru svo mörg skjöl, sem fara þyrfti gegnum, að það yrði geysimikil vinna að svara fyrirspurninni til hlítar. En nú hefur hv. fyrirspyrjandi lýst því yfir, að hann ætlist ekki til, að svo mikil vinna verði lögð í þetta. Hann spyr, hvenær byrjað hafi verið á þessum innflutningi. Er þess þá að geta, að með bréfi 16. okt. 1941 skrifar forsrh. þáverandi til bifreiðaeinkasölu ríkisins, þar sem segir, að það hafi verið ákveðið á ráðherrafundi, að í stað þess að stjórnarráðið átti bifreiðar þær, sem notaðar voru af ráðherrum, þá skyldu þeir nú eiga þess kost að kaupa bifreiðar og greiða þær með innkaupsverði, einkasölunni að skaðlausu, en tolla- og álagningarlaust. Svo hefur sá háttur verið hafður á, eftir því sem bezt verður séð, að ýmist allir ráðherrarnir hafa notað sér þessa heimild og notað eigin bifreiðar og átt þær, eða þá að þeir hafa ekki átt bifreiðarnar sjálfir, heldur ríkið, sem leggur þær til afnota fyrir ráðherra, og er svo enn í sumum tilfellum. Ég geri ráð fyrir, að það sé aðallega þetta, sem vakir fyrir hv. fyrirspyrjanda. En ég hef ekki getað fengið um það upplýsingar hjá bifreiðaeinkasölunni, hve margar bifreiðar hafa verið fluttar inn á þennan hátt, og ekki heldur, hve margir sendimenn ríkisins og starfsmenn við íslenzk sendiráð hafa fengið leyfi til þess að hafa með sér og flytja tollfrjálst bifreiðar sínar inn í landið.

Ég ætla þá, að ég hafi gert þetta ljóst, að þetta hefur verið til síðan 1941, að ýmist hafa bifreiðarnar verið í eign ráðherra, og hafa þeir því lagt fram allt slit, sem á bifreiðunum verður, en tolllaust, en hafa hins vegar fengið gúmmí og benzín, eða þá að ríkið sjálft á bifreiðarnar til afnota fyrir ráðherra.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú leyst úr þessu að nokkru leyti, þó að það hefði nú mátt vera meira eftir þennan tíma. Það hefur nú komið í ljós, að á ákveðnum tíma hefur þessi venja komizt á með samþykki þeirra manna, sem sæti áttu í ríkisstj. Þetta er því að nokkru leyti nýmæli, en ekki heppilegt nýmæli, en ég ætla ekki að fara út í það hér, en ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort allir þeir ráðherrar, sem setið hafa í ríkisstj. frá þessum ákveðna tíma, hafi notað sér þessi hlunnindi og hvort ekki sé leyfilegt, að ráðherra fái sér bifreið skv. þessari heimild og flytji hana inn í landið, selji hana síðan og fái sér aðra nýja. Ráðherrar gætu haft af þessu ekki ósnotra verzlun og arðbæra, geri ég ráð fyrir. Veit hæstv. ráðh., hvort þessi venja hefur komizt í praxis?

Mér er ekki kunnugt um, hvort sú venja hefur komizt á, að forsetar Alþ. og skrifstofustjórar ráðuneytanna og Alþ. hafi þessi hlunnindi, en ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. viti það. Og að endingu þætti mér æskilegt að fá að vita það, hvort allir núverandi ráðherrar hafa notað sér þessa heimild eða hve margir.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Mér er ekki kunnugt um, að neinir skrifstofustjórar hafi flutt inn bifreiðar á þennan hátt. Hjá núverandi ríkisstj. er því þannig háttað, að þrír af ráðh. eiga sínar bifreiðar sjálfir, en aðrir hafa þær bifreiðar, sem ríkið leggur þeim til. Þá er mér ekki kunnugt um neina verzlun með bifreiðar þessar, sem hv. þm. talar um.

45. Mannahald og launagreiðslur hjá fjárhagsráði og deildum þess.

Á 42. fundi í Sþ., 23. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um mannahald og launagreiðslur hjá fjárhagsráði og deildum þess [146. mál, 4] (A. 391).

Á 43. fundi í Sþ., 24. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Spurningar þessar eru svo skýrt orðaðar, að þær þurfa ekki frekari skýringa við, og ég vil óska þess, að hæstv. ráðh svari því, sem hér er spurt um.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, að spurningarnar eru ljóst orðaðar, og svara ég þeim þannig skv. bréfi, sem mér hefur borizt um þetta frá fjárhagsráði:

I. Fjárhagsráð: Laun samtals í janúarmánuði kr. 50.138.44, þar af aukavinna kr. 638.44. Fjöldi starfsmanna 21, þar með taldir nefndarmenn.

II. Viðskiptanefnd og verðlagsstjóri: Laun samtals í janúarmánuði kr. 99.088.18, þar af aukavinna kr. 15.509.20 (ca 15,6%). Fjöldi starfsmanna 47. Þar með taldir nefndarmenn og þeir, sem annast verðlagseftirlit úti á landi. Eftirvinna er óhjákvæmileg í það minnsta í janúar og febrúar. — Viðskiptanefndin hefur aldrei greitt næturvinnutaxta, þótt unnið hafi verið á helgidögum og fram til kl. 12 á miðnætti aðra daga, ef sérstök nauðsyn hefur krafið.

III. Skömmtunarskrifstofan: Laun alls í janúarmánuði kr. 59.756.07, þar af aukavinna kr. 21.437.30 (ca. 35,8%). Starfsmenn 26, þar af tveir lausamenn, sem unnið hafa fyrir tímakaup og hækka aukavinnuna því óeðlilega mikið.

Með þessu held ég, að spurningum hv. þm. sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið, og mun ég ekki ræða þetta mál frekar nú, að öðru leyti en því að benda á, að séu þessar tölur um starfsmannafjölda stofnananna bornar saman við upplýsingar frá þessum stofnunum, sem gefnar voru í júní s. l., þá ber ekki alveg saman. Hjá fjvn. liggur áætlun um útgjöld fjárhagsráðs og deilda þess, sem send var ríkisstj. vegna undirbúnings fjárlagafrv. Samkv. þeirri skýrslu eru 19 starfsmenn hjá fjárhagsráði, en nú eru þeir sagðir vera 21. Það lítur því út fyrir, að starfsmönnum hafi verið fjölgað um 2 síðan í júní. — Þá er það viðskiptanefndin, þar sem áður var gefið upp, að væru 48 starfsmenn, en nú er sagt, að þeir séu 47. Þar virðist því hafa verið fækkað um einn. — Á skömmtunarskrifstofunni voru í sumar 19 menn, en nú eru þeir sagðir 26, eða 7 mönnum fleira en þá. Útkoman sýnist því vera sú, að hjá þessum stofnunum hafi verið fjölgað um 8 menn frá því í júní. Þar af eru 2 lausamenn hjá skömmtunarskrifstofunni.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar nú, t. d. það, hvort hér sé um hæfilegan starfsmannafjölda að ræða, en ég vil aðeins vekja athygli á því, að samkv. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1948 er ríkisstj. heimilt að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra. Hafi þessi heimild verið notuð, hlýtur því þessi starfsmannafjölgun að hafa verið samþ. af hæstv. fjmrh.

---

46. Nefndir, launaðar af ríkinu.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um nefndir launaðar af ríkinu [151. mál, 1] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er í rauninni vegna verkbragðanna við þetta, að ég kvaddi mér hljóðs. Vildi ég skýra frá því, að upplýsinga er eigi unnt að afla í fljótu bragði. En jafnskjótt og þær liggja fyrir, þá mun þessu verða svarað. En allmiklar upplýsingar liggja fyrir hjá hv. fjvn. Ég hef komið af stað athugun á þessu, en ekkert svar er að fá hjá mér enn þá. Vil ég spyrja hv. fyrirspyrjanda, hvort hann samþykki eigi, að fyrirspurn þessi sé tekin af dagskrá, þar til kleift mun að afla frekari upplýsinga.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49., 52. og 63. fundi í Sþ., 16. og 23. marz, 6. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var fyrirspurnin enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Eðli þessa máls er þannig, að það þarf ekki að skýra það neitt nánar. Það er kunnugt, að mikið er um starfandi nefndir hjá því opinbera, og virðist nokkur vafi leika á því, hvað þær séu margar, og um laun þeirra, og hef ég því leyft mér að spyrja um þetta. Ég geng þess ekki dulinn, að nokkurn undirbúning hafi þurft til þess að geta svarað þessum spurningum, en nú er hálfur annar mánuður liðinn frá því, að þessari fyrirspurn var útbýtt, og vænti ég því þess, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara nú.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef látið athuga nokkuð þær spurningar, sem hv. þm. hefur lagt hér fram, og þau svör, sem starfsmenn rn. hafa gefið, munu nægja til að svara öllum liðum fyrirspurnarinnar. Þá vil ég leyfa mér að leggja fram þessa skýrslu, sem samin hefur verið um þetta og ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með þeim fyrirvara, að það kann að vera, að skrifstofumanninum hafi eitthvað yfirsézt, þó að ég hafi ekki neina ástæðu til að halda slíkt eða sjái neitt, sem bendi til slíks á þessari skýrslu, en þetta er það umfangsmikið, að alltaf getur yfirsézt. Þessi skýrsla er um starfandi nefndir hjá því opinbera á árinu 1948, laun þeirra og þeirra getið, sem lagðar hafa verið niður.

Starfandi nefndir, sem fá laun fyrir störf sín úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnunum:

	Laun 1948.
Flugvallarnefnd	Óákveðið um laun.
Framtalsnefnd	kr. 61200.00
Fiskábyrgðarnefnd	— 69000.00
Nefnd til að endurskoða lögin um þingsköp Alþingis	— 1500.00
Millibankanefnd	Þóknun óákveðin. Hefur ekkert fengið greitt.
Menntamálaráð	kr. 23400.00
Nefnd, er fjallar um menningarsamband Norðurlandaþjóða	Þóknun óákveðin.
Landsprófsnefnd	Form. kr. 5500.00. Aðrir nefndarmenn fá greiðslu fyrir vinnu sína eftir reikningi.
Próf löggiltra endurskoðenda	kr. 1500.00
Ríkisskattanefnd	— 35100.00
Skipulagsnefnd	— 9300.00
Skattamálanefnd	— 50000.00 (fyrir árin 1947—48).
Nefnd til að undirbúa og sjá um norrænt iðnskólamót í Reykjavík	Þóknun óákveðin.
Bókasafnsnefnd	Þóknun óákveðin.
Byggingarnefnd þjóðleikhússins	Þóknun óákveðin.
Nefnd til að gera tillögur um kennslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni	Þóknun óákveðin.
Stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	kr. 10800.00
Öryggismálanefnd	— 43000.00
Fjárhagsráð	— 213000.00
Viðskiptanefnd	— 186000.00
Sérfræðinganefnd við Tryggingastofnun ríkisins	Þóknun óákveðin.
Sölunefnd setuliðseigna	kr. 58000.00
Samninganefnd utanríkisviðskipta	— 7500.00 (lögð niður á árinu 1948).
Atvinnuleyfanefnd	— 20520.00
Stjórnarnefnd landssmiðjunnar	— 7200.00
Nefnd setuliðsviðskipta	— 36000.00
Stjórnarnefnd „upptökuheimilisins í Elliðahvammi“	— 3600.00
Rekstrarnefnd þjóðleikhússins	Þóknun óákveðin.
Nýbygginganefnd Höfðakaupstaðar	Hefur enn ekki fengið greidd laun fyrir árið 1948.
Úthlutunarnefnd skáldastyrkja	kr. 3400.00
Nefnd samkv. 37. gr. launalaga	— 8400.00
Sjóðaeftirlit	— 8580.00
Alþingissögunefnd	Hefur engin laun fengið fyrir árið 1948.
Kauplagsnefnd	kr. 14040.00
Trúnaðarnefnd við slysatryggingar	Þóknun óákveðin.
Stjórn síldarverksmiðja ríkisins	kr. 111000.00
Útvarpsráð	— 42900.00
Stjórn fiskimálasjóðs	— 41400.00
Tryggingaráð	— 54000.00
Raforkuráð	— 15000.00
Flugráð	— 35700.00
Stjórnarnefnd ríkisspítalanna	— 2500.00
Nýbýlastjórn	— 24000.00
Verkfæranefnd	— 9000.00
Rannsóknaráð ríkisins	— 28080.00
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	— 24000.00
Veiðimálanefnd	— 1500.00
Sauðfjársjúkdómanefnd	— 15000.00
Stjórn byggingarsjóðs verkamanna	Hefur ekki enn fengið greitt fyrir árið 1948.
Yfirhúsaleigunefnd	kr. 39600.00
Húsaleigunefnd Reykjavíkur	— 90720.00
——— Hafnarfjarðar	— 8100.00

Nefndir, launaðar af ríkinu. — Ljóskastarar í skipum.

Húsaleigunefnd	Vestmannaeyja	kr.	10237.50
———	Ólafsfjarðar	—	4000.00
———	Seyðisfjarðar	—	1440.00
———	Ísafjarðar	—	5400.00
———	Akureyrar	—	14400.00
———	Sauðárkrókskaupstaðar	—	480.00
———	Siglufjarðar	—	5760.00
———	Höfðakaupstaðar	—	900.00
———	Neskaupstaðar	—	1000.00
———	Keflavíkur	—	1000.00
Læknaráð		—	22800.00
Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum		—	21000.00
Barnaverndarráð Íslands		—	11700.00
Stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík		—	586.16
Nefnd til að endurskoða lög um eftirlit með skipum		—	12500.00
Nefnd til að undirbúa byggingu sementsverksmiðju		Skipuð í janúar 1949.	
Skilanefnd bátaútvegsins		Skipuð 18. des. 1948.	
Skipulagsnefnd prestssetra		Þóknun óákveðin.	

Nefndir, sem hafa verið lagðar niður eða lokið hafa störfum á síðastl. tveimur árum:
Nýbyggingarsjóðsnefnd.
Sölunefnd setuliðsbifreiða.
Samninganefnd utanríkisviðskipta.
Héraðsnefnd til aðstoðar bændum á öskufallssvæðum.
Nefnd til að gera tillögur um endurbætur á jörðum, sem orðið hafa fyrir öskufalli vegna Heklugossins.
Skipulagsnefnd atvinnumála.
Íslenzk—amerísk skaðabótanefnd.
Brezk—íslenzk bifreiðaslysanefnd.
Síldarmatsnefnd.
Aðstoðarlánanefnd síldarútvegsmanna.
Varðskipanefnd.
Brezk—íslenzk leigumatsnefnd.
Íslenzk—amerísk matsnefnd.
Rannsóknarnefnd sænskra timburhúsa.
Framfærslulaganefnd.
Nefnd til athugunar á starfrækslu landssmiðjunnar.
Skipulagslaganefnd.
Fjárskiptanefnd.
Sölunefnd setuliðseigna.
Stjórnarnefnd landssmiðjunnar.
Útsvarslaganefnd.
Nefnd til að athuga áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau.

Heildarkostnaður við nefndir á árinu 1948.

Húsaleigunefndir	ca.	kr.	200000.00
Framtalsnefnd		—	499138.33
Fjárhagsráð og undirdeildir		—	3445423.90
Ýmsar nefndir	ca.	—	380000.00
Alls		kr.	4524562.23

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hef fengið við því, sem um er beðið, en hvað snertir einstaka nefndir, þá kann að vera, að um einhverjar skekkjur geti verið að ræða, og legg ég því þetta fram með fyrirvara. Það kann að vera, að skrifstofumaðurinn finni ekki allt, þegar hann fer í gegnum hin ýmsu skilríki og semur skýrslu sem þessa, en ég hef samt enga ástæðu til að vefengja neitt af því, sem hér er sagt.

Ég leyfi mér svo að vænta, að hv. fyrirspyrjandi hafi fengið nógu ýtarleg svör við því, sem hann spurði um.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýr og greið svör og tel ég þau vera fullnægjandi.

47. Ljóskastarar í skipum.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um ljóskastara í skipum [151. mál, 2] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Snemma á vorþingi 1947 var lögð hér fram till. um, að útgerðarmenn væru skyldaðir til þess að setja í skip sín góða ljóskastara og önnur öryggistæki. Þetta náði ekki fram að ganga á því þingi og var flutt aftur á haustþingi 1947 og var síðan samþykkt snemma í febrúar 1948. En af því að ég hef ekki séð þau tæki á skipunum, sem gætu gefið til kynna, að þessi reglugerð væri komin á, þá langar mig til þess að bera hér fram fyrirspurn þá, sem er á þskj. 413, II. tölul.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það var 4. febr. 1948, sem þál. um ljóskastara í skipum var afgr. frá Alþingi. 16. febr. skrifaði ég skipaskoðunarstjóra og óskaði eftir, að hann hefði framkvæmd um undirbúning þessa máls. Ég hef spurzt fyrir hjá honum um, hvað þessu máli líður. Hefur hann skrifað mér svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið hefur með bréfi, dags. 4. þ. m., óskað upplýsinga um, hvað gert hafi verið í því, er lýtur að framkvæmd þingsályktunar frá 4. febr. 1948, um ljóskastara. Málið stendur þannig:

Ráðuneytið skrifar skipaskoðunarstjóra bréf, dags. 16. febr. 1948, ásamt nefndri þingsályktun, og felur honum að undirbúa reglugerð þá, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir, að sett verði, í samráði við þá aðila, sem skipaeftirlitslögin gera ráð fyrir, að *geri tillögur við samningu* slíkrar reglugerðar, svo og Slysavarnarfélag Íslands.

Það næsta, sem gerist, er þetta: Með því að nefnd sú, sem skipuð var af ríkisstjórn, sjómönnum og útgerðarmönnum til þess að semja frumvarp til laga „um eftirlit með skipum" *(sem nú er orðið að lögum) og reglugerð*, m. a. um útbúnað skipa, er enn þá starfandi, þá taldi skipaskoðunarstjóri réttast að senda nefndinni nefnda þingsályktun til þess að taka ákvæði um ljóskastara í skipum upp í væntanlega reglugerð.

Hinn 8. marz 1948 ritar skipaskoðunarstjóri formanni nefndarinnar, hr. Bárði Tómassyni, bréf, þar sem farið er fram á, að nefndin taki þetta mál til frekari fyrirgreiðslu og í samræmi við tilgang þingsályktunarinnar.

Á fundi, sem ég var staddur á hjá nefndinni, tók hún þetta mál til athugunar, og var tekið upp í væntanlega reglugerð ákvæði um ljóskastara. Í væntanlegri reglugerð er gert ráð fyrir, að öll íslenzk skip, 50 rúmlestir að stærð, skuli hafa ljóskastara. Ljósmagn ljóskastaranna er hvað stærstu skipin snertir miðað við alþjóðareglur, en fer síðan minnkandi.

Ljóskastararnir eru með þrenns konar ljósmagni.

No. 1 lýsir í ca. 1000 m fjarlægð
— 2 — —— 700 m ——
— 3 — —— 400 m ——

Ákvæðin um ljóskastara eru enn þá ekki komin í framkvæmd, með því að reglugerðin er ekki búin, en auðvelt væri að taka þessi ákvæði strax út og gefa þau út í sérstakri reglugerð."

Ég hef svo ekki öðru við þetta að bæta en að ég óska eftir, að hann hraði málinu.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans skýrslu um mál þetta. Ég vil aðeins lýsa yfir til viðbótar við það, sem ég hef áður sagt, að ég tel, að sá dráttur, sem hefur á þessu orðið, sé slæmur, en hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, hver ástæðan sé, og það er ekki hans seinagangur, heldur annarra, sem veldur, en málið er þannig vaxið, að það er mikið nauðsynjamál fyrir öryggi sjómanna, að þetta komist sem fyrst í framkvæmd, og skiptir mestu máli, að svo verði innan tíðar, enda var tilgangurinn jafnhliða því að vita, hvernig málið stæði, að reka eftir því, að þetta mál komist sem fyrst í framkvæmd, og það tel ég, að ég hafi gert.

48. Úlfarsá í Mosfellssveit.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til heilbrmrh. um jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit [151. mál, 3] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3 marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég vil ganga úr skugga um, hver aðstaða er til að reka drykkjumannahæli á Úlfarsá, því að mér hefur verið sagt, að ætlunin væri að koma þar á fót þessu hæli. Annars þarf ég eigi frekara að fylgja þessu úr hlaði og óska svara hæstv. ráðh.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt um, hvaða húsnæði sé nothæft á Úlfarsá fyrir rekstur vistmannahælis og dvöl starfsfólks þar. Eins og áður hefur komið fram, fór heilbrmrn. þess á leit að fá Úlfarsá til lækningahælis fyrir drykkjumenn. Gert er ráð fyrir því samkv. till. landlæknis og forstöðumanns Kleppsspítalans, að Úlfarsá verði eins konar lækningaheimili fyrir allt að 8 vistmenn. Þar er íbúðarhúsnæði allsæmilegt. Hef ég beðið landlækni að gera till. um, hvaða framkvæmdir þurfi að gera, til þess að hugmyndin komist í framkvæmd. En ég hef eigi fengið þær. En ég hygg, að bæta þurfi við einum skála. Kostnaðaráætlun liggur hins vegar ekki fyrir enn þá. Málið er eigi komið lengra áleiðis, því að ráðuneytið hefur eigi fengið fullnægjandi svör um, hvort jörðn muni fást, og sé hún föl, hvenær hún muni fást. En samkv. síðustu viðtölum held ég, að hún fáist, og þegar svo er orðið, mun skriður settur á til að undirbúa framkvæmdir.

Þá er það 2. liður fyrirspurnarinnar: hver aðstaða sé til búrekstrar á Úlfarsá. Varðandi það atriði segir Halldór Pálsson, forstöðumaður landbúnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans, að túnið sé rúmir 800 ha að stærð og gefi af sér 350 hestburði af töðu. Mýrlendi sé 6 ha, og þurfi að ræsa það fram. Auk þess má víða koma við ræktunarframkvæmdum. Er það óþrjótandi verk. Fjós er til fyrir 9 kýr og hesthús fyrir 3 hesta. Þessu hesthúsi er auðvelt að breyta í fjós, og fæst þá 12 kúa fjós. Á bænum er og heyhlaða fyrir hendi með tveim votheysgryfjum. Annars tek ég fram, að skv. till. þeirra, sem þessi mál hafa haft til meðferðar, þá verður hér eigi um stórt lækningaheimili að ræða, og segir landlæknir, að gera megi ráð fyrir, að hver vistmaður verði aðeins stuttan tíma og stopult yrði að treysta á vinnu þeirra. Því verði þetta eigi vinnuheimili og heldur ekki um stórt bú að ræða.

Hinni 3. spurningu get ég ekki svarað nú, en vísa að nokkru leyti til svars við 1. spurningu. Þegar málið er komið lengra áleiðis og áætlun

liggur fyrir frá landlækni, þá mun hægt að gefa nánari upplýsingar.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, en af þeim kemur í ljós, að fyrst og fremst er engin aðstaða til að reka að Úlfarsá hæli fyrir drykkjumenn. Er þar engra íbúðarhúsa kostur fyrir hvora tveggja, starfsmenn og vistmenn. Í öðru lagi virðist þarna lítil aðstaða vera fyrir hendi til að hafa verkefni fyrir vistmennina, enda er ekki til þess ætlazt eftir upplýsingum frá hæstv. ráðh. Í þriðja lagi virðist heilbrmrn. svo eigi hafa verið búið að gera sér grein fyrir fyrirkomulagi hælisins eða kostnaði við það, áður en hælið í Kaldaðarnesi var lagt niður.

Ég hygg, að ég fari eigi með neinar ýkjur, þó að ég leyfi mér að draga þessar ályktanir af orðum hæstv. ráðh.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að bæta neinu við. Engan vafa tel ég á því leika, að nóg verkefni liggi fyrir við hið fyrirhugaða lækningaheimili. Rétt er það, að hælið í Kaldaðarnesi var lagt niður, áður en fullar upplýsingar lágu fyrir um Úlfarsá. En raunar var það óþarfi, því að áður vissu menn um, hvernig þar var háttað. Enn hefur þó eigi borizt endanlegt svar um jörðina, en mikil líkindi eru til, að það komi á næstunni, og þá mun unnt að hefja framkvæmdir. Ljóst var, að einhverjar endurbætur þurfti að gera á Úlfarsá, og hef ég lýst því áður.

49. Leiga á jarðhúsum (fsp. FJ).

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. varðandi leigu á kartöflugeymslu við Elliðaár [151. mál, 4] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Það hefur verið upplýst á Alþingi, að teknar hafa verið á leigu kartöflugeymslur við Elliðaár fyrir 175 þús. kr. á ári til fimm ára. Þar sem ekki liggur fyrir nein lagaheimild um þessa framkvæmd, hef ég leyft mér að bera fram þessa fyrirspurn til að fá úr því skorið, hvort öll ríkisstj. hefur tekið þessa ákvörðun.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Hv. fyrirspyrjandi telur, að ekki hafi verið lagaheimild til að taka á leigu kartöflugeymslurnar við Elliðaár. Ég verð að vefengja þennan lagaskilning hjá honum og láta hann vita, að það er ekki aðeins í þetta skipti, heldur oft áður, að atvmrn. hefur orðið að gera ráðstafanir til, að Grænmetisverzlun ríkisins tæki á leigu húsnæði til atvinnurekstrar síns, á sama hátt og ég hygg, að hæstv. viðskmrh. hafi tekið á leigu húsnæði vegna innkaupastofnunar ríkisins, sem nýlega er komin á laggirnar. Það er ein af þeim skyldum, sem rn. eru lagðar á herðar, að sjá um framkvæmd slíkra mála. Að því leyti sem snertir leigu á þessum geymslum, þá er ótvírætt heimild til þess í sjálfu málinu, um leið og ráðh. er fengið það til framkvæmda. Þetta hefur verið gert fyrir milligöngu milli eigenda húsanna og framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem hefur óskað eftir því við atvmrn., að hafizt væri handa um að fá þessi hús og nota þau til geymslu á kartöflum og öðrum garðávexti og grænmeti. Rn. hefur haft milligöngu um að ná þessum samningum sameiginlega fyrir Grænmetisverzlun ríkisins og framleiðsluráð landbúnaðarins, sem nú hefur tekið við þessu í sínar hendur, að því leyti sem grænmetisverzlunin notar það ekki sjálf. Það væri kannske sá hlutur, sem mætti vefengja, að rn. hefði haft heimild til, en framleiðsluráð landbúnaðarins starfar að nokkru leyti undir atvmrn., og því er falið að gæta þess, að framleiðsla landbúnaðarins nýtist sem bezt fyrir þjóðina, og það óskaði eftir að fá yfirráð yfir þessum húsum, svo að þau nýttust sem bezt fyrir framleiðslu landsmanna. Þetta hefur rn. gert án þess að bera sig saman við hina ráðh.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Ég fékk í lokin hjá hæstv. atvmrh. svar við því, sem ég spurði um, og vil þakka fyrir það.

Viðvíkjandi lagaheimild til þess að gera slíka ráðstöfun, þá skal ég ekki fara út í það, en ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, og það hefur komið í ljós, að forstjóri grænmetisverzlunarinnar hafi fyrir sitt leyti ekki viljað gera þessa ráðstöfun, jafnvel talið, að þær geymslur, sem um er að ræða, séu alls ekki heppilegar sem kartöflugeymsla, og að hann hafi enn síður viljað taka þá fjárhagslegu ábyrgð á grænmetisverzlunina, sem þessi samningur fól í sér.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hef áður skýrt frá afstöðu forstjóra grænmetisverzlunarinnar. Hann vildi ekki taka öll húsin í sína umsjá, en gat þess, að hann vildi taka nokkurn hluta þeirra. Hann vildi ekki taka eins mikinn hluta af þeim og ýmsir aðrir. En af 6—7 stofnunum, sem til þekkja og aðstöðu sinnar vegna voru beðnar að dæma um þetta, leit hann einn þessum augum á málið. Og þó að ég beri mikla virðingu fyrir hans þekkingu og dugnaði, þá taldi ég réttara að fara eftir áliti allra hinna.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil upplýsa hæstv. atvmrh. um það í sambandi við jarðhúsin, að forstjóri grænmetisverzlunarinnar hefur lýst yfir, og það er bókað eftir honum í gerðabók fjvn., að hann hafi verið á móti því að taka á leigu nokkuð af jarðhúsunum. Hann vildi ekki nota þau, honum þóttu þau allt of dýr til að geyma í þeim grænmeti. Ég dæmi ekki um, hvort þetta er rétt, en ég vildi láta þetta koma fram, en hæstv. ráðh. segir, að húsin hafi verið tekin með hans samþykki. Mér þykir einkenni-

legt, ef forstjóri slíkrar stofnunar, sem hefur 8 millj. kr. veltu, getur ekki komið sér saman við hæstv. ráðh. um svo stórt atriði sem hér er um að ræða.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég vil aðeins geta þess í áframhaldi af því, er ég áður sagði, að forstjóri grænmetisverzlunarinnar hefur í 2—3 ár tekið á leigu nokkuð af þessum húsum og sagt við mig í þessu sambandi, að hann teldi hæfilegt að taka á leigu tvö af þessum húsum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Í sambandi við þessi geymsluhús vildi ég upplýsa, að það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði og hafði eftir forstjóra Grænmetisverzlunar ríkisins, að hann vildi ekki taka þessi hús á leigu, og ég býst við, að ástæðan til þess sé sú, að hann hafi ekki viljað samþ. þann taprekstur, sem hann hefur gert ráð fyrir, að yrði á þessari leigu. Í sambandi við þetta vil ég spyrja hæstv. ráðh., hver verði endanleg ársleiga á þessum geymslum. Það var upplýst fyrir nokkrum dögum, að þær hefðu verið teknar fyrir 175 þús. kr. á ári auk rekstrarkostnaðar. Hversu mikill verður hann? Og hversu mikil tekjuvon er af þessum geymslum? Og hversu mikið verður tap ríkisins og grænmetisverzlunarinnar á þessu fyrirtæki? Það er ekki nema rétt, að gerð sé grein fyrir þessu, því að við erum svo vanir, að það, sem ríkið skiptir sér af, hafi tap í för með sér. Og þegar við erum að ræða um þennan samning, þá væri ágætt, ef hæstv. ráðh. gæti gefið upplýsingar um, við hve miklu tapi megi búast af þessum geymslum. En það er ástæða til, að forstjóri grænmetisverzlunarinnar hafi viljað vera laus við þetta fyrirtæki, hafi verið fyrirsjáanlegur taprekstur á því, og hann sem hygginn maður viljað biðja sig undan þeirri ábyrgð.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla ekki að koma með neina spádóma, hvernig þessi jarðhús muni bera sig. Leigumat hefur farið fram á þeim grundvelli, að húsaleigan, sem verið hefur og er, geti haldið uppi eðlilegum kostnaði, en það mun sýna sig á sínum tíma, hver niðurstaðan verður.

50. Riftun kaupsamnings um Silfurtún.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. um kaup á trésmíðaverksmiðju í Silfurtúni [151. mál, 5] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Hæstv. atvmrh. hefur við umr. lýst yfir, að leigusamningur sá, sem gerður var um trésmíðaverkstæðið í Silfurtúni og fól í sér heimild handa ríkisstj. til þess að kaupa eignina síðar, hafi verið borinn undir ríkisstj. Nú kom það ekki fram hjá ráðh., hvort það, að heimildin væri notuð, hafi á sínum tíma verið borið undir alla ríkisstj., en ég vildi gjarnan heyra, hvort svo væri, og hef því borið fram þessa fyrirspurn.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hef lýst því yfir áður í sambandi við umr. um þetta mál, að till. um heimild handa ríkisstj. til þess að taka þetta verkstæði á leigu var borin upp á ráðherrafundi og fallizt á hana af allri ríkisstj. Hitt man ég ekki, hvort sjálfur leigusamningurinn hefur verið borinn undir ríkisstj., en heimild til að taka þetta á leigu, og ég endurtek það, að heimild til að taka þetta á leigu var samþ. af ríkisstj.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Annaðhvort hef ég ekki heyrt, hvað hæstv. ráðh. sagði, eða hann hefur ekki svarað fsp. Hún er um það, hvort kaupin á trésmíðaverkstæðinu hafa verið borin undir alla ríkisstj., og ef svo er, hvaða afstöðu ráðh. hafa haft til málsins. Mér var áður kunnugt um leigumálann, en vil vita, hvort kaupin sjálf hafi verið borin undir alla ríkisstj.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég skýrði frá því í upphafi, að þegar leigusamningurinn var gerður, var í honum innifalin heimild til kaupa, og eftir að leigusamningurinn hafði verið í gildi um nokkurt skeið, varð um það samkomulag milli atvmrn. og fjmrn., að kaupin væru hentugri en leigan, og komu þessi ráðun. sér saman um að nota heimildina í leigusamningnum um kaupin.

Gísli Jónsson: Ég vildi í sambandi við þessa fsp. aðeins mega spyrja hæstv. atvmrh., hvaða ástæður liggja til þess, að kaupverðið var hækkað um 65% frá því, sem samið var um, þegar leigusamningurinn var gerður. Í öðru lagi liggja fyrir gögn í fjvn. um það, að ríkið hafi yfirtekið yfir 1 millj. kr. í víxlum frá Búnaðarbankanum, og vil ég spyrja ráðh., hvort hann veit, hvaða aðilar hafa staðið að þeim viðskiptum, þegar ríkið keypti og yfirtók víxlana.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hef engin gögn í höndum til að svara þessu nú. Hefði það verið í fyrirspurnarformi, hefði ég athugað það, en get ekki svarað því nú á þessari stundu.

51. Skriðuklaustur.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi ríkiseignina Skriðuklaustur [151. mál, 6] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er nú orðinn siður að gefa jarðir, og fylgja þá oft skilyrði, þannig að gjöfin verður minni en búizt var við. Ég veit ekki, hvernig það er með þessa jörð, og vildi ég óska eftir að fá að vita, hvað á að telja jörðina mikils virði, miðað við venjulegt matsverð, um hve miklar skuldir er að ræða og hverjir eru lánardrottnar, svo og hvort jörðinni fylgir bústofn og þá hve mikill og hvað ríkisstj. hyggst fyrir með gjöfina og til hvers hún ætlar að nota hana.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er auðheyrt á hv. þm. S-Þ., að þessi fsp. er af sömu rótum runnin og margt, sem hann spyr um. Ekki til þess að fá upplýsingar, heldur til að gefa í skyn, að hér hafi verið gefin lítilmótleg gjöf. Fyrsta spurningin er svona: „Hve mikið má telja söluverð jarðarinnar og húsanna, eftir venjulegu matsverði á opinberum eignum?" Það hefur ekki farið fram neitt sérstakt mat á þessari eign, og er þess vegna ekki hægt að svara þessari spurningu, en ég vil aðeins segja það, að þessi jörð var áður einhver bezta jörð landsins, mjög vel byggt hús með 18 herbergjum, sumum stórum og veglegum. — Önnur spurningin er svona: „Hve miklar skuldir hvíla á eigninni, og hverjir eru lánardrottnar?" Á eigninni hvíla engar skuldir, og hygg ég, að hv. fyrirspyrjandi hafi vitað það. — Gjöfinni fylgir enginn bústofn. — Síðasta spurningin er á þessa leið: „Ætlar ríkisstj. að byggja jörðina einum eða fleiri bændum eða nota hana til einhverrar opinberrar starfsemi, svo sem fyrir ríthöfundaheimili?" Um þetta hafa ekki ákvarðanir verið teknar enn þá.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er furðuleg framkoma í fjármálum, ef ríkisstj. hefur ekki gert sér grein fyrir, hvers virði þessi gjöf er, sem hún hefur tekið á móti, og hefur þó svo mikið verið rætt um Kaldaðarnes og Silfurtún, að hún ætti að geta gert sér grein fyrir því, hvað hér er um að ræða. Ég vil nú spyrja hæstv. ríkisstj., fyrst hún veit ekki, hvað hún ætlar að gera við gjöfina, hvort hún ætli að sýna það lítillæti að spyrja þingið um það, hvað eigi að gera við hana.

52. Þjóðartekjur af útgerð 1947.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi þjóðartekjur af útgerð árið 1947 [151. mál, 7] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þessari fyrirspurn er beint til hæstv. sjútvmrh., en áður hafði ég beint sams konar spurningu til hæstv. landbrh. varðandi þjóðartekjur af landbúnaði, og þær tekjur, sem hér er um að ræða, eru brúttó-tekjur af sölu erlendis, sem ég hef sundurliðað þannig:

a. Fyrir fisk, veiddan af togurum.
b. Fyrir bátafisk.
c. Fyrir síld.

Þá er í öðrum liðnum spurt um tekjur af lýsissölu, og að lokum, hve mikið áætla megi, að hafi þurft að greiða úr landi þetta ár fyrir útgerðarvörur fyrir togara, vélbáta á fiskveiðum og vélbáta á síld, svo sem olíu, kol, salt, veiðarfæri og varahluti í skip og báta, þar með taldar viðgerðir erlendis.

Svörin við þessum spurningum ættu að geta verið bending um það, hver tilkostnaðurinn sé, og ég get tekið það fram í þessu sambandi, að því hefur varla verið veitt nægileg athygli, hvað þorskveiðarnar eru miklu stöðugri en síldin nú á undanförnum árum. Flestir bátarnir hafa eingöngu stundað síldveiðar á sumrin og hafa yfirleitt alltaf verið reknir með tapi, en bátar þeir, sem stundað hafa þorskveiðar á sama tíma, hafa yfirleitt borið sig sæmilega. Um þetta ætti fyrirspurnin að geta gefið nokkuð glögg skil, þegar hæstv. ráðh. hefur svarað.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Varðandi þá fyrirspurn, sem hér liggur frammi og er á þskj. 413, vil ég hér með tilkynna hv. fyrirspyrjanda það svar, sem fyrir liggur og sett er í letur af Fiskifélagi Íslands, sem bezta aðstöðu hefur til þess að upplýsa þessi mál, og vil ég leyfa mér að lesa það svar, en það hljóðar svo:

„Vér höfum haft til athugunar bréf hins háa ráðuneytis, dags. 3. þ. m., þar sem óskað er eftir, að við látum í té upplýsingar um nokkur atriði, er fram koma í fyrirspurn alþm. Jónasar Jónssonar á þskj. 413, varðandi þjóðartekjur af útgerð árið 1947.

Spurningum þeim, sem settar eru fram í 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar, er svarað með eftirfarandi:

1. a.	Togarafiskur	kr.	47.172.700
b.	Bátafiskur	—	111.742.690
c.	Síldarafurðir	—	75.848.420
2.	Tekjur af lýsissölu	—	22.863.700

Rétt þykir oss að benda á, að spurningarnar eru þannig fram settar, að mjög erfitt er að

átta sig á, hvað raunverulega er átt við. Enn fremur vantar hér upplýsingar um ýmsar afurðir sjávarútvegsins, svo sem t. d. fiskimjöl, en tekjur af þeim útflutningi árið 1947 námu alls kr. 5.594.790, en af öðrum sjávarafurðum alls kr. 3.806.470, en heildarútflutningstekjur af sjávarafurðum þetta ár námu kr. 267028770.00. Allar tölurnar sýna það, sem fékkst fyrir þessar afurðir fob., þ. e. eins og talið er í opinberum útflutningsskýrslum, en þar með er ekki sagt, að afurðirnar hafi verið framleiddar á þessu ári, því að ávallt flyzt svolitið magn af flestum afurðunum milli ára. Það ætti þó ekki að breyta neinu verulegu um niðurstöðuna.

Varðandi 3. liðinn höfum vér engar handbærar upplýsingar og leituðum því til Hagstofu Íslands í því sambandi. Barst oss í gær svo hljóðandi svar frá hagstofunni:

„Með bréfi dags. 4. þ. m. hefur Fiskifélagið farið fram á, að hagstofan léti því í té upplýsingar, sem atvmrn. hefur óskað eftir vegna framkominnar fyrirspurnar á Alþingi um áætlaðar greiðslur til útlanda árið 1947 fyrir útgerðarvörur og viðgerðir skipa erlendis.

Út af þessu skal yður hér með tjáð, að áætlun um þetta hefur verið gerð í áliti nefndar þeirrar, er skipuð var 3. apríl 1948 til þess að gera tillögur um árlegan vísitöluútreikning miðaðan við magn og verð útflutningsframleiðslunnar. Skilaði nefndin áliti sínu til forsætisráðherra í byrjun þessa árs, og mun nægja að vísa til þess."

Virðingarfyllst,
Davíð Ólafsson (sign.)."

Nú er það að vísu rétt, að á þessar upplýsingar skortir að skýra það, sem í plagginu stendur, og af því að ég hafði það ekki við höndina, þá vildi ég mega vænta nokkurrar biðlundar hjá hv. fyrirspyrjanda varðandi það.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég þakka ráðherranum fyrir þessar upplýsingar, en þætti það gott, ef hæstv. ráðh. vildi láta mig fá þær, sem á vantar, við hentugleika.

53. Embættisbústaðir dómara.

Á 45. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um embættisbústaði dómara [151. mál, 8] (A. 413).

Á 46. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1946 voru sett l. um embættisbústaði fyrir héraðsdómara. Byggja átti eða kaupa 1—2 slíka bústaði á ári, eftir því sem fé væri veitt til þess í fjárl. Árið 1947 voru sett ný l. um þetta efni. Var þá ákveðið að byggja 1—2 bústaði á ári handa héraðsdómurum og hæstaréttardómurum, og eins og í fyrri l. var ákveðið að fara eftir því, sem fé væri veitt til þess í fjárl.

Það mun ekki hafa verið fjárveiting í þessu skyni árið 1946. Árið 1947 var ekki heldur fjárveiting í sjálfum fjárl., en í 22. gr. var stj. veitt heimild til að verja allt að 400 þús. kr. til að byggja embættisbústaði fyrir héraðsdómara. Árið 1948 er veitt í 20. gr. 500 þús. kr. til þess að byggja eða kaupa bústaði fyrir héraðsdómara, en ég hef ekki komið auga á, að enn hafi verið veitt neitt í fjárl. til að byggja bústaði fyrir hæstaréttardómara.

Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn um framkvæmdir í þessum efnum og vænti þess, að spurningarnar séu þannig orðaðar, að þær þurfi ekki frekari skýringar við, en vænti svars frá hæstv. ráðh.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Það kemur fram í fyrirspurninni sjálfri, að aðeins er spurt um, hvað gert hafi verið í því efni, sem hér er um að ræða, frá og með árinu 1945. Þó var fyrir þann tíma í einstökum tilfellum keypt hús handa héraðsdómurum, þar sem sérstök ástæða þótti til vera. Ég hef þó ekki rakið það mál lengra en til ársins 1945, því að ekki er spurt um meira.

Fyrirspurn þessi er gerð um embættisbústaði dómara og er í 4 liðum.

1. fyrsta lagi er um það spurt, á hvaða stöðum ríkið hafi látið byggja eða hefja byggingu bústaða handa héraðsdómurum á árunum 1945—48, að báðum meðtöldum. Hefur í þessar framkvæmdir verið ráðizt á þremur stöðum: Í Neskaupstað, á Selfossi og Vík í Mýrdal.

Í öðru lagi er spurt um stærð og kostnaðarverð bústaðanna og hve miklu hafi verið til þeirra varið. Í Neskaupstað var bygging hafin 1946 á embættisbústað, og er byggingu lokið. Er byggingin ein hæð og kjallari, flatarmál 151 fermetri, rúmmál 906 rúmmetrar. Kostnaðarverð hefur orðið kr. 539724,03, og er það greitt. — Á Selfossi var hafin bygging á embættisbústað á árinu 1946, og er byggingu bústaðarins lokið, en ekki gengið fyllilega frá reikningum. Byggingin er tvær hæðir og kjallari, aðalbygging, og ein hæð og kjallari, viðbygging, rúmmál alls 1700 rúmmetrar. Áætlað smíðaverð er 560 þús. kr. Úr ríkissjóði hafa verið greiddar 200 þús. kr., en af sýslufélaginu 100 þús. kr., og er það framlag vegna afnota af salarkynnum í viðbyggingunni. — Í Vík í Mýrdal var hafin bygging embættisbústaðar á árinu 1947, og er byggingu ekki lokið. Byggingin er tvær hæðir og kjallari, flatarmál 126 fermetrar. Áætlað kostnaðarverð er 410 þús. kr., og hafa þegar verið greiddar úr ríkissjóði kr. 278192,60.

Undir þessum lið þykir rétt að tilgreina skrifstofuviðbyggingu við embættisbústaðinn í Stykkishólmi samfara endurbyggingu á bústaðnum, sem er timburhús. Er aðgerðum þessum lokið. Viðbyggingin er ein hæð. Flatarmál 51,6 fermetrar. Brunabótamat 120 þús. kr. Hafa þegar verið greiddar úr ríkissjóði vegna að-

gerða þessara kr. 73367,92. Ógreiddar ca. 135 þús. kr. Um þennan embættisbústað er þess að geta, að hann var keyptur áður en lög heimiluðu að gera nokkuð í slíkum málum, en húsið var ófullnægjandi til þeirra nota, sem það var keypt.

Í þriðja lagi er spurt um kaup íbúðarhúsa handa héraðsdómurum á fyrrgreindu tímabili og óskað upplýsinga um stærð, kaupverð og hve miklu varið hafi verið til viðgerða á þeim. Slík kaup hafa verið gerð á fjórum stöðum. Á Húsavík var keypt íbúðar- og skrifstofuhús fyrir sýslumannsembættið í Þingeyjarsýslu, og er afsal gefið út 20. marz 1945. Kaupverð 70 þús. kr. Flatarmál hússins 110 fermetrar, rúmmál 990 rúmmetrar. Til viðgerðar á húsinu á árunum 1945 og 1946 var varið kr. 35347,06. — Í Bolungavík var keypt íbúðar- og skrifstofuhús fyrir lögreglustjóraembættið, og er afsal gefið út 20. marz 1946. Kaupverð 75 þús. kr. Til viðgerða hefur verið varið kr. 22642,14. Húsið er steinsteypt, 45 fermetrar, tvær íbúðarhæðir, ris og kjallari. — Í Búðardal var keypt íbúðar- og skrifstofuhús fyrir sýslumannsembættið í Dalasýslu, og er afsal gefið út 14. febr. 1948. Kaupverð er kr. 134 þús. Húsið er steinsteypt, tvær hæðir og kjallari. Flatarmál ca. 89 fermetrar, rúmmál ca. 700 rúmmetrar. Viðgerð, framkvæmd á árinu 1948, hefur kostað kr. 73749,02, þar af hafa verið greiddar 26 þús. kr. — Á Siglufirði var keypt íbúðar- og skrifstofuhús fyrir bæjarfógetaembættið, og er afsal gefið út 23. júní 1948. Húsið er steinsteypt, tvær hæðir, kjallari og ris og tvær útbyggðar forstofur. Flatarmál 116 fermetrar, rúmmál 1264½ rúmmetri. Kaupverð 380 þús. kr. Til viðgerða hefur verið varið á árinu 1948 5 þús. kr. Um tvö þessi síðustu hús má taka fram, að kaupverð þeirra beggja var miðað við mat trúnaðarmanns valdstjórnarinnar á staðnum.

Í fjórða lagi er um það spurt, hvort ríkið hafi látið hefja byggingu íbúða handa hæstaréttardómurum. Svo er ekki. Hins vegar hafa tveir hæstaréttardómarar hafið byggingu íbúðarhúsa, þeir Gissur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, sem miða að því að firra ríkið því að þurfa að standa í þessum byggingum sjálft.

Svo hljóðandi samkomulag hefur verið gert milli dómsmrn. og Gissurar Bergsteinssonar varðandi byggingu íbúðarhúss á lóðinni nr. 6 við Nesveg í Reykjavík:

„1. Ráðuneytið samþykkir, að húsið verði byggt fyrir reikning hæstaréttardómarans samkvæmt fjárfestingarleyfi nr. 2156, útgefnu til ráðuneytisins 4. maí 1948.

2. Húsið sé byggt eftir uppdrætti húsameistara ríkisins, er hafi yfirumsjón með byggingunni og láti í té alla uppdrætti hússins án endurgjalds.

3. Ráðuneytið hlutast til um, að ábyrgð ríkissjóðs verði veitt fyrir eitt hundrað þúsund króna láni úr Lífeyrissjóði embættismanna og allt að sjötíu og fimm þúsund króna láni hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands eða annars staðar, en lán þessi hyggst hæstaréttardómarinn að taka til byggingar hússins.

4. Hæstaréttardómarinn veðsetur ríkissjóði húseignina með fyrsta veðrétti til tryggingar skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgða samkvæmt 3. lið.

5. Meðan húsið er í smíðum, þó eigi lengur en næstu tvö ár, á ráðuneytið vegna ríkissjóðs að fá afsal fyrir húseigninni úr hendi hæstaréttardómarans gegn greiðslu stofnkostnaðarverðs hennar, enda verður húsið þá embættisbústaður hæstaréttardómarans, sbr. lög nr. 96 1947."

Sams konar samningur hefur verið gerður vegna Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Eins og menn sjá, var samið við þessa tvo dómara, Gissur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, að ríkið byggi ekki yfir þá, heldur byggi þeir sjálfir yfir sig, en ríkið veiti þeim hliðstæða ábyrgð og þeir hefðu fengið, ef þeir hefðu verið í byggingarsamvinnufélagi, en þessir menn hafa ekki aðstöðu til þess.

Það þótti ekki ósanngjarnt, að ríkið greiddi fyrir því, að þessir menn gætu fengið sæmileg lán út á hús sín, en hlutur ríkissjóðs væri aftur á móti tryggður. Með þessu móti er ríkissjóður losaður við fjárútlát við að byggja yfir þessa embættismenn.

Ég vona, að þetta svar sé fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir veittar upplýsingar. Annars er það svo, að ástæðan til þess, að menn þurfa meir en ella mundi að ónáða hæstv. ráðh. með fyrirspurnum af þessu tagi, er ekki sízt sú, að eins og við vitum er útgáfa ríkisreikninga síðari ára með allt öðrum hætti en hæfilegt getur talizt, þar sem nú fyrst er verið að leggja fyrir þingið fullendurskoðaða reikninga fyrir árið 1945. Ef betra lag væri á þeim málum, gætu menn í mörgum tilfellum sparað ómak bæði sér og þeim hæstv. ráðh., sem beðnir eru um slíkar upplýsingar.

Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh., eru l. um þessa framkvæmd tiltölulega ný, og eins og hann tók fram, að mér skildist, þá var gert ýmislegt af hálfu þess opinbera í þessum efnum, áður en l. komu fram. Annars kemur það fram í svari ráðh., að til þessara framkvæmda hefur verið varið á s. l. árum meira fé en heimilað hefur verið á fjárl., þótt það hins vegar sé ákveðið í l., að framkvæmdirnar skuli miðaðar við fjárveitingu á fjárl. Ég skal nú út af fyrir sig ekki neitt um það segja, en vil benda á, að einmitt í því, hve mikið hefur verið að því gert síðustu ár að verja fé úr ríkissjóði, án þess að gert sé ráð fyrir slíkum gjöldum á fjárl., er meðal annars að leita ástæðunnar fyrir því, í hvert öngþveiti ríkissjóður er kominn með fjármál sín. Það er ekki aðeins á þessu sviði, heldur er þetta eitt dæmi af ótal mörgum um það, að mikið hefur verið um framkvæmdir og mikið fé greitt án þess, að gert hafi verið ráð fyrir því á fjárl., og hygg ég, að ekki verði komið viðunandi lagi á fjárhagsmálin, nema hér verði breytt um stefnu og farið meir eftir ákvæðum fjárl. eftirleiðis en gert hefur verið nú um skeið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég er sammála því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að það er sjálfsagt að miða að því, að ekki verði farið fram úr fjárveitingum. Varðandi þær aðgerðir, sem hér um ræðir, er það hins vegar svo, að það er, eins og hv. þm. veit, örðugt að sjá fyrir nákvæmlega, hvað framkvæmdirnar muni kosta, og þótt ég hafi lesið hér upp tölur um áætlaðan kostnað við þessar byggingar, hafa þær upphæðir ekki nærri allar verið greiddar úr ríkissjóði enn sem komið er, þó að auðvitað lendi á ríkinu að borga það fyrr eða síðar. Það getur ekki hafa verið ætlunin hjá ríkinu, að fé yrði fyrir fram lagt til hliðar til bygginganna, heldur að það yrði borgað jafnóðum, og virðist ekki óeðlilegt, að á þessum byggingum hvíli nokkrar skuldir um nokkurt skeið, eins og á ýmsum öðrum, þannig að ekki er hægt að ætlazt til, að þetta sé allt látið í té jafnóðum.

Hv. þm. dró í efa, hvort rétt væri að byggja yfir dómara, eins og ákveðið hefur verið í l., en ég get fullyrt, að ég hef staðið fast á móti óskum fjölda dómara, sem við mig hafa verið bornar fram um byggingar í þessu skyni. Ég hef sannfærzt um það af eigin raun, að aðbúnaður þeirra er með öllu óhæfur, en hef orðið að standa á móti þessum óskum, þar sem ekki hefur verið til fé til ráðstöfunar í þessu skyni, þannig að ég hef reynt að halda verulega í þetta fé. Þann tíma, sem ég hef gegnt þessu, hefur ekki verið byrjað að byggja nema einn embættismannabústað. Hitt er rétt, að keyptir hafa verið bústaðir á Siglufirði og í Búðardal, en það reyndist alveg óhjákvæmilegt. Hitt er rétt, að þetta kostar allt verulegt fé, og ég er sammála því, sem fram kom við umr. um fsp. á dögunum, að þörf er á að endurskoða þessa löggjöf, ekki aðeins varðandi bústaði héraðsdómara, heldur einnig varðandi bústaði annarra embættismanna, og væri því eðlilegast að ræða það allt í heild, en taka ekki þennan litla hóp út úr.

54. Aðflutningar til Keflavíkurflugvallar o. fl.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um aðflutninga til Keflavíkurflugvallar o. fl. [160. mál, 1] (A. 442).

Á 48. fundi í Sþ., 10. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Forseti (JPálm): Ég skal geta þess, að fyrri fyrirspurninni á þskj. 442 getur ekki orðið svarað nú vegna fjarvistar hæstv. ráðh.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er út af þessari tilkynningu hæstv. forseta, að þessari fyrirspurn, sem er beint til hæstv. ríkisstj., geti ekki verið svarað vegna fjarvistar helmingsins af hæstv. ríkisstj., sem nú er í Ameríku. Fyrirspurnin er borin fram fyrir það löngu síðan, að hæstv. stj. hefur haft þann frest, sem nægja á að lögum, og ég veit ekki til, að ekki sé hægt að afla þeirra upplýsinga, sem þar er beðið um, svo að það er hægt að svara af hálfu þess hluta hæstv. stj., sem enn sem komið er er eftir á Íslandi. Ég álít, að meginið af þessum fyrirspurnum muni snerta fjmrn. Ég held því, að það ætti að vera hægt að fá upplýsingar um þetta mál, og ég legg ákaflega mikið upp úr því, að það sé gert. Ég vildi þess vegna fá þær upplýsingar, sem hægt er að gefa nú, og ef það er ekki hægt, vil ég fá að vita, hvaða upplýsingar það eru, sem þeir hæstv. ráðh., sem nú eru í Ameríku, sitja einir með, svo að aðrir vita ekki um það.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Út af þessari aths. hv. 2. þm. Reykv. vil ég segja það, að að svo miklu leyti sem það kann að vera fjmrn. að afla upplýsinga viðvíkjandi fyrirspurninni á þskj. 442, þá er þess að gæta, að þeir menn, sem fjmrn. hefur í því að afla upplýsinga viðvíkjandi fyrirspurnum, eru enn þá í öðrum fyrirspurnum, og eru ekki enn búnir að skila til ráðh. svörum við þeim. Meðan þeir eru ekki búnir að ljúka því, hef ég ekki tök á að láta vinna þetta verk. Nú hef ég litið svo á, að þetta snerti fleiri en eitt rn. að afla upplýsinga viðvíkjandi fyrirspurninni á þskj. 442. Mér finnst ekki aðalatriðið, hvað hratt er hægt að svara fyrirspurnum. Aðalatriðið er, að upplýsingarnar, sem koma, séu sem réttastar og ýtarlegastar. Þess vegna er það, að það er ekki alltaf, að sá frestur nægi, sem líður milli þess, að fyrirspurn er leyfð, og þar til hún er tekin á dagskrá, eins og raun hefur orðið á um fyrirspurn frá hv. þm. S-Þ. á þskj. 391,3. Hún var fengin í hendur tollstjóra til athugunar, en hann hefur af skiljanlegum ástæðum verið bagaður frá að sinna sínu embætti nú um tíma, af því að hann er sáttamaður hins opinbera, eins og allir vita. Það er önnur fyrirspurn, sem líka á að svara af þessu rn., fyrirspurn 413,1. Seinast í morgun var ég að ganga úr skugga um, að það er ekki búið að afla allra þeirra upplýsinga, sem þar skipta máli. Þetta vildi ég sagt hafa út af aths. hv. 2. þm. Reykv. út af fyrirspurn hans á þskj. 442. Það eru þegar mjög margar fyrirspurnir komnar á sama rn., og það eru takmörk fyrir, hvað miklu er hægt að afkasta á stuttum tíma með að svara þeim.

Eins og ég sagði áðan, tel ég, að megináherzluna beri á það að leggja, að svörin séu sem ýtarlegust og réttust, en ekki, hvort þau koma viku fyrr eða seinna.

Forseti (JPálm): Ég vil taka fram út af aths. hv. 2. þm. Reykv., að auðvitað verður þessari fyrirspurn svarað, en svarið frestast nú vegna þess, að tveir hæstv. ráðh., utanrrh. og flugmrh., sem þessi fyrirspurn var líka send til, eru fjarstaddir, og samkvæmt upplýs-

ingum hæstv. fjmrh. er hann ekki viðbúinn að svara þeim fsp., sem heyra undir hann.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er nú svo með þessa fyrirspurn, eins og ég tók fram áður og eins og hæstv. fjmrh. hefur nú líka fallizt á, að meginið af þessum fyrirspurnum heyra undir fjmrh., en ekki undir utanrrn. eða flugmrn. Hins vegar hef ég orðið var við í sambandi við umr., sem áður hafa orðið í sambandi við þetta mál, að utanrrn. hefur beinlínis gripið inn í og skipt sér af því, sem heyrir undir fjmrn., sem sé tollafgreiðslu vara. Það urðu mjög langar umr. um þau mál hér á þingi fyrir rúmu ári síðan, og þess vegna hef ég haldið, að þegar spurningar eru lagðar fram um þessi mál, mundi vera hægt að afgr. þær nokkuð fljótt, vegna þess að hæstv. ríkisstj. mundi hafa nokkurt eftirlit með því vegna þess aðhalds, sem hún hefur fengið frá þinginu, hvernig þessum málum er háttað. Ég hef ekki lagt fram margar fyrirspurnir í þinginu, aðeins eina aðra en þessa. Mér þykir þess vegna dálítið hart, ef það er afsakað að fresta að svara á lögmæltum tíma svona fyrirspurn, vegna þess að embættismenn rn. séu svo önnum kafnir við að undirbúa svör við öðrum fyrirspurnum. Hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, hvorki meira né minna en efndir á þeim samningi, sem gerður var við stj. Bandaríkjanna 1946. Hæstv. stj. hefur einu sinni áður átt að standa reikningsskap fyrir framkvæmdina á þessum samningi, því að hún hafði í umr. hér á þingi lofað að láta fram fara þá rannsókn á málinu, sem við á, og eftir að hæstv. utanrrh. hafði farið hraklega út úr umr., þá greip hann til þess ráðs að neita að vísa málinu til n. og lét þar með viðhafa óþinglega meðferð á slíku máli. Og þegar ég nú ber fram fyrirspurn, sem aðeins er um einfaldar upplýsingar, upplýsingar, sem í raun og veru ætti að vera hægt fyrir fjmrn. að gefa, svo framarlega sem íslenzk l., sem fjmrn. og tollstjóri eiga að sjá um að framkvæma, eru ekki brotin eftir fyrirskipun frá utanrrn. Þá kann ég illa við að fresta slíkum fyrirspurnum fyrir það, að ráðh. séu staddir í Washington. Ég held, að það hefði verið skyldara að gera skil á, hversu vel þessi samningur hefur verið haldinn, en að fara að kynna sér, hvers konar nýja samninga ætti að gera við Bandaríki Norður-Ameríku.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta, af því að hann segir úr forsetastóli, að auðvitað yrði þetta mál tekið fyrir og því svarað, hvaða tryggingu hæstv. forseti hefur fyrir því. Ég sé ekki betur en að ákvæði þingskapa séu alveg ákveðin viðvíkjandi þessum málum. Hæstv. ríkisstj. ber lagaleg skylda til að svara þessu máli. Ég er ákaflega hræddur um, að um það leyti, sem hæstv. ráðh. koma til baka frá Washington, þá muni þeir segja við þingið, að þeir séu með mjög þýðingarmikið uppkast með sér, sem þeir vilji, að þingið ræði, og ég er ákaflega hræddur um, að þeir muni reyna að koma sér hjá að svara þessari spurningu, sem hér hefur verið lögð fram viðvíkjandi Keflavíkurflugvelli. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að hæstv. fjmrh. láti sína starfsmenn rannsaka þetta mál nú þegar, þann hluta af þessum spurningum, sem heyra undir fjmrn., þannig að hægt sé að svara þessu á morgun og taka málið á dagskrá þá. Ég vil beina til hæstv. forseta, hvort hann vill verða við því.

Forseti (JPálm): Út af þeirri efasemd, sem kom fram, hvort þessari fyrirspurn yrði svarað, þá er hún ástæðulaus. Það hefur áður komið fyrir og getur oft komið fyrir, að verði að fresta að svara fyrirspurnum. Eins og ég tók fram, verður að fresta að svara þessari fyrirspurn nú og þar til í næsta fyrirspurnatíma, sem er næsta miðvikudag. Ég trúi ekki, að það velti á miklu, hvort þessari fyrirspurn er svarað nokkrum dögum fyrr eða síðar.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Ég álít það ekki heppilegt, að það sé látið bíða í viku að svara þessari fyrirspurn. Það hefur verið tilkynnt í blöðum, að líklegt sé, að þessi helmingur ríkisstj., sem er í Ameríku, muni innan skamms koma heim með eitthvert samningsuppkast. Sem sé, þá má búast við því, að þeir muni vilja hraða þeim málum í þinginu, og ég þykist þekkja þá hæstv. ráðh., sem eru vestan hafs nú, svo vel, að ég þykist vita, að þeir muni ekki kæra sig um að ræða mikið Keflavíkursamninginn og framkvæmd á honum, meðan þetta samningsuppkast liggur fyrir þinginu. Það mun vafalaust verða sagt þá, að það liggi mikið á því máli, sem þeir koma með. Ég vil því eindregið fara fram á það við hæstv. forseta, af því að hann hefur gert það áður um fyrirspurnir, að það verði haldinn fundur í Sþ. á morgun og að þessi fyrirspurn verði þá tekin fyrir og reynt, hvort ekki er hægt að fá hæstv. fjmrh. til að gefa þessar upplýsingar. Þetta eru einfaldar statistiskar upplýsingar, sem tollstjóri og skattstofan hljóta að hafa hjá sér, svo framarlega sem tollur hefur verið greiddur af þessum vörum. Ég vil því eindregið fara fram á, að þetta verði gert, ekki sízt vegna þess að hæstv. forseti hefur frestað fleiri málum, sem fyrir lágu, svo að svör fáist, áður en sá helmingur ríkisstj., sem enn er hér á landi, er floginn burt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. 2. þm. Reykv. virðist hafa eitthvað allt annað í huga með þessu þrætugjarna kvabbi sínu en það, sem stendur á þessu þskj. Hann hefur í orðum sínum látið falla ásakanir í garð hæstv. utanrrn. um ágengni inn á stjórnarsvið annarra. Í sömu andránni leggur hann áherzlu á, að þetta mál sé rætt áður en sá hæstv. ráðh. sé viðstaddur, sem ætti þá að svara til sakar. Það getur verið þægilegt frá hálfu hv. 2. þm. Reykv. að hafa þessa málfærslu, en mér finnst hún einkennileg, af því að hann hefur dregið fram í umr., að hér sé um einhverja sök að ræða hjá hæstv. utanrrh., og leggur mikla áherzlu á, að málið sé rætt og því svarað, án þess að hæstv. ráðh. sé viðstaddur. Ég ætla, að þetta sé nokkuð augljós þingræðisleg glompa hjá hv. þm. Í þingsköpum er gert ráð fyrir, að fyrirspurnum sé svarað, en ég sé

ekki, að þau banni, að þeir, sem eiga að svara, fái tóm til athugunar og undirbúnings. Á þessari fyrirspurn hefur enginn óeðlilegur dráttur orðið og eðlilegt, að svör liggi ekki fyrir hendi. Það stappar nærri frekju af hv. 2. þm. Reykv. að fara fram á, að þingið taki þetta mál á dagskrá á morgun, þegar það liggur fyrir, að málið er ekki fullundirbúið enn. Ég veit, að hann er það greindur maður, að hann sér, að sá frestur er svo stuttur, að ekki væri hægt að láta fram fara nema mjög handahófslega athugun á öllum þessum liðum, og þeir snerta ekki heldur allir fjmrn., þótt sumir þeirra geri það.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram út af þessum umr., sem fram hafa farið, og ítrekunum hv. 2. þm. Reykv. að fá þessari fyrirspurn, sem hér liggur fyrir frá honum, svarað í dag eða á morgun, að það er viðtekin regla hér á þingi, sem framkvæmd er af forsetum Alþingis, bæði í Sþ. og deildum, að taka til greina, ef mál er á dagskrá, sem varðar einhvern þm. eða ráðh., og taka málið ekki fyrir meðan hlutaðeigandi er fjarvistum. Og þegar þeir tveir ráðh., sem þetta mál samkvæmt eðli sínu snertir, hæstv. utanrrh. og hæstv. menntmrh., sem með flugmálin fer, eru fjarvistum í embættiserindum, þá finnst mér það ekki ná nokkurri átt og stappa nærri ósvífni, að þess skuli vera krafizt, að mál, sem heyrir undir þá, skuli verða tekið til umr. hér á þingi. Ég veit, að hæstv. forseti hefur sýnt hv. 2. þm. Reykv. ætíð þá tilhliðrun, sem hann hefur óskað eftir, að mál yrði ekki tekið fyrir, — vegna þess að hann væri óviðbúinn að ræða það eða þyrfti að vera fjarvistum, — sem hann vildi vera viðstaddur. Þá hefur hæstv. forseti ætíð sýnt honum tilhliðrunarsemi eins og öðrum hv. þm. Þá er það augsýnilegt, þegar hæstv. ráðh. eru fjarvistum í embættiserindum fyrir ríkið, að það er skylt og sjálfsagt að taka til greina ósk, sem fram er borin um það réttilega, að fyrirspurnir, sem snerta þá beint eða óbeint, verði ekki teknar fyrir, meðan þeir eru fjarverandi í embættiserindum fyrir ríkið, enda veit ég það, að þegar ég minntist á það við hæstv. forseta í gær, þá taldi hann það sjálfsagt. Þetta er regla, sem ávallt hefur verið fylgt, líka gagnvart hv. 2. þm. Reykv., en krafa hans sýnir, hvernig hann vill láta hegða sér gagnvart öðrum en honum sjálfum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vildi mælast til, að hæstv. forseti tæki fyrir 160. mál, sem er fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. um aðflutninga að Keflavíkurflugvellinum. Þessi fyrirspurn var á dagskrá í síðasta fyrirspurnatíma, en var ekki svarað þá, á þeim grundvelli, að hálf ríkisstj. væri vestur í Ameríku. En hæstv. forseti lofaði því þá, að hún yrði tekin fyrir í næsta fyrirspurnatíma. Nú háttar því svo til, að ekki er mikið verk að svara henni, en mjög þýðingarmikið að fá þessar upplýsingar áður en rætt verður um sáttmála Atlantshafsbandalagsins, sem hæstv. ríkisstj. mun leggja hér fyrir þingið á næstunni. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að ríkisstj. verði gefinn tími til að svara þessari fyrirspurn á þessum fundi. Ég mæli ekki gegn því, að fyrst verði flutt framsöguræða til fjárl., en ef framsöguræðan er það löng, að ekki verði tími til að svara fyrirspurninni, þá vil ég mælast til, að henni verði frestað.

Forseti (JPálm): Ég hef nú tekið fyrir fjárl., en fyrirspurnirnar eru 2. mál á dagskrá, svo að annaðhvort verður að fá afbrigði um að fresta þeim eða taka þær fyrir á þessum fundi.

Síðar á fundinum tók forseti málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að taka til máls, því að fyrirspurnin skýrir sig sjálf.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það kemur í hlut fleiri en eins ráðh. að svara þessum fyrirspurnum á þskj. 442, en 1.—3. tölul. munu heyra undir fjmrh. að svara.

Um 1. liðinn er það að segja, að ég hef ekki enn fengið allar upplýsingar, sem þarf til að svara honum, en mun hins vegar fá þær áður en langt um líður.

Um 2. og 3. lið er eftirfarandi að segja: Samkv. 9. gr. Keflavíkursamningsins svonefnda frá 14. okt. 1946 skal eigi leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkv. þessum samningi eða til afnota fyrir starfslið það, sem leiðir af framkvæmd samningsins. Annars veit nú hv. fyrirspyrjandi þetta vel, en það gerir ekkert til, þó að það sé endurtekið hér. Það er síður en svo rétt, að Bandaríkjunum sé stórlega ívilnað, þó að þau og þegnar þeirra séu undanþegin sköttum og tollum, því að taka ber tillit til þess, að öll mannvirki flugvallarins verða eign Íslendinga, þegar samningurinn fellur úr gildi, og er þar um stórar fjárupphæðir að ræða.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það mun heyra undir viðskmrn. að svara spurningunni um, hversu mikinn gjaldeyri bankarnir hafi fengið í sambandi við Bandaríkin og amerísk félög, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, og hins vegar í sambandi við flutningsgjöld. Ég hef leitað til gjaldeyriseftirlitsins og fengið það svar, að árið 1948 nam þessi fjárupphæð 2 millj. og 560 þús. kr. og fargjöldin námu alls 20 millj. og 406 þús. kr. Með þessum tölum ætlast ég til, að þessari spurningu sé svarað.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. 6. liður fyrirspurnarinnar á þskj. 442

mun heyra undir félmrn., það er að segja það, sem varðar, hvort Bandaríkjamenn hafi hér húsnæði á leigu. Sem svar við þessari fyrirspurn get ég vitnað til rannsóknar, sem farið hefur fram um húsnæði Bandaríkjaþegna hér í bænum. Var þessi athugun gerð vegna ummæla tveggja blaða og hlutaðeigandi blaðamenn látnir gefa þær upplýsingar, sem þeir byggðu málflutning sinn á. Héldu þeir því fram, að um væri að ræða sex hús í bænum, sem Bandaríkjaþegnar byggju í án leyfis. Við nánari athugun kom í ljós, að eitt þessara húsa er ekki til, eitt er eign konu, sem gift er Bandaríkjamanni, í tveimur þeirra hafa aldrei búið Bandaríkjamenn, eitt er notað til hótelrekstrar, og þar bjó Bandaríkjamaður í einu herbergi, og í einu bjó Bandaríkjamaður ásamt íslenzkri konu sinni og dóttur. Þetta er niðurstaðan í þessu máli, og hefur húsaleigunefnd ekki getað fengið betri upplýsingar.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar, sem ég hef fengið varðandi þær spurningar, sem ég hef borið fram, en vil leyfa mér að óska eftir svari við þeim liðum, sem ekki hefur verið svarað, við fyrsta tækifæri, en það er 1. og 5. liður. Það er sennilega flugmrh., sem svarar spurningunni um fjölda Bandaríkjamanna hér á flugvellinum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi spurning heyrir ekki undir flugmrn., því að það gefur ekki út landvistarleyfin. Það er dómsmrn., sem gefur út landvistarleyfin, og þess vegna dómsmrh., sem mun svara þessari spurningu.

Forseti (JPálm): Eins og menntmrh. hefur skýrt frá, mun þessi spurning heyra undir dómsmrn., en þar sem dómsmrh. er ekki viðstaddur, verður svar við henni að bíða, en mun svarað síðar.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var fyrirspurnin tekin til frh. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram hér, áður en farið er að ræða einstök atriði, að 5. liður I. fsp. á þskj. 442 mun heyra undir dómsmrn., en ég hélt, að svo væri ekki. Ég áleit, að þessu hefði verið svarað meðan ég var fjarverandi, en það mun ekki hafa verið gert. Ég vil taka það fram, að hér er eingöngu um persónulega yfirsjón hjá mér að ræða, og skal ég gera ráðstafanir til að afla upplýsinga um þetta mál og svara þessari fyrirspurn við næsta tækifæri.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var fram haldið umr. um fyrirspurnina.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef nú bætt við þekkingu mína um þetta efni, frá því að ég svaraði 2. og 3. lið þessarar fyrirspurnar, og vonandi til ánægju fyrir hv. fyrirspyrjanda. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá skrifstofu tollstjórans í Rvík og tollstjóraskrifstofunni á Keflavíkurflugvelli, hafa Bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli flutt inn á árinu 1948, um Reykjavíkurhöfn eða beint með flugvélum, samtals um 4753 smálestir af ýmiss konar vörum, sem eru tollfrjálsar samkv. l. nr. 95 frá 28. des. 1946, sem eru löggilding Keflavíkursamningsins. Langmestur hluti þessa varnings er annaðhvort byggingarefni vegna mannvirkja, sem reist hafa verið og eru í smíðum, eða matvæli handa embættis- og starfsmönnum Bandaríkjastj. þar. Af víski og sterkum drykkjum var flutt inn á árinu 1948 1548 kassar, sem samsvarar því, að hver erlendur starfsmaður á þessum stað fái liðlega 18 flöskur af sterkum drykkjum á ári. Af öli og bjór voru fluttir inn 3890 kassar, sem samsvarar því, að 93 flöskur séu handa hverjum erlendum starfsmanni flugvallarins á árinu. Um einn lið eru ekki fyrir hendi fullar upplýsingar, en tóbak er skammtað til starfsmanna á flugvellinum.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hefði að vísu kosið, að þessar upplýsingar væru dálítið nákvæmari en þær eru. Í fyrirspurninni var spurt um magn þessara tegunda, sem hér eru taldar upp, og verð á þeim. Það hefði náttúrlega verið nauðsynlegt að fá þær upplýsingar til þess að geta byggt á þeim það, sem ég álít, að þurfi að gera, sem sé þær kröfur, sem ég álít, að við Íslendingar eigum um toll af þessum innflutningi. Ég mun þó ekki gera aðra fyrirspurn eða ræða meira um þetta hér. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar, en mér hefði þótt vænt um, að fyrirspurninni hefði verið nákvæmar svarað. Er þá eftir 5. liður fyrirspurnarinnar, og vona ég, að honum verði svarað sem fyrst.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Sþ., 4. maí, var enn fram haldið umr. um fyrirspurnina.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hefur dregizt að svara þessari fyrirspurn, þar sem ég hef ekki verið viðstaddur. Í 5. lið er spurt: Hve margir Bandaríkjaþegnar unnu 1. jan. 1949 á Keflavíkurflugvelli og við byggingar þar? Hve margir Íslendingar? Hvað voru samsvarandi tölur 1. jan. 1948?

Um þetta er það að segja, að 1. jan. 1949 unnu 715 Bandaríkjaþegnar á Keflavíkurflugvelli, þar af 230, sem unnu hjá byggingarfélaginu. Á sama tíma unnu þar 254 Íslendingar. Samsvarandi tölur voru 1. jan. 1948 þannig, að þar unnu 870 Bandaríkjaþegnar, þar af 316 hjá byggingarfélaginu, og 232 Íslendingar. Bandaríkjaþegnum hefur því fækkað um 155 á þessu tímabili, en Íslendingum fjölgað um 22.

Fyrirspyrjandi (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. utanrrh. fyrir upplýsingarnar.

55. Rafmagnsverð.

Á 47. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um verð á rafmagni til heimilisnota [160. mál, 2] (A. 442).

Á 48. fundi í Sþ., 10. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Tilgangurinn með þessari fsp. er sá, að þjóðin fái við því svar, hve margs konar verðtaxtar það eru á rafmagni, sem neytendur eiga nú við að búa.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég mun í aðalatriðum leitast við að svara þessari fsp. eins og um er spurt.

Hvað það atriði snertir, hvernig verðið á raforkunni er ákveðið, gildir yfirleitt það sjónarmið, bæði að því er heildsölu frá orkuverum og aðalorkuveitum og smásölu frá héraðsrafmagnsveitum snertir, að verðið er ákveðið með tilliti til þess, að hlutaðeigandi fyrirtæki beri sig fjárhagslega, þ. e. a. s. standi undir viðhaldi, rekstri og eðlilegum aukningum, en ekki reiknað með, að þessi fyrirtæki séu rekin sem gróðafyrirtæki. Í stærri kaupstöðum og sérstaklega þar, sem rafveiturnar eru orðnar gamlar, hlýtur verðið því að jafnaði að vera lægra en í minni kauptúnum, og í hinum minni kauptúnum með nýjar rafveitur mun núgildandi verð tæpast vera nógu hátt til þess að standa undir veitunum.

Fram til þessa hafa rafveitur ekki verið reknar nema í kaupstöðum og kauptúnum hér á landi. Hafa þær yfirleitt staðið undir sér fjárhagslega, en á nokkrum stöðum, þar sem orkuveitur eru í byrjun, er ekki talið fært að fara það hátt með verðið, að veiturnar fái staðið alveg undir sér fyrstu árin, og því í þeim tilfellum leyft að haga verðinu þannig, að það er að vísu fyrirsjáanlegur halli á rekstri veitnanna fyrstu árin, en gert ráð fyrir, að það lagist á næstu árum, þegar nokkurn veginn er búið að ná því marki, sem að var stefnt.

Þetta er um hinar almennu veitur að segja. Um sveitaveiturnar er öðru máli að gegna. Vegna strjálbýlisins verður stofnkostnaðurinn þar svo hár, að engin von er til, að rekstrartekjurnar geti staðið undir honum og verð á rafmagninu þó ekki verið óhæfilega hátt. Þess vegna hefur það ákvæði verið tekið í l., að ríkið greiði niður nokkuð af stofnkostnaði héraðsveitna, það mikið, að ekki þurfi að setja verðið hærra en svo, að það verði nokkuð nærri rafmagnsverði annars staðar á landinu, þótt það sé sums staðar lítið eitt hærra.

Ég vil nú snúa mér sérstaklega að fsp. og í því sambandi gefa eftirfarandi upplýsingar:

Á Hvanneyri telst ekki vera almenningsveita, og hefur því ekki verið staðfest gjaldskrá fyrir raforkusölu þar. Aftur á móti kaupir skólinn orku frá Andakílsárvirkjuninni á 380 kr. árskílówattið, en ekki munu hafa verið ákveðin gjöld fyrir notkun einstakra heimilisnotenda þar. — Hinir staðirnir, sem um er spurt, hafa gjaldskrár, staðfestar af atvmrn. og birtar í B-deild stjórnartíðindanna. Gjaldskrárnar eru allar með sama eða mjög líku sniði og því auðvelt að bera þær saman. Raforkuverð til heimilisnota er aðallega miðað við þrenns konar notkun: (a) til lýsingar, (b) til almennrar heimilisnotkunar, (c) til húshitunar. Skal hér tilgreint verðið á rafmagni til þessara nota á þeim stöðum, sem um er að ræða, og jafnframt gert í sem stytztu máli grein fyrir tilhögun raforkusölunnar, eftir því sem tilefni virðist til.

Það er þá fyrst verð á rafmagni til lýsingar. Í Rvík er ljósaverðið kr. 0,93 á hverja kwst., á Akureyri kr. 1,20, í Sandgerði kr. 1,44, á Selfossi kr. 1,20, í Þykkvabæ kr. 1,25, á Grenjaðarstað kr. 1,25 og á Akranesi kr. 1,20. — Þess skal getið, að í gjaldskrám flestra rafveitna er heimild til 20% hækkunar á raforkuverðinu án sérstakrar staðfestingar rn. Rafveita Sandgerðis hefur ákveðið að notfæra sér þessa heimild, og er raforkuverðið þar því 20% hærra en hjá hliðstæðum rafveitum, þ. e. kr. 1,44 pr. kwst., eins og fyrr segir.

Þá er verð á rafmagni til heimilisnotkunar. Á þeim gjaldskrárlið, sem algengastur er til heimilisnotkunar, er innheimt bæði kwst.-gjald og fastagjald. Kwst.-gjaldið er miðað við verð á orku til suðu, en fastagjaldið við áætlaða ljósanotkun. Fastagjaldið er sett til þess að komast af með aðeins einn kwst.-mæli á heimilunum í stað þess að hafa tvo. Á Akureyri, Akranesi og Grenjaðarstað er þessi gjaldskrárliður enn fremur miðaður við notkun til herbergjahitunar með lausum ofnum. Því er þannig hagað, að fyrir notkun umfram áætlaða ljósa- og suðunotkun er kwst.-gjaldið hækkað. Verðið er sem hér segir:

Í Rvík eru greiddir 19 aurar pr. kwst. (fyrsta notkun), á Akureyri 20 aurar, í Sandgerði 36 aurar, á Selfossi 27 aurar, í Þykkvabæ 30 aurar, á Grenjaðarstað 30 aurar og á Akranesi 30 aurar. Auk þess er herbergisgjald, sem grípur hér inn í. Í Rvík er það 2 kr. af hverju herbergi, á Akureyri 20 aurar af fermetra gólfflatar, í Sandgerði 6 kr. af fyrsta herbergi og kr. 3,60 af öðrum herbergjum, á Selfossi 5 kr. af fyrsta herbergi og 3 kr. af öðrum herbergjum, á Grenjaðarstað og á Akranesi er gjaldið hið sama og á Selfossi, og á Akranesi er gjaldið 4 kr. af hverju herbergi.

Loks er verð á rafmagni til húshitunar. Rafmagn til fullrar húshitunar er selt um sérmæla og einungis til fasttengdra tækja, sem straumur er tekinn af á vissum tímum með klukkurofum. Við daghitun er straumurinn rofinn á tímum mesta álags rafveitnanna um hádegið og síðdegis. Við næturhitun er straumurinn rofinn frá kl. 8 á morgnana til kl. 11 á kvöldin. Verðið er sem hér segir:

1. Daghitun: Í Rvík 9 aurar á kwst., á Akureyri 10 aurar, í Sandgerði 16,8 aurar, á Selfossi 12 aurar, í Þykkvabæ 15 aurar, á Grenjaðarstað 15 aurar og á Akranesi 12 aurar.

Sandgerði er hér hæst, og stafar það af 20% álaginu.

2. Næturhitun: Í Rvík 3,7 aurar á kwst., á Akureyri 5 aurar, í Sandgerði 6 aurar, á Selfossi 4 aurar, í Þykkvabæ 5 aurar, á Grenjaðarstað 5 aurar og á Akranesi 5 aurar.

Nú hefur eingöngu verið spurt um rafmagnsverð í sambandi við vatnsraforkustöðvar, en þótt ekki hafi verið um það spurt, skal ég til fróðleiks lesa til samanburðar raforkuverð í þeim kaupstöðum landsins, sem hafa olíurafstöðvar, en verð til lýsingar um sérmæli er þar sem hér segir:

Í Neskaupstað kr. 1,50 á kwst., í Stykkishólmi kr. 1,50, á Flateyri kr. 1,50, í Hrísey kr. 2,00, í Dalvík kr. 1,80, á Eskifirði kr. 1,75.

Ég held, að það sé ekki öllu meira, sem ástæða sé til að svara í sambandi við þessa fyrirspurn.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir góð svör, en vildi aðeins spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvað valdi því, að Sandgerðisbúar einir hafa farið þá leið að leggja meira á rafmagnið en aðrir.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég held, að sú ákvörðun Sandgerðisbúa að nota einir sér þessa heimild að hækka gjaldið um 20% sé eingöngu byggð á því, að þeir vilji tryggja þetta fyrirtæki, koma fótum undir það, því að sá afgangur, sem verður af rekstri veitunnar, rennur allur í varasjóð fyrirtækisins, en varasjóðnum á að verja bæði til aukningar og útbreiðslu kerfisins, ef þess þykir með þurfa, og einnig til þess að standa undir fyrningum og uppbyggingu stöðvarinnar, þegar hún eða ýmsir einstakir liðir hennar fara að ganga úr sér. Ég held, að þetta sé m. ö. o. búmannsráðstöfun þeirra í Sandgerði til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins í framtíðinni.

56. Ríkisframlag til rekstrar nokkurra skóla.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um ríkisframlag til rekstrar nokkurra skóla [167. mál, 1] (A. 467).

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég álít rétt, að borgararnir viti, hvað menntastofnanirnar kosta, og þess vegna hef ég borið fram þessa fyrirspurn. Málið skýrir sig að öðru leyti sjálft, og vænti ég að fá svör við þessari spurningu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessari fyrirspurn er fjmrh. ætlað að svara, og mun ég leitast við að leysa úr því, sem óskað er, eftir minni beztu getu. Svör mín eru miðuð við skólaárið 1947, og er reiknað út, hvað hver nemandi kostar ríkið á þessu skólaári, miðað við meðalkostnað á nemanda í þeim skóla, sem hann stundar nám við. Stofnkostnaður skólanna er ekki reiknaður með.

Meðalkostnaður við hvern nemanda við háskólann er 3888 kr., við Menntaskólann í Rvík 2500 kr., við Menntaskólann á Akureyri 2600 kr., við bændaskólann á Hvanneyri 8000 kr., við stýrimannaskólann 2500 kr., við kennaraskólann 4000 kr., við Eiðaskóla 2700 kr., við Núpsskóla 1000 kr., við Laugarvatnsskóla 1300 kr., við Flensborgarskóla 1700 kr., við Gagnfræðaskólann á Ísafirði 1200 kr. Kvennaskólinn í Reykjavík er með 162 nemendur. Heildarkostnaður er 97200 kr. Meðalkostnaður fyrir hvern nemanda er 600 kr. Húsmæðraskólinn í Reykjavík telur 90 nemendur. Heildarkostnaður er 60302 kr. Meðalkostnaður fyrir hvern nemanda er 670 kr. Húsmæðraskólinn á Laugum hefur 18 nemendur. Heildarkostnaður 57081 kr. Meðalkostnaður á nemanda 3171 kr. Iðnskólinn í Reykjavík hefur 854 nemendur. Heildarkostnaður er 124500 kr. Meðalkostnaður á nemanda er 145 kr.

Hér er víst fylgt þeirri röð, sem var í fyrirspurninni. Þess skal getið, að í þeirri skýrslu, sem ráðuneytið útfyllti, hefur ekki verið sundurliðaður kostnaður við háskólann eftir deildum, heldur tekinn í heild. Ef hv. fyrirspyrjandi óskar slíkrar sundurliðunar, t. d. fyrir sig sjálfan, er sennilega hægt að leggja hana fram. Ég skal játa, að mér var ekki afhent nein skýring á því, hvers vegna var ekki fylgt því fyrirkomulagi, sem í fyrirspurninni er, að taka hverja deild út af fyrir sig.

Af þessari skýrslu sést, að Iðnskólinn í Rvík hefur tekið langminnst fé á hvern nemanda úr ríkissjóði allra skóla þeirra, sem hér er um að ræða. Hins vegar það, að bændaskólinn á Hvanneyri er hæstur. Þegar tillit er tekið til aths., sem fylgir, um viðhaldskostnaðinn, er hann með um 8 þús. kr. á hvern nemanda. Þessu næst koma kennaraskólinn og Húsmæðraskólinn á Laugum. Aftur er svipaður kostnaður á nemanda í Núpsskóla, Laugarvatnsskóla, Flensborgarskóla og Gagnfræðaskólanum á Ísafirði. Og ekki er mikill munur á kostnaði á nemanda í Menntaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum á Akureyri og hins vegar Eiðaskóla.

Ég ætla, að með því, sem hér hefur verið fram talið, sé þessari fyrirspurn svarað. Læt ég útrætt frá minni hálfu um málið með tilvísun til þeirrar aths., sem ég beindi aðallega til hv. fyrirspyrjanda varðandi kostnað við hverja deild háskólans.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Hæstv. ráðh. hefur nú svarað þessu bæði skörulega og ýtarlega. Ég sé ekki ástæðu til að óska eftir sund-

urgreiningu á fyrsta liðnum, vegna þess að það skiptir engu verulegu máli. Ég álít þessa skýrslu hæstv. ráðh. mjög fróðlega, ekki svo mjög fyrir augnablikið, heldur ef koma skyldi til þess að endurskipuleggja okkar skólakerfi. Eins og hæstv. ráðh. benti á, er það að sjálfsögðu ekki rétt að taka til greina viðhaldið á Hvanneyri, því að það er hvergi talið annars staðar. En það var líka leiðrétt. Ég skal taka það fram, að kvennaskólinn í minu kjördæmi var allra kvennaskóla ódýrastur, — kannske ekki eins og hér í Reykjavík —, þangað til nýju lögin komu. Það er þess vert fyrir hv. þm. að fara að fylgjast með, hvaða breyt. skólalöggjöfin frá 1946 hefur í för með sér kostnaðarlega. Og það, sem hefur komið í ljós við iðnskólarekstrinn, sem að visu er nokkuð sérstaks eðlis, bendir á, að það mundi kannske hægt að endurskipuleggja skólana á þann hátt, að þeir verði ekki algerlega háðir ríkinu, bæði gagnfræðaskólar og héraðsskólar. Það var verið að biðja um fjárveitingu til Iðnskólans í Reykjavík, sem þótti nokkuð há, en ég held ég verði að vera með henni til að verðlauna þennan ódýra skóla.

57. Fjárskipti í Eyjafirði og Skagafirði.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um fjárskipti í Eyjafirði og Skagafirði [167. mál, 2] (A. 467).

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég hef spurt um fjárskiptin í Eyjafirði og Skagafirði. Okkur, sem stöndum að fjárskiptum í sýslum norðanlands, þykir miklu skipta, hvernig fer um þetta mál. Vænti ég, að hæstv. ríkisstj. muni svara þannig, að það gleðji hana, að fjárskiptin séu látin fara fram.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Um fyrsta liðinn er það að segja, að í haust er leið fór fram atkvgr. á umræddum svæðum um væntanleg fjárskipti og niðurskurð á þessu ári. Þetta var fellt, að nokkru leyti af ónógri þátttöku og að nokkru leyti af neikvæðri þátttöku. Nú hefur fyrir tilstilli sauðfjársjúkdómanefndar verið ákveðið að láta fara fram endurtekna atkvgr., til þess að fá skýrt úr því skorið, hvort vilji sá, sem áskilið er í l. um fjárskipti, að sé fyrir hendi, sé þarna til. Er beðið eftir þeirri niðurstöðu.

Um 2. spurninguna er það að segja, að ég geri ekki ráð fyrir, að neitt frv. verði borið fram á þessu þingi, sem breyti um lagaákvæði, sem nú gilda.

3. spurningunni vil ég svara eins og maðurinn, sem varð á vegi langferðamanns, sem bað hann um að útvega sér snærisspotta, sem hann þarfnaðist. Sá, sem fyrir beiðninni varð, svaraði: Fyrst og fremst á ég engan spotta, og þótt ég ætti spotta, þá léti ég hann ekki. Ég mun ekki fyrirskipa fjárskipti, ef atkvgr., sem nú stendur yfir, fer öðruvísi en margir vænta, þannig að hún verður neikvæð. Og enda þótt ég ætlaði að gera það, þá mundi ég ekki svara á þá leið, því að það mundi hafa óheppileg áhrif á atkvgr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég læt svar hæstv. ráðh. nægja og þarf ekki að taka til máls.

58. Rannsóknarstöðin á Keldum.

Á 49. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi rannsóknarstöðina á Keldum [167. mál, 3] (A. 467).

Á 50. fundi í Sþ., 17. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var fyrirspurnin tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég tel mikils virði, að ríkisstj. gefi skýrslu nokkra um þau atriði, sem ég spyr um. Það standa náttúrlega vonir til, að stöð þessi verði að miklu gagni í framtíðinni. Ég tel rétt að fá að vita, hvað landbrh. hugsar sér að þetta verði í stórum stíl og hver verkefni stöðinni eru ætluð.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Samkv. upplýsingum frá húsameistara er búið að leggja 2133714 kr. til byggingarframkvæmda við tilraunastöðina á Keldum fram til 21. marz 1949. Um s. l. áramót hafði Rockefeller-sjóðurinn í New York lagt fram 137500 dollara. Er þetta fé til áhaldakaupa og til að kaupa byggingarefni ýmiss konar. Enn fremur höfðu verið yfirfærðar í íslenzkum gjaldeyri 50 þús. dollarar af áðurgreindri upphæð til greiðslu á byggingarkostnaði.

Þá er 3. spurning. Rockefeller-sjóðurinn gaf tilraunastöðinni á Keldum s. l. ár 50 þús. dollara til viðbótar fyrri gjöf sinni, sem var alls 150 þús. dollarar, og verður það fé notað smám saman á næstunni til að ljúka við að koma stofnuninni í það horf, sem þarf að vera.

4. spurning. Tilraunastöð háskólans á Keldum hefur starfað um fjögurra mánaða skeið,

og sést á því, að stofnunin er orðin nothæf. Ekki er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram meira vegna stofnkostnaðar. Er ætlað, að það, sem eftir er ógreitt af framlagi Rockefellersjóðsins, nægi til að ljúka við innréttingar, byggja áburðargryfjur, setja upp brennsluofn o. fl., sem enn er ógert.

Um 5. spurninguna er það að segja, að ráðgert er að ráða ekki að svo stöddu fleira fólk við stofnunina en nú er. Það er einn forstöðumaður, sem hefur 11 þús. kr. í grunn, tveir sérfræðingar með 10200 kr. í grunn, einn aðstoðarmaður við vefjarannsóknir, sem hefur 7200 kr. í grunn, tvær aðstoðarstúlkur, hvor með 5 þús. kr.; einn ráðsmaður með 7800 kr., einn vinnumaður með 6 þús. kr.; og einn maður enn, sem er dýrahirðir og bílstjóri, sem hefur 6 þús. kr. í grunnlaun.

Þetta er sá starfsmannafjöldi, sem samþ. var af menntmrn. og fjmrn. að leggja stofnuninni til, eftir mjög ýtarlegar rannsóknir og viðtöl við alla aðila um það, hvað minnst muni þurfa til þess, að stofnunin geti farið af stað. Það voru uppi till. um að ráða nokkra fleiri, en þetta var samþ.

Þá er 6. spurning, um verkefni stöðvarinnar fyrstu fimm árin.

Helztu verkefni tilraunastöðvar háskólans á Keldum eru sem stendur: 1. Að komast að eðli og útbreiðsluháttum þurramæði í sauðfé. 2. Að gera tilraunir með bóluefni gegn garnaveiki í sauðfé. 3. Rannsóknir á júgurbólgu í kúm. 4. Rannsóknir á afleiðingum eitrunar frá Heklugosi. 5. Rannsóknir á þýðingu sjaldgæfra steinefna í fóðri íslenzks búfénaðar. 6. Rannsóknir á súrheyseitrun og Hvanneyrarveiki í sauðfé. 7. Rannsóknir á hænsnatyphus í hænsnabúum, til að aðstoða við útrýmingu, þegar þess er óskað. 8. Rannsóknir á coccidiose í kjúklingum og dreifing á lyfi gegn þeirri plágu. 9. Framleiðsla á bóluefni gegn lungnapest. 10. Framleiðsla á bóluefni gegn lambablóðsótt. 11. Framleiðsla á serum gegn lambablóðsótt. 12. Dreifing á ormalyfi til bænda. 13. Rannsóknir á bráðadauða í kúm. 14. Tilraunastöðin hefur verið tilnefnd til að taka af Íslands hálfu þátt í alþjóðlegum epidemiologiskum rannsóknum á inflúenzu, sem fram fara í flestum löndum á vegum Sameinuðu þjóðanna. 15. Tilraunastöðin mun, þegar svo ber undir, taka að sér einstök verkefni varðandi sjúkdóma í mannfólki, ef starfsskilyrði þykja þar hentugri til slíks, t. d. hefur hún fengizt nokkuð við athuganir á lömunarfaraldri á Akureyri, sem nú er nýafstaðinn.

Þetta eru þau atriði, sem forstöðumaðurinn hefur séð ástæðu til að taka fram í svari sínu til ráðuneytisins. Sést greinilega á þessu, að ekki skortir verkefnin.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég þakka fyrir þessi svör. Þau eru allýtarleg, það sem þau ná. Mér fannst rétt, að Alþingi fengi nokkuð að segja um þetta. Það er og gott að hafa þessar upplýsingar fyrirliggjandi til samanburðar eftir nokkur ár um það, hverju af þessu hefur tekizt að koma í verk. Ég vildi og óska frekari skýringa, hvort þessi nýja stofnun á að notast við ormaveikimeðal frá Dungal og einnig bóluefnisgerð Dungals, — hvort sú stofnun, sem Dungal veitir forstöðu, hættir sínu starfi. (*Menntmrh.:* Það er ekkert um það í fyrirspurninni. — *Atvmrh.:* Það mun ekki verða fyrst um sinn.) Svo að Dungal á þá að halda áfram með sitt!

59. Slys á Keflavíkurflugvelli.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til flugmrh. um slys á Keflavíkurflugvelli [171. mál, 1] (A. 480).

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Áki Jakobsson): Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa fyrirspurn. En eins og menn muna, hafa oftar en einu sinni komið til umræðu í blöðum slys og aðrir óvenjulegir atburðir í sambandi við flugvélar, sem ýmist voru að fara af stað eða koma. En ekki hafa fengizt opinberlega nægilega skýrar hugmyndir um þetta, svo að ég óska að fá upplýsingar um, hve mikil brögð hafa verið að slíkum misfellum og hvað gert hafi verið í málinu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég er ekki persónulega nákunnugur þessum málum. En skýrsla, sem ég hef í höndum, virðist benda á, að ekki sé ástæða til að telja, að mikið hafi verið um slys þarna í sambandi við þjónustu á vellinum. Vil ég þá leyfa mér að lesa upp skýrsluna.

„TF-ISH (Flugfélag Íslands h/f) 1/11 1948. Flugvélin rann út af braut í hálku, er hún var að aka í flugtaksstöðu á brautinni. Vinstri hjólaumbúnaður skemmdist, vinstri vængur, mótor og skrúfa, einnig mið-burðarbiti í búknum (centre section). Málið er í rannsókn og liggur nú í dómsmálaráðuneytinu.

F-BAZQ (Air France) 27/11 1948.

Flugvélin stóð fyrir framan flugstöðvarbygginguna, og voru farþegar að fara út úr henni, þegar eldur kom upp í farþegarúminu (klefanum). Gekk greiðlega að koma öllum farþegum út, og urðu engin slys á mönnum. Tókst að ráða niðurlögum eldsins, en flugvélin skemmdist talsvert, aðallega efri hluti búksins, og allur umbúnaður á farþegaklefa gereyðilagðist.

Gert var við flugvélina af Lockhead Aircraft Corp., og er hún nú að verða flugfær aftur. Engin rannsókn hefur farið fram um upptök eldsins. Álitið er, að kviknað hafi út frá rafmagni.

G-AHNN (British South American Airways) 31/12 1948.

Flugvélin fékk á sig snögga vindhviðu, er

hún var að aka eftir einni akstursbrautinni. Fór flugvélin út af brautinni með bæði framhjólin, og skemmdist við það einn hreyfillinn og loftskrúfan. Einnig mun hjólaumbúnaður hafa laskazt eitthvað. Nokkur hálka mun hafa verið á brautinni. Gert var við flugvélina hér, og flaug hún síðan á þrem hreyflum til Bretlands. Flugvélar af þessari gerð hafa reynzt hinir mestu gallagripir, og hefur brezka flugmálastjórnin bannað notkun þeirra nema til birgðaflutninga til Berlínar. Engin rannsókn hefur farið fram um orsök slyssins.

G-AGJP (British Overseas Airways Corp.) 24/2 1949.

Flugvél þessi reyndi fyrst aðflug og lendingu með aðstoð radarblindlendingatækja. Lendingin misheppnaðist, og tók flugvélin niðri fyrir utan brautina með annað hjólið, um leið og flugmaður hóf hana á loft aftur. Við þetta skemmdist vinstri hjólbarði, og varð áhöfnin vör við skemmdirnar. Voru því viðhafðar sérstakar varúðarráðstafanir af hálfu flugvallarins, með því að fleiri slökkviliðsbifreiðar voru hafðar til taks (tvær), fleiri slökkviliðsmenn og aðvörun send til sjúkrahússins. Svo illa vildi til, að önnur slökkviliðsbifreiðin festist í snjóskafli í brautarbrúninni, er hún var að aka út af brautinni, og stóð framendi hennar lítið eitt inn á brautina. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að losa bifreiðina áður en flugvélin lenti, og rann flugvélin út að vinstri brautarbrúninni og lenti á bifreiðinni. Sökum þess að vinstri hjólbarði flugvélarinnar var sprunginn, leitaði flugvélin til vinstri, eftir að hún var lent, og tókst flugmanninum ekki að halda henni á miðri braut. Skemmdir urðu á ytri hreyfli vinstra megin, og einnig skemmdist vinstri vængur allmikið. Rannsókn er hafin í máli þessu, en ekki lokið.

Þess ber að geta, að engin slys hafa orðið á mönnum vegna framangreindra óhappa.

Loftferðaeftirlitið hefur með aðstoð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og fulltrúa hans á Keflavíkurflugvelli rannsakað öll þau slys, sem fyrrnefndum aðilum hefur verið tilkynnt um.

GF-TFN (Trans-Canada Airlines) 10/1 1949, kl. 23.30.

Flugvél þessi rann í lendingunni á eitt brautarljósanna, og skeði ekki annað en að ljósið eyðilagðist, jafnframt því að annar vinstri hjólbarðinn skemmdist.

VH-TAO (Trans Australia Airlines) 11/1 1949, kl. 00.30.

Flugvél þessi rann í lendingunni út af flugbrautinni og skemmdist allverulega. Það mun þó verða gert við flugvélina hér, en aðalskemmdir eru á vinstri væng, vinstri hjólaumbúnaði, nefhjóli og vinstri hreyfli. Rannsókn hefur farið fram um orsök slyssins, og virðist hún í höfuðdráttum vera þessi: Mikill skafbylur var, er flugvélin lenti, og skyggni vart meira en ¼ mílu. Hugsanlegt er, að brautin hafi verið mishál og að það hafi orsakað eitthvað um, að flugvélin fór út af brautinni. Um leið og flugvélin lenti, kom snögg vindhviða á hægri hönd, sem þyrlaði snjóskýi upp fyrir framan flugvélina, og hefur það blindað flugmanninn og ef til vill hrakið flugvélina til vinstri.

USAF-5498 (United States Army Airforce) 18/1 1949.

Flugvél þessi mun hafa lent allharkalega, og sprungu við það þrír hjólbarðar; engar aðrar skemmdir urðu á flugvélinni, og hélt hún áfram ferð sinni, þegar búið var að skipta um hjólbarðana. *Engin rannsókn hefur farið fram.*"

Undirskrifað Haukur Claessen.

Fyrirspyrjandi (Áki Jakobsson): Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Ég býst við, að allir muni sammála um, að eitthvað sé hér í ólagi, þegar svona mörg slys geta átt sér stað. Rétt er það, að engir hafa orðið mannskaðar, en það er hins vegar tilviljun. T. d. komu tvö slys fyrir svo að segja samtímis, 10. og 11. janúar, með svo að segja klukkutíma millibili. Og það var hrein tilviljun, að ekki varð af stórslys. Þeir eru með bíla hingað og þangað um brautir og hafa ekki samband úr flugturninum, af því að talstöðvarbíllinn er í ólagi, svo að þeir vita ekki, hvar bílarnir standa, þegar þeir gefa flugvélinni merki um að setjast. En bíllinn sat þá fastur í fönninni, og slysið varð fyrir það, að sveigt var hjá bílnum. Mér finnst mjög einkennilegt það, sem hæstv. ráðh. sagði, að engin rannsókn hefur farið fram og ekki hafi verið talin ástæða til slíks. Við vitum, að ekki mega verða miklir árekstrar meðal bíla eða skemmdir á þeim, svo að ekki fari rannsókn fram; það er talið nauðsynlegt að staðfesta, hvað hefur skeð. Það væri fróðlegt að vita, hver það er, sem ákveður, hvort rannsókn skuli fara fram *á óhöppum og mistökum á flugvellinum*, hver fær skýrslurnar og hver ákveður, hvort ýtarlegri rannsókn eigi að fara fram eða ekki. Ég er mjög hræddur um, að þessi slys hljóti að verða til þess, að Keflavíkurflugvöllur verði ekki talið öruggt lendingarsvæði.

Ég fékk þær upplýsingar, að hált væri á Reykjavíkurflugvellinum, en aftur á móti væri búið að sandbera Keflavíkurflugvöllinn, en þegar til kom, var þar flughált, og rann flugvélin á hliðina. Ekkert slys hlauzt af þessu, en það hefði getað orðið, og sýnir þetta ófyrirgefanlegan trassaskap hjá þeim, sem þar stjórna þessum málum, enda er sagt, að félagið, sem þar hefur umsjón nú, hafi fengið það með því að bjóða niður önnur félög. T. d. er aðeins einn maður á vakt í flugturninum, og mun eitt slys hafa orðið af því, að hann gat ekki sinnt flugvél, sem var að lenda, og þó að ekkert slys hlytist af því, þá er slíkt óforsvaranlegt og verður að taka alvarlegum tökum. — Ég vil svo spyrja hæstv. ráðh., hvaða ákvörðun hafi verið tekin í þessu efni og hvort rannsókn eigi að fara fram eða ekki.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér heyrðist hv. þm. vita eitt og annað um þetta mál og meira en ég veit, en það er varhugavert að fara eftir því, sem slúðrað er, en viti hann eitthvað fyrir víst í þessu efni, væri æskilegt, að hann léti ráðuneytinu þær upplýsingar í té. En eins og ég sagði áðan, hafa þeir, sem þessum málum stjórna, ekki getið

þess, að ekki væri allt með felldu í þessum efnum. Rannsókn hefur farið fram í öll skiptin nema tvisvar, því þó að allt liggi ljóst fyrir um ástæðuna, verður rannsókn að fara fram vegna tryggingarinnar. Annars hvílir þetta á loftferðaeftirlitinu, sem á að hafa eftirlit með þessu, hvort ástæða þykir að fyrirskipa sérstaka rannsókn, en það á að afla sér upplýsinga hjá fulltrúa sínum á vellinum. Óski eftirlitið eftir sérstakri rannsókn, lætur ráðuneytið hana að sjálfsögðu fara fram.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi varpa fram þeirri athugasemd, hvort ekki væri rétt að haga því eins með flugslys eins og sjóslys, að um þau fjallaði sérstakur réttur, en þegar um slys á sjó er að ræða, fjallar sjóréttur um þau, *en hann er samansettur m. a. af* kunnáttumönnum í þessum málum. Ég held, að hér fari fram rannsókn á flugslysum, þó að ekki sé um banaslys að ræða, og þessi rannsókn fer fram hjá sakadómara og það að því er virðist án þess, að menn með flugkunnáttu fjalli þar um. Ég vil því varpa fram þeirri uppástungu, að sérstökum rétti verði falið að fjalla um öll flugslys og það með hjálp kunnáttumanna í þessum efnum. Ég veit ekki, hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum þjóðum, en ég vil vekja athygli á þessari uppástungu og þykir ósennilegt, að slíkt mál eigi heima hjá sakadómara nema eitthvað sérstakt sé að. Mér er kunnugt um það, að eins og nú er málum háttað, þá eiga flugmenn erfitt með að fá úr því skorið, hvort þeir eiga sök á slysum, sem þeir lenda í, svo að réttindi þeirra skerðist. Það er einnig full þörf að athuga, hvernig þessum málum er háttað og fyrir komið hjá þeim þjóðum, sem hafa stundað flug lengur en við. Mér finnst því sjálfsagt, að sérstakur dómur rannsaki öll flugslys, án þess að kæra komi til greina. Það er einkum fagleg kunnátta ásamt kunnáttu í lögum, sem er líklegust til að komast næst hinu sanna í þessum málum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af ræðu hæstv. fjmrh. vil ég taka það fram, að slíkt fyrirkomulag eins og hann minntist á er einmitt til athugunar í ráðuneytinu.

60. Olíutankar á Keflavíkurflugvelli.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til flugmrh. um olíutanka á Keflavíkurflugvelli [171. mál, 2] (A. 480).

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Um þau atriði, sem fyrirspurnin fjallar um, hefur mér borizt eftirfarandi skýrsla frá flugráði, dagsett 29. marz s. l.:

„1. Fram að 1. sept. 1947 var benzín í eigu bandarísku ríkisstj. á geymunum á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt samningi milli eiganda benzínsins og olíufélagsins Intava tók sá síðarnefndi að sér að afgreiða það á flugvélar, er um völlinn fóru. Umboðsmenn Intava var Hið íslenzka steinolíufélag. Um þann 1. sept. 1947 var látið benzín á geymana, sem var eign Olíufélagsins h.f., og hefur félag það síðan haft á hendi afgreiðslu flugbenzíns til allra flugvéla, er um völlinn hafa farið. Sérstakur samningur er milli Esso Export Corporation og bandarísku ríkisstj. um það, að það félag eða umboðsmenn þess hér (Olíufélagið h.f.) afgreiði benzín á allar flugvélar á vegum bandarísku ríkisstj., er um Keflavíkurflugvöll fara.

Ætlazt er til, að Olíufélagið greiði leigu eftir geymana frá þeim tíma, að þeirra eigið benzín var látið á þá, þ. e. frá 1. sept. 1947.

2. Alls eru 12 benzíntankar við flugvöllinn. 11 þeirra eru nothæfir. Samtals taka þeir tankar, sem nothæfir eru, um 2600 tonn af flugbenzíni.

Eigi hefur enn verið greidd nein leiga eftir tankana, en samningar standa yfir um hana. — Ég skal skjóta því hér inn í skýrsluna, að enn hefur ekki alveg verið gengið frá, hve há leigan verður, en þegar er búið að greiða nokkra tugi þúsunda upp í það, og mun ég upplýsa það, ef hv. þm. óskar eftir því.

3. Þar eð ofangreindir 12 tankar eru allir í einu kerfi og aðeins ein leiðsla frá þeim til sjávar, er ekki hægt að láta fleirum en einum aðila í té afnot þeirra. — Hér vil ég bæta því við, að flugmálastjóri hefði helzt viljað skipta þessu niður, svo að fleiri félög hefðu getað haft afnot af þeim.

Olíuverzlun Íslands h.f. hefur nýlega komið fyrir 50 tonna tanka á flugvellinum og mun afgreiða af honum á flugvélar, ef sérstaklega er óskað eftir benzíni frá því félagi.

5 hráolíugeymar eru einnig við flugvöllinn, og eru þeir notaðir undir brennsluolíu Bandaríkjamanna þar á staðnum.

Fylgiskjal endursendist.

F. h. flugráðs

Haukur Claessen.

Til flugmálaráðuneytisins."

Ég hygg, að ég geti ekki svarað þessu betur á þessu stigi málsins, þ. e. um leiguna, en vona að geta upplýst hv. þm. um það, ef hann óskar þess sérstaklega.

Fyrirspyrjandi (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör þau, sem hann hefur gefið við fyrirspurnum mínum. En mér finnst, að þessir samningar gangi seint, því að þegar ég 1947 bar fram till. um endurskoðun Keflavíkursamningsins, skýrði hæstv. dómsmrh. svo frá, að þessir samningar stæðu þá yfir, svo að nokkuð hefur þetta dregizt á langinn. Þá vil ég sérstaklega spyrja hæstv. flugmrh., út af því, sem hann lýsti

yfir, að Olíufélagið afgreiddi benzín til flugvéla Bandaríkjastjórnar, hvers konar ráðstafanir hafi verið gerðar af hinu opinbera, hvaða tankapláss sé notað handa flugvélum Bandaríkjastjórnar og hvaða handa privatviðskiptaflugvélum. Ég skil ekki heldur, hvers vegna önnur félög geta ekki fengið aðgang að tönkunum með því að leggja önnur leiðslukerfi.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda, að þetta hafi dregizt nokkuð úr hófi. Ég hafði haldið, að þessu væri lokið. Það er rétt, að það verður að greina á milli afnota Bandaríkjastjórnar og annarra viðskiptavina, en það mun vera gert, þegar benzínið rennur í gegn, en á hvern hátt það er gert, veit ég ekki.

61. Landspróf.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um tilkostnað ríkissjóðs við landspróf [171. mál, 3] (A. 480).

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það hefur vakið nokkurt umtal nú undanfarið, hvernig landspróf væru framkvæmd og hvaða kostnaður væri af þeim, og ber ég því fram þessa fyrirspurn, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa þetta mál.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Samkv. upplýsingum ríkisbókhaldsins segir: Hinn sérstaki kostnaður, sem miðskólapróf (landspróf) hefur haft í för með sér umfram þann prófkostnað, sem áður var, er þóknunin til landsprófsnefndarmanna, 9 að tölu auk formanns. Árið 1948 voru hverjum nefndarmanni goldnar 600 kr. í þóknun, en formanni 3000 kr. Árið 1947 var þóknun nefndarmanna 600 kr. til hvers, en greiðsla til formanns 5000 kr. Árið 1946 fengu nefndarmenn einnig 600 kr. þóknun hver og formaður einnig 600 kr.

Landspróf 1946 mun alls hafa kostað 60000,00 kr.

Landspróf 1947 mun alls hafa kostað 30600,00 kr.

Landspróf 1948 mun alls hafa kostað 44551,00 kr., eða kostnaður samtals þessi 3 ár krónur 135151,00.

Kostnaðurinn hefur því verið mestur fyrsta árið, en það stafar af því, að þá þurfti ýmiss konar undirbúning, sem varð allkostnaðarsamur.

62. Kvikmyndahús háskólans.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um tekjur og tilkostnað við kvikmyndahús háskólans [171. mál, 4] (A. 480).

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þessarar fyrirspurnar er sú, að það hefur vakið óánægju hjá kvikmyndahúsaeigendum og þeim, sem kvikmyndahús sækja, að kvikmyndahús háskólans, Tjarnarbíó, sem nýtur ýmissa sérréttinda, hafi rekið óheppilega samkeppni við önnur kvikmyndahús og hafi boðið mikið í myndir og á þann hátt gert öðrum erfiðara fyrir. Ég hef því spurt um þetta til að fá að vita, hvað húsið hafi gefið mikið af sér brúttó og nettó síðan starfræksla þess var hafin. Þá spyr ég einnig um það, sem erfitt er að svara, hve mikið húsið hafi hækkað tilkostnað annarra kvikmyndahúsa með háum boðum fyrir notkun mynda. Og svo að lokum atriði, sem er mikils um vert, hve mikið þetta kvikmyndahús greiði forstöðumanni sínum, sem jafnframt er einn af kennurum skólans, sem árleg laun, þóknun og útgjöld við ferðir.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér hefur borizt eftirfarandi svar við þessari fyrirspurn frá rektor háskólans, prof. Alexander Jóhannessyni, dagsett 31. marz 1949:

„1. Brúttó- og nettótekjur hafa verið sem hér segir:

1942 (frá 8. ág.)	brúttó kr.	383013,50	nettó kr.	78792,81
1943	— —	1305161,00	— —	355411,84
1944	— —	1215643,00	— —	231063,18
1945	— —	1239803,23	— —	177523,28
1946	— —	1269651,18	— —	408402,69
1947	— —	1262260,38	— —	404374,75
1948	— —	933811,24	— —	277676,27

Hér ber að geta þess, að enn er verið að afskrifa byggingarkostnað vegna breytinga hússins samkvæmt venjulegum reglum. Skemmtanaskatt greiddi kvikmyndahúsið til ársloka 1945.

2. Þessa spurningu tel ég ekki svara verða.

3. Prof. Niels Dungal átti mikinn þátt í að koma kvikmyndastarfseminni á laggirnar og hefur verið formaður stjórnarinnar frá byrjun til ársloka 1948. Hann hefur gert samninga við erlend félög og annazt bréfaskriftir öll árin. Bréfaskriftirnar m. m. hafa verið umfangsmiklar, og í byrjun var þóknun hans fyrir öll hans störf miðuð við það, að hann greiddi aðstoðarstúlku við bréfaskriftirnar helming þeirrar

þóknunar, sem honum var ákveðin. Þóknun hans hefur verið sem hér segir:

1942 kr. 3561,00
1943 — 12300,00
1944 — 12856,00 ferðakostnaður 6760,90
1945 — 13308,00
1946 — 14052,00
1947 — 15120,00
1948 — 14400,00 ferðakostnaður 7300,00."

Þetta er allt lestur á bréfi frá próf. Alexander Jóhannessyni. Ég hef engu að bæta við um 2. spurninguna, sem rektor segir, að ekki sé svara verð. Ég hef ekki náð tali af rektor og get því ekkert frekar um þessi mál sagt en í bréfinu stendur.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þetta er allglögg skýrsla, svo langt sem hún nær, og til bóta að hafa fengið hana. En það er óneitanlega mikill tilkostnaður, að ágóði skuli ekki vera nema 270 þús. kr., þegar tekjur eru 900 þús. kr. Enn fremur eru það allmikil aukalaun fyrir mann, sem er á fullum launum, auk rannsóknarstofunnar, að hafa 14—15 þús. kr. fyrir þetta starf, enda hefur rektor átt þátt í því að breyta þessu og láta próf. Dungal hætta þessu starfi. Um það atriði, sem rektor vildi ekki svara, gerir ekki svo mikið til, því að það upplýsist vafalaust öðruvísi. Mér er kunnugt um og mun skýra borgurunum frá því, hve mikið þessi stofnun skaðar önnur kvikmyndahús með óhæfilegum yfirboðum. Þetta er athugavert fyrir hæstv. ráðh. og sýnir, hvernig ríkisrekstur notar skattfrelsi sitt til óleyfilegra yfirboða. — Ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir þessar upplýsingar og mun bæta við þær síðar.

63. Húsameistara- og eftirlitsstörf við nokkur stórhýsi.

Á 52. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um kostnað við húsameistara- og eftirlitsstörf við nokkrar stórbyggingar [171. mál, 5] (A. 480).

Á 53. fundi í Sþ., 24. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Því miður hefur ekki enn unnizt tími til að athuga þetta að fullu, en það verður tekið til athugunar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég mun bíða eftir svarinu. En ástæðan til fyrirspurnarinnar er sú, að ég tel nauðsyn fyrir þm. að vita þetta til þess að geta dæmt um það, hvort fela skuli húsameistara ríkisins þetta eða bjóða út til einstakra manna .... Þetta er ekki fullsannað um eitt atriðið. Ég bendi á það, að þessi ríkisrekstur er miklu ódýrari en einstaklingsrekstur, og í öðru lagi bendi ég á, að húsameistari ríkisins hefur sjálfur eftirlit með þeim stórbyggingum, sem hann hefur með höndum. Þetta virðist ekki gert hjá einstökum arkitektum, sem taka upp á akkorð. Þeir fá því meira, því dýrari sem byggingin er.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Það er ein af þessum stofnunum, sem um er spurt, sem heyrir undir mitt ráðuneyti. Stýrimannaskólinn nýi sem kallaður er í fyrirspurninni, þ. e. Sjómannaskólinn, og get ég gefið þær upplýsingar strax, þótt ekki séu í svipinn tiltæk svör varðandi allar þær stofnanir, sem hér er spurt um. Umsjón með byggingunni hafði nefnd, sem til þess var skipuð, og réð hún, eða ráðuneytið, húsameistara, sem störfuðu allan tímann eða árum saman og fengu fyrir störfin samtals kr. 144453,76. Enginn sérstakur eftirlitsmaður var ráðinn umfram húsameistarana, svo að eftirlitslaunin voru engin.

Gísli Jónsson: Mér þykir rétt í tilefni af þessum upplýsingum að minna á, er hæstv. atvmrh. var að gera veður út af því, hvað mér hefði verið greitt fyrir umsjón með togarakaupunum fyrir ríkisins hönd. Það voru 300 þús. kr., sem ég fékk fyrir umsjón með smíði 30 togara, á móti 144 þúsundum hér fyrir umsjón með smíði eins húss, og er þá ekki reiknað með því, sem greitt hefur verið fyrir teikningar hússins.

Umr. frestað.
Á 66., 69. og 70. fundi í Sþ., 20. og 27. apríl, 4. maí, var fyrirspurnin tekin til frh. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

64. Prófdómendur og prófnefndir.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um tilkostnað við prófdómendur og prófnefndir árið 1948 [185. mál, 1] (A. 531).

Á 64. fundi í Sþ., 8. apríl, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Nokkru af þessu hefur verið svarað áður, en þó hefur dregizt nokkuð lengi að fá fullnaðarsvör, og þessi fyrirspurn er dálítið víðtækari en fyrri fsp. Landsprófin eru nýjung

hjá okkur og margir efast um gildi þeirrar nýjungar. Hér er þó aðeins spurt um tilkostnaðinn við þessi próf.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Kostnaðurinn við 1. lið á þskj. var árið 1948 kr. 5400.00. — Um 2. lið er það að segja, að mér er ekki alveg ljóst, hvort hv. þm. á við prófdómendur alls eða við prófdómendur við landspróf eingöngu. — Um það, sem spurt er um í 3. lið, eru eigi fyrir hendi nákvæmar upplýsingar, en mun vera alls röskar 300 þús. kr. Dagkaup prófdómenda er annars sama og kaup það, sem greitt er fyrir stundakennslu, og það er samkv. reglugerð frá 27. sept. 1947 sem hér segir:

Í Menntaskólanum	kr.	7.70
- Kennaraskóla Íslands, vélstjóraskólanum, stýrimannaskólanum	—	7.20
- gagnfræða- og héraðsskólum	—	6.50
- íþróttakennara- og húsmæðrakennaraskólum	—	6.00
- húsmæðra- og unglingaskólum	—	5.25
- barnaskólum	—	4.70

Orlofsfé er þarna talið með, en á þetta er svo greidd verðlagsuppbót. Annars má fá allar upplýsingar um þetta mál í reglugerð frá 27. sept. 1947, eins og ég gat um áðan. — Um 4. tölul., sem er um prófkostnað við hina ýmsu skóla 1948, er það að segja, að fræðslumálaskrifstofan hefur verið beðin að svara þessu, en hún kveðst ekki geta það enn þá, þar sem uppgjör hafi ekki borizt frá öllum skólum, en þessar skýrslur eru nú að koma, svo að vonandi verður hægt að svara þessu fljótlega.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör, og vænti, að svör til viðbótar komi bráðlega, og mætti þá einnig gefa upplýsingar um þessi mál frá 1947 og hver hafi verið kostnaður við þau þá.

65. Stöðuveitingar við atvinnudeild háskólans.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um stöðuveitingar við atvinnudeild háskólans [185. mál, 2] (A. 531).

Á 64. fundi í Sþ., 8. apríl, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Með fyrirspurn þessari er ætlazt til að fá því svarað, hve margir fastir menn eru nú og á síðastliðnu ári við atvinnudeild háskólans, hve margir lausir og hve kostnaður hafi orðið mikill við þetta árið 1948. Það er vitað, að atvinnudeildin hefur þanizt mikið út, og væri fróðlegt að fá upplýsingar um þá aukningu. Einnig er spurt um, hver ferðakostnaður deildarmanna hafi orðið innanlands og við utanferðir og hver árangur hafi orðið af starfi deildarinnar. Ég vildi, að það kæmi í ljós, hvort það er rétt, sem ekki er óeðlilegt að halda, hvort fjölgað hafi verið mikið við þessa stofnun án þess að ástæða sé til, en þessi stofnun á að efla atvinnuvegina, og væri því fróðlegt að fá um þetta skýr svör, hvers virði starf þessarar stofnunar er fyrir atvinnuvegi landsmanna.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Í sambandi við þær spurningar, sem hér liggja fyrir og heyra undir mitt ráðuneyti, hef ég leitað til atvinnudeildar háskólans og fengið svör við fsp. á þskj. 531. Þessum svörum fylgdi eftirfarandi bréf frá Pálma Péturssyni:

„Bréf yðar dags. 11. þ. m. móttekið. Vér leyfum oss hér með að senda yður svör við fyrirspurnum á þskj. 531.

Í sambandi við svörin er rétt að taka fram:

1) Fyrirspurn nr. 1 og 3 höfum vér leyft oss að svara í einu lagi, þar sem oss er ekki ljóst, hvernig á að skipta sérfræðingum stofnunarinnar í vísindamenn og fræðimenn, og höfum því svarað báðum spurningunum með því að telja upp þá sérfræðinga, sem vinna við hverja deild.
2) Vér höfum leitað umsagnar deildarstjóra viðvíkjandi spurningum nr. 5, og fylgir hjálagt svar þeirra, ásamt svari frá sérfræðingi Sig. Péturssyni.

Virðingarfyllst
Pálmi Pétursson.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík."

Hér fara á eftir svörin:

Svar við 1. og 3. lið.

Iðnaðardeild:			
deildarstjóri	Gísli Þorkelsson	ráðinn	1946
aðrir	Jón E. Vestdal	—	1937
sérfræðingar	Bjarni Jósefsson	—	1937
	Sig. Pétursson	—	1937
	Tómas Tryggvason	—	1947
	Óskar Bjarnason	—	1945
	Haraldur Ásgeirsson	—	1946
	Jóhann Jakobsson	—	1946
Búnaðardeild:			
deildarstjóri	Halldór Pálsson	—	1944
aðrir	Björn Jóhannesson	—	1945
sérfræðingar	Áskell Löve	—	1945
	Pétur Gunnarsson	—	1939
	Ingólfur Davíðsson	—	1937
	Geir Gígja	—	1937
	Kristín Kristjánsdóttir	—	1948
Fiskideild:			
deildarstjóri	Árni Friðriksson	—	1937
aðrir	Hermann Einarsson	—	1945
sérfræðingar	Jón Jónsson	—	1947
	Unnsteinn Stefánsson	—	1948

Hr. bónda Jakob Líndal er greitt á vegum búnaðardeildarinnar styrkur til rannsóknarstarfa, grunnl. 2500 kr. á ári.

Svar við 2. lið.

Við iðnaðardeild vinna 1 aðst.m., 5 aðst.st.
— fiskideild — 2 — 4 —
— fjörefnarannsóknir 1

4 aðst.m. 9 aðst.st.

Þar að auki við sameiginlega stjórn stofnunarinnar ritari, 2 skrifstofustúlkur, viðgerðarmaður og húsvörður.

Svar við 4. lið:

Skv. reikningi atvinnudeildarinnar fyrir árið 1948 var kostnaður sem hér segir:

a) Laun skv. launaskrá, er fylgdi ársreikningi 1948:

	Fastráðið starfsfólk	Lausafólk		
Iðnaðard.	kr. 320591.48	13957.80	— 334549.28	
Búnaðard.	— 210900.00	7458.00	— 218358.00	
Fiskid.	— 196133.26	18150.00	— 214283.26	
Sam. kostn.	— 82468.75	5962.50	— 88431.25	
Fjörefnar.	— 26000.00		— 26000.00	
				kr. 881621.79

b) Húsaleiga, ... 35330.00
rafmagn, gas, ljós 26316.60
— 61646.60

c) Ferðakostnaður:

Fiskid. erl. ferðakostn.	kr. 23320.75		
innl.	— 32220.08		
		55540.83	
Búnaðard. erl. ferðakostn.	— 5100.08		
innl.	— 28370.48		
		33470.58	
		—	89011.41

d) Annar kostn. skv. reikn. 1948:

Iðnaðard.: Gjöld	— 113924.03		
Tekjur	— 223005.39		
		109081.36	
Búnaðard.: Gjöld	— 111208.72		
Tekjur	— 33584.87		
		77623.85	
Fiskid.: Gjöld	— 122039.87		
Kostn. v/flutninga	— 88748.17		
Hafrannsóknir	— 508646.28		
		719433.70	
Rekstrarhalli Hestsbúsins		78103.59	
—— Engeyjarbúsins		24132.32	
—— Úlfarsárbúsins		64278.91	
Fjörefnarannsóknir		37155.39	
Kostn. v/undirbúnings sem.verksm.		8778.07	
Sam. kostn.: Gjöld	— 84658.88		
Tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands	— 103545.00		
Tekjur af sparisjóðsinnst.	— 4995.03		
		23881.15	
		—	876543.32
		Rekstrarhalli samtals	kr. 1908823.12

Framlag ríkissjóðs 1948		kr. 2031595.72
÷ ágóðahluti af happdrætti Háskóla Íslands	103545.00	
÷ Matvælaeftirlitið	86320.00	
	—	189865.00
	—	1841730.72
Fasteignamat Engeyjar fært til jafnaðar	—	51100.00
Mism. fasteignamats Eyrargötu 8, Siglufirði og áhvílandi veðláns fært til jafnaðar	—	2350.00
	—	1895180.72
Eignarýrnun á árinu 1948	—	13642.40
	Kr.	1908823.12

Hér kemur svo svar iðnaðardeildar við spurningunni:

„Hefur orðið sýnilegur árangur af starfi deildarinnar eða einstakra vísindamanna, sem starfa þar, og í hverju er sá árangur fólginn?"

Verksvið iðnaðardeildar er fjölþætt, en í framkvæmd má skipta því í tvo meginþætti, þ. e.:

I. Rannsókn á aðsendum sýnishornum.

II. Sjálfstæð rannsóknarefni.

I. Rannsóknir á aðsendum sýnishornum hafa hingað til krafizt meginhluta starfskrafta deildarinnar. Þessar rannsóknir eru fyrst og fremst þjónusta í þágu iðnaðarins og annarra verklegra framkvæmda í landinu. Hinn sýnilegi árangur af þessum rannsóknum kemur að jafnaði ekki almenningi fyrir sjónir, og verða þær því að metast eftir þörfinni fyrir slíkar rannsóknir og hvernig henni er fullnægt. Stöðugur vöxtur iðnaðar og annarra verklegra framkvæmda undanfarið gerir vaxandi kröfur til þessa hluta starfseminnar. Eftirfarandi flokkun á aðsendum sýnishornum getur gefið nokkra hugmynd um nauðsyn og gildi þessara rannsókna:

1. Almennar efnarannsóknir:

a) Fóðurefnarannsóknir, gerðar fyrir búnaðardeild í sambandi við fóðurtilraunir og fóðureftirlit eða fyrir tilraunastöðina á Sámsstöðum í sambandi við ræktunartilraunir o. fl.

b) Efnarannsóknir á útflutningsafurðum, svo sem síldarmjöli, síldarlýsi og fiskimjöli til útflutnings. Þess er jafnaðarlega krafizt í samningum, að vottorð frá opinberri efnarannsóknarstofnun fylgi hverjum farmi.

c) Vatnarannsóknir, ýmist á vatni til neyzlu eða iðnaðar. Deildin hefur m. a fylgzt með ketilvatni varastöðvarinnar við Elliðaár frá byrjun hennar.

d) Rannsóknir á eldsneyti, benzíni og smurningsolíu, sem hafa vaxandi þýðingu vegna flugsins og aukins vélakosts í landinu.

e) Rannsóknir fyrir yfirvöldin í sambandi við sakamál og slysfarir.

f) Ýmsar rannsóknir, svo sem á hráefnum til iðnaðar, salti, frostvara á bíla o. fl., verzlunarvörum, auk ýmiss konar ráðgjafastarfsemi.

2. Gerla og mjólkurrannsóknir. (Sjá greinargerð Sig. Péturssonar.)

3. Matvælarannsóknir. Varðandi matvælarannsóknir, sem framkvæmdar eru vegna matvælaeftirlitsins, verður að vísa til landlæknis eða heilbrstj.

4. Byggingarefnisrannsóknir.

a) Rannsókn á möl og sandi til byggingar. Byggingarefni með röngum hlutföllum á milli kornastærða eru óheppileg eða óhæf til notkunar. Einföld rannsókn gefur til kynna, hvers konar efnum eigi að blanda saman til þess að fá þau góð.

b) Prófun á brotþoli steinsteypu. Með stöðugu eftirliti með brotþoli steypu má koma í veg fyrir, að of veikt sé byggt.

c) Rannsókn á bindiefnum til byggingar og vegagerðar.

d) Rannsókn á steinefnum til byggingar og vegagerðar.

e) Rannsókn á einangrunarefnum.

f) Ráðgjafastarfsemi í þágu byggingariðnaðarins.

5. Jarðfræðirannsóknir.

a) Borkjarnarannsóknir fyrir jarðboranir ríkisins, einkum í sambandi við boranir eftir heitu vatni og gufu.

b) Jarðfræðilegar rannsóknir í sambandi við jarðgöng við Sogsvirkjunina.

c) Jarðfræðileg ráðgjafastarfsemi.

II. Sjálfstæð rannsóknarefni:

1. Innlend einangrunarefni.

Kerfisbundnar mælingar á einangrunarhæfileika og styrkleika innlendra einangrunarefna. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa verið notaðar við framleiðslu á einangrunarefnum hér.

2. Manneldisrannsóknir.

Auk matvælarannsókna vegna heilbrigðiseftirlitsins hefur iðnaðardeild gert efnarannsóknir á matvælum fyrir manneldisráð, og voru niðurstöður þeirra notaðar við rannsókn á mataræði Íslendinga.

3. Neftóbaksgerð.

Árið 1940 voru í iðnaðard. gerðar tilraunir með vinnslu neftóbaks, er líktist neftóbaki frá Brödrene Braun, með þeim árangri, að sama ár var hafin framleiðsla á innlendu neftóbaki að fyrirsögn forstjóra iðnaðardeildar. Stríðsárin var allt neftóbak framleitt hér á landi, og eftir stríðið var því haldið áfram, þar sem bæði líkaði íslenzka neftóbakið betur en það innflutta og var ódýrara. Líklegt er, að beinn hagnaður ríkissjóðs af neftóbaksgerðinni frá byrjun hafi numið milljónum króna, auk mikils gjaldeyrissparnaðar.

4. Hraðfrystur fiskur.

Ýmis vandamál í sambandi við fiskfrystingu og geymslu á hraðfrystum fiski hafa verið tekin fyrir og rannsökuð eða leyst í samvinnu við fiskmatið.

5. Hvera- og laugavatn.

Kerfisbundnar rannsóknir á hveravatni hafa verið framkvæmdar á vatni úr nær öllum helztu hverasvæðum landsins. Niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir í handriti að skýrslu iðnaðardeildar fyrir árið 1945—1946.

6. Kennsla við háskólann.

Árin 1937—46 var kennsla í efnafræði framkvæmd af forstjóra iðnaðardeildar, auk annarra starfa við deildina.

7. Mórannsóknir.

Víðtækar rannsóknir hafa verið gerðar á hitagildi og öskuinnihaldi í mó sunnan- og vestanlands. Rannsóknir þessar voru gerðar fyrir Rannsóknaráð ríkisins.

8. Sementsverksmiðja.

Undirbúningur að byggingu sementsverksmiðju hefur verið framkvæmdur af starfsmönnum iðnaðardeildar. Í því sambandi vísast til grg. með frv. til l. um sementsverksmiðju s. l. ár.

9. Lýsisherzluverksmiðja.

Undirbúningur að byggingu lýsisherzluverksmiðju var fyrst hafinn í iðnaðardeild. Árið 1947, er sá undirbúningur var allvel á veg kominn, var stjórn Síldarverksmiðja ríkisins falið að halda honum áfram. Gögn öll varðandi þetta mál voru þá afhent stjórn síldarverksmiðjanna.

10. Biksteinn.

Bráðabirgðaathugun hefur farið fram á því, hvort biksteinn finnist hér á landi, og hefur hann fundizt á Austurlandi. Undirbúningur er hafinn að rannsókn á magni hans og útbreiðslu næsta sumar. Biksteinn getur orðið mikil útflutningsvara, ef nægilegt magn finnst og er aðgengilegt.

11. Heklurannsóknir.

Efnarannsóknir voru gerðar á ýmiss konar gosefnum úr síðasta Heklugosi. Hafa m. a. fengizt allgóðar upplýsingar um, hvernig flúor breiðist út af völdum gossins. Niðurstöður verða birtar ásamt öðrum gögnum, sem aflað hefur verið um þetta gos.

12. Niðursuðumat.

Frjálst mat á niðursuðuvörum til útflutnings hefur verið framkvæmt á meiri hluta þeirra niðursuðuvara, sem fluttar hafa verið út síðan í ársbyrjun 1948.

Atvinnudeild Háskólans,
Iðnaðardeild.
Gísli Þorkelsson.

Gerla- og mjólkurrannsóknir.

A) *Aðsend sýnishorn* 15/9—31/12 1948:

8679 sýnishorn, mest vegna mjólkureftirlitsins. Um árangur þeirra rannsókna vísast til þeirra, sem eftirliti þessu stjórna.

B) *Sjálfstæðar rannsóknir.* Helztu viðfangsefni:

1. Rannsakaður gerlagróður skyrsins, gerður hreinræktaður þéttir til skyrgerðar og skyrgerðaraðferðir endurbættar.

2. Fundin orsök að málmbragði að gerilsneyddu mjólkinni í Reykjavík.

3. Gerðar efnarannsóknir á íslenzkri kúamjólk og fylgzt með breytingum á efnasamsetningu hennar í heilt ár.

4. Gerðar athuganir á kalsium- og fosfórmagni í íslenzku kúafóðri með tilliti til sjúkdóms í kúm, er einkum gerði vart við sig í Eyjafirði.

5. Prófaðar ýmsar aðferðir við votheysgerð, m. a. reynt að bæta í heyið mysu og mais.

6. Rannsakaður gerlagróður í nýveiddum þorski og síld. Niðurstöður rannsóknanna hafa verið birtar í skýrslum iðnaðard. 1938—1944 og í eftirtöldum ritgerðum:

Die Milshwirtschaft auf Island (Molkerei-Zeitung Hildesheim 52. nr. 17 1938).

Málmbragð af mjólk (Freyr 34. bls. 110. 1939).

Die Mikroben im isländischen Speisequark Alþt. 1948. D. (68. löggjafarþing).

(skyr) (Vorratspflege und Lebensmittelforschung Band III, S 122. 1940).

Um skyr og skyrgerð (Freyr 35. bls. 146. 1940).

Kalzium und Phosphor im Futter isländischer Milchkühe (Greinar II, 2., Afmælisrit Vísindafélags Íslendinga 1943).

Votheysgerð (Tímarit V.F.Í. 28. ár. bls. 46. 1944).

Gerlar í fiski (Ægir bls. 242. 1944).

Saltkærir gerlar valda skemmdum (Tímarit V.F.Í. 31. ár. bls. 11. 1946).

Die Herkunft der Milchsäurelangstäbchen des isländischen Speisequarks (Acta Naturalia Islandica Vol. I, No. 5. 1946).

Votheysgerð (Freyr 42, bls. 251. 1947).

Gerlarannsóknir á nýjum þorski (Tímarit V.F.Í. 32. árg. bls. 72. 1948).

Sigurður Pétursson.
(sign)

Búnaðardeild. Svar við spurningunni:

„Hefur orðið sýnilegur árangur af starfi deildarinnar eða einstakra vísindamanna, sem starfa þar, og í hverju er þá fólginn sá árangur?"

Það er ekki unnt að gefa fullnægjandi svör við þessari spurningu nema með langri ritgerð, því að viðfangsefni deildarinnar eru svo fjölbreytt. Reynt verður hér að stikla á helztu atriðunum.

Með l. nr. 64 frá 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, er búnaðardeildinni ætlað að vinna að eftirtöldum verkefnum: Jarðvegsrannsóknum, jurtakynbótum og frærannsóknum, jurtasjúkdómarannsóknum, fóðurrannsóknum og fóðurtilraunum, búfjárkynbótum og búfjársjúkdómarannsóknum. Með l. um tilraunastöð háskólans í meinafræði voru búfjársjúkdómarannsóknirnar leystar frá búnaðardeildinni.

Þótt atvinnudeild háskólans væri vígð 1937, tók búnaðardeildin lítt til starfa fyrr en á árunum 1944 og 1945. Aðeins einn sérfræðingur réðst að deildinni 1937 og annar 1939, sá fyrrnefndi til að annast rannsóknir á jurtasjúkdómum og sá síðarnefndi til þess að vinna að fóðurtilraunum og fóðurrannsóknum. Á árunum 1944 og 1945 réðust svo að deildinni þrír sérfræðingar í eftirtöldum greinum: búfjárkynbótum, jarðvegsrannsóknum, jurtakynbótum og frærannsóknum. Auk þess var skordýrafræðingur fluttur frá fiskideild til búnaðardeildar árið 1945 og hefur unnið þar síðan. Þessir sérfræðingar hafa allir komið að tómum kofunum, ef svo mætti að orði komast. Alla aðstöðu og áhöld til tilraunastarfsemi og vísindaiðkana vantaði í fyrstu. Alþ. og ríkisstj. hafa sýnt málefnum stofnunarinnar mikinn skilning og veitt fé til uppbyggingarstarfseminnar smátt og smátt. Hefur því skapazt smám saman allgóð vinnuaðstaða fyrir flestar greinar þeirrar starfsemi, sem deildin á að hafa með höndum, og er hún nú allvel búin tækjum. En það hefur tekið sérfræðinga deildarinnar mikinn tíma að skapa þessa vinnuaðstöðu með því að fá tæki í rannsóknarstofurnar og koma upp tilraunabúum o. fl. o. fl.

Viðfangsefni búnaðardeildarinnar eru flest þess eðlis, að það þarf að vinna að þeim í mörg

ár áður en endanlegar niðurstöður koma í ljós. Allar ræktunartilraunir jurta og dýra eru í þessum flokki. Annar flokkur viðfangsefnanna er þannig, að árangur kemur í ljós á fáum árum, t. d. ýmsar fóðurtilraunir o. fl. Þriðji flokkur viðfangsefnanna gefur hins vegar hagnýtan árangur þegar í stað, t. d. ef erlent meindýr berst til landsins með vörum og tekst að hindra útbreiðslu þess, eftirlit með fóðurvörum o. fl.

I. Jurtasjúkdómarannsóknir.

Árið 1947 kom út á vegum búnaðardeildar ýtarleg skýrsla um niðurstöður á rannsóknum á jurtasjúkdómum og vörnum gegn þeim, sem unnið hefur verið að við deildina á árunum 1937—1946, Rit landbúnaðardeildar A-Flokkur Nr. 2.

Árangur þessara rannsókna er meðal annars í því fólginn, að fengizt hefur þekking á því, hvaða jurtasjúkdómar eru til í landinu á helztu nytjajurtum, hve útbreiddir þeir eru, hve miklu tjóni þeir valda og hvort þeir eru gamlir og landlægir eða nýkomnir til landsins. Enn fremur hafa verið gerðar tilraunir með varnir gegn þessum sjúkdómum, bæði með notkun lyfja og með því að finna með tilraunum ónæmustu afbrigði jurtanna, t. d. kartöflunnar.

Rannsóknirnar hafa leitt í ljós:

A. Að þótt margir jurtasjúkdómar séu hér í landinu, þá eru þeir mun færri en t. d. í nágrannalöndum okkar. Er því ástæða til þess að herða á eftirlitinu með innflutningi jurta, enda hefur það verið gert fyrir atbeina deildarinnar.

B. Jurtasjúkdómar valda hér verulegu tjóni á flestum nytjaplöntum.

C. Flestir sjúkdómar á útijurtum eru útbreiddir um allt land, en aðrir, t. d. kálmaðkur og kálæxli, eru á takmörkuðum svæðum.

D. Á innijurtum eru ýmsir sjúkdómar, sem aðeins gætir innanhúss, og eru þeir aðallega bundnir við gróðurhúsin.

Varnir gegn kartöflusjúkdómum.

A. Gerðar hafa verið rannsóknir á notkun varnarlyfja gegn kartöflumyglu og fundinn heppilegasti úðunartími, með þeim árangri, að draga má úr tjóninu úr 20—40% niður í ½—2%. Þessi vörn gerir kartöfluræktina margfalt öruggari atvinnugrein en ella og getur sparað þjóðinni stórfé á mygluárum. Ýmis kartöfluafbrigði hafa reynzt mun ónæmari fyrir þessari skæðu veiki en önnur.

B. Varnir gegn stöngulveiki hafa reynzt í því fólgnar að nota ósjúkt útsæði og taka stöngulsjúk grös burt úr görðum.

Varnir gegn sjúkdómum á rófum og káli.

A. Rannsóknir hafa verið ýmis varnarlyf gegn kálmaðkinum. Varptími kálflugunnar hér á landi hefur verið rannsakaður og annað í sambandi við lifnaðarhætti hennar, sem nauðsynlegt er að vita í sambandi við varnir gegn henni. Úðun á blómkáli minnkar skemmdirnar úr 90% í 1—5% og á hvítkáli úr 50% í 0—2%. Nú er verið að reyna D. D. T. lyf gegn þessum vágesti.

Varnir gegn sjúkdómum í gróðurhúsum.

Varnir hafa verið reyndar gegn ýmsum sjúkdómum í gróðurhúsum, t. d. gegn rótarormum með allgóðum árangri. Einnig hafa verið reyndar ýmsar varnir gegn sjúkdómum jurta og trjáa í skrúðgörðum, með góðum árangri.

Sérfræðingur deildarinnar í jurtasjúkdómum hefur einnig unnið mikið starf við leiðbeiningar í þessum efnum. Hann hefur meðal annars ritað 20—30 leiðbeinandi greinar um jurtasjúkdóma og varnir gegn þeim í blöð og tímarit og flutt marga fyrirlestra í útvarp um þessi mál. Einnig hefur hann ritað bókina „Plöntusjúkdómar," er búnaðardeildin gaf út, og ásamt skordýrafræðingi deildarinnar ritað bókina „Jurtasjúkdómar og meindýr", sem gefin var út af deildinni 1947. Hann hefur einnig unnið mikið að grasafræðirannsóknum.

II. Skordýrarannsóknir.

Skordýrafræðingur hefur unnið við búnaðardeildina síðan 1945. Hefur hann í því sambandi lagt sérstaka stund á að rannsaka útbreiðslu og skaðsemi ýmissa meindýra meðal skordýranna, sem valda tjóni á gróðri, í matvælum, á fatnaði, húsgögnum, húsum, í innfluttum trjáviði, og skordýra, sem ásækja fólk, svo sem veggjalýs, húsflugur og fleiri þess konar dýr, sem eru hættulegir smitberar. Skordýrafræðingurinn hefur þráfaldlega stöðvað útbreiðslu skaðsemdarskordýra áður óþekktra hér, sem borizt hafa til landsins. Þannig hafa 9 trjábukkategundir, en það eru skaðsemdarbjöllur í trjáviði, enn ekki náð útbreiðslu hér á landi, því að þeim hefur stöðugt verið útrýmt strax og þeirra hefur orðið vart. Nú síðast fyrir skömmu kom trjáviður hingað til lands morandi af bjöllutegund, svo nefndum blóðbæk, og varð að grípa til gasbrælu til útrýmingar. Á sama hátt hefur útbreiðsla á skaðsemdardýrum í matvælum, fatnaði o. fl. verið stöðvuð strax og þeirra hefur orðið vart, svo að þau hafa ekki náð að ílendast hér. Þar á meðal eru 3 tegundir af tínusbjöllum, sem eru stórskaðlegar og auk þess ertubjöllur, hrísgrjónabjöllur o. fl.

Einnig hefur skordýrafræðingur deildarinnar stöðugt haft á hendi leiðbeiningastarfsemi fyrir almenning varðandi skaðsemdarskordýrin og varnir gegn þeim. Hann hefur í því sambandi haldið mörg útvarpserindi, skrifað fjölda greina í blöð og tímarit og ritað bækur, svo sem bókina „Meindýr í húsum og gróðri og varnir gegn þeim", og ásamt með magister Ingólfi Davíðssyni skrifað bókina „Jurtasjúkdómar og meindýr", eins og áður er frá sagt.

Áður en skordýrafræðingurinn tók til starfa við búnaðardeildina, vann hann á vegum fiskideildar, einkum að rannsókn á dýralífi og átu í vötnum hér á landi. Hefur hann skrifað ritgerðir og bækur um þær rannsóknir.

III. Fóðurrannsóknir og fóðurtilraunir.

A. Gerðar hafa verið meltanleikarannsóknir á mörgum sýnishornum af íslenzku heyi með misjafnri verkun, til þess að finna fóðurgildi þess. Var það nauðsynlegt vegna þess, að fóðurgildi heys hér á landi er allt annað en í ná-

grannalöndum okkar og nauðsynlegt að vita um gildi heysins vegna allra leiðbeininga um fóðrun búfjár hér.

B. Gerðar hafa verið ýmsar fóðrunartilraunir, sem meðal annars hafa leitt eftirfarandi atriði í ljós:

1. Sannazt hefur, að hægt er að fóðra nautgripi og sauðfé eingöngu á íslenzku votheyi með jafngóðum árangri og þótt þurrhey væri gefið. Er þetta þýðingarmikil staðreynd, sem áður var óþekkt og bændur trúðu ekki á.

2. Sannazt hefur með fóðrunartilraunum, að mjög mikil síldarmjölsgjöf handa sauðfé hefur ekki spillandi áhrif á heilbrigði ánna né afkvæmanna, en sú hjátrú var mjög ríkjandi, að mikil síldarmjölsgjöf gæti verið hættuleg heilbrigði fjárins og jafnvel orsakað fósturlát og lambadauða. Fjölþættar tilraunir með síldarmjöl handa sauðfé eru enn í gangi hjá deildinni.

3. Tilraunir með mismunandi magn af síldarmjöli í fóðri handa mjólkurkúm leiddu í ljós, að mikil einhæf notkun síldarmjöls í fóðrið olli því, að smjörfitan varð eðlisverri en ella. Smjörið varð mjög laust í sér og með óeðlilegu bragði. Hins vegar hafði síldarmjöl í hæfilegu hlutfalli við kornmat í fóðurblöndu handa kúnum engin skaðleg áhrif á gæði smjörsins.

4. Tilraunir hafa verið gerðar til þess að ganga úr skugga um, hvort það svaraði kostnaði að gefa ám kjarnfóður síðustu viku meðgöngutímans til viðbótar við það, sem talið er gott eldi. Niðurstöðurnar urðu þær, að það svaraði varla kostnaði. Nú er unnið á hliðstæðan hátt að því að rannsaka, hvort ekki svari kostnaði að ala ær síðustu vikur meðgöngutímans, sem hafa verið laklega fóðraðar yfir veturinn.

5. Gerð hefur verið samanburðartilraun á venjulegu votheyi og hinu svo kallaða A. I. V. votheyi sem fóðri handa mjólkurkúm. Reyndist A. I. V. votheyið betra.

6. Rannsakað hefur verið, hvort hægt væri að sanna, að bráðadauði í kúm gæti orsakazt af óheppilegum fóðurefnum, t. d. of mikilli síldarmjölsgjöf eða einhverjum óheppilegum næringarhlutföllum í fóðrinu. Ekki var hægt að sanna, að slíkt væri fyrir hendi.

7. Unnið hefur verið síðustu árin að rannsókn á súgþurrkun heys. Hafa þær rannsóknir leitt í ljós, að aðferð þessi hefur marga góða kosti. Hægt er að fullþurrka hálfþurrt hey með óupphituðu lofti, en með því að hita loftið má ná betri árangri.

8. Síðustu 2 árin hefur deildin haft eftirlit með öllum fóðurblöndum, sem framleiddar hafa verið hér á landi, og tryggt þannig kaupendum vörugæðin.

Margar greinar um niðurstöður þessara rannsókna hafa verið birtar í búnaðarblaðinu Frey á undanförnum árum, og er nú verið að búa undir prentun ýtarlega skýrslu um þessar rannsóknir og tilraunir og niðurstöður þeirra.

IV. Jurtakynbætur og frærannsóknir.

Þessi starfsemi hófst við búnaðardeildina á árinu 1945, en starfið var fyrst í stað í molum vegna jarðnæðisleysis og vöntunar á vinnuskilyrðum yfirleitt.

Hafizt hefur verið handa með fjölþættar rannsóknir í þessari grein, en flestar tilraunirnar þurfa að standa yfir árum saman áður en fullvíst er um niðurstöður þeirra. Því verður að líta svo á, að sá árangur, sem enn hefur fengizt, sé fremur vísbending en fullnaðarniðurstöður.

Starfsemi sérfræðings deildarinnar í jurtakynbótum og frærannsóknum má skipta í eftirfarandi liði:

A) Rannsókn á túnjurtum.

1. Gerðar hafa verið samanburðartilraunir á 43 hvítsmárastofnum frá ýmsum löndum á norðurhveli jarðar. Þær hafa þegar leitt í ljós, að einungis þeir stofnar, sem ættaðir eru frá Norður-Skandinavíu og vesturhéruðum Skotlands og Wales, þola íslenzkt veðurfar. Einn þessara stofna, S. 100 frá Aberystinyth í Wales, virðist bera af.

2. Reyndir hafa verið 34 erlendir stofnar af rauðsmára. Þeir hafa allir reynzt óheppilegir fyrir íslenzkt veðurfar. Skástir hafa reynzt nokkrir stofnar frá Norður-Svíþjóð og Finnlandi.

3. Samanburðartilraunir á túnsmára (Alsíkursmára) hafa sýnt, að þessi stórvaxna smárategund muni þrífast hér mun betur en rauðsmári. Sænski stofninn Svea alsikeklöve virðist bera af öðrum.

4. Tilraunir með „humallusernur" benda til, að þessi belgjurt geti orðið hér að töluverðu gagni á túnum og beitilöndum, sé hægt að sá henni árlega eða annað hvert ár.

5. Tilraunir með notkun lúpína til þess að auka frjósemi í jarðvegi hafa leitt í ljós, að ýmsir Norður-Evrópiskir stofnar af hinni eitruðu einrænu lúpínu þrífast hér vel og einnig sænskur stofn af eiturlausri lúpínu.

6. Gerðar hafa verið samanburðartilraunir með 18 stofna af skriðlíngresi frá ýmsum löndum. Þeir hafa allir reynzt illa, en stofn frá Norður-Svíþjóð þó skást. Skriðlíngresi hefur verið hér í flestum fræblöndum, en það er þýðingarlaust, aðeins til að kasta gjaldeyri, a. m. k. þangað til fundizt hefur betri stofn eða stofnar.

7. Af hundgresi hafa verið reyndir 45 stofnar frá Norðurlöndum, Englandi, Kanada og víðar. Bezt hafa reynzt stofnar frá Englandi og einn stofn frá Nýja-Sjálandi og einn stofn frá Svíþjóð. Þetta gras er ágætt fóðurgras, en hefur ekki verið ræktað að ráði hér á landi og því mikilvægt, ef hægt er að finna heppilega stofna af því fyrir íslenzk skilyrði.

8. Af loðvingli hafa verið reyndir 15 stofnar og reyndist einn stofn langbeztur.

9. Reyndir hafa verið 30 stofnar af hávingli. Þrír þeirra hafa þolað bezt íslenzkt veðurfar, einn frá Wales og 2 frá Svíþjóð.

10. Af túnvingli hafa verið bornir saman 25 erlendir stofnar. Þola þeir allir illa íslenzkt veðurfar og þola því ekki samanburð við íslenzkan túnvingul.

11. Gerðar hafa verið samanburðartilraunir með 45 stofna af rúggresi. Aðeins tveir þessara stofna þola íslenzkt veðurfar.

12. Sextíu stofnar af vallarfoxgrasi af norður- og suðurhveli jarðar hafa verið reyndir. Aðeins einn þeirra, frá Norður-Svíþjóð, þolir svo vel veðurfarið, að hægt sé að mæla með honum til ræktunar hér.

13. Af vallarsveifgrasi hafa verið reyndir 52 erlendir stofnar víðs vegar að. Þrífast þeir allir hér og bera flestir fræ. Margir þeirra koma til greina við túnrækt hér, en þó virðist kynbættur stofn bera af þeim öllum.

14. Reyndir hafa verið 15 stofnar af hásveifgrasi bæði frá Bretlandi og Norðurlöndum. Þeir hafa allir reynzt vel, og því er sama, hvort fræið er flutt inn frá Skandinavíu eða Bretlandi. — Reyndir hafa verið 48 stofnar af faxgrasi. Reyndist einn þeirra, sænskur stofn, langbeztur. Er hann notaður við sandgræðslu. Sextán stofnar af háliðagrasi hafa verið reyndir frá Norðurlöndum og Bretlandi. Reyndust þeir allir sæmilegir, en finnskir stofnar samt bezt.

Aðstaða hefur verið ill til þess að gera samanburðartilraunir með fræblöndur, en nokkrar blöndur hafa þó verið reyndar. Virðist árangurinn benda í sömu átt og í nágrannalöndum okkar, sem sé, að hafa þurfi í sömu blöndu tegundir, sem blómgast á sama tíma, og bezt sé að hafa fáar tegundir í hverri blöndu, gagnstætt því, sem gert er hér á landi. Einnig virðist rangt að hafa eina og sömu blöndu fyrir allan jarðveg, eins og hér er gert.

Gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir á þeim túnjurtum, sem vaxa villtar hér á landi. En sökum skorts á aðstæðum og aðstoðarfólki hefur enn ekki verið hægt að gera fjöldarannsóknir með kynbætur innlendra grasastofna, sem þó er bráðnauðsynlegt. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að á Íslandi vaxa að jafnaði stofnar með hærri litningatölu (chromosomtölu) en í Suður-Skandinavíu, og oftast eru þeir skyldastir stofnum í Englandi, Norður-Noregi og heimskautalöndum Kanada og Grænlands. Virðist því nauðsynlegt, þegar grösin eiga í hlut, að fá fjölda úrvalstegunda frá þessum löndum til reynslu við kynbætur íslenzku grasanna.

Í sambandi við íslenzk grös er vert að geta þess, að gerðar hafa verið talsverðar rannsóknir á ýmsum íslenzkum villigrösum til að leiða í ljós, hvort þær hafa verið rétt ákvarðaðar, þar eð grunur lá á um rangar greiningar á nokkrum þeirra. Ein þeirra tegunda er melgrasið, sem margir hafa gert sér vonir um, að kynbæta megi frekar. Var álitið, að hér væri sama tegund og í Vestur-Evrópu, en hún hefur 56 litninga, og þá væri ástæðulaust að reyna að kynbæta það með rúgi eða hveiti. Við rannsóknir hjá deildinni s. l. ár á fjölda eintaka víðs vegar að af landinu kom í ljós, að sú meltegund, sem hér vex, er ekki sú sama og í Evrópu, heldur grænlenzk eða amerísk tegund, sem hefur aðeins 28 chromosom eða litþræði. Ef aðstaða væri fyrir hendi, mætti reyna að kynbæta hana með víxlfrjóvgun hveitis eða rúgs, sem hafa 28 eða 14 chromosom eða litþræði, og tvöfalda síðan chromosomtöluna. Má þá búast við að fá fjölæra sandjurt, sem gæfi af sér gott korn.

Hafizt hefur verið handa með kynbótaúrval úr þeim erlendu stofnum, sem bezt hafa reynzt hér. Verður litið hægt að aðhafast í þessu efni nema fá gróðurhús til umráða og aðstoðarfólk vegna þessa starfs.

Reyndir hafa verið 97 stofnar af kartöflum frá Evrópu og Ameríku og þarf að reyna miklu fleiri, því að komið hefur í ljós, að stofnar, sem aldrei hafa verið notaðir hér áður, bera af.

Lítils háttar tilraunir hafa verið gerðar með ræktun berjarunna, en enginn árangur af þeim tilraunum liggur enn fyrir. Gerðar hafa verið tilraunir með nokkra stofna af eplatrjám á vegum deildarinnar í gróðrarstöðinni á Akureyri, og virðast þær ætla að gefa betri árangur en búast mátti við.

Tilraunir með jarðarber hafa leitt í ljós, að þau eru ræktanleg hér, eins og í öðrum norðlægum löndum.

Deildin hefur gengizt fyrir því, að hér hafa fengizt heppilegir smáragerlar undanfarin ár.

Reyndir hafa verið nokkrir jurtahormónar til þess að eyða með illgresi, án þess að nytjajurtirnar saki, með þeim árangri, að allar líkur eru fyrir því, að þau geti eytt fjölmörgum illgresistegundum úr túnum og görðum, t. d. sóleyjum og fíflum. Árið 1945—46 hófst í U. S. A. stórframleiðsla á hormónum, sem fyrirbyggja spírun matarkartaflna, þótt geymdar séu við stofuhita. Tilraunir hér við deildina 1946—48 hafa sýnt ágætan árangur, en lyf þetta hefur enn ekki fengizt innflutt, þótt það geti minnkað efnatap í kartöflunum um 10—25% og mundi því spara þjóðinni stórfé."

Þá er hér skrá yfir ýmis rit, sem birt hafa verið frá deildinni, og hleyp ég yfir það.

Þá kem ég að kaflanum um jarðvegsrannsóknir og les nú skýrsluna áfram.

„Starfsemi á þessu sviði mætti skipa í tvo flokka.

a) Rannsóknir og leiðbeiningar varðandi áburðarnotkun, meðferð lands og hvaða land skuli tekið til ræktunar, þ. e. rannsóknir, sem eru „hagnýtar" þegar í stað.

b) Rannsóknir á eðli íslenzks jarðvegs, sem í eðli sínu eru fyrst og fremst vísindalegar, en verða þó að teljast einnig „hagnýtar", þar eð þær eiga að gefa grundvallarupplýsingar um eðli íslenzks jarðvegs.

Unnið hefur verið að:

a) Sýrufarsrannsóknum, er einkum hafa haft verulega þýðingu varðandi gróðurhúsarækt.

Nokkrar dreifðar áburðartilraunir hafa verið gerðar á túnum, og hafa þær undirstrikað ágalla í áburðarnotkun, er hafa átt sér stað. Sérfræðingur í jarðvegsrannsóknum hefur svarað fyrirspurnum bæði munnlega og skriflega, er borizt hafa varðandi ræktun lands, gróðurhúsarækt og áburðarnotkun. Hann hefur haldið nokkur erindi í útvarp og skrifað nokkrar greinar um þessi mál. Viðað hefur verið að allmiklu af jarðvegssýnishornum víðs vegar að af landinu og gerðar á þeim kerfisbundnar og allyfirgripsmiklar efnagreiningar og eðlisrannsóknir. Er þetta mjög tímafrekt verk og enn á byrjunarstigi. Hefur enn ekki þótt ástæða til að birta niðurstöður þessara rannsókna. Að dómi sérfræðings deildarinnar í þessum fræðum verður þessi þáttur þýðingarmesta

rannsóknarviðfangsefni jarðvegsrannsókna á komandi árum.

Af sérstökum verkefnum má nefna:

Rannsóknir á notagildi fljótandi ammoníaks sem áburðar. Þessum rannsóknum er enn ekki lokið, en í þær hefur þegar verið lögð allmikil vinna.

Athuganir á að hita jarðveg með heitu vatni til útiræktunar matjurta. Gaf þessi tilraun fremur neikvæðan árangur. Það má geta þess, að sérfræðingur í jarðvegsfræðum hefur unnið að athugunum og undirbúningi varðandi áburðarverksmiðju á vegum atvinnumálaráðuneytisins og í því sambandi farið til Norðurlanda og Ameríku."

Þá kemur að búfjárkynbótum og er það aðallega varðandi kynbótabúið á Hesti. Þar sem því hefur verið svarað hér áður, er því sleppt hér.

Þá kemur svar frá fiskideildinni við sömu spurningu, og les ég það einnig upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskideildin hefur það tvíþætta verkefni með höndum

1) að fylgjast sem bezt með vexti og viðgangi fiskistofnanna frá ári til árs og ástandinu í sjónum yfirleitt og

2) að taka fyrir aðkallandi vandamál útvegsins vegna.

1) Einn árangur af rannsóknarstarfi deildarinnar er sá, að við getum nú sagt um stærð og að nokkru leyti göngur sumra íslenzku fiskistofnanna á árunum síðan deildin tók til starfa. Aðrar menningarþjóðir vita vel skil á slíkum hlutum hjá sér, en hér mundi að mestu standa ófyllt og opið skarð, ef fiskideildarinnar hefði ekki notið við. Á þennan hátt er byggður grundvöllur undir framtíðarrannsóknir og fiskveiðar komandi kynslóða. Rannsóknir á síld hafa leitt til þess, að nauðsynlegt þótti að gerendurskoða allt, sem við vissum um þennan fisk. Árangurinn varð sú kenning, að síld gengi milli Noregs og Íslands. Sú kenning var fyrst rökstudd, en hefur nú verið sönnuð með merkingartilraunum.

2) Af ýmsum rannsóknum, sem teknar hafa verið upp, hefur fengizt margvíslegur árangur, þótt margt af honum hafi enn þá lítt eða ekki verið hagnýtt.

a) Fundin voru grálúðumið, þar sem 1200 fiskar veiddust á einum togtíma.

b) Bent hefur verið á, að samkvæmt rannsóknum á aflamagni og sjávarhita virðist 6.5—7.5 stiga heitur sjór við botn vera heppilegastur hrygnandi þorski.

c) Fundin voru ný karfamið við Austurland, er gáfu um 9 smálestir karfa á togtíma.

d) Sýnt hefur verið fram á miklar þorskgöngur á vorin til Grænlands, út af sunnanverðum Vestfjörðum.

e) Með starfi sínu tók fiskideildin hinn öflugasta þátt í undirbúningi að friðun Faxaflóa og átti þannig drjúgan þátt í, að Alþjóðahafrannsóknaráðið mælti einróma með því, að flóinn yrði friðaður (1946).

Áður en sérstök veiðimálastjórastaða var stofnuð, lét fiskideildin vatnarannsóknir til sín taka.

a) Samdar voru tvær ritgerðir, önnur um Blöndu, en hin um Ölfusá—Hvítá, að lokinni rannsókn, er gerði fært að leiðbeina með útsetningu seiða.

b) Sannað var, að „murtan" í Þingvallavatni er sérstakt afbrigði bleikju, en vex ekki úr murtustærð og verður að bleikju.

Árni Friðriksson."

Svo mörg eru þau orð. Ég hygg, að í þessu langa máli megi finna allmikið af þeim upplýsingum, sem spurt er um í fyrirspurninni, og verð ég að láta þetta nægja sem svar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er ekki hægt annað en að þakka hæstv. ráðh. þá elju, sem hann hefur haft við að lesa þetta upp hér yfir okkur þm. En ég get ekki sagt, að starf undirmanna hans veki alveg sams konar ánægju eins og hans fyrirhöfn. Þegar ég heyrði þessa undarlegu skýrslu, kom mér í hug, að þegar herskipin voru illa sett í síðasta stríði, þá settu þau út reyk mikinn til þess að fela sig, svo að ekki yrði á þau skotið. Ég vil skjóta því til hæstv. ráðh., sem er yfirmaður þessara deilda, að ekkert hefur sannfært mig betur en þessi skýrsla um það, að hann þarf að taka til nokkurra úrræða í sambandi við þessi mál. Það er alveg óhugsandi, að Áskell Löve og Halldór Pálsson, sem kunna ekki að svara svona fyrirspurn betur en þetta, séu réttu mennirnir í því starfi, sem þeir hafa með höndum. Það er sýnilegt, að menn, sem halda, að Alþ. eigi að fá svona svör, eins og hér hafa komið fram, sérstaklega frá Löve, kunna ekki neitt til starfa. Um Halldór Pálsson hefur það komið fram í öðru sambandi, að hann lét verja 400 þús. kr. til þess að fá jörðina Hest til að mega byggja þar fjárhús og girðingar fyrir 300 þús. kr. til þess að hafa þar sauðfé, sem er svo eftir stuttan tíma drepið. Ég álít, að það sé mjög fróðlegt að fá fram, hvernig bætt hefur verið við mönnum í þessa deild, þegar kommúnistar réðu miklu hér. Sérstaklega hefur 4. landsk. (BrB) bætt fjöldamörgum mönnum í deildina. Það voru allt flokksbræður hans, en ekki spurt um það, hvers landið þyrfti með. Ef menn hugsa um það, hvernig að náttúrufræði var unnið áður, af Eggert Ólafssyni, Jónasi Hallgrímssyni, Þorvaldi Thoroddsen, Helga Péturss, Stefáni á Möðruvöllum og Bjarna Sæmundssyni, þá fá menn glögga hugmynd um það, hver munurinn er, og hvernig árangurinn verður, þegar vel er unnið af áhugamönnum, þó að við erfið kjör sé. Hvernig nú er unnið, sjá menn af því langa svari, sem hæstv. landbrh. gerði vel í að láta okkur heyra, þó að ég búist við, að mörgum þm. hafi fundizt, að spurningatíminn væri að eyðileggja sjálfan sig með því að fá svona skýrslur. Það er ómögulegt annað en menn veiti því eftirtekt, að það er ákaflega lítið leggjandi upp úr þessu starfi. — Ég vil að endingu minnast á matvælaeftirlitið. Það var vel byrjað, en ekkert hefur orðið úr því, og þannig mundi mega taka aðra hluti til athugunar í sambandi við þessi mál, ef tími væri til þess nú.

Gísli Jónsson: Hæstv. ráðh. hefur haldið hér

vísindalegan fyrirlestur í nærri klukkutíma, í fyrirspurnatíma, og við höfum heyrt þau vísindi, að það sé alveg sannað í atvinnudeild háskólans, sem kostar nokkrar milljónir á ári, að sé beljum gefið of mikið síldarmjöl, komi bragð af mjólkinni og gæði hennar verði ekki eins mikil. Við höfum líka fengið þær upplýsingar, að þessi sama vísindastofnun geti ekki enn svarað því, hvort það borgi sig að fóðra ær sæmilega um meðgöngutímann eða svelta þær. Ég vil benda hæstv. forseta á það, hvort ekki er verið að eyðileggja þann góða tilgang, sem hugsaður var með fyrirspurnatímanum, með því að láta halda svona fyrirlestra hér. Ég vildi enn fremur spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann hefur sjálfur lesið yfir svörin, áður en hann ber þau fram hér, eða tekur hann þau alveg óathugað frá mönnum, sem ekkert virðast hafa að gera annað en dunda við að koma saman svona litilfjörlegum svörum? Mér finnst það gersamlega ósamboðið hæstv. ráðh., ef hann hefur ekki litið á þessi blöð áður en hann les klukkutíma fyrirlestur hér á Alþ.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Það er danskur málsháttur, sem er á þá leið, að eins og maður hrópar í skóginn, eins fái maður svar frá honum. Ég hef ekki gert annað en að lesa upp svör við fyrirspurnum, sem bornar voru fram á Alþ. Og sé það að eyðileggja þennan ágæta tíma að svara fyrirspurnunum, þá verð ég að segja það, að sá veldur miklu, sem upphafinu veldur, þ. e. a. s. þeir, sem spyrja.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði búizt við því, að hæstv. ráðh. svaraði því beint, sem ég spurði um, hvort hann hefði ekki litið á þessar skýrslur áður en hann las þær upp hér á Alþ. Eða hefur hann látið sér nægja að bjóða Alþ. upp á þetta án þess að gagnrýna það sjálfur? Það væri ákaflega æskilegt, að forseti gæfi viðkomandi ráðh. bendingu um það, að betra væri að athuga þessi gögn, áður en þeir flytja svona lagað á Alþ. í fyrirspurnatíma, því að til þess hefur aldrei verið ætlazt.

66. Skilnaður Íslands og Danmerkur.

Á 63. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. varðandi endanlegan skilnað Íslands og Danmerkur [185. mál, 3] (A. 531).

Á 64. fundi í Sþ., 8. apríl, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 28 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þegar gengið var frá aðalatriðunum viðvíkjandi skilnaði Íslands og Danmerkur, var gert ráð fyrir, að gengið yrði frá öllum öðrum atriðum mjög fljótlega. Nokkrar tilraunir voru að vísu gerðar í þá átt, og fóru nefndir milli landanna í þeim tilgangi, en árangurinn af þessu virðist hafa orðið sáralítill, og hefur ekkert verið minnzt á þessi mál hin síðari ár. Ég álít því eðlilegt og rétt, að ríkisstj. gefi þinginu og þjóðinni skýrslu um þetta mál.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að þetta mál heyri undir mig, en hins vegar minnist ég þess ekki að hafa séð neitt um þetta í mínu ráðuneyti, en þrátt fyrir það þarf ekki að verða dráttur á svörum. Hins vegar undrast ég, hve hv. þm. spyr fávíslega, því að engum ætti að vera eins kunnugt og honum, að endanlegur skilnaður Íslands og Danmerkur fór fram 17. júní 1944. Þetta hélt ég, að öllum væri kunnugt og þá fyrst og fremst sagnfræðingi þessa máls. Annars býst ég við, að hv. þm. eigi við ýmis atriði, sem af skilnaðinum leiddi. Þetta eru nokkur atriði, mjög misjafns eðlis, og er sumum þeirra lokið, en öðrum ekki og meðal annars af ástæðum, sem ég gerði grein fyrir hér í vetur, en hv. þm. S-Þ. virðist ekki hafa fylgzt með því.

Það stendur þannig á með sum af þessum málum, að það væri óheppilegt af Íslands hálfu að ljúka þeim af í skyndi, eins og t. d. um fiskveiðiréttindi Færeyinga. Þar höfum við ekki viljað binda okkur nema frá ári til árs, nema við fengjum fiskveiðiréttindi við Grænland í staðinn. Hér á Alþingi hafa verið uppi raddir um það, að við ættum ekki að láta okkur nægja smáréttindi, heldur ættum við að krefjast alls Grænlands. Nú er verið að rannsaka, hvort við eigum nokkurn rétt til Grænlands, en þær rannsóknir taka nokkuð langan tíma, og ég tel það mjög óheppilegt að ganga frá samningunum við Dani fyrr en rannsókn þessari er lokið, heldur álít ég, að það sé okkur í hag að draga þetta á langinn, meðan Danir ýta ekkert á.

Önnur atriði, eins og t. d. um það, hvað gera skyldi við ríkisborgara, sem væru staddir í hinu landinu, hafa verið útkljáð, og er það samkomulag að efni til mjög líkt því, sem við höfðum ráðgert, og tel ég það mjög fullnægjandi fyrir okkar hönd. Viðvíkjandi handritamálinu er það að segja, að þetta mál var tekið upp af Íslands hálfu í fyrstu, og er það nú í rannsókn hjá dönsku stjórninni. Kunnugir menn í Danmörku og okkur velviljaðir telja, að ekki muni heppilegt að reka mikið eftir í því máli, og telja heppilegra að láta Dani jafna sig á þessu og eiga um það sjálfa án okkar afskipta. Ég er einnig þeirrar skoðunar, að þetta sé heppilegast, og vona, að þetta mál fái giftusamlega lausn, og víst er um það, að ef við hefðum sett fram einhverjar lagakröfur, þá hefði það verið sama og setja slagbrand fyrir dyrnar og hefði stórskemmt fyrir okkur. Þannig mætti lengi telja og sýna fram á, að það er okkur sízt til hagsbóta að reka mjög á eftir í þessum málum og það því fremur, er þess er gætt, að fullnaðarskilnaður fór fram 17. júní 1944, þótt hv. þm. S-Þ. virðist ekki vita það. Enda kom það á daginn, að það var hin mesta firra, er

sumir menn héldu því fram, að ekki mætti ljúka skilnaðinum við Dani vegna þess, hve mörg mál hefðu ekki verið rædd til fulls, en mörg þessi atriði koma sjálfum skilnaðinum ekkert við, og tel ég því fyllilega eðlilegt, að þau verði rædd og afgreidd smátt og smátt.

Vona ég svo, að hv. þm. S-Þ. láti sér nægja þessi svör mín.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gat þess, að hann hefði ekki vitað um þessa fsp., og var dálítið úrillur út af því. Annars er ég eftir atvikum ánægður með þau svör, sem ég fékk hjá hæstv. ráðh., en vissan formála hefði hann mátt grunda betur. Ef hæstv. ráðh. væri dálítið eldri, mundi hann vita, að það, sem Benedikt Sveinsson og Bjarni frá Vogi óttuðust mest varðandi sjálfstæðismálið 1918, var einmitt fiskveiðiréttindin og hinn sameiginlegi þegnréttur. Það var hins vegar ekki von, að hæstv. ráðh. vissi þetta, og fyrirgefst honum því þetta sökum æsku sinnar. Mér finnst bara, að þeir menn, sem tóku að sér að ræða þessi mál við Dani, hafi ekki verið nógu skeleggir við að bæta okkar málstað svo sem unnt hefur verið. Því fer mjög fjarri, að þegnréttindin séu þýðingarlítið atriði. Á stríðsárunum streymdu hingað Danir svo þúsundum skipti. Sumt af þessu fólki var gott fólk, en sumt aftur á móti lélegt, og hygg ég, að enginn ráðh. hefði þá getað komið hinu óæskilega fólki burtu, hversu feginn sem hann hefði viljað. Ég vil svo enda þessi orð mín með því að segja, að ég tel ekki, að um fullkominn hjónaskilnað sé að ræða, þótt hjón séu skilin að borði og sæng og gengið hafi verið frá fjárhagsatriðum, ef börnunum hefur ekki verið ráðstafað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég sé nú, að misskilningur hv. þm. S-Þ. er róttækari en ég gerði ráð fyrir. Hann virðist álíta, að Danir njóti enn jafnréttis við Íslendinga og að Danir njóti hér fiskveiðiréttinda. Danir njóta alls ekki jafnréttis að öllu á við Íslendinga sjálfa, frekar en ríkisborgarar annarra ríkja, sem hér dveljast í lengri eða skemmri tíma. Þeir verða að lúta íslenzkum lögum í einu og öllu, á meðan þeir dveljast hér á landi, og er það ekkert öðruvísi en með aðra Norðurlandamenn. Hitt er svo annað mál, að sérstakar reglur gilda um ferðalög milli þessara landa, og hafa m. a. Danir viðurkennt þá reglu, að ekki þurfi vegabréfsáritun í ferðalögum milli Íslands og þess lands. Þá hafa Danir viðurkennt, að sérstakir samningar, sem voru í gildi á milli Íslendinga og Dana, á meðan þessi lönd voru í nánari tengslum, hafi fallið úr gildi. Má hér t. d. minna á fiskveiðiréttinn. Þar kemur ljóst fram, hverjum augum Danir líta á það mál, en þeir hafa hér takmarkaðan fiskveiðirétt, sem framlengist með sérstökum l. frá ári til árs. Hitt er svo annað mál, að þessi réttur hefur enn sem komið er ekki verið skertur, en vitaskuld hefur Alþingi það í hendi sér, hvenær sem því býður við að horfa, að óbreyttu ástandi. Síðan ég tók sæti í ríkisstj., hafa Danir ávallt minnzt á fiskveiðisamninginn og viljað endurnýja hann, en þannig hafa þeir viðurkennt, að fyrri samningar hafi fallið úr gildi með sambandsslitunum. Mér finnst því vantraust hv. þm. S-Þ. vera nokkuð mikið á frændum vorum Dönum.

67. Hafnarbótasjóður.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt:
Fyrirspurn til samgmrh. um fjárveitingar úr hafnarbótasjóði [191. mál, 1] (A. 558).

Á 67. fundi í Sþ., 22. apríl, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Úr hafnarbótasjóði hefur verið greitt sem hér segir:

Til Akraness	1450000.00	kr.
— Bakkafjarðar	80000.00	—
— Bolungavíkur	170000.00	—
— Dalvíkur	150000.00	—
— Flateyjar á Breiðafirði	50000.00	—
— Grindavíkur	238500.00	—
— Hafnarfjarðar	200000.00	—
— Hofsóss	75000.00	—
— Húsavíkur	530000.00	—
— Hvammstanga	75000.00	—
— Keflavíkur og Njarðvíkur	1942323.90	—
— Melgraseyrar	20000.00	—
— Neskaupstaðar	150000.00	—
— Ólafsfjarðar	500000.00	—
— Patreksfjarðar	85000.00	—
— Sandgerðis	300000.00	—
— Skagastrandar	490000.00	—
— Sauðárkróks	150000.00	—
— Stöðvarfjarðar	55000.00	—
— Voga	300000.00	—
— Vopnafjarðar	30000.00	—
— Þingeyrar	24173.90	—

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. samgmrh. fyrir þessar upplýsingar, og eins og alþingismenn hafa heyrt, þá er þetta svar tæmandi.

68. Útrýming heilsuspillandi húsnæðis.

Á 66. fundi í Sþ., 20. apríl, var útbýtt:
Fyrirspurn til félmrh. um útrýming heilsuspillandi húsnæðis [191. mál, 2] (A. 558).

Á 67. fundi í Sþ., 22. apríl, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Sþ., 27. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það eru tvö bæjarfélög, sem hafa fengið lán samkvæmt III. kafla l. nr. 44 frá 1946. Þessi bæjarfélög eru Reykjavík, sem hefur fengið 5 millj. kr., og Ísafjörður, sem hefur fengið 1 milljón, en samkvæmt 31. gr. laganna er gert ráð fyrir því, að lánin nemi allt að 85% af byggingarkostnaði. Það er fullgengið frá lánunum til Reykjavíkurbæjar, en ekki fullgengið frá lánunum til Ísafjarðar, en það má búast við því, að upphæðin verði um 1.2 millj. Önnur bæjarfélög, sem sótt hafa um lán skv. þessum l., eru þrjú, en ekki hefur verið unnt að verða við beiðni þeirra.